

**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 2/2016**

**Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár**



**3. maí 2018**



## EFNISYFIRLIT

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....  | <b>1</b>  |
| <b>2</b> | <b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....   | <b>2</b>  |
| 2.1      | Hlutverk óbyggðanefndar.....   | 2         |
| 2.2      | Dalásýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi (svæði 9 A),<br>tekin til umfjöllunar. ....              | 2         |
| 2.3      | Lýstar kröfur og kynning.....  | 3         |
| 2.4      | Mál nr. 2/2016, Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár.....   | 3         |
| <b>3</b> | <b>KRÖFUGERÐ</b> .....   | <b>7</b>  |
| 3.1      | Kröfur íslenska ríkisins .....   | 7         |
| 3.1.2    | Geldingadalur.....   | 7         |
| 3.1.3    | Svæði sunnan og vestan Villingadalsdraga.....  | 7         |
| 3.1.4    | Jörfaafréttur.....   | 7         |
| 3.1.5    | Stóra-Vatnshornsmúli .....   | 8         |
| 3.1.6    | Fjallendi Skarðs .....   | 8         |
| 3.1.7    | Þverdalur .....  | 9         |
| 3.2      | Kröfur Hjartar Sigurðssonar vegna Skógsmúla .....  | 9         |
| 3.3      | Kröfur Sigríðar Bjarnadóttur vegna Fjallendis Skarðs.....  | 9         |
| 3.4      | Kröfur Jóhönnu Sigrúnar Árnadóttur og Valbergs Sigfússonar<br>vegna Stóra-Vatnshornsmúla.....                  | 10        |
| 3.5      | Kröfur Álfheiðar Þorsteinsdóttur, Húnboga Þorsteinssonar<br>og Mörtu Þorsteinsdóttur vegna Jörfaafréttar ..... | 11        |
| 3.6      | Kröfur Finns Þórs Haraldssonar vegna Geldingadals .....  | 11        |
| <b>4</b> | <b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....  | <b>13</b> |
| 4.1      | Inngangur .....  | 13        |
| 4.2      | Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....  | 13        |
| 4.3      | Vettvangsferð .....  | 14        |
| 4.4      | Skýrslutökur .....   | 14        |
| <b>5</b> | <b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....  | <b>15</b> |
| 5.1      | Landnám.....   | 15        |
| 5.2      | Afréttir og afréttarnot .....  | 16        |
| 5.3      | Þverdalur og Skógsmúli .....   | 25        |
| 5.3.1    | Aðliggjandi og tengd svæði .....   | 44        |
| 5.4      | Fjallendi Skarðs.....  | 58        |
| 5.4.1    | Aðliggjandi og tengd svæði .....   | 89        |
| 5.5      | Stóra-Vatnshornsmúli.....  | 93        |
| 5.5.1    | Aðliggjandi og tengd svæði .....   | 129       |
| 5.6      | Jörfaafréttur .....  | 133       |
| 5.6.1    | Aðliggjandi og tengd svæði .....   | 169       |
| 5.7      | Geldingadalur .....  | 171       |
| 5.7.1    | Aðliggjandi og tengd svæði .....   | 202       |

|          |   |            |
|----------|---|------------|
| <b>6</b> | <b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>    | <b>211</b> |
| 6.1      | Efnisskipan og sameiginleg atriði .....   | 211        |
| 6.1.1    | Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ..... | 211        |
| 6.1.2    | Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....        | 211        |
| 6.2      | Landnám.....                              | 216        |
| 6.3      | Þverdalur að meðtöldum Skógsmúla.....     | 217        |
| 6.3.1    | Inngangur .....                           | 217        |
| 6.3.2    | Sjónarmið aðila .....                     | 223        |
| 6.3.3    | Niðurstaða .....                          | 235        |
| 6.4      | Fjalllendi Skarðs.....                    | 252        |
| 6.4.1    | Inngangur .....                           | 252        |
| 6.4.2    | Sjónarmið aðila .....                     | 253        |
| 6.4.3    | Niðurstaða .....                          | 264        |
| 6.5      | Stóra-Vatnshornsmúli.....                 | 282        |
| 6.5.1    | Inngangur .....                           | 282        |
| 6.5.2    | Sjónarmið aðila .....                     | 282        |
| 6.5.3    | Niðurstaða .....                          | 293        |
| 6.6      | Jörfaafréttur .....                       | 316        |
| 6.6.1    | Inngangur .....                           | 316        |
| 6.6.2    | Sjónarmið aðila .....                     | 317        |
| 6.6.3    | Niðurstaða .....                          | 327        |
| 6.7      | Geldingadalur .....                       | 351        |
| 6.7.1    | Inngangur .....                           | 351        |
| 6.7.2    | Sjónarmið aðila .....                     | 357        |
| 6.7.3    | Niðurstaða .....                          | 368        |
| 6.8      | Um málskostnað.....                       | 383        |
| <b>7</b> | <b>ÚRSKURÐARORÐ.....</b>                  | <b>384</b> |

## **VIÐAUKI**

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–8B.

## **FYLGISKJÖL**

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 3. maí 2018 er tekið fyrir mál nr. 2/2016, Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir, formaður, og Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru:<sup>1</sup>

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna.

(Edda Andradóttir lögmaður.)

Hjörtur Sigurðsson vegna Skógsmúla.

Sigríður Bjarnadóttir vegna Skarðs.

Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Valberg Sigfússon vegna Stóra-Vatnshornsmúla.

Álfheiður Þorsteinsdóttir, Marta Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Húnbogason vegna Jörfaafréttar.<sup>2</sup>

Finnur Þór Haraldsson vegna Háafells.

Bjarni Hermannsson og Unnsteinn Kristinn Hermannsson vegna Leiðólfsstaða.<sup>3</sup>

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II). Auk þeirra sem hér eru nefndir var einnig lýst kröfum vegna Þverdals við meðferð málsins, af hálfu Grétars Bærings Ingvarssonar, ábúanda jarðarinnar Þorbergsstaða og vegna Geldingadals, af hálfu Guðmundar Pálmasonar ábúanda jarðarinnar Kvennabrekku. Jarðirnar Þorbergsstaðir og Kvennabrekka eru í eigu íslenska ríkisins. Eins og rakið er í köflum 6.3.1.1 og 6.7.1.1 hér á eftir er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ábúendur ríkisjarða geti ekki, gegn andmælum íslenska ríkisins, átt aðild að málinu á grundvelli ábúðar á jörðunum.

<sup>2</sup> Húnbogi Þorsteinsson var upphaflega aðili við meðferð málsins. Ólafur Björnsson lögmaður tilkynnti óbyggðanefnd 25. apríl 2018 um að Þorsteinn Húnbogason hefði tekið við aðild Húnboga Þorsteinssonar í málinu.

<sup>3</sup> Einungis er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar.

---

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi (svæði 9 A), tekin til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 17. september 2014, tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 9, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið ellefta í röðinni hjá óbyggðanefnd,<sup>4</sup> tók til Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, hluta Strandabyggðar (fyrrum Broddaneshrepps) hluta Húnaþings vestra (fyrrum Bæjarhrepps) og hluta Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahrepps). Með bréfi dagsettu 30. september 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 9 í þrennt. Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 9A, þ.e. Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi. Að fengnu álitu sérfræðinga Þjóðskjalasafnsins um tilhögun gagnaöflunar þótti fara betur á því að fjalla um Skógarstrandarhrepp með Snæfellsnesi (svæði 9B).

Svæði 9A afmarkast svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að norðanverðu afmarkast svæðið af mörkum Dalabyggðar við Reykhólahrepp og er þeim mörkum fylgt til norðausturs að mörkum fyrrum Broddaneshrepps. Að austan afmarkast svæðið af mörkum Dalabyggðar við fyrrum Broddaneshrepp og fyrrum Bæjarhrepp suður að mörkum Dalabyggðar og Borgarbyggðar. Er mörkum Dalabyggðar og Borgarbyggðar fylgt til vesturs að mörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps. Er mörkum hans síðan fylgt

---

<sup>4</sup> Upphaflega var landinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7 og 8 var báðum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A og 8B. Svæði 9 var því hið ellefta í röðinni þegar þarna var komið sögu.

---

vestur að mörkum fyrrum Skógarstrandarhrepps og er þeim svo fylgt til norðurs að hafi. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 9, væri um slíkar kröfur að ræða. Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og þeirrar uppskiptingar svæðisins í svæði 9A og 9B, sem að framan er greint frá, var sá frestur nokkrum sinnum framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, síðast til 8. febrúar 2016.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélagi var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka svæðið til meðferðar og gerð grein fyrir framhaldinu.

### **2.3 Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 9A bárust óbyggðanefnd 8. febrúar 2016. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 18. sama mánaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 18. maí 2016. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. sama lagaákvæði.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofu Dalabyggðar og á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi í Búðardal, auk þess sem þær voru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 1. júlí 2016.

Eftir að kröfur annarra en íslenska ríkisins komu fram var gefið út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og voru þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi í Búðardal frá 11. júlí til og með 11. ágúst 2016, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 18. ágúst 2016. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu Dalabyggðar, skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 13 aðgreindra svæða. Á móti bárust 22 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust.

### **2.4 Mál nr. 2/2016, Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár**

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 9A, sem fram fór 9. ágúst 2016, ákvað óbyggðanefnd að fjalla um ágreiningsmál á svæðinu í þremur aðskildum málum, þ.e. mál nr. 1/2016,

---

Flekkudalur og Svínadalur;<sup>5</sup> mál nr. 2/2016, Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár<sup>6</sup> og mál nr. 3/2016, Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár.<sup>7</sup>

Við sömu fyrirtöku var farið yfir forsögu meðferðar svæðis 9A og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Allan V. Magnússon varaformaður, Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsingar fyrir lögmennt, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmennt að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmennt gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Farið var yfir áætlun um framvindu málsmeðferðar á svæðinu, sem sett var fram með fyrirvara um framvindu gagnaöflunar og umfang mála þegar henni yrði lokið.

Vettvangsferð vegna máls nr. 2/2016 fór fram 20. september 2016. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Önnur fyrirtaka mála á svæði 9A var haldin sameiginlega vegna allra málanna 24. febrúar 2017. Áður en að henni kom hafði Ása Ólafsdóttir verið skipuð formaður óbyggðanefndar og tók hún því jafnframt við formennsku í málinu. Lögmönnum málsaðila var skýrt frá því að gagnaöflun vegna svæðisins hefði tafist verulega miðað við það sem áætlað var, einkum vegna þess að vinna Þjóðskjalasafns Íslands við gagnaöflun vegna svæðis 8B hefði reynst mun umfangsmeiri en áætlað hafði verið, og kynnt var ný áætlun um framvindu málsmeðferðar þar sem hliðsjón var höfð af þessu. Þá var gerð grein fyrir því að íslenska ríkið hefði í aðdraganda vettvangsferðarinnar gert tilteknar breytingar á kröfulínunni gagnvart Svínadal, sem væri í samræmi við það hvernig eigendur jarðanna Sælingsdalstungu og Ásgarðs afmörkuðu jarðir sínar. Kallað var eftir afstöðu lögmanna eigenda umræddra jarða til þess hvort litið væri svo á að aðild þeirra að málinu væri þar með lokið og óskaði hann eftir fresti til að bera það undir umbjóðendur sína.

---

<sup>5</sup> Upphaflega var málið nefnt „Svínadalur og Staðarfell“, eins og m.a. kemur fram í fundargerð vegna fyrstu fyrirtöku mála á svæðinu. Síðar var ákveðið að nefna málið „Flekkudalur og Svínadalur“, enda varðar málið m.a. eignarréttarlega stöðu Flekkudals en ekki annars lands sem tengist jörðinni Staðarfelli.

<sup>6</sup> Upphaflega var málið nefnt „Vatnspverdalur, fjalllendi Skarðs, Stóra-Vatnshornsmúli, Jörfaafrettur, Geldingadalur og landsvæði sunnan og vestan Villingadalsdraga“, eins og m.a. kemur fram í fundargerðum.

<sup>7</sup> Upphaflega var málið nefnt „Botn við Svínbjúg, Fjalllendi Hrafnabjarga, Fjalllendi Fremri-Vífildals, Landsvæði sunnan Hundadals og Hundadalsheiði og Sauðafell/Selland“, eins og m.a. kemur fram í fundargerðum.



---

Við sömu fyrirtöku gerði óbyggðanefnd lögmönnum grein fyrir því að nefndin hefði tekið til sérstakrar skoðunar aðild og önnur atriði sem vörðuðu kröfugerðir vegna ríkisjarða, m.a. í ljósi dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur). Tilefni þessarar skoðunar óbyggðanefndar var m.a. það að ábúendur jarðanna Þorbergsstaðir og Kvennabrekku, sem eru í eigu íslenska ríkisins, höfðu lýst kröfum í málinu vegna Þverdalshöfða og Geldingadals á grundvelli ábúðarréttar síns, auk þess sem ábúendur annarrar tiltekinnar jarðar í eigu ríkisins hafði lýst kröfum vegna ágreiningssvæðis í máli nr. 1/2016 á sama grundvelli. Kallað var eftir afstöðu lögmannna, bæði íslenska ríkisins og lögmanna ábúendanna, til þess hvort ábúendurnir gætu átt aðild að málunum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 19. júní 2017 kom fram af hálfu lögmanna íslenska ríkisins að afstöðu til aðildar ábúanda Kvennabrekku og Þorbergsstaða að málinu yrði komið á framfæri í greinargerð þess. Óbyggðanefnd upplýsti lögmenn um að á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar hefði nefndin óskað eftir því við Veðurstofu Íslands að fram færi greining á legu vatnaskila og upptaka á svæðinu, að því leyti sem merkin væru miðuð við þau í heimildum. Af hálfu nefndarinnar var lagt fram nýtt kort sem hafði að geyma umræddar upplýsingar um vatnafar, auk kröfulína málsaðila. Því var sérstaklega beint til lögmanna að yfirfara hvort vatnafarsgögnin gæfu tilefni til tilfærslu á kröfulínum og var sérstaklega rætt um landsvæði sunnan og vestan Villingadalsdraga í því sambandi. Á fundinum var lögð fram leiðrétt kröfulýsing íslenska ríkisins vegna Jörfaafréttar og Stóra Vatnshornsmúla dags. 14. mars 2017. Þá greindi óbyggðanefnd frá því, að í ljósi fram kominna upplýsinga um vatnaskil, hafi óbyggðanefnd tekið til skoðunar að endurupptaka mál nr. 2/2014 á svæði 8B, að því er varðar Sauðafellsafrétt og landsvæði í vestanverðum Snjófjöllum, sem eru aðliggjandi að ágreiningssvæðum málsins að sunnanverðu. Loks var lögmönnum íslenska ríkisins veittur frestur til 10. ágúst 2017 til að skila greinargerð vegna málsins.

Við fjórðu fyrirtöku mála á svæði 9A, sem var haldin sameiginlega vegna allra málanna 10. ágúst 2017, var greinargerð íslenska ríkisins vegna málsins lögð fram. Í sömu fyrirtöku var lögð fram breyting á kröfulínu íslenska ríkisins varðandi svæði sunnan og vestan Villingadalsdraga. Þeirri spurningu var beint til lögmanna hvort eitthvað miðaði í sáttumleitunum og hvort vænta mætti frekari breytinga á línunum. Lögmönnum gagnaðila íslenska ríkisins var veittur frestur til 25. ágúst 2017 til að skila greinargerðum. Vakin var athygli á því að í greinargerð sinni mótmæltu lögmenn íslenska ríkisins því að ábúendur Þorbergsstaða fengi aðild að málinu vegna Þverdalshöfða og jafnframt var því mótmælt að ábúandi Kvennabrekku fengi aðild að málinu vegna Geldingadals. Lögmaður ábúendanna fékk færi á að koma að sjónarmiðum vegna þessa í greinargerð. Þá var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar málsins.

Við fimmtu fyrirtöku mála á svæði 9A, sem var haldin sameiginlega vegna allra málanna 25. ágúst 2017, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins vakti athygli á því að í greinargerð þeirri

---

sem hefði verið lögð fram fyrir hönd ábúenda Þorbergsstaða og Kvennabrekku væri ekki lengur krafist beins eignarréttar á Þverdals og Geldingadal, heldur væri þess nú krafist að þjóðlendukröfu ríkisins yrði hafnað og að hið sama ætti við um sambærilegt tilvik í máli nr. 1/2016. Aðspurður kvaðst hann fallast á að gegn andmælum íslenska ríkisins gætu ábúendur umræddra ríkisjarða ekki átt aðild að málnum en óskaði þó áfram eftir að sjónarmið þeirra yrðu tekin til skoðunar við úrlausn mála. Enn fremur var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar í málinu. Þá voru mál nr. 1/2014, þ.e. landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, og mál nr. 2/2014, þ.e. hluti fyrrum Norðurárdalshrepps, endurupptekin. Tilgangur endurupptökunnar var sá að aðlaga úrskurðarlínur í málum nr. 1/2014 og 2/2014 að réttum merkjum milli fasteigna á svæðum 8B og 9A, meðal annars í ljósi fram kominna gagna frá Veðurstofu Íslands um vatnaskil milli svæðanna. Fram kom jafnframt að þrátt fyrir fyrri áætlanir um framvindu gagnaöflunar Þjóðskjalasafns Íslands væri henni en ekki lokið að fullu. Aðspurðir höfðu lögmenn ekki athugasemdir við að aðalmeðferð málsins færu þrátt fyrir þetta fram á þeim tíma sem ráðgert hafði verið.

Hinn 30. ágúst 2017 fór fram sá hluti aðalmeðferðar sem snýr að skýrslutökum, í félagsheimilinu Dalabúð í Búðardal, og er gerð grein fyrir þeim í kafla 4.4. Við sjöundu fyrirtöku málsins, 23. nóvember 2017, voru fleiri gögn lögð fram.

Aðalmeðferð málsins var fram haldið með málflutningi í sal Héraðsdóms Vesturlands í Borgarnesi miðvikudaginn 29. nóvember 2017. Þá kom fram af hálfu lögmanns íslenska ríkisins að óskað væri eftir því af hálfu ríkisins að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort Þverdalur eða Geldingadalur væri eignarland eða þjóðlenda, þar sem ríkið væri þar beggja megin borðs og þar af leiðandi væri engin krafa gerð um beinan eignarrétt á landsvæðinu, af þar til bærum aðila. Af hálfu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins kom fram að haldið væri til streitu kröfu um að ábúendur Þorbergsstaða og Kvennabrekku gætu átt aðild að málinu og gert þær kröfur sem lagðar hefðu verið fram af þeirra hálfu, með áorðnum breytingum. Við lok aðalmeðferðar var því lýst yfir af hálfu óbyggðanefndar að málið væri tekið til úrskurðar.

Við níundu fyrirtöku 23. apríl 2018, var lögmönnum tilkynnt um tiltekna breytingar á afmörkun svæðis 9A að sunnanverðu sem m.a. varða þetta mál. Einkum var um það að ræða að mörk svæðisins gagnvart svæði 8B voru færð til samræmis við vatnaskil. Kallað var eftir afstöðu lögmanna til þess hvort þeir vildu færa kröfulínur sínar að breyttum svæðamörkum. Lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins óskuðu eftir fresti til að svara því.

Við níundu fyrirtöku málsins, 26. apríl 2018, tilkynntu lögmenn málsaðila að kröfulínur umbjóðenda þeirra skyldu fylgja hinum nýju mörkum milli svæða 9A og 8A, sbr. þá ákvörðun um tilfærslu þeirra sem tilkynnt var um við áttundu fyrirtöku málsins.

Loks var málið tekið fyrir að nýju 30. apríl 2018 og lögð fram skjöl sem komið höfðu í leitirnar frá því að aðalmeðferð lauk. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

---

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>8</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í fimm hlutum. Í endanlegri kröfugerð er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

##### 3.1.2 Geldingadalur

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur er þar sem Fremragil endar við Tunguá (1), þaðan ræður gilið upp á Geldingafell þar til vötnum fer að halla (2), þaðan er farið austur eftir fjallinu og á vatnaskilum í Lambahnjúk (3), þaðan til suðurs eftir hæstu brúnum í Gamalhnjúka (4), þaðan til vesturs í Seljafjall (5) og svo áfram vestur og á vatnaskilum milli Reykjadal og Geldingadals í fjallið Háf (6), þaðan eftir hábrúnum í hákoll Tungufells (7) og þaðan beint niður í Tunguá gegnt þeim stað sem Fremragil endar við ána (1), sem jafnframt er upphafspunktur.

##### 3.1.3 Svæði sunnan og vestan Villingadalsdraga<sup>9</sup>

Gerð er eftirfarandi krafa:

*Fyrri hluti:*

Upphafspunktur er á hæsta tind Gamalhnjúka (1), þaðan er farið til austurs eftir vatnaskilum sunnan Villingadalsdraga og að þeim stað þar sem vatnaskilalínan

---

<sup>8</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Eftir að kröfugerðum málsaðila var skilað, undir lok málsmeðferðar á svæðinu, gerði óbyggðanefnd tiltekna breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A, sem einkum miðuðu að því að færa mörk milli svæðanna til samræmis við vatnaskil í þeim tilvikum þar sem heimildir um landamerki bentu til að þau lægju um vatnaskil við svæðamörkin. Í framhaldi af þessu lýstu málsaðilar því yfir að kröfulínur skyldu færðar til samræmis við hin breyttu mörk milli svæðanna, án þess þó að þetta fæli í sér breytingar á texta kröfugerðanna. Þær kröfugerðir sem hér eru raktar ber að túlka með hliðsjón af þessu. Í 6. kafla eru kröfugerðir málsaðila bornar saman við þær heimildir sem liggja fyrir um merki viðkomandi landsvæða. Auk þeirra sem hér eru nefndir var við meðferð málsins einnig lýst kröfum vegna Þverdals af hálfu ábúanda jarðarinnar Þorbergsstaða og vegna Geldingadals af hálfu ábúanda jarðarinnar Kvennabrekku. Jarðirnar Þorbergsstaðir og Kvennabrekka eru í eigu íslenska ríkisins. Eins og rakið er í kafla 6.3.1.1 og 6.7.1.1 hér á eftir er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ábúendurnir geti ekki, gegn andmælum íslenska ríkisins, átt aðild að málinu á grundvelli ábúðar á jörðunum. Þær kröfur sem fram komu af hálfu ábúendanna verða því ekki raktar hér. Kröfugerð þeirra er þó meðal framlagðra gagna málsins, sem og greinargerðir ábúenda framangreindra jarða auk annarra skjala sem lögð voru fram af þeirra hálfu.

<sup>9</sup> Krafan kom fram við meðferð óbyggðanefndar á svæði 9A, og var breytt við meðferð málsins, eins og fram kemur á framlögðu skjali 1(21). Við meðferð máls nr. 2/2014 á svæði 8B hafði Ingi Tryggvason lögmaður lýst kröfum til þessa svæðis fyrir Minningarsjóðs Ólafs Finnssonar og náði kröfulýsingin inn á svæði 9A. Við meðferð máls þessa var bókað um að fyrrgreindum kröfum væri einnig haldið til streitu á svæði 9A. Ákveðið var 25. ágúst 2017 að endurupptaka mál óbyggðanefndar á svæði 8B. Nánar tiltekið voru endurupptekin mál nr. 1 og 2/2014 að því er varðar þau svæði sem úrskurðað var um í þeim málum og eru aðliggjandi ágreiningssvæðum í málum nr. 2 og 3/2016. Fjallað er um svæðið sunnan og vestan Villingadalsdraga með Sauðafellsafretti í hinu endurupptekna máli 2/2014 á svæði 8B, en nýr úrskurður í því máli er kveðinn upp samhliða úrskurði þessum.

---

sker sýslumörk sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk kröfusvæðis (2), þaðan er farið til suðurs eftir sýslumörkum í Merkjahryggskoll (3), sem enn fremur er á sýslumörkum, þaðan er farið norður eftir Merkjahrygg og eftir hábrúnum í Gamalhnjúka (1), sem jafnframt er upphafspunktur.

*Seinni hluti:*

Upphafspunktur er á þeim stað í fjallinu Krossbrún þar sem vötnum fer fyrst að halla til Bekradals (1), þaðan er farið til suðurs í Sátutagl (2), þaðan er farið til vesturs eftir sýslu- og sveitafélagamörkum að þeim stað þar sem vatnaskilalína sker þau mörk (3) og þaðan er svo farið til norðurs eftir vatnaskilum að þeim stað í fjallinu Krossbrún þar sem vötnum fer fyrst að halla til Bekradals (1) sem er upphafspunktur.

### **3.1.4 Jörfafréttur**

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur er við Sátutagl (1), á sýslumörkum Dalasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er farið norður eftir hæstu brúnum Krossbrúnar og á vatnaskilum milli Haukadals og Villingadals, að efstu gildirögum Þorleifsstaðagils (2), gilið ræður síðan merkjum til austurs ofan í Haukadalsá (3), þaðan ræður Haukadalsá merkjum til suðurs að ármótum hennar og Sléttadalsár og þaðan ræður Sléttadalsá upp á fjall og að sýslumörkum (4) og svo er sýslumörkum fylgt vestur að Sátutagli (1), sem er upphafspunktur.<sup>10</sup>

### **3.1.5 Stóra-Vatnshornsmúli**

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur eru ármót Haukadalsár og Svínadalsár (1), þaðan er Svínadalsá fylgt austur upp á fjall og að sýslumörkum gagnvart Strandasýslu, sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk kröfusvæðis (2), þaðan er sýslumörkum fylgt suður til Tröllakirkju (3) og þaðan er sýslumörkum gagnvart Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, fylgt vestur að upptökum Sléttadalsár (4), sem er fylgt til norðurs að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan er Haukadalsá fylgt norður að ármótum hennar og Svínadalsár (1), sem er upphafspunktur.<sup>11</sup>

### **3.1.6 Fjallendi Skarðs**

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur er neðst í Svartagili í Haukadalsskarði (1), gilinu er fylgt norður upp á fjall og í um 600 metra hæð er farið vestur og norðvestur eftir fjallinu Bana og eftir sömu hæðarlínu að Skarðsgili (2), gilinu er fylgt norðaustur svo langt sem það nær og að svokölluðum Sandhóli við Skarðsgilsbotn

---

<sup>10</sup> Kröfulýsingin var leiðrétt með bréfi dags. 14. mars 2017.

<sup>11</sup> Kröfulýsingin var leiðrétt með bréfi dags. 14. mars 2017.

---

(3) en þaðan beina sjónhendingu í norðvestari grjóthól á hábungu Geldingafells (4), sem jafnframt eru sýslumörk gagnvart Strandasýslu, sveitafélagamörk og mörk kröfusvæðis, sýslumörkum er svo fylgt til suðurs yfir Haukadalsskarð og að Svínadalsá (5), sem svo ræður merkjum til vesturs niður í Haukadalsá (6) og þaðan ræður Haukadalsá til norðurs að þeim stað sem lækjarfarvegurinn austan úr Haukadalsskarði mætir Haukadalsá (7), botni Haukadalsskarðs er svo fylgt að Svartagili (1) sem er upphafspunktur.

### 3.1.7 Þverdalur

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur er upptök Hrótagils við Þverá (1), þaðan er Hrótagili fylgt upp í gilsbotn á Laxárdalshálsi (2), þaðan er farið eftir því sem vötnum hallar austur eftir hálsinum, í suður-enda Þrándarvatns (3), þaðan er farið suðaustur á þann múla (Leirmúla) (4) sem er framanvert við minni Þverdals, neðan til við Stórahvamm og neðan til við neðra Fjargil, og þaðan stystu leið í Þverá sem síðan ræður merkjum vestur til Hrótagils (1) sem er upphafspunktur.

### 3.2 Kröfur Hjartar Sigurðssonar vegna Skógsmúla

Af hálfu Hjartar Sigurðssonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í jörðina Skógsmúla verði hafnað, og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja og undirorpin beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Skógsmúla séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalslands frá 23. maí 1885 og afsalsbréfi fyrir Skógsmúla frá 15. febrúar 1901, þ.e. allt land innan eftirfarandi merkja:

Að vestanverðu ræður það stærsta gil, sem rennur á milli bæjanna Skógsmúla og Köldukinnar og kallast Hrótagilá háls (1) – upp í botn þess (2), þaðan í krossstein á holtbarði (3), til austurs frá honum í sömu stefnu í annan krossstein ofan í hálsinum (4), þaðan beint í krossstein enn ofar, hvar varðar er hjá hlaðin (5), þaðan í Grjóthól/Stórhól hvar kross er höggvinn í stein (6), þaðan beint fram á Múla höfuð í stóran stein, sem kross er í höggvinn (7), þaðan beina þverlínu ofanað Þverá hjá Tæpugötu, hvar kross er höggvinn í stein (8), svo ræður Þverá til Hrótagils (9/1).

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda, að skaðlausu.

### 3.3 Kröfur Sigríðar Bjarnadóttur vegna Fjallendis Skarðs

Af hálfu Sigríðar Bjarnadóttur er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í jörðina Skarð verði hafnað, og að

---

viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja og undirorpin beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Skarðs séu í samræmi við fyrirbyggjandi landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalslands frá 23. maí 1885 og afsalsbréfi Skarðs frá 25. maí 1887, þ.e. allt land innan eftirfarandi merkja:

1. Að austanverðu milli Mela og Skarðs:

Frá hinum norðvestari Grjóthól á há Geldingafelli (1), suður á litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadalsskarðs (2), þaðan yfir Haukadals skarð, þar sem vötnum hallar milli Ormsár að austan og Rjettargils að vestanverðu (3); þá beint yfir klambrafell og þangað sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala (4).

2. Að sunnanverðu ræður Svínadalsá þar til hún fellur í Haukadalsá (5).

3. Að vestanverðu milli Skarðs og Kross ræður Haukadalsá frá Svínadals á, þar til Skarðsgilslækur fellur í hana (6).

4. Að norðanverðu ræður lækur sá, sem fellur eptir Skarðsgili á fjall upp, svo langt sem hið djúpa gil nær (7) og eru þá Skarðs landamerki á kollóttum skriðuhól í Skarðsgilsbotni austanvert við áðurnefndan Skarðsgilslæk og nefnist hóllinn Sandhóll (8) og er lækjarfarvegur og grasbarð utan hann. Af þessum Sandhól ræður sjónhending á hinn fyrstnefnda Grjóthól á há Geldingafelli (1).

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda, að skaðlausu.

### **3.4 Kröfur Jóhönnu Sigrúnar Árnadóttur og Valbergs Sigfússonar vegna Stóra-Vatnshornsmúla**

Af hálfu Jóhönnu Sigrúnar Árnadóttur og Valbergs Sigfússonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í jörðina Stóra-Vatnshorn verði hafnað, og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja og undirorpin beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Stóra-Vatnshorns séu í samræmi við fyrirbyggjandi landamerkjabréf Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu í Haukadals frá 28. maí 1886, þ.e. allt land innan eftirfarandi merkja:

Landamerki milli Stórvatnshornsmúla og Skarð eru: Svínadalsá frá Haukadalsá (1) eptir Svínadal á fjall upp (2–3) og á fjalli sem vötnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár (4), hver á ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár (5); hún ræður síðan að Svínadalsá (1).

---

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda, að skaðlausu.

### **3.5 Kröfur Álfheiðar Þorsteinsdóttur, Húnboga Þorsteinssonar<sup>12</sup> og Mörtu Þorsteinsdóttur vegna Jörfafréttar**

Af hálfu Álfheiðar Þorsteinsdóttur, Húnboga Þorsteinssonar og Mörtu Þorsteinsdóttur er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í jörðina Jörfa verði hafnað, og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja og undirorpin beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Jörfa séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjabréf Jörfa frá 12. maí 1885, þ.e. allt land innan eftirfarandi merkja:

Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverður árinna (1) eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni (2) suður til Sátu (3), þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla (4) sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum (5) að Sljettadalsá (6), sem ræður til Haukadalsár (1).

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda, að skaðlausu.

### **3.6 Kröfur Finns Þórs Haraldssonar vegna Geldingadals**

Af hálfu Finns Þórs Haraldssonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í jörðina Háafell verði hafnað, og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja og undirorpin beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Háafells séu í samræmi við landamerkjabréf Háafells frá 29. maí 1885 og afsali útgefnu af Jóhannesi L.L. Jóhannessyni presti á Kvennabrekku frá 1897 þar sem seld var spilda úr landi Kvennabrekku í Geldingadal til Háafells og sameinað Háafelli, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja:

Að norðanverðu ræður Tunguá (1) að Djúpadalsgili (2), þá ræður gilið upp á háfjall og í Háfskoll (3) og úr Háfskollu ofan svokallað Vegghamraskarð (4) og svo beina sjónhending ofan háleytið í Kárholtsvörðu (5), þaðan beint yfir fláasundið uppundir fjallsræturnar í grjótvörðu við flata holtskriðu kippkorn

---

<sup>12</sup> Eftir að endanlegar kröfugerðir málsaðila lágu fyrir tók Þorsteinn Húnbogason við aðild Húnboga Þorsteinssonar að málinu.

---

fyrir sunnan Brúðgumastaði (6); úr grjótvörðunni sjónhending upp fellshlíðina í svokallaðan Snagaklett uppá fellsbrúninni (7) þaðan norður háfellið eptir sem vötnum hallar út á móts við svonefnda Lepparúst austan undir fellinu (8), svo úr Lepparúst (9), beint ofan að keldunni sjónhending yfir Háafellsmóa á Grastein fyrir austan Kolsstaði, sem stekkur stendur undir (1).

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda, að skaðlausu.



---

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–17 ásamt undirskjöllum, samtals 411 skjöl, auk 21 hliðsjónargagns. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Lögmonnum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, þ.e. skjals nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnumurum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

---

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 20. september 2016 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Þriðjudaginn 20. september 2016 var ekið frá Eiríksstöðum í góðu skyggni frá austur eftir vegi nr. 586, Haukadalsvegi, inn Haukadal inn að ármótum Haukadalsár og Svínadalsár þar sem farið var yfir legu kröfulína aðila og ágreiningssvæði vegna Fjallendis Skarðs, Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfamúla. Ekið var til baka eftir vegi nr. 586, Haukadalsvegi, og hann ekinn á Haukadalsskarð innan ágreiningssvæðis vegna Fjallendis Skarðs, þar sem litið var yfir ágreiningssvæði vegna Fjallendis Skarðs og farið yfir legu kröfulína aðila. Ekið var til baka og numið staðar við Svartagil þar sem kröfulína íslenska ríkisins liggur vegna Fjallendis Skarðs og skyggst um. Ekið var til baka að Eiríksstöðum, þar sem gagnaðilar íslenska ríkisins skildu við hópinn, og þaðan var ekið áfram vestur eftir vegi nr. 586 að Vatni þar sem Hjörtur Sigurðsson, eigandi Skógsmúla og bóndi á Köldukinn, bættist við hópinn. Þaðan var farinn slóði upp á Vatnsfjall að vestanverðu og ekið til móts við Skógsmúla þar sem var staðnæmst og farið yfir legu kröfulínu aðila og staðhætti ágreiningssvæða vegna Skógsmúla og Þverdalands. Farin var sama leið til baka niður fjallið að Vatni þar sem Hjörtur Sigurðsson skildi við hópinn. Frá Vatni var ekið heim að Háafelli í Miðdölum þar sem rætt var við Finn Þór Haraldsson, bónda á Háafelli, og Guðmund Pálmason, bónda á Kvennabrekku, um ágreiningssvæði vegna Geldingadals. Þoka og ríning var á Geldingadal og var ákveðið, að höfðu samráði við aðila, að ganga ekki inn á dalinn, þar sem gagnaðilar íslenska ríkisins töldu ekki sérstaka þörf á því að svo stöddu.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Hallur Kristmundsson, vegna Skarðs í Haukadal; Valberg Sigurðsson, eigandi Stóra-Vatnshornsmúla; Marta Þorsteinsdóttir, eigandi Jörfa; Bjarnheiður Þorsteinsdóttir, eigandi Jörfa 2; Finnur Þór Haraldsson, eigandi Háafells; Guðmundur Pálmason, ábúandi Kvennabrekku, og Hjörtur Sigursson, eigandi Köldukinnar.

---

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem Þjóðlendukröfur íslenska ríkisins í máli þessu ná til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir, önnur landsvæði og stofnanir sem tengjast ágreiningssvæðunum vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.<sup>13</sup>

### 5.1 Landnám

Í Sturlubók *Landnámabókar* segir eftirfarandi um landnám á svæðinu:

Kollr hét maðr Veðrar-Grímsson [...]; hann hafði forráð með Auði ok var virðr mest af henni. Kollr átti Þorgerði, dóttur Þorsteins rauðs.

[...]

Eptir um várit fór Auðr í landaleit inn í Breiðafjörð [...]. Síðan fóru þau inn eyjasund; þau lendu við nes þat, er Auður tapaði kambi sínum; þat kallaði hon Kambsnes.

Auðr nam ǫll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dðurðará til Skraumuhlaupsár. Hon bjó í Hvammi við Aurriðaárrós;

[...]

Auðr gaf land skipverjum sínum ok leysingjum.<sup>14</sup>

Þar segir einnig:

Erpi syni Meldúns jarls, er fyrr var getit, gaf Auðr frelsi ok Sauðafellslönd [...]. Þorbjörn hét maðr, er bjó at Vatni í Haukadall; hann átti ..., ok var þeira dóttir Hallfríðr, er átti Hǫskuldr í Laxárdal [...].

Kollr nam Laxárdal allan ok allt til Haukadalsár; hann var kallaðr Dala-Kollr; hann átti Þorgerði dóttur Þorsteins rauðs. Børn þeira vǫru þau Hǫskuldr ok Gróa [...]. Hǫskuldr átti Hallfríði dóttur Þorbjarnar frá vatni [...].

Herjólfur son Eyvindar elds fekk síðar [Þorgerðar] dóttur Þorsteins rauðs; Hrútr var son þeirra. Honum galt Hǫskuldr í móðurarf sinn Kamsnessland milli Haukadalsár ok hryggjar þess, er gengr ór fjalli ofan í sjó. Hrútr bjó á Hrótsstöðum; hann átti Hallveigu dóttur Þorgríms úr Þykkvaskógi ...<sup>15</sup>

Þar segir einnig:

Eiríkr [rauði] fekk þá Þjóðhildar [...] er þá átti Þorbjörn enn haukdælski [er bjó að Vatni í Haukadall]; rézk Eiríkr þá norðan ok ruddi lönd í Haukadall; hann bjó á Eiríksstöðum hjá Vatshorni.

---

<sup>13</sup>Þessi kafli er að mestu leyti byggður á drögum að greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 22. desember. 2017, sbr. skjal nr. 13.5. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins. Jafnframt hefur bætt við umfjöllun um gögn sem komið hafa í leitirnar eftir að umrædd greinargerð kom fram.

<sup>14</sup> *Íslensk fornrit* I (1986), bls. 138–140.

<sup>15</sup> *Íslensk fornrit* I (1986), bls. 142–144.

---

Þá felldu þrælar Eiríks skriðu á bæ Valþjófs á Valþjófsstöðum, en Eyjólfur saurr, frændi hans, drap þrælana hjá Skeiðsbrekkum upp frá Vatshorni. Fyrir þá sök vá Eiríkur Eyjólfur saur; hann vá ok Hólmgöngu-Hrafn at Leikskálum. Geirsteinn ok Oddr á Jörva, frændr Eyjólfur, mæltu eptir hann. Þá var Eiríkur görr ór Haukadal.<sup>16</sup>

Í Sturlubók *Landnámabókar* segir eftirfarandi um landnám Mela í Hrótafirði:

Þröstr ok Grenjuðr synir Hermundar hokins námu land í Hrótafirði inn frá Borðeyri ok bjöggu at Melum.<sup>17</sup>

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Í reglugerð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dali, dagsettri 20. maí 1809, segir m.a.:

Reglugiörd fyrir Dalasýslu um Grenjaleitar, Dyraveidar og Geldfjárrekstur á afrett og Dale.

2. Capitule. Um Geldfjárrekstur á afrett og Dale á vorum.

§ 1. Þar ed mörgum búande monnum árlega orsakast stór skade á eingium, beitlande og jafnvel tödum einkum i sveitum hvar þravnngbylt er af yfergange geldpenings nábuanna i heima londum, þá skal hvör og eirn epter Jonsbókar landsleigubálks 46tta Capitula og itrekadre konunglegre skipun af 20ta Februarii 1754 reka geldfé sitt allt fullorded og lömb á rettan afrett og leigia uppreksturs land þar einginn er. Eins bulaust folk og búande hvört sem það á margt edur fátt, þo eru þau lömb undanskilenn sem á rettum fráfarum eru so rír ad ei þikia á afrett rekande og skal færa þeim seirna frá, en sveitungar leggja samann med seirne fráfarur þessara lamba.

[...]

§ 4. Nú eru þær jarder margar sem aungvann afrett edur fiallland eiga enn eru þó landkreppu jarder og meiga þær ecke ad heldur med geldfe sinu skada og yfergáng veita annara slægur og beitelande og eru þeirra abúendur skylduger ad leigia afrett og upprekstur land hiá þeim er afrett eiga og ej filla sialfer jtölu sína, fyrir sanngiarnt verd, epter samkomulagi. Sá er leifislaust rekur geldfe sitt i annars afrett og land betale 1 rd. courant fyrir gras verd þeim er afrett edur upprekstrarland á. Sömu vidlögur eru og ef nockur i nágranna forbode heldur heima geldfe sinu og lömbum, hvort sem hann á afrett edur ej þar ólídande er ad menn láte pening sinn bótalaust uppnaga annara land og slægjur, ellegar skore sig undann loglegum fiallskilum á haustum i þvj skine ad eckert hafe þeir uppreked ne eige á fialle. Þessar sekter út tekur sysslumadr án dóms og rettarhallds hiá þeim óhlidugu.<sup>18</sup>

---

<sup>16</sup> *Íslensk fornrit* I, (1986), bls. 130.

<sup>17</sup> *Íslensk fornrit* I, (1986), bls. 201.

<sup>18</sup> Skjal nr. 2(186).

---

Í reglugerð fyrir Dalasýslu um fjármörk, fjallgöngur og réttir, dagsettri 13. ágúst árið 1809, segir m.a.:

3. Capituli. § 1. Um Saudfiár Mörk.

[...]

§ 6.

Þessi Tabla skal vera til hvörs manns Eptirsíónar, þar sem Réttir á haustum halldast, og Mörk á úrgangsfé, úr sídustu skilarétt, vid hana náqvæmlega saman[borin], eptir því sem 4di Capituli frammar fyrirsegir. Frá Arildstíd hafa þessar eptirskrifadar Réttir haldnar verid i Dala Sýsslu. Nefnilega Saurbænum á Svinadal, sunnannverdt vid Miósund, og á Sta[d]arhóle. J þessara Réttta Stad, sem valla síást Deili til, skal Innrifagradalsbóndinn, med Stadarhóls hrepps búendum, innréttta nía Rétt á hentugum Stad i Innrifagradals landi, sömuleidis skal hreppstíórinn Gísli Pálsson á Hvítadal med Hvols Sóknar búendum innréttta nía Rétt, i Hvítadals landi. J Hvamms-Sveit hafa Réttir haldnar verid á Sælings, og á Gleraskogum. J Laxárdal hefur enginn Rétt verid haldinn so menn til viti. J Haukadal hafa Réttir haldnar verid á Vatni i Haukadal, og á Skardi. J Middölum Fellsendarétt. J Hördudal Vifilsdals og Selialands Réttir. á Fellströnd Hallstada Rétt, og á Skardströnd, Klofnings og Heidnabergs Réttir. Nú þótt frammtaldar Sveitir hafí engar Skilldu afréttir, utann alleina Haukadalur og partur af Laxár- og Middölum, enn hinar adrar hafa leigt og fengid hiá nábúum hinum, ad reka á Dale, sem ad nockru leiti eru búfiár-hagar, þá samt skulu bændur eins og ádr leigia upprekstrar plátz, hiá þeim sem hafa so Dölum varid, og gialda eptir billegheitum, Samkomulagi og Fiárfjölda, þeim sem beitarlandid tilhejrir. Allar þessar nefndu Réttir, skulu hér eptir af Réttarbændum vidhaldast, eptir ad þær i Fyrstunni af Sveitarmönnum i hvöríum hrepp eru upphladnar, ad athugadri þeirri, sem hér ad framann sögd er, og hér eptir lögd verdur.

[...]

4. Capituli. um fiallgöngur á Haustum.

§ 1.

Allt eins og hvör og einn eptir 2. Cap. § 1. og 4da er skildugur ad reka allt sitt geldfé og lömb, samt stódhross á afrétt, so skal og serhvör búandi Embættis og almúga-madur á haustum giöra góð fiallskil, og til fiallgöngu láta gagnlegann greindann mann, hvört sem h(ann) á nockra Saudkind á fialli edur ej undir 1 rd. sekt i hvört sinn hann þverskallast vid þessa hreppstíóranna fyrirskipun.

§ 2.

Sömuleidis skal hvör madur úr qvífé sinu og landareigu safna öllu ókunnugu fé og reka til rétta, alt undir sömu sektir, en qvífé skal ganga og Réttardaginn greimast vandlega nærri Bæum, so ej giöri Rugling á fiallinu.<sup>19</sup>

Í kafla um Miðdalaþing í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Vigfús E. Reykdahl m.a. eftirfarandi:

---

<sup>19</sup> Skjal nr. 2(187).

---

Til 8. spurn(ingar): <Dalir.> Miðdalirnir eru fyrst að neðanverðu einn aðaldalur, en klýfst um Sauðafell og myndast þá tveir dalir, sem liggja til landsuðurs, og heita allir þessir dalir Miðdalir (því Hörðadalur og Haukadalur er sinn til hvörrar hliðar). Fram af Miðdölum ganga þessir afdalir: 1. Geldingadalur sem liggur fram milli Kolsstaða í Kvennabrekkusókn og Háafells. 2. Reykjadalur liggur fram milli Fellsenda og Grafar. 3. Sökkólfsdalur sem skiptist í tvo dali fyrir framan bygd og heita þeir Austurárdalur og Suðurárdalur. 4. Hundadalur sem og so skiptist í dali, Eiðisdal og Njóladal.

[...]

Til 30. spurn(ingar): <Bæir.> Næsti bær við Kolsstaði í Kvennabrekkusókn er Háafell, sá bær stendur undir Háfnum norðantil ...<sup>20</sup>

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi:

32. <Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadale. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadale.<sup>21</sup>

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall, í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

1 <Takmörk.> Kvennabrekkuprestakalls sóknir takmarkast, eður eru aðskildar frá þeim næstliggjandi prestaköllum, þannig: Tunguá, ekki stór á – sem hefir upptök sín í Geldingadalsbotni, hver dalur að liggur til austurs fram í fjöll frá Kolstöðum sem er austastur bær í Kvennabrekkusókn – skilur Kvennabrekkusókn á suðursíðuna frá Sauðafellssókn og það allt til þess hún rennur saman við Miðá, sem er stærri, og þá skilja þær þannig vestasta bæinn í nefndri sókn [...]. En á norðursíðu sóknarinnar er lágur háls, allur ávalur upp að sunnanverðu. Háls þessi nær frá fjalli því sem kallast Kolstaðafell sem er norður af áður nefndnum bæ Kolstöðum og liggur fell þetta frá suðri til norðurs, ekki hátt fjall. Norðurendi þess er á suðursíðu Jörfa-Þverdals hvors síðar mun getið verða; hálsinn liggur frá austri til vesturs og endast á móts við vestri enda Haukadalsvatns. Þessi háls kallast eftir bæjum, austari helmingur hans Saurstaðaháls. [...] Sumir kalla líka þennan háls Kvennabrekkuháls en eldra er hitt nafnið, en vestari helmingur hálsins heitir Skógsháls, nefndur eftir einni elstu og líka stæðstu jörð í Kvennabrekkusókninni, Stóraskógi, sem er að kalla sunnan við vestri enda hálsins.

[...]

Annexíusóknin, þ.e. Stóra-Vatnshornssóknin sem er Haukadalurinn, takmarkast á norðursíðuna af fjallgarði sem liggur fyrir norðan hann allan; hefir fjallgarður þessi ýmis nöfn eftir bæjum, vestast er kallað Vatnsfjall, svo Stóra-Vatnshornsfjall og það nafn hefir fjallið í raun réttir allt fram að svokölluðu Fanngili sem er stórt gil framarlega í dalnum og er þar landamerki millum

---

<sup>20</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 32–35.

<sup>21</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 62–63.

---

jarðanna Smyrlhóls og Giljalands; fjall þetta má kalla jafnhátt frá bænum Vatni sem er hálfur vestastur í Stóra-Vatnshornssókn og að nefndu Fanngili. [...] [...] Fyrir austan áður nefnt Fanngil kemur Giljalandsfjall, og uppá því nokkuð norður og vestur á því ummálslítið fell, sem ber töluvert hátt upp þó ei sé sjálft hátt, þar það stendur uppá hinum fjallinu, það litla fell heitir Rjúpnafell. Síðan austur af Giljalandsfjalli kemur Skarðsfjall, sem er hátt fyrir vestan bæinn Skarð, hvor að er austasti bær í Haukadal og Stóra-Vatnshornssókn. Þetta fjall kallast líka Bani af því þar skulu að fornu menn hafa menn hrapað ofan í byljum á vetrum fleirum sinnum. [...]

<40. *Vegir.*> Yfir allan þennan fjallgarð frá Vatni að Skarði, er enginn sumarþjóðvegur og jafnvel að öllu ófært á sumardag yfir að fara með hesta vegna ákaflegra blautra fjallbroksmýra, en á vetrum ganga menn oft yfir þetta fjall byggða milli. Rétt fyrir austan Skarð liggur þjóðvegur uppúr austurenda Haukadalsins norður yfir fjallgarðinn, heitir þessi vegur Haukadalsskarð; fjallvegur þessi er hérumbil hálf þingmannaleið að lengd. Vegurinn liggur ofaní Hrutafjörðinn, og er þá fyrsti bær sem fyrir verður, þá norður af kemur, Melar við Hrutafjörð.

8. <*Dalir.*> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

Út úr Haukadalnum framarlega til landsuðurs gengur dalur sem heitir Villingadalur, er það langur mjór dalur. Í hönum er einn bær sem heitir eins og dalurinn. Þessi dalur bugar enn meir til suðurs þá inn í hann kemur, og fremstu drög hans liggja svo að einasta lágur fjallhryggur skilur á milli hans og fremstu enda Geldingadals sem áður er nefndur að vera austur fram af Kolstöðum, austasta bæ kvennabrekkusóknar [...].

Þá má enn betur líta samt eftir Haukadalnum. Nefndur Villingadalur aðskilst frá þeim eiginlega Haukadal með fjallinu Krossbrún sem liggur frá austri til vesturs, nokkuð hátt fjall, hérum 50 fóta á hæð, og vestri endi þess fjalls kallast Kirkjufell; en engu er þetta fjall eiginlega merkilegt. [...]

Vestur af Hamrafjalli kallast Jörfahnúkur, víðlíka hátt fjall, þó heldur hærra; eru þessi fjöll rétt sem eitt fjall samföst og jafnhá að ofan. Svo sem bæjarleið er lengra vestureftir fjallið eða aflíðandinn af Jörfahnúk frá sjálfum hæðsta hnúknunum og svo gengur þar inni fjöllin frá norðri til suðurs dalur nokkuð langur og mjór, er á austursíðu hans nefndur Jörfahnúkur en suður áður umgetið Kolstaðafells norðurendi. Heitir dalur þessi Jörfa-Þverdalur og er jarðarinnar Jörfa beitarland sem er ein stæðsta og besta jörð í Haukadal.

[...]

Geta má þess að vestantil við Vatnsfjall gengur dalur inni fjöllin sem liggur frá útsuðri til landnorðurs, bakvið, þ.e. norðantil við Vatnsfjall en sunnan Laxár-

---

dalsháls. Þessi dalur er mjór en töluvert langur, óbyggður; afréttarland sem heyrir undir Vatn og Stóraskóg og heitir Vatns-Þverdalur. Eftir hönum rennur á sem nefnist eftir dalnum Þverá og kemur í Haukadalsá fyrir neðan vatnið skammt, er hún oft ófær yfirferðar sökum grjóts og strangleika.

[...]

<40.> Þjóðvegurinn sem áður er getið yfir Skógshálsinn og kemur yfir hann niður að Haukadalsvatni framanvert, liggur eftir endilöngum Haukadalsá með ánni og á ýmsum stöðum yfir hana og fram hjá Skarðsbæ þar fyrir framan ána (Haukadalsá) og bugar svo í norður á fjallið Haukadalsskarð sem áður er getið. 32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

[...]

<14.> Landslag í báðum sóknunum er hvervetna líkt á hvorri jörð, fjalllendi eður hálsland fyrir ofan bæina en neðan mýrlendi. Hvorgi gras mikið en notalegt graslag fyrir fénað, en í Haukadalnum er þó allstaðar feitara og betra land fyrir sauðfé, en þó eru mest landgæði á Skarði og einkum í þeim áður nefnda Villingadal hvar landgæði fyrir sauðfé munu hvað best í þessari sýslu ef ei væri þar of margt fé.

<31.> Selstöður tilheyra í Kvennabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvennabrekku. Sú hinni fyrri jörðinni tilheyrandi selstaða er í þeim áður umgetna Vatns-Þverdal, en Kvennabrekku í áðurnefndum Geldingadal. Þessar selstöður eru sum árin brúkaðar en sum ekki eftir því sem efni og kringumstæður gjöra mögulegt. En í Stóra-Vatshornssókn á Vatn selstöðu í Vatns-Þverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals og svo er áður getið. Hvorug þessara selstaða eru lengi nú að undanfögnu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.<sup>22</sup>

Hinn 30. október árið 1844, sett sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt, um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamtsins staðfesti reglugerðina 25. desember sama ár. Reglugerðin var færð í afsals- og veðmálabók Dalasýslu og hljóðar svo:

Nr 148

Reglugjörð, fyrir Skarðsafrétt innan DalaSýslu um geldfjár upprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar.

1. Sá partur Haukadals sem ei er lagður til Vatnsréttar eður Þverdals upprekstur, og hvar í eru 15 bæir ásamt þeim parti Miðdala er Náhlíð nefnist og næst liggur Haukadalsá að sunnaverðu, að Stóraskógi undanskildum, skal einungis eiga skyldu og lög upprekstur fyrir géldfé á Skarðsafrétt, enn engvir aðrir bæir eður sveitir.

---

<sup>22</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 46–51.



---

2. Með tilliti til þess átroðnings, sem fjallafé gjörir Villíngadals ábúanda, hvörtalsverð fjalllönd á í nánd [leiðrétt úr: grend] við Skarðsafrétt, uppberi hann árlega 4 fjallatolla, með sínum eigin íreiknuðum, enn 6 ábúendum í ofantilgreindum bygðarlögum, hvará meðal Villíngadals ábúandi telst, standi frítt fyrir að reka géldfé sitt á Villíngadal kjósi þeir það heldur enn á Skarðsafrétt, enn ekkert fleira fé, til þess að það gáangi á Skarðsafrétt réttist þar síðan og dragist betalingslaust.

3. Hvað grenjaleitir og dýraveiðar í afréttinni árlega snertir, svo hefir Skarðs ábúandi þar um að annast útvega skyttu, senda eptir henni á eigin kostnað, samt láta vaka á greninu; hvarámóti Jörfa og Vatnshorns ábúendum, sem öðlast fjallatolla Skarðs afréttar að helmíngi, ber að lúka allann kostnað skyttunni, ásamt þeim er með henni á greninu liggur, þá þess viðþarf.

4. Lömb skulu sitjast í hið minnsta vikutíma eptir fráfarur, áður þau eru á afréttinn rekin.

5. Í fjallatolla lúkist af hvörjum búanda 1 gyldt lamb, af 20 til 60, enn 2 af þeim sem fleiri reka og séu þau goldinn strax í Réttinni, hvar þau skiptist á milli hlutaðeiganda, enn þeir er innan téðra bygðarlaga, reka lömb sín á aðrar afréttir, eður fjalllönd, ellegar halda þeim í heimahögum, skulu ei að síður skyldir vera að gjöra fullkomin fjallskil á Skarðsafrétt og gjalda fjallatoll eins og þeir hefðu á hana rekið, enn úrgáangs kyndur þær sem hittast í Réttinni án eigara, vaktist í þeim hrepp hvar Réttinn er þar til hinn sami í tæka tíð sannar sinn eignarrétt, enn meðhöndlást annars að lögum og landsvana.

6. Leitardagurinn skal vera Mánadagurinn í 21tu viku sumars sé fært veður, enn annars sá nærsti fær dagur.

Að öllu öðru leiti, enn því hér að framan er tilgreint skulu þær almennu reglur, viðvíkjandi fjárupprekstri, fjallskilum og réttarhaldi, sem fyrirskrifaðar eru, svovel í Hreppstjórnar Instrúxinu, sem þeirri af Vesturamtinu áður staðfestu Reglugjörð fyrir DalaSýslu, vera gyldandi.

Skarði í Dalasýslu þann 30ta October 1844.

Undir minni hönd og innsigli C. Magnusen (L.S.)

Þareð Amtið ei hefur fundið neitt í framanskriafaðri Reglugjörð um Skarðsafrétt er álitast kunni ólöglegt, eða ósanngjarnt, heldur það er miði til góðrar reglu og almennings hagsmuna, svo veitist Sýslumanninum í Dalasýslu hér með myndugleiki til, að byrta Reglugjörðina á nærsthaldandi viðkomandi manntalsþingum, hlutaðeigandi almenníngi til eptirbreytnis, eins og til að skipa viðkomandi Hreppstjórum, að þeir hafi nákvæma tilsjón með, að eptir Reglugjörðinni sé framvegis lifað. Islands Vestur Amts skrifstfu Stapa, þann 25 Dec.ber 1844.

---

Undir minni hendi og Amtsins signeti. Thoresteinsson (L.S.)

Auglýst fyrir Manntalsþingsréttinum í Dalasýlu höldnum á Hjarðarholti 14da, Jörva 15da Sauðafelli 16da Blönduhlíð 17da Hvammi 19da Staðarhóli 20ta Staðarfelli 22n og Ballará 23ja maii, árið 1845. testr C. Magnussen.<sup>23</sup>

Í frumvarpi að reglugerð fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu um geldfjárupprekstur, fjallskil, réttarhald, grenjaleitir og fleira, dagsettu 5. ágúst 1862, segir m.a.:

1. grein.

Allir hreppsþúar í Laxárdalshreppi skulu vera skyldir til að reka allt geldfé sitt á afrétt á vori hverju, samkvæmt lögum og landsvenju.

2. grein.

Þannin skal bæjum skipt í Laxárdalshrepp til skyldu- og lög-uppreksturs á afrétt þann, sem jarðirnar í hreppi þessum með rétti eiga; og meiga hvorki aðrir né fleiri bæjir fá né hafa þar fjár upprekstur, án hlutaðeigenda samþykkis og tilknýandi orsaka, eptir óvilhallra manna mati.

A) á Ljáarskoga fjalli eiga upprekstur: Ljáarskógar, Midsel, Hróðnýarstaðir, Vígholtsstaðir, Spákellsstaðir, Fjós, Hrappsstaðir og Lambastaðir.

B) á Sámsstaða fjalli eiga upprekstur: Sámsstaðir og Goddastadir.

C) á Hamrafjalli eiga upprekstur: Hamrar og Gillastaðir.

D) Sólheimar reka einir á afrétt sinn.

E) á Dunustaðafjalli eiga upprekstur Dunustaðir, Palsel, Hjarðarholt, Leiðolfsstaðir, Hornsstaðir, Kambsnes, Þorbergsstaðir og Rútsstaðir ef bygðir verða.

F) á Svarfhóls fjalli eiga upprekstur: Svarfhóll, Gröf og Þrándarkot.

G) á Þverdal eða Höskuldulsstaða og Skógsmúla afrétt eiga upprekstur: Höskuldsstaðir og Sauðhús.

[...]

7. grein.

Í afrettartoll greiðist eitt fiskvirði fyrir hverjar 5 sauðkindur, hvert að eru lömb eða roskið, sem hver maður á í sveitinni, og á afrétt ber að reka, samkvæmt lögum og landsvenju; og skal hver sem gjalda ber, greida toll þennan fyrir hverjar veturnætur, þeim bónda, í hvers afrétt gjaldanda, eptir 2 grein þessarar Reglugjörðar ber að reka geldfé sitt. Af færri en 10 sauðkindum sem reka ber á afrétt, gjaldist eingin afréttar tollur. Vegna áður gjörðra samninga, geldur Hjarðarholts ábúandi eingan afréttar toll Dunustaða bónda.<sup>24</sup>

---

<sup>23</sup> Skjal nr. 2(217).

<sup>24</sup> Skjal nr. 2(184).

---

Með bréfi, dagsettu 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis.<sup>25</sup>

Svar hreppstjóra Haukadalshrepps, dagsett 9. júní 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu hljóðar svo:

Leikskálum 9. júní 1920.

Herra Sýslumaður!

Með brjefi yðar d.s. 28. f.m. hingað komnu í dag óskið þjer eftir að jeg sendi yður skýrslu um svæði þau í hreppnum sem talin eru almenningar, svo og um afrjettarlönd sem ekki hafa tilheirt eða nú tilheira nokkru lögbýli.

Yður skal nú skýrt hjermeð frá, að mjer er ekki kunnugt um að hjer í hreppi sjeu nein svæði til sem talin eru almenningar, eða afrjettarlönd sem ekki tilheira lögbýli.

Vitanlega eru hjer í hreppi 3 dalir sem eru daglega kallaðir afrjett, en heita þó sinu nafninu hver, og liggja undir sina jörðina hver, og eru þær þessar: Stóra Vatnshorn, Skarð og Jörvi. Jarðir þessar munu vera metnar til hundraðatals að meðtöldum dölum þessum og virðist mjer því að hjer sje ekki um neína afrjett að ræða.

Virðingarfillst, Jóhann B. Jensson<sup>26</sup>

Svar hreppstjóra Laxárdalshrepps, dagsett 12. júní 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu hljóðar svo:

Til svars uppá brjef yðar herra sýslumaður d.s. 28 f.m. þar sem þjer óskið eftir að eg skýri frá hvort nokkurt svæði sje hjer í hreppi sem talin sje almenningar, þá læt eg yður hjer með vita að það er ekkert svæði hjer í hrepp sem geti heirt undir almenninga heldur eru öll afrjettarlönd hreppnum tilheirandi einstakra manna eign.<sup>27</sup>

Hrappstöðum 12 Júní 1920

Jón Jónasson

Svar hreppstjóra Miðdalahrepps, dagsett 15. júní 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu hljóðar svo:

Til svars uppá bref yðar herra sýslumaður viðvíkjandi Vatnsorku í almenningum læt jeg yður hjermeð vita, að hér í hreppi eru engin lönd sem geta talist almenningar og ekki afrettarlönd, sem ekki tilheira lögbýlum.

Fellsenda 15 júní 1920

Ólafur Finnsson<sup>28</sup>

Svar sýslumanns Dalasýslu, dagsett 4. september 1920, vegna fyrirspurnar Stjórnarráðsins hljóðar svo:

---

<sup>25</sup> Skjal nr. 4(2).

<sup>26</sup> Skjal nr. 2(195).

<sup>27</sup> Skjal nr. 2(185).

<sup>28</sup> Skjal nr. 2(197).

---

Til svars yðar heiðraða brjefi dags. 29. des. f.á. skal þess getið að jeg hefi spurst fyrir um afrjettarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum sýslunnar og samkvæmt yfirlýsingum þeirra eru engir almenningar hjer í sýslu eða afrjettarlönd sem ekki heyra lögbýli til.<sup>29</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Óskað var upplýsinga um eftirfarandi:

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
2. Hvað nefnist sá afréttur?
3. Hvar liggja mörk hans?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélga upprekstrarrétt í sama afrétt?
5. Hvaða svetiárfélög eru það?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?<sup>30</sup>

Svar oddvita Miðdalahrepps, dagsett 20. febrúar 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt? Já.
2. Hvað nefnist sá afréttur? Sanddalsafréttur.
3. Hvar liggja mörk hans? Í Mýrasýslu.
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélga upprekstrarrétt í sama afrétt? Nei.<sup>31</sup>

Bréfið er undirritað af oddvita Miðdalahrepps, en þar er ekki fleiri spurningum svarað.

Svar sveitarstjóra Laxárdalshrepps, dagsett 8. maí 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

Í Laxárdalshreppi hefur hluti býla haft rétt til upprekstrar á Ljárskógaland, svo lengi sem vitað er. Hin síðari ár hefur verið greitt fyrir þessi beitarnot. Ljárskógar voru í einkaeign, en eru nú eign bænda og Laxárdalshrepps. Íbúar annarra sveitarfélaga eiga ekki rétt til upprekstrar í Ljárskógum. Einnig á Laxárdalshreppur land á mörkum Laxárdalshrepps og Haukadalshrepps, sem liggur sunnan sauðfjárveikisvarnargirðingar. Þetta land er óvarið ágangi búfjár úr Haukadalshreppi, en hefur ekki verið notað af Laxdælingum.<sup>32</sup>

Svar oddvita Hvammshrepps, dagsett 2. maí 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

Vegna bréfs ykkar frá 20. febrúar 1989, um afrétti þá skal það tekið fram að allt fjallendi hér í sveit flokkast undir heimalönd viðkomandi jarða og eiga

---

<sup>29</sup> Skjal nr. 4(3).

<sup>30</sup> Skjal nr. 4(4).

<sup>31</sup> Skjal nr. 4(5).

<sup>32</sup> Skjal nr. 4(6).

---

íbúar sveitarfélagsins því ekki upprekstur í neinn afrétt, hvorki hér í sveit né annarsstaðar.

Fyrir hönd hreppsnefndar  
Hvammshrepps  
Bjarni Ásgeirsson<sup>33</sup>

Svar oddvita Saurbæjarhrepps, dagsett 20. nóvember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

Með bréfi ráðuneytisins 27. okt. 1989 er ítrekuð ósk um upplýsingar varðandi afréttarmál sveitarfélagsins, og þá með tilliti til sameiginlegra afrétta með öðrum sveitarfélögum.

Settar eru fram spurningar.

Spurningu No.1 er svarað neitandi, og þar af leiðir, að ég tel ekki ástæðu til að svara hinum fimm.

Hér í sveit er enginn sameiginlegur afréttur, en öll lönd í eigu einstakra jarða, og mér vitanlega er enginn ágreiningur um mörk þeirra landa.

Vænti þess að þetta svar sé fullnægjandi.

Virðingarfyllst  
Sig. Þórólfsson<sup>34</sup>

Svar oddvita Hörðudalshrepps, dagsett 14. nóvember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

Hvað varðar Hörðudalshrepp í Dalasýslu, eiga íbúar hans engan upprekstrarrétt í neinn afrétt og liggur enginn afréttur innan marka sveitarfélagsins.

F.h. Hörðudalshrepps  
Þorsteinn Jónsson, oddv.<sup>35</sup>

### 5.3 Þverdalur og Skógsmúli

Í máldaga kirkjunnar í Þykkvaskógi frá 1397 segir ekkert um landsvæði eða ítök í eigu kirkjunnar.<sup>36</sup>

Hinn 19. júní 1427 seldi Guðni Oddsson Böðvari Rafnssyni Þykkvaskóg, með öllum þeim gögnum og gæðum sem jörðinni fylgdu og fylgt höfðu að fornu og nýju. Í kaupbréfinu segir m.a.:

Þad giore eg Gudne Oddzson godum monnum kvnngt med þessu minv opnu brefi. ad (eg) hefi sellt heidarligum manne bauduare Rafnssyne jarder þessar sem hier greiner. Þyckvaskog j middolum. harastadi. og midskog. med ollum þeim gognum og giædum sem jordunum fylger oc fylgt hefur ad fornu ok nyu. oc ec hefir fremmst eigandi ad ordit. [...] Reiknadi Gudne kirkiune j skogie tuo kvigelldi messuklædi og kaleik. sagdi Gudne ad skogur ætti allann þuerdal. fram fra hrutagile er geingr ofan fram fra kolldukinn. oc suo norðr oc sudur

---

<sup>33</sup> Skjal nr. 4(7).

<sup>34</sup> Skjal nr. 4(8).

<sup>35</sup> Skjal nr. 4(9).

<sup>36</sup> Skjal nr. 4(81).

---

epter fialle j motz vid vatnn. Eigv vatnn veidi j haukadalsa einn dag j anare vikv enn tuo i annare. a skogur jord alla fram ad prestagili oc oll græningiaból. firir nedan lytla vatzhornn. a skogur veidi alla audrumeiginn j haukadalsa fra vatni og vtj sio. og enn leingsta grasholminn er stendur fram j vaudlvnm. Skyldi adr greindur boduar [Böðvar] hallda fyrr saugdum jordum til laga.<sup>37</sup>

Hinn 7. maí árið 1445 seldi Skúli Loptsson Torfa Arasyni nokkrar jarðir, þar á meðal jörðina Þykkvaskóg. Í kaupbréfinu segir m.a.:

Her i mote selldi optnefndur skule þratt nefndum torfa þessar jarðer er suo heita þyckuaskog j breidafiardardaulum. Midskog. þorolfstadi. smillahuol. giliahd og ymiaberg. serhueria um sik med ollum þeim gognum ok gædum sem greindum jordum fylger ok fylkt hefer at fornu ok nyio ok hann vard fremst eigandi at. Reiknadei skule at kirkian j skogi ætti sex kugilldi ok þar til gaf hann kirkiunni æfuinlekt koluidarhaugg j liaskoga jord suo mikit sem sa bondi þyrftu til gardin er þar byr ok hundrad raptvidar wpp a huert ar æfinliga j sueinatungu j norrdardal.<sup>38</sup>

Í máldaga kirkjunnar í Þykkvaskógi frá árabílinu 1491–1518 segir m.a.:

Mariu kirkia [...] j þyckvaskoge a vj kvgilldi. kolvidarhogg j liarskogum suo sem skogsmenn þurfa arliga.<sup>39</sup>

Fyrir liggur vitnisburður séra Jóns Kolbeinssonar, dagsettur 10. ágúst 1494, réttindi Þykkvaskógar í Skógsmúla í Þverdal. Þar segir:

Þad giore eg syra jon prestur kolbeinsson godum monnum kunnigt med þessv minu opnu brefi ad ec medkennvnt ad ec hefi verid heimilisfastur j breidafiardardolum einn vetur og xxxx. oc hefi ec alldre anad heyrnt ne vitad. enn þeir sem þyckua skog hafa att edr byggt edr þeir sem þar hafa buid. ad þeir hafa haft oc sier eignad og gardinvm æfinnliga selstodu j þuerdal fram frá kolldukinn og hier med hafi þeir beitt og beita latid aullum sijnum peningum. hestum og hrossum og ollum sijnum gelldfienadi. þeir sem j skogie hafa bvid bædi firir selfaur og epter allt framan til veturs og hefur eingin ad fvndit oc alldri hefi eg þar heyrnt tvimæli a. ad nockr man ætti þar nockud jtak j þetta takmark. halfann þuerdal. suo og hefi eg alldreigi heyrnt ad nockr man ætti neitt jtac j þyckvaskogs jord eigi beit oc einginn jtok aunnur. hefi ec og alldri anad heyrnt allan þennan fyrr greindan tima sem ec hefe verid j breidafiardardolum enn þyckuiskogur ætti landeign alla nedan med vatni vpp ad prestagile og suo hatt vpp a halsin sem vatnvm [svo] draga nordur ad votnvm(m). vorv þessir vottar og vitnismenn hia sau og heyrdur a er eg handfesti Gudmvndi andressyne þennann vitnisburd. jon vigfusson og Eigill jonsson. og hier epter vil ec sveria ef þvrfu þicker. Og til meire stadfestu og saninda hier vm setta ec mitt jnsigli firir þetta vitnisburdar bref er skrifad var a

---

<sup>37</sup> Skjöl nr. 4(70) og 2(128).

<sup>38</sup> Skjöl nr. 4(71) og 2(128).

<sup>39</sup> Skjal nr. 4(82).

---

nedri breku j saurbæ j huolskirkiu soknn svnudægin næstann fyrir mariumesso enu fyrre vm svmarid arvm epter Gudz burd þvsvnd. cccc. niutiger og iijj. ar.<sup>40</sup>

Í máldaga kirkjunnar í Þykkvaskógi frá árabílinu 1491–1518 segir m.a.:

Kirkian i Storaskoge ä ätta kugillde [...]. Item jorden. Lx<sup>c</sup>.

Á manntalsþingi að Leiðarhólmi 7. júlí 1628 var lesin upp lögfesta Björns Guðmundssonar fyrir Þykkvaskógi í Miðdölum. Þar lögfesti hann jörðina innan tiltekinna merkja og svo segir:

Eg lögfesti og hálfan Þverdal, er liggur fram frá Köldukinn, frá því gili sem næst er Köldukinnarseli, og Hrutagil er kallað, svo hátt á hálsinn sem vötnum hallar og svo suður og norður eptir fjalli móts við vatn. Fyrirbýð eg hverjum manni innan tilgreindra takmarka sjer til gagnsmuna að beita, brúka eður yrkja eður nokkur not af hafa utan mitt sje lof eður leyfi til. En eg legg við rán og rjett minn eptir lögum hver annars gjöfir. Lögfesti eg að orðfullu og lögfullu og lögmáli rjettu að vitni þínu.<sup>41</sup>

Lögfestan var aftur lesin upp á manntalsþingi að Leiðarhólmi 9. júlí 1635.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir um Stóraskóg:

Selstöðu á jörðin á Þverdal, og er hún jafnlega brúkuð, í meðallagi að kostum og miður [...]. Selvegur er lánngur og erfiður, og yfir ii slæmar ár til að sækja.<sup>42</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir að Stóri-Skógur hafi átt selstöðu á Þverdal:

Selstöðu á jörðin á Þverdal, og er hún jafnlega brúkuð, í meðallagi að kostum og miður.<sup>43</sup>

Á héraðsþingi að Hjarðarholti í Laxárdal 23. júní 1734, voru í vitna viðurvist skoðuð og yfirlesin kaupbréf Torfa bónda Arasonar fyrir Þykkvaskógi í Breiðafjarðardölum, frá árinu 1445, og afrit frá 1470 af kaupbréfi á milli Guðna Oddssonar og Böðvars Rafnssonar á Þykkvaskógi. Einnig afrit frá 1588 af vitnisburði Jóns prests Kolbeinssonar um eign Þykkvaskógs „hálfan Þverdal“. Afrit af skjölunum voru innfærð í dóma- og þingbók sýslunnar.<sup>44</sup>

Á sama héraðsþingi að Hjarðarholti í Laxárdal, 23. júní 1734, var lesin upp lögfesta Björns Guðmundssonar fyrir Þykkvaskógi í Miðdölum. Inntak lögfestunnar var ekki skráð.<sup>45</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var upplesið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsafrétt og borga afréttartoll. Inntaki bannsins er ekki lýst nánar. Í dóma- og þingbók var eftirfarandi innfært:

---

<sup>40</sup> Skjöl nr. 4(72) og 2(128).

<sup>41</sup> Skjal nr. 2(104).

<sup>42</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 42–43.

<sup>43</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 24.

<sup>44</sup> Skjal nr. 2(157).

<sup>45</sup> Skjal nr. 2(158).

---

5. Var bannað að reka á Þverdal, heldur á Skarðsfjall og gjaldi þann gamla afréttartoll.<sup>46</sup>

Hinn 26. júní 1818 ritaði sýslumaður Dalasýslu undir auglýsingu um fyrirkomulag uppreksturs á Þverdal. Þar segir:

Það Tídana Asigkomulag og feingin þecking á londum þejrra a Laxárdal fyrir Sunnan Laxä innan Dala Sysslu, gefa mér Orssök til, naqvæmar ad fastsetja Reglu, fyrir þá, er Upprekstur hafa skule á Þverdal Stóra-skóge eygnadan; enn þann 6<sup>ta</sup> Junii 1810 allarejdu skéd er: gjöre eg þá Rádstöfun á; ad hérepter Dags, skulu aller Buendur fyrir Sunnan Laxä, undanteknum 4<sup>um</sup> fremstu Bæum, er nóg Land eyge, á Þverdals Afrétt reka, sem og Stóraskógsmenn og [Vatns] Bændur. Afréttin epter gömlum lögum, hreynsist fyrir Bítar, af þejm, er Lambatolla héfja; enn aller þejr tilteknu, er á Þverdal reka, skulu skylduger Réttina fyrsta Sinne upp ad byggja; enn hiner, sem Lambatoll taka árlega sídan vidhalda.

Ad þessare Minne Rádstöfun sé hlídt, hefur hreppstjörin i Laxárdal innan Dala Sýsslu, ad hafa hina náqvæmustu Eftersión umm, so reglulega frammfare, sem og vid Hiardarholte – og Qvennabrecku – kyrkiue almennínge löglega auglýsa. Skarde a Skardströnd þann 26<sup>ta</sup> Junii, 1818.

S. Magnussen. L.S.

Nefnder lambatollar ejga Bændur Rettarbónða strax i Réttinne þá ad betala, sem sidan dejlast á mille Vatns og Stóraskógs Bænda til Jafnadar.

Staddur á Þorbergstöðum á Embættes Rejse:

Þann 12<sup>ta</sup> Augustii, 1819. S. Magnussen

Náqvæmare Áqvördun, um Þverdals Afrétt i Haukadal, innan Dala Sysslu m.m.

Upplesid vid Hiardarholts kirkiu 29<sup>da</sup> Aug 1819. Test<sup>r</sup> Gudmundr Jonsson

Upplesed Vid Hiardarholts Kirkiu Þann 28<sup>da</sup> April 1839. Vitna J. Bergþorsson,

Jon Jonsson, Johannes Bjarnas.

Upplesid fyrir manntals þings retti ad Hjardarholti þann 22. apr. 1840. C. Magnusen.<sup>47</sup>

Á sáttanefndarfundi höldnum að Qvennabrecku 8. maí 1826, kvartaði Bjarni Jónsson í Stóraskógi yfir því, að Jón Jónsson í Köldukinn, fyrrum ábúandi að Vatni, hafi í leyfisleysi beitt fé sínu og hestum í Stóraskógsland ári áður, auk þess sem hann hafi sumarið áður beitt Skógsmúla og haft þar upprekstur. Bókun sáttanefndar er svohljóðandi:

Arid 1826 Dag 8da Maii, voru til stadar á Qvennabrecku tilskickader Forlíkunarmenn i Jörva þingsókn og Náhlíd, Gunnlaugur Prestur

---

<sup>46</sup> Skjal nr. 2(173).

<sup>47</sup> Skjal nr. 2(181).



---

Gunnlaugsson og Hreppstjóri Arni Arnason, til hvörs orsök géfid hafði: Bóndinn Mr Bjarni Jónsson á Stóraskógje, með skrifu til áminnstrar Sættanefndar daterudu 26ta nærstl. mánaðar, under hans egen Nafni, í hvörju hann qvartar yfir; að bóndinn Jón Jónsson fyrr búandi á Vatni í Haukadal nú á Köldukinn, hafi beitt í fyrra Vetur rosknu fé sínu í Stóraskógs land, samt opt hestum, einninn nærst aflided Sumar beitt Skógsmúla, og haft þar Lamba- og gjeldfjár-Upprekstur, án þess þar til, að hafa nockurt leife sjálfur eða fyrir millegaungu nockurs manns – hjá sér feingid, hér að auke, hafa téður Jón slegid fulla 40 hesta hris á nefndum Múla, þó það með leife, fyrir medalgaungu Mr Jóns Sigurdssonar, Enn þar Jón á Köldukinn, fyrir allt þetta upptalda, vilje hvorke betala né neinu góðu til svara, begiærer Mr Bjarni og krefst; að vidkomande Sætta nefnd innkalle Jón, sem fljótast skéd gétr. – Mr Bjarni persónulega hér staddur fram leggur Fyrerkall utgéfid af Presti G. Gunnlaugssyni á Qvennabrecku þann 29da April sidstl. með hvörju ádurnefndir menn Mr Bjarni frá Stóraskógje og bónde Jón Jónsson frá Köldukinn innkallast hér að mæta í dag, til að heyra tillögur og midlun til Forlíkunar og gódsamrar afgjörðar þessa þeirra milleverande malefnis – uppáteiknun Eidsvarinna Stefnuvotta í Jörva Þingsókn á Fyrerkallid sýnir að það sé löglega byrt Jóni, Eptir Fyrer kallinu sökum Vatna Vaxtar, feck Jon ej mætt fyrre enn þann 10da s.m. þá fyrir honum personulega Nálægum ásamt contraparte hans vidverande, var ofannnefnd klögur, ásamt Fyrerkallid lesid; enn vegna þess sá Áklagade, áleit kíærumal mr Bjarna yfir sér ósannferdukt að mestu, vard ej gódmótlegre Sætt ákomid, hvörs vegna þessu mále [er] vísad til URLausnar vid Réttargang. – Sama stad þann 10da maíi 1826

G. Gunnlaugsson Arne Arnason.<sup>48</sup>

Haldinn var sáttanefndarfundur á Jörfa í Haukadal 24. júní árið 1826 vegna kæru Bjarna Jónssonar í Stóraskógi á hendur Jóni Jónssyni í Köldukinn fyrir að fyrir upprekstur í leyfisleysi á land Stóraskógar og Skógsmúla. Bókun sáttanefndar er svohljóðandi:

Arid 1826 þann 24da Junii komu saman á Jörva í Haukadals, settir Forlíkunarmenn í Jörva Þingsókn og Náhlid, Gunnlaugur Prestur Gunnlaugsson og Arni hreppstjóri [Arni, tvítekið] Arnason, til hvers tilefni gaf, innsendt til Sættanefndarinnar innan Qvennabrecku og Storavatnshorns kyrkju Sókna, skriflegt endurnýad kíærumál Mr Bjarna Jónssonar á Stóraskógje, móte bóndanum Jóni Jónssyni á Köldukinn, sama innehalds að öllu, því fyrir sömu Sættanefnd kom á Qvennabrecku þann 8da og 10da f.m. – sem Protocollen hér að framann pag. 7 & 8, ljóslega synir, daterad Stóraskógje þann 1ta yfirstandande mánaðar; og í því sama krefst Mr. Bjarni að nefndum Jóni, á ný sé innstefnt af áminnstre Sættanefnd, að mæta á Jörva í Haukadal, til að forlíkast uppá umgétna ákiæru; Vidkomande Syslumanni Herra Sk. Magnussen, hefur og þócknast, með skrifi af 27de f.m. að vísa þessare Sök

---

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(155).

---

aptur til, reglulegrar Forlíkunar Tilraunar þar hann meini, sú sama, hafe það fyrir sökum Forfalla, þá í Fyrerkallinu tilteknu daga, ej komid. – Mr Bjarni persónulega nálægur, framleggur fyrerkall, utgéfíd af Presti G. Gunnlaugssyni á Qvennabrecku þann 19da þ.m. ad hvörju nefndir málsparar bádir innkallast, ad mæta í égenn Persónum hér á Jorfa í Dag, til ad heyra Tillögur og midlun til Forlíkunar þessa máls; Uppáskrift Stefnuvotta á Fyrerkallid sýnir það Jóni lögliga byrt. – Jon hér nu tilstadar personulegur, játar sig og svo eptir Fyrirkallinu mæta – áminst 3 Documenta voru svo fyrir Hlutadeigendum uppleseinn. – Var svo þetta kærúmal Mr Bjarna og Jóns til yfirvegúnar af Sættanefndinni tekid, Forslog [y]misleg framfærd til Sakar midlunar – og loksens [00]mund þessa máls endalikt solátande: ad Jón Jónsson bónde á Köldukinn lofar gódsamlega ad betala til Contraparts síns Mr Bjarna innann nærstkomande Vetur nótta 10 fiska áframfærda, einninn adra 10 Fiska til Fátækra í Haukadal innann sama tima ádurnefnda 10 fiska sem Jón bónde á Köldukinn lofar til Mr Bjarna betala, géfur sá sídarnefnde Fatækum í sinni Sveit Middala hrepp; héradauk Handsala Hlutadeigande Málsparar hvör ödrum trjgd og vináttu upphédann –  
Actum ut supra.

G Gunnlaugsson Arne Arnason

Málsparar Bjarni Jónsson Jón Jónsson.<sup>49</sup>

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 16. maí 1832 var upplesið bann eigenda Stóraskógar við upprekstri Skógsmúla og Þverdals frá Sæmundi Hallgrímssyni „nýbýling þar“. Í dóma- og þingbók segir:

5. Var upplesið: [...]

b) Forboð Skógs búenda mót brúkun Skógsmúla og Þverdals, frá nýbýling þar Sæmundi Hallgrímssyni, og þar að enginn framstóð sem vísaði, eður tilgreindu nokkra heimild til, að téð land væri fyrir afrétt brúkað hvar með landeigendur sviptust sínum eignarrétti, nema hvað góðmátlega hefur milli hlutaðeigenda afgjörst, áleit sýslumaðurinn téð lands eigendur og Stóra-Skógs ábúendum, heimilt að leyfa það nefndum Sæmundi Hallgrímssyni til nýbýlinga löglegrar brúkunar.<sup>50</sup>

Hinn 16. október 1837 fór fram skoðunargerð á jörðinni Höskuldsstöðum í Laxárdal vegna endurmats. Í skoðunargerðinni er minnst er á Skógsmúla. Þar segir:

Efter útnefningu Constintuerads Sýslumanns herra Th. Sivertsen ad yferlíta og nákvæmlega skoda jörðina Höskulldstad í Laxardal, hvur skodun skede af underskrifudum 16<sup>da</sup> october 1837 epter nákvæma skodunargjörd fyrerfanst jordin þannig sem filgr.

1. Tuned stort enn seinunnid liggur hátt og er ekki gras gefed ályst fodre 3<sup>r</sup> kyr í medal áre og hefer þó vered vel hirt.

---

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(156).

<sup>50</sup> Skjal nr. 2(160).

---

2<sup>ad</sup> Eingar eru miked litlar umm sig mírar blautar, med raudamýre og sumstadar sand og leirrunnar, og meiga aungvann veigenn eingiar heita heldur [beitar?] i neid, Jördinn og aldeilis hlunnidalaus.

3<sup>ja</sup> Landed má ekki stærra heita enn á kríngummliggiande 16 hundrada Jördum ad sjá kvistlaust enn var þó med kvist hriostrugt og gras lited, er ad smá renna á úr halsenum ár frá áre, enn epter sögn gamallra manna, hefer þar, underleiged halfur Þverdalur, og svo kalladur Skógsmúle sem er gott og miked fialland, sem hlýtur ad hafa vered miög langt sýdann, þar kálfskins máldagi fyrer Stóra Skógie í náhlid er dateradur 1470 og þá var parturenn undann Hoskulldstadum geinginn, ad framaskrifudu er svo jördinn miked lakare en ádur var.

4<sup>da</sup> Jördenn álist i medal áre ad frammfæra fyrer utann tún 60 ær 20 lömb og 5 hesta. Jördin er ekki betre en þær skárri 16 hundrada jardir, enn epter okkar skodun getum vid ómögulega álited Höskulldstadi meira geta vered en 20 hundrud ad dýrleika, og nú nokkra týd hefur þó ábúdenn vered gód. Þettad framanskrifad höfum vid epter bestu vitund giört og viljum stadfesta med eyde ef krafist jrde, þessu til stadfestu, eru okkar underskrifud nöfn og hiáþrikt signet.

Jón Bergþórsson hreppstióre

Benedict Gestsson  
skodunarmadur

L. S.

L.  
S.

#### Erklæring

Eptir Höskuldsstada eignarmanns Jóns Þórdarsonar Begjæringu í nærstlidnum júlímánudi, hefi eg útnefnt 2 menn til ad gjörlíta téda jörd, meta hennar gjædi og anslá það hundradatal þeir áliti hana svara til í samanburdi vid kríngumliggjandi jardir. Þessi forréttíng er mér sídan frá Eigandanum tilhanda komin, ásamt þeirri hanns Begjæringu, ad hún, med minni áteiknadri Erklæringu innsendist í amtid, sem hann undirgéfnastr óskar ad fyrirstilli forréttínguna því Konúnglega Rentukammeri, til stadfestíngar, ad því leyti, það í henni tiltekna hundradatal snertir.

Hvad þessarar jardar, – sem híngad til hefir talin verid 40 hundrud – nidursetíng ad hundradatali snertir, svo gét eg ómögulega neitad því, eftir þeim kunnugleika eg hefi um þessa jörd, hvörja eg á nærstlidnu sumri féck tækifæri til ad skoda um sláttinn, ad hún ecki svarar til 40 hundrada, og ad engin 40 hndr. eru til svo rír sem þessi í Dalasýslu, hvar hundradatal jarda þó er hærra í samanburdi vid jardargjædi enn í kríngliggjandi sýslum; og eptir minni meiníngu svarar þessi jörd ei meira enn til 20 – eda í hid allra hærsta 24 hundrada. Ad vidkomandi Tíundatakarar lídi vid jardarinnar nidursetníng, er síálfsagt; enn med tilliti framan áhrærds og án tillits til Tíundatakaranna einstaka gagns, kann enginn álíta billegt ad jörd sem ei fódrar utan til 16 hundrada í lifandi peníng, og engin önnur gjædi hefir, tíundist 40 hndr.

Jeg voga því undirgéfnastr, ad innstilla Eigarans Jóns Þórdarsonar beidni um jardarinnar nidursetníng, til nádugustu bænheyrslu.

---

Hrappsey í Dalasýslu, þann 30<sup>ta</sup> Novbr 1837.

Th. Sivertsen

p.t. constit. sýslum. í Dalas.<sup>51</sup>

Með bréfi dagsettu 27. ágúst 1842 kvartaði Jón Jónsson á Melum til sýslumanns Dalasýslu, fyrir hönd ábúandans á Vatni í Haukadal, yfir því að séra Stefán Benediktsson í Hjarðarholti hafi látið reka á Þverdal í óleyfi og ekki greitt fjalltolla. Bréfið er svohljóðandi:

Ábúandinn á þeirri mér tilheyrandi halfleudu af Jördunni Vatni í Haukadal Jónas Marteinsson hefur með bréfi af 20<sup>ta</sup> þ.m: óskad minnar adstodar í því, ad presturinn Sira Stephán Benedictsson á Hjarðarholti – sem í nockur undanfarin Ár, og ennú á þessu Sumri skal hafa reked lömb sín og geldfé á Þverdal edur Vatns Afrétt í Oleifi tédrar jardar ábúenda, svari þar fyrir reglulegum Fjallatolli m:m: eptir Sannsyni og vidtekinni reglu.

Heraf fljóta þau min audmjúk og þenustuskyldug tilmæli, ad herra Syslumanninum mætti þóknast ad tilhlutast um vid velnefndan prest Sira Stephan Benedictsson, ad hann gódmotlega svari þeim Fjallatollum, sem hann er skyldugur um til Vatnsbænda, svo Jónas géti þaraf feinged sinn hluta, en skyldi þessi tilraun, mót von minni, verda árángurs laus, og presturinn ei vilja svara tédum hjá ho[n]um innestandandi Fjallatollum, óska og og [000]<sup>52</sup> hérmed þenustuskyldugast ad herra Sýslumadurinn úttaki hjá tédum presti, uppá mitt ansvar og Tilsvar í tilliti til kröfunnar Áreidanlegleika, án dóms og lögsóknar, samqvæmt þeirri af Vestur Amtinu útgefnu Reglugjörd um géldfjar rekstur etc fyrir Dala Sýsslu af 20<sup>ta</sup> Maji 1809 Cap: 2 § 4<sup>da</sup> 1<sup>bd</sup> Sylfurs fyrir hvört af næstlidnum 2<sup>ur</sup> arum, auk tilhlydilegra Fjallatolla fyrir sama tíma, hvad eg álit Placat af 2<sup>rum</sup> Apr. 1841 fullkomlega heimila, en vidara umtal um fyrri aranna Fjallatolla hlýtur ad bíða hentugri tíma.

Melum þann 27<sup>da</sup> August 1842.

Þenustuskyldugast

J Jónsson

S.T.

Herra Syslumanni C. Magnusen.<sup>53</sup>

Með bréfi til sýslumanns Dalasýslu dagsettu 3. nóvember 1842 svaraði séra Stefán Benediktsson í Hjarðarholti kvörtun Jóns Jónssonar á Melum vegna uppreksturs á Þverdal. Bréf séra Stefáns hljóðar svo:

---

<sup>51</sup> Skjal nr. 2(198).

<sup>52</sup> Skemmd í skjali.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(182).

---

Þar yðar Velbyrdugheitum hefur þóknast með bréfi af 28<sup>da</sup> Septembr. næstlidna, að beiðast mínar Erklæringar uppa bréf Sysslumanns J. Jóhnséns á Melum til Ydar dagsett 27<sup>da</sup> August þ.á. mætti þéna eptirfylgandi því til andsvars:

Velnefndur Sysslumadur J. Johnsén á Melum hefur Jónas Marteínsson búanda á Vatni fyrir því – ef mér skilst rétt – að eg í nokkur undanfarin ár og ennú í sumar hafi rekið lömb og geldfé á Þverdal edur Vatns Afrétt, í óleyfi Vatns abúenda; þó það sé satt að eg hafi rekið lömb mín í svokalladann Skógsmúla á Þverdal, án þess að sækja leyfi til Vatns manna, þá er hitt ósatt, að eg hafi látið reka þau í Vatns land, og þar fyrir eigi þurft að sækja leyfi til Vatns manna, heldur einungis til sameigenda nefnds Þverdals, eptir þeirri heimild sem medfylgjandi sönnud Viður kenning þeirra uppá hljóðar, og ennframar eptir vitnisburði viðkomandi Prófasts, að Hjardarholtsky[rkju] samkvæmt Biskupa og Prófastanna Vísitáti[m] Stóðhrossa beit á Þverdal. Hvaraf má ráða eins og eg hérmed neíta að svara nockrum Lambatolli fyrir umlidna tid, til Vatnsbænda, þar sem eg aldrei hefi í þeirra Land látid reka lömb eda geldfé, enn gæti angéfarin Jónas Marteínsson bevisad hid mótsetta fríast hann vid þá óvyrðingu og straff er Lögin ætla þvilíkum, þá eg að svo stöddu hefi mér rétt geimdan til hans. Alt-adeínu og mig furdar, að syslumadur Jóhnsén á Melum skuli ekki hafa meira fyrir sínu nefnda an- og til-svari til Exícutiúnar á Lamba tolli þessum hjá mér, hvorja Exícutiún eg alvarlega Protestera med því að álíta nefnds syslumanns persónu ómerkilegri enn eg hugda.

Hjardarholti þann 3<sup>ia</sup> Nóvember 1842

æruskíldugast

Steph: Benedictsson

Vel byrdugum

Sylumanni í Dalasýslu C. Magnúsen.<sup>54</sup>

Á manntalsþingi að Hjardarholti 14. maí 1849 var lesin upp tilkynning Jóns Jónssonar 5 maí 1849 þess efnis að hann legði Þverdal undir jörð sína Höskuldsstaði. Í afsals- og veðmálabók var eftirfarandi innfært:

N 213

Það gjöri eg Jón Jónsson godum mönnum kunnugt, að eg legg alla þá landeign, er Þverdalur heitir og ádur heirdi undir Stóraskóg til eignar og ábýlisjardar minnar Hoskuldsstada í Laxárdal med um merkjum þeim sem eru þessi framm frá Hrutagili, er geingur ofann frá Köldukinn og so nordur og sudur eftir fjalli til ystu merkja, er adrir menn eiga land í móti gegnt Vatnslandi og sem eg er

---

<sup>54</sup> Skjal nr. 2(183).

---

ordinn eigandi að eftir tveim kaupbréfum af 4da Nov.ber og 7da October 1844 og með öllum nytjum þeirrar Landeignar, hvörum helst sem eru edur verda kynnu framvegis. Þessu enn fremur til Stadfestu er nafn mitt og hjá þrikt innsigli Höskuldsstöðum 5 Maii man 1849 Jón Jónsson (L.S.)

Upplesid fyrir manntalsþingsrétti að Hjardarholti þann 14da maii 1849. testr C. Magnussen.<sup>55</sup>

Í dóma- og þingbók segir:

6. Erklæring dat. 5. maí 1849 frá Jóni Jónssyni á Höskuldsstöðum – um að honum tilheyrandi svo nefndur Skógsmúli skuli framvegis fylgja jörð hans Höskuldsstöðum.<sup>56</sup>

Í jarðamatinu 1849–1850 segir eftirfarandi um Stóra-Skóg:

2. StórisKógur talin allur 60 hndr., hér til heira hjáleigurnar Ytra og sydra Skógskot, sem huörugt hefir sérskilin landamerki, samt að auki svonefndur Skógsmúli, sem er óbyggt landspláts hinu megin Haukadals ár en hefir landamerki sín, og virdist því sérskilid. Tún á heimajörðunni er stórt, en þýft og grýtt, engjar í medallagi, en meiri part votar, hagbeit fremur létt en vetrar beit jafnskárri; hér er mýbit til mikils бага; skémdavon lítil. Torfrista í medallagi; á ytra skógskoti er túnid þýft mjög, en ekki sérlega grýtt, en á sydra kotinu er túnid fremur greidfært. Silúngsveidi mætti nota, landrýmislaut er hér.

Heimajörðin metst 400r

Ytraskógskot, hjáleiga 125r

Sydraskógskot 125r

650r.<sup>57</sup>

Í jarðamatinu 1849–1850 segir eftirfarandi um Skógsmúla:

3. Skógsmúli, svonefndur, ádur talin tilheirandi Skógseigninni, og talin af henni 10 hndr. lands en nú seldur, og brúkadur sem eydiland undir adra jörð í Laxárdal. Landspláts þetta er að vidáttu töluverdt, slægjur þar töluverdar og góðar, og hagbeit á sumrum réttgód, en snjóþýngsli mikil á vetrum.

Metst til 100r.<sup>58</sup>

Hinn 10. maí 1854 skrifaði Jón Jónsson á Höskuldsstöðum sýslumanni og héraðsprófasti Dalasýslu bréf varðandi Skógsmúla. Í bréfinu var lýst ágreiningi um það hvort nýbýlið Skógsmúli skyldi tilheyra Hjardarholts- eða Kvennabrekkukirkjusókn. Í bréfinu segir:

---

<sup>55</sup> Skjal nr. 2(218)

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(161).

<sup>57</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2(24)

---

Það var nálægt miðjum sept. mán. f.a. sem sóknarprestur minn Sra Geir Bachmann birti mér bréf hérðsprófastsins í Dalasýslu af 5ta s.m. eftir fyrirætlum hans og þar í ritaðann stiftsfirvaldanna úrskurð svo hljóðandi:

„Viðvikandi mískilnínghi þeim sem borinn var undir Stiftsfirvöld landsins, frá mér 21sta des. f.a. hverju prestakallinu Kvennabrekku eða Hjarðarholti nybýlið í Skógsmúla ætti að tilheyra, en frá þeim, í bréfi til mín af 19da f.m. svo látandi úrskurður fallinn“.

„Eftir að vér höfum meðtekið álit amtsins og leitað þeirra upplýsinga um þetta málefni sem oss hefur gefist færi á, er það úrskurður vor, sem og styðst á ástæðum málspartanna að nybýlið í Skógsmúla eigi að leggjast til Kvennabrekku sóknar, eins og áður var að undanfögnu þá týð er það var byggt.“

Þannig er þá með þessum styftsfirvaldanna úrskurði tilskipað hverjum söfnuði maður sá skal tilheyra, og hiski hans, sem nú hefur eða hér eftir kynni að fá að hafa hæli í Skógsmúla, eins og hitt hverjum klerki og kirkju hann skuli greiða gjald sitt, og mun það þá líka vera sjálfsagt að býli það tilheyri líka Miðdalahreppi.

Þareð ég nú þannig sje mér fyrir munað nema með málssókn lögsókn og dómi að fá landspartinn Skógsmúla, lagðan undir Laxárdalshrepp og Hjarðarholtssókn, um hvað mer er þó ant, af því margskonar óhagur, ónot og ef tilvill deilur geta útaf því risið, ef að Skógsmúlinn, hvern eg hefi 1849 leigt með þinglesnu skjali til jarðarinnar Höskuldstaða, sem ó að greinanlegann frá henni, skyldi þó verða að heira undir annað prestakall og hrepp, enn Hjarðarholt og Laxárdal, þá kémur mér til hugar að reina bónarveiginn við hlutaðeigandi yfirvöld og háyfirvöld, að tjeður landspartur mætti leggjast frá Kvennabrekku prestakalli og Miðdalahreppi, og til heyra Hjarðarholti og Laxárdalshreppi.

Að vísu er það auðskilið að þar við rímar lítið eitt tekjur Kvennabrekku kalls og kyrku, haldist býli í Múlanum – sem óvíst er – enn þareð þessar tekjur geta ekki numið meira verði enn svari 30 fiskum árlega, þá tel ég prestakallinu það lítinn skaða; því þó að presturinn missi þeirra í, léttest líka af honum nokkurt ómak og fyrirhöfn, hvað þetta býli snertir, sem liggur til afdals mjög svo afskégt. Hvað Miðdalahrepp áhrærir þá mun meiga fullyrða, að hann hafi heldur бага von enn ábata af býli þessu, þar eð á því munu búa þeir einir, sem einginn sveitar uppbygging er að.

Af framantöldum ástæðum dýrfist eg nu virðingarfylst að fara þess á leit við yður velborni herra sýsslumaður og kammerráð C. Magnúsen! og yðar velæruverðugheit herra prófastur Þorleifur Jónsson! að yður vildi þoknast, að aðstoða mig og bera málefni mitt framm við Háyfirvöldin, að eg feingi lagðan landspartinn Skógsmúla undir Hjarðarholts sókn og Laxárdalshrepp; og leiðbeina þessari bón minni með yðar góðu álitum og öðrum nauðsynlegum skjölum í málefni þessu.

Höskuldstöðum dag 10da Maí mán. 1854.

---

Jón Jónsson

Til ST. herra sýsslumans kammerráðs C. Magnúsen

Og (herra) Héraðsprófasts Þorleifs Jónssonar.<sup>59</sup>

Varðveitt er afrit af sameiginlegu bréfi klerkanna séra Vigfúsar Reykdal og séra Guðmundar Einarssonar til prófastsins yfir Dalasýslu, séra Þorleifs Jónssonar, er varðar ágreining um kirkjusókn Skógsmúla. Bréfið er dagsett 9. júní 1854 og er það svohljóðandi:

Eptirrit af bréfi prestanna Sra V. E. Reykdahl og Sra Guðmundar Einarssonar til prófasts Þorleifs Jónssonar viðvíkjandi Skógsmúla partinum, dags. 9<sup>da</sup> júní 1854.

„Þér hafið velæruverðugi herra prófastur í heiðruðu bréfi af 22. f.m. sent okkur undirskrifuðum bréf frá Jóni hreppstjóra Jónssyni á Höskuldsstöðum, dagsett 10<sup>da</sup> s.m. í hvörju hann fer þess á leit, að Skógs Múlinn fáiast lagður undir Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp, og jafnframt beiðst álits okkar um það efni; leyfum vér okkur að gefa það hérmeð þannig:

Ástæður þær er nefndur hreppstjóri tilfærir bón sinni til styrkingar, bæði það, að litlu muni Kvennabrekku kall og kirkju, þó landspartur þessi undangangi, þareð tekjur af honum vart svari ómaki því og fyrirhöfn, sem presturinn verði að hafa fyrir þessu sóknarbýli sínu; að Miðdalahreppur muni fremur hafa бага von enn ábata af því; að deilur og ónot geti út af því risið, að landspartur þessi liggja undir annað prestakall og hrepp, heldur enn Höskuldsstaðir: láta sig að vísu heyra, og þó hér við bætist, að eg Guðmundur Einarsson, sem nuverandi sóknarprestur Kvennabrekku prestakalls vildi gjarnan eptirgefa minn rétt vegna kunningsskapar við téðan hreppstjóra og telja sem svo, að litlu munaði hvorju megin hriggiar – eins og orðtækið hljóðar – að Múlinn lægi: þá verðum við samt báðir að vera á því máli, að þá er gjöra skal fyrir alna og óborna, seu ekki ástæður beiðandans fyrir bóninni svo yfirgnæfandi, að við vilium taka þann vanda á okkur, að mæla fram með bænheyrslunni því það verður ekki móti því haft, að tekjur til prests, kirkju og sveitarfélgas rírna þó að talsverðum mun á mörgum árum gangi Skógsmúlinn algjörl. undan Kvennabrekku prestakalli og Miðdalahreppi; en hvað fyrirhöfnina, bagavonina og deilurnar snertir, sem hreppstjórinn ber fyrir þar á móti, þá má þar um segja: að allri arðsvon fylgi nokkuð erfiði og áhætta.

Við getum því ekki mælt fram með aðskilnaði Skógsmúlans frá þeim hreppi eða sókn, er hann hefir verið sameinaður við frá aldaöldi, því við þykjumst ekki geta forsvarað þá meðmælingu fyrir nokkrum þeim sem aðfinði og vildi uppátala“.

Rétt eptirritað vitnar Þorleifur Jónsson.<sup>60</sup>

---

<sup>59</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>60</sup> Skjal nr. 2(200).



---

Hinn 12. júní 1854 skrifaði séra Þorleifur Jónsson, prófastur Dalasýslu, amtmanni Vesturamtsins bréf varðandi ágreining um kirkjusókn Skógsmúla. Bréfið hljóðar svo:

Viðvíkjandi bréflægri ósk hreppstjórans Jóns Jónssonar á Höskuldsstöðum, dags. 10<sup>da</sup> f.m. um aðstoð mína til þess að hann fengi landspartinn Skógsmúla lagðann undir Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp, og eg í því skyni leitað hafi álit hlutaðeigandi presta fyrir Kvennabrekku sókn og Miðdalahrepp, en nú undir 9<sup>da</sup> þ.m. engin meðmæli hjá þeim fengið, eins og meðfylgjandi eptirrit af bréfi þeirra sýnir; get eg ekki breytt mínu fyrra áliti um þetta til hinna háu Stiptsyfirvalda, dags. 21<sup>ta</sup> Dec. 1852, að það eigi betur við, að nýbýlið Múlinn eptir stöðu sinni heyrði undir Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp: Þegar það liggur, yfir háls þétt við Höskuldsstaða land, en sú jörð þétt við Hjarðarholt; eins og hitt: að hvorki presturinn á Kvennabrekku fyrir sig og kirkjuna, né Miðdalahreppur þurfi nokkurs í að missa af löglegum gjöldum heldur öðlist þau full af jörðinni Stóraskógi 60 hndr. sem alla tíð goldist hafa og gjaldast enn, að þessum Múlaparti óaðgættum, svo þegar hann var undan þeirri jörð seldur af eigendum skilmálalaust um nein gjöld af honum til þess opinbera, er eins og þeir vildu taka það í ábyrgð sjálfir með skuldsetningu á jörðinni, að miðla svo til, það opinbera ekki sviptist rétti sínum til fullra lögboðinna gjalda af henni eins og áður og við það virðist mér enn meigi sitja, án þess í eðli sínu að neins réttur skérðist; auk þess sem jörðin þykir sjálf hafa það í sér, að hún svari eins til þess mismunar er verða kynni á lausafjárúnd, ef henni væri aðdugað, og þá hún hafði partsins engar eða litlar nýttjar áður.

Þessvegna get eg ekki orðið öðru meðmæltur en því sem mér virðist eiga betur við, að téður hreppstjóri Jón öðlist ósk sína, en af Stóraskógs 60 hndr. svarist lögboðin gjöld, eins og verið hefir til allra tíundatakara hingaðtil, meðan engin breyting á sér stað með öðrum hætti. En ávalt verður það að sýna sig sjálft hve hægra það er fyrir fólk úr nýbýli þessu, að rækja Hjarðarholtskirkju enn sóknar kirkju sína, og prestinum, hvörum í sama máta að gegna því.

Hvammi 12<sup>ta</sup> d. Júnimán. 1854.

Þorleifur Jónsson.<sup>61</sup>

Hinn 16. nóvember 1854 skrifaði sýslumaður Dalasýslu amtmanni Vesturamts svohljóðandi bréf, vegna ágreinings um kirkjusókn Skógsmúla:

Frá aldaöldli hefur jörðin Stóri skógur eptir jarðabókum og máldögum með undirliggjandi hjáleigum í Miðdalahreppi, og svo nefndum Skógsmúla, er liggur norðanverdt við Haukadalsá við Köldukinnarland í Haukadalshreppi talin verið 60 hndr. að dýrleika, er að verðslegri skipan, legið hefur undir Miðdalahrepp og Sauðafellspínghá, en andlegri, undir Kvennabrekku prestakall. Fyrir nokkrum árum síðan varð hreppstjóri Jón Jónsson á Höskuldsstöðum í Laxárdal eigari að ofanefndum parti Stóra skógs, Skógsmúlanum, hvörn hann leitast hefur við að sameina við jörð sína

---

<sup>61</sup> Skjal nr. 2(201).

---

Höskuldsstaði í Laxárdal er liggur þar í nánd við (lítill háls í millum) og leitað í því tilliti Stiptsyfirvaldanna samþykkis að tjeður jarðarpartur, hvar í nú er uppbyggt nýbýli, leggist til Hjarðarholts kyrkju sóknar, í stað Kvennabrekku, hvað honum, þó eptir Stiptsyfirvaldanna úrskurði ~~22-december~~ 19. august f.a. var um neitað. En þareð tjeður hreppstjóri Jón hefur enn farið þess á leit, að meir umgetinn jarðarpartur leggðist í verðslegu tillyti til Hjarðarholtsþingsóknar, leyfi jeg mjer auðmjúkast að skjóta því málefni til yðar Havelborinheita úrskurðar, undir eins og jeg leyfi mjer að láta hjer með fylgja ályt viðkomandi Profasts og Presta í Miðdölum. Samt bréfi Jóns sjálfs til mín, er inniheldur Stiftsyfirvaldanna úrskurð, um að nýbýlið heira skuli undir Kvennabrekku prestakall í Miðdölum, hvör úrskurður með sjer ber, en fremur að velnefnd Stiptsyfirvöld hafa um það efni skrifað á við vestur amtið og sendt því sakarinnar ástæður, er sýna munu, ásamt þeim nú meðfylgjandi skylríkjum, að valla mun ástæða til að umbreita í veraldlegu tillyti þeirri skipun, að Stóri skógur með öllu því honum fylgir, og þar með Skógsmúlanum eins og frá aldaðli verið hefur, heyri undir Miðdalahrepp og Sauðafellspíngssókn. Hvar á móti ekki mætti vyrðast ósanngjarndt að jarðar tíund af Skógsmúlanum gyldist sem af 1/6 Skógseignar eða 10 hndr. þar til það við hið nýja jarðamat eða uppá annann löglegann máta, yrði öðru vísi ákveðið, ef ~~svæ~~ vyrðast mætti.

Skrifstofu Dalasýslu að Skarði dag 16<sup>da</sup> Novembr 1854

auðmjúklegast C. Magnúsen.<sup>62</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal 20. maí 1868 var þinglýst makaskiftabréfi, dagsettu 28. nóvember 1867, „hvar með Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum í Miðdölum, makaskiptir til Egils Jónssonar á Hornstöðum í Laxárdal, Skógsmúla í Miðdölum.“<sup>63</sup> Makaskiptabréfið var fært inn í afsals- og veðmálabók Dalasýslu sama dag, en þar segir:

N<sup>o</sup> 79. Makaskiptabréf

Við undirskrifaðir höfum samið og fullgjört svo feld makaskipti, að jeg sjálfseignarbóndi Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum í Miðdölum makaskipti til bónda Egils Jónssonar á Hornstöðum í Laxárdal til frjáls forræðis og fullkominnar eignar jörðina Skógsmúla að fráskildum þeim 37 <sup>3</sup>/<sub>4</sub> skrifa þrjátugi og sjö og þrjá fjórðu parta álnum sem sú ómynduga stúlka Halldóra Bjarnadóttir á Höskuldsstöðum á í nefndri jörð Skógsmúla hver jörð liggur í Miðdölum og Kvennabrekku kirkjusókn og ennfremur fjögur hundruð og þrjá tugie og þrjár og þrjá fimtu parta álvar í jörðunni Höskuldsstöðum í Laxárdal og Hjarðarholts Kirkjusókn í Dalasýslu og þennan ofanskrifaða deil af Höskuldsstöðum afsala eg (Sveinn) með tveggja vætta eptirgjaldi, en eg (Eigill Jónsson á Hornstöðum) afhendi þar á móti eignarjörð mína Núp í Haukadal í Dalasýslu til fullkominnar eignar og frjáls forræðis til handa Sveini bónda Guðmundssyni á Þórólfsstöðum og afhendi eg (Eigill) ofanskrifaða jörð

---

<sup>62</sup> Skjal nr. 2(202).

<sup>63</sup> Skjal nr. 2(162).

---

Nú í Haukadal með þremur ásauðar kúgildum og þremur ám í gildu standi í fardögum, en til milli lags milli framanskriafaðra jarðakaupa afhendi eg (Sveinn) þrjátugie og þrjár fjórðu parta álnar í eignarjörð minni Höskuldsstöðum til Eigils og ennfremur lofar Sveinn Eigli að hafa forgöngurétt til að fá keipt þaug fjögur hundruð sem Sveinn á nú í Höskuldsstöðum, og ennfremur lofar Sveinn Eigli að sá partur af Skógsmúlandi, sem nú er undir umráðum Gísla Jónssonar á Saurum verði fullkomlega laus og liðugur undan umráðum Gísla í næstkomandi fardögum, en báðir svara til lagariptinga samkvæmt lögum. Þessu ofanskriifuðu makaskiptabrjefi til fullkomins kraptar ritum vér hér undir nöfn vor og setjum innsigli vor í tilkallaðra votta nærveru.

Hornsstöðum í Laxárdal þann 28. November 1867.

Sveinn Guðmundsson (L.S.) Eigill Jónsson (handsalaði)

Vitundarvottar að framanskriifuðum Makaskiptagjörningi Klemens Jónsson Guðbrandur Narfason (handsalaði)

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Jörfa þann 20. Maímánaðar 1868 og innfært í afsals og veðmálabréfabók Dalasýslu N<sup>o</sup> 79 bls. 148–150. vitnar Lárus Þ. Blöndal est.

Borgun:

Þinglestur 1 rdl

Bókun 12 sk.

1 rdl 12 sk. eru einn ríkisdalur og tólf skildingar ríkismyntar.

Lárus Þ. Blöndal est.<sup>64</sup>

Sama makaskiftabréfi var einnig þinglýst á manntalsþingi að Hjarðarholti í Laxárdal 22. maí 1868.<sup>65</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 3. júní 1870 var þinglesið afsalsbréf, útgefið 30. maí 1868, þar sem Gísli Jónsson bóndi á Saurum í Laxárdal, „selur og afhendir 4 hundruð og 84 al. úr Skógsmúla í Miðdalahreppi til bóndans Egils Jónssonar á Þorbergsstöðum.“<sup>66</sup>

Landamerkjabréf fyrir Skógsmúla og Þverdalaland er dagsett 23. maí 1885 og og því var þinglýst á manntalsþingi að Sauðafelli 29. sama mánaðar. Í landamerkjabréfinu segir:

Landamerkjabréf fyrir Skógsmúla og Þverdalalandi

Að vestanverðu ræður það stærsta gil, sem rennur á milli bæjanna Skogsmúla og Köldukinnar og kallast Hrutagil á háls upp í botn þess, þaðan í krossstein á holtbarði, til austurs frá honum í sömu stefnu í annan krossstein ofar á

---

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(216).

<sup>65</sup> Skjal nr. 2(163).

<sup>66</sup> Skjöl nr. 2(164) og 9(3).

---

hálsinum, þaðan beint í krossstein enn ofar, hvar varða er hjá hlaðin, þaðan í Grjóthól, hvar kross er hoggvinn í Stein, þaðan beint innanvert við Gráborg, svo beint fram fjall í suður enda Þrandar vatns.

Þaðan beint suður á Múla þann, sem framanvert er við Þverdals minni neðan til við Stórahvamm; þaðan í Þverá, svo ræður hún merkjum eptir dalnum til aður nefnds Hrutagils, svo á Skógsmúli hálfa veiði í Þvera samkvæmt land lengdinni.

Þorbergsstodum 23. maí 1885.

Kr. Tomasson umráðamaður nefndrar jarðar.

Jóhannes Stefánsson ábúandi Hoskulsstaða

Jón B. Jónsson eigandi að nokkru af Vatni og Koldukinn

Jens E. Laxdal eigandi Leiðólfsstaða

Jóh. Halldórsson eignadi Hornstaða

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tolulið 111.

Vottar Halldór Daníelsson ...<sup>67</sup>

Á almennum hreppsfundum í Laxárdalshreppi, sem haldinn var að Svarfhóli 2. maí 1896, var lesin upp ósk frá Benidikt Halldórssyni á Dönustöðum um að meta upprekstrarlönd Dönustaða og Þverdalssupprekstrarland. Hreppsnefndin ákvað að framkvæma það á yfirstandandi sumri til bráðabirgða.<sup>68</sup>

Á hreppsnefndarfundum Laxárdalshrepps, sem haldinn var að Þorbergsstöðum dagana 26. – 27. október 1896, er minnst á upprekstur á Þverdal. Í fundargerðinni segir m.a.:

Útaf umkvörtunum frá Benidikt á Dönustöðum og Guðbrandi á Saurum viðvíkjandi ójöfnuði sem viðgengst á upprekstri á Þverdal gagnvart Dönustaðalandi og öðrum upprekstrarlöndum hreppsins, finnur hreppsnefndin ekki skyldu til að sinna þessu að svo stöddu.<sup>69</sup>

Samkvæmt afsali frá 12. maí 1898, útgefnu af Guðrúnu Guðmundsdóttur, afsalaði hún Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum jörðinni Skógsmúla, sem hafði fallið henni til arfs eftir mann hennar Pál Jóhannes Sigurðsson. Í afsalinu segir:

Með því Jóhannes Markússon [...] hefur samkvæmt umboði frá herra Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum í Dalasýslu á Íslandi. greitt mjer 1.000 krónur. fyrir hönd herra Kristjáns Tómassonarr sem að er borgun fyrir jarðarparta þá er mjer fjéllu til arfs eptir mann minn Pál. Jóhannes Sigurðsson er sigldi hingað til Winnipeg sumarið 1883. frá Hróðnýrstöðum í Dalasýslu á Íslandi. Þessir partar eru í eptir fylgjandi jörðum. [...] og Skógsmúla í miðdalahreppi [...]. Allar þessar jarðir liggjandi innan Dalasýslu. Ennfremur þessutan hefur

---

<sup>67</sup> Skjal nr. 2(121).

<sup>68</sup> Skjal nr. 4(77).

<sup>69</sup> Skjal nr. 4(78).

---

nefndur Jóhannes Markússon borgað mér 100 krónur fyrir nefndan herra Kristján Tómasson sem eptir stóðu af eptirgjaldi eptir áðurnefnda jarðarparta, þá afsala jef honum hjer med. frá mjer og mín-um erfingjum befnda jarðarparta með öllum rjéttindum og skildum. eions og jeg hefi átt þá. Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariftinga. Til staðfestu rita eg nafn mitt undir í viðurvist tveggja votta ...<sup>70</sup>

Afsalinu var þinglýst á manntalsþingi Laxárdalshrepps sama dag.<sup>71</sup>

Á almennum hreppsfundi í Laxárdalshreppi, sem haldinn var að Þorbergsstöðum 12. nóvember 1906, var getið um fjallatolla til eiganda Þverdals. Í fundargerðinni segir:

Var því næst upprekstur á fénaði tekinn til athugunar og eptir allmiklar umræður kom hreppsnefndin sér saman um að reglugjörðin frá 31. ág 1871 skyldi gilda fyrir það fyrsta næsta ár að örðu leiti en því að Lambastaðabóndinn gjaldi fjallatoll að Dönustöðum. Lækjarskógarbóndinn að ~~Þorb~~ eiganda Þverdals og Saurabóndinn að Ljárskógum.<sup>72</sup>

Í kafla um Þorbergsstaði í jarðamati Dalasýslu frá 1916–1918 er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1884 og svo segir:

Ennfremur hefir sú breyting orðið á jörðinni Þorbergsstöðum að undir hana liggur afréttarlandið Þverdalur eftir landamerkjaskrá nr. 111, þinglesinni 29. maí 1885. Með þeim takmörkunum þó, að Skógsmúli, sem hafði sameiginleg landamerki með Þverdalslandi, hefir samkv. afsalsbréfi dags. 15. febr. 1901, verið seldur undan með þessum ummerkjum: „Að neðan ræður gil það, er Hrótagil er nefnt, upp í brún, þaðan bein stefna lengra upp á hálsinn í jarðfastan stein, sem kross er í högginn, og varða hjá hlaðin úr torfi, þaðan beina stefnu fram í Stórhól í stóran stein sem kross er í högginn, þaðan beint fram á Múlahöfuð í stóran stein, sem kross er í högginn, þaðan beina þverlínu ofan að þverá hjá Tæpugötu, hvar kross er höggvinn í stein, svo ræður þverá til Hrótagils.“

Hjarðarholt á ítak til hrossa-uppreksturs í afréttarlandi jarðarinnar, Þverdals.<sup>73</sup>

Í afsali útgefnu af Jóni Óla Árnasyni í Köldukinn, dagsettu 11. ágúst 1950 og móttæknu til þinglýsingar sama dag, afsalaði hann syni sínum Sigurði 2/3 hlutum eignarjarðarinnar Köldukinnar í Haukadalshreppi. Í afsalinu kemur fram að öll eyðijörðin Skógsmúli fylgi með hinum seldu hlutum.<sup>74</sup>

Í ritinu *Dalamenn*: æviskrár 1703–1961, sem er rituð á árunum 1961–1966, er fjallað um búsetu í Skógsmúla, en þar segir:

---

<sup>70</sup> Skjal nr. 9(4).

<sup>71</sup> Skjal nr. 4(36).

<sup>72</sup> Skjal nr. 4(79).

<sup>73</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>74</sup> Skjal nr. 9(5).

---

**Sæmundur Hallgrímsson.** F. 16. nóv. 1802. D. 29. maí 1866. [...] Fluttist 1831 frá Kollafossi í Miðfirði að Skógsmúla. Reisti þar nýbýli og bjó þar 1831–34. [...]

**Sigurður Jónsson.** F. síðla árs 1816. [...] Bóndi í Skógsmúla 1853–88. [...]

**Jósef Jóhannesson.** F. 17 apr. 1862. D. 28. sept. 1901. [...] Bóndi í Skógsmúla frá 1893 til æviloka; bú hans stóð þar til vors 1902. [...]

*Gunnlaugur Magnússon.* Bóndi í Skógsmúla 1900–02. [...]

*Guðmundur Rögnvaldsson.* Bóndi í Skógsmúla 1902–04. [...]

*Sigurður Vigfússon.* Bóndi í Skógsmúla 1904–08. [...]

**Árni Árnason.** F. 7. marz 1852. D. 7. febr. 1931. [...] Bóndi í Skógsmúla 1908–25 (þó talinn húsmáður þar lengst af um árin 1915–23). [...]

*Samson Jónsson.* Bóndi í Skógsmúla 1915–17. [...]

*Jóhannes Jónsson.* Bóndi í Skógsmúla 1917–21. [...]

*Samson Jónsson.* Bóndi í Skógsmúla (í annað sinn) 1921–22. [...]

*Guðmundur Jónasson.* Bóndi í Skógsmúla 1922–23. [...]

*Halldóra Ólafsdóttir.* Talin fyrir búi í Skógsmúla 1923–25. [...]

*Björn Magnússon.* Bóndi í Skógsmúla 1925–37. [...]

Skógsmúli í eyði.<sup>75</sup>

Árið 1961 skrifaði Jóhannes Ásgeirsson eftirfarandi um Skógsmúla í greinaröð sinni *Sagnir af eyðibýlum* í tímaritinu *Frjáls Þjóð*:

Hér um bil í landnorður í háls þann, er gengur fram milli Haukadals og Laxárdals skerst dalur, er Þverdalur kallast. Frammi á dal þessum er eyðibýlið Skógsmúli. Þar var fyrst selstöð frá Stóraskógi og síðar frá Þorbergsstöðum í Laxárdal. Þar hafði Kristján Tómasson hreppstjóri selstöð, fyrir og upp úr síðustu aldamótum og var þar setið hjá um 200 ám frammi á dalnum. Oftast mun fólk hafa verið þar framfrá yfir sumartímann, bæði smalar og selráðskonur. Einnig var þar búið eftir að selstöð lagðist þar niður, en þó eru milli 20 og 30 ár síðan Skógsmúli fór í eyði.<sup>76</sup>

Miðvikudaginn 29. maí árið 1963, birtist viðtal við Sigurð Jónsson bónda að Köldukinn í Haukadal í Morgunblaðinu. Þar segir Sigurður eftirfarandi um Skógsmúla:

[R]æktað land er um það bil 18 hektarar og möguleikar til ræktunar a.m.k. 40 hektara til viðbótar. Annars hef ég aðra jörð hér fyrir ofan, Skógsmúla, sem mitt fjárbú byggist mest á. Þar er fjárbeitiland með afbrigðum gott, en jörðin hefur verið í eyði frá því árið 1936.<sup>77</sup>

Árið 1965 skrifaði Jóhannes Ásgeirsson eftirfarandi um Skógsmúla í greinaröð sinni *Sagnir af eyðibýlum* í vikuritinu *Frjáls Þjóð*:

SKÓGSMÚLI

---

<sup>75</sup> *Dalamenn* I: æviskrár 1703–1961. Jón Guðnason. Reykjavík 1961–66, bls. 256–258.

<sup>76</sup> Jóhannes Ásgeirsson, „Sagnir frá eyðibýlum“. *Frjáls þjóð*. 10. árg., 3. tbl., (21.1.1961), bls. 5–6.

<sup>77</sup> „Við horfum björtum augum fram á við“, *Morgunblaðið*. 50. árg., 119. tbl. (29.5.1963), bls. 22.

---

Langt frammi á hálsinum, sem skilur Haukadal og Laxárdal frá öðrum bæjum, er eyðibýlið Skógsmúli. Sá sem reisti þar fyrst bæ hét Sæmundur Hallgrímsson og bjó þar frá 1831–'34. Kristján Tómasson hreppstj. Laxdælinga, bjó á Þorbergsstöðum frá 1869–1907. Hann hafði lengi selstöð frammi í Skógsmúla, og hélt fólk þar til framfrá yfir alla sumarmánuðina, bæði smala og selráðskonur og var þá setið hjá ánum, sem voru venjulega um 200, fram á svokölluðum Þverdal. Talið er að einhverntíma hafi Stóri-Skógur í Miðdölum haft selstöðu í Skógsmúla, og nokkuð er það að Skógsmúli er talinn til Miðdala, en ekki til Haukadals eða Laxárdals, sem virðist þó eðlilegra, eftir staðháttum. Síðasti bóndinn í Skógsmúla, Björn Magnússon, bjó þar frá 1925–37. Hann fórst af slysförum 1938 og var þá fluttur að Þorbergsstöðum. 13–14 bændur munu hafa búið í Skógsmúla á rúmri öld eða um 106 ára skeið.<sup>78</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997 segir m.a. í umfjöllun um Þverdal:

Framarlega á Þverdal sunnanverðum er Skálargil sem gengur upp í Vatnsfjall. Neðan við það var Vatnssel enda átti bærinn á Vatni alla suðurhlíð Þverdals. [...] Við ber að Þverdalur allur sé kenndur við Vatn: Í sóknarlýsingu frá 1840 er dalurinn nefndur Vatns-Þverdalur og þannig er hann merktur á Uppdrætti Íslands. Þetta heiti er þó lítt þekkt vestra. Sennilega er hann nefndur svo í sóknarlýsingunni til aðgreiningar frá Jörfa-Þverdal sem áður var getið en sjaldan ber á í daglegu tali. [...] Þverdalur hefur lengst af verið óbyggður en hins vegar mikið og eftirsótt afréttarland. Hjarðarholtskirkja átti til að mynda allar götur frá 14. öld stóðhrossabeit á Þverdal og er það ítak enn í gildi. Vatnssels er áður getið. Kirkjan í Þykkvaskógi í Miðdölum eignaðist land í Þverdal ekki síðar en á 15. öld. Það var nytjað til selstöðu frá Skógi fram á 19. öld og selið kallað í Skógsmúla.

Þegar Vatnsfirðingar voru á leið til Sauðafells í janúar 1229 reyndu þeir að forðast að Sturlu Sighvatssyni bærast njósn. Fjötruðu þeir því fólk á bæjum á leið sinni og fóru yfir Laxárdalsháls hjá Dönustöðum og „ofan eftir hálsinum með Þverdal og ofan að auðnatúni því er að Einarsteigi heitir við Þvergil upp frá Kaldakinn.“ Orðið auðnatún bendir til þess að þegar á 13. öld hafi þarna verið eyðibýli og því snemma hafist byggð í Einarsteigi. Menn hafa giskað á fleiri en einn stað en líklegast er að Einarsteigur hafi verið á líkum stað og sett var síðar selið frá Skógi. [...]

Árið 1831 var reist nýbýli í Skógsmúla og búið þar með litlum hléum fram til 1937. Býið í Skógsmúla taldist alltaf til Miðdalahrepps þótt landfræðilega sé Þverdalur allur innan hefðbundinna marka Haukadalshrepps. Hér hefur kirkjuselið gamla ráðið sveitfestinni og virðast því hreppamörk eigi ætíð hafa farið að staðfræðilegum rökum.<sup>79</sup>

---

<sup>78</sup> Jóhannes Ásgeirsson, „Sagnir frá eyðibýlum“. *Frjáls þjóð*. 14. árg., 17. tbl., (13.5.1965), bls. 2.

<sup>79</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala: *Árbók Ferðafélags Íslands*, 1997, bls. 203–4.

---

### 5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.3.1.1 Stóri-Skógur (Þykkvískógur)

Máldagi kirkjunnar í Þykkvaskógi, ársættur á árabilið 1491–1518, hljóðar svo:

gamall maldage

Mariu kirkia oc sancte magnus j þykkvaskoge a vj kvgilldi. kolvidarhogg j liarskogum suo sem skogsmenn þurfa arliga.

jtem a kirkian Alltarissduk. glodarker. sacrarivm mvnlavg oc tinker oc handklædi. mariuskriptt. nichulas skriftt. jons skriftt. magnus skriftt. iiij kluckur. messvklædi. corporall. Alltaris steirn litill brijk. processionall rotin. forn svmarbok med les. nockud af rotnvm psalltara.

jtem hefur þar fallid cc. j porcio sijdann þolleifur bondi tok sijna kvittan.<sup>80</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá 1804 er jörð Stóra-Skógar metin á 60 hundruð. Jörðin er sögð vera í eigu ábúandans séra Magnúsar Einarssonar að tveimur þriðju hlutum og séra Jóns Gíslasonar og Guðmundar Jónssonar að einum þriðja hluta. Um réttindi eða afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>81</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, er skortur á upprekstrarlandi talinn á meðal ókosta Stóra-Skógs. Þar segir:

Ókostir [...] 2. Jörðina vantar upprekstrarland að nokkru.<sup>82</sup>

#### 5.3.1.2 Kaldakinn

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Kaldakinn sögð vera 24 hundraða jörð í eigu séra Péturs Péturssonar að Jörfa að hálfu á móti Sigríði Sveinbjörnsdóttur. Teitur Halldórsson býr á jörðinni. Um landamerki eða afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>83</sup>

Landamerkjabréf Köldukinnar er dagsett 14. maí 1884 og því var þinglýst 28. maí 1886. Þar segir:

N<sup>o</sup> 138.

Laugardaginn þann 3. maí 1884 var gjörð áreið á landamerki kringum Köldukinnar land af eigara og ábúanda tjeðrar jarðar með fleirum og var álitid og samþykkt, samkvæmt því sem menn vita að áður hefur og hjer segir: Frá Haukadalsá, þar sem landamerkjaskurður fellur í hana fyrir framan og neðan Langaás, svo sjónhending úr skurðsbotninum upp landamerkjásundið í landamerkjálækinn þar sem hann kemur fram á milli holtanna og dreifist út um sundið. Svo ræður lækurinn upp þar til kemur krókur á hann hjá holtssenda fyrir framan og ofan breiðar þær, sem eru fyrir ofan Barnaborg, svo sjónhending frá Lækjarkroknum í stein, sem stendur á holtás utan og niður Einhyrning og svo

---

<sup>80</sup> Skjal nr. 4(82). *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 76.

<sup>81</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>82</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>83</sup> Skjal nr. 2(53).



---

sjónhending frá steininum í svokallaða Tvíhyrning á há hálsinum. Svo beina sjónhending fram hálsinn frá Tvíhyrnveg á svonefndan Sandhól, svo af honum í Krossstein og frá steininum beint í Hrútagil, svo ræður það ofan til Þverár, svo ræður hún þar til hún fellur í Haukadalsá að neðanverðu til áðurnefnds landamerkjaskurð fyrir fram(an) og neðan Langaás.

Köldukinn 14. maí 1884

Jónas Jónsson ábúandi Stafholtskirkju vegna

Jónas Jónsson eigari ½ jarðarinnar

Jóhannes Stefánsson eigandi Höskuldsstaða

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Kr. Tómasson umráða maður Skógsmúla.

Jóhannes Jónsson ábúandi á Sauðhúsum

Jón Guðmundsson bóndi á Stóraskógi

~~Jón Guðmundsson~~

Leið á manntalsþingi á Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 138.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borg

Halldór Daníelsson.<sup>84</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, er getið um vöntun á upprekstrarlandi og ágang afréttarfjár í kaflanum um Köldukinn. Þar segir:

Ókostir [...]

2. Vantar upprekstrarland.

3. Vegur frekar slæmur að bænum.

4. Ágangur af afréttarfé og stóði.<sup>85</sup>

### 5.3.1.3 Höskuldsstaðir

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Höskuldsstaðir sögð vera 40 hundraða jörð í eigu ábúandans Jóns Þórðarsonar. Um landamerki eða afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>86</sup>

Landamerkjabréf Höskuldsstaða er dagsett 21. maí 1884 og því var þinglýst 24. sama mánaðar. Þar segir:

N<sup>o</sup> 32.

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi

Að norðanverðu milli Hornstaða og Höskuldsstaða uppfrá Laxá ræður Krosslækur, sem rennur á milli bæjanna ofan úr hlíð að utanverðu við

---

<sup>84</sup> Skjal nr. 2(2).

<sup>85</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>86</sup> Skjal nr. 2(53).

---

svokallaða Miðdegisvörðu, en þar sem lækurinn kemur ofan úr hlíðinni rennur hann á víð og dreif, svo þar eru hlaðin merki hjá gömlum farveg til skýringar svo frá upptökum lækjarins í beina stefnu í Krossstein í hábrún í Urðarkasti, og þaðan beina stefnu í vörðu á Hásjónarholti og þaðan beina sjónhending í auðkennilega krosssteina á Háholti og þaðan suður í tjörn og í hvolfið fyrir innan Gráborg og þaðan í fremri Grjóthól, sem er með auðkennilegri þufu á klettsteini og þaðan beint ofan í Neðri-Grjóthól og þaðan beina sjónhending ofan með tjörn og í Krosssteinsvörðu á barði og þaðan beina sjónhendingu í krossstein að sunnanverðu við Smalatótt og þaðan beint í Krossstein í Hrutagilsbotni og svo beint vestur yfir Keldusund, sem mórauður steinn er í og í auðkennilega stóra steina tvo, sem eru á holtinu að vestanverðu við sundið, og er klappaður kross á annan steininn, og svo beint í Krosssteinsvörðu vestur á holtbarði, og þaðan beina sjónhendingu inn eptir holtunum og í Krosssteinsvörðu sem er á há holti fyrir neðan Höskuldsstaðatjarnir og svo inn eptir í beinni sjónhending í Krosssteinsvörðu að sunnanverðu við Grafarlæk og svo beint í Grafarlæk, og svo ræður lækurinn til Laxár á móti Haganesi og svo ræður áin til áðurnefnds Krosslækjar að meðtaldri hálfri veiði að undanskildum Mjóhyl, sem Hjarðarholtskirkja á alla veiði í eptir máldögum hennar.

Höskuldsstöðum 21. maí 1884

J. Stefánsson ábúandi og að nokkru leyti eigandi

Kr. Tómasson umráðamaður Skógsmúla

Jón Ólafsson eigari að Hornstöðum

Jóh. Jónsson ábúandi Sauðhúsa

Jónas Jónsson ábúandi á Köldukinn.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán.

1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 32.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25-

borguð ein króna

Halldór Daníelsson.

s.d.<sup>87</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, segir að upprekstrarland Höskuldsstaða sé nægilegt. Einn helsti ókostur jarðarinnar er sagður vera ágangur af afréttarfé sem og ágangur fjár af öðrum bæjum.<sup>88</sup>

#### 5.3.1.4 Hornsstaðir

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Hornsstaðir sögð vera 16 hundraða jörð í eigu Guðmundar Jónssonar á Þorbergsstöðum. Guðmundur Guðmundsson býr á jörðinni. Um landamerki eða afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>89</sup>

---

<sup>87</sup> Skjal nr. 2(5).

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>89</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Landamerkjabréf Hornstaða er dagsett 20. maí 1884 og því var þinglýst 24. sama mánaðar. Þar segir:

N<sup>o</sup> 33

Landamerki

fyrir Hornstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu

Að framanverðu ræður Kvarnarhólalækur merkjum frá Laxá, þaðan beina sjónhendingu í upphlaðna þúfu milli tveggja holta, sem eru stutt frá, Kvarnhólakeldunni þaðan beina sjónhending í upphlaðna þufu og auðkennilega á neðsta bekk fyrir utan Landamerkjálág, þaðan beina sjónhending í Digruvörðu á lægri brún þaðan beina sjónhending í Sandfell, þaðan beina sjónhending í vestasta enda á Tangavatni, þaðan beina sjónhending vestur eptir fjalli eptir því sem vötn um hallar til Laxárdals í krossstein á Háhól, þaðan beina sjónhending í vörðu á há Sjónarholti, þaðan beina sjónhending í krossstein á há brún í Urðarholti; þaðan beina sjónhending í vörðu við upptök Krosslækjar þaðan ræður lækurinn í Krosslækjarkeldu, svo ræður lækurinn í gegnum melana og úr því fram í Laxá, þaðan ræður Laxá að norðan verðu til Kvarnarhólalækjar. Hornstaðir eiga hálfva veiði í Laxá fyrir sínu landi.

Skrifað 20. maí 1884

Jón Ólafsson eigari Hornstaða

Samþykkir Jens E. Laxdal

Kr. Tómasson umráðamaður Skógsmúla

J. Stefánsson eigandi og ábúandi Höskuldsstaða

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ 24.d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 33.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25-

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

s.d.<sup>90</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, segir, að upprekstrarland Hornstaða sé nægilegt. Annar helsti ókostur jarðarinnar er sagður vera ágangur af afréttarfé.<sup>91</sup>

#### 5.3.1.5 Leiðólfsstaðir

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Leiðólfsstaðir sögð vera 16 hundraða jörð í eigu Kristínar Bjarnadóttur á Snæfellsnesi. Sigmundur Bjarnason býr á jörðinni. Um landamerki eða afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>92</sup>

---

<sup>90</sup> Skjal nr. 2(6).

<sup>91</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>92</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Landamerkjabréf Leiðólfsstaða er dagsett 20. maí 1884 og því var þinglýst 24. sama mánaðar. Þar segir:

N<sup>o</sup> 34

Landamerki

fyrir Leiðólfsstöðum í Hjarðarholtskirkjusókn

Að framanverðu eru merki í vorðu hjá Þrándargili við Laxá, þaðan beina sjónhending í Krossstein þaðan beina sjónhendingu í neðsta fossinn í Þrándargili, þaðan ræður Þrándargil merkjum til Þrándarvatns, gilið beygist til austurs landsuðurs úr því kemur upp fyrir brún og hefur upptök sín úr Þrándarvatni, svo liggja merkin með tjéðu vatni til suðaustur enda vatnsins, þaðan beina sjónhending vestur eptir eptir fjalli eptir því sem vötnum hallar til Laxárdals eptir holthrygg, sem er fyrir sunnan flóann sem liggur fyrir ofan Hæðarsteinsvatn, þaðan beina sjónhending í vestari enda á Tangavatni, þaðan beina sjónhending í Sandfell, þaðan beina sjónhending í Digruvörðu á lægribrún, þaðan beina sjónhending í upphlaðna þúfu auðkennilega á neðsta bekk fyrir utan svo kallaða landamerkjálág, þaðan beina sjónhending í upphlaðna þúfu milli tveggja holta, sem eru stutt frá Kvarnarhólakeldunni, þaðan beina sjónhending efst í Kvarnarhólalæk; hann rennur í Laxá og skilur merki, þaðan ræður Laxá merkjum að norðanverðu til framangreindrar vörðu hjá Þrándargili við Laxá. Leiðólfsstaðir eiga hálfa veiði í Laxá fyrir sínu landi. Skrifað 20. maí 1884

Jens E. Laxdal eigari Leiðólfsstaða

Samþykkir Jón Ólafsson eigari Hornstaða

Jón Guttormsson umráðamaður Þrándarkots

Jóhannes Halldórsson umráðamaður Svarfhóls

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24.d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 34.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25-

borgað ein króna

Halldór Daníelsson.<sup>93</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, segir, að upprekstrarland Leiðólfsstaða sé nægilegt. Einn helsti ókostur jarðarinnar er sagður vera ágangur af afréttarfé sem og ágangur fjár af öðrum bæjum.<sup>94</sup>

---

<sup>93</sup> Skjal nr. 2(4).

<sup>94</sup> Skjal nr. 2(25).

### 5.3.1.6 Svarfhóll

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Svarfhóll sögð vera 24 hundraða jörð í eigu séra Jóns Gíslasonar að Hvammi að hálfu á móti Gunnlaugi Guðmundssyni sem býr á jörðinni. Um landamerki eða afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>95</sup>

Landamerkjabréf Svarfhóls er dagsett 20. maí 1885 og því var þinglýst 27. maí 1876. Þar segir:

N<sup>o</sup> 137.

Landamerkjabréf

Fyrir Svarfhóli í Laxárdal

Norður holt úr Leir múla við Laxá upp á Skyrkelduholt (hvar stór jarðföll eru fyrir utan, sem kallast Skyrskelda) þaðan eptir djúpri skriðu í hlíðunni upp á brún norður holt við Svarfhólshnúka, þaðan í Grafarvötn, sem uppá Bjarnarfell, þaðan norður eptir fjallinu, sem vötnum hallar á hnúk, er stendur austast í fellinu, þaðan suður í Töllháls, er liggur suður undir Rjúpnafelli, þaðan úr suðurenda hálsins – ofan að Hestvallarvatni; úr því rennur Þverá, er merkjum ræður ofan að Leirmúla, er stendur við Þverdal framan (og) neðan til við neðra Fjargil, þaðan sjónhending í útnoður í Þrándarvatnsenda austari, úr vestur enda þess ofan í Djáknastapa; úr stapanum ofan í gráan stein, merktan „Lm“ neðan til við lágina vestan undir Sigmundarholti þvert ofan í árbakkann við Laxá, er ræður merkjum til Leirmúla – Svarfhóll á hálfa veiði í Laxá móts við Landstaða- og Gillastaðaland.

Svarfhóli þann 20. maí 1885

Jóhannes Halldórsson eigari Svarfhóls

Arngrímur Magnússon eigandi Smirthóls

Jón Markússon unmráðamaður Grafar

Kr. Tómasson umráðamaður Skógsmúla

Jón B. Jónsson eigandi að hálfu Vatni

Sk. Halldórsson eigandi og umráðamaður Gillastaða

Jens E. Laxdal eigandi Leiðólfsstaða

Jósef Jónsson eigandi meiri hluta Lambastaða

J. Guttormsson umráðamaður Þrándarkots.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 27. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 137.

Vottar Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson.<sup>96</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, segir, að upprekstrarland Svarfhóls sé nægilegt. Annar helsti ókostur jarðarinnar er sagður vera ágangur af afréttarfé.<sup>97</sup>

<sup>95</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(3).

<sup>97</sup> Skjal nr. 2(25).

### 5.3.1.7 Vatn

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Vatn:

Hagar þrönglendir heima, en víðlendir lengra í burt. Selstaða sæmileg en gengur úr sjer. [...] Selstaða erfið og langt að sækja.<sup>98</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Vatn sagt vera 50 hundraða jörð í eigu Eiríks Eiríkssonar að Jörfa að hálfu á móti Marteini Mateinssyni sem býr á jörðinni. Um landamerki eða afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>99</sup>

Landamerkjabréf Vatns er dagsett 14. maí 1884 og því var þinglýst 28. maí 1886. Það hljóðar svo:

N<sup>o</sup> 139

Landamerkjaskrá

fyrir Vatni í Haukadál

Að vestan ræður Þverá frá því hún renur í Haukadalsá norður og austur á fjall, þar til hún kemur úr Hestvallarvanti í há Nupsfell<sup>2</sup> þá sjónhending úr miðju Hestavallarvatni, af há Nupsfelli vestur eptir fjallgarðinum eptir því sem vötnum hallar allt vestur í Rekagilsbotn, þá Rekagil, þá ræður gilið í Haukadalsvatn, síðan vatnið í Haukadalsá þar til Þverá fellur í hana.

Ketilsstöðum 14. maí 1884

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Jón Benediktsson eigari hálf Smirlhóls

Jón Árnason eigandi að Skriðuholti (handsalað;)

Þ. Bergþórsson eigari Leikskála

Kr. Tómasson umráðamaður fjallalandsins fyrir norðan Þverá

J. Jónsson ábúandi á Köldukinn

Jón Guðmundsson umráðamaður  $\frac{3}{4}$  hluta Stóraskógs

Þorsteinn Daðason eigari Fremra skógskots

Jónas Jónsson eigari Ytra-Skógskots.

Lesið á manntalsþingi að Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölulíð 139

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjalda 1 kr – ein króna – borgað –

Halldór Daníelsson.<sup>100</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, er upprekstrarland Vatns sagt vera „meir en nægilegt“. Þess er einnig getið að ágangur afréttarfjár sé mikill. Þar segir:

Ókostir [...] 5. Ágangur af afretarfé mikill og af umferð.<sup>101</sup>

<sup>98</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 59.

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>100</sup> Skjal nr. 2(1).

<sup>101</sup> Skjal nr. 2(25).

---

### 5.3.1.8 Hjarðarholtskirkja

Í máldaga Hjarðarholtskirkju frá 1355 segir m.a.:

Kirkian j Hiardarhollte er vijgd hinum helga johanne baptista. [hun] a heima land allt med gognum oc giædum þeim er Þar fylgia.  
hun ä spägilstadi oc uislatzstade [Vígholdsstaði].

hun a halfa veidi j laxä millum krokzlækjar oc streyngz fyrir ofann papa enn þadann ein samann vt j sio. oc vmm framm molldskridu hull [hyl].

[...]

Hun a selfor i kikasel aullu fie sijnu. stodhrossabeit j Þuerdal.<sup>102</sup>

Í máldaga Hjarðarholtskirkju frá því um 1375 segir m.a.:

hun ä heijmaland alltt. med gognum og giædum þeim er þar fylgia. hun ä Spagilsstade og Vigsholtzstade og Þrandargil og Borger. halfa vejde j Laxä. millum Krosslækjar og strejngs fyrer ofan papa. Enn þadan Einsaman vt j sio. og vm fram molldskriduhil.

[...]

Hun ä selfor j Kikasel. ollu fie sijnu.

Stodhrossa bejt j Þuerdal. vpp fra Kolldukinn.<sup>103</sup>

Í máldaga Hjarðarholtskirkju frá 1397 segir m.a.:

Hun aa heimaland allt med gognumm oc giædumm þeim er þar fylgia.

Hun a Spagilsstade og Vislatstade.

Halfa veide j Laxä j millumm Krosslækjar oc Streings firir ofann Papa. enn þadann einsaman vt j sio oc vmmframm Molldskriduhyl.

[...]

Hun a Selfor j Kikasel ollu fie sijnv. Stodhrossa beit j Þverdal.<sup>104</sup>

Í máldaga Hjarðarholtskirkju frá því um 1570 segir m.a.:

Kirkian i Hiardarholltte i Laxárdal ä heimaland alltt med gognum og giædum.

Hun á Spägilsstade og Vifilsstade.

Jtem eydekotid Borger med theim reka thar er fyrer i Hrutafirde.

Jtem Saudhus .xvj<sup>c</sup>. leigd fyrer .<sup>c</sup>.

Jtem Thrandarkot selstödu. veide i Laxä. millum Krosslækjar og Streings fyrer offann Stapa. enn thadann ein samann vt i sio. og vmm framm Molldu skridugil. Hun á selstödu i Kikasel ollu fie sijnu. stodhrossa beit i Thuerdal.<sup>105</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 18. september 1639 segir m.a.:

---

<sup>102</sup> Skjal nr. 4(88).

<sup>103</sup> Skjal nr. 4(89).

<sup>104</sup> Skjöl nr. 4(90) og 2(123).

<sup>105</sup> Skjal nr. 4(91).

---

Hun ä vta[n] sig Heimaland allt [...]. Þrandargil gómul Selstada millum Þrandargils og markodda. Selstada J Dönustadaland köllud kýke millum Skieggagil[s] og Kýkagils. Borger i Hrutafyrde med reka i eyde. Stodhrossabeit i Þuerdal framann frá Kólldukjnn. Spägil[s]stader og vijgholltstader aff hejmalande, saudhus xv hndr. lejgd fyrer hundrad.<sup>106</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 6. ágúst 1643 segir m.a.:

Kirkian ä halffa Veide I Laxä Millum krosslækjar og streings fyrer offan Papa enn Þadan einsaman ut I siö, og um framm Mollidskridu hil. Þangad liggia til xxiiij Bæer ad tijundum lysetollum og osttollum Schal hann verda ur Mälzmiölk ä huerium bæ þä er Mest er miölken mille Jacobs Messu og Pietursmessu, hun a Selför I kikasel óllu fie sinu. Stödhrossabeit I Þuerdal. Item Þrändarkot.<sup>107</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 17. september 1675 segir m.a.:

Kyrkian a i fostu Heimaland allt framan [...]. Þrandargil gomul Selstada Millum Þrandargils og Markodda. Selstodu i Donustadaland kollud Kike, Millum Skeggiagils og Kikagils. Boger i Hrutafirde med reka. Stodhrossabeit i Þuerdal, frammfrä Kolldukinn. Spägilsstade og Vijgholltsstade aff Heimalande. Saudhus xvi hndr. leigd fyrer j hndr. Kyrkian a halffa Veide i Laxä a Millum Krosslækjar og Streings fyrer offan Papa, enn þadan einsaman Vti Siö og Vm framm Mollidskriduhil.<sup>108</sup>

Í úttekt Hjarðarholtskirkju frá 26. maí 1699 segir m.a.:

4° Tilsagde Jon Magnusson þesse Jtök kyrkiunnar, Selstödu j kika J Dönustada landj. Stodhrossabeit a þverdal og veidj J Laxa Effter þuj sem kyrkiunnar skiöl henne Eigna. Item þa gömlu selstödu þrandargil med þeim [...]. Jtem veide halfa fyrer þessu lande, tiltekid j fliotenu krismapolle.<sup>109</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 5. ágúst 1699 segir m.a.:

Kyrkian á i föstu heimaland allt framann úr [...]. Þrandargil, gamla selstodu millum Þrandargils og markodda, selstödu i Dönustada land köllud kike, millum skieggiagils og kikagils. Borger i hrútafyrde med Reka. Stodhrossabeit i Þverdal f(yrir) framann kölldukinn, Spägils stade og Vighollts stade ...<sup>110</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Hjarðarholt:

Kirkjustaður og beneficium.

Jarðardýrleiki er og hefur um lánngan aldur verið óviss, fyrir utan hvað það hefur fyrir nokkrum árum virt verið fyrir xl hundruð.

[...]

---

<sup>106</sup> Skjal nr. 2(44).

<sup>107</sup> Skjal nr. 2(45).

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(46).

<sup>109</sup> Skjal nr. 2(127).

<sup>110</sup> Skjöl nr. 2(47) og 2(124).



---

Selför á kirkjan í Dönustaðaland, þar sem heitir í Kika. Er þar selstaða rjett góð, en mjög langt til að sækja, og þar fyrir um lánga tíma ei brúkuð; þó mögulegt ef vill.

[...]

Kirkjan á ítak, stóðhrossabeit, á Þverdal.<sup>111</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 17. september 1725 segir m.a.:

... ä i föstu heimaland allt, framann [...] Þrændargil, gamla Selstödu millum Þrændargils of Markodda, Selstödu i Dönustadaland, kóllud Kike millum Skeggiagils og Kikagils, Jórdena borger i Hrutafyrde 8 hndr. ad dyrleika, landskulld 30 al: med reka, stodhrossa beit i Þverdal, fyrer framann Kólldukinn, Späegils stade og Vygholltsstade af heima lande, Saudhus 16 hndr. leigd fyrer 1 hndr., kyrkiann ä Halfa veide i Laxä, millum Krosslækiar og streings fyrer ofann Papa, enn þaðann Ein samann ut i Siö og um framm Moldskridu Hil ...<sup>112</sup>

Í Vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 1726 segir m.a.:

Itök kyrkiunnar

Selstadann Þrændargil bijgd fyrer – 30 al.

Fýrer Hestagaungu ä Þverdal – 5 al.

Af Selstödu kyrkiunnar i Kika, hefur hun aungvann agöda, nie helldur af rekanum fyrer borgalande það ar.

Silungsveide i Laxa, ætla menn ej hafe hlaupid til meir, vegna vatna vaxta það ar, enn – 10 al.<sup>113</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 28. maí 1731 segir m.a.:

Hun ä i Föstu Heimaland allt, framann [...]. Þrændargil gamla Selstödu millum Þrændargils og Markodda: Selstödu i Dunustadaland, kóllud Kike, millumm Skieggiagils, og Kikagils; Borger I Hrutafirde, med Reka 8 hndr. ad dyrleika, landskulld 30 al. Stóðhrossabeit i Þverdal, fyrer framann Kólldukinn, Spagilstade og Vygholltzstade af Heimalande, Saudhus 16 hndr. leigd firer 1 hndr. Kyrkiann ä Hálfa veide i Laxä, millumm Krosslækiar og Streings firer ofann Papa, enn þaðan Einsamann utj Siö, og ummframm Mollskriduhil.<sup>114</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Í umfjöllun um Hjarðarholtskirkju segir m.a.:

... kyrkia ad Hjarðarhollte á i föstu heymaland allt, med underliggiande hiáleigum, Saudhus 16 hndr. Borger j Hrutafyrdi, med reka, 8 hndr. Þrændargil gamla selstödu millum Þrændargils og markodda, selstodu i Dönustadalandi millum Skeggiagils og Kikagils, hun á stóðhrossabeyt j Þverdal, fyrir framan Kólldukinn, alla hálfa veidi i Laxá, millum Krosslækiar og Streings, firir ofann

---

<sup>111</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 76–79.

<sup>112</sup> Skjöl nr. 2(48) og 2(125).

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(93).

<sup>114</sup> Skjöl nr. 2(94) og 2(126).

---

Papa, enn þaðann á kyrkiann veiðina einsömul uti sió, og ummfram þetta, veidina í molldskriduhil. Kirkiann á 10 kyr, 6 ær, 12 saudi veturgamla, 8 saudi 2vetra, 4 gamla, 2 naut veturgömul, 1 naut 2vett, 4<sup>ra</sup> hesta, 1 hross, og j daudu 5 hndr. 25 al.<sup>115</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 16. september 1750 segir m.a.:

Hun ä Heimaland allt, Framann [...]. Þrændargil, gamla Selstada millum Þrændargils og Mark odda. Þessa Selstöðu hefur Pröfasturenn Velæruverdugur Sr Þorarin Jonsson giórt að bygdu böle Anno 1736. so þar hefur verid bygð sydann, og er nu þar 50 al. Landskuld, og 2 Mälnytu kugilde /: nu kallad Þrændar kot :/ med þessum merkium [...]. Framar ä Kyrkiann, Selstöðu j Dónustada land, Kóllud Kiki, millum Skeggiagils og Kika gils, Borger j Rutafyrde 8 hndr. að dyrleika med Reka. Stödhrossa beit j Þverdal, fyrer framann Kóldu Kinn. Spärgilsstade og Vigholltzstade af Heima landi. Saudhus 16 hndr. Hun ä hálfa veide j Laxä, millum Krosslækjar og streings, fyrer ofan Papa, enn þaðann einsamann utj Siö, og um framm Moldskridu hil, nu kalladur Miöe Hilur;<sup>116</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 1. júní 1753 segir m.a.:

Hun a I föstu Heimaland allt [...]. Þrandargil, gamla Selstöðu, mille Þrandargils og Markodde. [...]. Framar a Kyrkiann Selstöðu i Dunustada land, sem kallast Kike, millum Skeggiagilz og Kikagils. Jórdena Borger i Hrutafyrde med Reka viii hndr. að dyrleika med 60 al. landskulld, og 3 malnytu kugylldum. Saudhus xvi hndr. leigd fyrer 1 hndr. med 5 kugylldum. Af Heimalande Stadarenz eru þessar effterskrifadar hialeigur bygðar: Fios, landsk. 1 hndr. kug. 5 Spagilsstader; landsk. 70 al. kug. 5. Wigholltzstader landsk. 80 al. kug. 5. Hrappstader lsk. 100 al. kug. 5. Stödhrossabeit i Þverdal fyrer framann Kólldukinn. Kyrkiann a hálfa veide i Laxä millum Krosslækjar og streings fyrer ofan [ofan, ofan línu] Papa, enn þaðann einsamann uti Siö og ummframm molldskruda hil, sem nu kallast Miöehilur.<sup>117</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 12. september 1758 segir m.a.:

Hun ä Heimaland allt framan [...] Þrændargil gamla Selstodu millum Þrandargils og Markodda med þeim Landa merkium sem Visitatia Biskupsens af Dato 1740 þann 16 Septembris um gietur. Item veide hálfa fyrer þessu Lande tiltekid i Chrismapolle. Framar ä kyrkian Selstöðu i Donustadalaland kollud Kiki, millium Skeggiagils og Kikagils Borger i Hrutafyrde 8 hndr. að Dyrleika med Reka. Stodhrossa Beit i Þverdal, fyrer framan Kólldukinn Spaegilsstade og Vigholltsstade af heimalande. Saudhus 16 hndr. Hun ä hálfa Veide i Laxaa

---

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(145).

<sup>116</sup> Skjal nr. 2(49).

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(95).

---

millum Krosslækjar og Streings fyrir ofan Papa, Enn þaðann ein saman uti Siö, og umfram Miöa Hil [...] <sup>118</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 8. september 1782 segir m.a.:

Hún á Heimaland allt framann [...] Þrándargil gamla, Selstöðu mille Þrándargils og Markodda, með þeim Landamerki, sem Visitatziann í Biskupsens af dato 1750 dag 16 september ummgetur. Item veide hálfu fyrir þessu Lande tilteked í Chrma Polle; Framar á Kyrkiann Selstöðu í Dönustada Land köllud Kiki, millum Skeggiagils og Kikagils; Borgir í Hrutafyrði viij hndr. ad dyrleika með Reka; Stóðhrossbeit í Þverdal, fyrir framann Köldukinn, Spaagilsstade, og Vígholtsstade, af Heimalande; Saudhus xvj hndr. Hún á hálfu Veide í Laxá, millum Krosslækjar og Streings, fyrir ofann papa, enn þaðann einsamann uti Siö, og umfram Moldskriduhyl [leiðrétt úr: -kyl], er nú kallast Miöe Hilur. <sup>119</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 31. ágúst árið 1803 segir m.a.:

Hun á heimaland allt [...]; Þrándargil gamla, Selstöðu mille Þrándargils og Markodda með þeim Landamerki, sem Visitatia biskupsins af 1750 þann 16. Septembris ummgetur, Item veide hálfu fyrir þessu Lande tilteked í Krismapólli. Framar á kirkian Selstöðu í Dönustada Land köllud Kiki millum Skeggiagils og Kikagils, Borger í Hrutafyrde 8 hndr. með Reka, Stóðhrossbeit í Þverdal fyrir framann Köldukinn, Spágilsstade og Vígholtsstade af Heimalande einnenn Fiös og Hrapstade, samt Saudhus 16 hndr. Hún á Hálfu veide í Laxá millum Krosslækjar og Streings fyrir ofann Papa, enn þaðann einsamann úti Siö og umfram Moldskriduhil, er nú kallast Miófehilur. <sup>120</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 10. september 1820 segir m.a.:

Hún á Heimaland allt [...]. Þrándargil gamla Selstöðu millum Þrándargils og Markodda, nú kallad Þrándarkot [...]. Framar á kyrkjann selstöðu í Dönustadaland köllud Kiki, milli Skeggja gyls og Kika gyls. Borgir í Hrutafyrde 8 hndr. ad dyrleika með reka. Stóðhrossabeit á Þverdal fyrir framann Köldukinn Spargilsstadi og Vígholtsstadi, Fiös og Hrappsstadi af Heimalande. Saudhús 16 hndr. Hún á hálfu veidi í Laxá milli Krosslækjar og Streings fyrir ofann Papa; enn þaðann einsamann úti Siö og umm fram Moldskriduhil, sem nú kallast Mjóe Hilur. <sup>121</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 6. ágúst 1827 segir m.a.:

... hún á Heimaland alt, framanúr [...] Þrándargil, gamla Selstöðu milli Þrándargils og Markodda; Þessi Selstada hefur verid bygd sídan Anno 1736 og kallad Þrándarkot, með þessum Ummerkium: [...]; Item Veidi hálfu fyrir þessu Landi, tiltekid í Fliótinu Chrismapólli. Framar á kyrkian Selstöðu í Dönustada

---

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(50).

<sup>119</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>120</sup> Skjal nr. 2(97).

<sup>121</sup> Skjal nr. 2(98).

---

Land, köllud Kiki, millum Skeggiagils og Kikagils. Borgir í Hrutafyrði 8 hndr. að Dýrleika með Reka. Stóðhrossabeit í Þverdal fyrir framan Köldukinn, Spágilsstadi og Vígholtsstadi af Heimalandi; Saudhús 16 hndr. Hún á hálfá Veidi í Laxá, millum Krosslækjar og Strengs, fyrir ofan Papa, en þadan einsamaan utí Sjó, og umfram Moldskriduhil, er nú kallast Mjóí-hilur.<sup>122</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 18. júlí 1866 segir m.a.:

Hún á heimaland allt [...]; enfremur á kirkjan geldfjárupprekstur á Dunustadafjall fyrir allt geldfé starðhaldarans á Hjarðarholti [...] og stóðhrossabeit í Þverdal fyrir framan Köldukinn. Veidi á kirkjan í Laxá hálfá milli Krosslækjar og Strengs fyrir ofan Papa, en þadan einsaman út í sjó og um fram Moldskriduhyl, er nú kallast Mjóíhylur. Hún á Saudhús 16 hndr. að fornu mati og Borgir í Hrutafyrði 8 hndr. að fornu mati og reka þar.<sup>123</sup>

Landamerkjabréf Hjarðarholts er dagsett 26. maí 1886 og því var þinglýst 11. júní 1890. Í landamerkjabréfinu segir m.a.:

Ennfremur á Hjarðarholtsstaður stóð hrossabeit á Þverdal fyrir framan Köldukinn og geldfjár upprekstur öllu fje frá fardögum til rjetta á Dömustaðafjalli og hálfá veidi í Laxá fyrir sínu landi og alla veidi í sömu á frá streng fyrir ofan Papa út í sjó og umfram í Mjóhyl fyrir Höskuldstaðalandi.<sup>124</sup>

Í matsgerð fyrir jörðina Hjarðarholt frá 24. febrúar 1910 segir m.a.:

Jörðin Hjarðarholt er að nýju mati 29,78 hndr. Hún er í betra lagi hagajörð á vetrum, en sumarbeit lítil og létt. Túnið [...]

[...]

1. Upprekestur sauðfjár á Dunustadafjall metin á kr. 15,00.
2. Tryppa upprekstur á Þverdal ... [kr.] 3,00.
3. Veidiréttur í Laksá fyrir Hjarðarholts [...] <sup>125</sup>

Í umfjöllun um Hjarðarholt í Fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 kemur fram að samkvæmt yfirlýsingu stjórnarráðsins, dags. 17. júlí 1912, tilheyrir Hjarðarholti sumarbeit fyrir hross á „Þverdal í Þorbergsstaðalandi“.<sup>126</sup>

### 5.3.1.9 Þorbergsstaðir

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Laxárdalshrepp frá árinu 1703, varpar engu ljósi á réttindi eða ítök Þorbergsstaða í Vatnsþverdal.<sup>127</sup>

---

<sup>122</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>123</sup> Skjal nr. 2(101).

<sup>124</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>125</sup> Skjal nr. 2(214).

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>127</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 63.

---

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Þorbergsstaðir sagðir vera 24 hundraða jörð í eigu ábúandans Guðmundar Jónssonar. Um réttindi jarðarinnar eða afréttarmálefni er ekkert fært til bókar.<sup>128</sup>

Landamerkjabréf Þorbergsstaða er dagsett 20. maí 1884 og því var þinglýst 24. sama mánaðar. Í landamerkjabréfinu segir:

N<sup>o</sup> 30.

Landamerkjaskrá

fyrir Þorbergsstöðum í Laxárdalshreppi

1. Milli Lækjarskógs og Þorbergsstaða ræður frá sjó lækur sá, er rennur skammt frá Lækjarskógstúni svo langt sem hann nær uppeptir, frá botni á honum beint í þufu með kolum og 3<sup>ur</sup> steinum í, frá henni beint í aðra eins ofar í flóanum, frá þeirri í þufu enn ofar, sem kol eru í lögð, frá henni beint í Álfhól, hvar hlaðin er þúfa með kolum og 3<sup>ur</sup> steinum í

2. Milli Þorsteinsstaða og Þorbergsstaða frá þufu á fyrnefndum Álfhól beint upp í Krosshamar, þar sem hann er hæstur og kross er höggvinn í hann, þaðan beint í kross á fremri Tvíhól, hvar varða er upphlaðin hjá, frá henni beint í þufu með kolum í skammt fyrir utan Sjónarhól, þaðan í grjótvörðu á holti þar ofar, frá henni beint í vörðu á barði fyrir ofan slæjublettinn, frá henni í þufu ofar á hálsinum, hvar kol eru og 3 steinar í látnir, þaðan beint í Krossstein efst í Grafærbrekku.

3. Milli Saura og Þorbergsstaða frá seinast nefndum steini beint í vörðu sem hlaðin er hjá jarðföstum steini með krossi í lítinn spotta fyrir innan læk, sem rennur ofan í Grafir, þaðan beint í jarðfastan krossstein niður á holtunum, beint frá honum í annan þar meðar, frá honum beint í vörðu á Hríshól, hvar kross er hoggvinn í stein.

4. Milli Kambsness og Þorbergsstaða frá áðurnefndum Hríshól beint í grjótvörðu á holti þar sunnar og neðar, hvar kross er högginn í stóran stein, frá henni í grjótvörðu á klettholti fyrir utan Rútstaði, hvar kross er hoggvinn í flúruna, þaðan í klettholt niður við mýrina, hvar kross er höggvinn í klettinn og hlaðin varða, þaðan beint út á Smáholt í vörðu, sem hlaðin er á klettaflúru og kross höggvinn í flúruna og þaðan í sömu stefnu til sjóar í Lækjarfarveg austan til við Rútstaðahvamm.

Þorbergsstöðum 20. maí 1884

Kristján Tómasson eigandi Þorbergsstaða

Jón Benediktsson umráðamaður 3<sup>ja</sup> parts af Kambsnesi.

Guðmundur Böðvarsson ábúandi á Kambsnesi.

Þorvarður Bergþórsson eigari Þorsteinsstaða.

Sigurdór Jónsson ábúandi á Lækjarskógi

J. Guttormsson umráðamaður Saura.

---

<sup>128</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán.  
1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 30.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25-

borguð ein króna

Halldór Daníelsson

s.d.<sup>129</sup>

Í umfjöllun um Þorbergsstaði í jarðamati Dalasýslu frá 1916–1918 er vísað til landamerkjaskrár jarðarinnar og svo segir:

Ennfremur hefir sú breyting orðið á jörðinni Þorbergsstöðum að undir hana liggur afréttarlandið Þverdalur eftir landamerkjaskrá nr. 111, þinglesinni 29. maí 1885. Með þeim takmörkunum þó, að Skógsmúli, sem hafði sameiginleg landamerki með Þverdalslandi, hefir samkv. afsalsbréfi dags. 15. febr. 1901, verið seldur undan með þessum ummerkjum: „Að neðan ræður gil það, er Hrutagil er nefnt, upp í brún, þaðan bein stefna lengra upp á hálsinn í jarðfastan stein, sem kross er í högginn, og varða hjá hlaðin úr torfi, þaðan beina stefnu fram í Stórhól í stóran stein sem kross er í högginn, þaðan beint fram á Múlahöfuð í stóran stein, sem kross er í högginn, þaðan beina þverlínu ofan að þverá hjá Tæpugötu, hvar kross er höggvinn í stein, svo ræður þverá til Hrutagils.“

Hjarðarholt á ítak til hrossa-uppreksturs í afréttarlandi jarðarinnar, Þverdal.<sup>130</sup>

#### 5.4 Fjallendi Skarðs

Með kaupbréfi dagsettu 18. febrúar 1541 seldi Ormur Sturluson jarðirnar Skarð, Giljaland, Mjóaból, Hamra og Leikskála. Kaupandi var Daði Guðmundsson í Snóksdal.<sup>131</sup>

Skarðs er getið meðal eigna dánarbús Daða Guðmundssonar í Snóksdal samkvæmt reikningi Eggerts lögmanns Hannessonar um dánarbúið frá 1563–4.<sup>132</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 11. júní 1795 var lesið upp kaupbréf frá 26. júlí 1792, þar sem Jón Jónsson á Melum kaupir 10 hundruð í Skarði af Jóni Jónssyni í Böðvarsholti. Inntaks kaupbréfsins er ekki getið.<sup>133</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Skarð:

Jarðareigandi meinar ábúandi að sje Páll Torfason sýslumaður í Ísafjarðarsýslu.

---

<sup>129</sup> Skjal nr. 2(215).

<sup>130</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>131</sup> Skjal nr. 4(58).

<sup>132</sup> Skjal nr. 4(59).

<sup>133</sup> Skjal nr. 2(171).

---

Ábúandi Hrómundur Þorsteinsson.

[...]

Átroðningur stór til skaða afrjettarpeningi.

Af landinu legst til afrjettarþeitar nokkuð. Tolla hálfá tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga. Ekkert hefur landsdrottinn þar af, eða neitt annað í því nafni. Rjettinni viðheldur ábúandi betalingslaust.

Í heimalandi eru í einum stað tóftabrot og girðingar, sem munnmæli eru að skuli hafa verið býli kallað **Klömbur**. Um þetta vita menn ekkert víst, en fjallið þar uppyfir er enn í dag kallað Klambrafell. Kann ekki að byggjast fyrir skriðum, slægnaleyfi og vatnagáangi.

I afrjettinni þar hjá, í þeim parti, sem Jörfa hálfkirkju tilheyrir, er sagt verið skuli hafa í gamaldaga bæ, kallaður **Þorleifsstader**. Sjest þar ekkert til tófta eða girðinga; vita menn ei heldur neitt víst þar um. Kann ómögulegt að byggjast.<sup>134</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir m.a. í umfjöllun um Jörfa:

### Jörfe

Þar er hálfkirkja.

[...]

Jarðareigandi Sigurður Þorgilsson þar búandi.

[...]

Hagar heilnæmir, en þeir bestu lengst burt. Selstaða er í heimalandi; hefur lángrandi aldrei brúkuð verið.

[...]

Í heimalandi hefur verið kot, kallað **Valþiófstader**. Meinast verið hafa landnáma jörð. Ekki bygt í mannaminum, nema kannske um fá ár, og kann ekki að byggjast jörðunni án stórskaða.

Í heimalandi nær túninu er kallað **Grundarkot**. Hvert þar hafi nokkurn tíma bygt verið eða ei veit enginn af að segja; kann og ómögulega að byggjast.

[...]

Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb í af rekstri, ef yfir xx lömb eru. Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.

Kirkjan á ítak í Grafar land í Miðdölum, skógarhögg, og er það afskiftur skógur; tekur nú að eyðast.<sup>135</sup>

Í *Jarðabókinni* segir m.a. í umfjöllun um Vatnshorn:

### Vatnshorn

Þar er kirkja, annexía frá Kvennabrekku.

[...]

---

<sup>134</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 53.

<sup>135</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 48–50.

---

Jarðareigandi Jón Hákonarson þar búandi.

[...]

Kirkjan á eina jörð, Skinnþúfu, ut supra. Item á hún afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.<sup>136</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir m.a. um Skarð:

Jardar Eigandenn er Gudmundur Asgeirsson ä Hiardarfelle j Miklaholltzhrepp

[...]

*Koster.*

Jordenn ä yfer mäta miked land og goda haga, og því gott under bu.

Beitarland er þar og Afriett, og hafa þar upprekstur aller ur Haukadal a vorenn.<sup>137</sup>

Varðveitt er afrit af dómi um upprekstur á Skarðsafrétt í Haukadal sem var kveðinn upp að Hvammi 29. mars 1735. Í þeim dómi er vísað til eldri dóms um Skarðsafrétt, sem var kveðinn upp að Sauðafelli 18. maí 1644. Þá fylgir einnig afrit af dómi frá 4. apríl 1755, sem kveðinn var upp að Jörfa í Haukadal. Dómarnir eru svohljóðandi:

N. 8.

Proces og Domr um Glerarskoga afrett.

1735 d. 29. Martii, hefr s(ýslu)m(aður) Ormr Dadas(on) utgefíd sr. Þorde Þordarsyne í Hvamme sem þá hefr vered profastr í Dala Syslu Rettarstefnu til Hvammsmantals þ(in)gs, sem halded hefr vered þann 21. Aprilis s.a. umm Lamba Upprekstr í Glerárskogaland, sem Laxdælingar höfðu brúkad mót forbode og lögestu sr. Þordar, sérdeiles sr. Þorarinn Jonss(on) í Hiardarholte, Asgeir Jonss(on) í Liarskógum og Sigurdr Jónss(on) á Hrodnyarst(öðum). Actores, sem og eru stefnder hafa vered profastrinn sr. Þodr og Magnus Jonss(on) í Snoksdal. Hlutadengdr hafa uppá Stefnuna skrifad og sér í lage hefr sr. Þodr i sinne uppáskrift advarad Contrapartana ad heyra á sin vitne. Hvorium hann mun siálfr stefnt hafa. Vitnin voru sum í Hvammssveit enn sum í Laxardal. (Sr. Þodr var frá 1721 til 1738 í Hvammsþ(in)gum).

[...]

Sídan var málid uppteked til dóms; þó adr upplesin dómnefna sýslum(anns) Biarna Petersonar sohliódandi:

Anno 1644. þann 18<sup>da</sup> Maii ad Saudafelle dómsm(enn) tilnefnder af sýslumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort upprekstrar skule vera á Skards-Fiall edr ecke, hvor á Hannes Eggertsson dóms beiddist vegna Guðmundar Hákonarsonar, Petr Þordarson, Magnus Einarsson, Jón Biörnsson, Gudmundr Biörnsson, Dade Gislason og Petr Einarsson. Kom framm í fyrstu

---

<sup>136</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 57–58.

<sup>137</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 118.



---

ad upprekstrar hafe vered á Skardsfiáll ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal, Middölum og Laxárdal og ad so hafe vered samantekid umm Rekstrinn og Tollana ad reked hafe vered á Skards-fiáll, Vatnshornsland og Jörva og Skards menn hafe teked tollana ad hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu tollana; enn þ(ei)r fra Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa) gielndnaut sín í afrettinne. Avísar lögmálid, þar skule retter vera sem ad fornu hafe vered. Item R.B. E.K. Enn umm gieldfjárrekstra á vorum til afretta og fiállgaungr á haustum hvorn tíma fara skal; Þá giöre epter því, sem hreppstíornarmenn giöra ráð fyrer og hvoriu bygdarlage hæfer. Því ad so prófudu og fyrer oss komnu dæmum vér med fullu dómsatqvæde ad rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrrnefundum sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest eptir því so sem sidarst þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þángad reka sitt fé, skule láta gánga á fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ, þann Fimtudag, sem næstr er Bartholomæus messu hvort hann er fyrer edr epter.

Biarne Petron [...] dóm þennann hafa fidimerad ad Skarde d. 26. Augusti 1734.

[...]

Dómr sýslum(anns) Orms Dadasonar í þessu mále; (Præmissa sententiæ hic omittuntur.)

Laxdælingar; sem fyrer þennan rett hingad til Hvams þ(in)gs hafa vered stefnder, ásamt ödrum þar í sveit, ega hér epter ad þeckia sitt afrettar plats á Skards afrett í Haukadal í mót sidvanalegum Tolle til vidkomenda og hér epter eckert skyldu jtak ega til uppreksturs í Glerárskógaland vilje ráðendur yfir jördunne það mótsegia. Enn þar sem partarner velæruverdugs profastrinn og heidrlegr kennemann Sr. Þorarinn Jonsson, mr. Asgeir Jonsson og Arngrímur Jonsson, síns brodrs vegna, hafa aller þeinkt sig til skiladóms ad hafa sókt epter rettu mále, þá skal procesins ummkostnadr vera upphafinn á bádar sidr. Actum ut supra.

Ormr Dadason

Domr Uppsagdr af sýslumanninum M. Ketelssyne, ad Jörfa í Haukadal, d. 4. Aprilis 1755.

Þad er auglióst, so vel af dóme sýslumannsins Biarna Petssonar gengnum ad Saudafelle 1644 sem og af dóme sýslumannsins Orms Dadasonar, gengnum ad Hvamme d. 22. Aprilis 1735 ad þeirra þriggia hreppa Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skardsafrétt, heldr og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til ad reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer epter ádr citerudum dómum, dæmest hér med og ályktast ad greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ad öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér epter vera skylduger til ad reka gieldfé sitt á Skardsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstíorar það á vorum tilskipa og samþickia. Skulu þeir sem á greinda afrétt reka ega reka fé sitt í midiann afrett. Sömuleides skulu greindra hreppa innbyggendur, einn og

---

sér hvor bónde sem fé hefr á afréttinne vera skylduger til fiallgangna á haustum allt epter sem hreppstíórar þar umm samþickia og rádstafa og lög og retrr tilhalda. Enn hvör sá sem hér út sýner nockra þriósku edr forsómun, skal sekr 6 aurum hálf k(on)ge, enn hálf þeim, sem næster búa. Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gielfjár upprekstrs á Skardsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skyldugr til med hreppsmanna og hreppstíóra Tilstyrk og ráde ad hreinsa afréttina af melröckum. Efr þessu hafa vidkomendur sig ad retta under dómrofe og Lagasektar og álögur. Þesse alyktun er grundud á Landsleigub. 46 og 49. Cap.

M. Ketelson

Fyrer þessum rette hafa nálæger vered fyrer utan hreppstíóra og bændur í Haukadal 2 hreppstíórar úr Laxárdal: Jón Olafsson á Saurum og Jón Olafsson á Dönustöðum og úr Miðdölum hreppstíórin Þorlákr Einarss(on) á Storask. og prestrinn Sr. Hannes Biornsson.

1536 hefr Grímr Pálsson dæmt med 6 m(önnu)m á Ase í Vatnsdal ad hvor sem ætte 10 lömb edr fleire, skylde skyldugr ad reka á Fiall og sýna fiallskil. Sama hefr Jón Egilsson med 6 m(önnu)m dæmt á Bæ í Hrutafirde umm Melaafrett. Þódr L(ög)m(aður) hefr dæmt med 6 m(önnu)m ad ef sumer vilia heldr fé og lömb hafa, þá svare eyrer fyrer 20 og so upp þadan.

1682 hefr Jón Sigurdss(on) dæmt á Dyrast(öðum) í Þverárþ(in)gi: 1<sup>o</sup>ad lömb skule sitia í 5 daga adr þau eru rekin, og rekist sidan í afrétt midiann. 2<sup>o</sup>ad hv(er) sem á 100 saude í afrétt edr fleira, sende 2 gagnlega menn, fullordna og burdagoda. Þetta hefr sama ár vered í logrettu samþikt.<sup>138</sup>

Á héraðsþingi að Jörfa 4. apríl 1755 var tekið fyrir mál vegna deilna um upprekstur úr þremur sveitum, Laxárdal, Haukadal og Miðdölum, á Skarðsafrétt. Vitnað var til fyrri dóma frá árunum 1644 og 1735, þar sem bændur úr þessum þremur sveitum, voru skyldaðir til að nota Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók er eftirfarandi innfært:

Anno 1755 þann 4. Aprilis að settu manntalsþingi við Jörfa í Haukadal [...]. Þar næst mættu fyrir réttinum hreppstjórnarnir í Haukadal Ólafur Einarsson frá Þorsteinsstöðum, Guðmundur Sigurðsson frá Köldukinn, Svarthöfði Sturlason frá Litla-Vatnshorni og framlögðu einn Memorial til hans vel byrðigheita hr. amtmannsins Magnúsar Gíslasonar af Dato 22. Februarii 1755 – Hvar inni þeir begæra hans velbirðigheita Assistance uppá það að þeir geti eftir lifað þeim til þeirra útgefnum orðum uppá geldfjárrekstur til afréttar með víðara frá hverju þeir telja sér bægja eina og aðra óráðvendni í sveitinni, sérdeilis að sumir sem eigi upprekstur að Skarðstrandarafrétt forsómi þá hina sömu, sömuleiðis að sumir misjafnt kyntir menn búi nærri afréttinni, hvar fyrir að margir afræki þá hina sömu afrétt með mörgu víðara þessu viðvíkjandi sem sá Memorial sér

---

<sup>138</sup> Skjal nr. 2(130).

---

líkast hermir, sömuleiðis voru uppá þennan Memorial skrifuð velbyrðigs hr. amtmannsins Magnúsar Gíslasonar resolution sub. dato 28. Febr. 1755, hvar inni hans velbyrðugheit hafa bevilgað og sagt billigt að hreppstjórnir í Haukadal flyttu bændur frá afréttinni sem eru misgrunaðir fyrir afréttarinnar ólöglega tilsókn og settu þangað að afréttar jarðarinnar [svo] velræmda og skilríka bændur allt undir sýslumannsins Direction.

Þessi Memorial var upplesinn og uppskrifður fyrir réttinum sem og þar uppskrifaður hans velbyrðigheita resolution og sé hin sama eftir samkominnna þingmanna begæring fyrir þeim útlögð. Þetta uppleið Not. lit. A.

Þar næst var uppleið fyrir réttinum þingdags-begæring Haukadals-hreppsstjóra, dat. 10. Martii 1755, hvar inni þeir begæra þingdag ei síðar en þann 4<sup>ða</sup> apríl þessa árs, uppá Haukadalshrepps nauðsynjar. Það uppleið fyrir réttinum og uppá skrifað Not. Lit. B.

Aðspurðir hvert þeir könnuðust við að uppleið bréf væri það sem þeir hefðu sýslumanninum tilskrifað, hvar til Guðmundur Sigurðsson svaraði „Já“.

[...]

Um flutninga og jarðaskipti bænda í Haukadal álitast og samþykkti þetta sem eftir fylgir [...].

Þar næst framlögðu hreppstjórnir í Haukadal og Laxárdal einn Memorial fyrir réttinn sub dato hvar inni þeir begæra að dómur sál. sýslumannsins Bjarna Péturssonar af Dato 1644 um geldfjár upprekstur til Skarðsafréttar staðfestist og eftirkomist, og við þeim mönnum sem eiga eftir greindum dómum skyldu upprekstur til greindrar afréttar tilhaldist að standa í öllum lögskilum svo vel viðvíkjandi sjálfum upprekstrinum sem og fjallgöngum á komst með víðara svo se sá Memorial með hér bréf uppleið fyrir réttinum Not lit D þar næst framlögðu Laxárdals hreppstjórar dómsslutningu sál. sýslumannsins Orms Daðasonar genginn að Hvammi í Hvammssveit þann 22. Aprilis 1735 hvar með Laxdælir eru dæmdir til Skarðs afréttar með víðara þessi dómur verificeraður af hr. prófastinum Gunnari Pálssyni var upplesinn fyrir rétti, fyrir réttinum og uppskrifaður Noti. Lit. D.

Þar næst var uppleið fyrir réttinum dómur sýslumannsins Bjarna Péturssonar dat. 1644 hvar inni Laxdælir Haukdælir og Miðdalur dæmast til að reka að Skarðs afrétt og standa í öllum lögskilum með víðara sem sá dómur með sér ber. Uppleisð fyrir réttinum og Copie af þeim sama úttekin og vidimeruð Not. Lit F. Komu svo fyrir réttinn hreppstjórar í Laxárdal Jón Ólafsson að Saurum og Jón Ólafsson að Dönustöðum hreppstjórar í Haukadal Ólafur Einarsson að Þorsteinsstöðum, Guðmundur Sigurðsson að Köldukinn Teitur Helgason að Hömrum Svarthöfði Sturlason að Litla-Vatnshorni hreppstjórinn í Miðdalahrepp Þorlákur Einarsson að Stóra-Skógi og æruverðugur presturinn sr. Hannes Björnsson að Kvennabrekku þessir hér nefndir dánnumenn beiðast hver fyrir sína sveit endalegs dóms á að þeim tilfallist að reka að Skarðsafrétt sem þangað eiga skyldu upprekstur og standa í öllum lögskilum afréttar viðvíkjandi sem og um afréttar hreinsun og fjallgöngur. Hvar uppá féll svolátandi dóms slutning. Það er augljóst svo vel af dóm sýslumannsins Bjarna

---

Péturssonar gengnum að Sauðafelli 1644 sem og af dómi sál. sýslumannsins Orms Daðasonar gengnum að Hvammi 22. April 1735 að þeirra þriggja hreppa Laxárdals Haukadals og Miðdala innbyggjendur eiga ei einasta skyldu upprekstur á Skarðs afrétt, heldur og svo eru greindra hreppa innbyggjendur skyldir til að reka uppá þá sömu afrétt, þar eftir áður Citeruðum dómum dæmist hér með og ályktast að greindra hreppa Laxárdals, Haukadals og Miðdala innbyggjendur við öllum tilfellun og öngvum undanteknum skuli hér eftir vera skyldugir til að reka geldfé sitt, bæði lömb og eldra sauðfé, á Skarðsafrétt nær sem hreppstjórar það á vorum tilskipa og samþykkja skulu þeir sem á greinda afrétt reka eiga ekki fé sitt á miðjan afrétt sömuleiðis skulu greindra innbyggjendur einn og sér hver bóndi sem fé hefur á afrétti vera skyldugur til fjallgangna að haustum allt eftir sem hreppstjórar þar um samþykkja og ráðstafa og lög og réttur til fjalla.

Eið sver sá sem hér úti sýnir nokkra þrjóska eður forsómun skal sekur 6 aurum, hálftróngi enn hálftr þeim sem næstir búa. En þeir sem svoleiðis eru skyldugir til geldfjár uppreksturs á skarðs afrétt skulu betala til hlutaðeigandi venjulegan afréttartoll, en þeir þar á móti sem afréttar tollinn taka skulu vera skyldugir til með hreppsmanna og hreppsstjóranna tilstyrk og ráði að hreinsa afréttina af melrökkum.

Eftir þessu hafa viðkomendur sig að rétta undir dómrofs og lagasektir og álögur þessi ályktun er grunduð að landsleigubálks 46. og 49. Cap. M. Ketilsson.

Dómurinn var fyrir réttinum upplesinn öllum samankomnum þingmönnum áheyrandi.<sup>139</sup>

Á héraðsþingi að Hjarðarfelli 13. september 1756 var spurst fyrir um hvaða bændur í Laxárdal hefðu rekið á Skarðsfjall í Haukadal síðastliðið vor. Eftirfarandi var innfært í dóma- og þingbókina:

Anno 1756 d. 13<sup>da</sup> september að settu héraðsþingi að Hjarðarfelli í Laxárdal [...].

4. Hér næst var examenerað fyrir réttinum eftir begæring Jóns Andréssonar frá Þorsteinsstöðum í Haukadale, hverjir af bændum hér í Laxárdal, hefðu í vor rekið á Skarðsfjall í Haukadale, og samankominna þingmanna svar, þar uppá að þeir viti aungvan héðan úr sveit hafa rekið á Skarðsfjall í ár.<sup>140</sup>

Á héraðsþingi að Jörfa 15. september 1756, var Jóni Andrésyni á Fremri-Þorsteinsstöðum stefnt vegna ágreinings um hvort honum hafi verið heimilt að reka fé sitt annað en á Skarðsafrétt. Jón bauð bætur en málsaðilum þótti vanboðið og því var málið lagt í dóm. Jón var dæmdur fyrir að „hann hafi rekið í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt“. Jón svaraði spurningum varðandi rekstur sinn og eru svör hans skráð. Þá voru dómur um Skarðsafrétt frá árunum 1644 og 1735 lesnir upp. Eftirfarandi var fært til bókar í dóma- og þingbók sýslunnar:

---

<sup>139</sup> Skjal nr. 2(166).

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(167).

---

Hér næst framlögðu mr. Jón Egilsson á Vatnshorni og Bergþór Þorvarðsson að Leikskálum sitt innlegg undir þessa dags dato hvar inn þeir uppástanda að nefndur Jón Andrésón verði til sekta og bóta álitin með endilegum dómi, sem það innlegg frammar með sér ber uppleið fyrir réttinum og uppá skrifað Notl. Litl. B.

Hér næst var framlögð í réttinn begæring skrifleg Haukadalsbænda, hvar inn þeir begæra að sýslumaðurinn vilji tilhalda Miðdala-, Haukadals- og Laxárdalsinnbúendum til að reka á Skarðsafrétt en ef ekki þá að leifa þeim í Haukadal sem undir þessa begæring eru skrifaðir að reka annars staðar svo sem það Document útvisar uppleið fyrir réttinum og uppskrifað Notl. Lit C. Uppá innleggið Sub. Lit B. svarar Jón Andrésón því:

1. Að hann hafi fyrirkomið lömbunum sínum annars staðar við sjósiðuna sökum gróðurleysis til fjallanna í þessum harðindum.
2. Hafi hann meint að fáir mundu reka á Skarðs afrétt í ár sökum harðindanna.
3. Þegar hann hafi verið búinn að reka sín lömb og þá formerkt að nokkrir á afréttina rekið hefðu þó seinna hefði hann tilboðið að standa í öllum fjallskilum svo sem lambatollum og fjárskilum.
4. Sé öllum vitanlegt að hann fjallið riðið hafi sem hann rekið hefði og 5. Þar hann ekki að sinni sé nokkurs staðar fyrirboðið að varðveita fjármuni sína frá skaða þá hafi hann þennan lambarekstur upptekið í harðindisári án nokkurrar þrjósku eður afdráttar við afréttarmenn og vilji hinir eftir að forfallalaus góðviljuglega halda sig til Skarðsafréttar meðan hér búsitjandi verði en vilji ei viðkomendur þetta og áðurgjört forlíkunar sáttaboð meðtaka, hljóti þeir sínu fram að fara.

Hér næst begærðu Actores að þingvitni væri tekið upp á það hvar sá afréttur hefði verið gróinn í vor þá menn ráku á hana. Hvar uppá er samankominna þingmanna svar að afréttur hafi svo verið sprottinn þá á hana var rekið eftir þingmaríumessu að lömbunum hafi verið vel lífvænt og lömb þau sem nú eru heimt af afrétti eru svo til fara sem í betra ári, hér uppá svari Jón Andrésón að hann ei hafi vitað að aðrir hafi þá verið farnir að reka á Skarðs afrétt, og þar með þá hafi hann ei vitað að afréttin hafi verið hreinsuð.

Hér næst begærir Jón Andrésón að það þingvitni verði Procesen anhängugt gjört sem tekið var í Hjarðarholti um það hverjir í Laxárdal hefði rekið á Skarðsafrétt sem hér innfærist sem Sub. Lit. D. Actores begærde 60 al. málskostnað í þessari sök. Nokkrir menn fyrir réttinum tilstanda að þeir hafi ei séð Jón Andrésón í næst umliðnum fjallaleitum. Til slutningar væntir Jón Andrésón að dómurinn falli sér ei móti, þar hann hafi gjört þennan lambarekstur til að afvenda sínum skaða, og þar hjá formerkt, að margir gengu frá Skarðstrandar upprekstri í ár sökum harðinda Jón Andrésón segir víðar, að hann meinar að lömb hafi verið heima að Litla-Vatnshorni, Skinnþúfu og Giljalandi.

Víðara framkom ei í sökinni hvorki í sókn né vörn. Það er fyrir þessum rétti gott gjört með Jóns Andrésónar eigin meðkenningum að hann hafi rekið í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt. Hitt er og svo sáttgjört með teknu þingvitni

---

fyrir þessum rétti að afréttin hafi verið forsvaranlega sprottinn og lömbin sem nú eru af afréttinni heimt, séu svo væn sem í betra ári. Nú er af gengnum dómum um þessa afrétt, nefnilega einum af 1644 og hinum af 1735 og 1755 auglýst að Laxárdals- Haukadals og Miðdala innbúendur eru ei einasta berettigede til þessarar oft nefndrar Skarðsafréttar, heldur og eru þeir skildugir til að reka á þá sömu.

Nú eru það rímilegheit, að þá fáir reka á afréttina verða þeir fyrir meiri skaða í lambaheimtum, heldur en ef margir rækju. Þar fyrir dæmist hér með af oss að Jón Andrésón frá Fremri-Þorsteinsstöðum í Haukadalsdal skal betala fyrir þessa forsómun til hlutaðeiganda nefnilega Sigurðar Brandssonar á Skarði og Helgu Jónsdóttur á Jörva samt Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni 6 aura og 1 mörk og í dómrof 4 merkur. En þar téður Jón Andrésón hefur boðið sættir og þar til 6 aura fyrir utan fjallgöngur og lambatoll þá skal hann engan málskostnað betala Actoris Jóni Egilssyni og Bergþóri Þorvarðssyni. Þessar bætur skulu lúktar innan mánaðar frá þessa dóms dato undan aðför og execution.

Hér næst voru upplesnir dómur af 1644 og 1755 sem í ofanskriðuðum dómi eru Citeraðir. Jón Andrésón appellerar frá þessum afsögðum dómi og begærer hann beskriðaðann innan laga termins og leggur 4 rd. krónur í réttinn í skrifara peninga. Ólafur Einarsson á Þorsteinsstöðum begærer Decision réttarins uppá það hvert hann hafi verið mindugur til þess að tilskikka fjárupprekstur eður fjallgöngur hvar uppá er réttarins svar að þá hann sem vitanlegt er, er hreppstjóri, þá á hann ásamt öðrum hreppstjórum í sveitinni að tilskipa hér um.<sup>141</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 25. maí 1757 voru upplesnir dómur í afréttarmálum frá 18. maí 1644, 22. apríl 1735 og 4. apríl 1755. Eftirfarandi er innfært í dóma- og þingbók sýslumanns:

Anno 1757 þann 25<sup>ta</sup> Maíi að settu manntalsþingi á Sauðafelli í Miðdölum [...].  
2. Var upplesinn afréttardómur af dato 18. Maíi 1644 – 22. Apríl 1735 og 4. Apríl 1755 þess innihalds að Miðdælir Haukdælir og Laxdælir skyldu reka á Skarðs afrétt svo sem þeir dómur víðara með sér bera.<sup>142</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 21. júní 1757 tilkynnti sýslumaður að hann hefði sent hreppstjórum Laxárdalshrepps afréttardóma um Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbókinni segir:

7. Lýsti sýslumaðurinn því hann hefði sent hreppstjórunum í Laxárdal afréttardóm um Skarðsafrétt og og undir eins ordre [skipun] að auglýsa það öllum sveitarinnbyggjurum svo enginn hefði sig með vanvisku að afsaka.<sup>143</sup>

---

<sup>141</sup> Skjal nr. 2(159).

<sup>142</sup> Skjal nr. 2(168).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2(169).

---

Á manntalsþingi að Jörfa 11. júní 1795 var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Sameiginlegt álit allra hlutaðeiganda var innfært í dóma- og þingbókina, svohljóðandi:

Anno 1795 d. 11. júní að settu manntalsþingi á Jörva í Haukadal [...].

5. Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afréttarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadal og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálstan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði.

Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdaldasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll 1 gilt lamb af ~~hverjum~~ 20 allt til 60, sem rekin eru; enn þeir sem reka 60 lömb eður fleiri betala 2 lömb í afréttartoll og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum ~~hel~~ skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Skarðsbóndi skal og viðhalda réttinni forsvaranlega; en þeir sem dilka eiga skulu þeim sjálfir viðhalda.

Fjallleitardagurinn skal ætíð vera hinn sami, mánudagurinn í 20. viku sumars. Sá sem á 60 lömb eður fleiri [í] afréttinum skal láta 2 gagnlega menn í leitirnar. Lömbin eiga að setjast áður í 5 daga eða fleiri, áður en þa[u] eru rekin, og rekast í miðjan afrétt. En þeir af Laxdælingum og Miðdælingum, sem reka á Skarðsfjall í óleyfi og forboði skulu betala í landnám 1 skilding af hvörju lambi, sem þeir svoleiðis í óleyfi reka.

Það tilskilur mr. Jón á Melum að þeir af Laxdælingum, sem með hans leyfi reka í Melaland skulu gjalda honum hálfan lambatoll. Þetta er ályktað að skuli óbrjálað standa inn til víðara.<sup>144</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 12. júní 1795 var upplesið það sem ákveðið var deginum áður á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal um Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók segir:

Anno 1795 þ. 12 júnii að settu manntalsþingi á Sauðafelli í Miðdölum [...].

5. Upplesið það sem í gær gjörðist á Jörvaþingi um Skarðs afrétt.<sup>145</sup>

---

<sup>144</sup> Skjal nr. 2(170).

<sup>145</sup> Skjal nr. 2(172).

---

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var upplesið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsfjall og borga afréttartoll. Inntaki bannsins er ekki lýst nánar. Í dóma- og þingbók var eftirfarandi innfært:

5. Var bannað að reka á Þverdal, heldur á Skarðsfjall og gjaldi þann gamla afréttartoll.<sup>146</sup>

Með kirknaskjölum hefur varðveist ódagsett samþykkt um Skarðsafrétt, sem talin er frá seinni hluta 18. aldar. Þar kemur eftirfarandi fram:

Nr. 42. Samþikt umm Skards afrett.

1° Afrettar Bondinn, sa sem byr a Skarde, a ad vera uppriktugur danumadr, skir, glöggr og greidugur so einginn gete med retti neinu oskila bragde a hann komed sem forsomun afdótunar. Alt eins ega þar ad vera velkintir danumenn sem bua i nand afrettinni a Giljalandi, Krosse og Villingadal. Og ef her umm þiker abotavant skulu hreppstiorar i Havkadal med preste og syslumanns rade hafa mindugleika til ad giöra þa bygdarskipun sem best þikir henda so ad þeir einir bui næst afrettinum sem ad fromleika, greidvikne og glöggskygni eru valenkunner menn.

2° Epter Dome Syslumanns Biarna Peturssonar utnefndum á Savdafelle þann 18. Maii 1644, Syslumans Orms Dadasonar af 22. Aprilis 1735 og Syslumanns Magnusar Ketilssonar af 4. April 1755 ega þeirra 3 hreppa Laxardals, Havkadals og Middalahrepps Innbyggendr skylduupprekstr fyrer lömb og geldfe sitt a so kalladann Skardsafrett. Og er avngvum buanda leifelegt i nefndum 3 hreppum lömb edr geldfe sitt heima ad hafa a sumrenn nema nágrannar og hreppstiorar leife og á sá hinn same ad taka það leife skriflegt vid kyrkiu umm messudaga leite, so hann géte það synt ser til afbötunar ef umm verde talad. Og er þetta alleina ad skilja umm þá sem ege 16 lömb edr færre, enn aller þeir sem fleire lömb ega eru skylduger ad reka i afrettinn ann manngreinaralits under vidligande 6 avra sekt, epter Rettarbot Eiriks kgs. Þar hefde kannske ei verid stort ummtalad, þo Breidabolstadur og féllsende sem hafa nóg fialland, hefdu rekid i sitt egid land, hefdu þeir ei mót lögum leyft avdrum ad reka þangad. Enn þeirra egen oradvendne i þessu efne, giörer það, ad það kiemzt ei af epterleides á móte lögsömdum domum umtalslavst.

3° Þad er óregla ad Vinnuhiú og bulavsir sem ei ega nema eina edr faeinar kindr bruka mark ut af fyrer sig, hvar af orsakazt ringl og rugl. Enn med því þetta mun sagt med ollu af ad ringa þa ega þeir menn minni rétt á kindum sinum, þo ei [...] fare, og skal Rettarbondinn ei vera skyldugr til þess ad svara. Enn skyldugr skal Skardsafrettarbondi til ad hafa i einne bok greinelega uppskrifud öll búenda mörk i adrtedum 3 hreppum, so hann géte skyra grein þar á giört i fyrerkomande tilfellum. Enn vinnufolks mörk skal hann ei vera skyldugr þar inn ad skrifa framar enn hann vill sialfr.

4° Þad má einatt heyra ad sumer af bændum klaga yfer illlum heimtum, sem optazt er þó þeirra egen óradvendne ad kenna i því, ad þeir sitja ei lömb sin nog

---

<sup>146</sup> Skjal nr. 2(173).



---

ádr og sidan reka þav ei reglulega i midjann afrett, eins og lög fyrer skipa. Hvar af bæde þeim sialfum og odrum orsakazt skade, þa slik lömb hlavpa heim i bufiárhaga og leggiazt under qvifé og eru sidan hrakenn óvissa vegar. Þar fyrer skal hvor buande sem á skylduupprekstr a Skardsafrett, vera skyldugr til ept[er] gömlum lögsömdum Syslumanna og Lögmanna dómum [00] ad láta sitja lömb sin heima i 5 daga i það minsta ad[r] hann a fiáll rekr, hvort heldr eru lömb edr géldfé og sidan skal hann reka þav i midjan afrett edr á þann sokallada Sliettadal og ega hreppstiorar ad tilsetja vissann tima á vorum nær i afrettin skal reka, alt under vidliggiande laga sekter af þeim sem ut af bregda.

5° Þeir sem afretten ega og lambatollana taka, Vatnshorns og Jörvabændr, skulu vera skylduger til ad láta gagnlega og dyggelega leita ad melrackagrenjum i afrettinum á hvorju sumre, og þá grenin finnazt ad utvega gagnlegan mann til ad vinna þav, og skulu þeir þessu hafa afloked fyrer Jonsmessu baptistæ edr 24. Junii á hvorju sumre. Og byrjar hreppstiorum þar fyrer utan ad hafa röksamlega tilhlutan umm ad sérhvör buande leite á hvorju vore land sitt epter grenjum, og ega þá dyren ad vinnazt uppa sveitarinnar kostnad en afrettarbændr ega ad láta þav vinna uppa sinn egin kostnad, því nema þav lönd sem nær liggia afrettinum seu vel hreinsud, verda afrettarbændr ei réttelega sektader fyrer sina forsomum þó bite kome framm i afrettinum.

6° Med því Samgavngr eru mille Mela og Skards-afretta og Melaleitadagr er halden á mánudagen i 20 viku sumars og same hefr ad fornu vered leitardagr i Skardsafrett, þa er nu þesse same dagr þar til settr ad færur rade, en ef ei verdr þann dag fyrer óvedre leitad, þá hvor næste dagr þar epter þá fært vedr gefzt.

7° Þad var alldrei til forna brukad hiá vorum rádvöndu og stiórnsömu forfedrum ad retta sama dag og leitad var. Þad er og avdskiled ad það kann ei löglega af ad ganga á einu dege ad leita dyggelega vidlena fiállhaga og sidan sama dag draga i sundr mörg hundrud fiar og sidan koma hvorium rekstre so afsides ad ei i slavngé fare. Er því tilskipad ad Skardfiáll se genged epter ádrsögdu á Manudagen i 20 viku sumars enn réttad dege sidar.

8° Þann næsta sunnudag ádr enn fiállleitar ega ad vera skulu 2 hreppstiorar koma ur hvorjum af adrnefundum 3 hreppum ad Vatnshorns edr Qvennabreckukirkju og aftala þar samegenlega hvornen fiállleitem skal haga; hvar hvorjer skulu leita og tiltaka þá menn sem fara i adrar Retter, hvorer ega ad hafa morken med ser uppskrifud og med[...] fé ur ödrum Rettum aptr koma utan það sem þeir vist vita ad á heima hér i Syslunne.

9° Epter lögum og gömlum domum er sérhvör sa sem skylduupprekstr á á Skardsfiáll, skyldugr ad lata gagnlegan mann þann tilsettan leitadag i leiternar og ege nockr 100 fiar edr meira i afrettinum þá láte til 2 menn duglega.

10° Hreppstiorar i fyrrtedum 3 hreppum i Laxardal, Havkadal og Middölum ega ad koma sér saman umm það, hvorn part af fiállenu hvor sveit skule leita og hvornen leitum skip[a] og a þetta so einusinni ad nidradazt ad þar vid mege arlega sidan vera. Med því mote er liklegra ad serhvortjer láte sér umm sinar leitar hugad vera og ei [...]blora hvor vid adra prettezt umm leitirnar.

---

11° Med því tvenna og dyggva menn þarf til ad vaka yfer leitasafninu þá það kemr á manudags qvelde og þar er nockr ofötlun ad ætla það þeim sem leitað hafa, so mun best fara ad taka til þess menn af þeim næstu bæum vid afrettinn sem þó giæte leitað sin egen leigulönd á þan tilsetta leitaðag, sosem það er allra bænda skilda, avk afrettarleita ad leita sin egen leigulönd.

12° Nu er nockud vist ákveded umm þær fyrstu fiállleiter; enn med því lögin ætla til ad hreppstiorar rade her mestu umm so verda þeir ad koma sér saman umm það, nær þær adrar afrettarleiter skulu haldazt og so loksens hinar þridju og hvad marger menn ur hvorre sveit skulu þar tilleggiast.

13° Fyrer sunnan fialled er serdeiles rett tilsett, sem haldenn er föstudagen seinastan i sumre og er köllud Skila-Rett. Þangad eru rekner aller Urgangar, og þær kindr, hvorra Egendr ei hafa uppspurzt. Þetta þiker mér gódr vane og hann vil eg Dalamenn upptake og tilsetje á hentugum stad Rétt sem er nockurnvegin i midjunne á þessum 3 sveitum: Laxardal, Havkadal og Middölum. J þessa rétt ega ad rekazt aller urgangar og þær savdkindr i nefndum 3 hreppum hvort það eru lömb edr eldra sem ei hefe egande uppspurzt ad, þar skal þetta fé kannazt og það sem ei uppspurzt egande ad, þá fare þar umm epter því sem lög fyrerskilja.

14° Hvör buande i adrnefndum 3 sveitum, sem á 16 lömb edr fleire so sem hann epter áminnstum lögsömdum domum er skyldugr a Skardsfiall ad reka, so skal hann vera skyldugr afrettar Toll ad gialda hvort hann rekr á fialled edr ecke reke, fyrer því hann var skyldugr ad reka. Hann skal gialda af 30 lömbum edr þo færre seu sem hann á edr géldfe sem hann i afrettinn rekr, vänsta lamb sitt edr ef hann vill það heldr 16 fiska i Peningum, edr avdrum gildum avrum. Enn fyrer hvor 3 lömb sem hann á framm yfer 30 skal hann gialda 2 sk. courant. Og eins miked skal hann betala fyrer hvorja 2 savde vetrgamla edr eldre. Og skal hann þetta strax i Rettunum gialda adr enn hann fer i burtu med fe sitt, nema honum avdrumis semje vid hlavtadegendr Aungvum sem nockud veit af gömlum lögum og setningum foreldra vorra, kann þesse Tollr mikill ad þikia, því hann er miklu minne enn hann hefr vered til forna. Dæmde þá hvor [...] vard ad géfa eitt lamb af hvörjum 10 lömbum bænduner á Krosse og Villingadal skulu vera fryer fyrer ad svara lamba Tolle, vegna þess ágangs sem þeir frammar ödrum hafa af fialla-fénu.

15° Epter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard i Havkadal lited edr eckert af því afrettarlande sem adrsagder 3 hreppar ega med skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skiptazt i 3 stade, hvar af Vatshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þridja part.

16° Fyrer þennan þridja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átroðninge af fiallafenu, og Rettonum, hann heldr og Bók yfer mörkenn epter 3. poste og géfr þar af utskrift þeim mönnum sem verda sender i adrar Retter, epter hreppstiora þar umm giörandi samegenlegre Radstöfun. Auk þessa skal Skards abuande vera skyldugr til ad vidhalda Rettenne i forsvaranlegu stande og hlada veggina so hava ad lömb stockve ei ut og so sterka ad ei hrynje þó menn edr

---

savder hlappe á þeim. Hann skal og vera skyldugr til að viðhalda þeim Dilkum sem nú eru hladner edr hladner verda. Enn ei skal hann vera skyldugr til að hlada þá að nýu. Enn þeir sem nú ega þar Dilka edr vilja hlada sér þar Dilka, sem öllum er heimelt þeim sem upprekstrinn ega, þeir ega fyrst að setja þá í gott og forsvaranlegt astand og syna þá 3 edr fleirum dugande mönnum í hvada stande þeir eru, og sidan skal afrettarbondenn vera skyldugr til [000] að viðhalda þeim eins og Rettinne sialfre.

17° Hvor sa sem giörer á mote þvi, sem af þeim flestu samþikt verdr í þessu efne, skal þar fyrer sekiaz 6 aurum, hvort heldr það er einhver bónde í adrnefundum 3 hreppum edr þeir sem afrettarlanded ega, edr sa bonde sem býr á Skarde af þeirre sekt á kongr helming, enn þeir sem lambatollana taka, annan helming nema þeir verde sialfer seker, þá fare þar um epter Syslumans Radstöfun. Ef nockr verdr skuldare fyrer óhlidne edr afbiggder í þessu efne, þá skulu þeir sem lamba Tollana taka gefa þeim hinum sama það til vitundar skriflega edr munnlega og vottanlega að þeir [ega að klagu] það firer Syslumanninum skal þeim [sektskuldada 0000?] sialfstefnt a það næsta manntalsþing epter að Jorva, ef yversioninn hefr ordid í þeirre þingsokn, enn annars a hans varnarþing med alt sitt forsvar og afbataner, þa þar umm verdr Dæmt af Syslumanne hvert hann kune edr kune ecke; þvi þetta er ein Politie sök, sem [eingen] undanbrögð er [0000?] réttargange. Enn ef þeir sialfer [000?] lambatollinn taka verda fyrre afbryggde í þessu efne [0000] þá á þá sök hvor af bændum, sem ...<sup>147</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Skarð sögð vera 20 hundraða jörð í eigu Benedikts Bogasonar á Staðarfelli til helminga við erfingja Jóns Jónssonar á Melum í Hrutafirði. Arngrímur Sveinsson býr á jörðinni. Um landamerki jarðarinnar eða afrétt er ekkert fært til bókar.<sup>148</sup>

Hinn 26. febrúar 1833 skrifaði Jón Sigurðsson á Skarði bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna óreglu sem hann taldi vera á fjallskilum og greiðslum fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Í bréfinu segir:

Velborne herra, Kammir Rád

Þar ydar Velborinn heitum hefur þoknast að fela mier á hendur ummsión yfir upprekstur fiallelitum og saudfiár Riettar viðhaldi hier á Skards afriett, orsakast eg hiermed til að gefa ydur til vitundar ÓReglu þá sem mier finst að árlega taki ýfirhönd ý fiall skilum til, og Fialla tolla gialdi eptir tieda afriett, sem einkanlega er filgiandi: 1: að bændur þeir sem eýga upprekstur á skards afrétt forsóma að leita Eptirleit á haustum þó þeir sieu þar til qvaddir og það þeim ý týma til sagt: 2: að nockrir þeirra Reka fie sitt á Villýngadal og gialda þángad fiallatolla enn aungva til myn, eða annara eýganda afréttar landsins: 3: Réttinn sialf er mikils til oflítil að Rúma það fie sem Rekid er til Réttarinnar og þarf þvj naudsínlega að út færast og hladast að nýu. hér af hlióta þau mýn audmiuk

---

<sup>147</sup> Skjal nr. 2(129).

<sup>148</sup> Skjal nr. 2(53).

---

og þénustusamleg til mæli, ad ydar velborinn heitum mætti þöknast ad úrskurda: 1: alla bændur sem búa jnnan upprekstursins takmarka skilduga ad leita Eptirleitt eptir þörfum þegar þeir eru þar til kalladir undir þá Sekt sem þér ályttid hæfilega og ydur þöknast ad áqveda: 2: hvört öllum þeim bændum sem búa ý Skards afréttar upprekstri nefnilega millum Laxár og Túnguár ber eý ad gialda Fiallatolla til myn og medeiganda afréttar landsins, og hvört öllum eýns þeim fiár mestustu sem þeim er ecki eýga Fleiri enn 20 Kindur fiallarækar ber eý ad gialda meir enn 1 lamb j fialla toll: 3: hvöríum beri ad útvýdka og hlada upp Réttína svo nægilega stór verdi til ad rétta safn það sem ad henni rekst Ydar Velborinn heita Réttvýsa urskurdar uppá framan skrifada pósta óskadi eg ad med taka á næsta manntals þyngi á Jörva, þar eg annars sie mier ófært og ofvaxid ad hafa nockur afskipti af fiallskilunum og hlýt þvj ef eý nít ydar adstodar til leidréttíngar ý þvj af lagafærda öldungis ad seigia mig frá þeim, og oska ad þér felid þau vidkomandi hreppstióra á höndur.

Ydar Velborin heita þénustu Velíngur

Jon Sigurdarson<sup>149</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 5. maí 1836 var upplesin ályktun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Ekki er greint nánar frá inntaki ályktunarinnar. Í dóma- og þingbók var eftirfarandi innfært:

Ár 1836 þann 5. Maji var manntalsþingsrétturinn settur að Sauðafelli [...].

5. Var uppleið: [...].

e) Ályktan um Skarðsafrétt 1795.<sup>150</sup>

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi:

32. <Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadal. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadal.<sup>151</sup>

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall, í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

Annexíusóknin, þ.e. Stóra-Vatnshornssóknin sem er Haukadalurinn, takmarkast á norðursíðuna af fjallgarði sem liggur fyrir norðan hann allan; hefir fjallgarður þessi ýmis nöfn eftir bæjum, vestast er kallað Vatnsfjall, svo Stóra-Vatnshornsfjall og það nafn hefir fjallið í raun réttri allt fram að svokölluðu Fanngili sem er stórt gil framarlega í dalnum [...].

[...] Síðan austur af Giljalandsfjalli kemur Skarðsfjall, sem er hátt fyrir vestan bæinn Skarð, hvor að er austasti bær í Haukadal og Stóra-Vatnshornssókn. Þetta fjall kallast líka Bani af því þar skulu að fornu menn hafa menn hrapað ofan í byljum á vetrum fleirum sinnum. [...].

---

<sup>149</sup> Skjal nr. 2(189).

<sup>150</sup> Skjöl nr. 2(174) og 2(176).

<sup>151</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 62–63.

---

<40. *Vegir.*> Yfir allan þennan fjallgarð frá Vatni að Skarði, er enginn sumarþjóðvegur og jafnvel að öllu ófært á sumardag yfir að fara með hesta vegna ákaflegra blautra fjallbroksmýra, en á vetrum ganga menn oft yfir þetta fjall byggða milli. Rétt fyrir austan Skarð liggur þjóðvegur uppúr austurenda Haukadalsins norður yfir fjallgarðinn, heitir þessi vegur Haukadalsskarð; fjallvegur þessi er hérumbil hálf þingmannaleið að lengd. Vegurinn liggur ofaní Hrútafjörðinn, og er þá fyrsti bær sem fyrir verður, þá norður af kemur, Melar við Hrútafjörð.

8. <*Dalir.*> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrjú óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

Út úr Haukadalnum framarlega til landsuðurs gengur dalur sem heitir Villingadalur, er það langur mjór dalur. Í hönum er einn bær sem heitir eins og dalurinn. Þessi dalur bugar enn meir til suðurs þá inn í hann kemur, og fremstu drög hans liggja svo að einasta lágur fjallhryggur skilur á milli hans og fremstu enda Geldingadals sem áður er nefndur [...].

[...]

32. <*Afréttir.*> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

[...]

<14.> *Landslag* í báðum sóknunum er hvervetna líkt á hvorri jörð, fjalllendi eður hálsland fyrir ofan bæina en neðan mýrlendi. Hvorgi gras mikið en notalegt graslag fyrir fénað, en í Haukadalnum er þó allstaðar feitarar og betra land fyrir sauðfé, en þó eru mest landgæði á Skarði og einkum í þeim áður nefnda Villingadal hvar landgæði fyrir sauðfé munu hvað best í þessari sýslu ef ei væri þar of margt fé.

<31.> *Selstöður* tilheyra í Kvennabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvennabrekku. Sú hinni fyrri jörðinni tilheyrandi selstaða er í þeim áður umgetna Vatns-Þverdal, en Kvennabrekku í áðurnefndum Geldingadal. Þessar selstöður eru sum árin brúkaðar en sum ekki eftir því sem efni og kringumstæður gjöra mögulegt. En í Stóra-Vatnshornssókn á Vatn selstöðu í Vatns-Þverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals og svo er áður getið. Hvorug þessara selstaða eru lengi nú að undanfögnu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.<sup>152</sup>

---

<sup>152</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 46–51.

---

Hinn 24. október 1842 skrifaði Magnús Arngrímsson hreppstjóri bréf til sýslumanns er varðaði annmarka sem hann taldi vera á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 1809. Í bréfinu minnst hann m.a. á upprekstur á Skarðsafrétt, en þar segir:

Fleiri orsaka Vegna er eg til knudur ad framm færa fyrir ydur umqvörtunar efni; ahrærandi Réttar höld og fleira þar ad lutandi hér i Sudur Parti Sysslunnar enn einkum sem mér er nu sem stendur í Jorva hrepp vid komandi, ad sönu liggur vid hrepps Pappirana hia mér Cóbbia af Amts Reglu giördinni, Daterud 13<sup>da</sup> Aug: 1809 um Réttar höld i Dála Sysslu og fleira þar ad lutandi, sem þo Vantar á ad sje eins fullkominn og eg hefí sjeð hana annars stadar, þvj éingínn viss réttar dagur er tiltekinn i henni hér um Dáli, nefnd Reglugiörd finst mér i sumum póstum ei so skilmerkileg eda vel utlistud sem vera þirdti, eda hagqvæm firir almenning; og Tel eg þad first til hvad lög upprextur a Skards afrétt snertir þar sem Reglugiördinn til greinir, ad þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Middölum, enn takmarkar ecki hvad mikill Partur af Sveitunum, hvad þeir sem fyrir fiallgaungum eiga ad Ráda þurfa þo ad vita, til þess þeir géti reglulega til sagt þeim fiallskil a Haustum sem þangad eiga lög upprextur; og hinir sem fiallatolla eiga ad taka, meigi vita eptir þeim ad ganga hia þeim sem þangad eru skildugir ad reka; 2ad hvad Réttar höldinn snertir hér i Sudur parti Sýsslunnar hafa þær alldrey Verid haldnar a þeim sömu dögum og Reglugiördinn til seigir, heldur víðast hvar halfum manudi firri; utann Vatnsrétt hefur nu nockur undannfarinn ár Verid réttud þrem dögum sidar enn Reglugiördinn til tekur. Skards rétt hefur nu nockur undannfarinn ár Verid réttud þridjudaginn i Tuttugustu viku sumars, enn Vatns rétt þridjudaginn i Tuttugustu og annari sumar vikunni og finst mer þad mídur hagqvæmt hvar 2<sup>ar</sup> Rettir eru haldnar i sama hrepp og samganga er ad so langt skuld lýða á milli réttanna og eg held þad sje Dæma fátt; Adur Var skards rétt réttud a sama dag og leitad Var til hennar Nefnil. á Manudaginn i 20ustu Viku sumars; enn Vatns rétt nærstadað eptir, enn vegna þess ad ofært þokti ad rétta skards rétt sama daginn og leitad Var tóku menn upp ad rétta hana daginn eptir og sýðann hefir réttarhaldid gétað farid fram med betri reglu, og öllum sem ad henni hafa sokt þokt þad hægr, ef skards rétt skal haldast sama dag og Verid hefur undannfarinn ár nefnil: a þridjudag væri hagfeldast Vatns rétt væri réttud a midvikudaginn þar eptir; til leidannlegir mundu Haukdælingar ad skards rétt væri réttud eimri viku seirna enn Verid hefur Væri þa Vatns rétt réttud um sama týma bil, hvad Laxdælingar sem halda sig ad vatns rett munu breigir til, utan nýr yfirvalda úrskurdur komi þar til.

í þridja mata er aqvardad í Reglugiördinni ad fiár úr gangur úr, allri sysslunni skuli rekast rétt úr rett til skila réttar sem sie seljalandsrétt; enn alldreý hefur fiar úrgangur komid úr Vestur Parti sysslunnar til Haukadals rétta, enn úrgangur úr skards rétt hefur ætid geingid til Fellsenda réttar, og optar þadann til Seljalands réttar og þar Verid skipt upp án þess lysingum hafi Verid uppi haldid, þar til skila rétt hefir verid úti, sem ej hefur Verid haldinn firri enn viku firir Vetur. Sidann hefur þad Fje ordid Hördudals hrepps eins, sem ej hefur upp

---

spurst mundi nú ecki eins vel fara að skila rétt væri einginn í sysslunni og hvör hreppur hefði sinn úr gang eins og tígdast í norður landi, enn lísingum Væri uppi haldid í tíma; enn þækti ej til þess ráðandi þa að færa skila réttina a hentugri stad í sysslunni Nefnil; nær midri sysslu Eda þa í þriðja lagi að fjölga skila réttum, so ein skila rétt Væri fyrir Laxárdal Haukadal Middali og Hördudal enn önnur fyrir Vestur Part sysslunar, og mundi þa best fara að sú skilarétt sem hér í Dölunum væri, Væri haldinn a þeim stad hvar öllum hreppunum væri hægst að sækja til hennar, og mundi Vatns rétt ej vera sú ohentugasta, þangad væri og nockud nærri um Vega leingd fyrir Sunnlendinga og nordlendinga að sækja, fyrir það mætti hvör hreppur hafa sinn úr Gang, og þírdti allreyr úr firstu réttum að rekast í burtu enn úr öllum hreppunum væri rekid til skila réttarinnar a þann stad og dag sem til þess væri Valinn og hentugastur þækti; Gæti þa hvör hreppur tekid heim til syn aptur það sem ecki geingi ut vid skila réttina, hvad mér finsz langt um jafnara enn það verdi eins og Verid hefur eins hreppz agódi, sem úr fleiri hreppum er rekid; Lýka væri þa komid í Veg fyrir að fie manna Væri fiarlækt eigundum eins og stundum hefur þo ordid fyrir þa orsök, að úr gangurinn hefur verid rekinn rétt úr rétt til skila réttar. Lyka gæti þa maske einhvör hreppurinn sem þar hefði ~~maske~~ List til og þækti það i einhvörju ~~fært~~ hentugra færð réttar haldid um viku tíma, sem eg sje ecki að verdi medann úr gangurinn skál rekasz rétt ur rétt, utann margar síeu þa færðar hvad er vidz mun veita að geta feingid. Þettad hér að framann skrifad til sendi eg ydur so sem Vidkomandi yfir Valdi til yfir sk[od]unar, ef ské mætti eitt hvad af því irdi Nótad til undir bunings betri Reglu med réttar höld og fleira þar að lutandi i Haukadal enn Verid hefur.

Nupe þann 24 October 1842.

Magnus Arngrimsson<sup>153</sup>

Hinn 16. desember 1842 skrifaði Jón Jónsson á Melum, eigandi Skarðs, amtmanni Vesturamts bréf varðandi upprekstur og fjallskil á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir m.a.:

Í tilliti til jarðarinnar Skarðs hofum við ecki það álit á hagnaði á fjárupprekstri á afrétt þessa, að ockur ecki standi á sama, hvort honum er framhaldeð eða ecki, sé þá ei heldur rekeð á Villíngadal, en líkt mundi á þessari afrétt fara og annarstaðar, þar sem þær eru forsómaðar eða aflagðar, að geldfé sem þangað kynni að slángra af kringliggjandi afréttum og fjallöndum, mundi þar úti verða, sökum vanleita, en sé fjárupprekstri annars framhalded, og hann ei fullkomlega og útþryckilega aftekin á Skarð afrétt [...].

2. Í tilliti til þess atvöðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villíngadal, orsakar teðrar jarðar fjallandi, viljum við tilstanda ábúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrirteðum upprekstri, hvörra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villíngadal, fái þeir þartil teðrar jarðar ábúanda samþycki, en ei viljum við liða

---

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(190).

---

að fleiri reki á Villingadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalingslaust.<sup>154</sup>

Varðveittur er samningur milli Skarðs og Villingadals um fjalltolla, dagsettur 18. júní 1843. Þar segir:

Þar eð bóndinn mr. Björn Björnsson á Skarði hefur fundið mig í dag í því tilliti að heira hvörn samning eg villdi innganga um upprekstur hér á Villingadal við þá sem hlut eiga að Skarðstjettar upprekstri einkum abúanda og jarðar eiganda þá gjöri eg mig þar með ánægðan við hlutaðeigendur, að verði so að allir Haukdælingar og Náhlíðingar reki reglulega fje sit hér fram til afrjettar að sex menn reki hjer á Villingadal með mjer sjálfumm töldum enn hinir allir á Skarðsafirjett og eg hafí so fjóra fjallatolla með mínum enn ei fleiri, – til fullnustu þessum samningi er mitt under skrifad nafn.

Villingadal þ(an)n 18<sup>da</sup> júní 1843.

Oddur Jónsson

Hinsvegar skrifaðri uppastungu bondans Odds Jonssonar á Villingadal er eg samþyckur.

Melum þan 12<sup>ta</sup> Julii 1843.

J. Jónsson.<sup>155</sup>

Hinn 20. júlí 1843 skrifaði Jón Jónsson á Melum sýslumanninum í Dalasýslu bréf vegna skiptingar á upprekstri og fjallatollum milli Villingadals og Skarðs. Þar segir:

Velbyrðugum Herra Sýslumanni C. Magnúsen

a/ Skarði á Skarðsstönd

L. S.

Í tilefni af herra Sýslumansins háttvyrdda bréfi af 22<sup>rum</sup> Maji síðstl. hefi eg, fyrir milligaungu þess nú burtdauða bónda á Skarði Biörns Biornssonar, leitað samnings við eignarman og abúanda Villingadals, bóndan Odd Jónsson, viðvíkjandi deilingu upprekstrar og fjallatolla millum téðra bæa, hvors uppastungu í téðu efni eg legg hér inn, af mér samþyckta.

Eptir bestu athugun gét eg ei annað áliteð, en að afréttarmegnið þannig brúkað, sé nægilegt fyrir alla þá tilteknu bæi í Haukadal og Náhlíð, einkum þar það viðnýtur Mela víðlenda fjalllands, hvar yfrið margt af Haukdælinga og Náhlíðinga fé fyrirkemur á hvörju hausti, sem sumpart er rekeð til Skarðs- en sumt til Mela-Rétta.

Melum þan 20<sup>ta</sup> Julii 1843.

J. Jónsson

Til Herra sýslumans C. Magnusens.<sup>156</sup>

---

<sup>154</sup> Skjal nr. 2(203).

<sup>155</sup> Skjal nr. 2(205).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2(204).



---

Hinn 10. janúar 1844 skrifaði sýslumaður Dalasýslu amtmanni Vesturamts vegna reglugerðar um Skarðsafrétt:

I gunstige skrivelse af 20<sup>de</sup> Febr. f. a. har Deres höivelbaarenhed gunstigt, ved at tilstille mig herhos tilbage følgende Skrivelse med Bilage fra Syselmand J. Johnsen, betræffende en ny udarbeidelse af et Regulativ for den saa kaldte Skards afret her i Sysselet anmodet mig om, at gjøre udkast til samme m.m.

I anledning her af, undlader jeg ikke her med underdanigst, – efter af have omhandlet denne sag med ved kommende Repstyrer paa de sidstafholdte mandtalstthinge, samt corresponderet med sysslelmand Johnsen, forsaa vidt angik – passernde aarlig erstatning til opsidderen af gaarden Villíngadal, hvis betydelige græsgange til fiælds grændse til Skards afret. Her ved af tilstille det høje amt, et af mig udarbeidet Regulativ for bemelte Skards afret, til gunstig approbation – for saa vidt samme maaske finde amtets Bifald, den i mellem Sysselemand Johnson og bemeldte opsidder og ljer af Villíngadal skerte skriftlige overenskomst, følger hermed.

Skard í Dalesyssel den 10<sup>de</sup> Januar 1844.

Undertenigst  
C. Magnusen.<sup>157</sup>

Hinn 10. júní 1844 skrifaði Jón Jónsson á Melum amtmanni Vesturamts vegna reglugerðar um Skarðsafrétt:

Með Vestur amtsins háttvyrdda bréfi af 20<sup>ta</sup> Febr síðstl. hefi eg meðtekeð þeim á millum amtsins og Sýslumansins í Dalasýslu víxluðu bréfum, viðvíkjandi betri reglu í upprekstri og fjallskilum á Skarðs afrétt í Haukadal, þarameðal eirni af velnefndum Sýslumanni framvarpaðri Reglugjörð um geldfjárrekstur, grenjaleitir og Dyraveiðar á téðri afrétt um hvörja amted æskt hefur minnar erklæringar, hvört eg óskaði nockru í henni umbreitt eða nockru við hana bætt, áður en hún yrði viðtekin og auglýst til eptirbreitni.

Hérum leifi eg mér að framfæra þá meiningu mína og ósk: að leitardagurinn á téðri afrétt náqvæmar áqveðist, nefnilega Mánudaginn í 21<sup>tu</sup> viku sumars, undireins og leitir framfara á kríngleggjandi afréttum og fjallöndum að norðan- og sunnanverðu. Líka leifi eg mér að setja það til viðkomandi yfirboðara náqvæmar yfirvegunar, hvort ei sé þéanlegra, að úrtíningskindur þær, er fyrirkoma í Skarðs Rétt, eins og hvörri annari innan Dalasýslu, vaktist í þeim hrepp, hvar þær fyrirkoma, og Réttinn liggur, en að þær séu reknar rétt úr rétt til þeirrar svonefndu skilaréttar, opt og tíðum í en meiri fjarlægð við eigendur þeirra en þær voru í rétt þeirri hvar þær fyrst fyrirkoma, því þó þær ecki eigi heima í Vesturparti Dalasýslu, gétur vel skeð að þær séu héðan úr Strandasýslu, sem liggur strandleingis norðanverdt fjallgarðs þess, sem notaður er fyrir upprekstrarpláts úr þeim báðum, og er lítt mögulegt að eigendur fái þær í tíma uppspurðar, þá komnar eru í þvílíka fjarlægð, sem er úr Bitru og Kollafirði út undir Rauðamelsheiði.

---

<sup>157</sup> Skjal nr. 2(206).

---

Að öðru leiti finn eg ecki tilefni til, að æskja nockru umbreitt eða viðbætt í herra sýslumans Magnúsens velsamda Reglugjörðar uppkasti, hvört eg hérmeð ásamt hans bréfi og öðrum tilheyrandi fylgiskjölum undirgæfnast sendi amtinu til baka.

Melum þan 10<sup>da</sup> Junii 1844. J. Jónsson

Til Herra conferentsráðs amtmans Thorsteinsson.<sup>158</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu 1849–1850 segir um Skarð:

Skarð, 20h(undruð) með 3 kúgildum og 4 [vætta landskuld], og landrými töluverdt vedra og snjóasamt, torfrista slæm. Svonefnd Skarðs afrétt tilheyrir jörðunni hálf.

Metið til 350<sup>f(íkis)b(anka)d(ala)</sup>.<sup>159</sup>

Hinn 30. október árið 1844, sett sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt, um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamtsins staðfesti reglugerðina 25. desember sama ár. Reglugerðin var færð í afsals- og veðmálabók Dalasýslu og hljóðar svo:

Nr 148

Reglugjörð, fyrir Skarðsafrétt innan DalaSýslu um géldfjár upprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar.

1. Sá partur Haukadals sem ei er lagður til Vatnsréttar eður Þverðals upprekstur, og hvar í eru 15 bæir ásamt þeim parti Miðdala er Náhlíð nefnist og næst liggur Haukadal að sunnaverðu, að Stóraskógi undanskildum, skal einúngis eiga skyldu og lög upprekstur fyrir géldfé á Skarðsafrétt, enn engvir aðrir bæir eður sveitir.

2. Með tilliti til þess átroðnings, sem fjallafé gjörir Villíngadals ábúanda, hvör talsverð fjalllönd á í nánd [leiðrétt úr: grend] við Skarðsafrétt, uppberi hann árlega 4 fjallatolla, með sínum eigin íreiknuðum, enn 6 ábúendum í ofantilgreindum bygðarlögum, hvará meðal Villíngadals ábúandi telst, standi frítt fyrir að reka géldfé sitt á Villíngadal kjósi þeir það heldur enn á Skarðsafrétt, enn ekkért fleira fé, til þess að það gáangi á Skarðsafrétt réttist þar síðan og dragist betalingslaust.

3. Hvað grenjaleitir og dýraveiðar í afréttinni árlega snertir, svo hefir Skarðs ábúandi þar um að annast útvega skyttu, senda eptir henni á eigin kostnað, samt láta vaka á greninu; hvarámóti Jörfa og Vatnshorns ábúendum, sem öðlast fjallatolla Skarðs afréttar að helmíngi, ber að lúka allann kostnað skyttunni, ásamt þeim er með henni á greninu liggur, þá þess viðþarf.

4. Lömb skulu sitjast í hið minnsta vikutíma eptir fráfarur, áður þau eru á afréttinn rekin.

---

<sup>158</sup> Skjal nr. 2(207).

<sup>159</sup> Skjal nr. 2(24).

---

5. I fjallatolla lúkist af hvörjum búanda 1 gyldt lamb, af 20 til 60, enn 2 af þeim sem fleiri reka og séu þau goldinn strax í Réttinni, hvar þau skiptist á milli hlutaðeiganda, enn þeir er innan téðra bygðarlaga, reka lömb sín á aðrar afréttir, eður fjalllönd, ellegar halda þeim í heimahögum, skulu ei að síður skyldir vera að gjöra fullkomin fjallskil á Skarðsafrétt og gjalda fjallatoll eins og þeir hefðu á hana rekið, enn úrgánga kyndur þær sem hittast í Réttinni án eigara, vaktist í þeim hrepp hvar Réttinn er þar til hinn sami í tæka tíð sannar sinn eignarrétt, enn meðhöndlust annars að lögum og landsvana.

6. Leitardagurinn skal vera Mánadagurinn í 21tu viku sumars sé fært veður, enn annars sá nærsti fær dagur.

Að öllu öðru leiti, enn því hér að framan er tilgreint skulu þær almennu reglur, viðvíkjandi fjárupprekstri, fjallskilum og réttarhaldi, sem fyrirskrifaðar eru, svovel í Hreppstjórnar Instrúxinu, sem þeirri af Vesturamtinu áður staðfestu Reglugjörð fyrir Dalasýslu, vera gyldandi.

Skarði í Dalasýslu þann 30ta October 1844.

Undir minni hönd og innsigli C. Magnusen (L.S.)

Þaræð Amtið ei hefur fundið neitt í framanskriafaðri Reglugjörð um Skarðsafrétt er álítast kunni ólöglegt, eða ósanngjarnt, heldur það er miði til góðrar reglu og almennings hagsmuna, svo veitist Sýslumanninum í Dalasýslu hér með myndugleiki til, að byrta Reglugjörðina á nærsthaldandi viðkomandi manntalsþingum, hlutaðeigandi almenníngi til eptirbreytnis, eins og til að skipa viðkomandi Hreppstjórum, að þeir hafi nákvæma tilsjón með, að eptir Reglugjörðinni sé framvegis lifað. Islands Vestur Amts skrifstfu Stapa, þann 25 Dec.ber 1844.

Undir minni hendi og Amtsins signeti. Thoresteinsson (L.S.)

Auglýst fyrir Manntalsþingsréttinum í Dalasýslu höldnum á Hjarðarholti 14da, Jörva 15da Sauðafelli 16da Blönduhlíð 17da Hvammi 19da Staðarhóli 20ta Staðarfelli 22n og Ballará 23ja maii, árið 1845. testr C. Magnussen.<sup>160</sup>

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 segir að Stóra-Vatnshorn sé 44 hundraða jörð. Þá segir:

[H]agbeitt fær vetur og sumar; heima land lítid, en fjall lendi nokkurt; Jördinni tilheyrir fjórði partur af svonefndri Skarðs afrétt í hrepp þessum, er metst með

---

<sup>160</sup> Skjal nr. 2(217).

---

jörðunni og matsmenn álíta þess af 20rbd virði. Med hvorju med töldu jörðin metst öll til 500 Rbánkadala.<sup>161</sup>

Í jarðamatinu 1849–1850 segir að Jörfi eigi fjórða part af Skarðsafrétt. Þar segir:

Jörvi, 30h(undruð) med 5 kúgildum og 4 vætta landskuld og þykir mikid góður leigumáli. Túnid er lítid, en greidfært og gott, er hætt vid stór skemdum; engjar hægjar, góðar og miklar, en skridu hætt. Hagbeit góð, og fremur hagasamt; vedra samt er hér mjög; torfrista góð, – Jörðin á fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt, **sem matsmenn** meta 20<sup>r(íkis)d(ala)</sup> virði, en jörðina alla, að því medtöldu, til 600<sup>r(íkis)b(anka)d(ala)</sup>.<sup>162</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 var lesið upp bréf frá eigendum Skarðsafréttar með yfirlýsingu um að þeir leyfðu ábúanda Lækjaskógs upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók segir svo frá:

4. Voru lesin acc[epi] leyfisbréf frá eigendum Skarðs réttar af 22. dec. 1834 [og] 16. Febr. 1852, hvar með þeir leyfa ábúanda Lækjarskógs upprekstur í Skarðs afrétt, í stað nokkurra bænda frá Náhlíð sem hafa gengið undan með upprekstri.<sup>163</sup>

Hinn 22. mars 1854 sendi amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna uppreksturs ábúanda Lækjarskógs á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir:

J brjefi dagsettu 6. Juni f.á. hefur bóndinn Jón Guðmundsson á Lækjarskógi getið þess, að hann hafi leyfi hlutaðeigenda til að reka geldfje sitt á Skarðs afrjett í Haukadall, en að sveitarstjórnir í Laxárdal samt sem áður hafi farið þess á leyt við sig, að hann greiddi dýratoll og gjörði grenjaleytir og fjallskil í Laxárdalshrepp, undan hverju hann tjáist hafa færst, og þessvegna leytar Amtsins atkvæða um það, hvort Lækjarskógs ábúendur skulu hjer eptir skyldi til að gjöra fjallskil og greiða dýratoll í Laxárdalshreppi.

Af þessu tilefni undanfelli eg ekki hjer með að tilkynna Herra Kammerráðinu til eigin athugasemdar og auglýsingar fyrir ofannefndum Jóni Guðmundssyni, samt fyrir sveitarstjórninni í Laxárdals hrepp: að en þótt að nýnefndur Jón hafi fengið leyfi til að reka geldfje sitt á afrjett í framandi sveit, álitur Amtið hann þó engan slíkan rjett hafa til að skerast úr því sveitarfjelagi, hvartil hann heyrir, að hann þarvið geti fríast við að greiða dýratoll og gjöra grenjaleytir í sveit sinni eptir jafnaðar tiltölu við aðra, eptir sveitarstjórnarinnar ráðstöfun. En hvort hann af áðurtjeðri orsök getur fríast við að gjöra fjallskil í Laxárdals hreppi, verður að vera undir því komið, hvort sveitarstjórnin og sveitarbændur vilja samþykka það, eður finna það sveitinni bagalaust, því ef svo er, þá hefur Amtið fyrir sitt leyti ekkert á móti að hann fríast frá fjallskilum í Laxárdalshreppi. En vilji sveitarmenn ekki leggja samþykki til að hann fríast frá fjallskilum í Laxárdal, finnur Amtið sjer ekki heldur hæfa að veita honum slíka fríun. Að

---

<sup>161</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2(175) og 2(191).

---

bóndanum á Lækjarskógji kunni að aukast kostnaður, ef hann heldur áfram að reka geldfje á Skarðs afrjett, og sveitarmenn í Laxárdal ekki vilja fría hann þar frá fjallskilum, getur ekki haft þá verkun, að hann eptir lögum og rjetti geti krafist slíkrar fríunar; því slíkur aukinn kostnaður verður næstum ætíð beinlinis afleiðing af því, þegar menn vilja skerast úr þeim fjelags skap, eður því sambandi, hvar til þeir eptir lögum og landsvana eru bundnir.

Skrifstofu Vesturamtsins í Stykkishólmi, 22. Marz 1854.

P Melsted<sup>164</sup>

Hinn 7. mars 1863 sendi hreppstjóri Haukadalshrepps bréf til sýslumanns þar sem hann gerði sýslumanni grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi sem haldinn var 21. febrúar sama ár. Í bréfinu segir:

J Brefi dagsettu 12. Desembr. fyrra ár hafið þér herra sýslumaður óskað eptir að eg hjeldi fund í Haukadalshreppi til að ræða um gjeldfjárupprekstur fjallskil, rettarhald, grenjaleitir og til að kjósa 2 menn úr Hreppnum til að fara á þann síslufund er þíer segist alta að halda um nærst komandi sumarmál.

Þessi sveitarfundur var haldinn á Jörva þann 21. Febr. mán. nærst lidinn hvar þar mættu flestallir sveitar bændur hér ásamt með nokrum bændum úr Náhlidinni er áttu upprekstrar tilkall á Skarðsafretti og var á þessum fundi rætt um þessi fyrgreindu atriði og urðu útfölinn þessi,

1. að Skarðsafrettar eigendur kröfdust þess að allir þeir menn sem átt hafa þar upprekstur haldi vid hann frammvegis.

2. Fjallatollar skuli greiðast svo leidis að þeir sem reki á afrettina svo framt það gjöri allir þeyr er þar hafa átt upprekstur eptir nú gildandi upprekstur Reglugjörð, greidi 5 fiskar af hvörkjum 30<sup>u</sup> sauðkindum sem reknar yrðu en grenjaleitir og Dyraveiða kostnaður lendi jamt eptir tiltölu á öllum þeim er uppreksturinn eiga á afrettinni.

3. Sumir i Hreppnum voru á því að Vatnsrett væri sameinuð við Skarðsrett enn sumir mæltu á móti því, og var því leitað að kvæda fjölda að því, og urðu 17 á því að Rettirnar væru sameinaðar, enn 5 mæltu á móti.

4. Leitir að Skarðsrett skuli frammfara á mánudaginn i 21. viku sumars og rettar haldid daginn eptir.

5. að skila rettar hald yrði til tekinn dag i Haukadals.

Þettað tilkinnist yður þienustu samlega til ihugunar.

Leikskálum 7. Mars 1863.

Vyrðingarfllst Þ. Bergþórsson<sup>165</sup>

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd Haukadalshrepps bréf til sýslumanns þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundi hreppsins. Í bréfinu segir:

Eptir ósk Sýslunemdarmannsinnis í Haukadalshreppi, hjelt Hreppsnemdinn þar fund með sér að Jörfa (þingstað) og kallaði þángað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjalllönd, til að víta um hvorjir af þeim

---

<sup>164</sup> Skjal nr. 2(192).

<sup>165</sup> Skjal nr. 2(193).

---

vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanfögnu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá –

1. Kostnir 4<sup>ir</sup> til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og vard álít þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.

2. Var þá farið að semja við þessa landseigendur hvað háa leigu að þeir settu upp firir Landið Og var ákveðið að eptir alt þettað land skildi gjaldast, af nemdri fjártölu 7 vættir og 20 fiskar er þá 20 fiskar af hundrað fjár – Ef ekki irði svo mart geldfje hjá upprekstrar mönnum að sjetja í Landið, skildi gjaldid stíga niðrúr 7 vættum og 20 fiskum enn verda þó jafnann 20 fiskar eptir 100 fjár, kæmi það fyrir að upprekstrar menn ættu fleira fje, enn þessa til teknu upphæð sem þeir þirtu að reka í nemt land, skildi þeim það leifast allt svo leingi að ekki virtist verða skaði af á Landinu, og Leigann þó aldrey stíga upp úr 7 vættum, og 20 fiskum og í þessu Landi skildi hvorki vera hafður búsmali nje Hross, og ekki heldur brúkað til slægna.

3. Firir það sem Réttinn stendur á Skarðs lód, og sjerstakann átroðning á Skard ábúanda, og að hann taki að sjer að láta Leita grenja leitir á Landi þessu, skal hann árlega hafa af óskiptri upphæð fjallatollanna. 1. vætt. og 20 fiska.

Firir það sem Villíngadals ábúandi æltar að lída geldfje þó það kæmi á Villíngadal, skal hann hafa af nemdum fjallatollum 20 fiska árlega – Enn því sem þá er eptir af fjallatollunum skal skipt eptir rettri tiltölu, eptir því sem matid hefur verid í hvört land, fyrir sig af fjénu.

4. Allir Bæir í Haukadalshreppi skulu eíga Lög upprekstur á Skards afrétt að Vatni og Villíngadal undanskíldum (þeir hafa upprekstur hvör hjá sjer) Einig skulu eíga upprekstur á Skards afrétt þeir bæir í Náhlíd sem hér greínir, Ytra Skogskot, ~~Kvennabrekka~~, Svalbarði, Svínhóll og Oddstaðir.

5. Þar sem ekkert varð ákveð með Vatnsland, hvört það mundi verða led til uppreksturs, eða brúkað fyrir selland, var það enn ekki metid.

6. Það var ákveðið að Skarðs rétt Eín skildi verða í Hreppnum enn Vatns rétt aftakast.

7. Leitardagurinn skildi verða Mánudagurinn í 22 víku sumars, og þá leituð í heild sinni öll fjalllönd hreppsins, og rekid til Skarðsréttar, og rjettað þar daginn Eptir.

8. Það fje sem ekki þektist eða ekki irdi dregid í Réttinni, skildi vaktast í Hreppnum til þess víka væri til vetrar, það af fje sem Eigendur ekki gæfu sig að á þeim tíma skildi uppþjóðast vid opinbert uppþod.

9. Fjalla tollarnir skulu greiðast Landeigendum firir octóber mánaðarlok ár hvort í gildum landaurum, kindum eða peníngum, eptir þá gildandi verdlagskrá.

10. Finnist gren í Afréttarlandinu, skal hvor þess Landeígandi annast um í sínu landi að útvega skittu á það, láta mann vaka á grenínu og annast um að greiða allann kostnad þar af leiðandí.

11. Komi ómerkíngar firir í Rettinni sem eingin gæti helgad sér, skulu þeir uppþjóðast og falla til sveitarinnar.

---

Þegar Reglugjörðin fyrir Skardsrétt, verður af Sýslunemdinni saminn, verða þær reglur eður samningar að verða sem hér standa í annari, þridju, fjördu, sjöttu, og tiundu grein að standa óraskaðar, því það er sameiginlegur samningur á milli Landeigenda og upprekstrar manna, Enn að öðru leiti búunstum við, að Sýslunemdinn, semji, og setji fullkomnar trygkjandi reglur að því leiti sem þjenar til frammkvæmdar, áhrærandi fjallleitir, með meiru.

Haukadalshreppi, þann 3. Desember 1875.

P. Bergþórsson, J. Hallsson

Jeg undirskrifaður er öllu hér að framann, og ofanskrifuðu samþikkur utan því, að Vatnsrétt sje af tekinn, og þeir bæir sem jeg hef ljed upprekstur skuli halda við hann.

Jón B. Jónsson<sup>166</sup>

Hinn 7. nóvember 1881 voru Þorvarður Bergþórsson á Leikskálum og Jón B. Jónsson á Vatni útnefndir skoðunarmenn á jörðinni Skarði í Haukadal af settum sýslumanni Dalasýslu, Ásmundi Sveinssyni. Matsgerð þeirra fyrir Skarð er dagsett 23. desember sama ár og hljóðar svo:

Ásmundur Sveinsson, settur sýslumaður í Dalasýslu

Kunngjörir: að jeg eptir boði amtmannsins yfir Vesturamtinu hefi sett og útnefnt, eins og jeg með þessu bréfi set og útnefni þá: hreppstjóra Þorvarð Bergþórsson á Leikskálum og sýslunefndarm. Jón B. Jónsson á Vatni til þess, sem kunnuga og óvilhalla menn að virða og meta til peningaverðs jörðina Skarð í Haukadal innan Dalasýslu 20 hndr. að fornu mati.

[...]

Á hinns vegar rituðu skjali er okkur hjér undirskrifuðum uppálagt að virða jörðina Skarð til peningaverðs og sínir virðing okkar á henni eins og hjer á eptir filgir –

Jörðinn Skarð í Haukadal í Dalasýslu sem er að fornu mati 20 hndr. Henni filgja 3 ásauðarkúgildi sem eptir gjaldast 60 hndr. Smjörs árlega. Í Landskuld gelds árlega 40 kr. í peníngum, jörðinn hefur heldur lítið tún enn í meðallægi gras géfið, hún hefur mikið og gott fjallland og er nokkuð af því brúkað fyrir geldfjé á sumrinn til uppreksturs hún hefur heldur litlar og reitingssamar slæur, enn gras góðar, á jörðinni má frammfleita hjer um 3 kúm, 100 fjár, og 6 hrossum. Jörðinni er fremur hætt við smá skriðu áruna á Eingar af völdum náttúrunnar svo slæur hafa heldur geingið úr sjer og vegna þess þó jörðin renti sig nokkuð talsvert, getum við ekki álitid að hún seldist meira enn 1,450 krónur sem við virðum hana hjér með.

Leiskálum og Vatni 23. Desembr. 1881.

P. Bergþórsson

Jón B. Jónsson.<sup>167</sup>

Hinn 31. október 1899 óskuðu þrír bændur í Haukadalshreppi eftir úrskurði amtmanns í Vesturamti varðandi upprekstur í hreppnum. Í bréfinu segir:

---

<sup>166</sup> Skjal nr. 2(194).

<sup>167</sup> Skjal nr. 2(208).

---

Það tveir til þrjú bændur í Haukadalshreppi í Dalasýslu taka upprekstur á fjenaði í fjalllönd sýn og þikjast eiga heimtín[gu] á að flestir sem þurfa reki í fjalllönd sín jafnvel þó fleiri bændur í hreppnum geta tekið upprekstur í sín lönd og geri það (því hreppurinn á aungvan afrett) þá vilja þeir fyrst nemdu bændur fá alla upprekstrar tolla af okkur af gamalli venju, þó við fáum upprekstur hjá öðrum á Ári hvorju hjá nágrönnum okkar sem geta ljeð upprekstur. En hinn uppreksturinn getum við valla notað sakir vassfalla og vegaleingdar og svo vitum við ekki betur en okkur sje heimilt að kaupa upprekstur hjá öðrum sem geta ljeð okkur hann og erum við óánægðir með að gjalda þeim fjallatoll sem við rekum fjenað okkar aldrei til og er langt í burtu frá okkur þó það sje gömul venja og kanske af yfiringangi sprottin og eigi að heita hefð.

Nú sökum þess að við viljum ekki leingur gjalda tvenna upprekstrar tolla og hjer er lítið um að geta feingið hreinan úrskurð á máli þessu, þá erum við neiddir til að skora á yður Herra Amtmaður að yður mætti þóknast að gefa okkur úrskurð á máli þessu fyrst hvort við meigum ekki kaupa okkur upprekstur á fje okkar hvar sem við vilum, (nefnilega hjá nágrönnum okkar) og annað hvort við sjeum skildir til að gjalda hinum líka fjallatoll sem við rekum aldrei fjenað okkar til þó það sje gömul venja.

Þorsteinsstöðum í Haukadal 31. október 1899

Einar Helgason Þorsteinn Þorvarðarson

Einar Jónsson

Til Herr. Amtmansins í Suður Amtinu.<sup>168</sup>

Hinn 4. mars 1900 skrifaði Björn Bjarnarson sýslumaður í Dalasýslu bréf til amtmanns í Vesturamti. Bréfið varðaði kæru frá tveimur bændum vegna uppreksturs í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir:

Um leið og jeg leyfi mjer að endursenda hinu háttvirta Vesturamti kæru frá bændunum ~~og~~ á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi og legg með útdrátt úr afrjettarreglugjörð Dalasýslu um þetta atriði, skal jeg eptir að hafa leitað upplýsinga í Haukadalshreppi leyfa mjer að skýra frá þessu:

Fyrir alllöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi, en síðan hefur ekki verið metið upp; var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á afrjettarlöndum sem tilheyra Jorfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbondinn á Vatni ~~hann~~ var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnsland; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrjettarfje hreppsins nema Vatnsfje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir allt afrjettarfje hreppsins. Hreppsnefndin skýrði svo mönnum frá hverjir ættu að reka í hvert af þessum 3 löndum, sem öll eru samhangandi, og um leið hverjum hinna 3 landeiganda, ~~hjt~~ af hverjum þeir ættu að taka fjalla eður upprekstartoll. Nú á síðari árum hefur verið heldur fátt fje á Vatni og hefur því verið talsvert land afgangss því sem ábúandinn hefur

---

<sup>168</sup> Skjal nr. 2(213).



---

þurft handa sínu fje og hefur hann því tekið upprekstrarfje af kærundunum, sem eru nágrannar hans og eiga því hægst með að reka í Vatnsland, en í þessu sambandi skal jeg taka fram að það er ósatt í kærinni og kærundur vegna vatnsfalla og vegalenda geta ekki notað upprekstur í hin 3 fyrrnefndu lönd; þeir þurfa ekki að reka nema yfir 1 á, en yfir hana þarf að reka þá rekið er í Vatnsland frá jörðum kæranda, og vegalengdin er um 1  $\frac{3}{4}$  míla.

En það sem hjer aðallega kemur til greina er, að hjer í sýslu eru engir afrjettir sem eru almenningseign, heldur aðeins afrjettir, sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og St. Vatnshornsafrijetur í Haukadal og hins vegar eru víða jarðir hjer.<sup>169</sup>

Hinn 4. mars 1900 samdi Björn Bjarnarson sýslumaður Dalasýslu umsögn um upprekstur í Haukadalshreppi. Umsögnina sendi Björn amtmanninum í Vesturamti með framangreindu bréfi dagsettu sama dag. Í umsögninni segir:

Umleið og jeg endursendi hinu háttvirta Vesturamti kæru bændanna á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi um upprekstur skal jeg hjermeð leyfa mjer samkvæmt tilmælum amtsins að skýra frá álitinu á máli þessu.

Samkvæmt afrjettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrjettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna.

Afrijetarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjáruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeignum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna.

Í Dalasýslu er engin afrjettarlönd sem eru almenningseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrjettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum.

(Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldfje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjárs síns.

En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstarfje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrjettarlönd eru til í hreppnum.

---

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(209).

---

Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrjetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum.

Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrjettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins.

Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstrarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafjett.

Jeg skal enn geta þess, að nokkru eptir að reglugjörðin kom út, bjó sjálfseignarbóndi á Vatni að nafni Jón Bjarni Jónsson, fjárríkur maður; hreppsnefndin fer þá af misskilningi í 8. gr. Afrjettarreglugjörðarinnar (að því er ég álit) að jafna niður í lönd manna gjeldfje hreppsins (eptir 2 punkt greinarinnar) og lýsti þá Jón Bjarni því yfir að hann tæki ekkert gjeldfje í Vatnsland, en nú um nokkur ár hafa bændur á Vatni haft fremur fátt fje, og hafa því viljað taka upprekstrarfé af öðrum og þar sem landið er gott, og Köldukinn aðeins greinir Vatnsland frá Þorsteinsstöðum, en Köldukinnar land liggur að Vatnslandi og aðeins á (Þverá) á milli þá hafa bændurnir á Þorsteinsstöðum og Köldukinn viljað reka þangað; en til skal taka það fram að það er ósatt sem stendur í kærinni að kærundur geti ekki notað upprekstur á afrjettina vegna vatnsfalla og vegalengdar því á leiðinni frá Þorsteinsstöðum í Köldukinn fram á afrjettina þarf ekki að fara yfir aðra á en Þverá, en yfir hana þarf að fara til þess að reka í Vatnsland og öll vegalengdin er ekki meiri en c. 1 ¾ míla.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfa-afjetti sem afrjetti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framur en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrjettir, þá eru allsengir afrjettir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.

Loks er það alveg eðlilegt að reglugjörðin leyfir mönnum aðeins að hafa sitt eigið geldfje í fjallöndum sínum, þegar afrjettir eru til í hreppnum, því að þessi fjallönd liggja optar að búfjárhögum annara manna og mundi verða óþolandi ágangur á búfjárhaga þessa af fjallafjenu.

Jeg vonast eptir að heyra álit amtsins um þetta á sínum tíma.

Skrifstofu Dalasýslu 4. mars 1900

Björn Bjarnason

Til Vesturamts Íslands.<sup>170</sup>

---

<sup>170</sup> Skjal nr. 2(210).

---

Framangreindri umsögn Björns sýslumanns til amtmannsins í Vesturamti frá 4. mars 1900 fylgdi svohljóðandi útdráttur úr reglugjörð fyrir Dalasýslu um fjallskil 24. júlí 1876:

Útdráttur

Reglugjörð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m.fl.

3. kafli. Um geldfjárrekstur á afrjetti og fjallönd á vorum.

8. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrjettarlönd eru, skulu, ef þeir að álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjalland fyrir sig sjálfa, skyldir að reka í miðjan afrjett að vorinu allt geldfje sitt. Nú eru engin slík afrjettarlönd, heldur aðeins heimalönd eða búfjár hagar og skal þá hreppsnefndin annast um, að fjenu sje jafnað í löndin að tiltölu rjettri.

(Seinni hluti greinarinnar er um það, að hreppur geti ekki borið sig sjálfur, og að hreppsnefndir skuli þá útvega upprekstur í öðrum hreppum)

Reglugjörð þessi er, eptir undirbúning hlutaðeiganda hreppsnefnda, rædd og samin af sýslunefnd Dalasýslu á fundi hennar 14. og 15. desembr 1875.

Lárus Þ. Blöndal

Fram-skrifuð reglugjörð er staðfest af amtsráði Vesturamtsins á fundi að Stykkishólmi 22. júní 1876.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 24. júlí 1876

Rjett eptirrit vottar Björn Bjarnason.<sup>171</sup>

Hinn 20. mars 1900 sendi amtmaðurinn í Vesturamti svarbréf til sýslumanns Dalasýslu vegna erindis þess síðarnefnda. Í bréfinu segir:

Sýslumaðurinn í Dalasýslu Marz 20 1900

Þorsteini Þorvarðarsyni

Einari Jónassyni og

Einari Helgasyni

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður dagsett 4. þ.m., og þarmeð umsögn yðar um erindi frá bændunum á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi, þar sem þeir bera undir antið, hvort þeir sjeu skuldbundnir til að kaupa upprekstur á fje sínu hjá tveimur eða þremur bændum ónefndum í tjeðum hreppi, sem þykjast eiga rjett til þess að menn noti upprekstarland, sem þeir eigi, og hvort þeir (spurjendurnir) ekki hafi heimild til að nota upprekstarland, sem þeir geti útvegað sjer fengið hjá öðrum, án þess að borga hinum nokkurn upprekstartoll, vil jeg taka það fram sem mína skoðun, að þeir spyrjendurnir sjeu eigi neyddir til að nota afrjettir tiltekinna manna, ef þeir sjálfir geta útvegað sjer upprekstarland og að þeir eigi sjeu skyldir til að borga upprekstartolla fyrir afrjettir, sem þeir ekki nota, nema hlutaðeigandi afrjettar eigendur geti sannað það með fullgildum skilríkjum, að sú kvöð hvíli á jörðum þeim, sem spursmál

---

<sup>171</sup> Skjal nr. 2(211).

---

er um, að ábúendurnir á þeim sjeu skyldir til að reka á afrjettina, og borga afrjettar toll, hvort sem þeir ~~gjörir það~~ noti hana eða ekki, sbr. hæstarjettardóm 25. marz 1898, snertandi Víðidalstunguheiði í Húnavatnssýslu (Hæstarjettar tíðindi, 1898, bls. 58–60) Úrlausn þessarar spurningar heyrir samt eptir eðli sínu undir úrslit dómstólanna, og verður hún eigi útkljáð með yfirvaldsúrskurði. Jafnframt því þjenustusamlags að tilkynna yður þetta, yður til leiðbeiningar og beitingar fyrir hlutaðeigendum, með því viðbætt, að jeg ekki fæ sjeð, að 8. gr. í fjallskilareglugjörð Dalasýslu, 22. júní 1876, ~~eigi við um þetta~~ geti ~~ett~~ gefið nokkra leiðbeining um þetta spursmál.

Ef eigi á að breyta þessari reglugjörð, sem mig minnir að þjer hafið sagt mjer að ~~ætt~~ stæði til, væri rjett að láta prenta hana í Stjórnartíðindunum, B., obr. lög 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslnefnda.<sup>172</sup>

Hinn 25. október 1918 sendi hreppsnefnd Haukadalshrepps bréf til hreppsnefndar Miðdalahrepps. Í bréfinu kemur fram að eftirfarandi hafi verið samþykkt á hreppsfundi Haukadalshrepps 19. þess mánaðar:

... að hreppsnefnd Haukadalshrepps færi framá við hreppsnefnd Miðdalahrepps að skaffa menn í fjalleitir hér í Haukadalshrepp á hausti hverju að einhverju leiti þann ágang sem er af fje Miðdælinga hér á Haukadalsafréttinni.<sup>173</sup>

Á hreppsfundi höldnum að Jörfa 24. maí árið 1919, var ráðinn maður til grenjavinnslu á Villingadal, Vatnsfjalli og Skarðsafrétt. Á fundinum var eftirfarandi fært til bókar:

Laugardaginn 24. maí [1919] var hreppsfundur haldinn á Jörva samkvæmt fundarboði sem gengið hafði um hreppinn,  
[...]

2. Þá var talað um að ráða mann til grenjavinnslu á yfirstandandi vori og gaf Ólafur á Giljalandi kost á sjer til að leita grenjaleitir og liggja á grenjum, fyrir leitina vill hann frá 3 kr. um dag hvern, en fyrir að liggja á grenjum vill hann hafa fyrir [fyrir, ofan línu] það sem hann kann að vinna samkvæmt því sem til er tekið í Reglugjörð sýslunnar að því viðbætti hann hafi alla yrðlinga sem hann nær, en vinni hann ekkert þá hafi hann ekkert kaup, nema fyrir leitirnar. Menn með honum er ákveðið að verði þessir, á Villingadal Jóhann á Mjóabóli, á Vatnsfjalli Jörundur á Vatni, á Skarðsafrjett Jón á Skarði, og setja þeir upp í kaup 5 kr. á dag fyrir manninn [manninn, ofan línu] jafnmikið hvort þeir eru bara daginn eins og þó það fari til þess allt að sólarhringurinn.<sup>174</sup>

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 segir um Skarð:

Skarð var lengstum fremsti bær í Haukadal að norðanverðu en fór í eyði árið 1956. [...] Í Jarðabók Árna og Páls 1703 og Jarðatali 1847 er getið um eyðibýli

---

<sup>172</sup> Skjal nr. 2(212).

<sup>173</sup> Skjal nr. 2(149).

<sup>174</sup> Skjal nr. 2(150).

---

í landi Skarðs sem hét Klömbur og telja menn helst að það hafi verið undir Klambrafelli í Klömbrumýri fyrir framan Réttarhóla en þar má greina fornar tóttir og túnmóa líkt og væri gamalt bæjarstæði.<sup>175</sup>

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 segir meðal annars um afrétti Haukdæla, Melamanna og Laxdæla:

Fyrir norðan og austan Geldingafell og Rjúpnafell (736) eru nefnilega hin fornu afréttarlönd Haukdæla og Laxdæla [...]. Aðalréttir fyrir allt þetta svæði voru frá fornu fari á Gillastöðu í Laxárdal og Melum í Hrútafirði en aðrar voru á Skarði og Vatni hvor á sínum enda Haukadals. Þetta er víðáttumikil grasgefin háslétta með nokkrum fellum sem fara lækkandi til norðurs [...]. Sunnan til var þetta oft nefnt Skarðsafréttur og Melaafréttur en Laxárdalsháls norðan til.<sup>176</sup>

## 5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.4.1.1 Skarð

Með kaupbréfi dagsettu 18. febrúar 1541 seldi Ormur Sturluson jarðirnar Skarð, Giljaland, Mjóaból, Hamra og Leikskála. Kaupandi var Daði Guðmundsson í Snóksdal.<sup>177</sup>

Skarðs er getið meðal eigna dánarbús Daða Guðmundssonar í Snóksdal samkvæmt reikningi Eggerts lögmanns Hannessonar um dánarbúið frá 1563–4.<sup>178</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 11. júní 1795 var lesið upp kaupbréf frá 26. júlí 1792, þar sem Jón Jónsson á Melum kaupir 10 hundruð í Skarði af Jóni Jónssyni í Böðvarsholti. Inntaks kaupbréfsins er ekki getið.<sup>179</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Skarð sagt vera 20 hundraða jörð í eigu Benedikts Bogasonar á Staðarfelli til helminga við erfingja Jóns Jónssonar á Melum í Hrútafirði. Arngrímur Sveinsson býr á jörðinni. Um landamerki jarðarinnar eða afrétt er ekkert fært til bókar. Fram kemur að ein tunna fjallgresis fái árléga en þess ekki getið hvar þessa fjallgresis sé aflað.<sup>180</sup>

Landamerkjabréf fyrir Skarð í Haukadalshreppi er dagsett 20. maí 1887 og því var þinglýst 25. sama mánaðar. Þar er merkjum Skarðs lýst með heildstæðum hætti. Þar segir:

1. Að austanverðu milli Mela og Skarðs:

Frá hinum norðvestari Grjóthól á há Geldingafelli, suður á litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadalsskarðs, þaðan yfir Haukadals skarð, þar sem vötnum hallar milli Ormsár að austan og Rjettargils að vestanverðu, þá beint yfir Klambrafell og þangað sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala.

---

<sup>175</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala: *Árbók* Ferðafélags Íslands, 1997, bls. 199.

<sup>176</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala: *Árbók* Ferðafélags Íslands, 1997, bls. 199–200.

<sup>177</sup> Skjal nr. 4(58).

<sup>178</sup> Skjal nr. 4(59).

<sup>179</sup> Skjal nr. 2(171).

<sup>180</sup> Skjal nr. 2(53).

2. Að sunnanverðu ræður Svínadalsá þar til hún fellur í Haukadalsá.
3. Að vestanverðu milli Skarðs og Kross ræður Haukadalsá frá Svínadals á, þar til Skarðsgilslækur fellur í hana.
4. Að norðanverðu ræður lækur sá, sem fellur eptir Skarðsgili á fjall upp, svo langt sem hið djúpa gil nær og eru þá Skarðs landamerki á kollóttum skriðuhól í Skarðsgilsbotni austanvert við áðurnefnda Skarðsgilslæk og nefnist hóllinn Sandhóll og er lækjarfarvegur og grasbarð utan hann. Af þessum Sandhól ræður sjónhending á hinn fyrstnefnda Grjóthól á há-Geldingafelli.

Þareð það virðist fullvíst, að landamerkjaskýrsla Giljalands eigi fari yfir merki þau, sem hjer eru greind undir tölulið 4, en á hinn bóginn þykir kunnugum mönnum vafasamt hvort Giljaland eptir henni á allt land að þessum merkjum þá virðist eigi brín þörf á undirskrift eiganda og umráðamann Giljalands, þar hann vegna ókunugleika og af því að hjer er orðað öðru vísi um þessi merki en í skýrslu hans, – eigi hefur viljað ritað nafn sitt undir þau merki, sem hjer eru talin, þó skýrsla um þau hafi legið hjá honum nærri hálfu ár, og hún greini ljósara landamerki en Giljalands landamerkjaskýrsla. Melum 20.[vantar mánuð]1887. Jón Jónsson eigandi jarðarinnar Skarðs.<sup>181</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni Jónssyni eiganda Skarðs og undirritað um samþykki af J. Magnússyni „umráðamanni kirkjujarðarinnar Kross“ og Jóni B. Jónssyni eiganda Stóra-Vatnshorns.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a. um Skarð:

Jarðnytjar [...] 3. Beutiland er bærulegt fyrir allar skepnur, víðlent, næðingasamt, snjóþungt, langt á það. 4. Upprekstrarland nægilegt.

[...]

Ókostir [...] 5. Ágangur af afréttarfé.<sup>182</sup>

#### 5.4.1.2 Kross

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703* segir m.a. í umfjöllun um Kross:

Kirkjujörð Sauðafellskirkju.

[...] Jörðin liggur við afrjett, og liður stóran átroðning af afrjettar peningi.

Landamerkjabréf Kross í Haukadalsdal er dagsett 6. maí 1885 og því þinglýst 27. maí sama ár. :

Að norðanverðu ræður Haukadalsá neðan frá Merkjalág og fram til Þorleifs(staða)gils. Að austan ræður Þorleifsstaðagil, sem fellur af fjalli ofan í Haukadalsá lítið neðar en móts við Sljéttárdalsmynni. Að sunnanverðu háfjallið eins og vötnum hallar milli Haukadals og Villingadals. Að vestanverðu

<sup>181</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>182</sup> Skjal nr. 2(25).

---

Merkjalág af fjalli ofan niður í Haukadalsá talsvert neðar en móti Fanngili að norðan.

Hvammi í Norðurárdal 6. maí 1885.

J. Ó. Magnússon

Umráðamaður kirkjujarðarinnar Kross.<sup>183</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki Þorleifi Andrésyni vegna Villingadals, Jóni Arnasyni vegna Jörfaafréttar, Jóni Jónssyni vegna Skarðs og Kristjáni Tómassyni og Ólafi Ólafssyni vegna Giljalands.

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afréttarfé og „af næstu bæjum“ talinn á meðal ókosta Kross.<sup>184</sup>

### 5.4.1.3 Giljaland

Landamerkjabréf fyrir Giljaland er dagsett 4. maí 1886 og því var þinglýst 28. sama mánaðar. Þar segir:

N<sup>o</sup> 141.

Skýrsla

um landamerki fyrir Giljalandi í Haukadal.

Á milli Giljalands og Smirlhóls – ræður svonefnt Farmgil, allt þangað til að gil fellur í það, sem Þvergil nefnist er ræður merkjum til upptaka þess, svo frá upptökum Þvergils – eptir há Geldingafelli á hæð vestari hæst á því, af hæðinni beint ofan Skarðsgilsbotninn að lágum sandhól, sem er í botninu, við gilið hjá grasbarðsnefi, sem skerst fram á skarpasta krókinn þá gilið fer að beygjast vestur á við; ræður svo gilið merkjum í Haukadalsá, og svo áin til áðurnefnds Farmgils

Þorbergsstöðum 4. maí 1886

Kr. Tómasson eigandi og umráðamaður Giljalands

A. Magnússon eigari ½ Smirlhóls

Jón Benediktsson eigari að hálfum Smirlhól

Oddur Sólmundsson Giljalandi

J. Ó. Magnússon umráðamaður Kross.

Þ. Andrjesson eigari Villingadals

Lesið á manntalsþingi að Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 141.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

s.d.<sup>185</sup>

---

<sup>183</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>184</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>185</sup> Skjal nr. 2(9).

---

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afréttarfé talinn á meðal helstu ókosta Giljalands. Þar segir:

Ókostir [...] 6. Ágangur af afréttarfé.<sup>186</sup>

#### 5.4.1.4 Melar

Í jarðamati yfir Strandasýslu frá 1804 eru Melar í Hrútafirði sagðir vera 30 hundruð að dýrleika. Jörðin var í eigu Jóns Jónssonar, sem sjálfur bjó á henni, ásamt leiguliðanum Sigurði Sigurðssyni. Þar segir m.a.:

Under denne Jord ere Ødejorderne: Grænumýrartunge, Ormsbær, Maangatofter og Loptshus inddragne, og ejes med den tillige.<sup>187</sup>

Landamerkjabréf Mela í Bæjarhreppi er dagsett 4. mars 1890 og því var þinglýst 19. júní sama ár:

Að austan verðu [verðu ofan línu] ræður merkjum sjónhend Ur vörðu, sem stendur á móabardi í Langhólma, suður í Hrútafjarðará. Þaðan ræður Hrútafjarðará alla leið þar til Skútagilskvísl rennur í hana.

Að sunnanverðu. Sjónhending úr Skútagili vestur í Reipagilsborg og svo vestur eptir hæðunum í Hæðastein. Þaðan yfir Norðurá til Sandgils (eða Sandkvíslar), sem fellur í Norðurá nálægt Holtavörðuvatni, svo ræður það gil upp undir fjöll og efst úr því í Snjófjallakamb hinn eystri og þaðan sömu sjónhending upp á hinn hæsta Snjófjallahrygg.

Að Vestanverðu. norður eptir fyrnefndum hrygg norður yfir Tröllakirkju og svo norður yfir milli Svínadalanna næst því sem vötnum hallar til þeirra beggja. Þaðan yfir Klambrafell þvert í Haukadalsskarð, þar sem holt eru hæst milli Ormsár að austan [að austan ofan línu] en Rjettargils að vestanverðu, þaðan beint uppá hæst Geldingafell og svo ræður hæsti [hæsti ofan línu] hryggur þess norður á Rjúpnafell, þaðan sjónhending á hæst Lambafell.

Að norðanverðu: af Lambafelli sjónhending æi Selá, þar sem byrja melhryggir, sem að henni liggja fyrir norðan Seláreyrar, þaðan ræður Selá ofan á móts við Arnarstapa og þaðan sjónhending í fyrstnefnda vörðu.<sup>188</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni Jónssyni, eiganda Mela, og undirritað um samþykki vegna Fornahvamms, Þverárhliðarhrepps, Norðurárdalshrepps, Stafholtstungna, Hvítársíðuhrepps, Fjarðarhorns og Fögrubrekku.

#### 5.4.1.5 Stóra-Vatnshornsmúli

Sjá umfjöllun í kafla 5.5.

---

<sup>186</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>188</sup> Skjal nr. 2(11).



---

## 5.5 Stóra-Vatnshornsmúli

Kirkjan að Vatnshorni er meðal kirkna í skrá Páls biskups Jónssonar yfir prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, sem tímasett er um árið 1200.<sup>189</sup>

Í máldaga kirkjunar að Vatnshorni frá 1355 segir m.a.:

Vatnzhornn.

Kirkiann ad vatnzhornne j haukadal er helgud medgudi marie. andree. petro. olauo. Þorlakho.

hvn a xx. c. j landi.<sup>190</sup>

Í máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá 1397 segir m.a.:

Kirkia ad Vatshorni j Haukadal er helgud med Gudi Mariæ drottningv. Andreae. Petro. Olavo. oc Thorlaco.

Hun a xc j landi oc v kyr. ij hross.<sup>191</sup>

Hinn 20. apríl 1430 gaf Loptur Guttormsson syni sínum Sumarliða m.a. jörðina Vatnshorn. Í gjafabréfinu segir:

Ollum þeim monnum sem þetta bref sia edur heyra send eg Loptur guttormsson kuediu gudz og mina. kunnigt giorandi at eg hefi gefit Ormi. Skula og Sumarlida. sonum minum og Kristinar Oddzdottur. svo heitandi iarder og frida penninga og ofrida. sierhverium um sig sem hier seigier.

[...]

Sumarlida gief eg þessar jarder j Daulum. Vatnzhorn. Lxc ad dyrleika og vatn. Hrafnabjorg. tungu. lauger og laugardal halfan. þorsteinsstadi og kaulldukinn. og hier med jarder a Finnmark. Hollt. kaulldukinn . hafstadi. Reiknast þessar jarder halft þridia hundrad .ca [þ.e. hundraða] og þar til .Lxc j fridum penningum.<sup>192</sup>

Hinn 1. október 1432, vottuðu Jón ábóti í Þykkvabæ og sex menn aðrir, um fjórðungjöf og löggjafir Lopts bónda Guttormssonar, til Sumarliða sonar hans. Á meðal gjafa Lofts eru jarðirnar Vatnshorn og Vatn í Haukadal, og Hrafnabjörg.<sup>193</sup>

Hinn 24. júní 1489 var gerður kaupmáli vegna hjónabands Sigurðar Þorleifssonar og Kristínar Finnbogadóttur. Í kaupmálanum er Vatnshorns getið. Þar segir m.a.:

Aullum monnum sem þetta Brief sia edur Heyra [...] vorum vier hia heyrðum og saaum æ ad Sygurður þorleifson keyptte Kristijnu Fimbogadotter sier til eiginkonu eptter þui sem Gudz Lög seigia med ræde og samþycke fimboga Jonsonar Logmans fodur hennar med so felldu fiekaupe og skilmæla. [...] Hier

---

<sup>189</sup> Skjal nr. 4(52).

<sup>190</sup> Skjal nr. 4(53).

<sup>191</sup> Skjal nr. 4(54).

<sup>192</sup> Skjal nr. 4(85).

<sup>193</sup> Skjal nr. 4(86).

---

j mot Gaf Greindur fimboge dottur sinne Kristijnu iij Jarder er so heita Ska(r)d huamur Vatzhorn. er liggia j Haukadal j Vatzhorns kyrkiusokn ...<sup>194</sup>

Í máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá árabílinu 1491–1518 segir m.a.:

Kirkia að vatnshorni j haukadal er helgud með gudi og mariu drottinnjngu. andree. petro. olauo oc thorlíko. hun a xx<sup>c</sup> j lanndi.<sup>195</sup>

Samkvæmt vitnisburði tveggja manna, dagsettum 30. apríl 1513, var Sléttidalur seldur vegna landskuldar af Vatnshorni. Í vitnisburðinum segir:

Þat giorum við þorðr arnbiarnarson og guttormur snorason godum monnum viturligt með þessu okru opnu brefi að uid uorum þar j hia saum og heyrðum æ ord og handaband helga jonssonar og þorðar andressonar upp æ nupi j uazsshorns kirkiu sokn að þorðr andres(son) selldi slettardal helga jonssyni með handabandi. og ockur hia uerandi fyrir .iij. c er hann uar skyllðugur j landskyllð af uashorne upp æ þriu ar og þar til eitt kuigilldi af peningum bondans ...<sup>196</sup>

Í þremur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá árinu 1523 og síðar, segir að kirkjan eigi hálfan Sléttadal og allan Haukadal.

hun á halfan sléttadal. og allan haukadal j Tiu hundrada eign að Gili þui sem næst er Saudafellzseli.<sup>197</sup>

Með kaupbréfi dagsettu 18. febrúar 1541 seldi Ormur Sturluson nokkrar jarðir í Haukadal og hálfan Sléttadal. Kaupandi var Daði Guðmundsson í Snóksdal. Í kaupbréfinu segir m.a.:

Þat giaure ec Ormur stillason gogum maunnum kunigt með þessu mijnu opnu briefe eg meðkenust at eg hefi sellt og lofat at selia Dada bonda Guðmundzssyni suo heitandi jarðir j haukadal j watzhorns kirkiusokn. Skard. Gilialand. miouabol. hamra og leikskala. hef ec nu afuent adurnefndum Dada bonda allar fyrskrifadar jarðir iij vtan leikskala og fulla peninga vppboret fyrir þær og halfan slettadal. sem mier uel likar og ænægir en leikskala a hann nu at leysa sem fie liggur j hene epter þui sem ockur semur j þeim peningum sem mier vel likar at taca en honum at giallda.<sup>198</sup>

Vatnshorns er getið meðal eigna dánarbús Daða Guðmundssonar í Snóksdal samkvæmt reikningi Eggerts lögmans Hannessonar um dánarbúið frá 1563–4.<sup>199</sup>

Í Gíslamáldaga, frá því um 1570, segir m.a.:

Vatnzhorn.

---

<sup>194</sup> Skjal nr. 4(55).

<sup>195</sup> Skjal nr. 4(56).

<sup>196</sup> Skjal nr. 4(57).

<sup>197</sup> Skjal nr. 4(63).

<sup>198</sup> Skjal nr. 4(58).

<sup>199</sup> Skjal nr. 4(59).

---

Kirkian ad Vatnshorne i Haukadal á halffann Sliettardal fyrer nordann framm i millum Sliettardalzár og Svijnadalzár. Suo langtt á fiall vpp semvotnumhallar. Jtem jordena Skinnthufu .x<sup>c</sup>.<sup>200</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 18. september 1639 segir m.a.:

Vatshorn

Anno 1639 18 Septembris a Vatshorne i Haukadal

[...]

hun ä J hejmalande effter gömlum breffum og mäldógum. Skjnnþuffu x hndr. effter sógn. Selstödu i Sliettadal. vj kug. halffpart huort.<sup>201</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 30. ágúst árið 1659 segir m.a.:

Anno 1659 30 Augusti Visiterud kyrkian ad Vatnshorne i Haukadal effter vilchinsbök Stendur ad þar skule vera prestur heimilis fastur og Luka fiörar merkur þängad [strikað yfir: til] liggia ad sama mäldaga xv bæer ad tiundum og lysetollum, eru fimm bænhus og takast sex aurar af hvoru, upplesenn var fyrstu visitatiu maldaga þessarar kyrkiu sem innskrifadur var 1639 effter þui sem Brandur Jönsson þä äbuaande sagde fyrer og framlagde, I föstu ä hun effter visitatiubök herra Gisla Jönssonar Jördena Skinnþufu x hndr. Item Hälfann Slettardal fyrer nordann framm i millum Slettardalsär og S[ví]madals är so längt ä fiall upp sem vótum hallar, ónnur fastaeign Stendur ecke i þessum tveimur mäldogum kyrkiunne eignud þui er effter ad spyria brefum og skiólum kyrkiunnar hiä hennar fiärhalldsmanne Biarna Peturssyne meige þad frammar vera sem kyrkiann ä i fasta eign edur itókum ...<sup>202</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 18. september árið 1675 segir m.a.:

Vatnshorn

Anno 1675 þann 18 Septembris Visiterud kyrkian ad Vatnshorne i Haukadal. Hun a i fostu effter Visitatiubokum H. Gisla Jonssonar, og M Brynjolfs Sueinssonar, Jordina Skinnþuffu x hndr. Item halfann Slettardal fyer Nordann framm i millum Slettadalsär og Suijnadals är so langt a fióll Vpp, sem Votnum hallar.<sup>203</sup>

Hinn 19. maí 1681 seldi Bjarni Pétursson jörðina Stóra-Vatnshorn. Kaupandi var Hákon Árnason. Í kaupsamningnum er ekki getið um Sléttadal.<sup>204</sup>

Þann 14. maí 1694 var gerð sátt milli Péturs Bjarnasonar og Hákons Árnasonar um fullnustu kaupverðs fyrir Stóra-Vatnshorn.<sup>205</sup>

---

<sup>200</sup> Skjal nr. 4(60).

<sup>201</sup> Skjal nr. 2(35).

<sup>202</sup> Skjal nr. 2(36).

<sup>203</sup> Skjal nr. 2(37).

<sup>204</sup> Skjal nr. 2(108).

<sup>205</sup> Skjal nr. 2(116).

---

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni, dagsettri 16. ágúst árið 1699, segir m.a.:

Vatnshorn i Haukadal

Anno ut supra [1699] d. 16 Augsuti visiterud Kyrkiann ad Vatshorne i Haukadal Sem Helgud er med Gude Mariæ drottningu Andreæ Petro Olavo og Thorlako Hun ä effter Mäldógum Jórdena Skinnþufu x hndr. Item Hålfann Sliettárdal fyrer Nordanframm I Millum Sliettadals Aar og Svýnadals Aar So langt ä fióll upp Sem vótnum Hallar.<sup>206</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Vatnshorn:

#### Vatnshorn

Þar er kirkja, annexía frá Kvennabrekku.

[...]

Jarðareigandi Jón Hákonarson þar búandi.

[...]

Kirkjan á eina jörð, Skinnþúfu, ut supra. Item á hún afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.<sup>207</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir m.a. í umfjöllun um Jörfa:

#### Jörfe

Þar er hálfkirkja.

[...]

Jarðareigandi Sigurður Þorgilsson þar búandi.

[...]

Hagar heilnæmir, en þeir bestu lengst burt. Selstaða er í heimalandi; hefur lángrandi aldrei brúkuð verið.

[...]

Í heimalandi hefur verið kot, kallað **Valþiófstader**. Meinast verið hafa landnáma jörð. Ekki bygt í mannaminum, nema kannske um fá ár, og kann ekki að byggjast jörðunni án stórskaða.

Í heimalandi nær túninu er kallað **Grundarkot**. Hvert þar hafi nokkurn tíma bygt verið eða ei veit enginn af að segja; kann og ómögulega að byggjast.

[...]

Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb i af rekstri, ef yfir xx lömb eru. Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.

---

<sup>206</sup> Skjal nr. 2(38).

<sup>207</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 57–58.

---

Kirkjan á Ítak í Grafar land í Miðdölum, skógarhögg, og er það afskiftur skógur; tekur nú að eyðast.<sup>208</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir m.a. í umfjöllun um Skarð:

Jarðareigandi meinar ábúandi að sje Páll Torfason sýslumaður í Ísafjarðarsýslu. Ábúandi Hrómundur Þorsteinsson.

[...]

Átroðningur stór til skaða afrjettarpeningi.

Af landinu legst til afrjettararbeitar nokkuð. Tolla hálfá tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga. Ekkert hefur landsdrottinn þar af, eða neitt annað í því nafni. Rjettinni viðheldur ábúandi betalingslaust.

Í heimalandi eru í einum stað tóftabrot og girðingar, sem munnmæli eru að skuli hafa verið býli kallað **Klömbur**. Um þetta vita menn ekkert víst, en fjallið þar uppyfir er enn í dag kallað Klambrafell. Kann ekki að byggjast fyrir skriðum, slægnaleyfi og vatnagangi.

I afrjettinni þar hjá, í þeim parti, sem Jörfa hálfkirkju tilheyrir, er sagt verið skuli hafa í gamaldaga bær, kallaður **Þorleifsstader**. Sjest þar ekkert til tófta eða girðinga; vita menn ei heldur neitt víst þar um. Kann ómögulegt að byggjast.<sup>209</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 13. maí 1721 segir m.a.:

Anno ut supra [1721] d. 13 Maÿ var visiterud af Pröfastenum Sr Jöne Thorarensÿne kirkiann ad Vatnshorne i Haukadal, sem Helgud er med Gude Mariæ Drottningu Andreae Petro Olavo og Thorlaco. Hun ä effter Mäldögumm Jórdena Skinnþufu x hndr. Item Hälfann Sliettärdal fyrrer Nordann framm i Millum Sliettadalsär og Svÿnadals är, So langt ä fiöll upp sem Vótnumm Hallar.<sup>210</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 18. september 1725 segir m.a.:

Vatnshorn

Guds kirkia ad Vatnshorne i Haukadal. ä Jordena Skinnþufu 10 hndr. Item halfann Slettardal fyrrer Nordann framm, i Millum Slettadalsär og Svjnadalsär, svo langt ä fiöll upp sem vótnum hallar;

[...]

Þessu til merkes og meyre Stadfestu eru Nófn þeirra sem kyrkiuna ad Vatnshorne og hennar Ornamanta I Giær grandt Skodudu, her underskrifud ad Kvennabrechu i Nählyd, þann 18. Septembris Anno 1725.<sup>211</sup>

---

<sup>208</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 48–50.

<sup>209</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 53.

<sup>210</sup> Skjal nr. 2(83).

<sup>211</sup> Skjal nr. 2(39).

---

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 1. júní 1726 segir m.a.:

Fýrer Lambaupprekstur i kyrkiunnar Land Sliettárdal gulldust það ar – 12 alner.<sup>212</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Stóra-Vatnshorn:

Þar er Kyrkiustadur og Embæddad annan hvern sunnudag Kyrkiann Helldur önoted öllum þeim eignum og Jtokumm sem Maldagarner henne eigna efter því sem Visitatia velædla Herra Biskupsens Magisters Arnasonar 1725. útvysar

Jardar Eigandenn er M. Jön Hakonarson ad erfd efter sinn Sal. Födur.<sup>213</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 12. júní 1732 segir m.a.:

Anno 1732 d. 12 Junii var Visiterud kyrkiann ad Vatnshorne I Haukadal af Profastinum Sr Þorde Þordarsyne [...] Hun ä Effter Maldógum, Jordena Skinþufu x hndr. Item halfann Sliettárdal fyrer nordann fram I millum Sliettadalsär og Svynadalsär So langt ä fiöll upp Sem vótum hallar.<sup>214</sup>

Varðveitt er afrit af dómi um upprekstur á Skarðsafrétt í Haukadal, sem uppkveðinn var að Hvammi 29. mars 1735. Sá dómur vísar til eldri dóms um Skarðsafrétt sem kveðinn var upp að Saudafelli 18. maí árið 1644. Þá fylgir einnig afrit af dómi frá 4. apríl 1755 sem kveðinn var upp að Jörfa í Haukadal. Dómarnir eru svohljóðandi:

N. 8.

Proces og Domr um Glerarskoga afrett.

1735 d. 29. Martii, hefr s(ýslu)m(aður) Ormr Dadas(on) utgefid sr. Þorde Þordarsyne í Hvamme sem þá hefr vered profastr í Dala Syslu Rettarstefnu til Hvammsmantals þ(in)gs, sem halded hefr vered þann 21. Aprilis s.a. umm Lamba Upprekstr í Glerárskogaland, sem Laxdælingar höfdu brúkad mót forbode og lögestu sr. Þordar, sérdeiles sr. Þorarin Jonss(on) í Hiardarholte, Asgeir Jonss(on) í Liarskógum og Sigurdr Jónss(on) á Hrodnyarst(öðum). Actores, sem og eru stefnder hafa vered profastrinn sr. Þodr og Magnus Jonss(on) í Snoksdal. Hlutadegendr hafa uppá Stefnuna skrifad og sér í lage hefr sr. Þodr i sinne uppáskrift advarad Contrapartana ad heyra á sin vitne. Hvorium hann mun siálfr stefnt hafa. Vitnin voru sum í Hvammsveit enn sum í Laxardal. (Sr. Þodr var frá 1721 til 1738 í Hvammsþ(in)gum).

[...]

Sídan var málid uppteked til dóms; þó adr upplesin dómnefna sylum(anns) Biarna Petersonar sohliódandi:

Anno 1644. þann 18<sup>da</sup> Maii ad Saudafelle dómsm(enn) tilnefnder af sylumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort upprekstrar skule vera á

---

<sup>212</sup> Skjal nr. 2(84).

<sup>213</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 113–114.

<sup>214</sup> Skjal nr. 2(85).

---

Skards-Fiall edr ecke, hvor á Hannes Eggertsson dóms beiddist vegna Guðmundar Hákonarsonar, Petr Þordarson, Magnus Einarsson, Jón Biörnsson, Gudmundr Biörnsson, Dade Gíslason og Petr Einarsson. Kom framm í fyrstu að upprekstrar hafa vered á Skardsfiall ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal, Middölum og Laxárdal og að so hafa vered samantekid umm Rekstrinn og Tollana að reked hafa vered á Skards-fiall, Vatnshornsland og Jörva og Skards menn hafa teked tollana að hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu tollana; enn þ(ei)r fra Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa) gielðnaut sín í afretinne. Avisar lögmálid, þar skule retter vera sem að fornu hafa vered. Item R.B. E.K. Enn umm gielðfiárrekstra á vorum til afretta og fiallgaungr á haustum hvorn tíma fara skal; Þá giöre epter því, sem hrepstiórnamenn giöra ráð fyrer og hvoriu bygdarlage hæfer. Því að so prófudu og fyrer oss komnu dæmum vér med fullu dómsatqvæde að rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrnefundum sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest eptir því so sem sidarst þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þangad reka sitt fé, skule láta gánga á fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ, þann Fimmtudag, sem næstr er Bartholomæus messu hvort hann er fyrer edr epter.

Biarne Petron [...] dóm þennann hafa fidimerad að Skarde d. 26. Augusti 1734.

[...]

Dómr sýslum(anns) Orms Dadasonar í þessu mále; (Præmissa sententiæ hic omittuntar.)

Laxdælingar; sem fyrer þennan rett hingad til Hvams þ(in)gs hafa vered stefnder, ásamt öðrum þar í sveit, ega hér epter að þeckia sitt afrettar plats á Skards afrett í Haukadal í mót sidvanalegum Tolle til vidkomenda og hér epter eckert skyldu jtak ega til uppreksturs í Glerárskógaland vilje ráðendur yfir jörðunne það mótsegia. Enn þar sem partarner velæruverdugs profastrinn og heidrlegr kennemann Sr. Þorarinn Jonsson, mr. Asgeir Jonsson og Arngrímr Jonsson, síns brodrs vegna, hafa aller þeinkt sig til skiladóms að hafa sókt epter rettu mále, þá skal procesins ummkostnadr vera upphafinn á bádar sidr. Actum ut supra.

Ormr Dadason

Domr Uppsagdr af sýslumanninum M. Ketelssyne, að Jörfa í Haukadal, d. 4. Aprilis 1755.

Það er auglióst, so vel af dóme sýslumannsins Biarna Petssonar gengnum að Saudafelle 1644 sem og af dóme sýslumannsins Orms Dadasonar, gengnum að Hvamme d. 22. Aprilis 1735 að þeirra þriggia hreppa Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skardsafrétt, heldr og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til að reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer epter ádr citerudum dómum, dæmest hér med og ályktast að greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur að öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér epter vera skylduger til að reka gielðfé

---

sitt á Skardsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstíórar þad á vorum tilskipa og samþickia. Skulu þeir sem á greinda afrétt reka ega reka fé sitt í miðann afrett. Sömuleides skulu greindra hreppa innbyggendur, einn og sér hvor bónde sem fé hefr á afréttinne vera skylduger til fiallgánga á haustum allt epter sem hreppstíórar þar umm samþickia og rádstafa og lög og retrr tilhalda. Enn hvör sá sem hér út sýner nockra þriósku edr forsómun, skal sekr 6 aurum hálf k(on)ge, enn hálf þeim, sem næster búa. Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gielfiár upprekstrs á Skardsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skyldugr til með hreppsmanna og hreppstíóra Tilstyrk og ráde ad hreinsa afréttina af melröckum. Efr þessu hafa vidkomendur sig ad retta under dómrofe og Lagasektar og álögur. Þesse alyktun er grundud á Landsleigub. 46 og 49. Cap.

M. Ketelson

Fyrer þessum rette hafa nálæger vered fyrer utan hreppstíóra og bændur í Haukadal 2 hreppstíórar úr Laxárdal: Jón Olafsson á Saurum og Jón Olafsson á Dönustöðum og úr Middölum hreppstíórin Þorlákr Einarss(on) á Storask. og prestrinn Sr. Hannes Björnsson.

1536 hefr Grímr Pálsson dæmt með 6 m(önnu)m á Ase í Vatnsdal ad hvor sem ætte 10 lömb edr fleire, skylde skyldugr ad reka á Fiall og sýna fiallskil. Sama hefr Jón Egilsson með 6 m(önnu)m dæmt á Bæ í Hrutafirde umm Melaafrett. Þódr L(ög)m(aður) hefr dæmt með 6 m(önnu)m ad ef sumer vilia heldr fé og lömb hafa, þá svare eyrer fyrer 20 og so upp þadan.

1682 hefr Jón Sigurdss(on) dæmt á Dyrast(öðum) í Þverárþ(in)gi: 1<sup>o</sup>ad lömb skule sitia í 5 daga adr þau eru rekin, og rekist sidan í afrétt miðann. 2<sup>o</sup>ad hv(er) sem á 100 saude í afrétt edr fleira, sende 2 gagnlega menn, fullordna og burdagoda. Þetta hefr sama ár vered í logrettu samþikt.<sup>215</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 16. maí 1742, segir m.a.:

Anno 1742 þann 16. Maý visiterade Hieradz Pröfastur Sr Thorarenn Jonsson Guds kyrkiu ad Störawatnshorne i Haukadal. Hun ä effter Mäldógumm og visitatium Jórdena Skinnþufu x hndr. Item hálfann Sliettárdal fyrer Nordann fram i millum Slettardalz är og Svijnadalz är, so langt ä fiöll upp sem vótum hallar.<sup>216</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Við kirkjuna að Stóra-Vatnshorni kemur fram að hún eigi hálfan Sléttadal. Þar segir:

Kyrkiann ad Störawatnshorne stendur á bónda eign.

Kyrkiann ad Störawatnshorne i Haukadal er helgud með gude, Mariu Jomfr. Andrea og Petre postulum, Olafe og Thorláke, hún á 10 hndr. j heymalandi og jordena Skinþufu 10 hndr, it(em) hálfann Slettárdal, firir norðann framm j

---

<sup>215</sup> Skjal nr. 2(130).

<sup>216</sup> Skjal nr. 2(86).



---

millum Slettardalsaar og Svinadalsaar, solangt á fiöll upp, sem vötnum hallar, sem reyknar er 10 hndr. land og þar til 6 kúgl.<sup>217</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni, dags. 17. september árið 1750, segir m.a.:

Anno 1750 þann 17 Septembris Visiterud Kyrkiann ad Watnshorne i Haukadal, Hun ä Jordena Skinnþufu 10 hndr. Item hälfann Slettardal, fyrer Nordann fram j millum Slettardals är og Svinadalz är, so langt ä Fiöll upp sem vötnum Hallar;

[...]

Hvad portions Reikninge vidvikur, þä hefur Sal. biskup Arnason, 1733 reiknad kyrkiunne til göda hiä Proprietario 24 hndr. 15 ½ al. hvar vid bættest, þad sem kyrkiann hefur sidann haft til göda ä hveriu äre, enn kyrkiunnar Fiarhalldsmadur Monsieur Magnus Einarsson ä Jörva færer epterskrifad þar ä möte, 1° Hafe Sal. biskupenn reiknad fulla Tiund af tveimur Jördum Krosse sem i eide lä 23. är epter Störu böluna, og Miöa Böle eidejörd i 33. är badar reiknadar 32 hndr.<sup>218</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 29. apríl 1751 segir m.a.:

Anno 1751. Þann 29. Aprilis visiterade Heradz Pröfasturenn Sr Thorarenn Jönsson Guds kyrkiu ad Störa Watnshorne og behelldur hün enn nu aullumm þeim Eignum og Itókumm lijka frijduumm Peningum, sem fyrer Pröfastanna visitatiur, samt veledla Hr biskupsenz Olafs Gislasonar, I Kyrkiubökina fyrst Innfärda visitatia, henne Eigna. Nefnelega Jördena Skinþufu 10 hndr. Item Hälfann Slettardal fyrer Nordann fram j millum Slettardalsär og Svijnadalzär, so langt ä fiöll upp sem vötnum hallar.<sup>219</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 8. júní 1753, segir m.a.:

Anno 1753 Fóstudagenn þann 8da Juny var visiterud Stora Watnshorns kyrkia I Haukadal, af Sr Þorsteine Þordarsyne, sem beordred var ad giöra allt Profastzverk i Dalasyslu þangad til þar kemur vyrkelegur Profastur. Hun a effter mäldogum, Sialfre kyrkiu Bokenne, og Elldre Visitatium Jördena Skinnþufu x hndr. Item Halfann Slettardal fyrer nordann fram i millum Slettardalz ar og Svynadalzar, so langt a fiöll upp, sem vötnum hallar.<sup>220</sup>

Á héraðsþingi að Jörfa í Haukadal 4. apríl 1755 var tekið fyrir mál vegna deilna um upprekstur úr þremur sveitum, Laxárdal, Haukadal og Miðdölum á Skarðsafrétt. Vitnað var til fyrri dóma frá árunum 1644 og 1735, þar sem bændur úr þessum þremur sveitum, voru skyldaðir til að nota Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók er eftirfarandi innfært:

Anno 1755 þann 4. Aprilis að settu manntalsþingi við Jörfa í Haukadal [...].

---

<sup>217</sup> Skjal nr. 2(145).

<sup>218</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>219</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>220</sup> Skjal nr. 2(88).

---

Þar næst mættu fyrir réttinum hreppstjórnir í Haukadal Ólafur Einarsson frá Þorsteinsstöðum, Guðmundur Sigurðsson frá Köldukinn, Svarthöfði Sturlason frá Litla-Vatnshorni og framlögðu einn Memorial til hans vel byrðigheita hr. amtmannsins Magnúsar Gíslasonar af Dato 22. Februarí 1755 – Hvar inni þeir begæra hans velbirðigheita Assistance uppá það að þeir geti eftir lifað þeim til þeirra útgefnum orðum uppá geldfjárrekstur til afréttar með víðara frá hverju þeir telja sér bægja eina og aðra óráðvendni í sveitinni, sérdeilis að sumir sem eigi upprekstur að Skarðstrandarafrétt forsómi þá hina sömu, sömuleiðis að sumir misjafnt kyntir menn búi nærri afréttinni, hvar fyrir að margir afræki þá hina sömu afrétt með mörgu víðara þessu viðvíkjandi sem sá Memorial sér líkast hermir, sömuleiðis voru uppá þennan Memorial skrifuð velbyrðigs hr. amtmannsins Magnúsar Gíslasonar resolution sub. dato 28. Febr. 1755, hvar inni hans velbyrðugheit hafa bevilgað og sagt billigt að hreppstjórnir í Haukadal flyttu bændur frá afréttinni sem eru misgrunaðir fyrir afréttarinnar ólöglega tilsókn og settu þangað að afréttar jarðarinnar [svo] velræmda og skilríka bændur allt undir sýslumannsins Direction.

Þessi Memorial var upplesinn og uppskrifður fyrir réttinum sem og þar uppskrifaður hans velbyrðigheita resolution og sé hin sama eftir samkominna þingmanna begæring fyrir þeim útlögð. Þetta uppleið Not. lit. A.

Þar næst var uppleið fyrir réttinum þingdags-begæring Haukadals-hreppsstjóra, dat. 10. Martii 1755, hvar inni þeir begæra þingdag ei síðar en þann 4<sup>ða</sup> apríl þessa árs, uppá Haukadalshrepps nauðsynjar. Það uppleið fyrir réttinum og uppá skrifað Not. Lit. B.

Aðspurðir hvert þeir könnuðust við að uppleið bréf væri það sem þeir hefðu sýslumanninum tilskrifað, hvar til Guðmundur Sigurðsson svaraði „Já“.

[...]

Um flutninga og jarðaskipti bænda í Haukadal álitast og samþykkti þetta sem eftir fylgir [...].

Þar næst framlögðu hreppstjórnir í Haukadal og Laxárdal einn Memorial fyrir réttinn sub dato hvar inni þeir begæra að dómur sál. sýslumannsins Bjarna Péturssonar af Dato 1644 um geldfjár upprekstur til Skarðsafréttar staðfestist og eftirkomist, og við þeim mönnum sem eiga eftir greindum dómum skyldu upprekstur til greindrar afréttar tilhaldist að standa í öllum lögskilum svo vel viðvíkjandi sjálfum upprekstrinum sem og fjallgöngum á komst með víðara svo se sá Memorial með hér bréf uppleið fyrir réttinum Not lit D þar næst framlögðu Laxárdals hreppstjórar dómsslutningu sál. sýslumannsins Orms Daðasonar genginn að Hvammi í Hvammssveit þann 22. Aprílís 1735 hvar með Laxdælir eru dæmdir til Skarðs afréttar með víðara þessi dómur verificeraður af hr. prófastinum Gunnari Pálssyni var upplesinn fyrir rétti, fyrir réttinum og uppskrifaður Noti. Lit. D.

Þar næst var uppleið fyrir réttinum dómur sýslumannsins Bjarna Péturssonar dat. 1644 hvar inni Laxdælir Haukdælir og Miðdalur dæmast til að reka að Skarðs afrétt og standa í öllum lögskilum með víðara sem sá dómur með sér ber. Uppleið fyrir réttinum og Copie af þeim sama úttekin og vidimeruð Not.

---

Lit F. Komu svo fyrir réttinn hreppstjórar í Laxárdal Jón Ólafsson að Saurum og Jón Ólafsson að Dönustöðum hreppstjórar í Haukadals Ólafur Einarsson að Þorsteinsstöðum, Guðmundur Sigurðsson að Köldukinn Teitur Helgason að Hömrum Svarthöfði Sturlason að Litla-Vatnshorni hreppstjórinn í Miðdalahrepp Þorlákur Einarsson að Stóra-Skógi og æruverðugur presturinn sr. Hannes Björnsson að Kvennabrekku þessir hér nefndir dánumenn beiðast hver fyrir sína sveit endalegs dóms á að þeim tilfallist að reka að Skarðsafrétt sem þangað eiga skyldu upprekstur og standa í öllum lögskilum afréttar viðvíkjandi sem og um afréttar hreinsun og fjallgöngur. Hvar uppá féll svolátandi dóms slutning. Það er augljóst svo vel af dóm sýslumannsins Bjarna Péturssonar gengnum að Sauðafelli 1644 sem og af dómi sál. sýslumannsins Orms Daðasonar gengnum að Hvammi 22. April 1735 að þeirra þriggja hreppa Laxárdals Haukadals og Miðdala innbyggjendur eiga ei einasta skyldu upprekstur á Skarðs afrétt, heldur og svo eru greindra hreppa innbyggjendur skyldir til að reka uppá þá sömu afrétt, þar eftir áður Citeruðum dómum dæmist hér með og ályktast að greindra hreppa Laxárdals, Haukadals og Miðdala innbyggjendur við öllum tilfellun og öngvum undanteknum skuli hér eftir vera skyldugir til að reka geldfé sitt, bæði lömb og eldra sauðfé, á Skarðsafrétt nær sem hreppstjórar það á vorum tilskipa og samþykkja skulu þeir sem á greinda afrétt reka eiga ekki fé sitt á miðjan afrétt sömuleiðis skulu greindra innbyggjendur einn og sér hver bóndi sem fé hefur á afrétti vera skyldugur til fjallgangna að haustum allt eftir sem hreppstjórar þar um samþykkja og ráðstafa og lög og réttur til fjalla.

Eið sver sá sem hér úti sýnir nokkra þrjúsku eður forsómun skal sekur 6 aurum, hálf tóngi enn hálf þeim sem næstir búa. En þeir sem svoleiðis eru skyldugir til geldfjár uppreksturs á skarðs afrétt skulu betala til hlutaðeigandi venjulegan afréttartoll, en þeir þar á móti sem afréttar tollinn taka skulu vera skyldugir til með hreppsmanna og hreppsstjóranna tilstyrk og ráði að hreinsa afréttina af melrökkum.

Eftir þessu hafa viðkomendur sig að rétta undir dómrofs og lagasektir og álögur þessi ályktun er grunduð að landsleigubálks 46. og 49. Cap. M. Ketilsson.

Dómurinn var fyrir réttinum upplesinn öllum samankomnum þingmönnum áheyrandi.<sup>221</sup>

Á héraðsþingi að Hjarðarfelli 13. september 1756 var spurst fyrir um hverjir af bændum í Laxárdal hefðu rekið á Skarðsfjall í Haukadal síðastliðið vor. Eftirfarandi var innfært í dóma- og þingbókina:

Anno 1756 d. 13<sup>da</sup> september að settu héraðsþingi að Hjarðarfelli í Laxárdal [...].

4. Hér næst var examenerað fyrir réttinum eftir begæring Jóns Andréssonar frá Þorsteinsstöðum í Haukadals, hverjir af bændum hér í Laxárdal, hefðu í vor

---

<sup>221</sup> Skjal nr. 2(166).

---

rekið á Skarðsfjall í Haukadal, og samankominna þingmanna svar, þar uppá að þeir viti aungvan héðan úr sveit hafa rekið á Skarðsfjall í ár.<sup>222</sup>

Á héraðsþingi að Jörfa í Haukadal 15. september 1756, var Jóni Andréssyni á Fremri-Þorsteinsstöðum stefnt vegna ágreinings um hvort honum hafi verið heimilt að reka fé sitt annað en á Skarðsafrétt. Jón bauð bætur en málsaðilum þótti vanboðið og því var málið lagt í dóm. Jón var dæmdur fyrir að „hann hafi rekið í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt“. Jón svaraði spurningum varðandi rekstur sinn og eru svör hans skráð. Þá voru dómar um Skarðsafrétt frá árunum 1644 og 1735 lesnir upp. Eftirfarandi var fært til bókar í dóma- og þingbók sýslunnar:

Hér næst framlögðu mr. Jón Egilsson á Vatnshorni og Bergþór Þorvarðsson að Leikskálum sitt innlegg undir þessa dags dato hvar inn þeir uppástanda að nefndur Jón Andrésson verði til sekta og bóta álitin með endilegum dómi, sem það innlegg framar með sér ber uppleið fyrir réttinum og uppá skrifað Notl. Litl. B.

Hér næst var framlögð í réttinn begæring skrifleg Haukadalsbænda, hvar inn þeir begæra að sýslumaðurinn vilji tilhalda Miðdala-, Haukadals- og Laxárdalsinnbúendum til að reka á Skarðsafrétt en ef ekki þá að leifa þeim í Haukadal sem undir þessa begæring eru skrifaðir að reka annars staðar svo sem það Document útvisar uppleið fyrir réttinum og uppskrifað Notl. Lit C. Uppá innleggið Sub. Lit B. svarar Jón Andrésson því:

1. Að hann hafi fyrirkomið lömbunum sínum annars staðar við sjósiðuna sökum gróðurleysis til fjallanna í þessum harðindum.
2. Hafi hann meint að fáir mundu reka á Skarðs afrétt í ár sökum harðindanna.
3. Þegar hann hafi verið búinn að reka sín lömb og þá formerkt að nokkrir á afréttina rekið hefðu þó seinna hefði hann tilboðið að standa í öllum fjallskilum svo sem lambatollum og fjárskilum.
4. Sé öllum vitanlegt að hann fjallið riðið hafi sem hann rekið hefði og 5. Þar hann ekki að sinni sé nokkurs staðar fyrirboðið að varðveita fjármuni sína frá skaða þá hafi hann þennan lambarekstur upptekið í harðindisári án nokkurrar þrjósku eður afdráttar við afréttarmenn og vilji hinir eftir að forfallalaus góðviljuglega halda sig til Skarðsafréttar meðan hér búsitjandi verði en vilji ei viðkomendur þetta og áðurgjört forlíkunar sáttaboð meðtaka, hljóti þeir sínu fram að fara.

Hér næst begærðu Actores að þingvitni væri tekið upp á það hvar sá afréttur hefði verið gróinn í vor þá menn ráku á hana. Hvar uppá er samankominna þingmanna svar að afréttur hafi svo verið sprottinn þá á hana var rekið eftir þingmaríumessu að lömbunum hafi verið vel lífvænt og lömb þau sem nú eru heimt af afrétti eru svo til fara sem í betra ári, hér uppá svari Jón Andrésson að hann ei hafi vitað að aðrir hafi þá verið farnir að reka á Skarðs afrétt, og þar með þá hafi hann ei vitað að afréttin hafi verið hreinsuð.

---

<sup>222</sup> Skjal nr. 2(167).

---

Hér næst begærir Jón Andr sson að það þingvitni verði Procesen anhgngugt gjrt sem teki  var   Hjar arholti um það hverjir   Laxárdal hef i reki    Skar safr tt sem hér innf rist sem Sub. Lit. D. Actores beg rde 60 al. m lskostna    þessari s k. Nokkrir menn fyrir r ttinum tilstanda að þeir hafi ei s d J n Andr sson   n st umli num fjallaleitum. Til slutningar v ntir J n Andr sson að d murinn falli s r ei m ti, þar hann hafi gjrt þennan lambarekstur til að afvenda s num ska a, og þar hj  formerkt, að margir gengu fr  Skar strandar upprekstri    r s kum har inda J n Andr sson segir v  ar, að hann meinar að l mb hafi veri  heima að Litla-Vatnshorni, Skinnþufu og Giljalandi.

V  ara framkom ei   s kinni hvorki   s kn n  v rn. Það er fyrir þessum r tti gott gjrt me  J ns Andr ssonar eigin me kenningum að hann hafi reki    utansveitarland og ei   Skar safr tt. Hitt er og svo s ttgjrt me  teknu þingvitni fyrir þessum r tti að afr ttin hafi veri  forsvaranlega sprottinn og l mbin sem n  eru af afr ttinni heimt, s u svo v n sem   betra  ri. N  er af gengnum d mum um þessa afr tt, nefnilega einum af 1644 og hinum af 1735 og 1755 auglyst að Laxárdals- Haukadals og Mi dala innb endur eru ei einasta berettigede til þessarar oft nefndrar Skar safr ttar, heldur og eru þeir skildugir til að reka   þ  s mu.

N  eru það r milegheit, að þ  f ir reka   afr ttina ver a þeir fyrir meiri ska a   lambaheimtum, heldur en ef margir r kju. Þar fyrir d mist hér me  af oss að J n Andr sson fr  Fremri-Þorsteinsst  um   Haukadal skal betala fyrir þessa fors mun til hluta eiganda nefnilega Sigur ar Brandssonar   Skar i og Helgu J nsd ttur   J rva samt J ns Egilssonar   St ra-Vatnshorni 6 aura og 1 m rk og   d mrof 4 merkur. En þar t  ur J n Andr sson hefur bo i  s ttir og þar til 6 aura fyrir utan fjallg ngur og lambatoll þ  skal hann engan m lskostna  betala Actoris J ni Egilssyni og Bergþ ri Þorvar ssyni. Þessar b tur skulu l ktar innan m na ar fr  þessa d ms dato undan a f r og exsecution.

H r n st voru upplesnir d mar af 1644 og 1755 sem   ofanskri u um d mi eru Citera ir. J n Andr sson appellerar fr  þessum afs g u um d mi og beg rer hann beskri a ann innan laga termins og leggur 4 rd. kr nur   r ttinn   skrifara peninga.  lafur Einarsson   Þorsteinsst  um beg rer Decision r ttarins upp  það hvert hann hafi veri  mindugur til þess að tilskikka fj rupprekstur e ur fjallg ngur hvar upp  er r ttarins svar að þ  hann sem vitanlegt er, er hreppstj ri, þ    hann  samt   rum hreppstj rum   sveitinni að tilskipa h r um.<sup>223</sup>

  manntalsþingi að Sau afelli 25. ma  1757 voru upplesnir d mar   afr ttarm lum fr  18. ma  1644, 22. apr l 1735 og 4. apr l 1755. Eftirfarandi er innf ert   d ma- og þingb k s slumanns:

Anno 1757 þann 25<sup>ta</sup> Maii að settu manntalsþingi   Sau afelli   Mi d lum [...].

---

<sup>223</sup> Skjal nr. 2(159).

---

2. Var upplesinn afréttardómur af dato 18. Maí 1644 – 22. Apríl 1735 og 4. Apríl 1755 þess innihalds að Miðdælir Haukdælir og Laxdælir skyldu reka á Skarðs afrétt svo sem þeir dómur víðara með sér bera.<sup>224</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal 21. júní 1757 tilkynnti sýslumaður að hann hefði sent hreppstjórum Laxárdalshrepps afréttardóma um Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbókinni segir:

7. Lýsti sýslumaðurinn því hann hefði sent hreppstjórunum í Laxárdal afréttardóm um Skarðsafrétt og og undir eins ordre [skipun] að auglýsa það öllum sveitarinnbyggjum svo enginn hefði sig með vanvisku að afsaka.<sup>225</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 13. september árið 1758, segir m.a.:

Stóra Vatns Horn

Dag 13 Septembris [1758] Visiterud kyrkian að Stora Vatnshorne i Haukadal. Hun a Jördena Skinnþufu 10 hndr., Item hálfann Slettárdal fyrer nordann fram, i millum Slettardals Är og SvinaDalsär so langt i Fióll upp sem Vótnum hallar.<sup>226</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 9. september árið 1782, segir m.a.:

Stóra Vatnshorn

Anno 1782 dag 9. Septembris, Visiteradi Biskupenn Hannes Finnsson kyrkiuna að StoraVatnshorne i Haukadal; Hún á Jördena Skinnþufu x hndr., og halfann Sléttárdal fyrer Nordann fram, mille Slettardalsár og Svinadalsár, so langt i Fióll upp sem Vótnum hallar ...<sup>227</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal 11. júní 1795 var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Sameiginlegt álit allra hlutaðeiganda var innfært í dóma- og þingbókina, svohljóðandi:

Anno 1795 d. 11. júní að settu manntalsþingi á Jörva í Haukadal [...].

5. Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afréttarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadal og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálstan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði.

---

<sup>224</sup> Skjal nr. 2(168).

<sup>225</sup> Skjal nr. 2(169).

<sup>226</sup> Skjal nr. 2(41).

<sup>227</sup> Skjal nr. 2(42).

---

Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdalasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll 1 gilt lamb af hvörjum 20 allt til 60, sem rekin eru; enn þeir sem reka 60 lömb eður fleiri betala 2 lömb í afréttartoll og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum ~~hel~~ skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Skarðsbóndi skal og viðhalda réttinni forsvaranlega; en þeir sem dilka eiga skulu þeim sjálfir viðhalda.

Fjallleitardagurinn skal ætíð vera hinn sami, mánudagurinn í 20. viku sumars. Sá sem á 60 lömb eður fleiri [í] afréttinum skal láta 2 gagnlega menn í leitirnar. Lömbin eiga að setjast áður í 5 daga eða fleiri, áður en þa[u] eru rekin, og rekast í miðjan afrétt. En þeir af Laxdælingum og Miðdælingum, sem reka á Skarðsfjall í óleyfi og forboði skulu betala í landnám 1 skilding af hvörju lambi, sem þeir svoleiðis í óleyfi reka.

Það tilskilur mr. Jón á Melum að þeir af Laxdælingum, sem með hans leyfi reka í Melaland skulu gjalda honum hálfan lambatoll. Þetta er ályktað að skuli óbrjálað standa inn til víðara.<sup>228</sup>

Á manntalsþing að Sauðafelli 12. júní 1795 var uppleið það sem ákveðið var deginum áður á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal um Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók segir:

Anno 1795 þ. 12 júnii að settu manntalsþingi á Sauðafelli í Miðdölum [...].

5. Upplesið það sem í gær gjörðist á Jörvaþingi um Skarðs afrétt.<sup>229</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var uppleið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsafrétt og borga afréttartoll. Inntaki bannsins er ekki lýst nánar. Í dóma- og þingbók var eftirfarandi innfært:

5. Var bannað að reka á Þverdal, heldur á Skarðsfjall og gjaldi þann gamla afréttartoll.<sup>230</sup>

Varðveist hefur ódagsett og óársett samþykkt um Skarðsafrétt, en samkvæmt sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands þykir líklegt að hún sé frá seinni hluta 18. aldar. Í samþykktinni segir m.a.:

Nr. 42. Samþikt umm Skards afrett.

1° Afrettar Bondinn, sa sem byr a Skarde, a ad vera uppriktugur danumadr, skir, glöggr og greidugur so einginn gete med retti neinu oskila bragde a hann komed sem forsomun afdótunar. Alt eins ega þar ad vera velkintir danumenn sem bua i nand afrettinni a Giljalandi, Krosse og Villingadal. Og ef her umm

---

<sup>228</sup> Skjal nr. 2(170).

<sup>229</sup> Skjal nr. 2(172).

<sup>230</sup> Skjal nr. 2(173).

---

þiker abotavant skulu hreppstiorar i Havkadal med preste og systlumans rade hafa mindugleika til ad giöra þa bygdarskipun sem best þikir henda so ad þeir einir bui næst afrettinum sem ad fromleika, greidvikne og glöggskygni eru valenkunner menn.

2° Epter Dome Systlumans Biarna Peturssonar utnefndum á Savdafelle þann 18. Maii 1644, Systlumans Orms Dadasonar af 22. Aprilis 1735 og Systlumans Magnusar Ketilssonar af 4. April 1755 ega þeirra 3 hreppa Laxardals, Havkadals og Middalahrepps Jnnbyggendr skylduupprekstr fyrer lömb og geldfe sitt a so kalladann Skardsafrett. Og er avngvum buanda leifelegt i nefndum 3 hreppum lömb edr geldfe sitt heima ad hafa a sumrenn nema nágrannar og hreppstiorar leife og á sá hinn same ad taka það leife skriflegt vid kyrkiu umm messudaga leite, so hann géte það synt ser til afbötunar ef umm verde talad. Og er þetta alleina ad skilja umm þá sem ege 16 lömb edr færre, enn aller þeir sem fleire lömb ega eru skylduger ad reka i afrettinn ann manngreinaralits under vidligande 6 avra sekt, epter Rettarbot Eiriks kgs. Þar hefde kannske ei verid stort ummtalad, þo Breidabolstadur og fellsende sem hafa nóg fiallland, hefdu rekid i sitt egid land, hefdu þeir ei mót lögum leyft avdrum ad reka þangad. Enn þeirra egen oradvendne i þessu efne, giörer það, ad það kiemzt ei af epterleides á móte lögsömdum domum umtalslavst.

3° Þad er óregla ad Vinnuhiú og bulavsir sem ei ega nema eina edr faeinar kindr bruka mark ut af fyrer sig, hvar af orsakazt ringl og rugl. Enn med því þetta mun sagt med ollu af ad ringa þa ega þeir menn minni rétt á kindum sinum, þo ei [...] fare, og skal Rettarbondinn ei vera skyldugr til þess ad svara. Enn skyldugr skal Skardsafrettarbondi til ad hafa i einne bok greinelega uppskrifud öll búenda mörk i artedum 3 hreppum, so hann géte skyra grein þar á giört i fyrerkomande tilfellum. Enn vinnufolks mörk skal hann ei vera skyldugr þar inn ad skrifa framar enn hann vill sialfr.

4° Þad má einatt heyra ad sumer af bændum klaga yfer illlum heimtum, sem optazt er þó þeirra egen óradvendne ad kenna i því, ad þeir sitja ei lömb sin nog ádr og sidan reka þav ei reglulega i midjann afrett, eins og lög fyrer skipa. Hvar af bæde þeim sialfum og odrum orsakazt skade, þa slik lömb hlapva heim i bufiárhaga og leggiast under qvifé og eru sidan hrakenn óvissa vegar. Þar fyrer skal hvor buande sem á skylduupprekstr a Skardsafrett, vera skyldugr til ept[er] gömlum lögsömdum Systlumanna og Lögmanna dómum [00] ad láta sitja lömb sin heima i 5 daga i það minsta ad[r] hann a fiall rekr, hvort heldr eru lömb edr géldfé og sidan skal hann reka þav i midjan afrett edr á þann sokallada Sliettadal og ega hreppstiorar ad tilsetja vissann tima á vorum nær i afrettin skal reka, alt under vidliggiande laga sekter af þeim sem ut af bregda.

5° Þeir sem afretten ega og lambatollana taka, Vatnshorns og Jörvabændr, skulu vera skylduger til ad láta gagnlega og dyggelega leita ad melrackagrenjum i afrettinum á hvorju sumre, og þá grenin finnast ad utvega gagnlegan mann til ad vinna þav, og skulu þeir þessu hafa afloked fyrer Jonsmessu baptistæ edr 24. Junii á hvorju sumre. Og byrjar hreppstiorum þar fyrer utan ad hafa röksamlega tilhlutan umm ad sérhvör buande leite á hvorju



---

vore land sitt epter grenjum, og ega þá dyren ad vinnazt uppa sveitarinnar kostnad en afrettarbændr ega ad láta þav vinna uppa sinn eginn kostnad, því nema þav lönd sem nær liggia afrettinum seu vel hreinsud, verda afrettarbændr ei réttelega sektader fyrer sina forsomum þó bite kome framm i afrettinum.

6° Med því Samgavngr eru mille Mela og Skards-afretta og Melaleitadagr er halden á mánudagen i 20 viku sumars og same hefr ad fornu vered leitardagr i Skardsafrett, þa er nu þesse same dagr þar til settr ad færú rade, en ef ei verdr þann dag fyrer óvedre leitad, þá hvor næste dagr þar epter þá fært vedr gefzt.

7° Þad var alldrei til forna brukad hiá vorum rádvöndu og stiórnsömu forfedrum ad retta sama dag og leitad var. Þad er og avdskiled ad þad kann ei löglega af ad ganga á einu dege ad leita dyggelega vidlena fiállhaga og sidan sama dag draga i sundr mörg hundrud fiar og sidan koma hvorium rekstre so afsides ad ei i slavnge fare. Er því tilskipad ad Skardfiáll se genged epter ádrsögdu á Manudagen i 20 viku sumars enn réttad dege sidar.

8° Þann næsta sunnudag ádr enn fiállleiter ega ad vera skulu 2 hreppstiorar koma ur hvorjum af adrnefndum 3 hreppum ad Vatnshorns edr Qvennabreckukirkju og aftala þar samegenlega hvornen fiállleitem skal haga; hvar hvorjer skulu leita og tiltaka þá menn sem fara i adrar Retter, hvorer ega ad hafa morken med ser uppskrifud og med[...] fé ur ödrum Rettum aptr koma utan þad sem þeir vist vita ad á heima hér i Syslunne.

9° Epter lögum og gömlum domum er sérhvor sa sem skylduupprekstr á á Skardsfiáll, skyldugr ad lata gagnlegan mann þann tilsettan leitadag i leiternar og ege nockr 100 fiar edr meira i afrettinum þá láte til 2 menn duglega.

10° Hreppstiorar i fyrrtedum 3 hreppum i Laxardal, Havkadal og Middölum ega ad koma sér saman umm þad, hvorn part af fiállenu hvor sveit skule leita og hvornen leitum skip[a] og a þetta so einusinni ad nidradazt ad þar vid mege arlega sidan vera. Med því mote er liklegra ad serhvorjer láte sér umm sinar leiter hugad vera og ei [...]blora hvor vid adra prettezt umm leitirnar.

11° Med því tvenna og dyggva menn þarf til ad vaka yfer leitasafninu þá þad kemr á manudags qvelde og þar er nockr ofötlun ad ætla þad þeim sem leitad hafa, so mun best fara ad taka til þess menn af þeim næstu bæum vid afrettinn sem þó giæte leitad sin egen leigulönd á þan tilsetta leitadag, sosem þad er allra bænda skilda, avk afrettarleita ad leita sin egen leigulönd.

12° Nu er nockud vist ákveded umm þær fyrstu fiállleiter; enn med því lögin ætla til ad hreppstiorar rade her mestu umm so verda þeir ad koma sér saman umm þad, nær þær adrar afrettarleiter skulu haldazt og so loksens hinar þridju og hvad marger menn ur hvorre sveit skulu þar tilleggiazt.

13° Fyrer sunnan fiállad er serdeiles rett tilsett, sem haldenn er föstudagen seinastan i sumre og er köllud Skila-Rett. Þangad eru rekner aller Urgangar, og þær kindr, hvorra Egendr ei hafa uppspurzt. Þetta þiker mér gódr vane og hann vil eg Dalamenn upptake og tilsetje á hentugum stad Rétt sem er nockurnvegin i midjunne á þessum 3 sveitum: Laxardal, Havkadal og Middölum. I þessa rétt ega ad rekazt aller urgangar og þær savdkindr i nefndum 3 hreppum hvort þad eru lömb edr eldra sem ei hefe egande uppspurzt ad, þar skal þetta fé kannazt

---

og það sem ei uppspurzt egande ad, þá fare þar umm epter því sem lög fyrerskilja.

14° Hvör buande i adrnefndum 3 sveitum, sem á 16 lömb edr fleire so sem hann epter áminnstum lögsömdum domum er skyldugr a Skardsfiall ad reka, so skal hann vera skyldugr afrettar Toll ad gialda hvort hann rekr á fialled edr ecke reke, fyrer því hann var skyldugr ad reka. Hann skal gialda af 30 lömbum edr þo færre seu sem hann á edr géldfe sem hann i afrettinn rekr, vänsta lamb sitt edr ef hann vill það heldr 16 fiska i Peningum, edr avdrum gildum avrum. Enn fyrer hvor 3 lömb sem hann á framm yfer 30 skal hann gialda 2 sk. courant. Og eins miked skal hann betala fyrer hvorja 2 savde vetrgamla edr eldre. Og skal hann þetta strax i Rettunum gialda adr enn hann fer i burtu med fe sitt, nema honum avdrumis semje vid hlavtadegendr Aungvum sem nockud veit af gömlum lögum og setningum foreldra vorra, kann þesse Tollr mikill ad þikia, því hann er miklu minne enn hann hefr vered til forna. Dæmde þá hvor [...] vard ad géfa eitt lamb af hvörjum 10 lömbum bænduner á Krosse og Villingadal skulu vera fryer fyrer ad svara lamba Tolle, vegna þess ágangs sem þeir framar ödrum hafa af fialla-fénu.

15° Epter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard i Havkadal lited edr eckert af því afrettarlande sem adrsagder 3 hreppar ega med skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skiptazt i 3 stade, hvar af Vatshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þridja part.

16° Fyrer þennan þridja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átrodninge af fiallafenu, og Rettonum, hann heldr og Bók yfer mörkenn epter 3. poste og géfr þar af utskrift þeim mönnum sem verda sender i adrar Retter, epter hreppstiora þar umm giörandi samegenlegre Radstöfun. Auk þessa skal Skards abuande vera skyldugr til ad vidhalda Rettenne i forsvaranlegu stande og hlada veggina so hava ad lömb stockve ei ut og so sterka ad ei hrynje þó menn edr savder hlappe á þeim. Hann skal og vera skyldugr til ad vidhalda þeim Dilkum sem nu eru hladner edr hladner verda. Enn ei skal hann vera skyldugr til ad hlada þá ad nyu. Enn þeir sem nu ega þar Dilka edr vilja hlada sér þar Dilka, sem öllum er heimelt þeim sem upprekstrinn ega, þeir ega fyrst ad setja þá i gott og forsvaranlegt astand og syna þá 3 edr fleirum dugande mönnum i hvada stande þeir eru, og sidan skal afrettarbondenn vera skyldugr til [000] ad vidhalda þeim eins og Rettinne sialfre.

17° Hvor sa sem giörer á mote því, sem af þeim flestu samþikt verdr i þessu efne, skal þar fyrer sekiazt 6 aurum, hvort heldr það er einhver bónde i adrnefndum 3 hreppum edr þeir sem afrettarlanded ega, edr sa bonde sem býr á Skarde af þeirre sekt á kongr helming, enn þeir sem lambatollana taka, annan helming nema þeir verde sialfer seker, þá fare þar um epter Syslumans Radstöfun. Ef nockr verdr skuldare fyrer óhlidne edr afbiggder i þessu efne, þá skulu þeir sem lamba Tollana taka gefa þeim hinum sama það til vitundar skriflega edr munnlega og vottanlega ad þeir [ega ad klaga] það firer Syslumanninum skal þeim [sektskuldada 0000?] sialfstefnt a það næsta

---

manntalsþing epter ad Jorva, ef yversioninn hefr ordid i þeirre þingsokn, enn annars a hans varnarþing med alt sitt forsvar og afbataner, þa þar umm verdr Dæmt af Syslumanne hvert hann kune edr kune ecke; því þetta er ein Politie sök, sem [eingen] undanbrögd er [0000?] réttargange. Enn ef þeir sialfer [000?] lambatollinn taka verda fyrre afbryggde i þessu efne [0000] þá á þá sök hvor af bændum, sem ...<sup>231</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 25. september 1803, segir m.a.:

Anno 1803 þann 25ta Septembris ad endadre Heilagre Þíónustugiórd, Yferleit Prófasturinn i Dalasysslu Benedict Arnason kyrkiuna ad Stórvatnshorni í Haukadal. Hún á Jördena Skinnþufu 10 hndr. og hálfann Sliettardal fyrer nordannframm mille Sliettárdalsár og Svinadalsár, so langt a fioll upp sem Vötnum hallar.<sup>232</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Stóra-Vatnshorn sagt vera 44 hundraða jörð í eigu ábúandans Jóns Egilssonar. Um réttindi eða afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>233</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 10. júní 1807, segir m.a.:

Arid 1807 þann 10da Junii, var kyrkiann ad Vatnshorni í Haukadal ad niu yferlitinn, af Herads Prófasti Benedict Arnasyni. Hún behelldur enn nu ollum sínum Eygnum og Itökum sem eru þessi: Jördenn Skinnþúfa 10 hndr., og há<l>fur Slettárdalur fyrer nordann fram, mille Sléttárdals ár, og Svinadalsár, so langt á fioll upp sem vötnum hallar.<sup>234</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 3. október 1820, segir m.a.:

Ar 1820 þann 3ja Octobris visiterade HéradsPrófastur Dala Sysslu Jón Gislason kyrkjuna á Stórvatnshorni, Hun á Jordina Skinnþufu 10 hndr. og Hálfann Sliettadal fyrer nordann fram millum Sliettadals ár og Svinadalsár, svo langt á Fjöll upp sem Vötnum hallar ...<sup>235</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 5. ágúst 1828, segir m.a.:

Stóra Vatnshorn í Haukadal

Anno 1827, þann 5ta aug: visiteradi biskupinn yfir Islandi, Steingrímur Jónsson, kyrkiuna ad Stóra Vatnshorni i Haukadal, hún á Jördina Skinnþúfu, 10 hndr., og hálfann Sléttárdal fyrer nordan fram, milli Sléttárdalsár, svo langt í Fjöll upp, sem Vötnum hallar.<sup>236</sup>

Hinn 26. febrúar 1833 skrifaði Jón Sigurðsson á Skarði bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna óreglu sem hann taldi vera á fjallskilum og greiðslum fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Í bréfinu segir:

---

<sup>231</sup> Skjal nr. 2(129).

<sup>232</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>233</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>234</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>235</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>236</sup> Skjal nr. 2(43).

---

Velborne herra, Kammir Rád

Þar ydar Velborinn heitum hefur þoknast að fela mier á hendur ummsiön yfir upprekstur fialleitum og saudfiár Riettar viðhaldi hier á Skards afriett, orsakast eg hiermed til að géfa yður til vitundar ÓReglu þá sem mier finst að árlega taki ýfirhönd ý fiall skilum til, og Fialla tolla gialdi eptir tieda afriett, sem einkanlega er filgiandi: 1: að bændur þeir sem eýga upprekstur á skards afrétt forsóma að leita Eptirleit á haustum þó þeir sieu þar til qvaddir og það þeim ý týma til sagt: 2: að nockrir þeirra Reka fie sitt á Villýngadal og gialda þángad fiallatolla enn aungva til myn, eda annara eýganda afréttar landsins: 3: Réttinn sialf er mikils til oflítil að Rúma það fie sem Rekid er til Réttarinnar og þarf þvj nauðsínlega að út færast og hlast að nýu. hér af hlióta þau mýn audmiuk og þénustusamleg til mæli, að ydar velborinn heitum mætti þoknast að úrskurda: 1: alla bændur sem búa jnnan upprekstursins takmarka skilduga að leita Eptirleit eptir þörfum þegar þeir eru þar til kalladir undir þá Sekt sem þér álytid hæfilega og yður þoknast að áqveda: 2: hvört öllum þeim bændum sem búa ý Skards afréttar upprekstri nefnilega millum Laxár og Túnguár ber eý að gialda Fiallatolla til myn og medeiganda afréttar landsins, og hvört öllum eýns þeim fiár mestustu sem þeim er ecki eýga Fleiri enn 20 Kindur fiallrækar ber eý að gialda meir enn 1 lamb j fialla toll: 3: hvöríum beri að útvýdka og hlada upp Réttina svo nægilega stór verdi til að rétta safn það sem að henni rekst Ydar Velborinn heita Réttvýsa úrskurdar uppá framan skrifada pósta óskadi eg að med taka á næsta manntals þyngi á Jörva, þar eg annars sie mier ófært og ofvaxid að hafa nockur afskipti af fiallskilunum og hlýt þvj ef eý nít ydar adstodar til leidréttíngar ý þvj af lagafærda öldungis að seigia mig frá þeim, og oska að þér felid þau viðkomandi hreppstióra á höndur.

Ydar Velborin heita þénustu Velíngur

Jon Sigurdarson<sup>237</sup>

Á manntalsþyngi að Sauðafelli 5. maí árið 1836 var upplesin ályktun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Ekki er greint nánar frá inntaki ályktunarinnar. Í dóma- og þyngbók var eftirfarandi innfært:

Ár 1836 þann 5. Maji var manntalsþyngsrétturinn settur að Sauðafelli [...].

5. Var upplesið: [...].

e) Ályktan um Skarðsafrétt 1795.<sup>238</sup>

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi:

32. <Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadal. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadal.<sup>239</sup>

---

<sup>237</sup> Skjal nr. 2(189).

<sup>238</sup> Skjal nr. 2(174).

<sup>239</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 62–63.

---

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall, í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

8. <Dalir.> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

[...]

32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.<sup>240</sup>

Hinn 24. október 1842 skrifaði Magnús Arngrímsson hreppstjóri bréf til sýslumanns er varðaði annmarka sem hann taldi vera á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 1809. Í bréfinu minnst hann m.a. á upprekstur á Skarðsafrétt, en þar segir:

Fleiri orsaka Vegna er eg til knudur ad framm færa fyrir yður umqvörtunar efni; ahrærandi Réttar höld og fleira þar ad lutandi hér i Sudur Parti Sysslunnar enn einkum sem mér er nu sem stendur í Jorva hrepp vid komandi, ad sönu liggur vid hrepps Pappirana hia mér Cóbbia af Amts Reglu giördinni, Daterud 13<sup>da</sup> Aug: 1809 um Réttar höld i Dála Sysslu og fleira þar ad lutandi, sem þo Vantar á ad sje eins fullkominn og eg hefí sje hana annars stadar, þvj éinginn viss réttar dagur er tiltekinn i henni hér um Dáli, nefnd Reglugiörd finst mér i sumum póstum ei so skilmerkileg eda vel utlistud sem vera þirdti, eda hagqvæm firir almenning; og Tel eg þad first til hvad lög upprextur a Skards afrétt snertir þar sem Reglugiördinn til greinir, ad þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Middölum, enn takmarkar ecki hvad mikill Partur af Sveitunum, hvad þeir sem fyrir fiallgaungum eiga ad Ráda þurfa þo ad vita, til þess þeir géti reglulega til sagt þeim fiallskil a Haustum sem þangad eiga lög upprextur; og hinir sem fiallatolla eiga ad taka, meigi vita eptir þeim ad ganga hia þeim sem þangad eru skildugir ad reka; 2ad hvad Réttar höldinn snertir hér i Sudur parti Sýsslunnar hafa þær alldrey Verid haldnar a þeim sömu dögum og Reglugiördinn til seigir, heldur vídast hvar halfum manudi firri; utann Vatnsrétt hefur nu nockur undannfarinn ár Verid réttud þrem dögum sidar enn Reglugiördinn til tekur. Skards rétt hefur nu nockur undannfarinn ár Verid réttud þridjudaginn i Tuttugustu viku sumars, enn Vatns rétt þridjudaginn i Tuttugustu og annari sumar vikunni og finst mer þad midur hagqvæmt hvar 2<sup>ar</sup> Rettir eru haldnar i sama hrepp og samganga er ad so langt skuld lýda á milli réttanna og eg held þad sje Dæma fátt; Adur Var skards rétt réttud a sama dag og leitad Var til hennar Nefnil. á Manudaginn í 20ustu Viku sumars; enn Vatns

---

<sup>240</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 46–51.

---

rétt nærstadað eptir, enn vegna þess að ofært þokti að rétta skards rétt sama daginn og leitad Var tóku menn upp að rétta hana daginn eptir og sýdann hefir réttarhaldid gétad farid fram með betri reglu, og öllum sem að henni hafa sokt þokt það hægr, ef skards rétt skal haldast sama dag og Verid hefur undannfarinn ár nefnil: að þriðjudag væri hagfeldast Vatns rétt væri réttud að miðvikudaginn þar eptir; til leidannlegir mundu Haukdælingar að skards rétt væri réttud einri viku seirna enn Verid hefur Væri þá Vatns rétt réttud um sama tíma bil, hvað Laxdælingar sem halda sig að vatns rett munu breigir til, utan nýr yfirvalda úrskurdur komi þar til.

Í þriðja mata er aqvardad í Reglugiördinni að fíár úr gangur úr, allrí sysslunni skuli rekast rétt úr rétt til skila réttar sem sie seljalandsrétt; enn alldreý hefur fíar úrgangur komid úr Vestur Parti sysslunnar til Haukadals rétta, enn úrgangur úr skards rétt hefur ætid geingid til Fellsenda réttar, og optar þaðann til Seljalands réttar og þar Verid skipt upp án þess lysíngum hafi Verid uppi haldid, þar til skila rétt hefir verid úti, sem ej hefur Verid haldinn firri enn viku firir Vetur. Sidann hefur það Fje ordid Hördudals hrepps eins, sem ej hefur upp spurst mundi nú ecki eins vel fara að skila rétt væri eingínn í sysslunni og hvör hreppur hefði sinn úr gang eins og tígdast í nordur landi, enn lísíngum Væri uppi haldid í tíma; enn þækti ej til þess ráðandi þá að færa skila réttina að hentugrí stad í sysslunni Nefnil; nær miðri sysslu Eða þá í þriðja lagi að fíölgja skila réttum, so ein skila rétt Væri firir Laxárdal Haukadals Miðdali og Hördudal enn önnur firir Vestur Part sysslunnar, og mundi þá best fara að sú skilarétt sem hér í Dölunum væri, Væri haldinn að þeim stad hvar öllum hreppunum væri hægst að sækja til hennar, og mundi Vatns rétt ej vera sú ohentugasta, þangad væri og nockud nærri um Vega leingd firir Sunnlendinga og nordlendinga að sækja, firir það mætti hvör hreppur hafa sinn úr Gang, og þírdti alldreý úr firstu réttum að rekast í burtu enn úr öllum hreppunum væri rekid til skila réttarinnar að þann stad og dag sem til þess væri Valinn og hentugastur þækti; Gæti þá hvör hreppur tekid heim til syn aptur það sem ecki geingi ut vid skila réttina, hvað mér fínsz langt um jafnara enn það verdi eins og Verid hefur eins hreppz agódi, sem úr fleiri hreppum er rekid; Lýka væri þá komid í Veg firir að fie manna Væri fíarlækt eígunnum eins og stundum hefur þó ordid firir þá orsök, að úr gangurinn hefur verid rekinn rétt úr rétt til skila réttar. Lyka gæti þá maske einhvör hreppurinn sem þar hefði ~~maske~~ List til og þækti það í einhvörju ~~fært~~ hentugra fært réttar haldid um viku tíma, sem eg sje ecki að verdi meðann úr gangurinn skál rekasz rétt ur rétt, utann margar síeu þá færðar hvað er vidz mun veita að geta feingid. Þettad hér að framann skrifad til sendi eg yður so sem Vidkomandi yfir Valdi til yfir sk[od]unar, ef ské mætti eitt hvað af því irdi Nótad til undir bunings betri Reglu með réttar höld og fleira þar að lutandi í Haukadals enn Verid hefur.

Nupe þann 24 October 1842.

Magnus Arngrimsson<sup>241</sup>

---

<sup>241</sup> Skjal nr. 2(190).

---

Hinn 16. desember árið 1842 skrifaði Jón Jónsson á Melum, eigandi jarðarinnar Skarðs í Haukadál, amtmanni Vesturamts bréf varðandi upprekstur og fjallskil á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir m.a.:

Í tilliti til jarðarinnar Skarðs hofum við ecki það álit á hagnaði á fjárupprekstri á afrétt þessa, að ockur ecki standi á sama, hvort honum er framhaldeð eða ecki, sé þá ei heldur rekeð á Villíngadal, en líkt mundi á þessari afrétt fara og annarstaðar, þar sem þær eru forsómaðar eða aflagðar, að geldfé sem þangað kynni að slánga af kringliggjandi afréttum og fjallöndum, mundi þar úti verða, sökum vanleita, en sé fjárupprekstri annars framhalded, og hann ei fullkomlega og útpryckilega aftekin á Skarð afrétt [...].

2. Í tilliti til þess atvöðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villíngadal, orsakar teðrar jarðar fjalllandi, viljum við tilstanda ábúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrreðum upprekstri, hvörra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villíngadal, fái þeir þartil teðrar jarðar ábúanda samþycki, en ei viljum við liða að fleiri reki á Villíngadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalíngslaust.<sup>242</sup>

Varðveittur er samningur milli Skarðs og Villíngadals um fjalltolla, dagsettur 18. júní 1843. Þar segir:

Þar eð bóndinn mr. Björn Björnsson á Skarði hefur fundið mig í dag í því tilliti að heira hvörn samning eg villdi inngánga um upprekstur hér á Villíngadal við þá sem hlut eiga að Skarðstjettar upprekstri einkum ábúanda og jarðar eiganda þá gjöri eg mig þar með ánægðan við hlutaðeigendur, að verði so að allir Haukdælíngar og Náhlíðíngar reki reglulega fje sit hér fram til afrjettar að sex menn reki hjer á Villíngadal með mjer sjálfumm töldum enn hinir allir á Skarðsafrjett og eg hafí so fjóra fjallatolla með mínum enn ei fleiri, – til fullnustu þessum samningi er mitt under skrifad nafn.

Villíngadal þ(an)n 18<sup>da</sup> júní 1843.

Oddur Jónsson

Hinsvegar skrifaðri uppastungu bondans Odds Jonssonar á Villíngadal er eg samþyckur.

Melum þan 12<sup>ta</sup> Julii 1843.

J. Jónsson.<sup>243</sup>

Hinn 20. júlí árið 1843, skrifaði Jón Jónsson á Melum sýslumanninum í Dalasýslu bréf vegna skiptingar á upprekstri og fjallatolla milli Villíngadals og Skarðs. Þar segir:

Velbyrðugum Herra Sýslumanni C. Magnúsen  
a/ Skarði á Skarðsstönd  
L. S.

---

<sup>242</sup> Skjal nr. 2(203).

<sup>243</sup> Skjal nr. 2(205).

---

Í tilefni af herra Sýslumansins háttvyrdda bréfi af 22<sup>rum</sup> Maji síðstl. hefi eg, fyrir milligaungu þess nú burtdauða bónda á Skarði Biörns Biornssonar, leitað sammings við eignarman og abúanda Villíngadals, bóndan Odd Jónsson, viðvíkjandi deilingu upprekstrar og fjallatolla millum téðra bæa, hvors uppastúngu í téðu efni eg legg hér inn, af mér samþykta.

Eptir bestu athugun gét eg ei annað áliteð, en að afréttarmegnið þannig brúkað, sé nægilegt fyrir alla þá tilteknu bæi í Haukadal og Náhlíð, einkum þar það viðnýtur Mela víðlenda fjalllands, hvar yfrið margt af Haukdælinga og Náhlíðinga fé fyrirkemur á hvörju hausti, sem sumpart er rekeð til Skarðs- en sumt til Mela-Rétta.

Melum þan 20<sup>ta</sup> Julii 1843.

J. Jónsson

Til Herra sýslumans C. Magnusens.<sup>244</sup>

Hinn 10. janúar árið 1844, skrifaði sýslumaður Dalasýslu amtmanni Vesturamtsins vegna reglugerðar um Skarðsafrétt:

I gunstige skrivelse af 20<sup>de</sup> Febr. f. a. har Deres höivelbaarenhed gunstigt, ved at tilstille mig herhos tilbage følgende Skrivelse med Bilage fra Syselmand J. Johnsen, betræffende en ny udarbeidelse af et Regulativ for den saa kaldte Skards afret her i Sysselet anmodet mig om, at gjøre udkast til samme m.m.

I anledning her af, undlader jeg ikke her med underdanigst, – efter af have omhandlet denne sag med ved kommende Repstyrer paa de sidstafholdte mandtalstthinge, samt corresponderet med sysslelmand Johnsen, forsaa vidt angik – passernde aarlig erstatning til opsidderen af gaarden Villíngadal, hvis betydelige græsgange til fiælds grændse til Skards afret. Her ved af tilstille det høje amt, et af mig udarbeidet Regulativ for bemelte Skards afret, til gunstig approbation – for saa vidt samme maaske finde amtets Bifald, den i mellem Sysselemand Johnson og bemeldte opsidder og ljer af Villíngadal skerte skriftlige overenskomst, følger hermed.

Skard í Dalesyssel den 10<sup>de</sup> Januar 1844.

Undertenigst

C. Magnusen.<sup>245</sup>

Hinn 10. júní árið 1844 skrifaði Jón Jónsson á Melum amtmanni Vesturamts vegna reglugerðar um Skarðsafrétt:

Með Vestur amtsins háttvyrdda bréfi af 20<sup>ta</sup> Febr síðstl. hefi eg meðtekeð þeim á millum amtsins og Sýslumansins í Dalasýslu víxluðu bréfum, viðvíkjandi betri reglu í upprekstri og fjallskilum á Skarðs afrétt í Haukadal, þarameðal eirni af velnefndum Sýslumanni framvarpaðri Reglugjörð um geldfjárrekstur, grenjaleitir og Dyraveiðar á téðri afrétt um hvörja amted æskt hefur minnar erklæringar, hvört eg óskaði nockru í henni umbreitt eða nockru við hana bætt, áður en hún yrði viðtekin og auglýst til eptirbreitni.

---

<sup>244</sup> Skjal nr. 2(204).

<sup>245</sup> Skjal nr. 2(206).



---

Hérum leifi eg mér að framfæra þá meiningu mína og ósk: að leitardagurinn á téðri afrétt náqvæmar áqveðist, nefnilega Mánudaginn í 21<sup>tu</sup> viku sumars, undireins og leitir framfara á kríngleggjandi afréttum og fjalllöndum að norðan- og sunnanverðu. Líka leifi eg mér að setja það til viðkomandi yfirboðara náqvæmar yfirvegúnar, hvort ei sé þéanlegra, að úrtíningskindur þær, er fyrircoma í Skarðs Rétt, eins og hvörri annari innan Dalasýslu, vaktist í þeim hrepp, hvar þær fyrircoma, og Réttinn liggur, en að þær séu rekna rétt úr rétt til þeirrar svonefnðu skilaréttar, opt og tíðum í en meiri fjarlægð við eigendur þeirra en þær voru í rétt þeirri hvar þær fyrst fyrircoma, því þó þær ecki eigi heima í Vesturparti Dalasýslu, gétur vel skeð að þær séu héðan úr Strandasýslu, sem liggur strandleingis norðanverdt fjallgarðs þess, sem notaður er fyrir upprekstrarpláts úr þeim báðum, og er lítt mögulegt að eigendur fái þær í tíma uppspurðar, þá komnar eru í þvílíka fjarlægð, sem er úr Bitru og Kollafirði út undir Rauðamelsheiði.

Að öðru leiti finn eg ecki tilefni til, að æskja nockru umbreitt eða viðbætt í herra sýslumans Magnúsens velsamda Reglugjörðar uppkasti, hvört eg hér með ásamt hans bréfi og öðrum tilheyrandi fylgiskjölum undirgéfnastr sendi amtinu til baka.

Melum þan 10<sup>da</sup> Júnii 1844. J. Jónsson

Til Herra conferentsráðs amtmans Thorsteinsson.<sup>246</sup>

Hinn 30. október árið 1844, sett sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt, um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamtsins staðfesti reglugerðina 25. desember sama ár. Reglugerðin var færð í afsals- og veðmálabók Dalasýslu og hljóðar svo:

Nr 148

Reglugjörð, fyrir Skarðsafrétt innan DalaSýslu um geldfjár upprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar.

1. Sá partur Haukadals sem ei er lagður til Vatnsréttar eður Þverðals upprekstur, og hvar í eru 15 bæir ásamt þeim parti Miðdala er Náhlíð nefnist og næst liggur Haukadal að sunnaverðu, að Stóraskógi undanskildum, skal einúngis eiga skyldu og lög upprekstur fyrir geldfé á Skarðsafrétt, enn engvir aðrir bæir eður sveitir.

2. Með tilliti til þess átroðnings, sem fjallafé gjörir Villíngadals ábúanda, hvör talsverð fjalllönd á í nánd [leiðrétt úr: grend] við Skarðsafrétt, uppberi hann árlega 4 fjallatolla, með sínum eigin íreiknuðum, enn 6 ábúendum í ofantilgreindum bygðarlögum, hvará meðal Villíngadals ábúandi telst, standi frítt fyrir að reka geldfé sitt á Villíngadal kjósi þeir það heldur enn á Skarðsafrétt, enn ekkért fleira fé, til þess að það gáangi á Skarðsafrétt réttist þar síðan og dragist betalingslaust.

---

<sup>246</sup> Skjal nr. 2(207).

---

3. Hvað grenjaleitir og dýraveiðar í afréttinni árlega snertir, svo hefir Skarðs ábúandi þar um að annast útvega skyttu, senda eptir henni á eigin kostnað, samt láta vaka á greninu; hvarámóti Jörfa og Vatnshorns ábúendum, sem öðlast fjallatolla Skarðs afréttar að helmíngi, ber að lúka allann kostnað skyttunni, ásamt þeim er með henni á greninu liggur, þá þess viðþarf.

4. Lömb skulu sitjast í hið minnsta vikutíma eptir fráfarur, áður þau eru á afréttinn rekin.

5. Í fjallatolla lúkist af hvörjum búanda 1 gyldt lamb, af 20 til 60, enn 2 af þeim sem fleiri reka og séu þau goldinn strax í Réttinni, hvar þau skiptist á milli hlutaðeiganda, enn þeir er innan téðra bygðarlaga, reka lömb sín á aðrar afréttir, eður fjalllönd, ellegar halda þeim í heimahögum, skulu ei að síður skyldir vera að gjöra fullkomin fjallskil á Skarðsafrétt og gjalda fjallatoll eins og þeir hefðu á hana rekið, enn úrgánga kyndur þær sem hittast í Réttinni án eigara, vaktist í þeim hrepp hvar Réttinn er þar til hinn sami í tæka tíð sannar sinn eignarrétt, enn meðhöndlust annars að lögum og landsvana.

6. Leitardagurinn skal vera Mánadagurinn í 21tu viku sumars sé fært veður, enn annars sá nærsti fær dagur.

Að öllu öðru leiti, enn því hér að framan er tilgreint skulu þær almennu reglur, viðvíkjandi fjárupprekstri, fjallskilum og réttarhaldi, sem fyrirskrifaðar eru, svovel í Hreppstjórnar Instrúxinu, sem þeirri af Vesturamtinu áður staðfestu Reglugjörð fyrir DalaSýslu, vera gyldandi.

Skarði í Dalasýslu þann 30ta October 1844.

Undir minni hönd og innsigli C. Magnusen (L.S.)

Það Amtið ei hefur fundið neitt í framanskriafaðri Reglugjörð um Skarðsafrétt er álítast kunní ólöglegt, eða ósanngjarnt, heldur það er miði til góðrar reglu og almennings hagsmuna, svo veitist Sýslumanninum í Dalasýslu hér með myndugleiki til, að byrta Reglugjörðina á nærsthaldandi viðkomandi manntalsþingum, hlutaðeigandi almenníngi til eptirbreytnis, eins og til að skipa viðkomandi Hreppstjórum, að þeir hafi nákvæma tilsjón með, að eptir Reglugjörðinni sé framvegis lifað. Islands Vestur Amts skrifstfu Stapa, þann 25 Dec.ber 1844.

Undir minni hendi og Amtsins signeti. Thoresteinsson (L.S.)

---

Auglýst fyrir Manntalsþingsréttinum í Dalasýlu höldnum á Hjarðarholti 14da, Jörva 15da Sauðafelli 16da Blönduhlíð 17da Hvammi 19da Staðarhóli 20ta Staðarfelli 22n og Ballará 23ja maii, árið 1845. testr C. Magnussen.<sup>247</sup>

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 segir að Stóra-Vatnshorn sé 44 hundraða jörð. Þá segir:

[H]agbeit ær vetur og sumar; heima land lítid, en fjall lendi nokkurt; Jördinni tilheyrir fjórði partur af svonefndri Skarðs afrétt í hrepp þessum, er metst með jörðunni og matsmenn álíta þess af 20rbd virði. Med hvorju med töldu jörðin metst öll til 500 Rbánskadala.<sup>248</sup>

Í jarðamatinu 1849–1850 segir að Jörfi eigi fjórða part af Skarðsafrétt. Þar segir:

Jörvi, 30h(undruð) med 5 kúgildum og 4 vætta landskuld og þykir mikid gódur leigumáli. Túnid er lítid, en greidfært og gott, er hætt vid stór skemdum; engjar hægar, góðar og miklar, en skridu hætt. Hagbeit góð, og fremur hagasamt; vedra samt er hér mjög; torfrista góð, – Jörðin á fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt, **sem matsmenn** meta 20<sup>r(íkis)d(ala)</sup> virði, en jördina alla, að því medtöldu, til 600<sup>r(íkis)b(anka)d(ala)</sup>.<sup>249</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu 1849–1850 segir um Skarð:

Skarð, 20h(undruð) med 3 kúgildum og 4 [vætta landskuld], og landrými töluverdt vedra og snjóasamt, torfrista slæm. Svonefnd Skarðs afrétt tilheyrir jörðunni hálf.

Metið til 350<sup>r(íkis)b(anka)d(ala)</sup>.<sup>250</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 var upplesið bréf frá eigendum Skarðsafréttar þar sem þeir leyfa ábúanda Lækjarskógs upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók segir svo frá:

4. Voru lesin acc[epi] leyfisbréf frá eigendum Skarðs réttar af 22. dec. 1834 [og] 16. Febr. 1852, hvar með þeir leyfa ábúanda Lækjarskógs upprekstur í Skarðs afrétt, í stað nokkurra bænda frá Náhlíð sem hafa gengið undan með upprekstri.<sup>251</sup>

Hinn 22. mars 1854 sendi amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna uppreksturs ábúanda Lækjarskógs á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir:

J brjefi dagsettu 6. Juni f.á. hefur bóndinn Jón Guðmundsson á Lækjarskógi getið þess, að hann hafi leyfi hlutaðeigenda til að reka geldfje sitt á Skarðs afrétt í Haukadal, en að sveitarstjórnir í Laxárdal samt sem áður hafi farið þess á leyt við sig, að hann greiddi dýratoll og gjörði grenjaleytir og fjallskil í Laxárdalshrepp, undan hverju hann tjáist hafa færst, og þessvegna leytar

---

<sup>247</sup> Skjal nr. 2(217).

<sup>248</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>249</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>250</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>251</sup> Skjal nr. 2(175) og 2(191).

---

Amtsins atkvæða um það, hvort Lækjarskógs ábúendur skulu hjer eptir skyldi til að gjöra fjallskil og greiða dýratoll í Laxárdalshreppi.

Af þessu tilefni undanfelli eg ekki hjer með að tilkynna Herra Kammerráðinu til eigin athugasemdar og auglýsingar fyrir ofan nefndum Jóni Guðmundssyni, samt fyrir sveitarstjórninni í Laxárdals hrepp: að en þótt að nýnefndur Jón hafi fengið leyfi til að reka geldfje sitt á afrjett í framandi sveit, álitur Amtið hann þó engan slíkan rjett hafa til að skerast úr því sveitarfjelagi, hvartil hann heyrir, að hann þarvið geti fríast við að greiða dýratoll og gjöra grenjaleytir í sveit sinni eptir jafnaðar tiltölu við aðra, eptir sveitarstjórnarinnar ráðstöfun. En hvort hann af áðurtjeðri orsök getur fríast við að gjöra fjallskil í Laxárdals hreppi, verður að vera undir því komið, hvort sveitarstjórnin og sveitarbændur vilja samþykka það, eður finna það sveitinni bagalaust, því ef svo er, þá hefur Amtið fyrir sitt leyti ekkert á móti að hann fríist frá fjallskilum í Laxárdalshreppi. En vilji sveitarmenn ekki leggja samþykki til að hann fríist frá fjallskilum í Laxárdal, finnur Amtið sjer ekki heldur hæfa að veita honum slíka fríun. Að bóndanum á Lækjarskógi kunni að aukast kostnaður, ef hann heldur áfram að reka geldfje á Skarðs afrjett, og sveitarmenn í Laxárdal ekki vilja fría hann þar frá fjallskilum, getur ekki haft þá verkun, að hann eptir lögum og rjetti geti krafist slíkrar fríunar; því slíkur aukinn kostnaður verður næstum ætíð beinlinis afleiðing af því, þegar menn vilja skerast úr þeim fjelags skap, eður því sambandi, hvar til þeir eptir lögum og landsvana eru bundnir.

Skrifstofu Vesturamtsins í Stykkishólmi, 22. Marz 1854.

P Melsted<sup>252</sup>

Hinn 7. mars 1863 sendi hreppstjóri Haukadalshrepps bréf til sýslumanns þar sem hann gerði sýslumanni grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi sem haldinn var 21. febrúar sama ár. Í bréfinu segir:

J Brefi dagsettu 12. Desembr. fyrra ár hafið þér herra sýslumaður óskað eptir að eg hjeldi fund í Haukadalshreppi til að ræða um gjeldfjárupprekstur fjallskil, rettarhald, grenjaleytir og til að kjósa 2 menn úr Hreppnum til að fara á þann síslufund er þiér segist alta að halda um nærst komandi sumarmál.

Þessi sveitarfundur var haldinn á Jörva þann 21. Febr. mán. nærst lidinn hvar þar mættu flestallir sveitar bændur hér ásamt með nokrum bændum úr Náhlidinni er áttu upprekstrar tilkall á Skarðsafretti og var á þessum fundi rætt um þessi fyrgreindu atriði og urðu útfölinn þessi,

1. að Skarðsafrettar eigendur kröfdu þess að allir þeir menn sem átt hafa þar upprekstur haldi vid hann frammvegis.
2. Fjallatollar skuli greiðast svo leidis að þeir sem reki á afrettina svo framt það gjöri allir þeyr er þar hafa átt upprekstur eptir nú gildandi upprekstur Reglugjörð, greidi 5 fiskar af hvörkjum 30<sup>u</sup> sauðkindum sem reknar yrðu en grenjaleytir og Dyraveiða kostnaður lendi jamt eptir tiltölu á öllum þeim er uppreksturinn eiga á afrettinni.

---

<sup>252</sup> Skjal nr. 2(192).

---

3. Sumir i Hreppnum voru á því að Vatnsrett væri sameinuð við Skarðsrett enn sumir mæltu á móti því, og var því leitað að kvæða fjölda að því, og urðu 17 á því að Rettirnar væru sameinaðar, enn 5 mæltu á móti.

4. Leitir að Skarðsrett skuli frammfara á mánudaginn í 21. viku sumars og rettar haldid daginn eptir.

5. að skila rettar hald yrði til tekinn dag í Haukadal.

Þettað tilkinnist yður þienustu samlega til ihugunar.

Leikskálum 7. Mars 1863.

Vyrðingarfillst Þ. Bergþórsson<sup>253</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 13. október 1866, segir m.a.:

Ár 1820 þann 3ja Octobris visiterade HéradsPrófastur Dala Sysslu Jón Gíslason kyrkjuna á Stórvatnshorni, Hun á Jordina Skinnþufu 10 hndr. og Hálfann Sliettadal fyrer nordann fram millum Sliettadals ár og Svinadalsár, svo langt á Fjöll upp sem Vötnum hallar ...<sup>254</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Stóra-Vatnshorni, dags. 20. júlí 1870, segir m.a.:

Ár 1870 20 júlím. visiteradi Biskupinn yfir Islandi Dr. Theol. P. Petursson R. Af Dbr. og Db.m. kirkjuna að Stórvatnshorni í Haukadal. Eptir maldögum [Eptir maldögum, ofan línu] Kirkjan á Skinnþufu og halfan Slettardal fyrir nordan fram milli Slettárdalsár svo langt í fjöll upp sem votnum hallar.<sup>255</sup>

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd bréf til sýslumanns þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir:

Eptir ósk Sýslunemdarmannsins í Haukadalshreppi, hjelt Hreppsnemdinn þar fund með sér að Jörfa (þingstað) og kallaði þángað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjallönd, til að víta um hvorjir af þeim vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanfögnu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá –

1. Kostnir 4<sup>ir</sup> til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og vard álit þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.

2. Var þá farið að semja við þessa landseigendur hvað háa leigu að þeir settu upp fyrir Landið Og var ákveðið að eptir alt þettað land skildi gjaldast, af nemdri fjártölu 7 vættir og 20 fiskar er þá 20 fiskar af hundrað fjár – Ef ekki irði svo mart geldfje hjá upprekstrar mönnum að sjetja í Landið, skildi gjaldid stíga niðrúr 7 vættum og 20 fiskum enn verda þó jafnann 20 fiskar eptir 100 fjár, kæmi það fyrir að upprekstrar menn ættu fleira fje, enn þessa til teknu upphæð sem þeir þirtu að reka í nemt land, skildi þeim það leifast allt svo leingi að ekki virtist verða skaði af á Landinu, og Leigann þó aldrey stíga upp úr 7 vættum,

---

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(193).

<sup>254</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>255</sup> Skjal nr. 2(56).

---

og 20 fiskum og í þessu Landi skildi hvorki vera hafður búsmali nje Hross, og ekki heldur brúkað til slægna.

3. Firir það sem Réttinn stendur á Skarðs lód, og sjerstakann átroðning á Skard ábúanða, og að hann taki að sjer að láta Leita grenja leitir á Landi þessu, skal hann árlega hafa af óskiptri upphæð fjallatollanna. 1. vætt. og 20 fiska.

Firir það sem Villíngadals ábúanði æltar að líða geldfje þó það kæmi á Villíngadal, skal hann hafa af nemdum fjallatollum 20 fiska árlega – Enn því sem þá er eptir af fjallatollunum skal skipt eptir rettri tiltölu, eptir því sem matid hefur verid í hvört land, fyrir sig af fjénu.

4. Allir Bæir í Haukadalshreppi skulu eíga Lög upprekstur á Skards afrétt að Vatni og Villíngadal undanskíldum (þeir hafa upprekstur hvör hjá sjer) Einig skulu eíga upprekstur á Skards afrétt þeir bæir í Náhlíd sem hér greínir, Ytra Skogskot, ~~Kvennabrekka~~, Svalbarði, Svínhóll og Oddstaðir.

5. Þar sem ekkert varð ákveð með Vatnsland, hvört það mundi verða led til uppreksturs, eða brúkað fyrir selland, var það enn ekki metid.

6. Það var ákveðid að Skarðs rétt Eín skildi verða í Hreppnum enn Vatns rétt aftakast.

7. Leitardagurinn skildi verða Mánudagurinn í 22 víku sumars, og þá leituð í heild sinni öll fjalllönd hreppsins, og rekid til Skarðsréttar, og rjettað þar daginn Eptir.

8. Það fje sem ekki þektist eða ekki irdi dregid í Réttinni, skildi vaktast í Hreppnum til þess víka væri til vetrar, það af fje sem Eigendur ekki gæfu sig að á þeim tíma skildi uppbjódast vid opinbert uppbod.

9. Fjalla tollarnir skulu greiðast Landeigendum firir octóber mánaðarlok ár hvort í gildum landaurum, kindum eða peníngum, eptir þá gildandi verdlagskrá.

10. Finnist gren í Afréttarlandinu, skal hvor þess Landeígandi annast um í sínu landi að útvega skittu á það, láta mann vaka á grenínu og annast um að greiða allann kostnad þar af leiðandí.

11. Komi ómerkíngar firir í Rettinni sem eingin gæti helgad sér, skulu þeir uppbjódast og falla til sveitarinnar.

Þegar Reglugjördinn firir Skardsrétt, verður af Sýslunemdinni saminn, verða þær reglur eður samníngar að verða sem hér standa í annari, þridju, fjördu, sjöttu, og tiundu grein að standa óraskaðar, því það er sameiginlegur samníngur á milli Landeigenda og upprekstrar manna, Enn að ödru leiti búunstum vid, að Sýslunemdinn, semji, og setji fullkomnar trygjanđi reglur að því leiti sem þjenar til frammkvæmdar, áhrærandi fjallleitir, med meiru.

Haukadalshreppi, þann 3. Desember 1875.

P. Bergþórsson, J. Hallsson

Jeg undirskrifaður er öllu hér að framann, og ofanskrifuðu samþikkur utan því, að Vatnsrétt sje af tekinn, og þeir bæir sem jeg hef ljed upprekstur skuli halda vid hann.

Jón B. Jónsson<sup>256</sup>

---

<sup>256</sup> Skjal nr. 2(194).

---

Landamerkjaskrá fyrir „Stórvatnshorni og Skinnþúfu í Haukadal“ er dagsett 15. maí 1886 og því var þinglýst 28. maí 1886. Þar er merkjum Stóra-Vatnshornsmúla sérstaklega lýst. Þar segir:

Landamerki milli Stórvatnshornsmúla og Skarðs eru í Svínadalsá frá Haukadalsá eptir Svínadal á fjall upp og á fjalli sem vötnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár, hver á ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár; hún ræður síðan að Svínadalsá.

Storavatnshorni 15. Maí 1886.<sup>257</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni B. Jónssyni og Jónasi Jónssyni eigendum Stóra-Vatnshorns. Þá er það undirritað um samþykki af P. Ólafssyni umráðamanni Litla-Vatnshorns, Jóni B. Jónssyni eiganda Vatns, Tómasi Árnasyni eiganda Saurstaða, Jóni Árnasyni eiganda Skriðukots og Jóni Jónssyni eiganda Mela.

Hinn 31. október árið 1899, óskuðu þrír bændur í Haukadalshreppi eftir úrskurði amtmannsins í Vesturamti, varðandi upprekstur í hreppnum. Í bréfinu segir:

Það tveir til þrír bændur í Haukadalshrepp í Dalasýslu taka upprekstur á fjenaði í fjalllönd sýn og þikjast eiga heimtín[gu] á að flestir sem þurfa reki í fjalllönd sín jafnvel þó fleiri bændur í hreppnum geta tekið upprekstur í sín lönd og geri það (því hreppurin á aungvan afrett) þá vilja þeir fyrst nemdu bændur fá alla upprekstrar tolla af okkur af gamalli venju, þó við fáum upprekstur hjá öðrum á Ári hvorju hjá nágrönnum okkar sem geta ljeð upprekstur. En hinn uppreksturinn getum við valla notað sakir vassfalla og vegaleingdar og svo vitum við ekki betur en okkur sje heimilt að kaupa upprekstur hjá öðrum sem geta ljeð okkur hann og erum við óánægðir með að gjalda þeim fjallatoll sem við rekum fjenað okkar aldrei til og er langt í burtu frá okkur þó það sje gömul venja og kanske af yfirgáangi sprottin og eigi að heita hefð.

Nú sökum þess að við viljum ekki leingur gjalda tvenna upprekstrar tolla og hjer er lítið um að geta feingið hreinan úrskurð á máli þessu, þá erum við neiddir til að skora á yður Herra Amtmaður að yður mætti þóknast að gefa okkur úrskurð á máli þessu fyrst hvort við meigum ekki kaupa okkur upprekstur á fje okkar hvar sem við vilum, (nefnilega hjá nágrönnum okkar) og annað hvort við sjeum skildir til að gjalda hinum líka fjallatoll sem við rekum aldrei fjenað okkar til þó það sje gömul venja.

Þorsteinsstöðum í Haukadal 31. október 1899

Einar Helgason Þorsteinn Þorvarðarson

Einar Jónsson

Til Herr. Amtmansins í Suður Amtinu.<sup>258</sup>

---

<sup>257</sup> Skjal nr. 2(12).

<sup>258</sup> Skjal nr. 2(213).

---

Hinn 4. mars árið 1900 skrifaði Björn Bjarnarson sýslumaður í Dalasýslu bréf til amtmannsins í Vesturamti vegna kæru frá tveimur bændum vegna uppreksturs í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir:

Um leið og jeg leyfi mjer að endursenda hinu háttvirta Vesturamti kæru frá bændunum ~~og~~ á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi og legg með útdrátt úr afrjettarreglugjörð Dalasýslu um þetta atriði, skal jeg eptir að hafa leitað upplýsinga í Haukadalshreppi leyfa mjer að skýra frá þessu:

Fyrir alllöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi, en síðan hefur ekki verið metið upp; var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á afrjettarlöndum sem tilheyra Jorfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbondinn á Vatni ~~hann~~ var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnsland; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrjettarfje hreppsins nema Vatnsfje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir allt afrjettarfje hreppsins. Hreppsnefndin skýrði svo mönnum frá hverjir ættu að reka í hvert af þessum 3 löndum, sem öll eru samhangandi, og um leið hverjum hinna 3 landeiganda, ~~hjt~~ af hverjum þeir ættu að taka fjalla eður upprekstartoll. Nú á síðari árum hefur verið heldur fátt fje á Vatni og hefur því verið talsvert land afgangss því sem ábúandinn hefur þurft handa sínu fje og hefur hann því tekið upprekstrarfje af kærundunum, sem eru nágrannar hans og eiga því hægast með að reka í Vatnsland, en í þessu sambandi skal jeg taka fram að það er ósatt í kærinni og kærundur vegna vatnsfalla og vegalenda geta ekki notað upprekstur í hin 3 fyrrnefndu lönd; þeir þurfa ekki að reka nema yfir 1 á, en yfir hana þarf að reka þá rekið er í Vatnsland frá jörðum kæranda, og vegalengdin er um 1  $\frac{3}{4}$  míla.

En það sem hjer aðallega kemur til greina er, að hjer í sýslu eru engir afrjettir sem eru almenningseign, heldur aðeins afrjettir, sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og St. Vatnshorns afrjettur í Haukadals og hins vegar eru víða jarðir hjer.<sup>259</sup>

Hinn 4. mars árið 1900 samdi Björn Bjarnarson sýslumaður Dalasýslu umsögn um upprekstur í Haukadalshreppi. Umsögnina sendi Björn amtmanninum í Vesturamti með framangreindu bréfi dagsettu sama dag. Í umsögninni segir:

Umleið og jeg endursendi hinu háttvirta Vesturamti kæru bændanna á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi um upprekstur skal jeg hjer með leyfa mjer samkvæmt tilmælum amtsins að skýra frá álitinu mínu á máli þessu.

Samkvæmt afrjettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrjettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna.

---

<sup>259</sup> Skjal nr. 2(209).



---

Afrjettarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjáruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeignum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna.

Í Dalasýslu er engin afrjettarlönd sem eru almenningsseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrjettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum.

(Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldfje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjárs síns.

En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstarfje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrjettarlönd eru til í hreppnum.

Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrjetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum.

Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrjettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins.

Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafrjett.

Jeg skal enn geta þess, að nokkru eptir að reglugjörðin kom út, bjó sjálfseignarbóndi á Vatni að nafni Jón Bjarni Jónsson, fjárríkur maður; hreppsnefndin fer þá af misskilningi í 8. gr. Afrjettarreglugjörðarinnar (að því er ég álit) að jafna niður í lönd manna gjeldfje hreppsins (eptir 2 punkt greinarinnar) og lýsti þá Jón Bjarni því yfir að hann tæki ekkert gjeldfje í Vatnsland, en nú um nokkur ár hafa bændur á Vatni haft fremur fátt fje, og hafa því viljað taka upprekstrarfé af öðrum og þar sem landið er gott, og Köldukinn aðeins greinir Vatnsland frá Þorsteinsstöðum, en Köldukinnar land liggur að Vatnslandi og aðeins á (Þverá) á milli þá hafa bændurnir á Þorsteinsstöðum og Köldukinn viljað reka þangað; en til skal taka það fram að það er ósatt sem stendur í kærinni að kændur geti ekki notað upprekstur á afrjettina vegna vatnsfalla og vegalengdar því á leiðinni frá Þorsteinsstöðum í Köldukinn fram á afrjettina þarf ekki að fara yfir aðra á en Þverá, en yfir hana þarf að fara til þess að reka í Vatnsland og öll vegalengdin er ekki meiri en c. 1 ¼ míla.

---

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfa-afrijeti sem afrijeti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framur en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrijetir, þá eru allsengir afrijetir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.

Loks er það alveg eðlilegt að reglugjörðin leyfir mönnum aðeins að hafa sitt eigið geldfje í fjallöndum sínum, þegar afrijetir eru til í hreppnum, því að þessi fjallönd liggja optar að búfjárhögum annara manna og mundi verða óþolandi ágangur á búfjárhaga þessa af fjallafjenu.

Jeg vonast eptir að heyra álit amtsins um þetta á sínum tíma.

Skrifstofu Dalasýslu 4. mars 1900

Björn Bjarnason

Til Vesturamts Íslands.<sup>260</sup>

Framangreindri umsögn Björns sýslumanns til amtmannsins í Vesturamti frá 4. mars 1900 fylgdi svohljóðandi útdráttur úr reglugjörð fyrir Dalasýslu um fjallskil 24. júlí 1876:

Útdráttur

Reglugjörð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrijetta, fjallskil og rjettarhöld m.fl.

3. kafli. Um geldfjárrekstur á afrijeti og fjallönd á vorum.

8. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrijetarlönd eru, skulu, ef þeir að álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjalland fyrir sig sjálfa, skyldir að reka í miðjan afrijett að vorinu allt geldfje sitt. Nú eru engin slík afrijetarlönd, heldur aðeins heimalönd eða búfjár hagar og skal þá hreppsnefndin annast um, að fjenu sje jafnað í löndin að tiltölu rjettri.

(Seinni hluti greinarinnar er um það, að hreppur geti ekki borið sig sjálfur, og að hreppsnefndir skuli þá útvega upprekstur í öðrum hreppum)

Reglugjörð þessi er, eptir undirbúning hlutaðeiganda hreppsnefnda, rædd og samin af sýslunefnd Dalasýslu á fundi hennar 14. og 15. desembr 1875.

Lárus Þ. Blöndal

Fram-skrifuð reglugjörð er staðfest af amtsráði Vesturamtsins á fundi að Stykkishólmi 22. júní 1876.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 24. júlí 1876

Rjett eptirrit vottar Björn Bjarnason.<sup>261</sup>

Hinn 20. mars árið 1900 sendi amtmaðurinn í Vesturamti svarbréf til sýslumannsins í Dalasýslu, vegna erindis þess síðarnefnda, þar sem segir:

Sýslumaðurinn í Dalasýslu Marz 20 1900

---

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(210).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2(211).

---

Þorsteini Þorvarðarsyni

Einari Jónassyni og

Einari Helgasyni

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður dagsett 4. þ.m., og þar með umsögn yðar um erindi frá bændunum á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi, þar sem þeir bera undir antið, hvort þeir sjeu skuldbundnir til að kaupa upprekstur á fje sínu hjá tveimur eða þremur bændum ónefndum í tjeðum hreppi, sem þykjast eiga rjett til þess að menn noti upprekstarland, sem þeir eigi, og hvort þeir (spurjendurnir) ekki hafi heimild til að nota upprekstrarland, sem þeir geti útvegað sjeu fengið hjá öðrum, án þess að borga hinum nokkurn upprekstartoll, vil jeg taka það fram sem mína skoðun, að þeir spyrjendurnir sjeu eigi neyddir til að nota afrjettir tiltekinnna manna, ef þeir sjálfir geta útvegað sjeu upprekstarland og að þeir eigi sjeu skyldir til að borga upprekstartolla fyrir afrjettir, sem þeir ekki nota, nema hlutaðeigandi afrjettar eigendur geti sannað það með fullgildum skilríkjum, að sú kvöð hvíli á jörðum þeim, sem spursmál er um, að ábúendurnir á þeim sjeu skyldir til að reka á afrjettina, og borga afrjettar toll, hvort sem þeir gjöri það noti hana eða ekki, sbr. hæstarjettardóm 25. marz 1898, snertandi Víðidalstunguheiði í Húnavatnssýslu (Hæstarjettar tíðindi, 1898, bls. 58–60) Úrlausn þessarar spurningar heyrir samt eptir eðli sínu undir úrslit dómstólanna, og verður hún eigi útkljáð með yfirvaldsúrskurði. Jafnframt því þjenustusamlags að tilkynna yður þetta, yður til leiðbeiningar og beitingar fyrir hlutaðeigendum, með því viðbætt, að jeg ekki fæ sjeð, að 8. gr. í fjallskilareglugjörð Dalasýslu, 22. júní 1876, eigi við um þetta geti ett gefið nokkra leiðbeining um þetta spursmál.

Ef eigi á að breyta þessari reglugjörð, sem mig minnir að þjer hafið sagt mjer að ~~ett~~ stæði til, væri rjett að láta prenta hana í Stjórnartíðindunum, B., obr. lög 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslnefnda.<sup>262</sup>

Í fasteignamatínu 1916–1918 segir m.a. um Stóra-Vatnshorn:

Jarðnytjar [...] 3. Beitiland gott fyrir stórgripi, víðlent, skjólsamt í norðanátt, en snjóþungt. Smalamennska fremur hæg. 4. Upprekstarland meir en nægilegt. [...]

Ókostir [...] 4. Ágangur af afréttarfé og hrossum.<sup>263</sup>

Hinn 25. október 1918 sendi hrepphefnd Haukadalshrepps bréf til hreppsnefndar Miðdalahrepps. Í bréfinu kemur fram að eftirfarandi hafi verið samþykkt á hreppsfundi Haukadalshrepps 19. þess mánaðar:

... að hreppsnefnd Haukadalshrepps færi framá við hreppsnefnd Miðdalahrepps að skaffa menn í fjallleitir hér í Haukadalshrepp á hausti hverju

---

<sup>262</sup> Skjal nr. 2(212).

<sup>263</sup> Skjal nr. 2(25).

---

að einhverju leiti fyrir þann ágang sem er af fje Miðdælinga hér á Haukadalsafréttinni.<sup>264</sup>

Á hreppsfundi höldnum að Jörfa, þann 24. maí árið 1919, var ráðinn maður til grenjavinnslu á Villingadal, Vatnsfjalli og Skarðsafrétt. Hvað þá tilhögun snerti, var eftirfarandi fært til bókar:

Laugardaginn 24. maí [1919] var hreppsfundur haldinn á Jörva samkvæmt fundarboði sem gengið hafði um hreppinn,

[...]

2. Þá var talað um að ráða mann til grenjavinnslu á yfirstandandi vori og gaf Ólafur á Giljalandi kost á sjer til að leita grenjaleitir og liggja á grenjum, fyrir leitina vill hann frá 3 kr. um dag hvern, en fyrir að liggja á grenjum vill hann hafa fyrir [fyrir, ofan línu] það sem hann kann að vinna samkvæmt því sem til er tekið í Reglugjörð sýslunnar að því viðbætti hann hafi alla yrðlinga sem hann nær, en vinni hann ekkert þá hafi hann ekkert kaup, nema fyrir leitirnar. Menn með honum er ákveðið að verði þessir, á Villingadal Jóhann á Mjóabóli, á Vatnsfjalli Jörundur á Vatni, á Skarðsafrjett Jón á Skarði, og setja þeir upp í kaup 5 kr. á dag fyrir manninn [manninn, ofan línu] jafnmikið hvort þeir eru bara daginn eins og þó það fari til þess allt að sólarhringurinn.<sup>265</sup>

Landamerkjabréf fyrir „jörðina Stóra-vatnshorn í Haukadál“ er dagsett 31. desember 2002 og því var þinglýst 15. júlí 2003. Þar segir:

Jörðin Stóra-Vatnshorn á fjallendi, Stóra-Vatnshornsmúla, og eru landamerki þess eftirfarandi:

Merki Skarðs og Stóra-Vatnshorns eru Svínadalsá frá Haukadalsá upp eftir Svínadal þar til vötnum hallar norður af. Þaðan ráða vatnaskil merkjum Stóra-Vatnshorns og Grænumýrartungu í Tröllakirkjutopp. Þaðan eru merki Stóra-Vatnshorns og Upprekstrarfélags Stafholtstungna eins og vötnum hallar til upptaka Sléttadalsár. Landamerkjum Stóra-Vatnshorns og Jörfa ræður Sléttadalsá þangað sem hún rennur í Haukadalsá sem síðan ræður merkjum þangað sem Þorleifsstaðagil fellur í ána. Þaðan ræður Haukadalsá merkjum Stóra-Vatnshorns og Kross niður að mótum Haukadals- og Svínadalsár.

[...]

Stóra-Vatnshorni, 31. desember 2002.<sup>266</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af eigendum Stóra-Vatnshorns. Þá er það undirritað um samþykki vegna Vatns, Skriðukots, Saurstaða, Litla-Vatnshorns, Skarðs, Grænumýrartungu, Upprekstrarfélags Stafholtstungna, Jörfa og Kross.

---

<sup>264</sup> Skjal nr. 2(149).

<sup>265</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>266</sup> Skjal nr. 10(2).

---

## 5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.5.1.1 Stóra-Vatnshorn

Hinn 20. apríl 1430 gaf Loptur Guttormsson syni sínum Sumarliða m.a. jörðina Vatnshorn. Í gjafabréfinu segir:

Ollum þeim monnum sem þetta bref sia edur heyra send eg Loptur guttormsson kuediu gudz og mina. kunnigt giorandi at eg hefi gefit Ormi. Skula og Sumarlida. sonum minum og Kristinar Oddzdottur. svo heitandi iarder og frida penninga og ofrida. sierhverium um sig sem hier seigier.

[...]

Sumarlida gief eg þessar jarder j Daulum. Vatnzhorn. Lxc ad dyrleika og vatn. Hrafnabiorg. tungu. lauger og laugardal halfan. þorsteinsstadi og kaulldukinn. og hier med jarder a Finnmark. Hollt. kaulldukinn . hafstadi. Reiknast þessar jarder halft þridia hundrad .ca [þ.e. hundraða] og þar til .Lxc j fridum penningum.<sup>267</sup>

Hinn 1. október 1432, vottuðu Jón ábóti í Þykkvabæ og sex menn aðrir, um fjórðungjöf og löggjafir Lopts bónda Guttormssonar, til Sumarliða sonar hans.<sup>268</sup>

Þann 19. maí 1681 seldi Bjarni Pétursson jörðina Stóra-Vatnshorn. Kaupandi var Hákon Árnason.<sup>269</sup>

Þann 14. maí 1694 var gerð sátt milli Péturs Bjarnasonar og Hákons Árnasonar um fullnustu kaupverðs fyrir Stóra-Vatnshorn.<sup>270</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Stóra-Vatnshorn:

Þar er Kyrkiustadur og Embæddad annan hvern sunnudag Kyrkiann Helldur önoted öllum þeim eignum og Jtokumm sem Maldagarner henne eigna efter því sem Visitatia velædla Herra Biskupsens Magisters Arnasonar 1725. útvysar Jardar Eigandenn er M. Jön Hakonarson ad erfd efter sinn Sal. Födur.<sup>271</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a. um Stóra-Vatnshorn:

Jarðnytjar [...] 3. Beitiland gott fyrir stórgripi, víðlent, skjólsamt í norðanátt, en snjóþungt. Smalamennska fremur hæg. 4. Upprekstrarland meir en nægilegt.

[...]

Ókostir [...] 4. Ágangur af afréttarfé og hrossum.<sup>272</sup>

---

<sup>267</sup> Skjal nr. 4(85).

<sup>268</sup> Skjal nr. 4(86).

<sup>269</sup> Skjal nr. 2(108).

<sup>270</sup> Skjal nr. 2(116).

<sup>271</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason, bls. 113–114.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2(25).

---

### 5.5.1.2 Skinnþúfa

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Skinnþúfu:

#### Skinnþúfa

Kirkjujörð Vatnshorns kirkju í Haukadal.

[...]

Ábúandinn Guðmundur Jónsson.

[...] <sup>273</sup>

Landamerkjaskrá fyrir „Stórvatnshorni og Skinnþúfu í Haukadal“ er dagsett 15. maí 1886 og því var þinglýst 28. maí 1886. Þar er merkjum Skinnþúfu lýst.<sup>274</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni B. Jónssyni og Jónasi Jónssyni eigendum Stóra-Vatnshorns. Þá er það undirritað um samþykki af P. Ólafssyni umráðamanni Litla-Vatnshorns, Jóni B. Jónssyni eiganda Vatns, Tómasi Árnasyni eiganda Saurstaða, Jóni Árnasyni eiganda Skriðukots og Jóni Jónssyni eiganda Mela.

### 5.5.1.3 Kross

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Kross:

Kirkjujörð Sauðafellskirkju.

[...] Jörðin liggur við afrjett, og líður stóran átroðning af afrjettar peningi.

Landamerkjabréf Kross í Haukadal er dagsett 6. maí 1885 og því þinglýst 27. maí sama ár. Þar segir:

Að norðanverðu ræður Haukadalsá neðan frá Merkjalág og fram til Þorleifs(staða)gils. Að austan ræður Þorleifsstaðagil, sem fellur af fjalli ofan í Haukadalsá lítið neðar en móts við Sljéttárdalsmynni. Að sunnanverðu háfjallið eins og vötnum hallar milli Haukadals og Villingadals. Að vestanverðu Merkjalág af fjalli ofan niður í Haukadalsá talsvert neðar en móti Fanngili að norðan.

Hvammi í Norðurárdal 6. maí 1885.

J. Ó. Magnússon

Umráðamaður kirkjujarðarinnar Kross.<sup>275</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki Þorleifi Andrésyni vegna Villingadals, Jóni Arnasyni vegna Jörfaafréttar, Jóni Jónssyni vegna Skarðs og Kristjáni Tómassyni og Ólafi Ólafssyni vegna Giljalands.

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afréttarfé og „af næstu bæjum“ talinn á meðal ókosta Kross.<sup>276</sup>

---

<sup>273</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 47.

<sup>274</sup> Skjal nr. 2(12).

<sup>275</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>276</sup> Skjal nr. 2(25).

---

#### 5.5.1.4 Jörfafréttur

Landamerkjabréf fyrir Jörfa er dagsett 12. maí 1884 og því var þinglýst 27. maí 1885. Þar er Jörfafrétt sérstaklega lýst og Jörfaspotta í Reykjadal. Þar segir:

Að framanverðu milli Jörfa og Hamra ræður landamerkjum gilið fyrir utan Hamratún eptir sínum gamla farveg frá fjalli beint í Haukdalsá, hvor á ræður til þess Stóragils fellur í hana úr Gljúfrum nokkuð útá við til árinna. Gil þetta fellur næst Saurstöðum og ræður landamerkjum milli Jörfa og Saurstaða frá upptökum sínum í Þverfelli á fjalli uppi, svo eins og vötnum hallar til Hamragilsbotns. Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverður árinna eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni suður til Sátu, þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum að Sljettadalsá, sem ræður til Haukadalsár. Sömuleiðis er Jörfa eign svokallaður Jörfaspotti Grafar megin í Reykjadal í Miðdölum; ummerki hans er að neðan gil, sem aðskilur frá Kolstaðaspotta, að framan næsta gil.

Þeir sem eiga land að Jörfa landi auk þeirra landa, sem eg undirskrifaður á, oska eg að gefi samþykki sitt til framanskriðra landamerkja með undirskrift nafna sinna.

Jörfa 12. Maí 1884.

Jón Jónsson (eigandi Jörfa)<sup>277</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki af eigendum Saurstaða, „Sauðafellseignarinnar“, Villingadals og Leikskála sem og umsjónarmanni kirkjunnar á Stóra-Vatnshorni og umsjónarmanni Kross.

#### 5.5.1.5 Melar í Hrútafirði

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Bæjarhrepp í Strandasýslu frá árinu 1709, segir eftirfarandi í kafla um Mela:

Sumarhagar eru á jörðunni yfirfljótanlega og so nær óþarflega víðlendir og góðir.

Þar hefur fyrrum verið brúkaður lamba- og geldfjárupprekstur úr Hrútafirði vestan fram og jafnvel í manna minnum, en um fjallatoll var óvist nema eftir samkomulagi, og enn brúka þar nokkrir upprekstur, en hefur dregist í óvana vegna harðinda og óhægðar fólks.<sup>278</sup>

Í jarðamati yfir Strandasýslu frá árinu 1804 eru Melar í Hrútafirði sagðir vera 30 hundruð að dýrleika. Jörðin er í eigu Jóns Jónssonar, sem sjálfur býr á henni, ásamt leiguliðanum Sigurði Sigurðssyni. Svo segir m.a.:

Under denne Jord ere Ødejorderne: Grænumýrartunge, Ormsbær, Maanga-tofter og Loptshus inddragne, og ejes med den tillige.<sup>279</sup>

---

<sup>277</sup> Skjal nr. 2(13).

<sup>278</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 454–456.

<sup>279</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Landamerkjabréf Mela í Bæjarhreppi er dagsett 4. mars 1890 og þinglesið 19. júní sama ár:

Að austan verðu [verðu ofan línu] ræður merkjum sjónhend Ur vörðu, sem stendur á móabardi í Langhólma, suður í Hrútafjarðará. Þaðan ræður Hrútafjarðará alla leið þar til Skútagilskvísl rennur í hana.

Að sunnanverðu. Sjónhending úr Skútagili vestur í Reipagilsborg og svo vestur eptir hæðunum í Hæðastein. Þaðan yfir Norðurá til Sandgils (eða Sandkvíslar), sem fellur í Norðurá nálægt Holtavörðuvatni, svo ræður það gil upp undir fjöll og efst úr því í Snjófjallakamb hinn eystri og þaðan sömu sjónhending upp á hinn hæsta Snjófjallahrygg.

Að Vestanverðu. norður eptir fyrrnefndum hrygg norður yfir Tröllakirkju og svo norður yfir milli Svínadalanna næst því sem vötnum hallar til þeirra beggja. Þaðan yfir Klambrafell þvert í Haukadalsskarð, þar sem holt eru hæst milli Ormsár að austan [að austan ofan línu] en Rjettargils að vestanverðu, þaðan beint uppá hæst Geldingafell og svo ræður hæsti [hæsti ofan línu] hryggur þess norður á Rjúpnafell, þaðan sjónhending á hæst Lambafell.

Að norðanverðu: af Lambafelli sjónhending æi Selá, þar sem byrja melhryggir, sem að henni liggja fyrir norðan Seláreyrar, þaðan ræður Selá ofan á móts við Arnarstapa og þaðan sjónhending í fyrstnefnda vörðu.<sup>280</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni Jónssyni, eiganda Mela, og undirritað um samþykki vegna Fornahvamms, Þverárhlíðarhrepps, Norðurárdalshrepps, Stafholtstungna, Hvítársíðuhrepps, Fjarðarhorns og Fögrubrekku.

Í kaflanum um Mela í fasteignamatinu 1916–1918, er getið um ágang í fjallland. Þar segir:

Ágangur mikill í fjallland af fé og hrossum.<sup>281</sup>

#### 5.5.1.6 Skarð

„Landamerkjaskýrsla fyrir Skarði í Haukadalshreppi“ er dagsett 20. maí 1887 og því var þinglýst 25. maí 1887. Þar er merkjum Skarðs og Fjallendis Skarðs lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Þar segir:

1. Að austanverðu milli Mela og Skarðs:  
Frá hinum norðvestari Grjóthól á há Geldingafelli, suður á litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadalsskarðs, þaðan yfir Haukadals skarð, þar sem vötnum hallar milli Ormsár að austan og Rjettargils að vestanverðu, þá beint yfir Klambrafell og þangað sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala.
2. Að sunnanverðu ræður Svínadalsá þar til hún fellur í Haukadalsá.
3. Að vestanverðu milli Skarðs og Kross ræður Haukadalsá frá Svínadals á, þar til Skarðsgilslækur fellur í hana.

---

<sup>280</sup> Skjal nr. 2(11).

<sup>281</sup> Skjal nr. 2(25).



- 
4. Að norðanverðu ræður lækur sá, sem fellur eptir Skarðsgili á fjall upp, svo langt sem hið djúpa gil nær og eru þá Skarðs landamerki á kollóttum skriðuhól í Skarðsgilsbotni austanvert við áðurnefnda Skarðsgilslæk og nefnist hóllinn Sandhól og er lækjarfarvegur og grasbarð utan hann. Af þessum Sandhól ræður sjónhending á hinn fyrstnefnda Grjóthól á há-Geldingafelli.

Það þá virðist fullvíst, að landamerkjaskýrsla Giljalands eigi fari yfir merki þau, sem hjer eru greind undir tölulið 4, en á hinn bóginn þykir kunnugum mönnum vafasamt hvort Giljaland eptir henni á allt land að þessum merkjum þá virðist eigi brín þörf á undirskrift eiganda og umráðamann Giljalands, þar hann vegna ókunugleika og af því að hjer er orðað öðru vísi um þessi merki en í skýrslu hans, – eigi hefur viljað ritað nafn sitt undir þau merki, sem hjer eru talin, þó skýrsla um þau hafi legið hjá honum nærri hálf ári, og hún greini ljósara landamerki en Giljalands landamerkjaskýrsla. Melum 20.[vantar mánuð]1887. Jón Jónsson eigandi jarðarinnar Skarðs.<sup>282</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni Jónssyni eiganda Skarðs og undirritað um samþykki af J. Magnússyni „umráðamanni kirkjujarðarinnar Kross“ og Jóni B. Jónssyni eiganda Stóra-Vatnshorns.

## 5.6 Jörfafréttur

Með kaupbréfi dagsettu 12. apríl 1477 seldi Finnbogi Jónsson jörðina Jörfa í Haukadal. Kaupandi var Jón Þorkelsson. Í kaupbréfinu segir m.a.:

[...] gaf oc þrattnefndr finbogi titt nefndum jone þorkelssyni jordena jorfa er stendur j vatshorns kirk(i)u sokn j haukadal til fullrar eignar med aullum þeim gaugnum oc giedum sem greindri jordu hefer ath fornu oc nyio fylgt epter þui sem hann oc malmfridr kona hans hofdu fremzst eigandi ath ordit ath tilskildum þeim afriettardal oc skogarparti sem greindri iordo iorfa hefer ath fornv fylgt. Sagdi finbogi halfkirk(i)u skyllid æ þratt nefndre jordu. [...] en ef jorfe. hamrar eda hornstader ganga af med logvm af fyr greindum jone þorkelssyne. þa skylde þratt nefndr finbogi giallda optnefndum ione apr firir vestan haukadals skard adra jafndyra jord mote huerre þeirre sem af geinge ath laugum.<sup>283</sup>

Samkvæmt vitnisburði tveggja manna, dagsettum 30. apríl 1513, var Sléttidalur seldur vegna landskuldar af Vatnshorni. Í vitnisburðinum segir m.a.:

Þat giorum vid þodr arnbiarnarson og guttormur snorason godum monnum viturligt med þessu okru opnu brefi ad uid uorum þar j hia saum og heyrðum æ ord og handaband helga jonssonar og þodar andressonar upp æ nupi j uazsshorns kirkiu sokn ad þodr andres(son) selldi slettardal helga jonssyni

---

<sup>282</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>283</sup> Skjal nr. 4(61).

---

med handabandi. og ockur hia uerandi fyrir .iij. c er hann uar skyllidugur j landskyllid af uashorne upp æ þriu ar og þar til eitt kuigilldi af peningum bondans ...<sup>284</sup>

Hinn 27. júní árið 1516 seldi Magnús Björnsson hálfá jörðina Jörfa í Haukadall í skiptum fyrir jörðina Kolgrafir í Eyrarsveit. Kaupandi var Þorleifur Gamalielsson. Í kaupbréfinu, sem er dagsett 10. apríl 1518, segir:

[...] magnus bjornsson selldi þolleifi gamalelissyne jordina halfan jorfa j haukadall j uazhons kirkiu sokn fimtan c. ad dyrleika at skiptum husum og todum. med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jördu halfri fylger og fyllgt hefer ad fornu og nyu og magnus vard fremst eigandi at. Enn hier j moti gaf þolleifur gamalelissun magnusi bjornssyni jordina kolgrafi er liggur j eyrarkirkiu sokn. Sextan c at dyrleika med ollum gognum og gædum er greindri jördu fylger og fylgt hefer at fornu og nyu og þolleifur uard fremst eigandi at.<sup>285</sup>

Hinn 27. apríl árið 1518 var Magnús Björnsson dæmdur fyrir vangoldna reikninga af Jörfakirkju sem og það að vilja ekki ganga á landamerki afréttar kirkjunnar í Haukadall. Í dómnum er afréttur kirkjunnar í Haukadall nefndur. Þar segir:

Dómr, út nefndr af síra Einari Snorrasyni officialis heilagrar Skálholtskirkju milli Botnsár og Gilsfjarðar, um ákætur síra Einars til Magnúsar Björnssonar fyrir það, að hann vildi ekki greiða „hálf þorcio“ Jörfakirkju í Haukadall þann tíma, sem honum bar fyrir að svara, né gjalda Þorleifi Gamalielssyni ásauðarkúgildi og hross, er „Bjarni“ heitinn Árnason sagðist hafa góldið greindum Magnúsi syni sínum með hálfri hálfkirkjunni á Jörfa, svo og hefði Magnús ekki viljað á landamerki ganga né til þeirra segja.

[...]

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda hellgij jonsson. narfe þorsteinsson. gislj halldorsson. snorrij ionsson prestar skallholls byskupsdæmis. Runollfur diakni baciussun og jon snorason godum monnum kunigt med þesu voru opnu brefij ad [...] vorvm vær i dom nefndir af ærligum manni sira Einarij snorasinj officiali heilagrar skallhollskirkiv i millum bodznsær og gillsfiardar. ad dæma ransaka oc skoda vm þa ækiaeru sem adur nefndur sira Einar kiærdij til magnvsar bjornssonar firir það ad hann villdij echij giallda Þorleifj Gamalielssini þorcio halft hallfkirk(i)unar æ jorfa j havkadall firir suo langan tima sem honum bar ad suara þessum reikningsskap ad logum. suo og ad fyrgreindur magnus bjornsson villdj echij giallda firskrijffudvm Þorleifij asaudar kugilldij oc hros med follalldij er Þorleifur sagdij ad Biarni heittin arnason sagdist hafa golldid greindum magnusij syni sinum med hallfrij hallfkyrk(i)unij a jorfa i havkadall oc hier yrdij samsaga margrett [dottir hans eiginkvinna). Eirnin hefdij magnus Bjornsson Echij villiad aa landamerkj ganga. þeirar Afriettar sem kirk(i)an aa jorfa aa j haukadall og eckij til merkia seigia á fioll vpp vr bvfiar gangij. kom adur

---

<sup>284</sup> Skjal nr. 4(57).

<sup>285</sup> Skjal nr. 4(31).

---

nefndur Þorleifur fram fyrir oss og sanadij þetta mall a marga vegu med sinum ordum. Var magnus biornssonar beijdst oc krafid og kom hann ecki og Eingi af hans hendij. Skodudv vær stefnuna. og dæmdum hana laoglliga og magnus biornsson riettijljga firer kalladan. [...] dæmdum var firr nefnder domsmenn med fullu doms adkvædij optt nefndan magnus biornsson skylldugan ad giallda titt skrifudum Þolleijfij gamalliellssyni fir greintt porci(o) kirk(i)vnar æ jorfa med vitordj þes profas sem þar er yfer ad næstum fardogum firir sua langan tima sem reiknast ad hann verdir skylldugur ad suara þesum reikningsskap og sekan þrimur morkum vid sir(a) Einar og Þorleif hallf partt huorum. [...] Svo dæmdum vær magnus biornsson skylldugan ad ganga a landamerki j firgreindrar afriettar og seigia til merkia a fiall vpp sem logbok ut visar eigij seirna en j sioundu viku sumars og sekan mork i stefnufall vid sira einar.<sup>286</sup>

Getið er um Sléttadal í tveimur af þremur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá árinu 1523 og síðar, sem voru skrifaðir upp eftir gamalli kirkjubók á Jörfa 22. maí 1613. Þar segir m.a. :

Maldagi kirkiunnar a jorfa j Haukdal.

Kirkian æ jaurfa er helgud Gudi. jungfru marie og helgum krossi. hun á halfan sliettadal. og allan haukadale j Tiu hundrada eign ad Gili þui sem næst er Saudafellzseli. [...] fellur nidur porcio ecclesie. það sem fiell vm vj ar medan Þorleifur Gamlason hiellt. fyrir kirkiu vpgiord þar æ jörfa. Jtem gafst kirkiunni hestur j hans tijd.

Annar maldagi kirkiunnar a Jorfa nær  
enn sami.

Kirkian æ jorfa er helgud gudi. jungfru S(ancte) marie og helgum krossi. hun aa halfan sliettadal og allan haukadale tiu hundrada eign. ad gili þui sem er næst saudamannafellzseli [...]. fellur nidur porcio ecclesie það a fiell um vj ar medan þorleifur gamlason hiellt fyrir kirkiu vpgiord þar aa jarvrfa. Jtem gafst kirkiunni hestur. Jtem gallt Stulli Þordarson kirkiunni x aura ofrijda.<sup>287</sup>

Hinn 13. desember 1530 seldi Þorleifur Gamalielson , Bjarna syni sínum , tíu hundruð í jörðinni Jörfa í Haukadale. Í kaupbréfinu, sem er dagsett 16. mars 1531, segir m.a.:

[...] þar vorum uit j hia saum og heyrdu uit uppæ ord og handaband þessara manna þorleifs gamalelssonar og biarna þorleifssonar. sonar hans. þat faldizt og skildizt j og under þessaræ manna handabandi at fyrri skrifadr þorleifur gamalelison selde syne sinum biarnæ þorleifssyne .x. hundrvt [vpp] j jordina Jorfua i haukadale er liggur j uazthorns kirkiu sokn undan sier og sinum erfingium. en under biarna og hans erfingia enn hier fyrir þa gaf biarne faudur sinum þorleifi. .x. c. j malnýtu og fridum peningum. j annare grein gallt þratt nefndur þorleifur biarna sýne sinum fim .c. upp j fyrr nefnda jord jorfua j haukadale fyrer þau fim .c. er gamalel gaf bjarna þorleifssyne sonarsyne sinum.

---

<sup>286</sup> Skjal nr. 4(62).

<sup>287</sup> Skjal nr. 4(63).

---

upp j jordina kolgrafer. Skyldi biarne eignast þann helming jardarennar sem þorleifur keypti at magnuse biornssyne med aullum sinum gognum og gædum. Suo og medkennunzt ek opptnefndr þorleifur gamalelsson at ec hefer ut teket og uppboored af syne minum biarnæ fulla ok alla peninga fyrir nefnda jord halfan jorfa .xu. hundrud at dýrleika suo sem mier vel likar og anæger. [...] <sup>288</sup>

Árið 1540 vitnuðu þrír aðilar um að Guðlaug Finnbogadóttir hefði selt Þorleifi Gamalielssyni jörðina hálfan Jörfa í Haukdal. Í vitnisburðinum segir m.a.:

Þat giori ec þal prestur olafsson. Ingebiorg jonsdotter og þorgils klængsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi j þyckuaskoge j middolum uorum uær j hia. saum og heyrðum a ord og handaband þessara mann(a). af eirne alfu gudlavgar finbogadóttur en af anere alfu þorleifs gamalielssonar. at adurgreind gudlug husfreyia medkendizt fyrir oss og audrum godum monnum. at hun hefði selt þorleife gamalielssyni jordina halfan jorfa er liggur j hauckadal j uatzhorns kirkiu song. med ollum þeim gongum og gædum sem greindri jordu fulger og fylt hefur at fornu og nyu. og hun uard fremst Eigande at. undan seir og sinum erfingum. en under Þorleif oc hans erfinga til fullrar eignar og frials forrædis. Suo og medkendizt fyrskrifut gudlaug husfreyia. at hun hefde fulla og alla peninga upp borit sem henne uel lickade og a nægde. her med j sama handabande gaf hun adur greindan þorlef ollungis kuittan og ákærvulausan fyrir seir og ollum sinum epterkomendum um adur greintt jardar uerd. <sup>289</sup>

Með kaupbréfi dagsettu 18. febrúar 1541 seldi Ormur Sturluson nokkrar jarðir í Haukdal og hálfan Sléttadal. Kaupandi var Daði Guðmundsson í Snóksdal. Í kaupbréfinu segir m.a.:

Þat giaure ec Ormur stillason gogum maunnum kunigt med þessu mijnu opnu briefe eg medkenust at eg hefi sellt og lofat at selia Dada bonda Gudmundzssyni suo heitandi jardir j haukdal j watzhorns kirkiusokn. Skard. Gilialand. miouabol. hamra og leikskala. hef ec nu afuent adurnefndum Dada bonda allar fyrskrifadar jardir iij vtan leikskala og fulla peninga vppboret fyrir þær og halfan slettadal. sem mier uel likar og ænægir en leikskala a hann nu at leysa sem fie liggur j hene epter þui sem ockur semur j þeim peningum sem mier vel likar at taca en honum at giallda. <sup>290</sup>

Hinn 6. maí 1541 gekk dómur um eignarhald á hálfri jörð Jörfa. Í málinu krafðist Ormur Sturluson þess að kaup Þorleifs Gamalielssonar á hálfri jörð Jörfa af Guðlaugu Finnbogadóttur, móður Orms, myndu ganga til baka og var á það fallist. Í dóminum segir:

Þad giorum vær dade gudmundsson. biarne gudmundsson. helge helgason. narfe sigurdsson. þorlakur Eigellsson. og Eirekur gudmundsson godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefe [...] uorum uær j dom nefnder af

---

<sup>288</sup> Skjal nr. 4(32).

<sup>289</sup> Skjal nr. 4(64).

<sup>290</sup> Skjal nr. 4(58).

---

ærligum dandemanne orme stullassyne er þa hafde kongsins syslu og umbod j millum gilsfiardar og hitarar at skoda. ransaka og fullnadar dom á ad leggja. hueria magt eda afl hafa skylde su akæra sem greindur ormur stullason hafde at tala til þorleifs gamalielssonar um iordina halfan iorfa er liggr j hauakdal. j fyrstu grein kom þar fram fyrir oss bref med danemanna jnsiglum huad suo [inne] helt. at gudlaug husfrefya finbogadotter. moder orms hefde sellt fyrnefndum þorleife iordina halfan iorfa. og hun medkendiz j sama brefe. hun hefde fulla peninga (vpp) borit sem henne uel likade fyrir greinda iord. j anare grein kom þar fram fyrir oss heimstefna er optnemdr ormur hafde stefnt þorleife fyrir halld og medferd a þessare iordu og fyr nefndur ormur bar þat fram ad hann hefde uerdid j omegd er moder hans sellde þrattnefndan iorfa halfan. Nu af þui at suo stendur j lands lagabokinne. huar sem ungum manni tæmist land eda iord j erfdd og selur fiarhallsmadr hans á burt þa skal hann brigt hafa jnnan .x. uetra sidan hann tok uid fiarhallde sinu. j þridiu grein stendur og suo. ef honum fullnast eignaruitne. og hann gaf eigi ne gallt og einginn sa hann baud um. þa skulu domendur dæma honum iord sina. en hinum slika aura sem hann gaf fyrir þa iord. at saumum saulum. var og stefnan suarin af tueimr uitnum. nu fyrer þessar greiner og adrar fleire. þær sem at þessu male hniga. ad suo profudu og fyrir oss komnu dæmdu uær med fullu doms atkvæde. stefnuna laugliga og manninn rettliga fyrir kalladan. suo iordina iorfa halfan eign orms stullasonar uera og uerið hafa sidan honum bar med laugum sitt fiarhalld og hann rettliga at sier mega taca þessa iord Enn þrattskrifudum þorleife gamalielssyne dæmdum uær sina peninga og uerdaura aptur af orme stullasyne og erfingium gudlaugar kuika og dauda og at suo morgum saulum sem hann hefdi henne golldit.[...]²⁹¹

Í máldaga kirkjunnar að Jörfa, sem skrifaður var í kringum árið 1600, og er úr „gömlu“ máldagabókinni í Biskupsskjalasafni, segir meðal annars eftirfarandi:

Kirkia a Jorfa er helgvd gvdi. jvngfrv marie oc helgvm krossi. hvn a halfann slettandal [Sléttadal]. oc allan havkadal j x hvndrada eigv. ad gili þui sem næst er saudafellz seli. [...].²⁹²

j millum gilsfiardar og hitarar at skoda. ransaka og fullnadar dom á ad leggja. hueria magt eda afl hafa skylde su akæra sem greindur ormur stullason hafde at tala til þorleifs gamalielssonar um iordina halfan iorfa er liggr j hauakdal. j fyrstu grein kom þar fram fyrir oss bref med danemanna jnsiglum huad suo [inne] helt. at gudlaug husfrefya finbogadotter. moder orms hefde sellt fyrnefndum þorleife iordina halfan iorfa. og hun medkendiz j sama brefe. hun hefde fulla peninga (vpp) borit sem henne uel likade fyrir greinda iord. j anare grein kom þar fram fyrir oss heimstefna er optnemdr ormur hafde stefnt þorleife fyrir halld og medferd a þessare iordu og fyr nefndur ormur bar þat fram ad hann hefde uerdid j omegd er moder hans sellde þrattnefndan iorfa halfan. Nu

---

²⁹¹ Skjal nr. 4(75).

²⁹² Skjal nr. 4(63).

---

af þui at suo stendur j lands lagabokinne. huar sem ungum manni tæmist land eda iord j erffd og selur fiarhallsmadr hans á burt þa skal hann brigt hafa jnnan .x. uetra sidan hann tok uid fiarhallde sinu. j þridiu grein stendur og suo. ef honum fullnast eignaruitne. og hann gaf eigi ne gallt og einginn sa hann baud um. þa skulu domendur dæma honum iord sina. en hinum slika aura sem hann gaf fyrir þa iord. at saumum saulum. var og stefnan suarin af tueimr uitnum. nu fyrer þessar greiner og adrar fleire. þær sem at þessu male hniga. ad suo profudu og fyrir oss komnu dæmdu uær med fullu doms atkvæde. stefnuna laugliga og manninn rettliga fyrir kalladan. suo iordina iorfa halfan eign orms stillasonar uera og uerið hafa sidan honum bar med laugum sitt fiarhalld og hann rettliga at sier mega taca þessa iord Enn þrattskrifudum þorleife gamalielssyne dæmdum uær sina peninga og uerdaura aptur af orme stillasynu og erfingium gudlaugar kuika og dauda og at suo morgum saulum sem hann hefði henne gollit.<sup>293</sup>

Í máldaga kirkjunnar að Jörfa, sem skrifaður var í kringum árið 1600, og er úr „gömlu“ máldagabókinni í Biskupsskjalasafni, segir meðal annars eftirfarandi:

Kirkia a Jorfa er helgvd gvdi. jvngfrv marie oc helgvm krossi. hvn a halfann slettandal [Sléttadal]. oc allan havkadal j x hvndrada eigv. ad gili þui sem næst er saudafellz seli.<sup>294</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703* segir m.a. í umfjöllun um Jörfa:

### Jörfe

Þar er hálfkirkja.

[...]

Jarðareigandi Sigurður Þorgilsson þar búandi.

[...]

Hagar heilnæmir, en þeir bestu lengst burt. Selstaða er í heimalandi; hefur lángrandi aldrei brúkuð verið.

[...]

Í heimalandi hefur verið kot, kallað **Valþiófstader**. Meinast verið hafa landnáma jörð. Ekki bygt í mannaminnum, nema kannske um fá ár, og kann ekki að byggjast jörðunni án stórskaða.

Í heimalandi nær túninu er kallað **Grundarkot**. Hvert þar hafi nokkurn tíma bygt verið eða ei veit enginn af að segja; kann og ómögulega að byggjast.

[...]

Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb i af

---

<sup>293</sup> Skjal nr. 4(75).

<sup>294</sup> Skjal nr. 4(63).

---

rekstri, ef yfir xx lömb eru. Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.

Kirkjan á ítak í Grafar land í Miðdölum, skógarhögg, og er það afskiftur skógur; tekur nú að eyðast.<sup>295</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Skarð:

Átroðningur stór til skaða afrjettarpeningi.

Af landinu legst til afrjettarþegar nokkuð. Tolla hálf tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga. Ekkert hefur landsdrottinn þar af, eða neitt annað í því nafni. Rjettinni viðheldur ábúandi betalingslaust.

[...]

Í afrjettinni þar hjá, í þeim parti sem Jörfa hálfkirkju tilheyrir, er sagt verið skuli hafa í gamladaga bær, kallaður Þorleifsstaðer. Sjest þar ekkert til tófta eða girðinga; vita menn ei heldur neitt víst þar um. Kann ómögulegt að byggjast.<sup>296</sup>

Framangreind umfjöllun er jafnframt sú elsta sem getur um Þorleifsstaði í tengslum við Jörfa. Ekkert kemur fram um Þorleifsstaði í *Íslensku fornbréfasafni*.<sup>297</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Vatnshorn:

#### Vatnshorn

Þar er kirkja, annexía frá Kvennabrekku.

[...]

Jarðareigandi Jón Hákonarson þar búandi.

[...]

Kirkjan á eina jörð, Skinnþúfu, ut supra. Ítem á hún afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.<sup>298</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Kross:

Jörðin liggur við afrjett, og líður stóran átroðning af afrjettar peningi.<sup>299</sup>

Hinn 3. maí 1725 lögfesti Einar Jónsson Jörfa í Haukadal. Þar segir:

Eg Einar Jónsson lögfesti hér í dag eign mína sem er Jörva í Haukadal í Vatnshorns kirkjusókn tödur engar akra og skoga holt og haga votn og veidestadi og allar þær landsnytjar er þessu landi eiga að fylgja til ummerkja þeirra jarða og landa, sem adrir menn eiga í móte við mig, sem er í gil það, sem

---

<sup>295</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 48–50.

<sup>296</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 53–54.

<sup>297</sup> Skjal nr. 17. Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 29. apríl 2018 um Þorleifsstaði í Haukadal.

<sup>298</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 57–58.

<sup>299</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 53.

---

rennur í milli Hamra og Jörva næst Hömrum og þar ofan í Haukadals á og svo eptir midjum árinna farveg, sem hún hefur að fornu runnid ofan hjá Skjaldarhamar að kenndur er, hver að nuna er nefndur Ullarklettur og þar réttýnis ofan Skridukots megin fyrir norðan Arngeirsnes að kennt er og í það stóra gil, sem næst er Saurstöðum og svo langt á fjöll upp sem vötnum hallar eptir lögum – Í annan máta lögfesti jeg eign halfkirkjunnar Jörva í Haukadals í Vatnshorns kirkjusókn, sem er halfan Sléttadal og allan Haukadals til yztu ummerkja er aðrar jarðir og menn eiga í móte við mig, fram að því gile, sem er næst Sauda manna felle sele [yfirstrikað orð] nú er kallað Þorleifsstadagil og að fornu er greint x hndr. land – Svo og lögfesti jeg þann sama skogarpart sem fremst liggur í Reykjadal fram frá [íllæsilegt orð]stadaskóge – lögfesti jeg allar fyrgreindar eignir mínar og lönd [lönd, ofan línu] halfkirkjunnar á Jörva hér í dag að orðfullu og logfullu og lögmáli rettu; fyrirbyð eg hverjum manni heda af [heda af, ofan línu] sér í að nytja eður að vinna eður gagnsemd af að hafa, fyrir utan þá er skyldu upprekstur eiga á Skarðsfjall, þeim sé þetta land heimilt til brukunar fyrir lömb sín og géldfé eptir fornri venju vili þeir logskilum uppi halda og kirkjunni og mér sannsynilega betala fyrir þetta sitt eignarland, Þetta vitna jeg til allra þeirra sem orð mín heyra.

Einar Jonsson

Var þessi ofanskrifud logfesta upplestin að Jörva manntalsþinge í heyrn og vidurvist góðra manna – Votta undirskrifadir þann 3 Maí A° 1725. Jón Eyreksson lögsagnari í Dalasýslu Jón Hákonarson

Aptur upplestin á Jörva þinge 10 Maí 1824 af S. Magnussyni.

*Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Jörfa og hjáleiguna Valþjófsstaði:*

Þar er bænhús og helldur ollumm sjnumm eignum og ítókumm efer gomlumm maldögumm.

Jardareigandenn er M. Magnus Einarsson a Storavatnzhorne að erfd efer sinn Sal. fodur.

[...]

*Koster.*

Selstada firrum hin besta, og einz enn efer brúkuð yrde. [...].

Valþiofstader hiet hialeiga j gamlare tíjd, fyrer utann tuned. Umm binnar bigging eða leigumäla Kann Eingenn neitt að underretta, giæte þo aftur biggst, efer Heimajördenn þarfnadest j nockurz.<sup>300</sup>

Varðveitt er afrit af dómi um upprekstur á Skarðsafrétt í Haukadals, sem uppkveðinn var að Hvammi 29. mars árið 1735. Sá dómur vísar til eldri dóms um Skarðsafrétt, sem kveðinn var upp að Sauðafelli 18. maí árið 1644. Þá fylgir einnig afrit af dómi frá 4. apríl 1755, sem kveðinn var upp að Jörfa í Haukadals. Dómarnir eru svohljóðandi:

---

<sup>300</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 121.*



---

N. 8.

Proces og Domr um Glerarskoga afrett.

1735 d. 29. Martii, hefr s(ýslu)m(aður) Ormr Dadas(on) utgefid sr. Þorde Þordarsyne í Hvamme sem þá hefr vered profastr í Dala Syslu Rettarstefnu til Hvammsmantals þ(in)gs, sem halded hefr vered þann 21. Aprilis s.a. umm Lamba Upprekstr í Glerárskogaland, sem Laxdælingar höfdu brúkad mót forbode og lögestu sr. Þordar, sérdeiles sr. Þorarinn Jonss(on) í Hiardarholte, Asgeir Jonss(on) í Liarskógum og Sigurdr Jónss(on) á Hrodnyarst(öðum). Actores, sem og eru stefnder hafa vered profastrinn sr. Þodr og Magnus Jonss(on) í Snoksdal. Hlutadegendr hafa uppá Stefnuna skrifad og sér í lage hefr sr. Þodr i sinne uppáskrift advarad Contrapartana ad heyra á sin vitne. Hvorium hann mun siálfr stefnt hafa. Vitnin voru sum í Hvammssveit enn sum í Laxardal. (Sr. Þodr var frá 1721 til 1738 í Hvammsþ(in)gum).

[...]

Sídan var málid uppteked til dóms; þó adr upplesin dómnefna syslum(anns) Biarna Petersonar sohliódandi:

Anno 1644. þann 18<sup>da</sup> Maii ad Saudafelle dómsm(enn) tilnefnder af syslumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort upprekstrar skule vera á Skards-Fiall edr ecke, hvor á Hannes Eggertsson dóms beiddist vegna Guðmundar Hákonarsonar, Petr Þordarson, Magnus Einarsson, Jón Biörnsson, Gudmundr Biörnsson, Dade Gislason og Petr Einarsson. Kom framm í fyrstu ad upprekstrar hafe vered á Skardsfiall ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal, Middölum og Laxárdal og ad so hafe vered samantekid umm Rekstrinn og Tollana ad reked hafe vered á Skards-fiall, Vatnshornsland og Jörva og Skards menn hafe teked tollana ad hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu tollana; enn þ(ei)r fra Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa) gieldnaut sín í afrettinne. Avisar lögmálid, þar skule retter vera sem ad fornu hafe vered. Item R.B. E.K. Enn umm gielfjárrekstra á vorum til afretta og fiallgaungr á haustum hvorn tíma fara skal; Þá giöre epter því, sem hreppstíórnarmenn giöra ráð fyrer og hvoriu bygdarlage hæfer. Því ad so prófudu og fyrer oss komnu dæmum vér med fullu dómsatqvæde ad rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrrnefndum sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest epter því so sem sidarst þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þangad reka sitt fé, skule láta gánga á fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ, þann Fimtudag, sem næstr er Bartholomæus messu hvort hann er fyrer edr epter.

Biarne Petron [...] dóm þennann hafa fidimerad ad Skarde d. 26. Augusti 1734.

[...]

Dómr syslum(anns) Orms Dadasonar í þessu mále; (Præmissa sententiæ hic omittuntar.)

Laxdælingar; sem fyrer þennan rett hingad til Hvams þ(in)gs hafa vered stefnder, ásamt ödrum þar í sveit, ega hér epter ad þeckia sitt afrettar plats á Skards afrett í Haukadal í mót sidvanalegum Tolle til vidkomenda og hér epter

---

eckert skyldu jtak ega til uppreksturs í Glerárskógaland vilje ráðendur yfir jörðunne það mótsegja. Enn þar sem partarner velæruverdugs profastrinn og heidrlegr kennemann Sr. Þorarinn Jonsson, mr. Asgeir Jonsson og Arngrímur Jonsson, síns brodrs vegna, hafa aller þeinkt sig til skiladóms að hafa sókt eftir rettu mále, þá skal procesins umkostnadr vera upphafinn á báðar sidr. Actum ut supra.

Ormr Dadason

Domr Uppsagdr af sýslumanninum M. Ketelssyne, að Jörfa í Haukadal, d. 4. Aprílís 1755.

Það er auglíóst, so vel af dóme sýslumannsins Biarna Petrssonar gengnum að Saudafelle 1644 sem og af dóme sýslumannsins Orms Dadasonar, gengnum að Hvamme d. 22. Aprílís 1735 að þeirra þriggja hreppa Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skardsafrétt, heldr og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til að reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer eftir ádr citerudum dómum, dæmest hér með og ályktast að greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur að öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér eftir vera skylduger til að reka gieldfé sitt á Skardsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstíorar það á vorum tilskipa og samþickia. Skulu þeir sem á greinda afrétt reka ega reka fé sitt í miðann afrétt. Sömuleides skulu greindra hreppa innbyggendur, einn og sér hvor bónde sem fé hefr á afréttinne vera skylduger til fiallgángna á haustum allt eftir sem hreppstíorar þar umm samþickia og rádstafa og lög og retr tilhalda. Enn hvör sá sem hér út sýner nockra þriósku edr forsómun, skal sekr 6 aurum hálf k(on)ge, enn hálf þeim, sem næster búa. Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gieldfiár upprekstrs á Skardsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skyldugr til með hreppsmanna og hreppstíora Tilstyrk og ráde að hreinsa afréttina af melröckum. Efr þessu hafa vidkomendur sig að retta under dómrofe og Lagasektar og álögur. Þesse alyktun er grundud á Landsleigub. 46 og 49. Cap.

M. Ketelson

Fyrer þessum rette hafa nálæger vered fyrer utan hreppstíora og bændur í Haukadal 2 hreppstíorar úr Laxárdal: Jón Olafsson á Saurum og Jón Olafsson á Dönustöðum og úr Middölum hreppstíorinn Þorlákr Einarss(on) á Storask. og prestrinn Sr. Hannes Bjornsson.

1536 hefr Grímur Pálsson dæmt með 6 m(önnu)m á Ase í Vatnsdal að hvor sem ætte 10 lömb edr fleire, skyldu skyldugr að reka á Fiall og sýna fiallskil. Sama hefr Jón Egilsson með 6 m(önnu)m dæmt á Bæ í Hrutafirde umm Melaafrett. Þórdr L(ög)m(aður) hefr dæmt með 6 m(önnu)m að ef sumer vilia heldr fé og lömb hafa, þá svare eyrer fyrer 20 og so upp þadan.

1682 hefr Jón Sigurdss(on) dæmt á Dyrast(öðum) í Þverárþ(in)gi: 1<sup>o</sup>ad lömb skule sitia í 5 daga að þau eru rekin, og rekist sidan í afrétt miðann. 2<sup>o</sup>ad

---

hv(er) sem á 100 saude í afrétt edr fleira, sende 2 gagnlega menn, fullordna og burdagoda. Þetta hefr sama ár vered í logrettu samþikt.<sup>301</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Við hálfkirkjuna að Jörfa kemur fram að hún eigi hálfan Sléttadal. Þar segir:

Hálfkyrkiann ad Jörfa i Haukadal stendur á Bondaeign.

Guds Jomfr. Mariæ og þess helga kross hálfkyrkia ad Jörfa á hálfann Slettadal og allann Haukadal 10 hndr, ad gile því sem u[00]er Saudamannafellssle, eirnenn smáskógarpart, sem fr[00] liggur j Reykiadal, frammfrá Kolstadaskógie.<sup>302</sup>

Á héraðsþingi að Jörfa í Haukadal 4. apríl 1755 var tekið fyrir mál vegna deilna um upprekstur úr þremur sveitum, Laxárdal, Haukadal og Miðdölum á Skarðsafrétt. Vitnað var til fyrri dóma frá árunum 1644 og 1735, þar sem bændur úr þessum þremur sveitum, voru skyldaðir til að nota Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók er eftirfarandi innfært:

Anno 1755 þann 4. Aprilis að settu manntalsþingi við Jörfa í Haukadal [...].

Þar næst mættu fyrir réttinum hreppstjórnarnir í Haukadal Ólafur Einarsson frá Þorsteinsstöðum, Guðmundur Sigurðsson frá Köldukinn, Svarthöfði Sturlason frá Litla-Vatnshorni og framlögðu einn Memorial til hans vel byrðigheita hr. amtmannsins Magnúsar Gíslasonar af Dato 22. Februarii 1755 – Hvar inni þeir begæra hans velbirðigheita Assistance uppá það að þeir geti eftir lifað þeim til þeirra útgefnum orðum uppá geldfjárrekstur til afréttar með víðara frá hverju þeir telja sér bægja eina og aðra óráðvendni í sveitinni, sérdeilis að sumir sem eigi upprekstur að Skarðstrandarafrétt forsómi þá hina sömu, sömuleiðis að sumir misjafnt kyntir menn búi nærri afréttinni, hvar fyrir að margir afræki þá hina sömu afrétt með mörgu víðara þessu viðvíkjandi sem sá Memorial sér líkast hermir, sömuleiðis voru uppá þennan Memorial skrifuð velbyrðigs hr. amtmannsins Magnúsar Gíslasonar resolution sub. dato 28. Febr. 1755, hvar inni hans velbyrðugheit hafa bevilgað og sagt billigt að hreppstjórnarnir í Haukadal flyttu bændur frá afréttinni sem eru misgrunaðir fyrir afréttarinnar ólöglega tilsókn og settu þangað að afréttar jarðarinnar [svo] velræmda og skilríka bændur allt undir sýslumannsins Direction.

Þessi Memorial var upplesinn og uppskrifður fyrir réttinum sem og þar uppáskrifaður hans velbyrðigheita resolution og sé hin sama eftir samkominna þingmanna begæring fyrir þeim útlögð. Þetta upplesið Not. lit. A.

Þar næst var upplesið fyrir réttinum þingdags-begæring Haukadals-hreppsstjóra, dat. 10. Martii 1755, hvar inni þeir begæra þingdag ei síðar en þann 4<sup>ða</sup> apríl þessa árs, uppá Haukadalshrepps nauðsynjar. Það upplesið fyrir réttinum og uppá skrifað Not. Lit. B.

---

<sup>301</sup> Skjal nr. 2(130).

<sup>302</sup> Skjal nr. 2(145).

---

Aðspurðir hvert þeir könnuðust við að upplesið bréf væri það sem þeir hefðu sýslumanninum tilskrifað, hvar til Guðmundur Sigurðsson svaraði „Já“.

[...]

Um flutninga og jarðaskipti bænda í Haukadal álitast og samþykkti þetta sem eftir fylgir [...].

Þar næst framlögðu hreppstjórnarnir í Haukadal og Laxárdal einn Memorial fyrir réttinn sub dato hvar inni þeir begæra að dómur sál. sýslumannsins Bjarna Péturssonar af Dato 1644 um geldfjár upprekstur til Skarðsafréttar staðfestist og eftirkomist, og við þeim mönnum sem eiga eftir greindum dómum skyldu upprekstur til greindrar afréttar tilhaldist að standa í öllum lögskilum svo vel viðvíkjandi sjálfum upprekstrinum sem og fjallgöngum á komst með víðara svo se sá Memorial með hér bréf upplesið fyrir réttinum Not lit D þar næst framlögðu Laxárdals hreppstjórar dómsslutningu sál. sýslumannsins Orms Daðasonar genginn að Hvammi í Hvammssveit þann 22. Apríl 1735 hvar með Laxdælir eru dæmdir til Skarðs afréttar með víðara þessi dómur verificeraður af hr. prófastinum Gunnari Pálssyni var upplesinn fyrir rétti, fyrir réttinum og uppáskrifaður Noti. Lit. D.

Þar næst var upplesið fyrir réttinum dómur sýslumannsins Bjarna Péturssonar dat. 1644 hvar inni Laxdælir Haukdælir og Miðdalur dæmast til að reka að Skarðs afrétt og standa í öllum lögskilum með víðara sem sá dómur með sér ber. Upplesið fyrir réttinum og Copie af þeim sama úttekin og vidimeruð Not. Lit F. Komu svo fyrir réttinn hreppstjórar í Laxárdal Jón Ólafsson að Saurum og Jón Ólafsson að Dönustöðum hreppstjórar í Haukadal Ólafur Einarsson að Þorsteinsstöðum, Guðmundur Sigurðsson að Köldukinn Teitur Helgason að Hömrum Svarthöfði Sturlason að Litla-Vatnshorni hreppstjórinn í Miðdalahrepp Þorlákur Einarsson að Stóra-Skógi og æruverðugur presturinn sr. Hannes Björnsson að Kvennabrekku þessir hér nefndir dánumenn beiðast hver fyrir sína sveit endalegs dóms á að þeim tilfallist að reka að Skarðsafrétt sem þangað eiga skyldu upprekstur og standa í öllum lögskilum afréttar viðvíkjandi sem og um afréttar hreinsun og fjallgöngur. Hvar uppá féll svolátandi dóms slutning. Það er augljóst svo vel af dóm sýslumannsins Bjarna Péturssonar gengnum að Sauðafelli 1644 sem og af dómi sál. sýslumannsins Orms Daðasonar gengnum að Hvammi 22. Apríl 1735 að þeirra þriggja hreppa Laxárdals Haukadals og Miðdala innbyggjendur eiga ei einasta skyldu upprekstur á Skarðs afrétt, heldur og svo eru greindra hreppa innbyggjendur skyldir til að reka uppá þá sömu afrétt, þar eftir áður Citeruðum dómum dæmist hér með og ályktast að greindra hreppa Laxárdals, Haukadals og Miðdala innbyggjendur við öllum tilfellun og öngvum undanteknum skuli hér eftir vera skyldugir til að reka geldfé sitt, bæði lömb og eldra sauðfé, á Skarðsafrétt nær sem hreppstjórar það á vorum tilskipa og samþykkja skulu þeir sem á greinda afrétt reka eiga ekki fé sitt á miðjan afrétt sömuleiðis skulu greindra innbyggjendur einn og sér hver bóndi sem fé hefur á afrétti vera skyldugur til fjallgangna að haustum allt eftir sem hreppstjórar þar um samþykkja og ráðstafa og lög og réttur til fjalla.

---

Eið sver sá sem hér úti sýnir nokkra þrjósku eður forsómun skal sekur 6 aurum, hálftrú kóngi enn hálftrú þeim sem næstir búa. En þeir sem svoleiðis eru skyldugir til geldfjár uppreksturs á skarðs afrétt skulu betala til hlutaðeigandi venjulegan afréttartoll, en þeir þar á móti sem afréttar tollinn taka skulu vera skyldugir til með hreppsmanna og hreppsstjóranna tilstyrk og ráði að hreinsa afréttina af melrökkum.

Eftir þessu hafa viðkomendur sig að rétta undir dómrofs og lagasektir og álögur þessi ályktun er grunduð að landsleigubálks 46. og 49. Cap. M. Ketilsson.

Dómurinn var fyrir réttinum upplesinn öllum samankomnum þingmönnum áheyrandi.<sup>303</sup>

Á héraðsþingi að Hjarðarfelli 13. september 1756 var spurst fyrir um hverjir af bændum í Laxárdal hefðu rekið á Skarðsfjall í Haukadals síðastliðið vor. Eftirfarandi var innfært í dóma- og þingbókina:

Anno 1756 d. 13<sup>da</sup> september að settu héraðsþingi að Hjarðarfelli í Laxárdal [...].

4. Hér næst var examenerað fyrir réttinum eftir begæring Jóns Andréssonar frá Þorsteinsstöðum í Haukadals, hverjir af bændum hér í Laxárdal, hefðu í vor rekið á Skarðsfjall í Haukadals, og samankominna þingmanna svar, þar uppá að þeir viti aungvan héðan úr sveit hafa rekið á Skarðsfjall í ár.<sup>304</sup>

Á héraðsþingi að Jörfa í Haukadals 15. september 1756, var Jóni Andrésyni á Fremri-Þorsteinsstöðum stefnt vegna ágreinings um hvort honum hafi verið heimilt að reka fé sitt annað en á Skarðsafrétt. Jón bauð bætur en málsaðilum þótti vanboðið og því var málið lagt í dóm. Jón var dæmdur fyrir að „hann hafi rekið í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt“. Jón svaraði spurningum varðandi rekstur sinn og eru svör hans skráð. Þá voru dómur um Skarðsafrétt frá árunum 1644 og 1735 lesnir upp. Eftirfarandi var fært til bókar í dóma- og þingbók sýslunnar:

Hér næst framlögðu mr. Jón Egilsson á Vatnshorni og Bergþór Þorvarðsson að Leikskálum sitt innlegg undir þessa dags dato hvar inn þeir uppástanda að nefndur Jón Andrésson verði til sekta og bóta álitin með endilegum dómi, sem það innlegg frammar með sér ber uppleið fyrir réttinum og uppá skrifað Notl. Litl. B.

Hér næst var framlögð í réttinn begæring skrifleg Haukadalsbænda, hvar inn þeir begæra að sýslumaðurinn vilji tilhalda Miðdala-, Haukadals- og Laxárdalsinnbúendum til að reka á Skarðsafrétt en ef ekki þá að leifa þeim í Haukadals sem undir þessa begæring eru skrifaðir að reka annars staðar svo sem það Document útvisar uppleið fyrir réttinum og uppskrifað Notl. Lit C. Uppá innleggið Sub. Lit B. svarar Jón Andrésson því:

1. Að hann hafi fyrirkomið lömbunum sínum annars staðar við sjósiðuna sökum gróðurleysis til fjallanna í þessum harðindum.

---

<sup>303</sup> Skjal nr. 2(166).

<sup>304</sup> Skjal nr. 2(167).

- 
2. Hafi hann meint að fáir mundu reka á Skarðs afrétt í ár sökum harðindanna.
  3. Þegar hann hafi verið búinn að reka sín lömb og þá formerkt að nokkrir á afréttina rekið hefðu þó seinna hefði hann tilboðið að standa í öllum fjallskilum svo sem lambatollum og fjárskilum.
  4. Sé öllum vitanlegt að hann fjallið riðið hafi sem hann rekið hefði og 5. Þar hann ekki að sinni sé nokkurs staðar fyrirboðið að varðveita fjármuni sína frá skaða þá hafi hann þennan lambarekstur upptekið í harðindisári án nokkurrar þrjósku eður afdráttar við afréttarmenn og vilji hinir eftir að forfallalaus góðviljuglega halda sig til Skarðsafréttar meðan hér búsitjandi verði en vilji ei viðkomendur þetta og áðurgjört forlíkunar sáttaboð meðtaka, hljóti þeir sínu fram að fara.

Hér næst begærðu Actores að þingvitni væri tekið upp á það hvar sá afréttur hefði verið gróinn í vor þá menn ráku á hana. Hvar uppá er samankominna þingmanna svar að afréttur hafi svo verið sprottinn þá á hana var rekið eftir þingmárumessu að lömbunum hafi verið vel lífvænt og lömb þau sem nú eru heimt af afrétti eru svo til fara sem í betra ári, hér uppá svari Jón Andrésón að hann ei hafi vitað að aðrir hafi þá verið farnir að reka á Skarðs afrétt, og þar með þá hafi hann ei vitað að afréttin hafi verið hreinsuð.

Hér næst begærir Jón Andrésón að það þingvitni verði Procesen anhängugt gjört sem tekið var í Hjarðarholti um það hverjir í Laxárdal hefði rekið á Skarðsafrétt sem hér innfærist sem Sub. Lit. D. Actores begærde 60 al. málskostnað í þessari sök. Nokkrir menn fyrir réttinum tilstanda að þeir hafi ei séð Jón Andrésón í næst umliðnum fjallaleitum. Til slutningar væntir Jón Andrésón að dómurinn falli sér ei móti, þar hann hafi gjört þennan lambarekstur til að afvenda sínum skaða, og þar hjá formerkt, að margir gengu frá Skarðstrandar upprekstri í ár sökum harðinda Jón Andrésón segir víðar, að hann meinar að lömb hafi verið heima að Litla-Vatnshorni, Skinnþúfu og Giljalandi.

Víðara framkom ei í sökinni hvorki í sókn né vörn. Það er fyrir þessum rétti gott gjört með Jóns Andrésónar eigin meðkenningum að hann hafi rekið í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt. Hitt er og svo sáttgjört með teknu þingvitni fyrir þessum rétti að afréttin hafi verið forsvaranlega sprottinn og lömbin sem nú eru af afréttinni heimt, séu svo væn sem í betra ári. Nú er af gengnum dómum um þessa afrétt, nefnilega einum af 1644 og hinum af 1735 og 1755 auglýst að Laxárdals- Haukadals og Miðdala innbúendur eru ei einasta berettigede til þessarar oft nefndrar Skarðsafréttar, heldur og eru þeir skildugir til að reka á þá sömu.

Nú eru það rímilegheit, að þá fáir reka á afréttina verða þeir fyrir meiri skaða í lambaheimtum, heldur en ef margir rækju. Þar fyrir dæmist hér með af oss að Jón Andrésón frá Fremri- Þorsteinsstöðum í Haukadal skal betala fyrir þessa forsómun til hlutaðeiganda nefnilega Sigurðar Brandssonar á Skarði og Helgu Jónsdóttur á Jörva samt Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni 6 aura og 1 mörk og í dómrof 4 merkur. En þar téður Jón Andrésón hefur boðið sættir og þar til 6 aura fyrir utan fjallgöngur og lambatoll þá skal hann engan málskostnað

---

betala Actoris Jóni Egilssyni og Bergþóri Þorvarðssyni. Þessar bætur skulu lúktar innan mánaðar frá þessa dóms dato undan aðför og exsecution.

Hér næst voru upplesnir dómur af 1644 og 1755 sem í ofanskrifuðum dómi eru Citeraðir. Jón Andrésson appellerar frá þessum afsögðum dómi og begærer hann beskrifaðann innan laga terms og leggur 4 rd. krónur í réttinn í skrifara peninga. Ólafur Einarsson á Þorsteinsstöðum begærer Decision réttarins uppá það hvert hann hafi verið mindugur til þess að tilskikka fjárupprekstur eður fjallgöngur hvar uppá er réttarins svar að þá hann sem vitanlegt er, er hreppstjóri, þá á hann ásamt öðrum hreppstjórum í sveitinni að tilskipa hér um.  
...<sup>305</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 25. maí 1757 voru upplesnir dómur í afréttarmálum frá 18. maí 1644, 22. apríl 1735 og 4. apríl 1755. Eftirfarandi er innfært í dóma- og þingbók sýslumanns:

Anno 1757 þann 25<sup>ta</sup> Maii að settu manntalsþingi á Sauðafelli í Miðdölum [...].  
2. Var upplesinn afréttardómur af dato 18. Maii 1644 – 22. Aprilis 1735 og 4. Aprilis 1755 þess innihalds að Miðdælir Haukdælir og Laxdælir skyldu reka á Skarðs afrétt svo sem þeir dómur víðara með sér bera.<sup>306</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal 21. júní 1757 tilkynnti sýslumaður að hann hefði sent hreppstjórum Laxárdalshrepps afréttardóma um Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbókinni segir:

7. Lýsti sýslumaðurinn því hann hefði sent hreppstjórunum í Laxárdal afréttardóm um Skarðsafrétt og og undir eins ordre [skipun] að auglýsa það öllum sveitarinnbyggjurum svo enginn hefði sig með vanvisku að afsaka.<sup>307</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal 11. júní 1795 var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Sameiginlegt álit allra hlutaðeiganda var innfært í dóma- og þingbókina, svohljóðandi:

Anno 1795 d. 11. júní að settu manntalsþingi á Jörva í Haukadal [...].  
5. Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afrettarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadal og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálstan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði.

Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdaldasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll 1 gilt lamb af ~~hverjum~~ 20 allt til 60, sem rekin eru; enn þeir sem reka 60 lömb eður fleiri

---

<sup>305</sup> Skjal nr. 2(159).

<sup>306</sup> Skjal nr. 2(168).

<sup>307</sup> Skjal nr. 2(169).

---

betala 2 lömb í afréttartoll og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum ~~hel~~ skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Skarðsbóndi skal og viðhalda réttinni forsvaranlega; en þeir sem dilka eiga skulu þeim sjálfir viðhalda.

Fjallleitardagurinn skal ætíð vera hinn sami, mánudagurinn í 20. viku sumars. Sá sem á 60 lömb eður fleiri [í] afréttinum skal láta 2 gagnlega menn í leitirnar. Lömbin eiga að setjast áður í 5 daga eða fleiri, áður en þa[u] eru rekin, og rekast í miðjan afrétt. En þeir af Laxdælingum og Miðdælingum, sem reka á Skarðsfjall í óleyfi og forboði skulu betala í landnám 1 skilding af hvörju lambi, sem þeir svoleiðis í óleyfi reka.

Það tilskilur mr. Jón á Melum að þeir af Laxdælingum, sem með hans leyfi reka í Melaland skulu gjalda honum hálfan lambatoll. Þetta er ályktað að skuli óbrjálað standa inn til víðara.<sup>308</sup>

Kirkjan að Jörfa var lögð niður samkvæmt Konungsbréfi 17. maí 1765.<sup>309</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 12. júní 1795 var uppleið það sem ákveðið var deginum áður á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal um Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók segir:

Anno 1795 þ. 12 júnii að settu manntalsþingi á Sauðafelli í Miðdölum [...].

5. Upplesið það sem í gær gjörðist á Jörvaþingi um Skarðs afrétt.<sup>310</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var uppleið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsafrétt og borga afréttartoll. Inntaki bannsins er ekki lýst nánar. Í dóma- og þingbók var eftirfarandi innfært:

5. Var bannað að reka á Þverdal, heldur á Skarðsfjall og gjaldi þann gamla afréttartoll.<sup>311</sup>

Með kirknaskjöllum hefur varðveist samþykkt um Skarðsafrétt. Samþykktin er ódagsett og óársett en ekki er ólíklegt að ætla að hún sé frá seinni hluta 18. aldar. Samþykktin hljóðar svo:

Nr. 42. Samþikt umm Skards afrett.

1° Afrettar Bondinn, sa sem byr a Skarde, a ad vera uppriktugur danumadr, skir, glöggr og greidugur so einginn gete med retti neinu oskila bragde a hann komed sem forsomun afdótunar. Alt eins ega þar ad vera velkintir danumenn sem bua i nand afrettinni a Giljalandi, Krosse og Villingadal. Og ef her umm þiker abotavant skulu hreppstiorar i Havkadal med preste og syslumanns rade

---

<sup>308</sup> Skjal nr. 2(170).

<sup>309</sup> Skjal nr. 4(87).

<sup>310</sup> Skjal nr. 2(172).

<sup>311</sup> Skjal nr. 2(173).



---

hafa mindugleika til að giöra þá bygdarskipun sem best þikur henda so að þeir einir bui næst afrettinum sem að fromleika, greidvikne og glöggskygni eru valenkunner menn.

2° Epter Dome Syslumanns Biarna Peturssonar utnefndum á Savdafelle þann 18. Maí 1644, Syslumans Orms Dadasonar af 22. Apríl 1735 og Syslumanns Magnusar Ketilssonar af 4. Apríl 1755 ega þeirra 3 hreppa Laxardals, Havkadals og Middalahrepps Innbyggendr skylduupprekstr fyrir lömb og geldfé sitt a so kalladann Skardsafrett. Og er avngvum buanda leifelegt í nefndum 3 hreppum lömb edr geldfé sitt heima að hafa a sumrenn nema nágrannar og hreppstíorar leife og á sá hinn same að taka það leife skriflegt við kyrkiu umm messudaga leite, so hann géte það synt ser til afbötunar ef umm verde talad. Og er þetta alleina að skilja umm þá sem ege 16 lömb edr færre, enn aller þeir sem fleire lömb ega eru skylduger að reka í afrettin ann manngreinaralits under vidligande 6 avra sekt, epter Rettarbot Eiríks kgs. Þar hefde kannske ei verid stort ummtalad, þo Breidabolstadur og fellsende sem hafa nóg fiálland, hefdu rekið í sitt egið land, hefdu þeir ei mót lögum leyft avdrum að reka þangad. Enn þeirra egen oradvendne í þessu efne, giörer það, að það kiemzt ei af epterleides á móte lögsömdum domum umtalslavst.

3° Það er óregla að Vinnuhiú og bulavsir sem ei ega nema eina edr faeinar kindr bruka mark ut af fyrir sig, hvar af orsakazt ringl og rugl. Enn með því þetta mun sagt með ollu af að ringa þá ega þeir menn minni rétt á kindum sinum, þo ei [...] fare, og skal Rettarbondinn ei vera skylduger til þess að svara. Enn skylduger skal Skardsafrettarbondi til að hafa í einne bok greinelega uppskrifud öll búenda mörk í adrtedum 3 hreppum, so hann géte skyra grein þar á giört í fyrerkomande tilfellum. Enn vinnufolks mörk skal hann ei vera skylduger þar inn að skrifa framur enn hann vill sialfr.

4° Það má einatt heyra að sumer af bændum klaga yfer illum heimtum, sem optazt er þó þeirra egen óradvendne að kenna í því, að þeir sitja ei lömb sin nog ádr og sidan reka þav ei reglulega í midjann afrett, eins og lög fyrir skipa. Hvar af bæde þeim sialfum og odrum orsakazt skade, þa slik lömb hlavpa heim í bufiárhaga og leggiazt under qvifé og eru sidan hrakenn óvissa vegar. Þar fyrir skal hvor buande sem á skylduupprekstr a Skardsafrett, vera skylduger til ept[er] gömlum lögsömdum Syslumanna og Lögmanna dómum [00] að láta sitja lömb sin heima í 5 daga í það minsta að[r] hann a fiáll rekr, hvort heldr eru lömb edr géldfé og sidan skal hann reka þav í midjan afrett edr á þann sokallada Sliettadal og ega hreppstíorar að tilsetja vissann tíma á vorum nær í afrettin skal reka, alt under vidliggiande laga sekter af þeim sem ut af bregda.

5° Þeir sem afretten ega og lambatollana taka, Vatnshorns og Jörvbændr, skulu vera skylduger til að láta gagnlega og dyggelega leita að melrackagrenjum í afrettinum á hvorju sumre, og þá grenin finnazt að utvega gagnlegan mann til að vinna þav, og skulu þeir þessu hafa aflokad fyrir Jonsmessu baptistæ edr 24. Júnii á hvorju sumre. Og byrjar hreppstíorum þar fyrir utan að hafa röksamlega tilhlutan umm að sérhvör buande leite á hvorju vore land sitt epter grenjum, og ega þá dyren að vinnazt uppa sveitarinnar

---

kostnad en afrettarbændr ega ad láta þav vinna uppa sinn eginn kostnad, því nema þav lönd sem nær liggja afrettinum seu vel hreinsud, verda afrettarbændr ei réttelega sektader fyrer sina forsomum þó bite kome framm i afrettinum.

6° Med því Samgavngur eru mille Mela og Skards-afretta og Melaleitadagr er halden á mánudagen i 20 viku sumars og same hefr ad fornu vered leitardagr i Skardsafrett, þa er nu þesse same dagr þar til settr ad færurade, en ef ei verdr þann dag fyrer óvedre leitad, þá hvor næste dagr þar epter þá færtr vedr geftr.

7° Þad var alldreitil forna brukad hiá vorum rádvöndu og stjórnömu forfedrum ad retta sama dag og leitad var. Þad er og avdskiled ad þad kann ei löglega af ad ganga á einu dege ad leita dyggelega vidlena fiállhaga og sidan sama dag draga i sundr mörg hundrud fiar og sidan koma hvorium rekstre so afsides ad ei i slavngé fare. Er því tilskipad ad Skardfiáll se genged epter ádrsögdu á Manudagen i 20 viku sumars enn réttad dege sidar.

8° Þann næsta sunnudag ádr enn fiállleitar ega ad vera skulu 2 hreppstiorar koma ur hvorjum af adrnefndum 3 hreppum ad Vatnshorns edr Qvennabreckukirkju og aftala þar samegenlega hvornen fiállleitum skal haga; hvar hvorjer skulu leita og tiltaka þá menn sem fara i adrar Retter, hvorer ega ad hafa morken med ser uppskrifud og med[...] fé ur ödrum Rettum aptr koma utan þad sem þeir vist vita ad á heima hér i Syslunne.

9° Epter lögum og gömlum domum er sérhvor sa sem skylduupprekstr á á Skardsfiáll, skyldugr ad lata gagnlegan mann þann tilsettan leitadag i leiternar og ege nockr 100 fiar edr meira i afrettinum þá láte til 2 menn duglega.

10° Hreppstiorar i fyrtrudum 3 hreppum i Laxardal, Havkadal og Middölum ega ad koma sér saman umm þad, hvorn part af fiállenu hvor sveit skule leita og hvornen leitum skip[a] og a þetta so einusinni ad nidradazt ad þar vid mege arlega sidan vera. Med því mote er liklegra ad serhvorjer láte sér umm sinar leitar hugad vera og ei [...]blora hvor vid adra prettezt umm leitirnar.

11° Med því tvenna og dyggva menn þarf til ad vaka yfer leitasafninu þá þad kemr á manudags qvelde og þar er nockr ofötlun ad ætla þad þeim sem leitad hafa, so mun best fara ad taka til þess menn af þeim næstu bæum vid afrettin sem þó giæte leitad sin egen leigulönd á þan tilsetta leitadag, sosem þad er allra bænda skilda, avk afrettarleita ad leita sin egen leigulönd.

12° Nu er nockud vist ákveded umm þær fyrstu fiállleitar; enn med því lögin ætla til ad hreppstiorar rade her mestu umm so verda þeir ad koma sér saman umm þad, nær þær adrar afrettarleitar skulu haldazt og so loksens hinar þridju og hvad marger menn ur hvorre sveit skulu þar tilleggiast.

13° Fyrer sunnan fiállad er serdeiles rett tilsett, sem haldenn er föstudagen seinastan i sumre og er köllud Skila-Rett. Þangad eru rekner aller Urgangar, og þær kindr, hvorra Egendr ei hafa uppspurzt. Þetta þiker mér gódr vane og hann vil eg Dalamenn upptake og tilsetje á hentugum stad Rétt sem er nockurnvegin i midjunne á þessum 3 sveitum: Laxardal, Havkadal og Middölum. J þessa rétt ega ad rekazt aller urgangar og þær savdkindr i nefndum 3 hreppum hvort þad eru lömb edr eldra sem ei hefe egande uppspurzt ad, þar skal þetta fé kannazt

---

og það sem ei uppspurzt egande ad, þá fare þar umm epter því sem lög fyrerskilja.

14° Hvör buande i adrnefndum 3 sveitum, sem á 16 lömb edr fleire so sem hann epter áminnstum lögsömdum domum er skyldugr a Skardsfiall ad reka, so skal hann vera skyldugr afrettar Toll ad gialda hvort hann rekr á fialled edr ecke reke, fyrer því hann var skyldugr ad reka. Hann skal gialda af 30 lömbum edr þo færre seu sem hann á edr géldfe sem hann i afrettinn rekr, vænsta lamb sitt edr ef hann vill það heldr 16 fiska i Peningum, edr avdrum gildum avrum. Enn fyrer hvor 3 lömb sem hann á framm yfer 30 skal hann gialda 2 sk. courant. Og eins miked skal hann betala fyrer hvorja 2 savde vetrgamla edr eldre. Og skal hann þetta strax i Rettunum gialda adr enn hann fer i burtu med fe sitt, nema honum avdrumis semje vid hlavtadegendr Aungvum sem nockud veit af gömlum lögum og setningum foreldra vorra, kann þesse Tollr mikill ad þikia, því hann er miklu minne enn hann hefr vered til forna. Dæmde þá hvor [...] vard ad géfa eitt lamb af hvörjum 10 lömbum bænduner á Krosse og Villingadal skulu vera fryer fyrer ad svara lamba Tolle, vegna þess ágangs sem þeir framar ödrum hafa af fialla-fénu.

15° Epter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard i Havkadal lited edr eckert af því afrettarlande sem adrsagder 3 hreppar ega med skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skiptazt i 3 stade, hvar af Vatshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þridja part.

16° Fyrer þennan þridja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átrodninge af fiallafenu, og Rettonum, hann heldr og Bók yfer mörkenn epter 3. poste og géfr þar af utskrift þeim mönnum sem verda sender i adrar Retter, epter hreppstiora þar umm giörandi samegenlegre Radstöfun. Auk þessa skal Skards abuande vera skyldugr til ad vidhalda Rettenne i forsvaranlegu stande og hlada veggina so hava ad lömb stockve ei ut og so sterka ad ei hrynje þó menn edr savder hlappe á þeim. Hann skal og vera skyldugr til ad vidhalda þeim Dilkum sem nu eru hladner edr hladner verda. Enn ei skal hann vera skyldugr til ad hlada þá ad nyu. Enn þeir sem nu ega þar Dilka edr vilja hlada sér þar Dilka, sem öllum er heimelt þeim sem upprekstrinn ega, þeir ega fyrst ad setja þá i gott og forsvaranlegt astand og syna þá 3 edr fleirum dugande mönnum i hvada stande þeir eru, og sidan skal afrettarbondenn vera skyldugr til [000] ad vidhalda þeim eins og Rettinne sialfre.

17° Hvor sa sem giörer á mote því, sem af þeim flestu samþikt verdr i þessu efne, skal þar fyrer sekiazt 6 aurum, hvort heldr það er einhver bónde i adrnefndum 3 hreppum edr þeir sem afrettarlanded ega, edr sa bonde sem býr á Skarde af þeirre sekt á kongr helming, enn þeir sem lambatollana taka, annan helming nema þeir verde sialfer seker, þá fare þar um epter Syslumans Radstöfun. Ef nockr verdr skuldare fyrer óhlidne edr afbiggder i þessu efne, þá skulu þeir sem lamba Tollana taka gefa þeim hinum sama það til vitundar skriflega edr munnlega og vottanlega ad þeir [ega ad klaga] það firer Syslumanninum skal þeim [sektskuldada 0000?] sialfstefnt a það næsta

---

manntalsþing epter ad Jorva, ef yversioninn hefr ordid i þeirre þingsokn, enn annars a hans varnarþing med alt sitt forsvar og afbataner, þa þar umm verdr Dæmt af Syslumanne hvert hann kune edr kune ecke; því þetta er ein Politie sök, sem [eingen] undanbrögd er [0000?] réttargange. Enn ef þeir sialfer [000?] lambatollinn taka verda fyrre afbryggde i þessu efne [0000] þá á þá sök hvor af bændum, sem ...<sup>312</sup>

Í máldögum kirkjunnar á Jörfa, sem þinglýst var þann 7. apríl árið 1810, segir m.a. að kirkjan eigi hálfan Sléttadal. Þar segir eftirfarandi:

[...] h(ún) á hálfan Sléttadal og allann Haukadal í 10 hndr. eign ad gili þ(ví) er nærz er Saudafellsseli [...] Annar Maldagi [...] hún á allann Sléttadal og allann Haukadal í 10 hndr. eign ad gili þ(ví) s(em) er nærz Saudamannafellsseli. [...] Svofelldir [látandi ofan línu] máldag(ar) sem h(ér) f(yrir) ofan [...] standa ord ept(ir) ord sá eg og las á gamallri k(ir)kjubók á Jörva u(m) vorid Anno 1613 þann 22. dag Maii. Tyrfingur Asgeirsson eh.<sup>313</sup>

Þann 26. febrúar 1833 skrifaði Jón Sigurðsson á Skarði bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna óreglu sem hann taldi vera á fjallskilum og greiðslum fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Í bréfinu segir:

Velborne herra, Kammir Rád

Þar ydar Velborinn heitum hefur þoknast ad fela mier á hendur ummsión yfir upprekstur fialleitum og saudfiár Riettar vidhaldi hier á Skards afriett, orsakast eg hiermed til ad géfa ydur til vitundar ÓReglu þá sem mier finst ad árlega taki ýfirhönd ý fiall skilum til, og Fialla tolla gialdi eptir tieda afriett, sem einkanlega er filgiandi: 1: ad bændur þeir sem eýga upprekstur á skards afrétt forsóma ad leita Eptirleit á haustum þó þeir sieu þar til qvaddir og það þeim ý týma til sagt: 2: ad nockrir þeirra Reka fie sitt á Villýngadal og gialda þángad fiallatolla enn aungva til myn, eda annara eýganda afréttar landsins: 3: Réttinn sialf er mikils til oflítil ad Rúma það fie sem Rekid er til Réttarinnar og þarf þvj naudsínlega ad út færast og hlast ad nýu. hér af hlióta þau mýn audmiuk og þenustusamleg til mæli, ad ydar velborinn heitum mætti þoknast ad úrskurda: 1: alla bændur sem búa jnnan upprekstursins takmarka skilduga ad leita Eptirleit eptir þörfum þegar þeir eru þar til kalladir undir þá Sekt sem þér álýtid hæfilega og ydur þoknast ad áqveda: 2: hvört öllum þeim bændum sem búa ý Skards afréttar upprekstri nefnilega millum Laxár og Túnguár ber eý ad gialda Fiallatolla til myn og medeiganda afréttar landsins, og hvört öllum eýns þeim fiár mestustu sem þeim er ecki eýga Fleiri enn 20 Kindur fiallrækar ber eý ad gialda meir enn 1 lamb j fialla toll: 3: hvöríum beri ad útvýdka og hlada upp Réttina svo nægilega stór verdi til ad rétta safn það sem ad henni rekst Ydar Velborinn heita Réttvýsa urskurdar uppá framan skrifada pósta óskadi eg ad med taka á næsta manntals þyngi á Jörva, þar eg annars sie mier ófært og ofvaxid ad hafa nockur afskipti af fiallskilunum og hlýt þvj ef eý nít ydar

---

<sup>312</sup> Skjal nr. 2(129).

<sup>313</sup> Skjal nr. 2(103).

---

adstodar til leidréttingar y þvj af lagafærda öldungis að seigia mig frá þeim, og oska að þér felid þau vidkomandi hreppstíóra á höndur.

Ydar Velborin heita þénustu Velíngur

Jon Sigurdarson<sup>314</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 5. maí árið 1836 var upplesin ályktun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Ekki er greint nánar frá inntaki ályktunarinnar. Í dóma- og þingbók var eftirfarandi innfært:

Ár 1836 þann 5. Maji var manntalsþingsrétturinn settur að Sauðafelli [...].

5. Var upplesið: [...].

e) Ályktan um Skarðsafrétt 1795.<sup>315</sup>

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi:

32. <Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadál. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadál.<sup>316</sup>

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall, í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

8. <Dalir.> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

[...]

32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

[...]

<31.> *Selstöður* tilheyra í Kvennabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvennabrekku. Sú hinn fyrri jörðinni tilheyrandi selstaða er í þeim áður umgetna Vatns-Þverdal, en Kvennabrekku í áðurnefndum Geldingadal. Þessar selstöður eru sum árin brúkaðar en sum ekki eftir því sem efni og kringumstæður gjöra mögulegt. En í Stóra-Vatnshornssókn á Vatn selstöðu í Vatns-Þverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals og svo er áður getið. Hvorug

---

<sup>314</sup> Skjal nr. 2(189).

<sup>315</sup> Skjal nr. 2(174).

<sup>316</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 62–63.

---

þessara selstaða eru lengi nú að undanfögnu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.<sup>317</sup>

ÞannHinn 24. október 1842 skrifaði Magnús Arngrímsson hreppstjóri bréf til sýslumanns er varðaði annmarka sem hann taldi vera á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 1809. Í bréfinu minnst hann m.a. á upprekstur á Skarðsafrétt, en þar segir:

Fleiri orsaka Vegna er eg til knudur að framm færa fyrir yður umqvörtunar efni; ahrærandi Réttar höld og fleira þar að lutandi hér í Sudur Parti Sysslunnar enn einkum sem mér er nu sem stendur í Jorva hrepp við komandi, að sönu liggur við hrepps Pappirana hia mér Cóbbia af Amts Reglu giördinni, Daterud 13<sup>da</sup> Aug: 1809 um Réttar höld í Dála Sysslu og fleira þar að lutandi, sem þó Vantar á að sje eins fullkominn og eg hefí sjeð hana annars stadar, þvj eingínn viss réttar dagur er tiltekinn í henni hér um Dáli, nefnd Reglugiörd finst mér í sumum póstum ei so skilmerkileg eda vel utlistud sem vera þirdti, eda hagqvæm firir almenning; og Tel eg það first til hvad lög upprextur a Skards afrétt snertir þar sem Reglugiördinn til greinir, að þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Middölum, enn takmarkar ecki hvad mikill Partur af Sveitunum, hvad þeir sem fyrir fiallgaungum eiga að Ráða þurfa þó að vita, til þess þeir géti reglulega til sagt þeim fiallskil a Haustum sem þangad eiga lög upprextur; og hinir sem fiallatolla eiga að taka, meigi vita eptir þeim að ganga hia þeim sem þangad eru skildugir að reka; 2að hvad Réttar höldinn snertir hér í Sudur parti Sýsslunnar hafa þær alldrej Verid haldnar a þeim sömu dögum og Reglugiördinn til seigir, heldur víðast hvar halfum manudi firri; utann Vatnsrétt hefur nu nockur undannfarinn ár Verid réttud þrem dögum sidar enn Reglugiördinn til tekur. Skards rétt hefur nu nockur undannfarinn ár Verid réttud þridjudaginn í Tuttugustu viku sumars, enn Vatns rétt þridjudaginn í Tuttugustu og annari sumar vikunni og finst mer það míður hagqvæmt hvar 2<sup>ar</sup> Rettir eru haldnar í sama hrepp og samganga er að so lángt skuld lýða á milli réttanna og eg held það sje Dæma fátt; Adur Var skards rétt réttud a sama dag og leitad Var til hennar Nefnil. á Manudaginn í 20ustu Viku sumars; enn Vatns rétt nærstadag eptir, enn vegna þess að ofært þokti að rétta skards rétt sama daginn og leitad Var tóku menn upp að rétta hana daginn eptir og sýdann hefir réttarhaldid gétað farid fram með betri reglu, og öllum sem að henni hafa sokt þokt það hægr, ef skards rétt skal haldast sama dag og Verid hefur undannfarinn ár nefnil: a þridjudag væri hagfeldast Vatns rétt væri réttud a midvikudaginn þar eptir; til leidannlegir mundu Haukdælingar að skards rétt væri réttud einri viku seirna enn Verid hefur Væri þa Vatns rétt réttud um sama týma bil, hvad Laxdælingar sem halda sig að vatns rett munu breigir til, utan nýr yfirvalda úrskurdur komi þar til.

Í þridja mata er aqvardad í Reglugiördinni að fiár úr gangur úr, allrí sysslunni skuli rekast rétt úr rett til skila réttar sem sie seljalandsrétt; enn alldrej hefur fiar úrgangur komid úr Vestur Parti sysslunnar til Haukadals rétta, enn

---

<sup>317</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 46–51.

---

úrgangur úr skards rétt hefur ætíð geingid til Fellsenda réttar, og optar þaðann til Seljalands réttar og þar Verid skipt upp án þess lýsingum hafi Verid uppi haldid, þar til skila rétt hefir verid úti, sem ej hefur Verid haldinn firri enn viku firir Vetur. Sidann hefur það Fje ordid Hördudals hrepps eins, sem ej hefur upp spurst mundi nú ecki eins vel fara ad skila rétt væri eingínn í sysslunni og hvör hreppur hefdi sinn úr gang eins og tígdast í nordur landi, enn lýsingum Væri uppi haldid í tima; enn þækti ej til þess ráðandi þa ad færa skila réttina a hentugrí stad í sysslunni Nefnil; nær midri sysslu Eda þa í þridja lagi ad fiölga skila réttum, so ein skila rétt Væri firir Laxárdal Haukadal Middali og Hördudal enn önnur firir Vestur Part sysslunar, og mundi þa best fara ad sú skilarétt sem hér í Dölnum væri, Væri haldinn a þeim stad hvar öllum hreppunum væri hægst ad sækja til hennar, og mundi Vatns rétt ej vera sú ohentugasta, þangad væri og nockud nærri um Vega leingd firir Sunnlendinga og nordlendinga ad sækja, firir það mætti hvör hreppur hafa sinn úr Gang, og þírdti alldrey úr firstu réttum ad rekast í burtu enn úr öllum hreppunum væri rekid til skila réttarinnar a þann stad og dag sem til þess væri Valinn og hentugastur þækti; Gæti þa hvör hreppur tekid heim til syn aptur það sem ecki geingi ut vid skila réttina, hvad mér finsz langt um jafnara enn það verdi eins og Verid hefur eins hreppz agódi, sem úr fleiri hreppum er rekid; Lýka væri þa komid í Veg firir ad fie manna Væri fiarlækt eigundumm eins og stundum hefur þo ordid firir þa orsök, ad úr gangurinn hefur verid rekinn rétt úr rétt til skila réttar. Lyka gæti þa maske einhvör hreppurinn sem þar hefdi ~~maske~~ Líst til og þækti það i einhvörju ~~fært~~ hentugra fært réttar haldid um viku tíma, sem eg sje ecki ad verdi medann úr gangurinn skál rekasz rétt ur rétt, utann margar síeu þa færðar hvad er vidz mun veita ad geta feingid. Þettad hér ad framann skrifad til sendi eg yður so sem Vidkomandi yfir Valdi til yfir sk[od]unar, ef ské mætti eitt hvad af því irdi Nótad til undir bunings betri Reglu med réttar höld og fleira þar ad lutandi í Haukadal enn Verid hefur.

Nupe þann 24 October 1842.

Magnus Arngrimsson<sup>318</sup>

Hinn 16. desember árið 1842 skrifaði Jón Jónsson á Melum, eigandi jarðarinnar Skarðs í Haukadal, amtmanni Vesturamts bréf varðandi upprekstur og fjallskil á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir m.a.:

[...] Í tilliti til jarðarinnar Skarðs hofum við ecki það álit á hagnaði á fjárupprekstri á afrétt þessa, að ockur ecki standi á sama, hvort honum er framhaldeð eða ecki, sé þá ei heldur rekeð á Villíngadal, en líkt mundi á þessari afrétt fara og annarstaðar, þar sem þær eru forsómaðar eða aflagðar, að geldfé sem þangað kynni að slángra af kringliggjandi afréttum og fjallöndum, mundi þar úti verða, sökum vanleita, en sé fjárupprekstri annars framhalded, og hann ei fullkomlega og útþryckilega aftekin á Skarð afrétt [...].

---

<sup>318</sup> Skjal nr. 2(190).

---

2. Í tilliti til þess atvæðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villíngadal, orsakar teðrar jarðar fjallandi, viljum við tilstanda ábúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrirteðum upprekstri, hvorra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villíngadal, fái þeir þartil teðrar jarðar ábúanda samþycki, en ei viljum við liða að fleiri reki á Villíngadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalíngslaust.<sup>319</sup>

Varðveittur er samningur milli Skarðs og Villíngadals um fjalltolla, dagsettur 18. júní 1843. Þar segir:

Þar eð bóndinn mr. Björn Björnsson á Skarði hefur fundið mig í dag í því tilliti að heira hvörn samning eg villdi inngánga um upprekstur hér á Villíngadal við þá sem hlut eiga að Skarðsrjettar upprekstri einkum ábúanda og jarðar eiganda þá gjöri eg mig þar með ánægðan við hlutaðeigendur, að verði so að allir Haukdælíngar og Náhlíðíngar reki reglulega fje sit hér fram til afrjettar að sex menn reki hjer á Villíngadal með mjer sjálfumm töldum enn hinir allir á Skarðsafrjett og eg hafí so fjóra fjallatolla með mínum enn ei fleiri, – til fullnustu þessum samningi er mitt under skrifad nafn.

Villíngadal þ(an)n 18<sup>da</sup> júní 1843.

Oddur Jónsson

Hinsvegar skrifaðri uppastungu bondans Odds Jonssonar á Villíngadal er eg samþyckur.

Melum þan 12<sup>ta</sup> Julii 1843.

J. Jónsson.<sup>320</sup>

Hinn 20. júlí árið 1843, skrifaði Jón Jónsson á Melum sýslumanninum í Dalasýslu bréf vegna skiptingar á upprekstri og fjallatolla milli Villíngadals og Skarðs. Þar segir:

Velbyrðugum Herra Sýslumanni C. Magnúsen

a/ Skarði á Skarðsstönd

L. S.

Í tilefni af herra Sýslumansins háttvyrda bréfi af 22<sup>rum</sup> Maji síðstl. hefi eg, fyrir milligaungu þess nú burtdauða bónda á Skarði Biörns Björnssonar, leitað samnings við eignarman og abúanda Villíngadals, bóndan Odd Jónsson, viðvíkjandi deilingu upprekstrar og fjallatolla millum téðra bæa, hvors uppastúngu í téðu efni eg legg hér inn, af mér samþyckta.

Eptir bestu athugun gét eg ei annað áliteð, en að afréttarmegnið þannig brúkað, sé nægilegt fyrir alla þá tilteknu bæi í Haukadal og Náhlíð, einkum þar það viðnýtur Mela víðlenda fjallands, hvar yfrið margt af Haukdælinga og Náhlíðínga fé fyrirkemur á hvörju hausti, sem sumpart er rekeð til Skarðs- en sumt til Mela-Rétta.

Melum þan 20<sup>ta</sup> Julii 1843.

---

<sup>319</sup> Skjal nr. 2(203).

<sup>320</sup> Skjal nr. 2(205).



---

J. Jónsson

Til Herra sýslumans C. Magnusens.<sup>321</sup>

Hinn 10. janúar árið 1844, skrifaði sýslumaður Dalasýslu amtmanni Vesturamtsins vegna reglugerðar um Skarðsafrétt:

I gunstige skrivelse af 20<sup>de</sup> Febr. f. a. har Deres höivelbaarenhed gunstigt, ved at tilstille mig herhos tilbage følgende Skrivelse med Bilage fra Syselmand J. Johnsen, betræffende en ny udarbeidelse af et Regulativ for den saa kaldte Skards afret her i Sysselet anmodet mig om, at gjøre udkast til samme m.m.

I anledning her af, undlader jeg ikke her med underdanigst, – efter af have omhandlet denne sag med ved kommende Repstyrer paa de sidstafholdte mandtalstthinge, samt corresponderet med sysslelmand Johnsen, forsaa vidt angik – passernde aarlig erstatning til opsidderen af gaarden Villíngadal, hvis betydelige græsgange til fiælds grændse til Skards afret. Her ved af tilstille det høje amt, et af mig udarbeidet Regulativ for bemelte Skards afret, til gunstig approbation – for saa vidt samme maaske finde amtets Bifald, den i mellem Sysselemand Johnson og bemeldte opsidder og ljer af Villíngadal skerte skriftlige overenskomst, følger hermed.

Skard í Dalesyssel den 10<sup>de</sup> Januar 1844.

Undertenigst

C. Magnusen.<sup>322</sup>

Hinn 10. júní árið 1844 skrifaði Jón Jónsson á Melum amtmanni Vesturamts vegna reglugerðar um Skarðsafrétt:

Með Vestur amtsins háttvyrdda bréfi af 20<sup>ta</sup> Febr síðstl. hefi eg meðtekeð þeim á millum amtsins og Sýslumansins í Dalasýslu víxluðu bréfum, viðvíkjandi betri reglu í upprekstri og fjallskilum á Skarðs afrétt í Haukadál, þarameðal eirni af velnefndum Sýslumanni framvarpaðri Reglugjörð um geldfjárrekstur, grenjaleitir og Dyraveiðar á téðri afrétt um hvörja amted æskt hefur minnar erklæringar, hvört eg óskaði nockru í henni umbreitt eða nockru við hana bætt, áður en hún yrði viðtekin og auglýst til eptirbreitni.

Hérum leifi eg mér að framfæra þá meiningu mína og ósk: að leitardagurinn á téðri afrétt náqvæmar áqveðist, nefnilega Mánudaginn í 21<sup>tu</sup> viku sumars, undireins og leitir framfara á kríngleggjandi afréttum og fjallöndum að norðan- og sunnanverðu. Líka leifi eg mér að setja það til viðkomandi yfirboðara náqvæmar yfirvegunar, hvort ei sé þéanlegra, að úrtíningskindur þær, er fyrirkoma í Skarðs Rétt, eins og hvörri annari innan Dalasýslu, vaktist í þeim hrepp, hvar þær fyrirkoma, og Réttinn liggur, en að þær séu reknar rétt úr rétt til þeirrar svonefndu skilaréttar, opt og tíðum í en meiri fjarlægð við eigendur þeirra en þær voru í rétt þeirri hvar þær fyrst fyrirkoma, því þó þær ecki eigi heima í Vesturparti Dalasýslu, gétur vel skeð að þær séu héðan úr Strandasýslu, sem liggur strandleingis norðanverdt fjallgarðs þess, sem notaður er fyrir

---

<sup>321</sup> Skjal nr. 2(204).

<sup>322</sup> Skjal nr. 2(206).

---

upprekstrarpláts úr þeim báðum, og er lítt mögulegt að eigendur fái þær í tíma uppspurðar, þá komnar eru í þvílíka fjarlægð, sem er úr Bitru og Kollafirði út undir Rauðamelsheiði.

Að öðru leiti finn eg ecki tilefni til, að æskja nockru umbreitt eða viðbætt í herra sýslumans Magnúsens velsamda Reglugjörðar uppkasti, hvört eg hér með ásamt hans bréfi og öðrum tilheyrandi fylgiskjölum undirgæfnast sendi amtinu til baka.

Melum þan 10<sup>da</sup> Junii 1844. J. Jónsson

Til Herra conferentsráðs amtmans Thorsteinsson.<sup>323</sup>

Hinn 30. október árið 1844, sett sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt, um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamtsins staðfesti reglugerðina 25. desember sama ár. Reglugerðin var færð í afsals- og veðmálabók Dalasýslu og hljóðar svo:

Nr 148

Reglugjörð, fyrir Skarðsafrétt innan DalaSýslu um géldfjár upprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar.

1. Sá partur Haukadals sem ei er lagður til Vatnsréttar eður Þverdals upprekstur, og hvar í eru 15 bæir ásamt þeim parti Miðdala er Náhlíð nefnist og næst liggur Haukadal að sunnaverðu, að Stóraskógi undanskildum, skal einungis eiga skyldu og lög upprekstur fyrir géldfé á Skarðsafrétt, enn engvir aðrir bæir eður sveitir.

2. Með tilliti til þess átroðnings, sem fjallafé gjörir Villíngadals ábúanda, hvör talsverð fjalllönd á í nánd [leiðrétt úr: grend] við Skarðsafrétt, uppberi hann árlega 4 fjallatolla, með sínum eigin íreiknuðum, enn 6 ábúendum í ofantilgreindum bygðarlögum, hvará meðal Villíngadals ábúandi telst, standi frítt fyrir að reka géldfé sitt á Villíngadal kjósi þeir það heldur enn á Skarðsafrétt, enn ekkért fleira fé, til þess að það gáangi á Skarðsafrétt réttist þar síðan og dragist betalíngslaust.

3. Hvað grenjaleitir og dýraveiðar í afréttinni árlega snertir, svo hefir Skarðs ábúandi þar um að annast útvega skyttu, senda eptir henni á eigin kostnað, samt láta vaka á greninu; hvarámóti Jörfa og Vatnshorns ábúendum, sem öðlast fjallatolla Skarðs afréttar að helmíngi, ber að lúka allann kostnað skyttunni, ásamt þeim er með henni á greninu liggur, þá þess viðþarf.

4. Lömb skulu sitjast í hið minnsta vikutíma eptir fráfarur, áður þau eru á afréttinn rekin.

5. Í fjallatolla lúkist af hvörjum búanda 1 gyldt lamb, af 20 til 60, enn 2 af þeim sem fleiri reka og séu þau goldinn strax í Réttinni, hvar þau skiptist á milli hlutaðeiganda, enn þeir er innan téðra bygðarlaga, reka lömb sín á aðrar afréttir,

---

<sup>323</sup> Skjal nr. 2(207).

---

eður fjallönd, ellegar halda þeim í heimahögum, skulu ei að síður skyldir vera að gjöra fullkomin fjallskil á Skarðsafrétt og gjalda fjallatoll eins og þeir hefðu á hana rekið, enn úrgánga kyndur þær sem hittast í Réttinni án eigara, vaktist í þeim hrepp hvar Réttinn er þar til hinn sami í tæka tíð sannar sinn eignarrétt, enn meðhöndlust annars að lögum og landsvana.

6. Leitardagurinn skal vera Mánadagurinn í 21tu viku sumars sé fært veður, enn annars sá nærsti fær dagur.

Að öllu öðru leiti, enn því hér að framan er tilgreint skulu þær almennu reglur, viðvíkjandi fjárupprekstri, fjallskilum og réttarhaldi, sem fyrirskrifaðar eru, svovel í Hreppstjórnar Instrúxinu, sem þeirri af Vesturamtinu áður staðfestu Reglugjörð fyrir DalaSýslu, vera gyldandi.

Skarði í Dalasýslu þann 30ta October 1844.

Undir minni hönd og innsigli C. Magnusen (L.S.)

Það Amtið ei hefur fundið neitt í framanskriafaðri Reglugjörð um Skarðsafrétt er álitast kunni ólöglegt, eða ósanngjarnt, heldur það er miði til góðrar reglu og almennings hagsmuna, svo veitist Sýslumanninum í Dalasýslu hér með myndugleiki til, að byrta Reglugjörðina á nærsthaldandi viðkomandi manntalsþingum, hlutaðeigandi almenníngi til eptirbreytnis, eins og til að skipa viðkomandi Hreppstjórum, að þeir hafi nákvæma tilsjón með, að eptir Reglugjörðinni sé framvegis lifað. Islands Vestur Amts skrifstofu Stapa, þann 25 Dec.ber 1844.

Undir minni hendi og Amtsins signeti. Thoresteinsson (L.S.)

Auglýst fyrir Manntalsþingsréttinum í Dalasýslu höldnum á Hjarðarholti 14da, Jörva 15da Sauðafelli 16da Blönduhlíð 17da Hvammi 19da Staðarhóli 20ta Staðarfelli 22n og Ballará 23ja maíi, árið 1845. testr C. Magnussen.<sup>324</sup>

Í jarðamatinu 1849–1850 segir að Jörvi eigi fjórða part af Skarðsafrétt. Þar segir:

Jörvi, 30h(undruð) með 5 kúgildum og 4 vætta landskuld og þykir mikid góður leigumáli. Túnid er lítid, en greidfært og gott, er hætt við stór skemdum; engjar hægar, góðar og miklar, en skridu hætt. Hagbeit góð, og fremur hagasamt; vedra samt er hér mjög; torfrista gód, – Jördin á fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt, **sem matsmenn** meta 20<sup>r(íkis)d(ala)</sup> virði, en jördina alla, að því medtöldu, til 600<sup>r(íkis)b(anka)d(ala)</sup>.<sup>325</sup>

---

<sup>324</sup> Skjal nr. 2(217).

<sup>325</sup> Skjal nr. 2(24).

---

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 segir að Stóra-Vatnshorn sé 44 hundraða jörð. Þá segir:

[H]agbeit ær vetur og sumar; heima land lítid, en fjall lendi nokkurt; Jörðinni tilheyrir fjórði partur af svonefndri Skarðs afrétt í hrepp þessum, er metst með jörðunni og matsmenn álíta þess af 20rbd virði. Med hvorju med töldu jörðin metst öll til 500 Rbánkadala.<sup>326</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu 1849–1850 segir um Skarð:

Skarð, 20h(undruð) med 3 kúgildum og 4 [vætta landskuld], og landrými töluverdt vedra og snjóasamt, torfrista slæm. Svonefnd Skarðs afrétt tilheyrir jörðunni hálf.

Metið til 350<sup>(íkis)b(anka)d(ala)</sup>.<sup>327</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 var upplesið bréf frá eigendum Skarðsafréttar þar sem þeir leyfa ábúanda Lækjarskógs upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbók segir svo frá:

4. Voru lesin acc[epi] leyfisbréf frá eigendum Skarðs réttar af 22. dec. 1834 [og] 16. Febr. 1852, hvar með þeir leyfa ábúanda Lækjarskógs upprekstur í Skarðs afrétt, í stað nokkurra bænda frá Náhlíð sem hafa gengið undan með upprekstri.<sup>328</sup>

Hinn 22. mars 1854 sendi amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna uppreksturs ábúanda Lækjarskógs á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir:

J brjefi dagsettu 6. Juni f.á. hefur bóndinn Jón Guðmundsson á Lækjarskógi getið þess, að hann hafi leyfi hlutaðeigenda til að reka geldfje sitt á Skarðs afrétt í Haukadal, en að sveitarstjórnir í Laxárdal samt sem áður hafi farið þess á leyt við sig, að hann greiddi dýratoll og gjörði grenjaleytir og fjallskil í Laxárdalshrepp, undan hverju hann tjáist hafa færst, og þessvegna leytar Amtsins atkvæða um það, hvort Lækjarskógs ábúendur skulu hjer eptir skyldi til að gjöra fjallskil og greiða dýratoll í Laxárdalshreppi.

Af þessu tilefni undanfelli eg ekki hjermeð að tilkynna Herra Kammerráðinu til eigin athugasemdar og auglýsingar fyrir ofannefndum Jóni Guðmundssyni, samt fyrir sveitarstjórninni í Laxárdals hrepp: að en þótt að nýnefndur Jón hafi fengið leyfi til að reka geldfje sitt á afrétt í framandi sveit, álitur Amtið hann þó engan slíkan rjett hafa til að skerast úr því sveitarfjelagi, hvartil hann heyrir, að hann þarvið geti fríast við að greiða dýratoll og gjöra grenjaleytir í sveit sinni eptir jafnaðar tiltölu við aðra, eptir sveitarstjórnarinnar ráðstöfun. En hvort hann af áðurtjeðri orsök getur fríast við að gjöra fjallskil í Laxárdals hreppi, verður að vera undir því komið, hvort sveitarstjórnin og sveitarbændur vilja samþykka það, eður finna það sveitinni bagalaust, því ef svo er, þá hefur Amtið fyrir sitt leyti ekkert á móti að hann fríast frá fjallskilum í Laxárdalshreppi. En

---

<sup>326</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>327</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>328</sup> Skjal nr. 2(175) og 2(191).

---

vilji sveitarmenn ekki leggja samþykki til að hann fríist frá fjallskilum í Laxárdal, finnur Amtið sjer ekki heldur hæfa að veita honum slíka fríun. Að bóndanum á Lækjarskógi kunni að aukast kostnaður, ef hann heldur áfram að reka geldfje á Skarðs afrjett, og sveitarmenn í Laxárdal ekki vilja fría hann þar frá fjallskilum, getur ekki haft þá verkun, að hann eptir lögum og rjetti geti krafist slíkrar fríunar; því slíkur aukinn kostnaður verður næstum ætíð beinlinis afleiðing af því, þegar menn vilja skerast úr þeim fjelags skap, eður því sambandi, hvar til þeir eptir lögum og landsvana eru bundnir.

Skrifstofu Vesturamtsins í Stykkishólmi, 22. Marz 1854.

P Melsted<sup>329</sup>

Hinn 7. mars 1863 sendi hreppstjóri Haukadalshrepps bréf til sýslumanns þar sem hann gerði sýslumanni grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi sem haldinn var 21. febrúar sama ár. Í bréfinu segir:

J Brefi dagsettu 12. Desembr. fyrra ár hafið þér herra sýslumaður óskað eptir að eg hjeldi fund í Haukadalshreppi til að ræða um gjeldfjárupprekstur fjallskil, rettarhald, grenjaleitir og til að kjósa 2 menn úr Hreppnum til að fara á þann síslufund er þiér segist alta að halda um nærst komandi sumarmál.

Þessi sveitarfundur var haldinn á Jörva þann 21. Febr. mán. nærst lidinn hvar þar mættu flestallir sveitar bændur hér ásamt með nokrum bændum úr Náhlidinni er áttu upprekstrar tilkall á Skarðsafretti og var á þessum fundi rætt um þessi fyrgreindu atriði og urðu útföllinn þessi,

1. að Skarðsafrettar eigendur kröfdu þess að allir þeir menn sem átt hafa þar upprekstur haldi vid hann frammevis.

2. Fjallatollar skuli greiðast svo leidis að þeir sem reki á afrettina svo framt það gjöri allir þeyr er þar hafa átt upprekstur eptir nú gildandi upprekstur Reglugjörð, greidi 5 fiskar af hvörkjum 30<sup>u</sup> sauðkindum sem reknar yrðu en grenjaleitir og Dyraveiða kostnaður lendi jamt eptir tiltölu á öllum þeim er uppreksturinn eiga á afrettinni.

3. Sumir i Hreppnum voru á því að Vatnsrett væri sameinuð við Skarðsrett enn sumir mæltu á móti því, og var því leitað að kvæda fjölda að því, og urðu 17 á því að Rettirnar væru sameinaðar, enn 5 mæltu á móti.

4. Leitir að Skarðsrett skuli frammfara á mánudaginn i 21. viku sumars og rettar haldid daginn eptir.

5. að skila rettar hald yrði til tekinn dag i Haukadal.

Þettað tilkinnist yður þienustu samlega til ihugunar.

Leikskálum 7. Mars 1863.

Vyrðingarfillst Þ. Bergþórsson<sup>330</sup>

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd bréf til sýslumanns þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir:

---

<sup>329</sup> Skjal nr. 2(192).

<sup>330</sup> Skjal nr. 2(193).

---

Eptir ósk Sýslunemdarmannsins í Haukadalshreppi, hjelt Hreppsnemdinn þar fund með sér að Jörfa (Þingstað) og kallaði þangað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjallönd, til að víta um hvorjir af þeim vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanfögnu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá –

1. Kostnir 4<sup>ir</sup> til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og vard álit þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.

2. Var þá farið að semja við þessa landseigendur hvað háa leigu að þeir settu upp fyrir Landið Og var ákveðið að eptir alt þettað land skildi gjaldast, af nemdri fjártölu 7 vættir og 20 fiskar er þá 20 fiskar af hundrað fjár – Ef ekki irði svo mart geldfje hjá upprekstrar mönnum að sjetja í Landið, skildi gjaldid stíga niðrúr 7 vættum og 20 fiskum enn verda þó jafnann 20 fiskar eptir 100 fjár, kæmi það fyrir að upprekstrar menn ættu fleira fje, enn þessa til teknu upphæð sem þeir þirtu að reka í nemt land, skildi þeim það leifast allt svo leingi að ekki virtist verða skaði af á Landinu, og Leigann þó aldrey stíga upp úr 7 vættum, og 20 fiskum og í þessu Landi skildi hvorki vera hafður búsmali nje Hross, og ekki heldur brúkað til slægna.

3. Firir það sem Réttinn stendur á Skarðs lód, og sjerstakann átroðning á Skard ábúanda, og að hann taki að sjer að láta Leita grenja leitir á Landi þessu, skal hann árlega hafa af óskiptri upphæð fjallatollanna. 1. vætt. og 20 fiska.

Firir það sem Villíngadals ábúandi æltar að lída geldfje þó það kæmi á Villíngadal, skal hann hafa af nemdum fjallatollum 20 fiska árlega – Enn því sem þá er eptir af fjallatollunum skal skipt eptir rettri tiltölu, eptir því sem matid hefur verid í hvört land, fyrir sig af fjénu.

4. Allir Bæir í Haukadalshreppi skulu eíga Lög upprekstur á Skards afrétt að Vatni og Villíngadal undanskíldum (þeir hafa upprekstur hvör hjá sjer) Einig skulu eíga upprekstur á Skards afrétt þeir bæir í Náhlíd sem hér greínir, Ytra Skogskot, ~~Kvennabrekka~~, Svalbarði, Svínhóll og Oddstaðir.

5. Þar sem ekkert varð ákveð með Vatnsland, hvört það mundi verða led til uppreksturs, eða brúkað fyrir selland, var það enn ekki metid.

6. Það var ákveðið að Skarðs rétt Eín skildi verða í Hreppnum enn Vatns rétt aftakast.

7. Leitardagurinn skildi verða Mánudagurinn í 22 víku sumars, og þá leituð í heild sinni öll fjallönd hreppsins, og rekid til Skarðsréttar, og rjettað þar daginn Eptir.

8. Það fje sem ekki þektist eða ekki irdi dregid í Réttinni, skildi vaktast í Hreppnum til þess víka væri til vetrar, það af fje sem Eigendur ekki gæfu sig ad á þeim tíma skildi uppbjódast vid opinbert uppbod.

9. Fjalla tollarnir skulu greiðast Landeigendum firir octóber mánaðarlok ár hvort í gildum landaurum, kindum eða peníngum, eptir þá gildandi verdlagskrá.

---

10. Finnist gren í Afréttarlandinu, skal hvor þess Landeígandi annast um í sínu landi að útvega skittu á það, láta mann vaka á grenínu og annast um að greiða allann kostnad þar af leiðandi.

11. Komi ómerkíngar fyrir í Rettinni sem eingin gæti helgáð sér, skulu þeir uppþjóðast og falla til sveitarinnar.

Þegar Reglugjörðinn fyrir Skarðsrétt, verður af Sýslunemdinni saminn, verða þær reglur eður samníngar að verða sem hér standa í annari, þriðju, fjörðu, sjöttu, og tíundu grein að standa óraskaðar, því það er sameiginlegur samníngur á milli Landeigenda og upprekstrar manna, Enn að öðru leiti búunstum við, að Sýslunemdin, semji, og setji fullkomnar tryggjandi reglur að því leiti sem þjenar til frammkvæmdar, áhrærandi fjallleitir, með meirú.

Haukadalshreppi, þann 3. Desember 1875.

P. Bergþórsson, J. Hallsson

Jeg undirskrifaður er öllu hér að framann, og ofanskrifuðu samþikkur utan því, að Vatnsrétt sje af tekinn, og þeir bæir sem jeg hef ljed upprekstur skuli halda við hann.

Jón B. Jónsson<sup>331</sup>

Landamerkjabréf fyrir Jörfa er dagsett 12. maí 1884 og því var þinglýst 27. maí 1885. Þar er Jörfafrétt sérstaklega lýst og Jörfaspotta í Reykjadal. Þar segir:

Að framanverðu milli Jörfa og Hamra ræður landamerkjum gilið fyrir utan Hamratún eptir sínum gamla farveg frá fjalli beint í Haukdalsá, hvor á ræður til þess Stóragils fellur í hana úr Gljúfrum nokkuð útá við til árinna. Gil þetta fellur næst Saurstöðum og ræður landamerkjum milli Jörfa og Saurstaða frá upptökum sínum í Þverfelli á fjalli uppi, svo eins og vötnum hallar til Hamragilsbotns. Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverður árinna eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni suður til Sátu, þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum að Sljettadalsá, sem ræður til Haukadalsár. Sömuleiðis er Jörfa eign svokallaður Jörfaspotti Grafar megin í Reykjadal í Miðdölum; ummerki hans er að neðan gil, sem aðskilur frá Kolstaðaspotta, að framan næsta gil.

Þeir sem eiga land að Jörfa landi auk þeirra landa, sem eg undirskrifaður á, oska eg að gefi samþykki sitt til framanskrifaðra landamerkja með undirskrift nafna sinna.

Jörfa 12. Maí 1884.

Jón Jónson (eigandi Jörfa)<sup>332</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki af eigendum Saurstaða, „Sauðafellseignarinnar“, Villingadals og Leikskála sem og umsjónarmanni kirkjunnar á Stóra-Vatnshorni og umsjónarmanni Kross.

---

<sup>331</sup> Skjal nr. 2(194).

<sup>332</sup> Skjal nr. 2(13).

---

Hinn 31. október árið 1899, óskuðu þrír bændur í Haukadalshreppi eftir úrskurði amtmannsins í Vesturamti, varðandi upprekstur í hreppnum. Í bréfinu segir:

Það tveir til þrír bændur í Haukadalshrepp í Dalasýslu taka upprekstur á fjenaði í fjallönd sýn og þikjast eiga heimtín[gu] á að flestir sem þurfa reki í fjallönd sín jafnvel þó fleiri bændur í hreppnum geta tekið upprekstur í sín lönd og geri það (því hreppurinn á aungvan afrett) þá vilja þeir fyrst nemdu bændur fá alla upprekstrar tolla af okkur af gamalli venju, þó við fáum upprekstur hjá öðrum á Ári hvorju hjá nágrönnum okkar sem geta ljeð upprekstur. En hinn uppreksturinn getum við valla notað sakir vassfalla og vegaleingdar og svo vitum við ekki betur en okkur sje heimilt að kaupa upprekstur hjá öðrum sem geta ljeð okkur hann og erum við óánægðir með að gjalda þeim fjallatoll sem við rekum fjenað okkar aldrei til og er langt í burtu frá okkur þó það sje gömul venja og kanske af yfirgáangi sprottin og eigi að heita hefð.

Nú sökum þess að við viljum ekki leingur gjalda tvönnu upprekstrar tolla og hjer er lítið um að geta feingið hreinan úrskurð á máli þessu, þá erum við neiddir til að skora á yður Herra Amtmaður að yður mætti þóknast að gefa okkur úrskurð á máli þessu fyrst hvort við meigum ekki kaupa okkur upprekstur á fje okkar hvar sem við vilum, (nefnilega hjá nágrönnum okkar) og annað hvort við sjeum skildir til að gjalda hinum líka fjallatoll sem við rekum aldrei fjenað okkar til þó það sje gömul venja.

Þorsteinsstöðum í Haukadalsdal 31. október 1899

Einar Helgason Þorsteinn Þorvarðarson

Einar Jónsson

Til Herr. Amtmansins í Suður Amtinu.<sup>333</sup>

Hinn 4. mars árið 1900 skrifaði Björn Bjarnarson sýslumaður í Dalasýslu bréf til amtmannsins í Vesturamti vegna kæru frá tveimur bændum vegna uppreksturs í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir:

Um leið og jeg leyfi mjer að endursenda hinu háttvirta Vesturamti kæru frá bændunum ~~og~~ á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi og legg með útdrátt úr afrjettarreglugjörð Dalasýslu um þetta atriði, skal jeg eptir að hafa leitað upplýsinga í Haukadalshreppi leyfa mjer að skýra frá þessu:

Fyrir allöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi, en síðan hefur ekki verið metið upp; var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á afrjettarlöndum sem tilheyra Jorfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbóndinn á Vatni ~~hann~~ var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnsland; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrjettarfje hreppsins nema Vatnsfje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir allt afrjettarfje hreppsins. Hreppsnefndin skýrði svo mönnum frá hverjir ættu að reka í hvert af þessum 3 löndum, sem öll eru samhangandi, og um leið hverjum hinna 3 landeiganda, ~~hjt~~ af hverjum þeir

---

<sup>333</sup> Skjal nr. 2(213).



---

ættu að taka fjalla eður upprekstartoll. Nú á síðari árum hefur verið heldur fátt fje á Vatni og hefur því verið talsvert land afgangss því sem ábúandinn hefur þurft handa sínu fje og hefur hann því tekið upprekstarfje af kærundunum, sem eru nágrannar hans og eiga því hægast með að reka í Vatnsland, en í þessu sambandi skal jeg taka fram að það er ósatt í kærinni og kærundur vegna vatnsfalla og vegalenda geta ekki notað upprekstur í hin 3 fyrrnefndu lönd; þeir þurfa ekki að reka nema yfir 1 á, en yfir hana þarf að reka þá rekið er í Vatnsland frá jörðum kæranda, og vegalengdin er um 1  $\frac{3}{4}$  míla.

En það sem hjer aðallega kemur til greina er, að hjer í sýslu eru engir afrjettir sem eru almenningseign, heldur aðeins afrjettir, sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og St. Vatnshornsafrijetur í Haukadal og hins vegar eru víða jarðir hjer.<sup>334</sup>

Hinn 4. mars árið 1900 samdi Björn Bjarnarson sýslumaður Dalasýslu umsögn um upprekstur í Haukadalshreppi. Umsögnina sendi Björn amtmanninum í Vesturamti með framangreindu bréfi dagsettu sama dag. Í umsögninni segir:

Umleið og jeg endursendi hinu háttvirta Vesturamti kærú bændanna á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi um upprekstur skal jeg hjermeð leyfa mjer samkvæmt tilmælum amtsins að skýra frá álitu mínu á máli þessu.

Samkvæmt afrjettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrjettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna.

Afrijettarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjaruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeignum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna.

Í Dalasýslu er engin afrjettarlönd sem eru almenningseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrjettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum.

(Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldfje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjárs síns.

En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstarfje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrjettarlönd eru til í hreppnum.

---

<sup>334</sup> Skjal nr. 2(209).

---

Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrjetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum.

Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrjettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins.

Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstrarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafjett.

Jeg skal enn geta þess, að nokkru eptir að reglugjörðin kom út, bjó sjálfseignarbóndi á Vatni að nafni Jón Bjarni Jónsson, fjárríkur maður; hreppsnefndin fer þá af misskilningi í 8. gr. Afrjettarreglugjörðarinnar (að því er ég álit) að jafna niður í lönd manna gjeldfje hreppsins (eptir 2 punkt greinarinnar) og lýsti þá Jón Bjarni því yfir að hann tæki ekkert gjeldfje í Vatnsland, en nú um nokkur ár hafa bændur á Vatni haft fremur fátt fje, og hafa því viljað taka upprekstrarfé af öðrum og þar sem landið er gott, og Köldukinn aðeins greinir Vatnsland frá Þorsteinsstöðum, en Köldukinnar land liggur að Vatnslandi og aðeins á (Þverá) á milli þá hafa bændurnir á Þorsteinsstöðum og Köldukinn viljað reka þangað; en til skal taka það fram að það er ósatt sem stendur í kærinni að kærundur geti ekki notað upprekstur á afrjettina vegna vatnsfalla og vegalengdar því á leiðinni frá Þorsteinsstöðum í Köldukinn fram á afrjettina þarf ekki að fara yfir aðra á en Þverá, en yfir hana þarf að fara til þess að reka í Vatnsland og öll vegalengdin er ekki meiri en c. 1 ¾ míla.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfa-afjetti sem afrjetti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framur en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrjettir, þá eru allsengir afrjettir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.

Loks er það alveg eðlilegt að reglugjörðin leyfir mönnum aðeins að hafa sitt eigið geldfje í fjallöndum sínum, þegar afrjettir eru til í hreppnum, því að þessi fjallönd liggja optar að búfjárhögum annara manna og mundi verða óþolandi ágangur á búfjárhaga þessa af fjallafjenu.

Jeg vonast eptir að heyra álit amtsins um þetta á sínum tíma.

Skrifstofu Dalasýslu 4. mars 1900

Björn Bjarnason

Til Vesturamts Íslands.<sup>335</sup>

---

<sup>335</sup> Skjal nr. 2(210).

---

Framangreindri umsögn Björns sýslumanns til amtmannsins í Vesturamti frá 4. mars 1900 fylgdi svohljóðandi útdráttur úr reglugjörð fyrir Dalasýslu um fjallskil 24. júlí 1876:

Útdráttur

Reglugjörð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m.fl.

3. kafli. Um geldfjárrekstur á afrjetti og fjallönd á vorum.

8. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrjettarlönd eru, skulu, ef þeir að álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjalland fyrir sig sjálfa, skyldir að reka í miðjan afrjett að vorinu allt geldfje sitt. Nú eru engin slík afrjettarlönd, heldur aðeins heimalönd eða búfjár hagar og skal þá hreppsnefndin annast um, að fjenu sje jafnað í löndin að tiltölu rjettri.

(Seinni hluti greinarinnar er um það, að hreppur geti ekki borið sig sjálfur, og að hreppsnefndir skuli þá útvega upprekstur í öðrum hreppum)

Reglugjörð þessi er, eptir undirbúning hlutaðeiganda hreppsnefnda, rædd og samin af sýslunefnd Dalasýslu á fundi hennar 14. og 15. desembr 1875.

Lárus Þ. Blöndal

Fram-skrifuð reglugjörð er staðfest af amtsráði Vesturamtsins á fundi að Stykkishólmi 22. júní 1876.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 24. júlí 1876

Rjett eptirrit vottar Björn Bjarnason.<sup>336</sup>

Hinn 20. mars árið 1900 sendi amtmaðurinn í Vesturamti svarbréf til sýslumannsins í Dalasýslu, vegna erindis þess síðarnefnda, þar sem segir:

Sýslumaðurinn í Dalasýslu Marz 20 1900

Þorsteini Þorvarðarsyni

Einari Jónassyni og

Einari Helgasyni

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður dagsett 4. þ.m., og þarmeð umsögn yðar um erindi frá bændunum á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi, þar sem þeir bera undir amtið, hvort þeir sjeu skuldbundnir til að kaupa upprekstur á fje sínu hjá tveimur eða þremur bændum ónefndum í tjeðum hreppi, sem þykjast eiga rjett til þess að menn noti upprekstarland, sem þeir eigi, og hvort þeir (spurjendurnir) ekki hafi heimild til að nota upprekstarland, sem þeir geti útvegað sjer fengið hjá öðrum, án þess að borga hinum nokkurn upprekstartoll, vil jeg taka það fram sem mína skoðun, að þeir spyrjendurnir sjeu eigi neyddir til að nota afrjettir tiltekinna manna, ef þeir sjálfir geta útvegað sjer upprekstarland og að þeir eigi sjeu skyldir til að borga upprekstartolla fyrir afrjettir, sem þeir ekki nota, nema hlutaðeigandi afrjettar eigendur geti sannað það með fullgildum skilríkjum, að sú kvöð hvíli á jörðum þeim, sem spursmál

---

<sup>336</sup> Skjal nr. 2(211).

---

er um, að ábúendurnir á þeim sjeu skyldir til að reka á afrjettina, og borga afrjettar toll, hvort sem þeir ~~gjörir það~~ noti hana eða ekki, sbr. hæstarjettardóm 25. marz 1898, snertandi Víðidalstunguheiði í Húnavatnssýslu (Hæstarjettar tíðindi, 1898, bls. 58–60) Úrlausn þessarar spurningar heyrir samt eptir eðli sínu undir úrslit dómstólanna, og verður hún eigi útkljáð með yfirvaldsúrskurði. Jafnframt því þjenustusamlags að tilkynna yður þetta, yður til leiðbeiningar og beitingar fyrir hlutaðeigendum, með því viðbætt, að jeg ekki fæ sjeð, að 8. gr. í fjallskilareglugjörð Dalasýslu, 22. júní 1876, ~~eigi við um þetta geti ett gefið~~ nokkra leiðbeining um þetta spursmál.

Ef eigi á að breyta þessari reglugjörð, sem mig minnir að þjer hafið sagt mjer að ~~ett~~ stæði til, væri rjett að láta prenta hana í Stjórnartíðindunum, B., obr. lög 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslnefnda.<sup>337</sup>

Í fasteignamatínu 1916–1918 segir m.a. um Jörfa:

Jarðnytjar [...] 4. Beitiland gott fyrir stórgripi, létt fyrir sauðfé, fremur þrönglent, næðingasamt, og snjólétt í norðanátt. 5. Upprekstrarland meir en nægilegt.

[...]

Ókostir [...] 4. Ágangur af afréttarfé og nágrannapeningi.<sup>338</sup>

Hinn 25. október 1918 sendi hrepphefnd Haukadalshrepps bréf til hreppsnefndar Miðdalahrepps. Í bréfinu kemur fram að eftirfarandi hafi verið samþykkt á hreppsfundi Haukadalshrepps 19. þess mánaðar:

... að hreppsnefnd Haukadalshrepps færi framá við hreppsnefnd Miðdalahrepps að skaffa menn í fjallleitir hér í Haukadalshrepp á hausti hverju að einhverju leiti fyrir þann ágang sem er af fje Miðdælinga hér á Haukadalsafréttinni.<sup>339</sup>

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 segir svo um Jörfa:

Framan við Grafarlaug heitir Laugarvallahlíð. Niður hana kemur fyrst nafnlaust gil, síðan Kolstaðagil, þá aftur nafnlaust gil og síðan Hellnagil. Svæðin milli giljanna heita Hundadalsspotti, Kolstaðaspotti og Jörfaspotti. Munu þessi nöfn vísa til skógarítaka sem umræddir bæir hafa átt. Í bréfi frá því um 1470 er getið um Jörfaskóg í Reykjadal og sagt að Kvennabrekkukirkja eigi ævinlegan rétt í tróðhrisi í þeim skógi. Hálfkirkjan á Jörfa í Haukadal hefur átt þetta ítak.<sup>340</sup>

Um afrétti Jörfa og Vatnshorns segir svo í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1997:

Sunnan við Þorleifsstaðagil klofnar dalurinn enn um Jörfamúla sem nær 611 m hæð. Heldur vestari álman nafni Haukadals og nær suður á móts við drög Sátudals á Sanddalsafrétti. Jörfamúli heitir svo frá því Jörfakirkja átti hann sem

---

<sup>337</sup> Skjal nr. 2(212).

<sup>338</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>339</sup> Skjal nr. 2(149).

<sup>340</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 175.

---

afréttarland. Hann gengur nokkuð bratt niður í Jörfamúlasport og síðan Jörfamúlatá. Þar eru tóttir, líklega eftir sel, og sumir töldu að þar væru hinir týndu Þorleifsstaðir, enda fylgdi það sögninni að kotið hefði átt að vera í afrétti Jörfa.

[...] Austan við Jörfamúlasporð skerst Slettidalur suðaustur í fjöllin upp undir Tröllakirkju. Hann var því að sunnanverðu hluti af Jörfaeign en að norðan afréttur kirkjunnar á Vatnshorni.<sup>341</sup>

## 5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.6.1.1 Jörfi<sup>342</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Jörfi sögð vera 30 hundraða jörð í eigu Jóns Egilssonar að þriðjungi og séra Hjálmars Þorsteinssonar á Tröllatungu að tveimur þriðjungum. Eiríkur Eiríksson býr á jörðinni. Ekkert kemur fram um réttindi eða afréttarmál jarðarinnar. Getið er um tvær eyðihjáleigur, Valþjófsstaði og Grundarkot, en þeim ekki lýst nánar.<sup>343</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afréttarfé og „nágranna peningi“ talinn á meðal ókosta Jörfa en upprekstrarland sömu jarðar er sagt vera „meir en nægilegt“.<sup>344</sup>

### 5.6.1.2 Stóra-Vatnshornsmúli

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. í umfjöllun um Vatnshorn:

#### Vatnshorn

Þar er kirkja, annexía frá Kvennabrekku.

[...]

Jarðareigandi Jón Hákonarson þar búandi.

[...]

Kirkjan á eina jörð, Skinnþúfu, ut supra. Item á hún aftjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.

[...] <sup>345</sup>

Landamerkjaskrá fyrir „Stóravatnshorni og Skinnþúfu í Haukadal“ er dagsett 15. maí 1886 og því var þinglýst 28. maí 1886. Þar er merkjum Stóra-Vatnshornsmúla sérstaklega lýst. Þar segir:

---

<sup>341</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók* Ferðafélags Íslands (1997), bls. 175.

<sup>342</sup> Af hálfu eins af gagnaðilum íslenska ríkisins hefur verið bent á að réttur ritháttur nafns jarðarinnar sé „Jörvi“. Í úrskurðinum er notast við þann rithátt sem fram kemur í Þjóðskrá.

<sup>343</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>344</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>345</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 57–58.

---

Landamerki milli Stórvatnshornsmúla og Skarðs eru í Svínadalsá frá Haukadalsá eptir Svínadal á fjall upp og á fjalli sem vötnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár, hver á ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár; hún ræður síðan að Svínadalsá.  
Storavatnshorni 15. Maí 1886.<sup>346</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni B. Jónssyni og Jónasi Jónssyni eigendum Stóra-Vatnshorns. Þá er það undirritað um samþykki af P. Ólafssyni umráðamanni Litla-Vatnshorns, Jóni B. Jónssyni eiganda Vatns, Tómasi Árnasyni eiganda Saurstaða, Jóni Árnasyni eiganda Skriðukots og Jóni Jónssyni eiganda Mela.

### 5.6.1.3 Kross

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703* segir m.a. í umfjöllun um Kross:

Kirkjujörð Sauðafellskirkju.  
[...] Jörðin liggur við afrjett, og líður stóran átroðning af afrjettar peningi.

Landamerkjabréf Kross í Haukadalsá er dagsett 6. maí 1885 og því var þinglýst 27. sama mánaðar. Þar segir:

Að norðanverðu ræður Haukadalsá neðan frá Merkjalág og fram til Þorleifs(staða)gils. Að austan ræður Þorleifsstaðagil, sem fellur af fjalli ofan í Haukadalsá lítið neðar en móts við Sljéttárdalsmynni. Að sunnanverðu háfjallið eins og vötnum hallar milli Haukadals og Villingadals. Að vestanverðu Merkjalág af fjalli ofan niður í Haukadalsá talsvert neðar en móti Fanngili að norðan.

Hvammi í Norðurárdal 6. maí 1885.

J. Ó. Magnússon

Umráðamaður kirkjujarðarinnar Kross.<sup>347</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki Þorleifi Andréssyni vegna Villingadals, Jóni Arnasyni vegna Jörfaafrettar, Jóni Jónssyni vegna Skarðs og Kristjáni Tómassyni og Ólafi Ólafssyni vegna Giljalands.

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afréttarfé og „af næstu bæjum“ talinn á meðal ókosta Kross.<sup>348</sup>

### 5.6.1.4 Villingadalur

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Villingadalur sagður vera 24 hundraða jörð í eigu Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni. Jón Kolbeinsson býr á jörðinni. Um landamerki eða afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar. Getið er um eyðihjáleiguna Kirkjufell sem gefur af sér nokkuð af heyi árlega.<sup>349</sup>

---

<sup>346</sup> Skjal nr. 2(12).

<sup>347</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>348</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>349</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Landamerkjabréf fyrir Villingadal var gert 10. maí 1884 og því þinglýst 27. maí 1885. Þar segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

Milli Villingadals og Kross ræður landamerkjum svokölluð Landamerkjálág gagnvart Fanngili, frá Haukadalsá fyrir austan Kirkjufell, beint uppí múlahöfuðið, svo fram há fjallið, þar sem hallar til beggja dalanna og það suður fyrir Villingadalsdrög, þar til vötnum fyrst hallar til Bekradals, síðan vestur eptir eins og vötnum hallar vestur á Gamalhnúk; þaðan ræður svo sem vötnum hallar að Skálardal allt á fremri Bungu, svo norður eptir þeirri bungu eins og vötnum hallar að læk þeim, sem rennur í Nóngil til Villingadalsár ...<sup>350</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afréttarfé talinn á meðal helstu ókosta Villingadals.<sup>351</sup>

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 er Villingadal lýst með eftirfarandi hætti:

Austan við Mjóadalshyrnu opnast Villingadalur og eftir honum fer Villingadalsá. Hann breikkar talsvert þegar kemur upp úr mynninu og þótti ágætt sauðland. Hann nær rúma átta km suður í fjöllin til móts við Bekradal upp úr Sanddal í Mýrasýslu og upp undir Gamalhnúka. Bærinn í Villingadal var uppi á hjalla fyrir framan gljúfur með nokkrum fossum í mynni hans og sóð því úr vegi eins og bæjavísan segir. Þar eru miklar rústir og þótti gott undir bú enda dalurinn grösugur. Í Lambhaga við samnefndan foss fyrir neðan túnið var lamba gætt í þrjá daga eftir fráfarur áður en þau voru rekin á fjall og þurfti ekki nema einn mann til aðhalds. Bærinn hefur verið í eyði síðan 1939. [...] Austan Villingadals er Krossbrún með háum turni fremst sem rís um 100 m yfir jafnsléttu og heitir Kirkjufell. Undir Kirkjufelli hefur verið samnefnt kot. Þar er nú fjárrétt Haukdælinga.<sup>352</sup>

## 5.7 Geldingadalur

Í máldaga Kvennabrekku frá 1355 segir m.a.:

Mariukirkia at kuennabrecku a heimalannd allt oc krijnglu oc þyckua skog þann henni er næstur.<sup>353</sup>

Í máldaga kirkjunnar að Kvennabrekku frá 1375 segir m.a.:

KuennaBrecka.

þessi er maldagi jonz kirkiu postuia ad kuennabrecku ad hun a allt heima land. krijnglu oc litla skog. skogar spottur j norðrar dal. [...]

þessir bæir liggia vndir kirkiuna at tollum [oc] tijunndum. harrastadir tuennir. þorsteinnsstadir. kolldukinn. midskogur. Litle skogur. krijngla. sualbardi.

---

<sup>350</sup> Skjal nr. 2(17).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>352</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók* Ferðafélags Íslands (1997), bls. 192, 194.

<sup>353</sup> Skjal nr. 4(65).

---

suijnahuoll. þvfa. odzstadir. kolstadir. af þessum ollum bæium skal lvkast osttollur thil kuennabrecku. vtann af harrastodum eýstrum. kirkian a selfor j gellidjngadal oc hann allann.<sup>354</sup>

Í máldaga Kvennabrekkukirkju frá 1397 segir m.a.:

Mariukirkia ad Kvennabrecku oc hins heilaga Jons postula a heimaland allt. Krijnglu oc Eystraskog. Skogarspottur j Nordurardal. [...] Þesser bær liggia vnder kirkiuna ad tollumm oc tijundumm. Harrastader tvenner. Þosteinsstader. Kolldukinu. Midskogur. Litlaskogur. Krijngla. Svalbardi. Svijnaholl. Þvfa. Oddstader. Kolstader.

Af þessum bæium ollum skal lukast osttollur til Kvennabrecku utann af eystrumm Harrastodumm. Kirkiann a selfor i Gielldingadal oc hann allann.<sup>355</sup>

Í máldaga Kvennabrekkukirkju frá því um 1470 segir m.a.:

Mariukirkia ad kuennabrecku oc hins heilaga jonn's postula a heimalannd allt. krijnglu oc eystra skog. skogarspott j nordurardal.<sup>356</sup>

Í máldaga Kvennabrekkukirkju frá árabílinu 1491–1518 segir m.a.:

Mariu kirkia a kuennabrecku oc hins blessada johannis postula. hun a heimalannd allt. krijnglu oc kirkiuskog oc kolstadi.<sup>357</sup>

Í máldaga Kvennabrekkukirkju frá því um 1570 (Gíslamáldaga) segir m.a.:

Kirkian á Kuennabrecku á heimaland alltt. Krijnglu og eystra Skog. Skogarspottur i Nordurárdal. Jtem Kolstade. thad er bygd jörd. leigd fyrer c[1 hundrað].

Kirkian á selfør i Gielldingadal og hann allann.<sup>358</sup>

Í vísitasíu Kvennabrekkukirkju frá 19. september 1639 segir m.a.:

Kvennabrecka

Anno 1639 19. Septembris a Kuennabrecku I Naahljyd

[...]

Hun a vtan sig hejmaland allt frá [...] Hun a Kolstade xvj hndr. liggjande vestanframm vid Gjellidj[n]gadal huornn kirkjann ä allann og halldenn heffur vered [0000] ejgn aff forverara Sr Jons Ormssonar Saluga Sr Olaffe bra[nds]syne allt hejm i Ærgröff ad Sunnann framm, huor ed stendst a hartnær vid diupaskurd ad vestantil. Skögarspottur I Nordurardal halldenn kolagiörd i Sanddal. xj Malnytu kugillde.<sup>359</sup>

---

<sup>354</sup> Skjal nr. 4(66).

<sup>355</sup> Skjöl nr. 4(67), 2(137) a–b og 2(139) a–b.

<sup>356</sup> Skjal nr. 4(80).

<sup>357</sup> Skjal nr. 4(68).

<sup>358</sup> Skjöl nr. 4(69), 2(137) og 2(139).

<sup>359</sup> Skjal nr. 2(26) og 2(144).



---

Í vísitasíu Kvennabrekkukirkju frá 5. ágúst 1643 segir m.a.:

5. Augusti [1643]

Kvennabrekkur

Mariæ og Johannis Apostoli kirkia ad Kuennabrecku ä fyrer vtan þad er Skriffad Var J fyrstu visitatiu, Krijnglu og Eystra Skög.

[...]

För þetta framm ad Kuennabrecku Anno 1643 sama dag er fyrr seiger ...<sup>360</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 19. september 1675 segir m.a.:

Kvennabrecha

Anno 1675 þann 19 Septembris ad Kuennabrecku i Nählijd

[...]

Beatæ Mariæ og S Johannis Apostoli kyrkia ad Kuennabrecku a Heimaland allt [...] Hün a og Kolstade xvj hndr. liggjande Vestan framm Vid Gelldingadal, huorn kyrkian a allann, allt heim i ærgröff ad Sunnanframm, huor ed stendst ä hartnær vid diúpaskurd ad Vestan. Item a kyrkian Krijnglu og Eystraskög, huórtueggia bigt aff heimalandi. Skogarspotta i Nordurárdal halldin kolagiord i Sanddal.<sup>361</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvennabekku frá 4. ágúst 1699 segir m.a.:

[Anno] 1699 d. 4. Augusti, visiterud kyr[kja] Beatæ Mariæ og S. Johannis apost. ad kven[na]brecku j náhlyd, hun á effter máldógum heimaland allt [...]. Hun á og kolstade xvi hndr. liggjande vestann framm vid gielldingadal, hvörn kyrkiann á allann allt inn úr gróf ad sunnann framm, hvör ed stenst á hart nær vid diúpaskurd ad vestann. Jt(em) á kyrkiann krynglu og Eystra Skóg [...].

[Vis]itatia kvennabrecku kyrkiu 1699 etc. Jons Thorkelssonar Widalin.<sup>362</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. um Kvennabrekku:

Kirkjustaður og beneficium.

Ábúandinn Sr. Þorleifur Jónsson.

[...]

Leigukúgildi engin nema þaug xiiii sem kirkjan á; eru þar af vi á kirkjujörðunni Kolstöðum, en viii með tveimur hjáleigum, sem þar eru í heimalandi.

[...] Kirkjan á selstöðu á Geldingadal; eru þar hagar góðir en nokkuð þrönglendir.

[...] Selför er mjög erfið og langt til að sækja.

[...]

---

<sup>360</sup> Skjal nr. 2(27).

<sup>361</sup> Skjal nr. 2(28).

<sup>362</sup> Skjöl nr. 2(143) og 2(29).

---

Þar er í heimalandi hjáleiga, kölluð **Kirkiuskógur**. Ábúandinn [er] Markús Guðmundsson. [...]. Hagar, selstaða og útigangur sama með heimajörðunni. [...].

Önnur hjáleiga er á heimajörðunni, kölluð **Kríngla**. Ábúandinn [er] Markús Guðmundsson [svo]. [...]. Hagar og útigangur sama með heimajörðunni.<sup>363</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703* segir m.a. eftirfarandi um Kolsstaði:

Kirkjujörð frá Kvennabrekku.

[...] Selstaða í heimalandi góð, jafnlega brúkuð.<sup>364</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703* segir m.a. eftirfarandi um Oddstaði:

Jarðeigandi Böðvar Jónsson að Oddstöðum þar búandi.

[...] Selstöðu kaupir ábúandi á Geldíngadal.

[...]

Í Oddstaða landi hefur fyrrum verið kot millum Oddstaða og Svínahóls, kallað **Búfa**; í manna minnum aldrei bygt og kann ei að byggjast án stærsta skaða jarðarinnar.<sup>365</sup>

Hinn 4. júní 1705 fór fram afhending Kvennabrekku og annarra eigna kirkjunnar. Af því tilefni var eftirfarandi skráð:

Anno 1705 þann fiórda dag Júnj ad kvennabrechu j náhlyd, afhendte ærupridd heidurskvinna Gudrún Jónsdóttir nefnt Beneficium kvennabrechu, med kirkiunne, stadnum og tilheirandi Eigum og Inventario, so sem Efterfilger. [...] J firstu var jferlitenn kyrkiann, hvor ed vidlyka er standande, það á má síá, sem vmgietur j sydustu visitatiu dateradre 1699, og Eignast henne þessar jarðer og jtök j nefndre visitatiu, heimaland allt [...]. Jordenn kolstader xvi, liggjandj firer vestan gielldyngadal, gielldynga dalur allur allt jnn úr gróf ad sunnann framm hvör ed stendstá hart nær vid diúpa skurd ad vestann. Jtem kryngla og Eistre skógur [...].

Afhending stadarins 1705.<sup>366</sup>

Í lögfestu fyrir Kvennabrekku, Kolsstaði og Geldíngadal, dagsettri 9. ágúst 1705 og upplesinni að Kvennabrekku sama dag, segir:

Jeg Gisle Sigurdsson [...] prestur lögfeste hier i dag allan Stad[enn] Kvennabrekku, sömuleidis kyrkiunnar heimalands kot kyrkiuskóg og krynglu, med öllum gögnum og giædum til lands og vatns, tún og eingiar, akra og skóga, vötn og veidestade, ítök og allar landsnitjar, er þv ý lande filgia eiga og filgt hafa ad fornu og nýu, til ystu ummerkia þeirra er adrir eiga hier á móte, nefnelega tiltakandi, allt heimaland á Landamerkiælæk millum Svalbarda og

---

<sup>363</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 40–41.

<sup>364</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 37–38.

<sup>365</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 38.

<sup>366</sup> Skjal nr. 2(142).

---

Stadarens, beint ofan i aa ad nordan, og vestur i þau takmörk sem eru i millum kyrkiuskógs og Midskógs, ofan i aa, og uppi háls, efter því sem vötnum til hallar. under sömu grein lögfesti eg eirnen kyrkiujördena Kolstade med öllum gögnum og giædum til lands og vatns, sem þeirri jördu filgia á med riettu og ad fornu og nýu filgt hefur, til ytstu ummerkia þeirra er adrir eiga land á móte. Hier med lögfeste eg kyrkiunnar land, allan gielldingadal, allt inn úr gróf, ad sunnan framm hvar ed stendst á hart nær vid Diúpaskurd ad vestan, Item Skógar spotta i Nordurárdal og það kyrkian á i Sanddal. Fyrrerbyð eg hvorium manni allt ádurgreint land og ítök ad beita edur brúka i að vinna sier ad nitia i nockurn máta, nema mitt sie lof edur leife til. Hier u[n]dir til merkis er mitt underskrifad nafn ad Kvinnabrecku d. 9 aug. Anno 1705.

Gisle Sigurdsson eh.

Þesse lögfesta var upplesinn ad Kvinnabreckukirkju i soknarfólksins áheirn og nærveru. til merkis vor nöfn sama stad aar og [dag] sem firr greinir.

Olafur Gissursson Eh. Ormur Sigurdson

Upplesid f(yrir) riettinum sem halldinn var ad Midsköge lögsettu áreidarþinge föstudaginn þann 18. 9bris [nóvember] 1735. Testerar Ormur Dadason

Lit: M.

Lögfestur 1705 og 1700, 1716 og 1723, 1728 og nú í ár 1748 uppskrifuð og endurnyud so sem síá má af þessu.<sup>367</sup>

Í vísitasíu Kvinnabrekkukirkju frá 14. maí árið 1721 segir m.a.:

Hun ä og Kolstade xvi hndr. Liggjande vestann framm vid Gielldingadal, hvern kirkiann ä allann allt inn ur gróf ad Sunnann fram, hvór ed stendst ä hartnær vid diupa Skurd ad vestann. Item ä kirkiann Krijnglu og Eýstraskög, hvertveggia byggt af heimalande.<sup>368</sup>

Í vísitasíu Kvinnabrekkukirkju frá 18. september 1725 segir m.a.:

Kvinnabrecka

Mariæ kirkia ad Kvinnabrecku ij Nählyd a heimaland allt [...]. Hun a og Kolstade 16 hndr. liggjandi vestann framm vid Gelldyngadal, hvorn kirkiann a allann, allt fram ij ærgróf ad sunnann framm, hvored stendst á hartnær vid diupaskurd ad vestann. Jtem a kirkiann Krynglu, og Eystra skíg, hvortveggia bygt af heimalandi [...].

[...]

Þessu til merkis og meire stadfestu eru underskrifud nöf[n] ad Kvinnabrecku ij nahlyd d. 18 Septembr. A° 1725.<sup>369</sup>

---

<sup>367</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>368</sup> Skjöl nr. 2(70) og 2(141).

<sup>369</sup> Skjöl nr. 2(30) og 2(140).

---

Í vísitasía fyrir kirkjuna að Kvennabrekku frá 1. júní 1726 segir m.a.:

Kyrkiann ad Kvennabrecku i Nählýd [1. júní 1726]

[...] Fýrer fárra hesta gaungu sem Presturenn brukar umm Nockurn tima Sumarsens i Kyrkiunar lande Gielldingadal – 6 al.<sup>370</sup>

Í lögfestu fyrir Kvennabrekku, Kolsstaði og Geldingadal, dagsettri 30. maí 1728 og upplesinni að Kvennabrekku sama dag og ár, segir:

Jeg Gisle Sigurdsson pr. lögfesti hier i dag allann stadenn Kvennabrecku ásamt kyrkiunnar heimalands kot kyrkiuskóg og krynglu, med öllum gögnum og giædum til lands og vatns, tún og eingiar, akra og skóga, votn og veidestade, ítök og allar landsnitjar, er þv́y lande filgia eiga og filgt hafa ad fornu og nýu, til ytstu ummerkia þeirra er adrir eiga hier á móte, nefnelega tiltakande, allt heimaland ad landamerkia læk millum Svalbarda og Stadarens, beint ofann i aa og uppa háls, ad nordann; og vestur i þau takmörk sem eru i millum kyrkiuskógs og midskógs, nefnelega i stein þann er stendur i vellenum millum ádur skrifadra jarda, og i kletts nefed þar upp undann, sydann nidur úr steinenum og i diupu gróf næst þeirre leyrgróf sem er nedann til vid kyrkiu nased og það uppa háls efter þv́y sem vötnum til hallar, so sem kyrkiunnar visitatins hlióda, eirninn hefdad og hallded hefur verid fra gamallre tyd og elldstu manna minni. Undir sömu grein lögfeste eg eirnen kyrkiujördina Kolstade med ollum gögnum og giædum til lands og vatns, sem þeirre jördu filgia a med riettu, og ad fornu og nyu filgt hefur, til ummerkia þeirra er adrir eiga land a móte, nefnelega ad vestann i þann landamerkia skurd sem geingur ofann úr f[ell]jenu millum Kolstada og Oddstada og þar siónhending ofan i Tungu aa, sömuleidis lögfeste eg kyrkiunnar land Gielldingadal allann, allt inn úr gróf ad sunnan framm hvar ed stendst á hart nær vid diúpaskurd ad vestann. Item Skógar s[p]otta i Nordurárdal og það kyrkian á i Sanddal, efter þv́y sem hennar máldagar útvýsa. Fyrerbýð eg hvörium manni allt ádurgreindt land, eigner og ítök stadarins og kyrkiunnar ad Kvennabrecku ad brúka, í ad vinna edur sier ad nitia nema mitt sie lof edur leife til, ad vitne hier allra nærstaddra dánumanna til merkis og stadfestu hier umm er mitt underskrifad nafn med eigenn hende.

Ad Kvennabrecku í middolum d. 30. may Anno 1[72]8.

Gisle Sigurdsson

Framann skrifed lögfesta var upplesenn ad Kvennabreckukyrkiu i sóknarfolksins aheirn og náveru, til merkis vor undirskrifud nöfn, sama stad, ár og dag sem hier fyrer ofan greiner.

[...]

Þetta hins vegar uppleseð f(yrir) riettinum er haldenn var ad Midskoge lögfestuáreidarþinge þann 18. 9bris [nóvember] 1735. Testor Ormur Dadason. Lit. O.

---

<sup>370</sup> Skjal nr. 2(71).

---

Var f[r]am[a]nscr[ifud] logfesta [...] Kolstadaland og giellidingadal kyrkiunar land uppleseñ ad kvennabreckukyrkiu til merkis vor nöfn sama stad, d. 20 augusti 1730.

[...]

Lögfesta Anno 1728 et 1730.<sup>371</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um kvennabrekku:

Kyrkiann byhelldur öllum þeim Eignum og Jtókum sem gamler maldagar utvysa efter því sem Vísitátia Velædla Herra Biskupsens Magisters Arnasonar fraskyrer af Dato 1725.<sup>372</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Kolsstaði:

Kvennabrechukirkiu Eign

Leigdest til forna, og Allt til 1707. med 1 c. landskuld og 6. Kugilldumm

[...]

Koster.

Jordenn ä miked land og goda Hagbeid og þar efter er hun bugöd.

Utegangur gödur og Jafnann Heilnæmt fire Kvikfie.

Okoster.

tun er þar þyft og Seinunned, enn þo grasgiefed

Eingiar Litlar og Valla Adrar enn þær sem slegnar eru ij uthögum Hier og þar.<sup>373</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 11. júní 1732 segir m.a.:

Hun ä og Kolstade xvi hndr. ligiande Vestan fram Vid Giellidjngadal, hvorn kyrkiann ä allann allt Inn ur gröf ad Sunnan fram, hvor Ed stendst ä hartnær vid diupaskard ad vestann.<sup>374</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 11. maí 1735 segir m.a.:

Hun ä og Kolstade xvj hndr. liggiande Vestann framm vid Gelldýngadal, Hvern kirkiann ä allann allt heim i Ærgröf ad Sunnann framm hver ed Stendst ä Hartnær vid Diupaskurd ad Vestann ...<sup>375</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 15. maí 1742 segir m.a.:

---

<sup>371</sup> Skjal nr. 2(132).

<sup>372</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason, bls. 128.

<sup>373</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason, bls. 130–131.

<sup>374</sup> Skjal nr. 2(72).

<sup>375</sup> Skjal nr. 2(73).

---

Hun ä og Kolstade xvj hndr. liggjande vestann framm vid Gielldingadal, hvern kyrkiann ä allann, allt heim i ærgröf ad Sunnann framm, hver ed Stendst ä hartnær vid Diupaskurd ad vestann.<sup>376</sup>

Í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, frá 1744, segir um kirkjuna að Kvinnabrekku:

Kyrkiann ad Kvinnabrekku j Náhlýd stend[ur] á Beneficio.

Beatae Mariæ og St. Johannis Apostoli kyrkia ad Kvinnabrekku á heymaland allt frá [...] hún á Kolstade 16 hndr., hún á allann gellidingadal allt heym i ærgróf, ad sunnann framm, hver ed stendst á hartnær vid diupaskurd vestann fram. Skógarpart átte kyrkiann til kolgiörðar i nordurárdal, hann er nu eyddur, og urgeinginn. Kirkiann á 12 ½ kúgl. tvo hundradz hesta, hundrad i gilldumm sauðumm, hundrad i gilldumm nautumm, 40 al. j Bússgagne og eitt sákier fornt.<sup>377</sup>

Í lögfestu fyrir Kvinnabrekku, Kolsstaði og Geldingadal, dagsettri 21. júní 1748 og upplesinni að Sauðfelli í Miðdölum sama dag, segir:

Jeg Hannes prestur Bjornsson Lögfesti hier i dag mier veitt Beneficium Kvinnabreku i Náhlýd asamt kyrkjunnar heimalands hiáleigumm Kyrkjuskóge og Krynglu med öllum gögnum og giædumm til lands og vatns, tún, eingiar, akra og skóga, vötn og veidestade, ítök og allar landsnyttiar er þvj lande fylgia eiga og fylgt hafa ad fornu og nýu, til ydstu ummerkja þeirra er adrir menn eiga á móte tiltakande allt stadarens heimaland ad landamerkjälæk, millumm Svalbarda og stadarens beint ofann i á ad nordann; og vestur i þau takmörk sem eru i millumm Kyrkjuskógs og Midskógs epter giördumm areidar dóme, samt Kvinnabrekku kyrkju skiölumm og máldögumm; frá nedstu brún frá lág þeirre sem geingur ofann úr klettsnefe mille bæianna og i þann stein sem stendur vestann til vid fiárhús kyrkjuskógs med ödrumm fleire þar fyrer nedann, og so siónehending ofan i midá, i þá diupugróf sem er nærst þeirre leirgróf hvör ad er nedann til vid kyrkjunesed ofann i á og uppi háls efter því sem vötnumm tilhallar; Under sömu grein lögfeste eg einninn Kyrkjujördina Kolstade med öllum gögnum og giædumm til lands og vatns, sem þeirre jördu fylgia á med riettu og ad fornu og nýu fylgt hefur til ytstu ummerkja þeirra er adrer eiga land á móte. Endelega lögfeste ég kyrkjunnar land allann gielldingadal, allt inn úr gróf ad sunnann framm, hver ed stendst á hartnær vid diupaskurd ad vestann. Item skógarspotta í Nordurárdal og það kyrkjann á i Sanddal. Sömuleides lögfeste eg jördina Oddstade 24 hndr. ad dyrleika, med öllum gögnum og giædumm til lands og vatns, sem þeirre jördu fylgia á med riettu og ad fornu og nýu fylgt hefur til itstu ummerkja þeirra er adrer menn eiga land á móte. Fyrerbýd eg hvörjumm manne öll ádurgreind lönd, eign og ítök, ad beita edur brúka, i ad vinna, edur sier ad nytia i nockurn máta nema mitt sie lof edur leife

---

<sup>376</sup> Skjal nr. 2(74).

<sup>377</sup> Skjal nr. 2(145).

---

til. Vitna eg þessa mýna lögfestu til göfígs systlumanssens Seign. Sigurðar Wigfússonar og nálægra þyngsóknar manna. Hvörju til merkes er mitt nafn að Saudafells settu manntalsþyng þann 21. Júný Anno 1748. Hannes Björnsson

Framannskrifud lögfesta var af [æru]verdugumm kennemanne Sr. Hannese Björnssyng auglýst og upplesenn á Saudafelle í Middölum lögsettu manntalsþyng þann 2<sup>sta</sup> Júnii Anno 1748.

Testor Sigurður Wigfússon.

Lögfesta Kvonnabrecku Anno 1748.<sup>378</sup>

Í vísitasíu Kvonnabrekkukirkju frá 18. september 1750 segir m.a. að kirkjan eigi Geldingadal og Kolsstaði:

Anno 1750. þann 18. Septembris Visiterud kyrkiann að Kvonnabrecku í Nahlid; Hun a Heimaland allt frá Landamerkiælak millum Svalbarda og Stadarens að nordann, og vestur í þau takmórk, sem eru í millum kyrkiu Skogs og Midskögs, ofann í ä, og uppä Hals, epter því sem vótum tilhallar; Hun ä Kolstade 16 hndr. liggjande vestann fram við geldingadal, hvorn kyrkiann ä allann, allt heim í Ærgröf að Sunnann fram, hvor ed stendst ä, hartnær við Diupa Skurd að vestann; Item ä kyrkiann Kringlu og Eystra Skög, hvorttveggja bygt af Heimalande, SkogarSpott í Nordurärdal, halldenn kolagiörd í Sanddal. En Kolstada landamerke eru þesse, epter lögfestum og hefðarhallde; að vestann í þann landamerkia Skurd, sem geingur ofann ur fellenu mille Kolstada og Oddstada, og þadan Siönhending ofann í Tunguä. Skogarspotturinn í Sanddal, underrettar Stadarhalldarenn Sr Hannes Björnsson, að sie nu urgeingenn, og þar sie eingenn Skögur.<sup>379</sup>

Í vísitasíu Kvonnabrekkukirkju frá 7. júní 1753 segir m.a.:

Hun a og Kolstade 16 hndr. liggjande Vestann fram við Geldingadal, hvorn kyrkiann a allann, allt Heim í Ærgröf að sunnann fram hvor ed stendst har<t>nær ä við Diupaskurd að vestann.<sup>380</sup>

Á manntalsþyngi að Sauðfelli 29. maí 1754 var upplesin lögfesta séra Hannesar Björnssonar fyrir Kvonnabrekku beneficium. Með lögfestunni fyrirbauð séra Hannes brúkun og beit á landi Kvonnabrekku „undir frekustu laga sekt“ og vísar til lögfestu þess efnis, er útgefin var sama dag. Landamerki Kvonnabrekku beneficium voru tiltekin í ofangreindri lögfestunni en lögfestan sjálf var ekki færð til bókar.<sup>381</sup>

Í lögfestu fyrir Kvonnabrekku, Kolsstaði og Geldingadal, dagsettri 29. maí 1754 og upplesin á manntalsþyngi að Sauðfelli í Miðdölum sama dag, segir:

---

<sup>378</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>379</sup> Skjal nr. 2(31).

<sup>380</sup> Skjal nr. 2(75).

<sup>381</sup> Skjal nr. 2 (177).

---

Eg Hannes prestur Biörnsson lögfeste hier i dag mier veitt Beneficium Kvennabrecku í Náhlýd asamt kyrkiunnar heimalands hiáleigum kyrkiuskóge og Krynglu med öllum gögnum og giædum til lands og vatns, tún, eingiar, akra og skóga, vötn og veidestade, ítök og allar landsnitjar er því lande fylgia og filgt hafa ad fornu og niu til ytstu ummerkia þeirra er adrer menn eiga á móte tiltakande allt stadarins heimaland ad landamerkiælæk, millum Svalbarda og stadarens beint ofann i á ad nordann og vestan i þau takmörk sem eru i millum kyrkiuskógs og Midskógs efter giördum áreidardóme, samt Kvennabrecku kyrkiu skiölum og máldögum; Frá nedstu brún frá lág þeirre sem geingur ofann úr Klettsnefe mille bæanna og i þann stein sem stendur vestann til vid fiárhús Kyrkiuskógs, med ödrum fleire þar fyrer nedann, og so síónhending ofann i midá í þá diúpugróf sem er nærst þeirre Leirgróf, hver ad er nedann til vid kyrkiunesed ofann i á og uppi háls efter því sem vötum tilhalla[r].

Undir sömu grein Lögfeste eg eirnenn Kyrkiu [eign]ena Kolstade med öllum gögnum og giædum [til] lands og vatns, sem þeirre jördu filgia [med] Riettu, og ad fornu og nýu filgt hefur til yt[stu] ummerkia þeirra er adrer eiga land á móte. Endelega lögfeste eg kyrkiunnar land, allan gielldingadal, allt innúr gróf ad sunnann framm hver ed stendst á hartnær vid Diupaskurd ad vestann. Item skógarspotta í Nordurárdal, og það kyrkiann á i Sandal. Hier med gief eg nágrönnum mýnum til vitundar ad eg áforma yferstandande sumar ad bruka selstödu því efter laganna ávýsan vil eg þá vidvarad hafa er fiársamgaungur eiga nálægt mier ad þeir giöre slýkt hid sama edur i annann stad so vidvarade ad búsmale þeirra giöre ei skada ökrum mýnum, eingium nie högum vilie þeir annars frýer vera fyrer þeim álögum er lögmaled á hendur seiger þeim er þar á móte giöra. Framann skrifad óska eg göfigur sýslumadurenn Seig. Jón Eggertsson upplese og uppáskribe á nú yferstandande manntalsþinge. Hveriu til merkes er mitt nafn ad Saudafelle d. 29<sup>da</sup> Maji 1754.

Hannes Biörnsson

Upplesinn innfærd og uppáskrifud fyrer manntalsþings rettenum ad Saudafelli d. 29. maji 1754. Test. J.Eggertsson

Kvennabrecku lögfesta Anno 1754, upplesenn á Saudafells þingstad.<sup>382</sup>

Í vísitasíu Kvennabrekkukirkju frá 15. september 1758 segir m.a.:

Kvennabrecka

Dag 15da Septembris [1758] Visiterud kyrkian ad Kvennabrecku I Nahlyd. Hun a Heima Land allt fra Landa Merkia Læk millum Svalbarda og Stadarens ad Nordan, og vestur i þau Takmörk sem eru i millum Kyrkiu Skógs og Mids Skógs ofan i ä, og uppä Häls, effter þvj sem Votnum Hallar. Hun ä Kolstade 16 hndr. liggiande Vestan fram vid Gielldinga Dal. Hvern Kyrkiann ä allann, allt heim i Ærgof ad Sunnann fram hver ed stendst ä hartnær vid diupa Skurd ad vestann Item ä Kyrkiann Kringlu og Eystra Skög, hvortveggia byggt af

---

<sup>382</sup> Skjöl nr. 2(134) og 2(177).



---

Heimalande. Skögar Spott i Nordurárdal, sem er hallden Kolagiörd i SandDal. En Kolstada Landamerkie eru þesse effter Lögfestum og HefdarHalldede, ad vestann I þan Landamerkia Skurd, sem geingur ofan ur Fellenu mille Kolstada og Oddstada, og það<an> Sionhending ofan i Tungnä.<sup>383</sup>

Í lögfestu fyrir Kvinnabrekku, Kolsstaði og Geldingadal, dagsettri 29. maí 1759 og upplestin á manntalsþingi að Sauðfelli í Miðdölum sama dag, segir:

Eg Hannes prestur Björnsson lögfeste hier i dag mier veitt Beneficium Kvinnabrekku i Náhlýd ásamt kyrkjunnar heimalands hiáleigumm Kyrkjuskóge og Krynglu, med öllum gögnumm og giædumm til lands og vatns, tún, eingiar, akra og skóga, vötn og veidestade, itök og allar landsnyttiar, er því lande fylgia eiga og fylgt hafa ad fornu og nýu, til ytstu ummerkja þeirra er adrer menn eiga i móte, tiltakande allt stadarens heimaland ad Landamerkjälæk millum Svalbarda og stadarens beint ofann i á ad nordann, og i þau takmörk sem eru á millumm kyrkjuskógs og Midskógs efter giördumm áreidardóme, samt Kvinnabrekku kyrkju skjölum og máldögum. Frá nedstu brún, frá lág þeirre sem geingur ofan úr klettsnefe millum bæanna, og i þann stein sem stendur vestann til vid fiárhús kyrkjuskógs, med ödrum fleirum þar fyrer nedann, og so sionhending ofann i Midá, i þá diupugróf sem er næst þeirre leirgróf sem er nordann til vid kyrkjunesed, ofann i á og uppi háls, efter sem vötnumm tilhallar. Under sömu grein lögfeste eg einnenn kyrkjujördina Kolstade med öllum gögnumm og giædumm til lands og vatns, sem sömu jördu fylgia á med riettu og [ad] fornu og nýu fylgt hefur, til ytstu ummerkja þeirra er adrer menn eiga land á móte. Nefnilega ad vestann i þann landamerkjaskurd sem gengur nær ofann úr midju fellenu millumm Kolstada og Oddstada, og það sionhending ofann i tung[uá]. Endelega lögfeste eg kyrkjunnar land, allann gielsingadal, allt inn úr gróf ad sunnann framm, hver ed stendst á hartnær vid diupaskurd ad vestann. Item Skógarspotta i Nordurárdal, og það kyrkjann á i Sanddal. Fyrerbýd eg hverjumm manne neitt af hiernef[n]darar kyrkju eignar giædum og eign ad brúka edur brúka láta, til yrkju peninga edur hestabeitar hrysrifs edur brúkunar i nockurn máta, utann þeim eg heimila edur heimilad hefe. Enn þeir sem med óheimilldar brúkun ásælast, hiernefndar Kvinnabreckukyrkju eignar edur hlunnende þá legg eg þar ~~vid ráns og þjófnadar ref~~ og allar þær seckter sem lög framast leifa hvert heldur vidliggur kyrkjunnar edur [000] Riettur. Enn vilie nockur þessa lögfestu áfrýa þá giöre þeir það med lögumm og retti. Stadfeste eg so þessa lögfestu med mynu underskrifudu skyrnarnafne á Saudafells manntalsþynge d. 29. maij Anno 1759.

Hannes Björnsson

Upplesed fyrer rette ad Saudafelle d. 29 maii 1759. M.Ketilsson.

---

<sup>383</sup> Skjal nr. 2(32).

---

Þessa lögfestu upplás presturinn sr. Hannes Biörnsson openberlega að Kvinnabrecku kirkju að endadre h(eilagri) þjónustugjörð þann 3<sup>ia</sup> sunnudag eftir Trinitatis Anno 1768. Til merkis underskrifud nöfn  
Erlundur Þorsteinson    Bárður Eyólfsson

Þessa lögfesta var upplásinn opinberlega af prestinum Sr. Hannese Biörnssyne að Kvinnabreckukirkju að endadre heilagre þjónustugjörð þann 3<sup>ia</sup> sunnudag eftir Trinitatis Anno 1779. Til merkis underskrifud nöfn. Anno die et loco ut supra.

Jón Biörnsson

Jón Gunnarsson Helge Halldórsson Sigurdur Hromundsson

Lögfesta Kvinnabrecca af 1768.<sup>384</sup>

Í vísitasíu Kvinnabrekkukirkju frá 10. september 1782 segir m.a.:

Kvinnabrecca

Anno 1782 dag 10. Sept. visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna að Kvinnabrecku í Nahlid. Hún á Heimaland allt frá Landamerkiálæk, millum Svalbarda og Stadarens að Nordann, og Vestur í þau Takmörk, sem eru millum Kyrkiuskógs, og Midskógs ofann í á, og uppá Háls, eftir því sem Votnum hallar. Hún á Kolstadi xvj hndr. liggjande vestann fram, með Geldingadal, hvörn kyrkiann á allann, allt fram í Ærgróf að sunnann framm, hvör ed stendst á, hartnær við Diúpaskurd að vestann. Item á kyrkiann Kringlu og Eistra skóg, hvorttveggja byggt af Heimalande; Skögarspott í Nordurardal, sem er haldenn kolagiörð í Sanddal. En Kolstada Landamerke eru Þesse. Eftir Lögfestum og Hefdarhallde. Að vestann í þann Landamerkia Skurd sem geingur ofann úr Felle mille Kolstada og Oddsstada, og þaðann Siónehending ofann í Tunguaa.<sup>385</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvinnabrekku frá 11. júní árið 1807 segir m.a.:

Hún á Kollstadi 16 hndr. liggjandi Vestann fram með Geldingadal, hvörn kyrkiann á allann allt heim í Ærgróf að sunnannframm, hvöred stendst á hartnær við diúpaskurd að vestann ...<sup>386</sup>

Í lögfestu Þorleifs Torfasonar fyrir Háafell, þinglesinni 30. mars árið 1814, er minnst á Geldingadal. Í lögfestunni segir:

Lögez(t)a f(yrir) Háafelli, dat: 30 mart 1814 af Þorleifi Torfasýni, þinglesin sama dag: Landamerki: Að norðn fram á Ærgróf, sem skilr á milli Kvinnabrekku kirkjulands, géldingadals og Háafellslands ræðr Túngu á ofan m(e)d Túngufelli sem er Háafellsland, ásamt öllum Alftadal og Háfnum, epru sem vötnum hallr sudr í vegghamr úr Skardinu þeirra að sunnanverdu í Brúðgumastaði þar sjónhending út m(e)d hlíðinni á Sauðafelli í merkjasteinin,

---

<sup>384</sup> Skjal nr. 2(135).

<sup>385</sup> Skjal nr. 2(33).

<sup>386</sup> Skjal nr. 2(76).

---

sem stendr f(yrir) of(a)n Glæpskélðu úr honum sjónhending í rúst þá sem stendr nedan til í móaspordinu þ(að)an í Tunguá.<sup>387</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 2. október 1820 segir m.a.:

[H]un á Kolstade 16 hndr. liggjande vestann fram med Geldingadal, hvern kyrkjann á allann, allt heim í Ærgróf ad sunnann framm, hver ed stendst á hartnær vid djupaskurd ad Vestann.<sup>388</sup>

Í vísitasíu Kvennabrekkukirkju frá 5. ágúst 1827 segir m.a.:

Qvennabrecca í Náhlíd

Anno 1827, þann 5ta Augusti, visiteradi Biskupinn yfir Íslandi Steingrímur Jónsson kyrkiuna ad Qvennabreccu i Náhlíd; Hún á Heimaland alt, fra Landamerkjalæk millum Svalbarda og Stadarins ad Nordan, og vestur i þau Takmörk sem eru millum Kirkiuskógs og Midskógs ofanní á, og uppá Háls, eptir því sem Vötnum hallar; hún á Kolstadi 16 hndr. liggjande vestanfram, med Géldíngadal, hvörn kyrkian á allann alt heim í Ærgróf, ad Sunnan fram, hvöred stendst á hartnær vid Diúpaskurd ad Vestan. Item á kyrkian Kringlu og Eyrstraskóg, hvorttveggia byggt af Heimalandi; Skógarspotta i Nordurárdal, sem er haldinn Kolagiórd i Sanddal; enn Kolstada Landamerki eru þessi, eptir Lögfestum og Hefdarhaldi, ad vestan, i þann Landamerkia-skurd, sem géngur ofanúr Felli, milli Kollstada og Oddstada, og þadan Sjónhending ofaní Túnguá.<sup>389</sup>

Í lögfestu fyrir Kvennabrekku, Kolsstaði og Geldingadal, dagsettri 8. maí 1829 og upplesinni á manntalsþingi að Sauðfelli í Miðdölum sama dag, segir:

Eg Gunnlaugur prestur Gunnlaugsson lögfesti hér í dag Kvennabrekkukyrkju eign.

1. allt heimaland og þar í bygdra hjáleigna Kyrkjuskógs og Kringlu, med öllum þess gögnum og giædum; tún, eingjar, holt og haga, ásamt giörvallar landsnytjar er því fylgt hafa og med réttu fylgja eiga til ytstu ummerkja, ad Landamerkjälæk millum Svalbarda og stadarins beint ofann í á, og í þau takmörk, sem eru í millum Kyrkjuskógs og Midskógs, eptir giördum áreidardómi af 18<sup>da</sup> Novembr. 1735. nefnilega í stein þann er stendur í vellenum millum ádur nefndra Bæa, og i Klettnefid þar uppundann, sídann nidur úr steininum og í Djúpugróf nærst þeirri Leirgróf sem er nordann til vid kyrkjunesid, ofann i á, og uppá háls, eptir því sem vötnum hallar.

2. Lögfesti eg kyrkjujördina Kolsstadi, med öllum gögnum og giædumm, til lands og vatns, sem þeirri jördu fylgja á med réttu og ad fornu og nýju fylgt hefur, til ytstu ummerkja þeirra, er adrir menn eiga land á móti; nefnilega: ad vestann, i þann Landamerkja skurd, sem geingur nær ofann úr midju fellinu milli Kolsstada og Oddsstada, og þadann sjónhending ofann í Túnguá.

---

<sup>387</sup> Skjal nr. 2(103).

<sup>388</sup> Skjal nr. 2(77).

<sup>389</sup> Skjal nr. 2(34).

---

3. Lögfesti eg kyrkjunnar land, allann Geldingadal, allt inn úr Gróf, edur Ærgróf ad sunnann fram, hvör ed stendst á, hartnær vid Djúpaskurð ad nordann verdu og 4<sup>to</sup> Lögfesti eg skógarspotta í Nordurárdal, og það kyrkjann á i Sanddal, eptir því sem hennar máldagar útvísa. Fyrirbíd eg hvörjum manni, undir lagasektir, hér greinda kyrkjunnar eign og itök, yrkja, brúka, edur brúka láta, eda í nockurn máta ásælast utann mitt leifi þar til komi; Enn vilje nockur þessa lögfestu áfría, þá giörist það ad lögum, hvörja eg stadfesti med mínu undirskrifudu nafni.

Kvennabrecku, þann 8<sup>da</sup> Maii 1829.

G.Gunnlaugsson

Upplesid fyrir rétti ad Saudafelli 8. maii 1829 og efaði Oddstada eigari hérgreind landamerki.

Testr. Magnusen.<sup>390</sup>

Hinn 8. maí árið 1829 var þinglesin lögfesta séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar fyrir Kvennabrekkukirkju, Kolsstaði og Geldingadal. Í lögfestunni segir:

Lögfez(t)a f(yrir) Kvennabreckukyrkjueign dat. 8. Maii 1829 af síra G. Gunnlaugssyni þingl. s. d. (og efaði Oddstadaeigari h(e)r greind landamerki). Landam(er)ki: 1. heimaland med k(ir)kjuskógi og Krínglu ad landam(er)kjalæk millu(m) Svalbarda og Stad(ari)ns beint ofan í á og í þau takmörk se(m) eru í millu(m) k(ir)kjuskógs og Midskógs eptr gjörd(u)m áreid(a)rdómi af 18. Novbr. 1735, nl. í stein þann er stendr i vellinu(m) millum ádrnefndra bæa og klettnefid þ(a)r uppundir síd(a)n nidr ur steininum og í Djúpugróf, nærst þ(eir)ri Leirgróf se(m) er nordan t(il) vid K(ir)kjunesid ofan í á og uppá háls eptr því sem vötnu(m) hall(a)r. 2. Kolsstadi, „nl. ad vestanverdu í þann landam(er)kjaskurd se(m) g(en)gr nær ofan úr midju fellinu milli Kolsstada og Oddsstada og þ(að)an siónhendíng ofan i Tunguá.“ 3. Géldíngadal allan allt innúr Gróf edr Ærgróf ad sunnan fram hver ed stendz(t) á hart nær vid Diúpaskurd ad nordan verdu. 4. Skógarspotta i Nordrárdal og þ(ad) k(ir)kjan á í Sanddal, eptr þ(vi) se(m) henn(a)r máldag(a)r útvísa.<sup>391</sup>

Á manntalsþingi að Sauðfelli 5. maí 1836 var lesið upp bréf frá séra Bjarna á Kvennabrekku varðandi hrossabeit á Geldingadal. Var samið svo um að séra Bjarni leyfði þar hrossabeit, með tilteknum skilyrðum og gegn tilteknu gjaldi, en að presturinn og ábúandi Kolsstaða skyldu meta ástand landsins fyrir beit. Eftirfarandi var fært í dóma- og þingbók sýslunnar:

Anno 1836 þann 5. Maji var manntalsþingsrétturinn settur að Sauðafelli [...].

5. Var upplesið [...]

b) Bréf frá sr. Bjarna á Kvennabrekku um Geldingadals hrossabeit og samdist svo að sr. Bjarni lofar að hafa þar hrossabeit f. 6 fiska áfram færða hvoru haft

---

<sup>390</sup> Skjal nr. 2(136).

<sup>391</sup> Skjal nr. 2(103).

---

með sumar göngu í 12–13 vikur eftir að jörð er þurr og gróin en fjöldinn sem leift verður að reka, kemur uppá hvað presturinn og Kolstaða ábúandi álíta fært dalnum án skemmdar.<sup>392</sup>

Í vísitasíu fyrir kirkjuna að Kvinnabrekku frá 28. júní 1836 segir m.a.:

Árid 1836 þann 28da Junii visiteradi Jón prófastur Gislason Qvinnabrecku kyrkju; og vyrdtist hún með öllu tilheirandi í sama góða og þrifalega ásigkomulagi, sem Visitation og uttekt hennar af 18da Junii 1835 sýnir. –

[...] Eptir begjering Sóknarprestisins innfærist hér þetta: „Fyrir Mannfalsþingsréttinum að Saudafelli þann 5ta Maii 1836 var uppleid: rb: bref frá Sra Bjarna á Qvinnabrecku, umm Géldingadals Hrossabeit, og samdist svo: að Sra Bjarni lofar að leifa þar hrossabeit, fyrir 6 Fiska óframmfærda undir hvörn hest umm Sumartíman í 12 til 15 vikur, eptir að Jördin er þíd og gróin, enn Fjöldin, sem leift verður að reka, kemur uppá, hvad Presturinn og Kolstada ábúandi ályta fært Dalnum án skémda.“ Hvad ed vitnar að vera rétt útdregid af Dalasýslu Justits Protocol. Skardi þann 10da Maii 1836. Sk: Magnusson ...<sup>393</sup>

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi:

32. <Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadál. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadál.

Í kafla um Kvinnabrekkuprestakall, í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

1 <Takmörk.> Kvinnabrekkuprestakalls sóknir takmarkast, eður eru aðskildar frá þeim næstliggjandi prestaköllum, þannig: Tunguá, ekki stór á – sem hefir upptök sín í Geldingadalsbotni, hver dalur að liggur til austurs fram í fjöll frá Kolstöðum sem er austastur bær í Kvinnabrekkusókn – skilur Kvinnabrekkusókn á suðursíðuna frá Saudafellssókn og það allt til þess hún rennur saman við Miðá, sem er stærri, og þá skilja þær þannig vestasta bæinn í nefndri sókn [...].

En á norðursíðu sóknarinnar er lágur háls, allur ávalur upp að sunnanverðu. Háls þessi nær frá fjalli því sem kallast Kolstaðafell sem er norður af áður nefndnum bæ Kolstöðum og liggur fell þetta frá suðri til norðurs, ekki hátt fjall. Norðurendi þess er á suðursíðu Jörfa-Þverdals hvors síðar mun getið verða; hálsinn liggur frá austri til vesturs og endast á móts við vestri enda Haukadalsvatns. Þessi háls kallast eftir bæjum, austari helmingur hans Saurstaðaháls. [...]. Sumir kalla líka þennan háls Kvinnabrekkuháls en eldra er hitt nafnið, en vestari helmingur hálsins heitir Skógsháls, nefndur eftir einni elstu og líka stærstu jörð í Kvinnabrekkusókninni, Stóraskógi, sem er að kalla sunnan við vestri enda hálsins.

---

<sup>392</sup> Skjal nr. 2(178).

<sup>393</sup> Skjal nr. 2(78).

[...]

Út úr Haukadalnum framarlega til landsuðurs gengur dalur sem heitir Villingadalur, er það langur mjór dalur. Í hönum er einn bær sem heitir eins og dalurinn. Þessi dalur bugar enn meir til suðurs þá inn í hann kemur, og fremstu drög hans liggja svo að einasta lágur fjallhryggur skilur á milli hans og fremstu enda Geldingadals sem áður er nefndur að vera austur fram af Kolstöðum, austasta bæ kvennabrekkusóknar [...].

[...]

32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

[...]

<31.> *Selstöður* tilheyra í Kvennabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvennabrekku. Sú hinni fyrri jörðinni tilheyrandi selstaða er í þeim áður umgetna Vatns-Þverdal, en Kvennabrekku í áðurnefndum Geldingadal. Þessar selstöður eru sum árin brúkaðar en sum ekki eftir því sem efni og kringumstæður gjöra mögulegt. En í Stóra-Vatnshornssókn á Vatn selstöðu í Vatns-Þverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals ogsvo er áður getið. Hvorug þessara selstaða eru lengi nú að undanförmu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.<sup>394</sup>

Í vísitásiu fyrir kirkjuna að Kvennabrekku frá 23. júní 1842 er ekki getið um Geldingadal.<sup>395</sup>

Á manntalsþingi að Sauðfelli 11. maí 1846 var upplesin lögfesta fyrir Geldingadal (Gjeltangadal), útgefin af séra Benedikt Þórðarsyni á Kvennabrekku 4. maí sama ár. Efni lögfestunnar var ekki fært til bókar.<sup>396</sup>

Á sáttanefndarfundi höldnum að Kvennabrekku 9. október 1846 lét séra Benedikt Þórðarson á Kvennabrekku kalla Benedikt Arason á Háafelli fyrir sáttanefndina fyrir heimildalausá beit og slægjur á Geldingadal. Á fundinum var eftirfarandi fært til bókar:

Ar 1846. Þann 9da October var Forlíkunar Kommission sett að Kvennabrekku af báðum tilskikkuðum Forlíkunar mómnum í Sauðafells sátta umdæmi, og var þá fyrirtekið:

Mál 1/1846. Presturinn Herra Benedict Þórðarson á Kvennabrekku lætur fyrir kalla Bondan Benedict Arason á Háafelli, fyrir forsómun og undandrätt þessa á beitarleigu á Gélðingadal Kvennabrekku kirkjulandi, fyrir fénað hans um næstliðin 2 Ár, og heimildarlausá brúkun til beitar og slægna á þessu sumri í kirkjunnar landi.

<sup>394</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855 (2003), bls. 46–51.

<sup>395</sup> Skjal nr. 2(79).

<sup>396</sup> Skjal nr. 2(179).

---

Partarnir mættu eftir fyrirkalli utgefnu 4da þ.m. og var fyrir Sættanefndinni inngeinginn hvað um ummgétinn tíma beitina snertir og leigu eftir beitalandið á Geldíngadal – svolátandi Samningur:

Að bóndinn Benedict Arason lofar að borga til Prestsins Hra Benedicts Þórðarsonar vætt eða hennar virði í peningum eða landaurum fyrir hvert ár af umliðnum 2 Árum, fyrir beit fénaðs síns í Kvennabrekku kirkjulandi Geldingadal.

En hvað þá í klögum prestsins svo nefndu heimildarlausu brúkun til beitar og slæгна á þessu en yfirstandi Sumri Áhrærir, þá kémur ekki málsþörtunum saman um þau í Máldögum kirkjunnar nefndu merki Ærgróf og Djúpaskurð, sökum þess að þá ágreinir um hvar þau eru. En Bóndin Benendict Arason meinar Háfafellssland léingra liggja fram á dalin en Prestur segist kirkjunnar vegna meiga eftir láta, og þar fyrir áskilur sér að meiga fá tómu til að útvega sér frekari og vissari skilríki ef fást kynni fyrir réttum landamerkjum á milli Háfafells og Kvennabrekku kirkjulands Geldingadals, hvað af viðkomendum er eftir látið, og bíður svo þetta málefni að svo komnu óafgjört í þetta sinn, þángað til að það verður aptur á næstkomandi vortíma tekið fyrir af viðkomandi Forlíkunarnefnd og mæta þá málspartarnir þar til af henni aðvaraðir án reglulegs fyrirkalls á þá tilteknum stað og degi.

Af áðurframfærðu er þá bert að á nokkurn part málsefnis þessa er sætt komin – en á meiri hluta þess ekki, og bíður kostnaður til Forlíkunarmananna óafgjörður til næstu funda í máli þessu. Um laun til Stefnuvottanna koma sér málspartarnir saman.

Hvað snertir þá forlíkunargjörð sem nú er á komin var hún upplesin fyrir málsþörtunum og gyldir án byrtingar actum ut supra.

VE Reykdahl mpp Jon Jonsson

Sem malspartar:

Benedict Þórðarson Benedict Arason (handsaladi).<sup>397</sup>

Máli séra Benedikts á Kvennabrekku gegn Benedikt á Háfelli, vegna óleyfilegrar notkunar þess síðarnefnda á Geldingadal, var framhaldið á sáttanefndarfundi að Kvennabrekku 11. júlí 1847. Eftirfarandi var fært til bókar á fundinum:

Ár 1847 þann 11ta Júnii var settur forlíkunarfundur að Kvennabreccu af þeim rétta Forlíkunarmanns 1ta Limi, hvör í Siúkdóms forföllum hins annars, kaus sér til adstodar Seigneur Einar Einarsson á Harastöðum, og var þá fyrirtekid: að leiða til lykta málefni það er síðast var fyrirtekið og forlíkunar bókin með sér ber mættu þá ákjærandinn Presturinn Síra Benedict og hinns ákjærða vegna n.l. Benedicts Arasonar, Hreppstjóri Seigneur Jón Jónsson á Hlíð í Hörðudal eftir Skriflegri fullmagt [fullmagt, ofan línu] undir dags dato í sjúkdóms

---

<sup>397</sup> Skjal nr. 2(152).

---

forföllum Benedicts, eptir áður ráðfyrirgjörðu en tilsettu mæta málspartarnir án fyrrikalls fríviljugir, Presturinn, Kvennabrekku kirkju vegna eptir embættislegri skyldu sinni uppá stendur að gamlir Máldagar hennar standi óraskaðir hvað eignarrétti hennar á Geldíngadal viðvíkur sem segja hún egi hann allann hvað Vilkins og Gísla biskupa Máldagar berlega sína, en kennileiti þau djúpi skurður og ærgróf sem fyrst gétur um í Visitatiu Brinjólfs biskups eru nú ekki frammar svo menn viti með vissu finnanleg og vyrðist þó að það hljóti að takast til greina hvar Geldinga [Geldinga, ofan línu] dalurinn byriar sem er þar sem axlir – eða hæðstu bríngur fellanna að vestan [vestan, ofan línu] og sunnan mætast nálægt Hrúta gili, Hvar frá presturinn ekki víkur. Ákjærandinn Benedict hefur ekki gætað útvegað sér nokkur skilríki fyrir gömlum og áreiðanlegum landa merkjum milli Háafells og Kvennabrekku kirkjulands – Géldíngadals frá þeim tíma í haust og þar til nú að honum var frestur gefinn, samt vill hann eingann vegin frá falla upp á standi sínu að halda uppa landamerki þau sem hann til tekur og eru Steinn sem stendur í svo kallaðri ærgróf við Tungu á, og þaðan sjónhending í stóran stein sem stendur í Djúpadals sandi. Hverugum máls partanna gétur forlíkunar nefndinn hið minnsta þokað frá greindum meiningum miklu heldur kémur báðum saman um að beiðast hið allra fyrst, viðkomandi sýslumanns áreiðar og álits og úrskurðar að réttum lögum, sökum hvers forlíkunarnefndinn Vísar þessu málefni frá sér til landslaga og réttar.

VE Reykdahl mpp G. Einarsson.<sup>398</sup>

Hinn 11. desember árið 1849 var haldinn sáttanefndarfundur að Háafelli að beiðni nýs prests að Kvennabrekku, séra Guðmundar Einarssonar. Á fundinum var lögð var fram sáttatillaga. Eftirfarandi var fært til bókar á fundinum:

Arid 1849 þann 11ta dag Decembers mánadar, var forlíkunar fundur haldinn á Háafelli af báðum tilskikkudum Forlíkunarmönnum í Sauðafells Sáttu umdæmi, og var þá fyrir tekið:

Mál N<sup>o</sup> 1/1849. Presturinn herra Gudmundur Einarsson Stadarhaldari á Kvennabrekku ákærir bóndann Benedikt Arason á Háafelle, fyrir að hafa viljad tileinka sér eignar og notarétt yfir nockrum hluta Kvennabrekku kirkjulands Géldíngadals, og hætt að greida Stadarhaldaranum að Kvennabrekku beitartoll þann sem bæði siálfur hann að undanfögnu hefir bréflaga skuldbundið sig til að greiða tveim hinum næstu prestum hér á undan og ber en frammar klögunin með sér, að kíærandi ecki hafi annars var ordid, enn að Benedikt mundi vilja tileinka sér og jördinni Háafelli Landid sunnan til á Geldíngadal til þeirra ummerkia, sem lögfestan fyrir Háafelli af 18da Júnii 1821 tilgreinir, og haldi þar búsmala sínum án Stadarhaldarans leifis og vidurgialdslaust.

---

<sup>398</sup> Skjal nr. 2(153).



---

I þessu tilliti óskar velnefndur Prestur af vidkomandi forlíkunarnefnd, með fram tilknúðum að Islands Stiftisyfirvalda brefi af 5ta October seinastlidna að hun láti [hun láti, ofan línu] fyrir kalla tjedann Bónða Benedikt Arason ásamt sín á fund til Sættatilraunar ef ské mætti hér á kæmi midlun, að ómeiddum Rétti Kvinnabrekku kirkiu; klögunin er dagsett 5ta dag þessa mánaðar og á hana teiknud fyrir kalli til Sáttafundar hér í dag; fyrir kallid ásamt klöguninni er löglega byrt vidkomendum af tilsettum stefnuvottum í Saudafells Þingsókn þann 6 Dec: i.á. Klögunin var upplestin fyrir vidkomendum sem á fundinum mættu, og eptir gódmótlega um talað Efni máls þessa, var – uppá Stiftisyfirvaldana væntanlegt Samþykki inngingin gódfúslega sú Sætt:

1) Landamerki milli kirkjulandsins Geldíngadals og bóndaæignarinnar Hafafells, skulu upphéðan af vera æfinlega fyrir alna og óborna þessi: Dæld sú edur smáhjalli sem myndast af kríngum liggjandi klettum nærhæfis nidur undan Tungufells kalli og þadan sjónhendíng bein þvert ofan í Tungná og stendst þetta herumbil á við Flataskurð að vestanverdu.

2) Presturinn að Kvinnabrekku lofar að því leyti er hann fremst getur fyrir sig og eptirmenn sína, að ábúendur Háafells skuli ávallt hafa leyfi til að láta sauðfénað þeirra sjálfra gánga á Geldíngadal að sunnanverðu þannig að þegar stadarhaldarinn að Kvinnabrekku hefur í seli á dalnum meigi þeir ekki láta fénað sinn fara fram fyrir Djúpadalsgil [strikað yfir -sands-, -dals-, ofan línu], meðan selverutíminn yfirstendur, en endrarnær má sauðfénaðurinn frá Hafafelli gánga á dalnum að sunnanverðu í sameiníngu við fénað Stadarhaldarans að Kvinnabrekku og Kolstada ábuenda, eptir því sem á stendur; og er svo langt frá að Hafa fells ábúendur meigi verja dalinn sín megin fyrir fenadi stadarhalldarans eda Kolstadamanna, á nokkrum árs tíma, (nema landið fram að Djúpadalsgili [dals, ofan línu; strikað yfir -sands-] adeins medan haft er í seli) að þeir skulu vera skuldbundnir til að sýna alla þá greiðvikni og lidsinni, sem góðdum nágrönnum ber að sýna þar sem sambeit er, einsog hinir eiga ekki að verða ómannlega við, þó þær misgaungur verdi á fenadinum, er Háafells menn fá ei adgiört.

3) Eingan annan peníng enn sinn eigin sauðfénað má bóndinn að Háafelli hvörki sjálfur láta né leyfa öðrum að láta á Geldíngadal, nema hann fái leyfi hlutadeigandi stadarhaldara til þess í hvört skipti.

4) I beitartoll skal Hafafells ábuandi greida árlega Stadarhaldaranum að Kvinnabrekku 1 – eina – vætt í gildustu landaurum og skal henni lokið fyrir hvörs árs veturnætur. Skal beitartollur þessi vera hinn sami hvört heldur margt fé edur fátt er á Hafafelli. Komi það fyrir, að ábúandi Háafells neyti að greida tédan beitar toll í ákveðinn eindaga, skal hlutadeigandi stadarhaldari hafa rétt til að láta taka beitartollinn lögtaki á hins kostnað og það án undangángandi lögsóknar eda dóms.

Adili máls þessa Gudm. prestur Einarsson óskadi enfremur að sættasamníngur þessi bæri með sér vegna hvörs að í hans 1tu grein væri tilgreindur að

vestanverdu Flataskurdur, en ei Djúpiskurdur samkvæmt Visitatium Kvennabrekku kirkju; og eru astæðurnar til þess þessar: Þegar Málspartarnir nú fyrir fám dögum skodudu Landid á Geldingadal um það svæði sem líkindi eru til að merkin seu eptir Kirkjubokinni milli kirkjulandsins og Hafafells, þókti þeim ríða á miklu að sem skírurst einkenni og sem síst gætu breist ákvæðu merkin, en þar þau feingust ekki eins ljós og æskilegt var að sunnanverdu þar sem þó á öllu reid, þókti naudsynlegt að til væri tekid að vestanverdu skírt merki til að mida við. Til þess Þókkta hinn svo nefndi Djúpiskurdur ekki vel audkennilegur og því slakadi Presturinn svo til að midad væri við Flataskurð. En Flataskurdur er næstur fyrir framan Djupaskurð og örstutt á milli. Flataskurdur heitir nú skurdur sá sem er rétt heiman til við flatir, sem eru nordvestan til á Geldingadal og liggur ofan í Tungu á, en beint upp undan honum er skard í fjallsbrúnina og úr því rennur nú Lækur ofan í nefndan skurd og eptir honum nidur í á.

Laun til stefnuvotta og Forlíkunarmanna koma sér málspartarnir saman um [um, ofan línu] að borga að lögum. Forlíkunargiordin var upplestin fyrir viðkomendum og gyldir án byrtingar. ut supra VE Reykdahl Olafur Pálmason

Sem málspartar undirskrifa

G Einarsson Benedict Arason handsaladi.<sup>399</sup>

Í umfjöllun um Kvennabrekku í jarðamatinu 1849–1850 segir:

Kvennabrekka, beneficium, með hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, sem hvörug hefir sér skilin landamerki: Heimatúnid er stórt, en hardt og snöggt, engjaheyslægur í medallagi; hagbeit á vetrum þolanleg, en létt og lítil heimaundan á sumrum, landrými lítid heima, en hér tilheirir svonefndur Géldingadalur sem hefir land mikid og gott, en ördugt, og hefir það sérskilin landamerki, og virdist því sérilagi, þó verdid leggist með heimajarðarinnar.

Túnid á Kyrkjuskógi er lítid, en sæmilega grasgéfíd; en á Kringlu er lítid tún og hardt og yfir höfud lélegt.

|                                |  |
|--------------------------------|--|
| Heimajörðin Kvennabrekka metst | 375 <sup>r</sup>                           |
| Hjáleigan Kyrkjuskógur –       | 125  |
| – Kringla –                    | 75   |
| og Géldingadalur –             | <u>75</u>                                  |
|                                | til samans 650 <sup>r</sup> <sup>400</sup> |

Þar segir einnig í athugasemdum við jarðamatið:

Kvennabrekka. frá Staðarhaldaranum Presti Séra Guðm(undi) Einarssyni er innkomin nakvæm Lýsing þessarar jarðar, er sýnir, að útigleymst hefir við undirmatið, að géta þess ókosta, sem jörðinni fylgir, nefnil(ega) skaðligur

<sup>399</sup> Skjal nr. 2(154).

<sup>400</sup> Skjal nr. 2(24).

---

átroðningur af Lesta-hesta ágangi, sem skémma bæði slægjur og beit, í hvörju skyni yfirmatsmönnnum kémur saman um : að Kvennabrekka sjálf niðurstjíst um 25r[íkisdali] en kotin haldi sinni virðingu, svo Kvennabr(ekka) sjálf metist 352r[íkisdalir], en með kyrkjuskógi, Krínglu og Géldingadal 625 <sup>rbd</sup>.<sup>401</sup>

Í umfjöllun um Kolsstaði í jarðamatinu 1849–1850 segir:

9. Kolstaðir 16<sup>hundrað</sup> kirkjufjörð frá Kvennabrekku; – Túnid er mikid þýft og ervidt en stórt nokkud; engjar nægilegar og grasgóðar, hagbeit góð, enn vetrarhardt, landrými töluverdt; torfrista brúkanleg. Metst 325<sup>r</sup>.<sup>402</sup>

Þar segir einnig í athugasemdum við jarðamatið:

Kolsstaðir komu líka til umtals, af ofannefnds prests [séra Guðmundar Einarssonar] tilmælum, er hann heldur virta heldur hátt vegna þess að landrými sé lítið, í stað þess, að matsmenn kalla það töluvert; en þareð yfirmatsmenn álíta landrými ekki mjög lítið, af stöðu jarðarinnar til Geldingadals, er heyrir til sama eigara notaliga án бага fyrir Kvennabrekku, landgæði hér fremur góð og túnið stórt, seiga þeir sig einga ástæðu finna til að lækka Kolsstaði niður úr 325 <sup>rbd</sup>.<sup>403</sup>

Í vísitásiu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 27. september 1850 segir m.a.:

Hún á Kolstadi 16 hndr. liggandi vestan fram með Geldingadal, hvern kyrkjann á allann alt heim í Ærgróf ad sunnfram, hver ed stendst á hartnær vid Diupaskurd ad vestan.

[...] Profasturinn mælist til þess vid Prestinn, ad hann riti hér á eptir í kyrkiubókina Sættargiórd milli hans og eiganda Háfafells um landamerki á Geldingadal ásamt samþykki Stiptsyfirvaldanna af 9 Marts 1850.<sup>404</sup>

Í vísitásiu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 22. september 1851 er ekki getið um Geldingadal.<sup>405</sup>

Hinn 9. febrúar 1863 var haldinn sveitarfundur að Sauðafelli í Miðdalahreppi þar sem rætt var um upprekstur, fjallskil o.fl. Í fundargerðinni segir:

Arid 1863 þann 9. Febr. var sveitarfundur í Middalahreppi haldinn að Saudafelli, samkvæmt hlutadeigandi sýslumanns bodi til þess að tala um Geldfjarupprekstur, fjallskil, réttarhöld, grenjaleitir, m.m. samt til að kjósa 2 menn ásamt hreppstjóranum til þess að fara á sýslu fund í vor þar sem um þessi mál verdr frekar rætt. Því nær allir hreppsbúendr sóktu fundinn.

Vidvíkjandi framanskrifudum atridum var það ákvedid með ymist flestum eda öllum atkvæðum:

---

<sup>401</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>402</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>403</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>404</sup> Skjal nr. 2(80).

<sup>405</sup> Skjal nr. 2(81).

---

1. Hvað geldfjárupprekstur snertir, þá urdu menn á því máli að tilhlýðilegast væri að hreppurinn haldi sér saman sem bezt í einni heild, þetta samþykktu allir að þeim undanskildum Þórarni á Oddstöðum og Jónasi á Harastöðum og að nokkru leyti Snóksdals torfu búendum. Eigendur upprekstrarlandanna gáfu löndin fúslega fram til uppreksturs með þeim tolli, að 5 fiskar skyldu vera minnstur fjallatollur enn 20 fiskar mestur og skyldi tollur þessi leggjast á upprekstramenn að réttum jafnadi eptir tölu hins upprekna fenadar. Þá voru kosnir 5 menn til að segja álit sitt um stærð og gæði upprekstrar landanna og voru það þessir: Klemens Jonsson, Guðmundur Dadason, Baldvin Sæmundsson, Palmi Olafsson, Einar Sveinsson, Hjalmtýr Magnusson, Finnur Sveinsson.

2. Hvað réttarhöld snertir, þá var það samþykkt að Fellsendarétt skyldi færast þangað til á Þriðjudaginn í 21 viku sumars; reidn til leitarinnar byrja á Sunnudagskvöldid, öll upprekstrarlöndin hreinsast á Manudaginn og fenaðurinn úr þeim rekast til Fellsendarettar.

3. Hvað grenjaleitir og kostnað snertir, var það samþykkt að þær skyldu vel og reglulega fara fram undir umsjón hreppstjórans, vor hvert á sameiginlegan kostnað allra þeirra sem uppreksturinn nota.

4. Hvað réttina sjálfa snertir, þá var það samþykkt að hún skyldi á komanda vori lagast og á ný uppbyggjast.

5. En framar kom öllum saman um að stofna skuli skilarétt í Middalahreppi, með venjulegum skilmálum og adferd.

6. Til að fara á Syslufundinn af hálfu Middælinga voru kosnir fyrrum hreppstjórar Klemens Jónsson með 22 atkv. og Jón Sæmundsson með 20 atkvæðum.

7. Lox kváðu hinir ádurnefndu 5 menn upp álit sitt um hvað setja mætti í upprekstrarlöndin og urdu allir á því máli að

Geldingadalur bæri (að því leyti sem hann væri upprekstrarland) herum 350 fjár.

Fellsenda land sömuleidis sem upprekstrar land 600 d(itto).

Saudafellsland sömuleidis með Sauddal 1400 d(itto).

Sudurardalur allur m.m. 600 d(itto)

Grafarland, að ƒ búandinn skyldi fjallatolls frí.

Þessi niðurlögn var samþykkt þannig að herum helmingur fenadar ítölu sé í Saudafellsland herum tveir tíundu hlutar sé í Fellsendaland; herum tveir tíundu hlutar sé í Sudurardal og rúmur tíundi hlutinn sé í Geldingadal, skyldi jafnast ítölnni nidur eptir sanngirni vor hvert og gioldin jafnast nidur eptir tiltölu á haustin kvað misjafn verdi irekstur í löndin að vorum.

Þetta var stadfest með upprekstrar eigendanna undirskriptum og allra meðrekenda samþykki að því viðbættu að Hundadals bændur og Bergur á Hamraendum geyma sér frekarí rétt.

G. Einarsson, Jon Sæmundsson, Jón Johannsson, Sigurdr Stefansson, Kl. Jonsson, Hjalmtýr Magnusson, Jacop Jónasson, P. Olafsson, F. Sveinsson, Magn. Bjarnason, B. Sæmundsson, O. Þordarson, J. Sigurdsson, Gisli Jonsson,

---

Einar Sveinsson, H. Sigurdsson, G. Daðason, J. Josuason, B. Teitsson, G. Jónsson, T. Sveinsson, H. Þorgilsson

# # #

Samhljóða uppkasti því sem gjört var og undir skrifað á fundinum og geymist við hreppskjölin

Skördum þann 18. Marts 1863.

J. Jónasson<sup>406</sup>

Í vísitásiu kirkjunnar að Kvennabrekku frá 12. nóvember 1866 segir m.a.:

Árid 1866, þann 12 Nov. mán. var undir yfirumsjón hlutadeigandi héraðsprófasts yferskoðað Kvennabrekku stadarhald ásamt tilheyrandi kirkju og undirliggjandi eignum. Kirkjan á samkvæmt Máldögum og byskupa visitatium heimaland allt með undirliggjandi hjáleigum Kirkjuskógi í byggingu nú sem stendur undir ábyrð hlutadeigandi sveitarstjórnar og Kringlu sem er og hefur verið í eydi; Hun á enfremur Kolstadi 16 hndr. að fornu mati undir forsvaranlegri ábúð; Geldingadal allan innan hinna Nýu ummerkja samkvæmt sættagjörningi frá 11. Dec. 1849 ...<sup>407</sup>

Í vísitásiu Kvennabrekkukirkju frá 20. júlí 1870 segir m.a.:

Ár 1870 20 júlím. visiteraði Biskupinn yfir Islandi Dr. P. Petursson R af Dbr og Dbrm kirkjuna að Kvennabrekku í Náhlýd, hún á heimaland allt frá landamerkjalæk millum Svalbarda og Stadarins að norðan og vestur í þau takmörk sem eru milli Kirkjuskogs og Midskogs ofan í Á og uppá háls, eptir því sem vötnum hallar, hún á Kolstadi liggjandi fram með Geldinga dal, hvern kirkjan á allan all heim í ærgröf að sunnan fram hver ed stendst á hardt nær við djupaskurd að vestan, item á kirkjan Kringlu og eystra skóg hvorttveggja byggd af heimalandi, skogarspotta í Nordurardal, sem er haldin kolagjord í Sauddal. En Kolstada landamerki eru þessi að vestan í þann landamerkjaskurd, sem gengur ofan úr felli milli Kollstada og Oddstada og þaðan sjonhending ofan í Tungu á.<sup>408</sup>

Landamerkjabréf fyrir Kvennabrekku, ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolstöðum og kirkjulandinu Geldingadal, er dagsett 10. maí 1884 og því var þinglýst 29. maí 1885. Í landamerkjabréfinu segir um Geldingadal:

Samkvæmt sætt frá 11. des. 1849 milli staðarhaldarans og sjálfseignarbóndans á Haafelli, samþykktri af stiptsyfirvöldunum eru landamerki milli kirkjulandsins a Geldingadal og bændaeignarinnar Háafells fyrir alda og óborna þessi: Dæld sú eða smáhjalli, sem myndast af kringumliggjandi klettum nærhæfis niður undan Tungufells kolli og það sjónhending beint niður í Tunguá og stenztt þetta hjer um bil á við Flatarskurð að norðan og í skarð í fellsbruninni uppundan Flatarskurði.

---

<sup>406</sup> Skjal nr. 2(196).

<sup>407</sup> Skjal nr. 2(82).

<sup>408</sup> Skjal nr. 2(55).

---

Flatarskurður þessi er Kolsstaða megin fyrir framan Djúpaskarð; til glöggvari serkennis skal setja vörðu á merkjahjallan í Tungufelli Haafells megin og milli Flatarskurðar og Djúpaskurðar Kolstaða/megin; síðan liggja merkin kringum Geldingadal frá Tungufellskolli eptir hæstu fjallseggjum eins og vötnum hallar á báðar hendur milli Geldingadals og Álptadals, svo milli Reykjadals og Katlanna á Geldingdal, svo til austurs bak við Kambinn, síðan til norðausturs milli Villingadals og Norðurfossanna, síðan í Lambahnjúk og svo til vesturs eptir há Selfellinu (?) vestur á móts við Fremragilsbotn, þetta allt eins og vötnum hallar á báðar hendur, síðan ræður Fremra gil milli Kolsstaða og Sellandsins niður í Tunguá, og síðan ræður Tunguá niður á móts við Flatarskurð gagnvart merkjahjallanum í Tungufelli.

Samkvæmt áðurnefndri sættargjörð frá 11. des. 1849 er landspildan á Geldingadal sunnan fram frá merkjahjalla í Tungufelli og fram að Djúpadalsgili ákveðið leiguland frá staðarhaldaranum til ábúanda Háafells fyrir einnar vættar eptirgjald [...]; þar er og ákveðið, ábúandi Háafells megi hafa sambeit við kvennabrekku og Kolsstaða ábúendur fyrir sinn eigin fénað haust og vor.<sup>409</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki, hvað þennan hluta landamerkjabréfsins varðar, vegna Jörfa, Fellsenda, Sauðafells, Kolsstaða, Villingadals, Háafells.

Hinn 1. október 1895 skrifaði Jóhannes L.L. Jóhannsson, prestur að Kvennabrekku, stiftsyfirvöldum bréf vegna sölu á landspildu. Í bréfinu segir:

Suðurdalaping, Kvennabrekku 1. oktbr. 1895.

Hér með leyfi eg mér að mælast til þess, að inum háu stiptsyfirvöldum mætti þóknast, að peninga-upphæð sú (450 kr.) sem Suðurdalaprestakall á í vændum fyrir landspilduna frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili (faist samþykki til sölunnar) verði lögð í söfnunarsjóð Íslands eða einhvern opinberan sjóð, með því skilyrði að prestinum að Kvennabrekku sé heimilt að fá allan höfuðstólinn útborgaðan aptur úr sjóðnum til að kaupa fyrir hann jörð eða jarðarpart og auðsætt er að prestakallinu verður hreinn hagur að slíkum kaupum undir það. Það er einnig ósk mín að féð sé lagt á rentu í sjóði er gefur að minnsta kosti 4 % í vöxtu.

Virðingarfyllst Jóhannes LL Jóhannsson

Til stiptsyfirvalda Íslands.<sup>410</sup>

Hinn 2. október árið 1895, skrifaði Ólafur Ólafsson, prófastur Dalasýslu, stiftsyfirvöldum, og sendi þeim um leið bónarbréf Benedikts Þórðarsonar á Háafelli til konungs, í hverju hann falaðist eftir að fá keyptan landspart af sellandinu Geldingadal. Bréf Ólafs hljóðar svo:

---

<sup>409</sup> Skjal nr. 2(19).

<sup>410</sup> Skjal nr. 2(69).

---

Dalaprófastdæmi, 2. okt. 1895.

Hjer með leyfi jeg mjer að senda hinum háu stiptsyfirvöldum bónarbrjef til konungs frá bóndanum Benedikt Þórðarsyni á Háafelli í Miðdölum, þar sem hann sækir um að fá keyptan undir eignar og ábýlisjörð sína, Háafell, landspart af sellandinu Geldingadal, er liggur undir ljensjörð prestsins í Suðurdalapingum, Kvennabrekku.

Landspartur þessi er að eins lítill hluti af Geldingadal, sem er mjög víðáttumikill og grösugur, og hefur parturinn fyrir nærfelt 50 árum verið leigður til beitar um aldur og æfi ábúendum Háafells, þar eð hann liggur illa til afnota fyrir prestinn á Kvennabrekku, og Geldingadalur hefur yfirfljótanlegt selstöðuland fyrir ábúanda Kvennabrekku, þótt partur þessi gangi undan. – Eins og skjöl þau, er bónarbrjefinu fylgja, bera með sjer, er verð það, er Benedikt býður fyrir partinn talsvert hærra, en mat það, er menn þeir, er jeg útnefndi til að virða partinn, hafa gjört, og þegar það er borið saman við leigu þá, er goldin hefur verið eptir partinn, þá verður sala á honum, með 450 króna verði, beinn hagur fyrir prestakallið.

Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer að leggja það til, að hin háu stiptsyfirvöld mæli með því, að Benedikt bóndi Þórðarson fái part þennan keyptan fyrir 450 krónur, og læt jeg fylgja bónarbrjefi hans öll þau skilríki, sem jeg álit nauðsynlegt til að beina máli þessu áfram.

Jafnframt þessu leyfi jeg mjer að senda hinum háu stiptsyfirvöldum brjef frá prestinum á Kvennabrekku, þar sem hann fer þess á leit, ef samþykki fæst til sölunnar, að upphæð sú, er prestakallið á í vændum fyrir landspart þennan, verði lögð í söfnunarsjóð Íslands með því skilyrði, að prestinum á Kvennabrekku sje heimilt að fá allan höfuðstólinn útborgaðan, til að fá jörð eða jarðarpart keyptan fyrir prestakallið, ef hann býðst með góðu verði, sem væri til hagsmuna fyrir prestakallið. Jeg leyfi mjer einnig að leggja það til, að prestinum verði leyft að verja kaupverði þessa parts í þessu augnamiði, ef til sölunnar kemur, og sönnun fæst fyrir því, að slík kaup yrðu til tekjuauka fyrir brauðið.

Lotningarfyllst Ólafur Ólafsson.

Til hinna háu stiptsyfirvalda.<sup>411</sup>

Með bréfi dagsettu 11. nóvember 1895 svöruðu stiftsyfirvöld erindi prófastsins í Dalasýslu, varðandi sölu á landspildu úr sellandinu í Geldingadal. Svar stiftsyfirvaldanna er svohljóðandi:

Prófasturinn í Dalaprófastsdæmi nóvbr. 11 1895.

S.Þ. H.Sv.

Með því landshöfðinginn yfir Íslandi hefir í brjefi, dagsettu 18. apríl f.á., sem snerti sölu á landi undan Reykholtskirkju í Borgarfjarðar prófastsdæmi, látið í ljós, að beiðnin um leyfi til sölunnar ætti heldur að koma frá hlutaðeigandi

---

<sup>411</sup> Skjal nr. 2(68).

---

sóknarpresti en frá hreppsnefndinni í Lundareykjadalshreppi, sem eigi þyrfti konungsleyfi til kaupanna, heldur að eins leyfi sýslunefndar, – en samkvæmt þeim var umsókninni breytt – undanfella stiptsyfirvöldin eigi þjenustusamlega að endursenda meðfylgjandi með þóknanlegu brjefi yðar, háæruverðugi herra prófastur, dagsettu 2. f.m., meðtekna allraþegnsamlegustu bænarskrá Benedikts bónda Þórðarsonar á Háafelli um kaup á landspildu úr sellandinu Geldingadal, tilheyrandi prestsetrinu Kvennabrekku, með 5 fylgiskjöllum, til þess gjörð verði sú [sú, ofan línu] breyting, á þessu, sem leiðir af því, að umsækjandinn á, eptir fyrgreindu Landsh. bréfi, að vera hlutaðeigandi sóknarprestur, en ekki sá, sem falast eptir kaupum á landinu. Réttast er að álit hlutaðeigandi sóknarnefndar fylgi málinu.

Pófasturinn í Dalasýslu skrifaði stiftsyfirvöldum að nýju bréf hinn 4. febrúar 1896, vegna sölu á landspildu af sellandinu Geldingadal. Í bréfinu segir:

Dala prófastsdæmi, 4. febr. 1896.

Hjerðmeð leyfi jeg mjer að endursenda hinum háu stiptsyfirvöldum skjöl þau, lútandi að sölu á landspildu af sellandinu Geldingadal, er mjer voru send með hæstvirtu brjefi 11. nóv. f.á. ásamt bónarbrjefi frá sóknarprestinum í Suðrdaláþingum, síra Jóhannesi L.L. Jóhannessyni um að mega selja landskika þennan undan ljensjörðinni Kvennabrekku og leyfi jeg mjer að óska þess að máli þessu verði beint áfram með beztu meðmælum hinna há stiptsyfirvalda.

Lotningarfyllst Ólafur Ólafsson

NB. vantar bréf síra Jóhannesar, en ofaukið þjónustu frím. reikningi H.Sv.

Til hinna háu stiptsyfirvalda.<sup>412</sup>

Ath. Jeg veit ekki hvort sóknarnefndin á nokkurn hlut að máli hjer.

Það mun ekki vera, svo að víst má sleppa að nefna sóknarnefndina. H.Sv.<sup>413</sup>

Hinn 11. mars 1896 skrifuðu stiftsyfirvöld prófastinum í Dalasýslu bréf vegna sölu á landspildu Kvennabrekku. Í bréfinu segir:

Stv. Ísl., Rvk. 11. Marz 1896.

Til próf. í Dalaprófastsdæmi.

Samþ. Isl.

Samkv. ósk prestsins í Suðrdaláþingum, séra Jóhannesar L.L. Jóhannssonar í bréfi [í bréfi, ofan línu] til Stv. 1. Okt. 1895, viðvíkjandi ráðstöfun væntanlegu andvirði fyrir landspildu, sem presturinn sækir um að mega selja undan lénsjörðinni Kvennabrekku, hafið þér hr. próf. í þóknanl. erindi 2. Októb. f.á., lagt það til, að söluverðið 450 kr., verði, að sölu leyfinu fengnu, lagt í Söfnunarsjóðinn eða annan sjóð, er gefi 4 % í vexti, til að ávaxtast þar fyrir prestakallið, þó með því skilyrði, að presturinn geti síðar fengið höfuðstólinn útborgaðan, til að kaupa jörð eða jarðarpart handa prestakallinu, ef slíkt byðist með góðu verði.

---

<sup>412</sup> Skjal nr. 2(66).

<sup>413</sup> Skjal nr. 2(67).



---

Með því að ekki er hægt að losa þannig, hvenær sem vera skal, fé, sem lagt er í Söfnunarsjóðinn, og ekki er víst, að hægt verði að koma þessari litlu upphæð á vöxtu gegn fulltryggu veði fyrir 4 % á öðrum stöðum, viljum vér leita áhlits yðar hr. próf. og biðja yður að bera það einnig undir prestinn um það hvort eigi mundi haganlegast að sleppa allri hugsun um jarðakaup fyrir umræddar 450 kr., en leggja þessa upphæð í aðaldeild Söfnunarsjóðsins sem óútborganlegan höfuðstól fyrir prestakallið, með því ákvæði, að 2 kr. af vöxtunum leggist árlega við Höfuðstól, en vextirnir að öðru leyti greiðist árlega prestinum í Suðurdaláþingum.

Á þennan hátt gæti fé þetta smám saman aukist að mun og eptir nokkra mannsaldra orðið verulegur tekjuauki fyrir prestakallið.<sup>414</sup>

Með bréfi dagsettu 11. mars 1896 föluðust stiftsyfirvöld eftir leyfi landshöfðingja til þess að selja landspildu Kvennabrekku á Geldingadal. Í bréfinu segir:

Stv. Ísl.

Rvk. 11. Marz 1896

Samþ. Isl.

Til Landshöfðingja.

Stv. leyfa sér vf. að senda hr. Lh. allraþegnsamlegast bónarbréf frá sóknarprestinum í Suðurdaláþingum í Dalasýslu, séra Jóhnesi L.L. Jóhannssyni, dags. 28. Septbr. 1895, þar sem hann sækir til konungs um leyfi til að mega selja bóndanum Benedikt Þórðarsyni á Háafelli landspildu nokkra af sellandi á Geldingadal, frá Merkjahjalla fram að Djúpadalsgili, – en land þetta er eign lénsjarðarinnar Kvennabrekku, fyrir 450 kr., er verði ávaxtaðar fyrir prestakallið á haganlegan hátt. Með bónarbréfinu eru þessi fylgiskjöl:

- 1) Skipunarbréf prófests dags. 26. Ág. 1895 [dags.-1895, ofan línu] til tveggja manna til að virða umrædda landspildu til peningaverðs.
- 2) Skoðunar- og virðingargjörð nefndra manna á landinu dags. 14. Septbr. 1895.
- 3) Vottorð prófests, að matsmennirnir séu áreiðanlegir, óvilhallir og nákunnugir hinu umrædda sellandi, dags. 29. Septbr. 1895.
- 4) Meðmæli sóknarnefndar í Sauðafellssókn með sölu landsins, dags. 28. Septbr. 1895.
- 5) Vottorð um meðmæli héraðsfundar Dalaprófastsdæmis með sölunni, dags. 4. Febr. 1896.

Sóknarpresturinn tekur í bónarbréfinu fram, að hið umrædda land sé með sáttargjörð 11. Desbr. 1849, staðfestri af Stiptsyfirvöldunum 9. Marz 1850, í raun og veru gengið undan lénsjörðinni til notkunar [til notkunar, ofan línu], með því að það sé leigt Háafellsbónda um aldur og æfi [um-æfi, ofan línu;

---

<sup>414</sup> Skjal nr. 2(65).

---

strikað yfir: til æfinlegrar notkunar] fyrir einnar vættar eptirgjald árlega, en að í þeirri sættargjörð séu ákvæði um sambeit í landinu, sem báðum hlutaðeigendum sé æskilegt að losast við. Tilefni til umræddrar sættargjörðar var landaþræta á milli Kvennabrekku og Háafells, og má sjá af orðum Stifisyfirvaldanna, er þau staðfestu sættina, að þeim hefir þótt þáverandi prestur á Kvennabrekku, Guðmundur próf. Einarsson, ná góðum lyktum á ágreiningsefninu. [Tilefni – ágreiningsefninu, vísað inn af spássíu]

Bæði sóknarnefnd, héraðsfundur og prófastur telja söluna til hagnaðar fyrir prestakallið. Í umsögn sinni um málið tekur prófastur fram, að hin umrædda landspilda sé aðeins lítill hluti af Geldingadal, sem sé mjög víðáttumikill og grösugur og að landspildan liggi illa við til afnota fyrir prestinn að Kvennabrekku, en að Geldingadalur hafi yfirfljótandi selstöðuland fyrir ábúanda Kvennabrekku, þótt þessi partur gangi undan, og mælir hann því mjög með sölnunni, enda er hið framboðna kaupverð 100 kr. meira en landið er metið til peningaverðs, og vextir af þessum höfuðstól verða nokkru hærri en hin núverandi leiga eptir landið.

Með því að Stv. fá ekki betur séð en að sala hinnar optnefndu landspildu sé að öllu vel athuguðu hagvænleg fyrir prestakallið, leyfum vér oss að mæla með því, að leyfi til sölnunnar verði veitt.<sup>415</sup>

Hinn 23. ágúst 1896 skrifaði prófasturinn í Dalasýslu stiftsyrfirvöldum eftirfarandi bréf, um sölu landspildu Kvennabrekku á Geldingadal:

Dalaprófastsdæmi, 23. aug. 1896.

Samkvæmt hæstvirtu brjefi stiptsyrfirvaldanna frá 11. marz þ.á., þar sem þau bera það undir álit mitt, hvort eigi muni vera heppilegt að leggja þær 450 kr., sem Suðurdalapingaprestakall á í vændum fyrir selda landspildu á Geldingadal, í aðaldeild söfnunarsjóðsins sem óútborganlegan höfuðstól fyrir prestakallið með því ákvæði, að 2 kr. af vöxtunum leggist árlega við höfuðstólinn, en að öðru leyti borgist vextirnir árlega til prestsins í Suðurdalapingum, vil jeg leyfa mjer að láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg álit peningum þessum mjög vel fyrir komið á þennan hátt, þar sem þetta getur síðar meir orðið talsverð tekjugrein fyrir prestakallið. Jeg vil sömuleiðis leyfa mjer að geta þess, að jeg hef, eptir fyrimælum stiptsyrfirvaldanna borið þetta undir prestinn í Suðurdalapingum og hefur hann í brjefi 11. júní síðastl. tjáð mjer að hann sje fullkomlega ásáttur með þessa ráðstöfun á peningunum.

Lotningarfyllst Ólafur Ólafsson.

Til stiptsyrfirvaldanna yfir Íslandi.<sup>416</sup>

Með bréfi dagsettu 30. nóvember 1896 upplýsti landshöfðinginn stiftsyrfirvöld um að leyfi hafi fengist fyrir því að selja landspilu úr afréttarlandi Kvennabrekku á Geldingadal. Í bréfinu segir:

---

<sup>415</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>416</sup> Skjal nr. 2(63).

---

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Reykjavík 30. nóvember 1896.

Ráðgjafinn yfir Ísland hefur 17. f.m. skrifað mjer á þessa leið:

„Eptir að ráðuneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 10. júní þ.á. hefur hans hátign konungurinn, samkvæmt þegnsamlegustu tilmælum mínum 30. f.m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að selja megí undan ljensjörðunni Kvennabrekku, bóndanum á Háafelli, Benedikt Þórðarsyni, landspildu þá á afrjettarlandinu Geldingadal, er nær frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili, fyrir 450 Kr., er varðveitist fyrir prestakallið á þann hátt er stiptsyfirvöldin telja tryggilegan, og með því skilyrði að beitarítak það, er hvílir á tjeðri ljensjörð samkvæmt sættagjörningi 13. desbr. 1849, staðfestum af stiptsyfirvöldunum 9. mars 1850 [1850, ofan línu; strikað yfir s.á.], falli algjörlega burt við söluna, og að eptirleiðis verði farið með hina umgetnu landspildu sem aðrar bændaeignir að því er snertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg eigi að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendum.“

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Magnús Stephensen

/Jón Magnússon.

Til Stiptsyfirvaldanna.<sup>417</sup>

Hinn 8. desember 1896 tilkynntu stiftsyfirvöld prófastinum í Dalasýslu, að leyfi hefði fengist til að selja landspildu undan Kvennabrekukirkju. í bréfinu segir:

Stv. Ísl. Rvk. 8. Desbr. 1896

Til próf. í Dalaprófastsdæmi

Eptir að Stv. höfðu sent Lh. til frekari ráðstöfunar bóñarbréf prestsins í Suðurdaláþingum um leyfi til að mega selja undan lénsjörðinni Kvennabrekku landspildu nokkra, en bóñarbréf þetta höfðuð þér, hr-próf. sent oss með erindi dags. 15. febr. þ.á., hefir Lh. 30. f.m. ritað oss á þessa leið:

(Stv. D. I, N° 49 – B. Lh. 92–96)

(„Ráðgjafinn ... alla skatta og skyldur.“)

Um leið og vér hérmeð gefum yður þetta til kynna, hr. próf., til birtingar fyrir hlutaðeigandi presti, viljum vér þjónustusaml. leggja fyrir yður að ráðstafa því sem nauðsynlegt er viðvíkjandi sölunni, veita andvirðinu móttöku og senda það hingað með undirskrifuðum biskupi til ávöxtunar á þann hátt, sem ráð hefir verið fyrir gjört.<sup>418</sup>

Hinn 1. júní árið 1897, seldi og afsalaði séra Jóhannes L.L. Jóhannsson á Kvennabrekku landsspildu á sunnanverðum Geldingadal, að fengnu konungssamþykki. Afsalinu var þinglýst 11. júní 1897 og hljóðar svo:

---

<sup>417</sup> Skjal nr. 2(62).

<sup>418</sup> Skjal nr. 2(61).

---

Eg Johannes L.L. Jóhannsson prestur á Kvennabrekku í Dalasýslu, gjöri kunnugt; að jeg að fengnu konungssamþykki frá 30. sept. f.á. með brjefi þessu sel og afsala sjálfseignarbóndanum Benedikt Þórðarsyni á Háafelli í Miðdalahreppi, landsspildu þá, sunnanvert á Geldingadal og sem tilheyrir hefur ljensjörðinni Kvennabrekku, er nær frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili með öllum þeim gögnum og gæðum, sem land þetta hefur til að bera, fyrir ákveðið kaupverð 450 kr. – fjögur hundruð og fimmtíu krónur og með þeim skildaga sem settur er í konungsleyfinu, að sambeitarítak það, sem Háafell hefur til þessa haft á Geldingadal, falli niður.<sup>419</sup>

Í umfjöllun um Kvennabrekku í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a.:

4. Jörðin á gamalt selland á Geldingadal, sem notast sem upprekstrarland og er auk þess öðrum leigt fyrir 16 kr. árgjald.

[...]

Ókostir eru þessir taldir helstir:

[...]

6. Jörðin Kolstaðir á ítak í afréttarlandið Geldingadal haust og vor til beitar fyrir heimafénað.

[...]

Ennfremur hefur sú breyting orðið á sellandi jarðarinnar Geldingadal, að nú eiga Kolstaðir sambeit fyrir heimafénað sinn haust og vor einungis norðanverðu Tungu ár í dalnum, og ummerki sellandsins Geldungadals [svo], er jörðinni Kvennabrekku tilheyrir, orðin þessi:

„Sunnan árinna ræður Djúpadalsgil milli Háafellslands og sellandsins og svo eru merkin eftir hæstu fjallseggjum eins og vötnum hallar á báðar hendur milli Reykjadals og Geldingadals, en svo til austurs á bak við Kambinn, síðan til norðausturs milli Villingadals og Geldingadals, þá beint í Lambahnúk og svo til vesturs eftir háhrygg Selfjallsins þar til kemur á móts við Fremrigilsbotn og síðan ræður Fremragil á milli Kolstaðalands og sellandsins niður í Tunguá norðanverða og svo ræður Tunguá fram að ósi Djúpadalsgils“.

Því metum vér

1. Jörðina sjálfa á krónur 2600.
2. Hús sem jörðinni fylgja á krónur 1700.
3. Hús ábúanda á krónur 100.
4. Mannvirki og umbætur á krónur 300.

Samtals kr. 4700.<sup>420</sup>

Í umfjöllun um Kolsstaði í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a.:

3. Beitiland dágott fyrir allar skepnur, þröngt heima.
4. Jörðin á ítak, sem er sambeit haust og vor við Kvennabrekku á Geldingadal norðan Tunguár fyrir heimafénað.

---

<sup>419</sup> Skjöl nr. 2(20) og 2(180).

<sup>420</sup> Skjal nr. 2(25).

---

[...]

Ókostir eru þessir taldir helstir:

[...]

4. Ágangur af afréttarfé.

[...]

Landamerkjaskrá jarðarinnar er nr. 113 og þinglesin 29. maí 1885. Á henni er orðin sú breyting, „að nú eiga Kolstaðir sambeit fyrir heimafénað sinn haust og vor einungis norðan verðu Tunguár“ í Geldingadal.<sup>421</sup>

Í umfjöllun um Háafell í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a.:

Landamerkjaskrá jarðarinnar [Háafells] er nr. 117 og þinglesin 29. maí 1885. Auk þess hefir jörðin eignast með afsalsbréfi dags. 1. júní 1897 landspildu þá „á sunnanverðum Geldingadal, sem um ræðir í sættinni 11. des. 1849 og nær frá Merkjahjalla niður undan Túngufellskolli að Djúpadalsgili“, og var hún metin 2 hndr. og „fjell þá að öllu leyti niður sambeitarítak það, er Haafelles [svo] bóndinn hafði áður haft við Kvennabrekku og Kolstaðamenn á framanverðum Geldingadal sunnan árinna“.<sup>422</sup>

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1947 segir eftirfarandi um Geldingadal:

Kvennabrekka er prestsetur Miðdælinga og kirkjustaður. [...] Inn frá hliðinni gengur langur dalur inn í fjöllin. Heitir hann Geldingadalur. Kvennabrekka á þar land og selstöðu.<sup>423</sup>

Um Geldingadal er eftirfarandi ritað í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1997:

Norðan við bæinn á Háafelli gengur Álftadalur þröngt til suðausturs milli Háfs og Tungufells og heita Álftadalseggjar fyrir botni hans. Norðan við Tungufell er Geldingadalur og er mun breiðari. Hann liggur fyrst í austur, beygir til suðurs fram með fellinu og síðan aftur í austur og upp í 500 m hæð. Norðan við neðsta hluta dalsins er Kolstaðafell og heitir eftir Kolstöðum norðan dalsmynnis. Í miðri hliðinni er Heimragil þröngt og djúpt og víðast heldur óárennilegt yfirferðar neðantil. Selgata liggur miðhliðis að Fremragili og á Flötum heiman við það eru mjög greinilegar tóttir af Kolstaðaseli. Brattahlíð heitir þar fyrir ofan og á brúninni ber Hallgerðarhnúk við loft þótt hann sé ekki mikill um sig. [...].

Á miðhluta Geldingadals framan við Fremragil átti kirkjan á Kvennabrekku selstöðu [...]. Þar eru einnig mjög greinilegar selrústir. Bæði Kolstaðasel og Kvennabrekkuusel voru seinast nýtt um 1890 af Sveini Finnssyni sem bjó á Kvennabrekku 1885–1891 og síðar á Kolstöðum 1891–1925.<sup>424</sup>

Matthías Jochumsson (1835–1920) segir svo frá árið 1905:

---

<sup>421</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>422</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>423</sup> Dalasýsla. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1947), bls. 36.

<sup>424</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 181.

---

[V]il eg að endingu minnst þess dags er eg fyrst fékk kvæði Jónasar í hendur. Það eru senn full 55 ár síðan það skeði. Eg var smalapiltur sumarið 1850 í seli frá Kvinnabrekku í Dölum. Selið var fram í fjalldalnum Geldingadal.<sup>425</sup>

## 5.7.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.7.1.1 Kvinnabrekka

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Kvinnabrekka sögð vera 20 hundraða jörð og beneficium (sjálfseignarstofnun). Á jörðinni býr Þórður Jónsson. Um réttindi og afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>426</sup>

Í jarðamatinu 1849–1850 er Geldingadals getið sem landspláss við Kvinnabrekku, og er dalurinn sérstaklega verðlagður, með öðru. Þar segir:

Kvinnabrekka. frá Staðarhaldaranum Presti Séra Guðm(undi) Einarssyni er innkomin nakvæm Lýsing þessarar jarðar, er sýnir, að útigleymst hefir við undirmatið, að géta þess ókosta, sem jörðinni fylgir, nefnil(ega) skaðligur átroðningur af Lesta-hesta ágangi, sem skémma bæði slægjur og beit, í hvörju skyni yfirmatsmönnum kémur saman um : að Kvinnabrekka sjálf niðursetjist um 25r[íkisdali] en kotin haldi sinni virðingu, svo Kvinnabr(ekka) sjálf metist 352r[íkisdalir], en með kyrkjuskógi, Krínglu og Géldingadal 625 rbd.<sup>427</sup>

Þar segir einnig eftirfarandi:

**5. Kvinnabrekka**, beneficium, með hjáleigunum Kirkjuskógi og Krínglu, sem hvörug hefir sér skilin landamerki: Heimatúnid er stórt, en hardt og snöggt, engjaheyslægur í medallagi; hagbeit á vetrum þolanleg, en létt og lítil heimaundan á sumrum, landrými lítid heima, en hér tilheirir svonefndur Géldingadalur sem hefir land mikid og gott, en ördugt, og hefir það sérskilin landamerki, og virdist því sérilagi, þó verdid leggist með heimajarðarinnar.

Túnid á Kyrkjuskógi er lítid, en sæmilega grasgéfíð; en á Krínglu er lítid tún og hardt og yfir höfud lélegt.

|                                |  |
|--------------------------------|--|
| Heimajörðin Kvinnabrekka metst | 375 <sup>r</sup>                           |
| Hjáleigan Kyrkjuskógur –       | 125  |
| – Kríngla –                    | 75   |
| og Géldingadalur –             | <u>75</u>                                  |
|                                | til samans 650 <sup>r</sup> <sup>428</sup> |

---

<sup>425</sup> *Gjallarhorn*, 3. árg., 2. tbl., (20. janúar 1905), bls. 7.

<sup>426</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>427</sup> Kvinnabrekka í Miðdalahreppi. Jarðamat Dalasýslu 1849–1850, án bls.

<sup>428</sup> Skjal nr. 2(221).

---

Landamerkjabréf fyrir Kvinnabrekku, ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolstöðum og kirkjulandinu Geldingadal, er dagsett 10. maí 1884 og því var þinglýst 29. maí 1885. Í landamerkjabréfinu segir m.a.:

Samkvæmt sætt frá 11. des. 1849 milli staðarhaldarans og sjálfseignarbóndans á Haafelli, samþykkt af stiptyfirvöldunum eru landamerki milli kirkjulandsins á Geldingadal og bændaeygnarinnar Háafells fyrir alda og óborna þessi: Dæle sú eða smáhjalli, sem myndast af kringumliggjandi klettum nærhæfis niður undan Tungufells kolli og það sjónhending beint niður í Tunguá og stent þetta hjer um bil á við Flatarskurð að norðan og í skarð í fellslrunni uppundan Flatarskurði. Flatarskurður þessi er Kolsstaða megin fyrir framan Djúpaskarð; til glöggvari serkennis skal setja vörðu á merkjahjallan í Tungufelli Haafells megin og milli Flatarskurðar og Djúpaskurðar Kolstaða/megin; síðan liggja merkin kringum Geldingadal frá Tungufellskolli eptir hæstu fjallseggjum eins og vötnum hallar á báðar hendur milli Geldingadals og Álptadals, svo milli Reykjadals og Katlanna á Geldingdal, svo til austurs bak við Kambinn, síðan til norðausturs milli Villingadals og Norðurfossanna, síðan í Lambahnjúk og svo til vesturs eptir há Selfellinu (?) vestur á móts við Fremragilsbotn, þetta allt eins og vötnum hallar á báðar hendur, síðan ræður Fremra gil milli Kolsstaða og Sellandsins niður í Tunguá, og síðan ræður Tunguá niður á móts við Flatarskurð gagnvart merkjahjallanum í Tungufelli.

Samkvæmt áðurnefndri sættargjörð frá 11. des. 1849 er landspildan á Geldingadal sunnan fram frá merkjahjalla í Tungufelli og fram að Djúpadalsgili ákveðið leiguland frá staðarhaldaranum til ábúanda Háafells fyrir einnar vættar eptirgjald [...]; þar er og ákveðið, ábúandi Háafells megi hafa sambeit við kvinnabrekku og Kolsstaða ábúendur fyrir sinn eigin fénað haust og vor.<sup>429</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki, hvað þennan hluta landamerkjabréfsins varðar, vegna Jörfa, Fellsenda, Sauðafells, Kolsstaða, Villingadals, Háafells.

### 5.7.1.2 Háafell

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Háafell sagt vera 20 hundraða jörð í eigu Jóns Þórðarsonar á Höskuldsstöðum. Herdís Sigurðardóttir og Jón Magnússon búa á jörðinni. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>430</sup>

Þann 30. mars árið 1814 var þinglesin lögfesta Þorleifs Torfasonar fyrir Háafelli. Þingstaðar er ekki getið. Í lögfestunni segir:

---

<sup>429</sup> Skjal nr. 2(19).

<sup>430</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Lögez(t)a f(yrir) Háafelli, dat: 30 mart 1814 af Þorleifi Torfasýni, þinglesin sama dag: Landamerki: Ad norðn fram á Ærgróf, sem skilr á milli Qvennabrekku kyrkjulands, géldíngadals og Háafellslands ræðr Túngu á ofan m(e)d Túngufelli sem er Háafellsland, ásamt öllum Alftadal og Háfnun, eptr sem vötnun hallr sudr í vegghamr úr Skardinu þeirra ad sunnanverdu í Brúðgumastaði þar sjónhendíng út m(e)d hlídinni á Sauðafelli í merkjasteinín, sem stendr f(yrir) of(a)n Glæpskélðu úr honum sjónhendíng í rúst þá sem stendr nedan til í móasporðinu þ(að)an í Tunguá.<sup>431</sup>

Í vísítasíu kirkjunnar að Kvonnabrekku frá 27. september 1850, segir að kirkjan eigi Geldíngadal allan. Eínníg kemur fram að prófastur hafí mælst til þess við prestínn að Kvonnabrekku, að sá síðarnefndi myndi rita sættargjörð milli hans og eínganda Háafells um landamerki á Geldíngadal, í kirkjubók Kvonnabrekku. Eftírfarandi kemur fram í vísítasíunni:

Hún á Kolstadi 16 hndr. líggandi vestan fram med Geldíngadal, hvern kyrkjann á allann alt heim í Ærgróf ad sunnfram, hver ed stendst á hartnær víd Diupaskurd ad vestan.

[...] Profasturínn mælst til þess víd Prestínn, ad hann riti hér á eptr í kyrkiubókina Sættargíord milli hans og eínganda Háafells um landamerki á Geldíngadal ásamt samþykki Stíptsyfírvaldanna af 9 Marts 1850.<sup>432</sup>

Hínn 16. maí áríð 1861, lögfestu þau Guðrún Þorleífsdóttír og Fínnur Sveísson jörð sína Háafell. Landamerkja er getíð. Lögfestan var færð í afsals- og landamerkjabók Dalasýslu og hljóðar svo:

N° 14

Lögfesta

Vér sem ritun nöfn vor undír bréf þetta lögfestum hér í dag eígn vora jörðina Háafell 20 hndr. að dýrleíka líggjandi í Sauðafellspínghá og Dalasýslu. Lögfestum vér töður og engjar, holt og haga, vötn og veíði staði, og allar landsnytjar, þær er því landi eíga að fylgja ínnan ummerkja þeirra móts víð annara lond sem nú skulu greínd: Að norðan ræður Túnguá fram á móts víð Flataskurð á norðan verðum Géldíngadal, þá ræður sjónhendíng beínt úr Túnguá í Dæld eður Smáhjalla nærhæfís í Túngufellskoll, síðan ráða Álptadals-eggjar (og er sá dalur allur Háafellsland) allt sudur í Vegghamra, þá ræður sjónhendíng beín úr Vegghamra-skarði í Brúðgumastaði, þaðan sjónhendíng út með hlíðinni á Sauðafelli í merkjasteínínn sem stendur fyrir ofan Glæsírskelðu, úr honum sjónhendíng í Rúst þá sem stendur neðan til í móasporðínnun og þaðan þverbeínt í Túnguá. Fyrírþjóðum vér hverjum manni undír landnám og lagasektír í greíndu landi að vínna eður það sér að nytja, nema vort lof eða leyfí

---

<sup>431</sup> Skjal nr. 2(103).

<sup>432</sup> Skjal nr. 2(80).



---

tilkomi; en bjóðumst til varna gegn þeim er löglega vilja vefengja eður átelja lögfestu þessa.

Til staðfestu vor undirskrifuð nöfn Háafelli þ. 16. Maímán. 1861.

Guðrún Þorleifsdóttir Finnur Sveinsson

Upplesið fyrir Manntalsþings-rétti að Sauðafelli þann 17. maí 1861.

Þínglestur 36 sk.

Bókun 12 sk. = 48 skild.

B.Thorarensen.<sup>433</sup>

Hinn 27. maí árið 1864, lögfestu þau Guðrún Þorleifsdóttir, Þórður Benediktsson og Finnur Sveinsson jörð sína Háafell. Landamerkja er getið. Lögfestan var færð í afsals- og landamerkjabók Dalasýslu og hljóðar svo:

N<sup>o</sup> 48

Lögfesta

Vjer sem ritum nöfn vor undir brjef þetta Lögfestum hjer í dag eign vora jördina Háafell, nú 19 hndr. ad dýrleika, liggjandi í Saudafells Þínghá og Dalasýslu. Lögfestum vjer tödur og eingjar, holt og haga, vötn og veidistadi og allar landsnytjar þær er því landi eiga ad fylgja innan ummerkja þeirra móts vid annara lönd, sem nú skulu greind.

Ad nordan rædur Túngu á fram á móts vid Flataskurd á nordanverdum Geldíngadal; þá rædur sjónhendíng beint úr Túngu á í dæld eda smáhjalla nærhæfis í Túngufellskoll, sídan ráda Alptadalseggjar (og er sá dalur allur Háafellsland) allt sudur í Háfskoll, þadan sjónhendíng ofan hlídina og eptir háleitinu beint í Kárholltsvördu, þadan sjónhendíng í fremstu pittina hjá fremra Vörduholtsenda, sídan rædur jardfallskeldan allt til Túnguár.

Fyrirbjóðum vjer hvjörum manni undir Landnám og lagasektir í greindu landi ad vinna eda þad sjer ad nytja, nema vort lof, eda leyfi tilkomi, en bjóðumst til varna gegn þeim er löglega vilja vefeingja edur átelja lögfestu þessa.

Til stadfestu vor undirskrifud nöfn Háafelli 27 Mai 1864.

Guðrún Þorleifsdóttir Þórður Benediktsson Finnur Sveinsson

---

<sup>433</sup> Skjal nr. 2(219).

---

Upplesið fyrir manntalsþingsrjetti að Saudafelli þann 27 Maí 1864 og innfært í Dalasýslu Afsals- og vedbrjefabók blads. 89–91. M.Gíslason.

Borgun

Upplestur 36 sk.

Bókun 12 sk.

48 sk.

fiörutíu og átta skild. M.G.<sup>434</sup>

Landamerkjabréf fyrir Háafell í Miðdölum er dagsett 23. maí 1885 og því var þinglýst 29. sama mánaðar. Þar segir meðal annars:

Að norðanverðu ræður Tunguá fram á móts við Flataskurð á norðanverðum Geldingadal; þá ræður sjónhending beint úr Tunguá í dæld eða smáhjalla nærhæfis Tungufellskolli; síðan ráða Álptadals eggjar allt suður í Háfskoll ...<sup>435</sup>

Landamerkjabréf Háafells er dagsett 15. maí 1884 og því var þinglýst 29. maí 1885. Þar segir:

No 117.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Háafelli í Miðdölum

Að norðanverður ræður Tunguá fram á móts við Flataskurð á norðanverðum Geldingadal; þá ræður sjónhending beint úr Tunguá í dæld eða smáhjalla nærhæfis Tungufellskolli; síðan ráða Álptadals eggjar allt suður í Háfskoll og úr Hafskolli ofan svokallað Vegghamraskarð og svo beina sjónhending ofan háleytið í Kárholtsvörðu, þaðan beint yfir fláasundið uppundir fjallsræturnar í grjótvörðu við flata holtskriðu kippkorn fyrir sunnan Brúðgumastaði; úr grjótvörðunni sjónhending upp fellshlíðina í svokallaðan Snagaklett uppá fellsbrúninni þaðan norður hafellið eptir sem vötnum hallar út á móts við svonefnda Lepparúst austan undir fellinu, svo úr Lepparúst, beint ofan að keldunni sjónhending yfir Háafellsmóa á Grastein fyrir austan Kolsstaði, sem stekkur stendur undir

Skár þessi var samin 15. maí 1884, en aptur afskrifuð vegna makaskiptanna milli Haafells og Sauðfells 23. maí 1885 til þinglestus á næsta manntalsþingi.

Háafelli 23. maí 1885

Finnur Sveinsson eigandi Haafells

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðfells og umráðamaður Kvennabrekku og Kolsstaða.

---

<sup>434</sup> Skjal nr. 2(220).

<sup>435</sup> Skjal nr. 2(21).

---

Þorsteinn Daðason eigari Svarfhóls. –

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 117.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.<sup>436</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a. um Háafell:

Landamerkjaskrá jarðarinnar [Háafells] er nr. 117 og þínglesin 29. maí 1885. Auk þess hefir jörðin eignast með afsalsbréfi dags. 1. júní 1897 landspildu þá „á sunnanverðum Geldingadal, sem um ræðir í sættinni 11. des. 1849 og nær frá Merkjahjalla niður undan Túngufellskolli að Djúpadalsgili“, og var hún metin 2 hndr. og „fjell þá að öllu leyti niður sambeitarítak það, er Haafelles [svo] bóndinn hafði áður haft við Kvennabrekku og Kolstaðamenn á framanverðum Geldingadal sunnan árinna“.<sup>437</sup>

### 5.7.1.3 Fellsendi

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Fellsendi sögð vera 50 hundraða jörð í eigu Þorbjarnar Þorsteinssonar að Arnbjargarlæk í Mýrasýslu að helmingi og Guðmundar Jónssonar hreppstjóra að Neðri-Hundadal að helmingi. Erlendur Erlendsson hreppstjóri og Jón Magnússon búa á jörðinni. Um landamerki eða afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>438</sup>

Landamerkjabréf Fellsenda í Miðdalahreppi er dagsett 31. maí 1886 og því var þinglýst sama dag. Þar segir:

[...] þaðan uppá hábrún [Háfs] síðan eptir há fjallgarðinum, suðaustur í Gamla hnúka, þaðan beint í Merkjahryggskollinn, þaðan eptir Merkjahrygg í Tröllakirkju [...]. Að Fellsenda landi liggja þessi lönd: Þorolfsstaða-, Svarfhóls-, Haafells-, Geldingadals- og Sauðafells- afrjetta lönd.<sup>439</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a. um Fellsenda:

5. Upprekstrarland er meir er nægilegt. Gelst árlega eftir það fyrir upprekstur um 60 kr.<sup>440</sup>

### 5.7.1.4 Villingadalur

Landamerkjabréf fyrir Villingadal er dagsett 10. maí 1884 og því var þinglýst 27. maí 1885. Þar segir:

---

<sup>436</sup> Skjal nr. 2(21).

<sup>437</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>438</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>439</sup> Skjal nr. 2(18).

<sup>440</sup> Skjal nr. 2(25).

---

Milli Villingadals og Kross ræður landamerkjum svokölluð Landamerkjálág gagnvart Fanngili, frá Haukadalsá fyrir austan Kirkjufell, beint uppi múlahöfuðið, svo fram há fjallið, þar sem hallar til beggja dalanna og það suður fyrir Villingadalsdrög, þar til vötnum fyrst hallar til Bekradals, síðan vestur eptir eins og vötnum hallar vestur á Gamalhnúk; þaðan ræður svo sem vötnum hallar að Skálardal allt á fremri Bungu, svo norður eptir þeirri bungu eins og vötnum hallar að læk þeim, sem rennur í Nóngil til Villingadalsár ...<sup>441</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Sauðafells, Geldingadals, Jörfa, Kross, Smyrlhóls og Mjóabóls.

#### 5.7.1.5 Hamrar

Landamerkjabréf fyrir Hamra er dagsett 12. maí 1884 og því var þinglýst 23. sama mánaðar. Þar segir:

Að framanverðu milli Hamra og Mjóabóls ræður landamerkjum: svo kallað Stóra – Skálargil beint ofan í Haukadalsá, en á milli Hamra og Jörfa ræður gilið fyrir utan Hamratún eptir sínum gamla farveg frá fjalli beint í áðurnefnda Haukadalsá; hver á ræður landamerkjum þaðan til Skálargils; á fjalli uppi millum upptaka nefndra gilja ráða landamerki eins og vötnum hallar.

Þeir sem eiga lönd að Hamralandi; auk lands þess, sem eg undirskrifaður á, óska eg að gefi samþykki sitt til framanskriafaðra landamerkja með undirskrift nafna sinna.<sup>442</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Mjóabóls, Geldingadals og Núps.

#### 5.7.1.6 Saurstaðir

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Saurstaðir sagðir vera 16 hundraða jörð í eigu Jóns Egilssonar að Stóra-Vatnshotni. Árni Jónsson býr á jörðinni. Um landamerki og afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>443</sup>

Landamerkjabréf Saurstaða í Haukadal er dagsett 21. maí 1885 og því var þinglýst 27. sama mánaðar. Þar segir:

Að framanverðu milli Saurstaða og Jörfa ræður landamerkjum gil það, sem rennur framanvert við Saurstaðartún í Haukadalsá og kallað er Gljúfragil; ræður það gil til upptaka þess á fjall uppi og í Þverfell, úr Þverfelli í Lambahnúk, úr Lambahnúk ofan brúnina eptir hæðstu eggjum ofan á hlíðarhöfuð; þaðan vestur hlíðarbrúnina þar til komið er í beina stefnu við Glettuberg, sem ræður landamerkjum á hlíðinni milli Saurstaða og Svínhóls og úr Glittubergi í Þríhóla eptir því, sem votnum hallar norður á veginn, og að utanverðu milli Saurstaða og Skinnþúfu frá takmarkinu á veginum; ræður-vegurinn landamerkjum til þess komið er móts við Þrívörðu, þanað beint niður

---

<sup>441</sup> Skjal nr. 2(17).

<sup>442</sup> Skjal nr. 2(15).

<sup>443</sup> Skjal nr. 2(53).

---

í svokallaðan Votaklett, úr Votakletti beint í pít þar niður undan, úr honum beint í annan pít í upptökum á keldu þeirri, hverrar jarðar Saurstaðamegin ræður merkjum, í svokallaðan Sefpoll, úr honum bein sjónhending í Haukadalsá gegn um tvær vörður, úr torfi gjörðar; síðan ræður Haukadalsá þar til áður nefnt Gljúfragil fellur í hana. Þann 18. maí 1885 fór fram og fullgjörðist svolátandi samningur órjúfanlegur milli eigenda Saurstaða og Stóra-Vatnshorns, að Skinnþúfu skal hafa frjálsa beit í Saurstaðalandi á hálsinum að svo miklu leyti, sem Skinnþúfa þarfnast hennar, móti 10 (tíu) álna endurgjaldi á ári hverju frá ábúanda Skinnþúfu.<sup>444</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Jörfa, Svínhóls, Geldingadals, Stóra-Vatnshorns.

### 5.7.1.7 Kolsstaðir

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir m.a. eftirfarandi um Kolsstaði:

Kirkjujörð frá Kvennabrekku.

[...] Selstaða í heimalandi góð, jafnlega brúkuð.<sup>445</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Kolsstaði:

Kvennabrechukirkju Eign

Leigdest til forna, og Allt til 1707. med 1 c. landskulld og 6. Kugilldumm

[...]

Koster.

Jordenn ä miked land og goda Hagbeid og þar efter er hun bugöd.

Utegangur gödur og Jafnann Heilnæmt fire Kvikfie.

Okoster.

tun er þar þyft og Seinunned, enn þo grasgiefed

Eingiar Litlar og Valla Adrar enn þær sem slegnar eru ij uthögumm Hier og

þar.<sup>446</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Kolsstaðir sögð vera 16 hundraða jörð í eigu Kirkjunnar að Kvennabrekku. Sturlaugur Atlason býr á jörðinni. Um landamerki og afrétt jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>447</sup> Í jarðamatinu 1849–1850 segir um Kolsstaði:

**9. Kolsstaðir** 16<sup>hundrað</sup> kirkjujörð frá Kvennabrekku; – Túnid er mikid þýft og ervidt en stórt nokkud; engjar nægilegar og grasgódar, hagbeit góð, enn vetrarhardt, landrými töluverdt; torfrista brúkanleg. Metst 325<sup>r</sup>.<sup>448</sup>

---

<sup>444</sup> Skjal nr. 2(23).

<sup>445</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 37–38.

<sup>446</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 130–131.

<sup>447</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>448</sup> Skjal nr. 2(221).

---

Landamerkjabréf fyrir Kvennabrekku, ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjuförðinni Kolstöðum og kirkjulandinu Geldingadal, var samið 10. maí 1884 og þinglesið 29. maí 1885. Þar segir um merki Kolsstaða:

2. Landamerkjaskrá fyrir kirkjuförðinni Kolsstöðum

Merkjum milli Kolsstaða og Odsstaða ræður bein sjónhendingsstefna úr þúfu framan til á Toppeyri í hæsta kollinn á Kolsstaðafelli og skal hlaða vörðu á fellinu í þessari stefnu og aðra vörðu vestan megin Tunguár; þessi sama beina lína heldur norður frá há fellskollinum, þartil vötnum hallar norður af, síðan beygjast merkin austur háhrygginn á Kolsstaðafelli eins og vötnum hallar norður og suður af allt vestur í mots við Fremragilsbotn, síðan ræður Fremragil til Tunguár, svo ræður Tunguá niður á móts við Toppeyri. Kolsstaða ábúandi á sambeit við Kvennabrekkuábúanda í Fremri-Geldingadal vor og haust.<sup>449</sup>

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki, hvað þennan hluta landamerkjabréfsins varðar, vegna Saurstaða, Oddsstaða og Háafells.

---

<sup>449</sup> Skjal nr. 2(19).

---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem málið varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdu með úrskurðum á svæðum 7B, 8A og 8B höfðu með sama hætti verið uppfærðar með hluta af kafla úr úrskurðum á næsta svæði á undan, sem innihélt almenn atriði. Ekki þykir vera þörf á að uppfæra þær að nýju nú með efni úr úrskurðum á svæði 8B. Sú útgáfa *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem hér fylgir í viðauka er því óbreytt frá þeirri sem birt var með úrskurðum nefndarinnar á svæði 8B.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3–6.7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Nú liggja fyrir samtals 68 dómur Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Þeim dómum sem höfðu fallið fyrir uppkvaðningu úrskurða óbyggðanefndar á svæðum 5, 6, 7A, 7B, 8A og 8B voru gerð skil þar. Umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum hefur, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað um hana.

Sex nýir Hæstaréttardómar á sviði þjóðlendumála hafa fallið frá því að úrskurðir óbyggðanefndar á svæði 8B voru kveðnir upp 11. október 2016. Þar er um að ræða dóm réttarins frá 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur), frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá), frá 10. nóvember 2016 í máli

---

nr. 322/2016 (Hnjótafjall), frá sama degi í máli nr. 323/2016 (Skíðadalsafréttur), frá 28. september 2017 í máli nr. 93/2017 (Djúpidalur „utan Grjótgarðs“ og Þverdalur ásamt Mælifelli eða Mælifellsseli) og loks annan dóm frá sama degi í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fimm fyrstnefndu dómunum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þau svæði sem deilt var um væru þjóðlendur. Í síðastnefnda dómnum var niðurstaða Hæstaréttur aftur á móti sú að svæðið sem þar var til umfjöllunar væri eignarland en óbyggðanefnd hafði úrskurðað að það væri þjóðlenda.

Í fjórum af þessum dómum höfðu staðhættir og lega ágreiningssvæðanna, líkt og í mörgum fyrri dómum réttarins, umtalsverð áhrif við mat á því hvort líkur stæðu til þess að stofnast hefði til beins eignarréttar á þeim við landnám. Verður nú vikið nánar að því. Í dómi Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur) segir eftirfarandi:

Þegar metið er hvort líkur hafi á annan hátt verið færðar að því að land í Arnarstaðatungum hafi verið numið og þannig orðið háð beinum eignarrétti verður að taka tillit til þess að norðurmerki þessa svæðis eru nærri 44 km frá sjó, en fyrir sunnan þau er Eyjafjarðardalur allþröngur og umlukinn bröttum hliðum. Innan merkja Arnarstaðatungna er lítið nýtanlegt land í dalnum, en ofan við hann mun vera gróðursnautt hálendi. Þá verður ekki síður að líta til þess að frá suðurmerkjum Arnarstaða og Arnarfells eru meira en 13 km til norðurmerkja Arnarstaðatungna. Milli þessara landa eru sjö jarðir austan við Eyjafjarðará, sem að auki skilur þau að, en hún er þar nokkuð vatnsmikil. Engar heimildir gefa til kynna að Arnarstaðir séu eldri jörð en þær, sem standa milli hennar og tungnanna sem við hana eru kenndar, og liggur hvorki fyrir hvernig stofnað hafi verið til réttinda jarðarinnar þar né hvort önnur jörð eða aðrar kunni áður að hafa farið með þau.

Þá er eftirfarandi texti í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 10. nóvember 2016 í máli nr. 322/2016 (Hnjótafjall):

Þegar metið er hvort skriflegar heimildir, sem liggja fyrir í málinu, gefi til kynna að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir landi á Hnjótafjalli, verður í fyrsta lagi að hafa hliðsjón af því að á stærsta hluta þessa svæðis er lítt gróið hálendi upp frá fremur bröttum fjallshliðum og virðist það litla undirlendi, sem þar er að finna, einkum fallið til beitar á takmörkuðum tíma árs, en vart til búskapar nema að viðbættu frekara landi utan marka þessa svæðis. Liggur ekkert fyrir í málinu um að nokkru sinni hafi verið byggð innan merkja þessa svæðis að frátalinni frásögn í örnefnaskrá um sel í landinu. Í öðru lagi er svæðið, sem hefur skýr náttúruleg mörk af Skallá og Svarfaðardalsá til annarra átta en vesturs, nokkuð líkt landi Atlastaða til norðurs og Kots og Vífilsstaða til suðurs að því er hálendi varðar, en láglandi er þó öllu meira innan merkja þessara jarða. Stefndi vefengir ekki að land þeirra sé háð beinum eignarrétti allt til vatnaskila á fjöllum. Mörk eignarlanda og þjóðlendu fylgja þannig ekki samfelldri línu á þessum slóðum, heldur myndar Hnjótafjall skarð í hana. Í þriðja lagi verður að gæta að því að þótt réttindi yfir Hnjótafjalli, sem deilt er um í málinu, eigi nú



---

samkvæmt landamerkjabréfi frá 15. maí 1884 undir aðliggjandi jörð, Atlastaði, fylgdu þau áður Urðum, sem eins og fyrr greinir eru um 6 km fyrir austan merki Hnjótafjalls. Milli Urða og þessa landsvæðis er fjöldi jarða, sem eftir fyrirbyggjandi heimildum allt aftur til ársins 1318 virðast ekki nema að litlu leyti hafa verið á sömu hendi og Urðir eða í eigu kirkjunnar þar.

Í dómi Hæstaréttar frá 10. nóvember 2016 í máli nr. 323/2016 (Skíðadals-  
afréttur) segir:

Þegar metið er hvort fyrirbyggjandi heimildir gefi til kynna að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir þessu svæði verður að gæta að því að þar er að verulegu leyti lítt eða ekkert gróið hálendi, sem nær allt upp í tæplega 1400 m hæð yfir sjávarmáli. Innan merkja svæðisins er þó syðsti hluti Skíðadals, sem eftir gögnum málsins er nokkuð gróinn upp í brattar fjallshlíðar, og virðist líkt farið um Vesturárdal sunnan við ána, sem hann dregur heiti sitt af. Þrátt fyrir það gæti land þetta eitt út af fyrir sig vart hafa nægt undir sjálfstæða bújörð og liggur ekkert fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð. Skíðadalsafréttur er á hinn bóginn umlukinn landi, sem er háð beinum eignarrétti eftir niðurstöðum óbyggðanefndar. Þótt það land virðist á köflum vera áþekkt að því er varðar hæð yfir sjávarmáli og gróðurfar verður að taka tillit til þess að þar er um að ræða hluta af stærri landsvæðum, sem eru að öðru leyti á grónu undirlendi.

[...]

Í tengslum við þetta verður að líta til þess að frá Völlum til nyrstu merkja Skíðadalsafréttar eru sem fyrr segir um 19 km og eiga þar á milli fjölmargar jarðir nú land, en í gögnum málsins verður ekkert séð, sem bendir til að jarðareign Valla geti á einhverju stigi hafa náð yfir allt það svæði.

Í dómi Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 um Hvassafellsdal segir:

Þegar litið er til annarra atriða við mat á því hvort beinn eignarréttur geti hafa orðið til að landi á svæðinu Hvassafellsdal verður að gæta að því að það er að öðru leyti en að framan greinir umluknið þjóðlendum. Láglandi á svæðinu er óverulegt og eru engar heimildir um að nokkru sinni hafi þar verið búseta að frátöldu því að um aldir virðist hafa verið þar sel frá jörðinni Hvassafelli. Milli merkja þeirrar jarðar og svæðisins eru sem fyrr segir nærri 9 km og liggur þar land fimm annarra jarða.

Í öllum fjórum dómunum sem hér var vitnað til er greint frá fjarlægðinni milli viðkomandi ágreiningssvæðis og þeirrar jarðar sem þar átti réttindi og tekið fram að land óskyldra jarða liggi þar á milli. Dómarnir eiga það einnig sammerkt að skortur á undirlendi er talinn mæla gegn því að sjálfstæðar jarðir hafi verið á svæðunum sem deilt var um. Þessi atriði höfðu, ásamt öðrum, áhrif á niðurstöður Hæstaréttar um að svæðin sem deilt var um væru þjóðlendur, að Hvassafellsdal frátöldum. Í síðastnefnda dómnum réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirbyggjandi heimildir

---

styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigu þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“.

Þeir dómur sem hér hafa verið raktir eru til frekari staðfestingar því sem fram hefur komið í fyrri dómum réttarins um að staðhættir og lega ágreiningssvæða, og þá sérstaklega með tilliti til legu þeirra jarða sem tengjast svæðunum, geti haft afgerandi þýðingu við túlkun skriflegra heimilda og mat á því hvort svæðin séu háð beinum eignarrétti, þó að ekki verði annað ráðið af dómunum en að hinar skriflegu heimildir hafi eftir sem áður mest vægi við það mat.

Ólíkt flestum þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur haft til meðferðar áður liggur land í Dalasýslu ekki að miðhálandi Íslands, eins og það hefur verið skilgreint í skipulagi. Í mörgum tilvikum er fremur stutt milli ágreiningssvæða og þeirra jarða sem tengjast þeim að eignarrétti, leiðir þar á milli greiðfærar og land innan ágreiningssvæðanna að einhverju leyti vel nýtanlegt. Tekið hefur verið tillit til þessara atriða við úrlausn málanna eftir því sem við hefur átt.

Um þau lögskipti íslenska ríkisins og eiganda Hvassafells sem áður voru nefnd segir annars í dómi Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur):

Þótt eigandi Hvassafells, sem gaf út afsal til áfrýjanda fyrir landsvæðinu Hvassafellsdal 9. september 2005, hafi ekki getað framselt með því víðtækari réttindi en hann naut með réttu, er ekki unnt við úrlausn málsins að horfa fram hjá því að saman leituðu þeir sem áður segir með bréfi 2. maí sama ár eftir því við landbúnaðarráðherra að hann heimilaði „skiptingu jarðarinnar Hvassafells“ á þann hátt að þetta svæði yrði gert „að sér fasteign og skráð sem jörð undir nafninu Hvassafellsdalur“, svo og að það yrði leyst úr landbúnaðarnotum. Við þessu erindi brást ráðherra eins og fyrr greinir með því að gefið var út í nafni hans 15. júlí 2005 leyfisbréf, þar sem hann leysti „úr landbúnaðarnotum spildu úr jörðinni Hvassafelli“ með vísan til 6. gr. jarðalaga og staðfesti á grundvelli 13. gr. sömu laga „landskipti á spildunni úr jörðinni“. Að því verður að gæta að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. jarðalaga gilda þau meðal annars um jarðir, jarðarhluta, afréttarlönd, almenninga, öræfi og þjóðlendur. Samkvæmt 5. gr. jarðalaga, eins og hún hljóðaði á þessum tíma, var lausn lands undan landbúnaðarnotum eftir 6. gr. laganna ekki háð því að það væri háð beinum eignarrétti sem hluti af jörð, enda var tekið fram í fyrrnefndu lagagreininni að undir reglur þessar féllu meðal annars „afréttir, almenningar, þjóðlendur“. Þá er tekið fram í 1. mgr. 12. gr. jarðalaga, upphafsákvæði IV. kafla laganna sem tekur til landskipta og fyrrnefnd 13. gr. heyrir meðal annarra til, að um skipti á landi, sem löggin gilda um, fari eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma. Samkvæmt þessu var nauðsyn á staðfestingu ráðherra á landskiptum og leyfi hans til lausnar á landi úr landbúnaðarnotum ekki bundin við lönd jarða, sem háð eru

---

beinum eignarrétti, heldur gildi það sama um þjóðlendu, sem er í afréttareign tiltekinnar jarðar. Í því horfi hefði landbúnaðarráðherra getað orðið við beiðni áfrýjanda og eiganda Hvassafells frá 2. maí 2005 eða sett í leyfi sínu fyrirvara um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins, sem hún laut að. Það gerði ráðherra á hinn bóginn ekki, en á honum hvíldi rannsóknarskylda samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvörðunar um þessa beiðni, heldur var í bréfi hans 15. júlí 2005 tekið fram, auk þess sem að framan var vísað til, að óskað væri eftir að „jarðarhluti sá sem skipt er út úr jörðinni og leystur er úr landbúnaðarnotum“ yrði „skráður sem jörðin Hvassafellsdalur“ með tilteknum merkjum og við þeirri ósk var orðið. Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Í köflum 6.1.2.3 í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1–4/2013 á svonefndu svæði 8A (Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga) er fjallað um dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og var þeirri umfjöllun síðar bætt við sem kafla 11.3 í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Í báðum tilvikunum voru það fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem réðu niðurstöðum Hæstaréttar um að ágreiningssvæðin væru eignarlönd en ekki þjóðlendur. Dómur Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) er því þriðja tilvikið þar sem þannig hefur háttað til í dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum. Atriði af þessum toga koma við sögu í tengslum við Sauðafellsselland í máli 3/2016.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 93/2017 (Djúpidalur „utan Grjótgarðs“ og Þverdalur ásamt Mælifelli eða Mælifellsseli) krafðist eigandi jarðarinnar Stóradals þess að svæðið sem deilt var um væri háð beinum eignarrétti á grundvelli tengsla við þá jörð. Nægar líkur þóttu hafa verið leiddar að því „að býli, sem hafi verið nokkurt að umfangi og borið heitið Mælifell“ hefði á fyrri tímum verið innan svæðisins. Um það segir í dómnum:

Ekki er ástæða til að ætla að þetta býli geti hafa orðið til án þess að landið, sem það stóð á, hafi verið háð beinum eignarrétti. Að lögum gat sá réttur ekki hafa stofnast á annan hátt en með námi.

---

Þótt byggja verði samkvæmt framansögðu á því við úrlausn málsins að land á svæðinu, sem það snýst um, hafi að minnsta kosti að einhverju leyti verið háð fullkomnum eignarrétti á fyrri öldum verður að gæta að því að ekki liggja fyrir beinar heimildir um afdrif þess réttar eftir að býlið á Mælifelli fór í eyði. Um þetta verður því að leitast við að draga ályktanir af skjalfestum gögnum og öðru því, sem liggur fyrir í málinu og áður hefur verið rakið.

Niðurstaða Hæstaréttar var eftirfarandi:

Í samræmi við það, sem áður sagði, hefur nú verið litið til gagna og upplýsinga, sem liggja fyrir í málinu, til að leitast við að draga ályktanir um hver hafi orðið afdrif beins eignarréttar yfir landi, þar sem býlið Mælifell stóð á öldum fyrr. Í ljósi þess, sem að framan er rakið, verður engin viðhlítandi stoð fundin fyrir því að sá réttur hafi flust í hendur annarra eftir að Mælifell fór á ókunnnum tíma í eyði. Gagnstætt því hníga fyrirbyggjandi gögn að því að eftir að byggð lagðist þar af hafi landið verið í einskis eignarráðum og hafi þá forráðamenn kirkjunnar á Saurbæ og eigendur Stóradals hvorir fyrir sitt leyti lagt undir sig hluta landsins til afnota. Slík umráðataka gæti ekki að lögum hafa leitt til yfirfærslu beinna eignarréttinda. Að því er Stóradal varðar fæst ekki séð að landið hafi verið háð frekari réttindum en lýst var með þeim orðum í jarðamati frá 1849 að þar ættu Ytra-Dalsgerði og Syðra-Dalsgerði „ásamt Stóradal ... í tak í nefndre afrétt“, svo sem ítrekað var í lýsingu á jörðinni 22. nóvember 1916 þegar sagt var að henni fylgdi afrétturinn hálfur Djúpidalur.

Dómurinn undirstrikar að ekki nægir að leitt sé í ljós að býli hafi staðið innan ágreiningssvæðis til að fallist verði á að það sé eignarland heldur þarf samhengi eignarréttar og sögu jafnframt að liggja fyrir að því leyti að sýnt sé með fullnægjandi hætti fram á þeir sem kalla til eignarréttinda á slíkum svæðum leiði rétt sinn frá þeim sem áttu eignarrétt á því landi þar sem býlið stóð. Málsatvikum og niðurstöðu svipar til dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 að því leyti að þar var niðurstaðan sú að svæði sem fyrr á öldum var land jarðarinnar Fjalls í Öraefum væri þjóðlenda þrátt fyrir að hafa áður verið jörð. Taldi rétturinn að þrátt fyrir að ekki yrði annað ráðið af máldaga Hofskirkju frá 1387 en að kirkjan hefði átt beinan eignarrétt á svæðinu væri ekki unnt að skilja yngri heimildir á annan veg en að eigendur Hofs hefðu sjálfir um margra alda skeið álitnið sig eingöngu njóta afnotaréttinda í landi jarðarinnar. Þótti landamerkjabréf Hofs frá 1922, þar sem fram kom að Hof ætti Breiðamerkurfjall og land á Breiðamerkursandi að ákveðnum mörkum, því ekki veita haldbæra sönnun fyrir beinum eignarrétti eigenda Hofs að landinu. Dómarnir sýna að þrátt fyrir að meginreglan sé sú að land sem hefur verið jörð eða hluti af jörð sé háð beinum eignarrétti, þá er sú meginregla ekki án undantekninga.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í

---

*Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>450</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram er greint frá því í *Landnámu* að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum, frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þar er einnig greint frá því að Dala-Kollur hafi numið allan Laxárdal ofan til Haukadalsár og að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi Meldúnssyni leysingja sínum Sauðafellslönd. Þá kemur fram að Þróstur og Grenjuður Hermundarsynir hafi numið land í Hrutafirði og búið að Melum.

Af frásögnunum verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og upp til fjalla landnám hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðin hafi verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

### 6.3 Þverdalur að meðtöldum Skógsmúla

#### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Þverdalur. Nánar tiltekið er um að ræða þann hluta Þverdals sem er norðan Þverár, en sá hluti dalsins sem er sunnan árinna er aftur á móti óumeilt eignarland.<sup>451</sup> Af þeim heimildum sem liggja fyrir, og ná allt aftur til fyrri hluta 15. aldar, má ráða að réttindi á ágreiningssvæðinu hafi tilheyrt jörðinni Stóraskógi<sup>452</sup> fyrir á öldum, en elsta heimild þar að lútandi er kaupbréf fyrir Þykkvaskóg frá árinu 1427. Raunar liggur fyrir skoðunargerð fyrir Höskuldsstaði frá árinu 1837, þar sem vísað er í munnmæli þess efnis að svæðið hafi tilheyrt Höskuldsstöðum áður en það var lagt til Stóraskógar. Þar kemur jafnframt fram að það hafi gerst fyrir 1470, þar sem í máldaga frá því ári fyrir jörðina Stóraskóg væri „parturenn undann Hoskullstadum geinginn.“

Jörðin Stóriskógur er sunnan Haukadalsár og aðskilin frá ágreiningssvæðinu af öðrum jörðum, en óumdeilt eignarland jarðarinnar Höskuldsstaða liggur að norðanverðu ágreiningssvæðinu. Fyrir liggur einnig að á manntalsþingi 1849 var lesin upp tilkynning eiganda Höskuldsstaða þess efnis að hann legði Þverdal undir Höskuldsstaði. Í tilkynningunni kemur meðal annars fram að hann hafi eignast Þverdal, sem áður heyrði undir Stóraskóg, með tveimur kaupbréfum árið 1844. Þá verður ráðið af fast-

---

<sup>450</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>451</sup> Sá hluti Þverdals sem er sunnan árinna er innan landamerka jarðarinnar Vatns í Haukadal, en til hans hefur gjarnan verið vísað sem Vatnsþverdals.

<sup>452</sup> Jörðin var nefnd Þykkvaskógur fyrir á öldum.

---

eignamati Dalasýslu 1916–1918 að Þverdalur hafi skömmu áður en það var gert verið lagður undir jörðina Þorbergsstaði, eftir landamerkjaskrá sem þinglesin var 29. maí 1885. Er þar átt við landamerkjabréf fyrir Skógsmúla og Þverdalsland, dagsett 23. maí 1885 og þinglesið 29. sama mánaðar. Í fasteignamatinu kemur jafnframt fram að undanskilinn hafi verið Skógsmúli sem er á vestasta hluta ágreiningssvæðisins. Segir að það hafi verið gert með afsalsbréfi dagsettu 15. febrúar 1901,<sup>453</sup> og með því hafi Skógsmúli, sem hafði sameiginleg landamerki með Þverdalslandi verið seldur undan því með nánar tilteknum landamerkjum.

Í Skógsmúla mun hafa verið búið með hléum frá því á fyrri hluta 19. aldar og fram á þá 20. Af gögnum málsins verður ráðið að Sæmundur Hallgrímsson hafi reist þar býli árið 1831 og búið þar til ársins 1834. Búseta mun hafa hafist á ný að Skógsmúla árið 1853 og staðið yfir með hléum til ársins 1937. Fyrir liggja heimildir um að Skógsmúli hafi gengið kaupum og sölum á 19. öld en þær hafa þó ekki að geyma samfellda eigendasögu svæðisins. Með makaskiptum árið 1867 afsalaði Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum Skógsmúla til Egils Jónssonar á Hornstöðum í Laxárdal að frátöldum eignarhlut Halldóru Bjarnadóttur á Höskuldsstöðum. Þá liggur fyrir afsal frá árinu 1868 þar sem fram kemur að Gísli Jónsson á Saurum í Laxárdal selji hlut sinn í Skógsmúla til Egils Jónssonar á Þorbergsstöðum. Guðrún Guðmundsdóttir afsalaði Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum, Skógsmúla árið 1898. Enn fremur verður ráðið af fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 að Skógsmúli hafi verið seldur undan landi Þverdals árið 1901, en ekki kemur fram hver kaupandinn hafi verið og afsalið liggur ekki fyrir í málinu eins og að framan er rakið. Auk þessa liggur fyrir afsal dagsett 11. ágúst 1950 þar sem Jón Óli Árnason í Köldukinn selur Sigurði, syni sínum, tvo þriðju hluta jarðarinnar Köldukinnar ásamt Skógsmúla sem þar er vísað til sem eyðijarðar.

Íslenska ríkið hefur í máli þessu lýst kröfu sinni vegna Þverdals í heild að landi Skógsmúla meðtöldu. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi jarðarinnar Köldukinnar, gerir kröfu til Skógsmúla sem eignarlands síns. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Köldukinnar er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að vestanverðu. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Þorbergsstaða liggur einnig vestan við ágreiningssvæðið en er aðskilið frá því af öðrum jörðum. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1.7 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur að stærstum hluta í 150–400 m hæð yfir sjávarmáli. Þverdalur gengur til norðausturs milli Laxárdalsháls að norðanverðu og Vatnsfjalls að sunnanverðu. Um er að ræða norðurhluta Þverdals, norðan Þverár, frá Hrútagili að vestanverðu og að Þrándarvatni að austanverðu, sem og fjalllendið upp af dalnum að norðanverðu. Fyrir miðjum dalnum nefnist norðurhlíð hans Brattahlíð og þar upp af er Gráborg á Laxárdalshálsi sem rís hæst í um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Dalurinn er nokkuð gróinn og Þverá rennur eftir honum í Haukadalsá. Frá bæjarstæði

---

<sup>453</sup> Umrætt afsal hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

---

Stóraskógar að Hrútagili á vesturmörkum ágreiningssvæðisins eru um 4 km í beinni loftlínu.<sup>454</sup>

### 6.3.1.1 Um aðild ábúanda Þorbergsstaða og sjálfstæða rannsókn óbyggðanefndar

Jörðin Þorbergsstaðir er í eigu íslenska ríkisins en er leigð til ábúðar. Með kröfulýsingu, dagsettri 27. júní 2016, lýsti ábúandi jarðarinnar kröfu um að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda Þorbergsstaða á Þverdalshöfðum. Við 2. fyrirtöku málsins, 24. febrúar 2017, tilkynnti óbyggðanefnd lögmönnum að nefndin hefði tekið til sérstakrar skoðunar aðild og önnur atriði sem varða kröfugerðir vegna ríkisjarða, m.a. í ljósi dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur). Kallað var eftir afstöðu íslenska ríkisins og ábúanda umræddrar jarðar til þessa og óskuðu lögmenn aðila eftir fresti til að taka formlega afstöðu til málsins.

Með greinargerð íslenska ríkisins, dagsettri 3. ágúst 2017, sem lögð var fram við 4. fyrirtöku málsins, 10. sama mánaðar, var því mótmælt að ábúandi Þorbergsstaða gæti átt aðild að málinu. Fram kom að íslenska ríkið teldi ljóst að ábúandi jarðar gæti ekki gert kröfu um beinan eignarrétt til handa þinglýstum eiganda jarðarinnar, þ.e. íslenska ríkinu. Slíkt umboð hefði ábúandi ekki. Réttindi hans væru bundin við nýtingu jarðarinnar í samræmi við ábúðarsamning um hana. Skilyrði aðildar að máli fyrir stjórnarsýslunefnd væri að sá sem teldi sig njóta aðildar hefði lögvarða hagsmuni af niðurstöðu máls, sem ekki yrði séð að ábúandi Þorbergsstaða hefði. Var í því sambandi m.a. vísað til áður nefnds dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur).

Við 5. fyrirtöku málsins, 25. ágúst 2017, var lögð fram greinargerð lögmanns ábúanda Þorbergsstaða, dagsett 24. sama mánaðar. Með henni var kröfugerð ábúandans breytt á þann veg að í stað þess að gerð væri krafa um viðurkenningu beins eignarréttar þinglýsts eiganda Þorbergsstaða á svæðinu var þess nú krafist að hafnað yrði kröfu íslenska ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda og að viðurkennt yrði að enga þjóðlendu væri þar að finna. Við fyrirtökuna kom fram af hálfu lögmannsins að fallist væri á að gegn andmælum íslenska ríkisins gæti ábúandi jarðarinnar ekki átt aðild að málinu, en að áfram væri þó óskað eftir að sjónarmið hans yrðu tekin til skoðunar við úrlausn málsins.

Þrátt fyrir þetta byggði lögmaður ábúanda Þorbergsstaða á því við munnlegan flutning málsins, 29. nóvember 2017, að ábúandinn hefði heimild til að gera umrædda kröfu í málinu, með áorðnum breytinum, þ.e. kröfu um að því yrði hafnað að Þverdalur væri þjóðlenda. Var í því sambandi vísað til þess að ábúandinn hefði, m.a. vegna lífs-tíðarábúðar á Þorbergsstöðum, forkaupsréttar á jörðinni og nýtingar hennar, óbeina

---

<sup>454</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

hagsmuni af því að Þverdalur fylgdi henni og eignarréttarleg staða svæðisins héldist óbreytt.

Af hálfu lögmanns íslenska ríkisins kom fram við munnlegan flutning málsins að þrátt fyrir kröfu um að Þverdalur yrði úrskurðaður þjóðlenda væri óskað eftir því af hálfu ríkisins að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda, þar sem íslenska ríkið væri beggja vegna borðsins og þar af leiðandi væri engin krafa gerð um beinan eignarrétt á svæðinu, af þar til bærum aðila.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að ábúanda Þorbergsstaða og íslenska ríkið greinir á um hvort sá fyrrnefndi geti, gegn andmælum ríkisins, átt aðild að málinu fyrir óbyggðanefnd, að því er varðar eignarréttarlega stöðu Þverdals. Því er óhjákvæmilegt að nefndin taki afstöðu til þessa atriðis, áður en kemur að úrlausn um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Í 9. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998 segir að sá sem „telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana“ skuli leggja fram skriflega beiðni þar um. Nefndin skuli taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun á þann hátt sem nánar greinir í ákvæðum laganna. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. að þegar kröfulýsing ríkisins liggi fyrir skuli með tilkynningu í Lögbirtingablaði „skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd“ innan nánar tilgreinds frests. Enn fremur segir í 3. mgr. 13. gr. að ef fram kemur við meðferð máls „að aðili, sem kann að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum“ skuli nefndin „hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á að gerast aðili máls.“ Af þessu verður ráðið að einungis þeir sem *telja til eignarréttinda* eða *kunna að telja til eignarréttinda* á landsvæðum geti átt aðild að málum fyrir óbyggðanefnd, að því er varðar viðkomandi svæði. Að öðru leyti er ekki að finna í lögum nr. 58/1998 ákvæði um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess. Niðurstaða um það atriði ræðst því af almennum reglum stjórnisýsluréttar. Þar er einkum litið til þess hvort viðkomandi eigi *lögvarinna hagsmuna* að gæta við úrlausn málsins.

Tvívegis hefur sú staða verið uppi í dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að ábúendur ríkisjarða hafa á grundvelli tengsla ábúðarjarða sinna við viðkomandi ágreiningssvæði haft uppi kröfur gegn kröfum íslenska ríkisins um að svæðin væru þjóðlendar. Í báðum tilvikum hafði ábúendunum verið veitt aðild að málunum á stjórnisýslustigi fyrir óbyggðanefnd. Í dómi Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 24/2007 (Skógafjall) voru ábúendur jarðarinnar Ytri-Skóga meðal þeirra sem gerðu kröfu um að úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2003 yrði felldur úr gildi, að því leyti sem þar var ákveðið að Skógafjall væri þjóðlenda. Um aðild ábúendanna segir í dómnum:

Áfrýjendurnir [S og I] kveðast sem áður segir vera ábúendur Ytri-Skóga, en aðrir áfrýjendur eru þinglýstir eigendur þeirrar jarðar og Eystri-Skóga. Ekki hefur verið skýrt sérstaklega í málalíbúnaði áfrýjenda hvers vegna aðild er



---

þannig háttað að máli þessu, sem varðar eignarréttindi að landi, sem þau telja eiga undir umræddar jarðir. Stefndi hefur ekki krafist sýknu vegna aðildarskorts áfrýjendanna [S og I] og verður því tekin afstaða til krafna þeirra til jafns við kröfur annarra áfrýjenda.

Af þessum forsendum verður ráðið að sú staðreynd að íslenska ríkið krafðist ekki sýknu vegna aðildarskorts ábúendanna fyrir dómi réð úrslitum um að tekin var efnisleg afstaða til krafna þeirra til jafns við kröfur annarra áfrýjenda.

Í dómi Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 reyndi á hvort ábúendur jarðarinnar Skriðuklausturs gætu átt aðild að ágreiningi um hvort land sem þeir töldu tilheyra jörðinni væri eignarland eða þjóðlendu. Í málinu byggði íslenska ríkið á því að ábúendurnir ættu ekki lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins og gætu ekki talist aðilar þess. Í dómnum segir:

Með áður nefndu byggingarbréfi landbúnaðarráðherra 11. maí 1999 var áfrýjendum leigð ríkisjörðin Skriðuklaustur til lífstíðarábúðar og var þar tekið fram að um réttindi og skyldur áfrýjenda færi eftir ákvæðum þágildandi ábúðarlaga nr. 64/1976 og jarðalaga nr. 65/1976 að því leyti, sem annars væri ekki getið. Í þessum ábúðarsamningi voru áfrýjendum ekki veitt nein réttindi til að fara sjálfstætt með hagsmuni stefnda sem eiganda jarðarinnar umfram það, sem leiddi af ákvæðum fyrrnefndra laga eða ábúðarlaga nr. 80/2004 og jarðalaga nr. 81/2004, sem nú hafa leyst þau af hólmi. Hvorki er að finna í ákvæðum III. kafla ábúðarlaga né annars staðar í lögum neina stoð fyrir því að leiguliði geti haft uppi kröfu fyrir dómi um ákvörðun merkja ábúðarjarðar í andstöðu við landsdrottin sinn. Engu getur breytt um heimild áfrýjenda til að leita dóms um mörk eignarlands Skriðuklausturs og þjóðlendu að þeim hafi ranglega verið játuð aðild að ágreiningi um mörkin fyrir óbyggðanefnd. Með þessum athugasemdum verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest um sýknu stefnda af kröfu áfrýjenda um að felld verði úr gildi ákvæði úrskurðar óbyggðanefndar 29. maí 2007, eins og honum var breytt 12. febrúar 2009, um mörk eignarlands Skriðuklausturs og þjóðlendu.

Af þessum forsendum verður ótvírætt ráðin sú afstaða réttarins að ábúandi ríkisjarðar geti ekki, gegn andmælum íslenska ríkisins, átt aðild að ágreiningi um mörk ábúðarjarðar sinnar gagnvart þjóðlendu, hvorki fyrir óbyggðanefnd né dómstólum, ef í ábúðarsamningi er ekki sérstaklega kveðið á um rétt ábúanda til að fara sjálfstætt með hagsmuni ríkisins sem landeiganda, umfram það sem leiðir af ákvæðum laga. Ekki verður annað séð en að ólík niðurstaða Hæstaréttar annars vegar í máli nr. 24/2007 (Skógafjall) og hins vegar í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur) skýrist eingöngu af því að í síðarnefnda málinu krafðist íslenska ríkið sýknu á grundvelli aðildarskorts en ekki í því fyrrnefnda, enda voru gagnaðilar ríkisins í því máli fleiri heldur en einungis ábúendurnir.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hefur ábúandi Þorbergsstaða ekki byggt á því að honum sé með ábúðarsamningi sínum við íslenska ríkið veittur ríkari réttur til að

---

fara sjálfstætt með hagsmuni ríkisins, sem eiganda Þorbergsstaða, heldur en leiðir af ákvæðum ábúðarlaga nr. 80/2004 og jarðalaga nr. 81/2004. Þá er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að samningurinn hafi að geyma ákvæði um ríkari rétt ábúandans hvað þetta varðar heldur en almennt tíðkast í ábúðarsamningum um ríkisjarðir.<sup>455</sup>

Í málinu eru endanlegar kröfur ábúanda Þorbergsstaða þær, eins og áður er rakið, að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins um að svæðið sé þjóðlenda og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé þar að finna, en áður var kröfugerðin á þann veg að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda Þorbergsstaða á svæðinu. Ljóst er að kröfugerðin lýtur eftir sem áður að því að Þverdalur sé eignarland en ekki þjóðlenda. Sú afstaða fer gegn kröfugerð íslenska ríkisins, eiganda Þorbergsstaða, í málinu og af hálfu þess hefur því verið andmælt að ábúandinn geti átt aðild að þeim ágreiningi á grundvelli ábúðarréttar síns. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í dómi Hæstaréttar í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur) verður því að leggja til grundvallar að ábúandinn eigi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og geti ekki átt aðild á því á þeim grundvelli sem hann byggir á, enda er ekkert fram komið sem bendir til þess að ábúðarsamningur hans við íslenska ríkið veiti honum rétt til að hafa þá kröfu uppi í andstöðu við kröfugerð ríkisins. Krafa hans um að kröfu íslenska ríkisins um að Þverdalur sé þjóðlenda verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé þar að finna verður því ekki tekin til efnislegrar úrlausnar.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Í málinu liggur samkvæmt framansögðu ekki fyrir krafa frá þar til bærum aðila gegn kröfu íslenska ríkisins um að Þverdalur sé þjóðlenda. Aftur á móti kom fram af hálfu íslenska ríkisins við munnlegan flutning málsins, 29. nóvember 2017, sbr. bókun í fundargerð aðalmeðferðarinnar, að þrátt fyrir kröfu um viðurkenningu þess að svæðið sé þjóðlenda væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda, þar sem íslenska ríkið væri beggja vegna borðsins og þar af leiðandi væri engin krafa gerð, af þar til bærum aðila, um beinan eignarrétt á svæðinu. Að teknu tilliti til þessa telur óbyggðanefnd rétt að rannsaka með sjálfstæðum hætti hver sé eignarréttarleg staða svæðisins, þrátt fyrir að það verði ekki gert á grundvelli kröfu ábúanda Þorbergsstaða. Í þessu sambandi er lítið til þeirrar rannsóknarskyldu sem hvílir á nefndinni samkvæmt 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, sem og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Við þá rannsókn koma til skoðunar öll þau gögn sem mögulega geta haft

---

<sup>455</sup> Ábúðarsamningurinn hefur ekki verið lagður fram í málinu af hálfu ábúandans, þrátt fyrir ábendingu óbyggðanefndar þar að lútandi.

---

þýðingu við úrlausn málsins, þar á meðal þau sem hafa verið lögð fram af hálfu ábúanda Þorbergsstaða við meðferð þess.

Auk kröfu ábúanda Þorbergsstaða um viðurkenningu þess að Þverdalur sé ekki þjóðlenda krefst hann málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, að skaðlausu. Í 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laga nr. 65/2000, kemur fram að „nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins“ vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 65/2000, þar sem tilvitnuðu ákvæði var bætt við lög nr. 58/1998, kemur fram að „sterk sanngirnirök“ þyki mæla með því að „landeigendum og öðrum rétt höfum verði gert auðveldara fyrir að reka mál sín fyrir óbyggðanefnd“.

Hvað varðar kröfu ábúanda Þorbergsstaða um greiðslu málskostnaðar er að mati óbyggðanefndar til þess að líta að þegar vinna lögmanns hans vegna kröfugerðarinnar og annarrar hagsmunagæslu vegna málsins fór fram lá hvorki fyrir afstaða íslenska ríkisins til aðildar hans né niðurstaða óbyggðanefndar um hvort fallist yrði á aðildina. Að teknu tilliti til þess og með hliðsjón af þeim röksemdum sem bjuggu að baki því að lögfest var ákvæði um að „nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins“ vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði þykir rétt að fallast á kröfu ábúandans um greiðslu málskostnaðar. Um ákvörðun hans vísast til kafla 6.5 og 7.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögáðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta

---

varðar, er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámsvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendukröfulína hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrtilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega Skógsmúla og Þverdal er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Verði að telja að af fyrirbyggjandi heimildum og landfræðilegum aðstæðum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar sé aðallega stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Skógsmúla og Þverdalsland, dagsettu 23. maí 1885. Þá hafi við afmörkun svæðisins einnig verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.e. landamerkjabréf Köldukinnar frá 14. maí 1884, Höskuldsstaða frá 21. maí 1884, Hornstaða frá 20. maí 1884, Leiðólfsstaða frá 20. maí 1884, Svarfhóls frá 20. maí 1885 og Vatns frá 14. maí 1884.

---

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að í fyrirbyggjandi heimildum sé vísað til kröfufsvæðisins sem upprekstrar- og afréttarlands. Er í því sambandi vísað til kaupbréfs um Þykkvaskóg frá 1427, þar sem fram komi að jörðin eigi allan Þverdal, auk þess sem fram komi í vitnisburði séra Jóns Kolbeinssonar frá árinu 1494, að Þykkvaskógur hafi átt selstöðu og beitt fé í Skógsmúla og Þverdal og aldrei heyrt að nokkur annar ætti ítak í hálfan Þverdal eða Þykkvaskógarjörð. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*<sup>456</sup> sé einnig fjallað um selstöðu Stóraskógs í Þverdal.

Þá liggi fyrir heimildir Hjarðarholtskirkju þar sem fram komi að kirkjan hafi átt stóðhrossbeit í Þverdal, sbr. máldaga kirkjunnar frá 1397 og 1575, vísitásiur hennar frá 1726, 1731, 1753, 1803, 1820 og 1866. Sömu réttinda sé getið í úttekt kirkjunnar 1699, *Jarðabók Árna og Páls* 1703 og greinargerð Orms Daðasonar frá 1744. Árið 1826 hafi svo verið haldinn sáttafundur vegna kæru eiganda Stóraskógar á hendur eiganda Köldukinnar, fyrir að hafa beitt fé og hestum á Stóraskógsland og Skógsmúla. Niðurstaða sáttafundarins hafi verið sú að eiganda Köldukinnar var gert að greiða sekt en í fundargerðinni hafi í engu verið fjallað um forsendur niðurstöðunnar.

Á því er einnig byggt af hálfu íslenska ríkisins að ekki sé getið um Þverdal, selstöðu Stóraskógs eða önnur réttindi í landamerkjabréfi fyrir Stóraskóg, dagsettu 12. maí 1884. Hins vegar liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Skógsmúla og Þverdalslandi frá 23. maí 1885. Þá segi um Þorbergsstaði í fasteignamati 1916–18 að breytingar hafi verið gerðar á landamerkjaskrá Þorbergsstaða frá 1884. Árið 1885 hafi afréttarlandið Þverdalur verið lagt undir jörðina og Skógsmúli, sem hafi haft sameiginleg landamerki með Þverdalslandi, verið seldur undan afréttarlandinu með tilteknum landamerkjum árið 1901.

Um þetta atriði vísar íslenska ríkið einnig í umfjöllun um afréttarlönd í *Sýslu- og sóknalýsingum Dalasýslu* þar sem segi: „[I]ögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadál. en nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls ...“ Þá sé einnig vísað til umfjöllunar í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997, þar sem segi m.a. að Vatns-Þverdalur hafi lengst af verið óbyggður en hins vegar mikið og eftirsótt afréttarland.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að ljóst sé af framangreindum heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum, að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti. Nýting svæðisins hafi ekki verið með þeim hætti, en engar heimildir séu um byggð á svæðinu. Sérstakt landamerki hafi verið gert fyrir landsvæðið en slík bréf hafi ekki einungis verið gerð fyrir svæði sem séu undirorpin beinum eignarrétti. Íslenska ríkið telji að landsvæðið hafi vissulega verið talið tilheyrja jörðinni Þykkvaskógi/Stóraskógi, en í þeirri þeirri tilheyrslu hafi ekki falist meira en takmörkuð réttindi til upprekstrar. Þá hafi Hjarðarholtskirkja einnig átt þar takmörkuð réttindi. Af heimildum megi einnig ráða að þjóðlendukröfufsvæði íslenska ríkisins vegna

---

<sup>456</sup> Hér eftir vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

---

Þverdals liggja utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða, en af sömu heimildum sé og ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir svæðinu. Með hliðsjón af framangreindu telji íslenska ríkið að Þverdalur sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýsts eiganda Köldukinnar, sem gerir kröfur vegna Skógsmúla, er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigandi að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi. Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat þess hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við matið hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleyfi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichaloppulos

---

gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur og fleiri gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggir landeigandi einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætunlegu trausti á réttargerning sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðan 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi og forverar hans átt beit og annan gróður á jörð sinni. Þeir hafi sjálfir stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeigenda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að það falli innan landnámslýsinga.

Á því sé byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins sé byggð á heimildaskjölum sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Þverdals og Skógsmúla í gegnum tíðina. Er þar einkum vísað til landamerkjabréfs fyrir Skógsmúla

---

og Þverdalssland frá 23. maí 1885. Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki aðliggjandi jarða og því þinglýst. Sömuleiðis sé vísað til afsals fyrir Skógsmúla frá 15. febrúar 1901, þar sem Skógsmúli, sem hefði áður haft sameiginleg landamerki með Þverdalsslandi, hafi verið felld undan því með nánar tilgreindum merkjum.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísi til þess að Þverdalur hafi áður verið í eigu Stóraskógar/Þykkvaskógar og hafi síðar færst undir eignarráð Þorbergsstaða. Um það sé vísað til fasteignamats Þorbergsstaða frá 1916–1918, þar sem fram komi að sú breyting hafi orðið á jörðinni að undir hana liggi afréttarlandið Þverdalur. Síðar hafi svo Skógsmúli verið seldur undan Þverdal með tilgreindum merkjum. Þá sé vísað til þess að við sölu á Stóraskógi 19. júní 1427 hafi komið fram að Stóriskógur ætti allan Þverdal, sbr. einnig vitnisburð séra Jóns Kolbeinssonar frá 10. ágúst 1494. Um þetta sé einnig vísað til þess að eigandi Stóraskógar hafi, á manntalsþingi að Hjarðarholti hinn 16. maí 1832, látið lesa upp bann við nýtingu Skógsmúla og Þverdals. Þá segi í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997 segi að kirkjan á Þykkvaskógi hafi eignast land á Þverdal eigi síðar en á 15. öld og Þverdalur hefði verið mikið og eftirsótt afréttarland.

Um framangreint vísi gagnaðilar íslenska ríkisins einnig til framlagðra skjala þar sem þess er getið að selstaða hafi verið í Þverdal, sbr. m.a. *Jarðabók* Árna og Páls, *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997 og frásagnir Jóhannesar Ásgeirssonar og Jóns Ásgeirssonar í grein um eyðibýli í tímaritinu *Frjáls þjóð*. Selstaða hafi vanalega verið í heimalandi sem renni stoðum undir að um beinan eignarrétt að landvæðinu sé að ræða. Þá liggi fyrir að óheimilt hafi verið að nytja umrætt landsvæði nema með leyfi landeigenda, sem renni einnig stoðum undir að um beinan eignarrétt að landsvæðinu sé að ræða. Um það atriði vísar gagnaðili íslenska ríkisins til fyrrgreinds vitnisburðar séra Jóns Kolbeinssonar frá 10. ágúst 1994, banns við upprekstri á Þverdal sem lesið var upp á manntalsþingi að Jörfa 5. maí 1797 og lögfestu Bjarna Guðmundssonar fyrir Þykkvaskóg frá 7. júlí 1628.

Þá er á því byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að byggð hafi verið til margra ára í Skógsmúla, þó jörðin sé í eyði í dag, en í ritinu *Dalamenn* I segi frá búsetu að Skógsmúla frá árinu 1831–1925. Þá segi í frásögn Jóhannesar Ásgeirssonar, í grein um eyðibýli í tímaritinu *Frjáls þjóð* árið 1961, að 13–14 bændur hafi búið í Skógsmúla á rúmri öld, eða um 106 ára skeið. Fyrir liggi afsal, dagsett 30. maí 1869 og þinglýst 3. júní 1870, þar sem Gísli Jónsson afsalar Agli Þórssyni á Þorbergsstöðum, jörðinni Skógsmúla. Þá liggi fyrir afsal Guðrúnar Guðmundsdóttur, dagsett 12. maí 1898, þar sem hún afsalar Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum eignarhlut sínum í Skógsmúla. Hinn 11. ágúst 1950 hafi svo Jón Óli Árnason í Köldukinn afsalað syni sínum Sigurði 2/3 hlutum Köldukinnar, en fram komi í afsalinu að eyðijörðin Skógsmúli fylgdi með hinum seldu hlutum.

Samkvæmt þeim eignarheimildum sem vísað sé til í málinu, sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti það eitt að umrætt landsvæði sé staðsett í nokkurri



---

fjarlægð frá öðru landi jarðanna Stóraskógar og Þorbergsstaða geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti.

Sérstaklega sé vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu. Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt. Landeigendur telji því að fyrir liggi að allt land í Dalasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land í Dölum hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 4. september 1920 til Stjórnarráðs Íslands, þar sem komi fram að spurst hafi verið fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum Dalasýslu og samkvæmt yfirlýsingum þeirra væru engir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki heyrðu lögbýli til. Hið sama eigi við um bréf oddvita Miðdalahrepps til félagsmálaráðuneytis frá 20. febrúar 1989.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið stofnun eignarréttar við landnám. Land jarðarinnar Skógsmúla hafi greinilega allt verið innan landnáms og hafi verið byggt á því alla tíð. Það megi sjá á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði hafi verið eign Stóraskógar og síðar Þorbergsstaða á sama máta og annað landsvæði jarðarinnar.

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Dölum hafi verið háð beinum eignarrétti. Um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því og megi í því sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvamssheiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir á því að landamerkjalyýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjagalanna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess, að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeiganda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

---

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjálýsingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyrir vissum jörðum til.

Á því er byggt að Skógsmúli sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem fari ekki í bága við eldri heimildir. Þess vegna beri íslenska ríkið sönnunarbyrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr 48/2004 ((Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Það að þessu svæði hafi verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar komi til vegna þess að það sé landfræðilega aðskilið frá heimalandi, en ekki vegna þess að landsvæðið hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti, enda ekki fram komið sem bendi til þess.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé það umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að landsvæði þetta hafi ætíð fylgt jörðinni Stóraskógi og síðar Þorbergsstöðum, sbr. orðalag í elstu heimildum, og hafi síðar verið selt undan Þorbergsstöðum og skilið frá Þverdal með

---

nánar tilgreindum landamerkjum. Ítreka beri hve geysi verðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi, hvað þetta varðar, benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarkna hafi verið, meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að jarðir þær, sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að innan merkja ágreiningssvæðisins sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Eigandi og forverar hans hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þar á meðal eignarskatta.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð væri unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendlaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé alls ekki haldið fram að umþrætt landssvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja. Sterkur grundvöllur sé fyrir fullnaðri hefð, enda hafi verið búið í Skógsmúla í fjöldamörg ár í seinni tíð.

Í dómi Hæstaréttar frá 1997, bls. 2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar frá 1939, bls. 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt landsvæði sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeiganda, þá sé

---

ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðila verið þinglýst athugasemdalaust.

Í ljósi framangreindra heimilda telji gagnaðili íslenska ríkisins að hann, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum séu fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðili íslenska ríkisins þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeiganda byggir m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmalabækur með hefðbundnum hætti. Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu landeiganda. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfufylsingu landeigenda. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en allt land í Dölum hafi verið numið í öndverðu.

Landeigandi leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem hann færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem byggir á almennum óskráðum meginreglum stjórnarsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. stjórnarsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigandi verði á þeim grundvelli ekki sviptur eignarréttindum sínum bótalaust, né á hann lögð óhófleg sönnunarbyrði.

---

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar frá 1961, bls. 629. Landeigandi telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeiganda sé ekki fullkomin eign þeirra.

Um þetta vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjajörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar. Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm réttarins í máli nr. 48/2004 (Framfréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísar sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigandi hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á hann en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfugerð þess um þjóðlendu á svæðinu mótmælt og á því byggt að svo virðist sem ríkið byggi einkum á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeiganda. Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm

---

Hæstaréttar frá 1960, bls. 786 (Skeljabrekka) og dóm Hæstaréttar frá 1994, bls. 2227 (Geitland). Landeigandi telji að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis að svæðið hafi ekki verið numið til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðið hafi verið numið og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011, (sameignarlandi Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum), að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Íslenska ríkið viðurkenni land aðliggjandi jörðinni og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

Við meðferð málsins krafðist ábúandi Þorbergsstaða eins og áður segir að hafnað yrði kröfu íslenska ríkisins um að Þverdalur væri þjóðlenda. Sjónarmiðum hans hvað það varðar er lýst í kröfulýsingu og greinargerð sem skilað var til nefndarinnar fyrir hans hönd. Eins og fram kemur í kafla 6.3.1.1 hér að framan er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ábúandinn geti ekki á grundvelli ábúðar á Þorbergsstöðum átt aðild að málinu gegn andmælum íslenska ríkisins og verða sjónarmið hans því ekki rakin hér.

---

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þverdals er rakin í kafla 5.3 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Þar er jafnframt rakin saga býlisins Skógsmúla sem byggt var innan Þverdals á fyrri hluta 19. aldar. Eins og þar kemur fram og jafnframt er getið um í inngangi, í kafla 6.3.1 hér að framan, tilheyrðu réttindi á Þverdal jörðinni Stóraskógi, sem áður hét Þykkvaskógur, fyrr á öldum. Þau réttindi munu hafa komist á hendi eiganda Höskuldsstaða um miðja 19. öld, en í kringum aldamótin 1900 voru þau komin á hendi eiganda jarðarinnar Þorbergsstaða. Þá benda gögn málsins til þess að á 19. öld hafi verið reist býli í Skógsmúla, sem er á vestasta hluta ágreiningssvæðisins, og þar hafi verið búið með hléum í rúm 100 ár, nánar tiltekið frá 1831 til 1937. Skógsmúli gekk nokkrum sinnum kaupum og sölum á þeim árum, en gagnaðili íslenska ríkisins í málinu, eigandi Köldukinnar, leiðir rétt sinn frá Sigurði Jónssyni sem eignaðist réttindi á svæðinu með afsali 1950.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum ágreiningssvæðisins er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1.7 og 3.2. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Skógsmúla og Þverdalsland, dagsett 23. maí 1885 og þinglýst 29. sama mánaðar.<sup>457</sup> Landamerkjabréfið er elsta heimildin sem liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins, en auk þess liggja fyrir kaupbréf fyrir Þykkvaskóg frá 1427 og lögfesta frá 1628, þar sem merkjum er lýst að hluta. Þá kemur fram í umfjöllun um Þorbergsstaði í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 að Skógsmúli hafi verið seldur og afsal vegna sölunnar gefið út 15. febrúar 1901, þar sem merkjum Skógsmúla sé lýst. Umrætt afsal hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar, en þeim merkjum sem sögð eru koma fram í afsalinu er lýst í fasteignamatinu.

Vestan við ágreiningssvæðið er sem fyrr segir land jarðarinnar Köldukinnar. Norðan við ágreiningssvæðið eru jarðirnar Höskuldsstaðir, Hornsstaðir og Leiðólfsstaðir. Austan við það er jörðin Svarfhóll og sunnan þess er jörðin Vatn. Framangreindar jarðir eru allar óumdeild eignarlönd.

Verða nú fyrst vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Báðir málsaðilar, þ.e. íslenska ríkið og gagnaðili þess, eigandi Köldukinnar, miða kröfulínur sínar um vesturmörk við Hrútagil. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „Upphafspunktur er upptök Hrútagils við Þverá (1), þaðan er Hrútagili fylgt upp í gilsbotn á Laxárdalshálsi (2), þaðan er farið eftir því sem vötnum

---

<sup>457</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885.

---

hallar austur eftir hálsinum ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum hluta kröfulínunnar lýst svo: „Að vestanverðu ræður það stærsta gil, sem rennur á milli bæjanna Skógsmúla og Köldukinnar og kallast Hrútagil á háls (1) – upp í botn þess (2), þaðan í krossstein á holtbarði (3) ...“

Vesturmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalsháls frá 1885: „Að vestanverðu ræður það stærsta gil, sem rennur á milli bæjanna Skógsmúla og Köldukinnar og kallast Hrútagil á háls upp í botn þess, þaðan í krossstein á holtbarði ...“ Í fyrrgreindu kaupbréfi fyrir Þykkvaskóg frá 1427 er þessum merkjum lýst svo: „fram fra hrutagile er geingr ofan fram fra kolldukinn.“ Í lögfestunni frá 1628 er merkjunum lýst svo: „... frá því gili sem næst er Köldukinnarseli, og Hrútagil er kallað, svo hátt á hálsinn sem vötnum hallar ...“ Í fasteignamatinu frá 1916–1918 er svo merkjunum lýst þannig að Hrútagil ráði að neðan og upp í brún.

Vestan ágreiningssvæðisins liggur sem fyrir segir land jarðarinnar Köldukinnar. Landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalsháls frá 1885 er áritað um samþykki vegna Köldukinnar. Í landamerkjabréfi Köldukinnar, dagsettu 14. maí 1884 og þinglýstu 28. maí 1886, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „... af [Sandhól] í Krossstein og frá steininum beint í Hrútagil, svo ræður það ofan til Þverár ...“ Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki af umráðamanni Skógsmúla.

Framangreindar heimildir eru samhljóða um að Hrútagil ráði vesturmörkum ágreiningssvæðisins. Hins vegar er orðalag heimildanna mismunandi varðandi það hversu langt norður vesturmörkin ná. Samkvæmt lögfestunni frá 1628 ræður Hrútagil að vatnaskilum, samkvæmt landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalsháls frá 1885 ræður Hrútagil upp í gilsbotn og þaðan „í krossstein á holtbarði“ og samkvæmt jarðmatinu frá 1916–1918 ræður gilið „upp í brún“. Þá segir í landamerkjabréfi Köldukinnar, sem er aðliggjandi að vestanverðu, að merki liggja „í krossstein og frá steininum beint í Hrútagil“. Ekki liggja fyrir heimildir sem lýsa því með nákvæmari hætti hvar umræddur krosssteinn er staðsettur. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfulínu sína við lýsingu landamerkjabréfsins frá 1885 og staðsetur krossstein sem punkt númer 3 á kröfulínu sinni. Íslenska ríkið staðsetur punkt númer 2 á kröfulínu sinni á sama stað og miðar þar við „gilsbotn á Laxárdalshálsi“ þaðan sem vatnaskilum er fylgt í austur. Báðir punktarnir eru staðsettir með sama hætti á framlögðum uppdrætti og gögn sem óbyggðanefnd aflaði frá Veðurstofu Íslands sýna að þeir eru staðsettir á vatnaskilunum sem afmarka vatnasvið Þverár að norðanverðu. Því er fullt samræmi milli kröfulína málsaðila á vesturmörkum ágreiningssvæðisins, þar á meðal á þeim stað þar sem umræddur krosssteinn er staðsettur af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, og gögn málsins benda ekki til annars en að umræddir punktar á kröfulínu beggja aðila séu rétt staðsettir. Að mati óbyggðanefndar eru kröfulínur málsaðila því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir um vesturmerki ágreiningssvæðisins.

Verða nú norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „... gilsbotn [Hrútagils] á Laxár-



---

dalshálsi (2), þaðan er farið eftir því sem vötnum hallar austur eftir hálsinum, í suður-enda Þrándarvatns (3)“. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Köldukinnar, sem einungis gerir kröfu til Skógsmúla, er norðurmerkjum lýst svo: „... til austurs frá [krosssteini] í sömu stefnu í annan krossstein ofan í hálsinum (4), þaðan beint í krossstein enn ofar, hvar varða er hjá hlaðin (5), þaðan í Grjóthól/Stórhól hvar kross er höggvinn í stein (6) ...“

Norðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalsslands frá 1885:

... til austurs frá [krosssteini á holtbarði] í sömu stefnu í annan krossstein ofar á hálsinum, þaðan beint í krossstein enn ofar, hvar varða er hjá hlaðin, þaðan í Grjóthól, hvar kross er hoggvinn í Stein, þaðan beint innanvert við Gráborg, svo beint fram fjall í suður enda Þrandar vatns.

Í kaupbréfinu frá 1427 er norðurmerkjum ekki lýst sérstaklega, en þar segir að um sé að ræða Þverdal frá Hrútagili „oc suo norðr oc sudur epter fialle j motz vid vatn.“ Hið sama á við um lögfestuna frá 1628, en þar er merkjunum lýst svo: „... frá því gili sem næst er Köldukinnarseli, og Hrútagil er kallað, svo hátt á hálsinn sem vötnum hallar og svo suður og norður eptir fjalli móts við vatn.“ Svo sem fyrir segir nær merkjalýsing fasteignamatsins frá 1916–1918 eingöngu til Skógsmúla, og því er norðurmerkjum ágreiningssvæðisins eingöngu lýst þar að hluta. Þar segir: „[Frá hábrún norðan Hrútagils] bein stefna lengra upp á hálsinn í jarðfastan stein, sem kross er í högginn, og varða hjá hlaðin úr torfi, þaðan beina stefnu fram í Stórhól í stóran stein sem kross er í högginn ...“

Norðan ágreiningssvæðisins liggja jarðirnar Höskuldsstaðir, Hornsstaðir og Leiðólfsstaðir. Landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalsslands frá 1885 er áritað um samþykki vegna allra þessara jarða. Í landamerkjabréfi Höskuldsstaða, dagsettu 21. maí 1884 og þinglýstu 24. sama mánaðar, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „... beint ofan í Neðri-Grjóthól og þaðan beina sjónhending ofan með tjörn og í Krosssteinsvörðu á barði og þaðan beina sjónhendingu í krossstein að sunnanverðu við Smalatótt og þaðan beint í Krossstein í Hrútagilsbotni ...“ Landamerkjabréf Höskuldsstaða var undirritað um samþykki af umráðamanni Skógsmúla.

Í landamerkjabréfi Hornsstaða, dagsettu 20. maí 1884 og þinglýstu 24. sama mánaðar, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „[Frá vestasta enda Tangarvatns] beina sjónhending vestur eptir fjalli eptir því sem vötn um hallar til Laxárdals í krossstein á Háhól ...“ Landamerkjabréf Hornsstaða var undirritað um samþykki af umráðamanni Skógsmúla.

Í landamerkjabréfi Leiðólfsstaða, dagsettu 20. maí 1884 og þinglýstu 24. sama mánaðar, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu:

[Frá suðausturenda Þrándarvatns] beina sjónhending vestur eptir fjalli eptir því sem vötnum hallar til Laxárdals eptir holthrygg, sem er fyrir sunnan flóann sem

---

liggur fyrir ofan Hæðarsteinsvatn, þaðan beina sjónhending í vestari enda á Tangavatni ...

Landamerkjabréf Leiðólfsstaða er ekki undirritað um samþykki vegna Þverdals. Hins vegar er landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885 sem fyrr segir undirritað um samþykki vegna Leiðólfsstaða.

Að mati óbyggðanefndar eru framangreindar heimildir samhljóða landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885 um að lína sem dregin er um þrjá nánar tilgreinda krosssteina ráði norðurmerkjum Skógsmúla austur eftir fjalli að fjórða krosssteininum sem er staðsettur við Grjóthól. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfulínu sína við lýsingu landamerkjabréfsins. Íslenska ríkið miðar í kröfulýsingu sinni við að vatnaskilum sé fylgt austur en dregur þó endanlega kröfulínu sína með sama hætti og gagnaðili þess á framlagðan uppdrátt. Þannig er fullt samræmi milli kröfulína málsaðila þrátt fyrir að kröfur þeirra séu orðaðar með mismunandi hætti. Að mati óbyggðanefndar benda gögn málsins til þess að norðurmerki Skógsmúla séu með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins. Að mati nefndarinnar eru kröfulínur málsaðila því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir varðandi norðurmerki Skógsmúla.

Hvað varðar norðurmerki Þverdalslands, austan Gráborgar, er orðalag framangreindra heimilda aftur á móti mismunandi. Landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885 miðar við að farið sé frá krosssteini á Grjóthól „beint innanvert við Gráborg, svo beint fram fjall í suðurenda Þrándarvatns“. Í kaupbréfinu frá 1427 er merkjunum lýst „nordr oc sudur epter fialle j motz vid vatnn“ og í lögfestunni frá 1628 er þeim lýst með sama hætti. Í landamerkjabréfum þeirra jarða sem eru aðliggjandi þessum hluta ágreiningssvæðisins, þ.e. landamerkjabréfum Hornsstaða og Leiðólfsstaða, báðum frá 1884, er miðað við vatnaskil milli Grjóthóls og suðausturenda Þrándarvatns. Gögn sem óbyggðanefnd aflaði frá Veðurstofu Íslands vegna meðferðar málsins sýna að lína sem dregin er í beina stefnu frá Gráborg í suðurenda Þrándarvatns liggur nokkru norðar en vatnaskilin sem afmarka vatnasvið Þverár að norðanverðu. Kröfulína íslenska ríkisins er aftur á móti dregin nærri vatnaskilunum á framlagðan uppdrátt. Þó er lítils háttar mismunur á legu kröfulínunnar og vatnaskilanna, ýmist á þann veg að kröfulínan liggur norðar eða sunnar en vatnaskilin. Í texta kröfugerðarinnar er hins vegar miðað við vatnaskilin, eins og áður segir, og við málsmeðferð óbyggðanefndar hefur almennt verið við það miðað að texti kröfugerða vegi þyngra en lega kröfulína á uppdráttum ef mismunur er þar á. Að öllu þessu gættu er það mat óbyggðanefndar að heimildir styðji að land Þverdals nái að þessu leyti norður að vatnaskilunum, sem er í samræmi við kröfugerð íslenska ríkisins.

Verða þá austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „[Úr suðurenda Þrándarvatns] er farið suðaustur á þann múla (Leirmúla) (4) sem er framanvert við minni Þverdals, neðan til við Stórahvamm og neðan til við neðra Fjárgil, og þaðan stystu leið í Þverá ...“

---

Austurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885: „[Úr suðurenda Þrándarvatns] beint sudur á Múla þann, sem framanvert er við Þverdals minni neðan til við Stórahvamm; þaðan í Þverá ...“ Austurmerkjum er ekki lýst í kaupbréfinu frá 1427 eða lögfestunni frá 1628. Þá nær merkjalýsing fasteignamatsins frá 1916–1918 eingöngu til Skógsmúla, og því er austurmerkjum ágreiningssvæðisins ekki lýst þar.

Austan ágreiningssvæðisins liggur jörðin Svarfhóll. Landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885 hefur ekki að geyma áritun vegna Svarfhóls. Í landamerkjabréfi Svarfhóls, dagsettu 20. maí 1885 og þinglýstu 27. maí 1876, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „[Þverá] ræður ofan að Leirmúla, er stendur við Þverdal framan (og) neðan til við neðra Fjargil, þaðan sjónhending í útnorður í Þrándarvatnsenda austari ...“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki af umráðamani Skógsmúla.

Að mati óbyggðanefndar eru framangreindar heimildir, sem lýsa austurmerkjum ágreiningssvæðisins, samhljóða um að merkin liggi úr suðurenda Þrándarvatns, um Leirmúla og í Þverá. Að mati óbyggðanefndar er kröfulína íslenska ríkisins því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir varðandi austurmerki ágreiningssvæðisins.

Verða þá suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo að Þverá ráði merkjum vestur til Hrutagils.

Suðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885 að Þverá ráði að Hrutagili. Suðurmerkjum er ekki lýst í kaupbréfinu frá 1427 eða lögfestunni frá 1628. Þá segir um suðurmerki Skógsmúla í fasteignamatinu frá 1916–1918 að Þverá ráði frá Tæpugötu að Hrutagili.

Sunnan ágreiningssvæðisins liggur jörðin Vatn. Landamerkjabréf Skógsmúla og Þverdalslands frá 1885 er áritað um samþykki vegna Vatns. Í landamerkjabréfi Vatns, dagsettu 14. maí 1884 og þinglýstu 28. maí 1886, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... ræður Þverá frá því hún rennur í Haukadalsá norður og austur á fjall ...“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki af „umráðamanni fjallalandsins fyrir norðan Þverá“.

Framangreindar heimildir eru samhljóða um að suðurmerkin liggi vestur eftir Þverá að Hrutagili og málsaðilar draga kröfulínur sínar einnig með þeim hætti. Að mati óbyggðanefndar eru kröfulínur því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir varðandi suðurmerki ágreiningssvæðisins.

Eins og áður segir skiptist ágreiningssvæðið í annars vegar Skógsmúla, sem er á vestasta hluta þess, og hins vegar annað land Þverdals. Því þarf að taka merkin þar á milli til athugunar.

Svo sem fram er komið var Skógsmúli seldur árið 1901 og var þá skilið á milli Skógsmúla og Þverdalslands. Í fasteignamatinu 1916–1918 er vísað til afsals vegna sölunnar, sem þar er sagt vera dagsett 15. febrúar 1901, og merkjum milli landsvæðanna

---

lýst svo: „[Frá krosssteini á Stórhól] beint fram á Múlahöfuð í stóran stein, sem kross er í högginn, þaðan beina þverlínu ofan að Þverá hjá Tæpugötu, hvar kross er höggvinn í stein ...“ Það afsal hefur ekki komið fram við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er gerð krafa til Skógsmúla og Þverdalslands í einu lagi og án aðgreiningar og því er umræddum merkjum ekki lýst í kröfu þess. Kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins tekur mið af lýsingu jarðamatsins á þeim merkjum sem mun vera lýst í afsalinu. Þar sem ekki er við aðrar heimildir að styðjast varðandi mörk milli Skógsmúla og Þverdalslands verður að mati óbyggðanefndar að leggja til grundvallar að mörkin séu með þeim hætti sem þar er lýst. Kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins er því í samræmi við einu heimildina sem liggur fyrir um austurmerki Skógsmúla gagnvart öðru landi Þverdals.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á merkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir um merki þess.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum, frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár, og að Dala-Kollur hafi numið allan Laxárdal ofan til Haukadalsár. Samkvæmt *Landnámu* var Dala-Kollur vildarmaður Auðar djúpúðgu og þáði land úr landnámi hennar. Þar segir einnig af Þorbirni sem hafi búið að Vatni í Haukadal, en Höskuldur, sonur Dala-Kolls, mun hafa gengið að eiga dóttur Þorbjarnar að Vatni, Hallfríði. Mun Höskuldur hafa tekið við búi föður síns og bærinn verið nefndur Höskuldsstaðir. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og hátt til fjalla framangreind landnám hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að verulegu leyti. Þá verður að teljast ólíklegt, með hliðsjón af staðháttum, að landnám hafi einungis náð til suðurhluta Þverdals, en ekki norðurhluta hans, þannig að ágreiningssvæðið hafi fallið utan landnáms, öndvert við aðliggjandi svæði að sunnanverðu. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar

---

réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbindingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegrri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Við úrlausn þessa máls reynir einkum á hvort ágreiningssvæðið hafi upphaflega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hafi frá upphafi verið utan marka jarða og einungis háð óbeinum eignarréttindum. Fjallað verður um ágreiningssvæðið í einu lagi, enda var það ekki fyrr en á fyrri hluta 20. aldar sem Skógsmúli var skilinn frá Þverdalslandi, en fram að því virðist Skógsmúli hafa haft sömu eignarréttarlegru stöðu og annað land Þverdals. Þá má ráða af heimildum að ekki virðist hafa verið gerð sérstök aðgreining á Skógsmúla annars vegar og

---

Þverdalshlandi hins vegar, fyrr en á fyrri hluta 19. aldar, að öllum líkindum í tengslum við búsetu sem þá var hafin á Skógsmúla.

Sem fyrr segir er í *Landnámu* getið um að Höskuldur, sonur Dala-Kolls hafi gengið að eiga dóttur Þorbjarnar að Vatni. Svo sem fram er komið er jörðin Höskuldsstaðir aðliggjandi ágreiningssvæðinu að norðanverðu, en suðurhluti Þverdals tilheyrir jörðinni Vatni, sem er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að sunnanverðu og suðaustanverðu og óumdeilt eignarland. Elsta heimildin sem liggur fyrir um Þverdal er kaupbréf frá árinu 1427 þar sem Guðni Oddsson selur Böðvari Rafnssyni jarðirnar Þykkvaskóg í Miðdölum, Harastaði og Miðskóg. Í kaupbréfinu segir eftirfarandi: „... sagði Gudne að skogur ætti allan þverdal. fram frá hrutagile er geingr ofan fram frá kolldukinn. og suo norðr og sudur epter fialle j motz vid vatnn.“

Svo sem fram er komið liggur jörðin Vatn við suður- og suðausturmörk ágreiningssvæðisins.

Hinn 7. maí 1445 seldi Skúli Loptsson Torfa Arasyni jörðina Þykkvaskóg. Þá liggur fyrir vitnisburður séra Jóns Kolbeinssonar frá árinu 1494 þar sem segir m.a.:

oc hefi ec alldre anad heyrtt ne vitad. enn þeir sem þyckua skog hafa att edr byggt edr þeir sem þar hafa buid. að þeir hafa haft oc sier eignad og gardinvm æfínnliga selstodu j skogsmula j þverdal fram frá kolldukinn og hier med hafi þeir beitt og beita latid aullum sijnum peningum. hestum og hrossum og ollum sijnum gelldfienadi. þeir sem j skogie hafa bvid bædi firir selfaur og epter allt framan til veturs og hefur eingin að fvndit oc all dri hefi eg þar heyrtt tvímæli a. að nockr man ætti þar nockud jtak j þetta takmark. halfann þverdal.

Telja verður ótvírætt að þar sem getið er um „þverdal fram frá kolldukinn“ og „halfann þverdal“ sé átt við þann hluta Þverdals sem er norðan Þverár, enda er land Köldukinnar þeim megin árinna og merkjalýsing lögfestu Björns Guðmundssonar fyrir Þykkvaskóg frá 1628, þar sem samsvarandi orðalag er notað, tekur án nokkurs vafa til ágreiningssvæðisins. Aftur á móti er ekki ljóst hvort það svæði sem þarna er vísað til sem Skógsmúla hafi þá afmarkast með sama hætti og land Skógsmúla gerir nú eða hafi eftir atvikum tekið til alls ágreiningssvæðisins.

Á manntalsþingi að Leiðarhólmi 7. júlí 1628 var lesin upp áðurnefnd lögfesta Björns Guðmundssonar fyrir Þykkvaskóg í Miðdölum þar sem hann lögfesti jörðina innan tiltekinna merkja. Í lögfestunni segir svo:

Eg lögfesti og hálfan Þverdal, er liggur fram frá Köldukinn, frá því gili sem næst er Köldukinnarseli, og Hrutagil er kallað, svo hátt á hálsinn sem vötnum hallar og svo suður og norður eptir fjalli móts við vatn. Fyrirbyð eg hverjum manni innan tilgreindra takmarka sjer til gagnsmuna að beita, brúka eður yrkja eður nokkur not af hafa utan mitt sje lof eður leyfi til. En eg legg við rán og rjett minn eptir lögum hver annars gjöfir. Lögfesti eg að orðfullu og lögfullu og lögmáli rjettu að vitni þínu.

---

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1703, kemur fram í kafla um Stóraskóg að jörðin eigi selstöðu á Þverdal sem sé „jafnlega brúkuð, í meðallagi að kostum“. Þá segir að selvegur sé langur og erfiður og „yfir ii slæmar ár til að sækja.“

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var upplesið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsafrétt og borga afréttartoll.

Ekki er getið um Þverdal eða Skógsmúla í jarðamatinu 1804.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 13. ágúst 1809, um fjármörk fjallgöngur og réttir, sagði m.a. að einungis væri ein afrétt fyrir sveitir í Haukadal og hluta af Laxár- og Miðdölum, þ.e. Skarðsafrétt, en Þverdalslands var ekki getið meðal afrétta.

Hinn 26. júní 1818 ritaði sýslumaður Dalasýslu undir auglýsingu um fyrirkomulag uppreksturs á Þverdal. Þar segir m.a.:

Það Tíðana Asigkomulag og fejnin þeckíng á londum þejrra a Laxárdal fyrir Sunnan Laxä innan Dala Sysflu, géfa mér Orssök til, naqvæmar ad fastsetja Reglu, fyrir þá, er Upprekstur hafa skule á Þverdal Stóra-skóge eygnadan; enn þann 6<sup>ta</sup> Junii 1810 allarejdu skéd er: gjöre eg þá Rádstöfun á; ad hérepter Dags, skulu aller Buendur fyrir Sunnan Laxä, undanteknum 4<sup>um</sup> fremstu Bæum, er nóg Land eyge, á Þverdals Afrétt reka, sem og Stóraskógsmenn og [Vatns] Bændur. Afréttin epter gömlum lögum, hreynsist fyrir Bíter, af þejm, er Lambatolla héfja; enn aller þejr tilteknu, er á Þverdal reka, skulu skylduger Réttina fyrsta Sinne upp ad byggia; enn hiner, sem Lambatoll taka árlega sídan vidhalda.

Auglýsingin var lesin upp við Hjarðarholtskirkju 1819 og 1839, sem og á manntalsþingi að Hjarðarholti 1840.

Á sáttanefndarfundi sem haldinn var að Kvennabrekku 8. maí 1826, kvartaði Bjarni Jónsson í Stóraskógi yfir því að Jón Jónsson í Köldukinn, fyrrum ábúandi að Vatni, hefði í leyfisleysi beitt fé sínu og hestum í landi Stóraskógar ári áður, auk þess sem hann hefði sumarið áður beitt Skógsmúla og haft þar upprekstur. Annar sáttanefndarfundur vegna málsins var haldinn að Jörfa 24. júní sama ár, þar sem málinu lauk með þeim hætti að Jón Jónsson í Köldukinn samþykkti að greiða bætur vegna upprekstrarins.

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 16. maí 1832 var upplesið bann við upprekstri á Skógsmúla og Þverdal. Í dóma og þingbók segir:

b) Forboð Skógs búenda mót brúkun Skógsmúla og Þverdals, frá nýbýling þar Sæmundi Hallgrímssyni, og þar að enginn framstóð sem vísaði, eður tilgreindu nokkra heimild til, að téð land væri fyrir afrétt brúkað hvar með landeigendur sviptust sínum eignarrétti, nema hvað góðmátlega hefur milli hlutaðeigenda afgjörst, áleit sýslumaðurinn téð lands eigendur og Stóra-Skógs ábúendum, heimilt að leyfa það nefndum Sæmundi Hallgrímssyni til nýbýlinga löglegar brúkunar.

---

Hinn 16. október 1837 fór fram skoðunargerð á jörðinni Höskuldsstöðum í Laxárdal vegna endurmats. Í skoðunargerðinni er minnst á Þverdal og Skógsmúla en þar segir m.a.:

... enn epter sögn gamallra manna, hefer þar, underleiged halfur Þverdalur, og svo kalladur Skógsmúle sem er gott og miked fialland, sem hlýtur ad hafa vered miög langt sýdann, þar kálfskins máldagi fyrer Stóra Skógie í náhlid er dateradur 1470 og þá var parturenn undann Hoskuldstadum geinginn ...

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a.: „Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadal. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadal.“ Í kafla um Kvinnabrekkuþrestakall frá 1840 í sama riti skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a.:

Geta má þess að vestantil við Vatnsfjall gengur dalur inni fjöllin sem liggur frá útsuðri til landnorðurs, bakvið, þ.e. norðantil við Vatnsfjall en sunnan Laxárdalsháls. Þessi dalur er mjór en töluvert langur, óbyggður; afréttarland sem heyrir undir Vatn og Stóraskóg og heitir Vatns-Þverdalur.

[...]

*Selstöður* tilheyra í Kvinnabrekkuþrestakall jörðunum Stóraskógi og Kvinnabrekku. Sú hinni fyrri jörðinni tilheyrandi selstaða er í þeim áður umgetna Vatns-Þverdal, en Kvinnabrekku í áðurnefndum Geldingadal. Þessar selstöður eru sum árin brúkaðar en sum ekki eftir því sem efni og kringumstæður gjöra mögulegt. En í Stóra-Vatnshornssókn á Vatn selstöðu í Vatns-Þverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals og svo er áður getið. Hvorug þessara selstaða eru lengi nú að undanförunu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.

Með bréfi dagsettu 27. ágúst 1842 kvartaði Jón Jónsson á Melum til sýslumanns Dalasýslu, fyrir hönd ábúandans á Vatni í Haukadal, yfir því að séra Stefán Benediktsson í Hjarðarholti hafi látið reka á Þverdal en ekki greitt fjalltolla. Í bréfinu segir m.a.:

Ábúandinn á þeirri mér tilheyrandi halfleudu af Jördunni Vatni í Haukadal Jónas Marteinsson hefur með bréfi af 20<sup>ma</sup> þ.m: óskad minnar adstodar í því, ad presturinn Sira Stephán Benedictsson á Hjarðarholti – sem í nockur undanfarin Ár, og ennú á þessu Sumri skal hafa reked lömb sín og geldfé á Þverdal edur Vatns Afrétt í Oleifi tédrar jardar ábúenda, svari þar fyrir reglulegum Fjallatolli m:m: eptir Sannsyni og vidtekinni reglu.

Heraf fljóta þau min audmjúk og þenustuskyldug tilmæli, ad herra Sysslumanninum mætti þóknast ad tilhlutast um vid velnefndan prest Sira Stephan Benedictsson, ad hann gódmotlega svari þeim Fjallatollum, sem hann er skyldugur um til Vatnsbænda, svo Jónas géti þaraf feinged sinn hluta ...



---

Með bréfi til sýslumanns Dalasýslu dagsettu 3. nóvember 1842 svaraði séra Stefán Benediktsson kvörtun Jóns Jónssonar á Melum vegna uppreksturs á Þverdal. Í bréfinu segir m.a.:

Velnefndur Sysslumadur J. Johnsén á Melum hefur Jónas Marteínsson búanda á Vatni fyrir því – ef mér skilst rétt – að eg í nokkur undanfarin ár og ennú í sumar hafi rekid lömb og geldfé á Þverdal edur Vatns Afrétt, í óleyfi Vatns abúenda; þó það sé satt að eg hafi rekid lömb mín í svokalladann Skógsmúla á Þverdal, án þess að sækja leyfi til Vatns manna, þá er hitt ósatt, að eg hafi látið reka þau í Vatns land, og þar fyrir eigi þurft að sækja leyfi til Vatns manna, heldur einungis til sameigenda nefnds Þverdals, eptir þeirri heimild sem medfylgjandi sönnud Viður kenning þeirra uppá hljóðar, og ennframar eptir vitnisburði viðkomandi Prófasts, að Hjarðarholtsky[rkju] samkvæmt Biskupa og Prófastanna Vísitátíu[m] Stóðhrossa beit á Þverdal.

Í reglugerð um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar á Skarðsafrétt, frá 30. október 1844, segir m.a.:

1. Sá partur Haukadals sem ei er lagður til Vatnsréttar edur Þverdals upprekstur, og hvar í eru 15 bæir ásamt þeim parti Miðdala er Náhlíð nefnist og næst liggur Haukadal að sunnaverðu, að Stóraskógi undanskildum, skal einungis eiga skyldu og lög upprekstur fyrir geldfé á Skarðsafrétt ...

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 5. maí 1849 var lesin upp tilkynning Jóns Jónssonar þess efnis að hann legði Þverdal undir jörð sína Höskuldsstaði. Í afsals- og veðmálabók segir m.a.:

Það gjöri eg Jón Jónsson godum mönnum kunnugt, að eg legg alla þá landeign, er Þverdalur heitir og áður heirdi undir Stóraskóg til eignar og ábýlisjardar minnar Hoskuldsstada í Laxárdal með um merkjum þeim sem eru þessi framm frá Hrutagili, er geingur ofann frá Köldukinn og so norður og sudur eftir fjalli til ystu merkja, er adrir menn eiga land í móti gegnt Vatnslandi og sem eg er ordinn eigandi að eftir tveim kaupbréfum af 4da Nov.ber og 7da October 1844 og með öllum nytjum þeirrar Landeignar, hvörum helst sem eru edur verda kynnu framvegis.

Kaupbréfin sem vitnað er til í afsals- og veðmálabókinni hafa ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands.

Í jarðamatinu 1849–1850 segir m.a. um Stóra-Skóg að jörðinni tilheyri „svonefndur Skógsmúli sem er óbyggt landpláts hinu megin haukadals ár en hefir landamerki sín, og virdist því sérskilid“. Í jarðamatinu segir eftirfarandi um Skógsmúla:

3. Skógsmúli, svonefndur, áður talin tilheirandi Skógseigninni, og talin af henni 10 hndr. lands en nú seldur, og brúkadur sem eydiland undir adra jörð í Laxárdal. Landspláts þetta er að vidáttu töluverdt, slægjur þar töluverdar og góðar, og hagbeit á sumrum réttgód, en snjóþýngsli mikil á vetrum.

---

Í frumvarpi að reglugerð fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu um geldfjárupprekstur, fjallskil, réttarhald, grenjaleitir og fleira, dagsettu 5. ágúst 1862, segir m.a.:

2. grein.

Þannin skal bæjum skipt í Laxárdalshrepp til skyldu- og lög-uppreksturs á afrétt þann, sem jarðirnar í hreppi þessum með rétti eiga; og meiga hvorki aðrir né fleiri bæjir fá né hafa þar fjár upprekstur, án hlutaðeigenda samþykkis og tilknýandi orsaka, eptir óvilhallra manna mati.

A) á Ljáarskoga fjalli eiga upprekstur: Ljáarskógar, Midsel, Hróðnýarstaðir, Vígholtsstaðir, Spákellsstaðir, Fjós, Hrappsstaðir og Lambastaðir.

B) á Sámsstaða fjalli eiga upprekstur: Sámsstaðir og Goddastadir.

C) á Hamrafjalli eiga upprekstur: Hamrar og Gillastaðir.

D) Sólheimar reka einir á afrétt sinn.

E) á Dunustaðafjalli eiga upprekstur Dunustaðir, Palsel, Hjarðarholt, Leiðólfsstaðir, Hornsstaðir, Kambsnes, Þorbergsstaðir og Rútsstaðir ef bygðir verða.

F) á Svarfhóls fjalli eiga upprekstur: Svarfhóll, Gröf og Þrándarkot.

G) á Þverdal eða Höskuldsstaða og Skógsmúla afrétt eiga upprekstur: Höskuldsstaðir og Sauðhús.

Ljóst er að þau svæði sem þarna er getið um eru flest óumdeild eignarlönd. Á manntalsþingi að Jörfa 20. maí 1868 var þinglýst makaskiptabréfi, dagsettu 28. nóvember 1867. Makaskiptabréfið var fært inn í afsals- og veðmálabók Dalasýslu sama dag. Þar segir:

N<sup>o</sup> 79. Makaskiptabréf

Við undirskrifaðir höfum samið og fullgjört svo feld makaskipti, að jeg sjálfseignarbóndi Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum í Miðdölum makaskipti til bónda Eigils Jónssonar á Hornstöðum í Laxárdal til frjáls forræðis og fullkominnar eignar jörðina Skógsmúla að fráskildum þeim 37 <sup>3</sup>/<sub>4</sub> skrifa þrjátugi og sjö og þrjá fjórðu parta álnum sem sú ómynduga stúlka Halldóra Bjarnadóttir á Höskuldsstöðum á í nefndri jörð Skógsmúla hver jörð liggur í Miðdölum og Kvennabrekku kirkjusókn og ennfremur fjögur hundruð og þrjá tugie og þrjár og þrjá fimtu parta álnar í jörðunni Höskuldsstöðum í Laxárdal og Hjarðarholts Kirkjusókn í Dalasýslu og þennan ofanskrifaða deil af Höskuldsstöðum afsala eg (Sveinn) með tveggja vætta eptirgjaldi, en eg (Eigill Jónsson á Hornstöðum) afhendi þar á móti eignarjörð mína Núp í Haukadal í Dalasýslu til fullkominnar eignar og frjáls forræðis til handa Sveini bónda Guðmundssyni á Þórólfsstöðum [...] og ennfremur lofar Sveinn Eigli að sá partur af Skógsmúlalandi, sem nú er undir umráðum Gísla Jónssonar á Saurum verði fullkomlega laus og liðugur undan umráðum Gísla í næstkomandi fardögum ...

---

Samkvæmt afsali sem þinglesið var á manntalsþingi að Sauðafelli 3. júní 1870, seldi Gísli Jónsson bóndi á Saurum í Laxárdal hlut sinn í Skógsmúla til Egils Jónssonar á Þorbergsstöðum 30. maí 1868.

Svo sem fram er komið var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Skógsmúla og Þverdalsland, dagsett 23. maí 1885 og þinglýst 29. sama mánaðar. Landamerkjabréfið er elsta heimildin sem liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins. Undirritun bréfsins er svohljóðandi: „Þorbergsstöðum 23. maí 1885. Kr. Tomasson umráðamaður nefndrar jarðar.“ Ætla má að með tilvísun til „nefndrar jarðar“ sé átt við Skógsmúla og Þverdalsland, enda eru landamerkjabréf aðliggjandi jarða undirrituð af sama manni sem umráðamanni ýmist Skógsmúla eða „fjallalandsins fyrir norðan Þverá“.

Hinn 12. maí 1898 afsalaði Guðrún Guðmundsdóttir, Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum, Skógsmúla, sem hafði fallið henni til arfs eftir eiginmann hennar, Pál Jóhannes Sigurðsson. Merkjum Skógsmúla er ekki lýst í afsalinu.

Á almennum hreppsfundum í Laxárdalshreppi, sem haldinn var að Þorbergsstöðum 12. nóvember 1906, var getið um fjallatolla til eiganda Þverdals. Í fundargerðinni segir:

Var því næst upprekstur á fénaði tekinn til athugunar og eptir allmiklar umræður kom hreppsnefndin sér saman um að reglugjörðin frá 31. ág 1871 skyldi gilda fyrir það fyrsta næsta ár að örðu leiti en því að Lambastaðabóndinn gjaldi fjallatoll að Dönustöðum. Lækjarskógarbóndinn að ~~Þorb~~ eiganda Þverdals og Saurabóndinn að Ljárskógum.

Í kafla um Þorbergsstaði í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1884 og svo segir:

Ennfremur hefir sú breyting orðið á jörðinni Þorbergsstöðum að undir hana liggur afréttarlandið Þverdalur eftir landamerkjaskrá nr. 111, þinglesinni 29. maí 1885. með þeim takmörkunum þó, að Skógsmúli, sem hafði sameiginleg landamerki með Þverdalslandi, hefir samkv. afsalsbréfi dags. 15. febr. 1901, verið seldur undan með þessum ummerkjum ...

Afsalið frá 15. febrúar 1901 hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands en umræddum merkjum, sem fram komu í afsalinu, er lýst í jarðamatinu. Þá er í jarðamatinu sérstakur kafli um Skógsmúla þar sem vísað er til landamerkja „jarðarinnar“ samkvæmt afsalinu frá 15. febrúar 1901.

Í svari hreppstjóra Laxárdalshrepps, dagsettu 12. júní 1920, vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919, um almenninga eða afrétti innan sýslunnar, segir: „... það er ekkert svæði hjer i hrepp sem geti heirt undir almenninga heldur eru öll afréttarlönd hreppnum tilheirandi einstakra manna eign.“

---

Hinn 11. ágúst 1950 afsalaði Jón Óli Árnason í Köldukinn, syni sínum Sigurði, 2/3 hlutum jarðarinnar og í afsalinu er tekið fram að „öll eyðijörðin Skógsmúli“ fylgi með hinum seldu hlutum.

Í ritinu *Dalamenn: æviskrár 1703–1961*, sem er rituð á árunum 1961–1966, er fjallað um búsetu í Skógsmúla. Þar kemur fram að Sæmundur Hallgrímsson hafi reist nýbýli í Skógsmúla árið 1831 og búið þar til 1834 og að Sigurður Jónsson hafi verið bóndi þar á árunum 1853–1888. Þá eru þar nefndir 11 aðrir bændur sem héldu bú í Skógsmúla um mislangt skeið á tímabilinu 1893–1937.

Árið 1961 skrifaði Jóhannes Ásgeirsson um Skógsmúla í greinaröð sinni „Sagnir af eyðibýlum“ í vikublaðinu *Frjáls þjóð*, en þar segir m.a.:

Hér um bil í landnorður í háls þann, er gengur fram milli Haukadals og Laxárdals skerst dalur, er Þverdalur kallast. Frammi á dal þessum er eyðibýlið Skógsmúli. Þar var fyrst selstöð frá Stóraskógi og síðar frá Þorbergsstöðum í Laxárdal. Þar hafði Kristján Tómasson hreppstjóri selstöð, fyrir og upp úr síðustu aldamótum og var þar setið hjá um 200 ám frammi á dalnum. Oftast mun fólk hafa verið þar framfrá yfir sumartímann, bæði smalar og selráðskonur. Einnig var þar búið eftir að selstöð lagðist þar niður, en þó eru milli 20 og 30 ár síðan Skógsmúli fór í eyði.

Árið 1965 skrifaði Jóhannes Ásgeirsson aftur um Skógsmúla í greinaröð sinni „Sagnir af eyðibýlum“ í sama blaði, en þar segir m.a.:

Langt frammi á hálsinum, sem skilur Haukadal og Laxárdal frá öðrum bæjum, er eyðibýlið Skógsmúli. Sá sem reisti þar fyrst bæ hét Sæmundur Hallgrímsson og bjó þar frá 1831–'34. Kristján Tómasson hreppstj. Laxdælinga, bjó á Þorbergsstöðum frá 1869–1907. Hann hafði lengi selstöð frammi í Skógsmúla, og hélt fólk þar til framfrá yfir alla sumarmánuðina, bæði smala og selráðskonur og var þá setið hjá ánum, sem voru venjulega um 200, fram á svokölluðum Þverdal. Talið er að einhverntíma hafi Stóri-Skógur í Miðdölum haft selstöðu í Skógsmúla, og nokkuð er það að Skógsmúli er talinn til Miðdala, en ekki til Haukadals eða Laxárdals, sem virðist þó eðlilegra, eftir staðháttum. Síðasti bóndinn í Skógsmúla, Björn Magnússon, bjó þar frá 1925–37. Hann fórst af slysförum 1938 og var þá fluttur að Þorbergsstöðum. 13–14 bændur munu hafa búið í Skógsmúla á rúmri öld eða um 106 ára skeið ...

Loks skal þess getið að í fjölda heimilda um Hjarðarholtskirkju er getið um réttindi kirkjunnar til stóðhrossabeitar á Þverdal. Er þar um að ræða máldaga kirkjunnar frá 1355, 1375, 1397, 1528 og 1570; vísitásiur hennar frá 1639, 1675, 1699, 1725, 1726, 1731, 1750, 1753, 1758, 1782, 1803, 1820, 1727 og 1866; úttekt kirkjunnar frá 1699; *Jarðabók Árna Magnússnoar og Páls Vídalíns* frá 1703; greinargerð Orms Daðasonar frá 1744, um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu; landamerkjabréf Hjarðarholts frá 1886; matsgerð jarðarinnar frá 1910 og umfjöllun um Hjarðarholt í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918. Í framangreindum heimildum kirkjunnar er jafnframt getið um önnur ítök kirkjunnar, þ. á m. selstöðuna Þrándargil/Þrándarkot og selstöðu í

---

Dönustaðalandi, og er réttindum Hjarðarholtskirkju þar getið meðal annarra ítaka kirkjunnar innan óumdeilda eignarlanda.

Reyndar er í framanröktum máldögum og visitasíum Hjarðarholtskirkju almennt vísað til réttinda kirkjunnar til stóðhrossabeitar á Þverdal, en ekkert liggur fyrir um hvernig Hjarðarholtskirkja eignaðist þessi réttindi. Í heimildum um Hjarðarholtskirkju er í flestum tilvikum vísað til þess að kirkjan eigi stóðhrossabeit í Þverdal, án nánari lýsingar á því hvort um sé að ræða hluta dalsins eða hann allan. Í máldaga Hjarðarholtskirkju frá 1375 er þó vísað til þess að kirkjan eigi stóðhrossabeit í „Þverdal. vpp fra Kolldukinn“ og í vísitási kirkjunnar frá 1639 segir að hún eigi stóðhrossabeit í „Þverdal framann frá Kolldukinn“. Í vísitási Hjarðarholtskirkju frá 1675 er getið um stóðhrossabeit í „Þverdal, frammfrá Kolldukinn“ og „fyrir“ framan kölldukinn“ í vísitási Hjarðarholtskirkju frá 1699. Í ágreiningsmáli milli ábúanda jarðarinnar Vatns og séra Stefáns Benediktssonar í Hjarðarholti árið 1842 var deilt um upprekstur hans á svæðið í skjóli framangreindra heimilda Hjarðarholtskirkju. Gekkst séra Stefán við því að hafa rekið lömb í svokallaðan Skógsmúla á Þverdal, án þess að sækja leyfi til eigenda Vatns. Rangt væri hins vegar að hann hefði rekið þau í land Vatns: „... og þar fyrir eigi þurft að sækja leyfi til Vatns manna, heldur einungis til sameigenda nefnds Þverdals, eptir þeirri heimild sem medfylgjandi sönnu ...“ Ekkert hefur komið fram um hver niðurstaða þessa ágreinings varð, en að mati óbyggðanefndar verður ráðið af fyrirliggjandi heimildum að Hjarðarholtskirkja hafi kallað til réttinda á hálfum Þverdal, þ.e. að réttindi hennar hafi ekki tekið til þess land sunnan og suðaustan árinna sem er óumdeilt eignarland Vatns.

Þá segir eftirfarandi í *Árbók Ferðafélags Íslands frá 1997*:

Þverdalur hefur lengst af verið óbyggður en hins vegar mikið og eftirsótt afréttarland. Hjarðarholtskirkja átti til að mynda allar götur frá 14. öld stóðhrossabeit á Þverdal og er það ítak enn í gildi. Vatnssels er áður getið. Kirkjan í Þykkvaskógi í Miðdölum eignaðist land í Þverdal ekki síðar en á 15. öld. Það var nytjað til selstöðu frá Skógi fram á 19. öld og selið kallað í Skógsmúla.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar getið í fjölda heimilda í tengslum við upprekstur og afréttarnot, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, ef frá eru taldar heimildir um stopula búsetu í Skógsmúla. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn er til þess að líta að þær heimildir sem liggja fyrir benda að mati óbyggðanefndar til þess að Þverdalur hafi verið talinn hluti af jörð, fremur en að það

---

hafi verið afréttur að lögum frá öndverðu.<sup>458</sup> Framar er fjallað um landnám á svæðinu og að bæði Höskuldsstaðir og Vatn hafi verið landnámsjarðir. Báðar liggja jarðirnar að ágreiningssvæðinu, Höskuldsstaðir að norðanverðu og Vatn að sunnanverðu, og raunar er suðurhluti Þverdals hluti af jörðinni Vatni. Þar kemur einnig fram að það sé mat óbyggðnefndar að ólíklegt verði að teljast, með hliðsjón af staðháttum, að landnám hafi einungis náð til suðurhluta Þverdals, en ekki norðurhluta hans, þannig að ágreiningssvæðið hafi fallið utan landnáms. Það sem fram kemur í skoðunargerð fyrir jörðina Höskuldsstaði, dagsettri 16. október 1837, fær að mati óbyggðanefndar samrýmst þessari ályktun, en þar segir: „... enn epter sögn gamallra manna, hefer þar, underleiged halfur Þverdalur, og svo kalladur Skógsmúle sem er gott og miked fiallland ...“

Þá benda framangreindar heimildir til þess að eigendur Stóraskógar hafi farið með umráð og hagnýtingu svæðisins a.m.k. frá fyrri hluta 15. aldar. Fyrir liggur kaupsamningur um Þykkvaskóg frá árinu 1427, þar sem fram kemur að Þverdalur tilheyri jörðinni og er merkjum þar lýst að hluta. Einnig liggur fyrir vitnisburður frá árinu 1494 um að Skógsmúli hafi tilheyrt Þykkvaskógi og að land Skógsmúla hafi verið innan ágreiningssvæðisins. Jafnframt liggur fyrir að landsvæðið var selt frá Stóraskógi ekki síðar en árið 1867 og var því orðið sjálfstæð eining á þeim tíma sem sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir „Skógsmúla og Þverdalsland“ árið 1885. Auk þess er Skógsmúli metinn sérstaklega til verðs í jarðamatinu 1849–1850.

Af heimildum um nýtingu svæðisins og sölu þess má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum en eigendum þess til afnota án leyfis, fyrir utan fyrrgreind réttindi Hjarðarholtskirkju á ágreiningssvæðinu. Í auglýsingu sýslumanns Dalasýslu frá 26. júní 1818 um fyrirkomulag uppreksturs á Þverdal, var getið um upprekstur tiltekinna jarða á „Þverdal Stóra-skóge eygnadan“ þar sem vísað var til svæðisins sem „Þverdals Afrétt“. Hins vegar gerði sýslumaður viðbót við auglýsinguna árið eftir, 12. ágúst 1819, þar sem fram kom að lambatolla ætti að greiða strax í réttinni, sem síðan ættu að skiptast milli „Vatns og Stóraskógs Bænda til Jafnaðar.“ Jafnframt var fallist á greiðslu bóta í deilumáli vegna upprekstrar á Þverdalsland, sem ráðið var til lykta á sáttanefndarfundi í júní 1826. Deilan stóð milli eiganda Stóraskógs og ábúanda Köldukinnar (áður ábúanda Vatns). Lauk deilunni með því að ábúandi Köldukinnar samþykkti að greiða bætur vegna upprekstrar hans á Þverdalsland. Þá er einnig til þess að líta að á almennum hreppsfundi í Laxárdalshreppi 12. nóvember 1906 var samþykkt að greiða tolla vegna upprekstrar, þar á meðal ætti Lækjarskógarbóndi að greiða fjalltoll til eiganda Þverdalslands. Auk þess var í fundargerðinni vísað til fjalltolla sem átti að greiða eigendum Dönustaða og Ljárskóga, en þar er um að ræða óumdeild eignarlönd.

Eins og fram hefur komið hófst búseta á fyrri hluta 19. aldar á þeim hluta svæðisins sem nefndur hefur verið Skógsmúli. Af gögnum málsins verður ráðið að

---

<sup>458</sup> Sjá nánar um hugtökin jörð og afréttur kafla 4.2, 4.4 og 4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem og um hugtökin jörð og afréttur í (í viðauka).

---

Sæmundur Hallgrímsson hafi reist þar býli árið 1831 og búið þar til ársins 1834. Búseta mun hafa hafist á ný á Skógsmúla árið 1853 og staðið yfir með hléum til ársins 1937. Tilraunir til búsetu á Skógsmúla virðast hafa verið tilefni þess að lesið var upp bann við upprekstri á Skógsmúla og Þverdal á manntalsþingi að Hjarðarholti 16. maí 1832. Þar er í fyrsta sinn getið um aðgreiningu Skógsmúla frá öðru landi Þverdals, án þess þó að merkjum þar á milli sé lýst.

Í fyrrgreindu banni við upprekstri á Skógsmúla og Þverdal kom fram það álit sýslumanns að „lands eigendur og Stóra-Skógs ábúendum“ væri heimilt að leyfa Sæmundi Hallgrímssyni svæðið til „nýbýlinga löglegrar brúkunar“ enda hefði enginn gefið sig fram eða tilgreint nokkra heimild um að „téd land væri fyrri afrétt brúkað hvar með landeigendur sviptust sínum eignarrétti.“ Að mati óbyggðanefndar bendir framangreint eindregið til þess að þar hafi verið eignarland, enda er ekki ástæða til að ætla að búsetan hafi getað orðið til án þess að landið sem það stóð á, hafi verið háð beinum eignarrétti, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 93/2017 (Djúpidalur „utan Grjótgarðs“ og Þverdalur ásamt Mælifelli eða Mælifellsseli).

Þá hefur einnig í heimildum verið getið um að sel hafi verið í Þverdalslandi. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1703, þar sem fjallað er um Stóraskóg, er getið um selstöðu sem jörðin eigi á Þverdal. Kemur þar fram að hún sé: „jafnlega brúkuð, í meðallagi að kostum og miður ...“ Þá er getið um selstöðu í umfjöllun séra Bjarna Eggertssonar í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, í kafla um Kvennabrekkuprestakall frá 1840, þar sem segir að selstaða tilheyrir jörðinni Stóraskógi í „Vatns-Þverdal“. Einnig segir að í Stóru-Vatnshornssókn eigi Vatn selstöðu í „Vatns-Þverdal“.

Í þessu tilliti er rétt að taka fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>459</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Enda þótt nýting svæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en heimalandsins leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og samkvæmt heimildum var búið í skjóli eigenda á þeim hluta ágreiningssvæðisins, sem í dag hefur verið aðskilið frá Þverdal og nefnt Skógsmúli, þegar árferði leyfði. Þá liggja að Þverdal eignarlönd til

---

<sup>459</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

allra átta. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að Þverdalur hafi síður orðið undirorpinn beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði. Þetta atriði er til þess fallið að styðja við niðurstöðu um að réttindi Stóraskógs á Þverdal hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þess sem kann að hafa áhrif á sönnun um hvort land sé eignarland eða þjóðlenda. Um það atriði vísast til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, og frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Með vísan til síðarnefnda dómsins er jafnframt ljóst að land getur verið eignarland þótt það sé aðskilið frá öðru landi Stóraskógs af öðrum fasteignum.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Þverdalsland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Stóraskógar, sem eigandi Köldukinnar og íslenska ríkið leiða rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Þverdals, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>460</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## **6.4 Fjallendi Skarðs**

### **6.4.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt fjallendi Skarðs. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi jarðarinnar Skarðs, gera kröfu til þessa svæðis sem eignarlands síns og byggja á að það sé hluti af jörðinni. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Skarðs er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að norðanverðu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1.6 og 3.3.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 200 metra hæð yfir sjávarmáli og rís hæst í Geldingafelli (820 metrar) í norðausturhorni þess. Haukadalsskarð liggur í gegnum landsvæðið og afmarkar svæðið að hluta til að norðanverðu. Sunnan Haukadalsskarðs rís land skarpt í Klambrafelli en hæsti tindur þess er í um 550 metra

---

<sup>460</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

hæð yfir sjávarmáli á austurmörkum svæðisins. Sunnan Klambrafells er Svínadalur. Um hann rennur Svínadalsá og afmarkar svæðið að sunnanverðu, en Haukadalsá afmarkar það að vestanverðu. Láglandasti hluti svæðisins eru vel gróinn en eðli málsins samkvæmt er minni gróður eftir því sem land hækkar. Frá bæjarstæði Skarðs að ármótum Réttargils og Haukdalsár á norðurmörkum ágreiningssvæðisins eru um aðeins 600 m, mælt í beinni loftlínu. Frá bæjarstæðinu að ármótum Svínadalsár og Haukadalsár á suðurmörkum ágreiningssvæðisins eru rúmir 3 km í beinni loftlínu.<sup>461</sup>

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafanna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar, er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óaréttir sem beitar svæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

---

<sup>461</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem Þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan Þjóðlendukröfulína hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrtilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í Þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega fjalllendi Skarðs er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því Þjóðlenda. Verði að telja að af fyrirliggjandi heimildum og landfræðilegum aðstæðum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Við afmörkun Þjóðlendukröfulínunnar sé aðallega stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Skarð, dagsettu 20. maí 1887, og sýslu- og sveitarfélagamörk. Þá hafi við afmörkun svæðisins einnig verið litið til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Giljaland, dagsett 4. maí 1886, Kross, dagsett 27. maí 1885, og Mela, dagsett 4. mars 1890, sem og afmörkunar á Þjóðlendukröfussvæðum íslenska ríkisins vegna Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfaafreftar.

Í kröfu íslenska ríkisins felist í fyrsta lagi að land í kringum Klambrafell, þ.e. frá Haukadalsskarði að norðan, sýslumörkum að austan, Svínadalsá að sunnan og Haukadalsá að vestan verði talin Þjóðlenda en um skýrt afmarkað hálent svæði sé að ræða, afmarkað af glöggum náttúrulegum einkennum. Þá sé enn fremur gerð krafa til þess að hálendið ofan og austan við fjallsbrún Bana, austur að Geldingafelli og að Haukadalsskarði sé Þjóðlenda. Við afmörkun kröfulínunnar á þessu svæði hafi verið litið til glöggra náttúrulegra merkja og staðhátta, og sé miðað við að land austan og norðan línunnar sé hluti af samnotaafreftarsvæði, enda sé það sannanlega hálent svæði.

---

Vísað er til þess að fjallendi Skarðs falli innan merkja jarðarinnar Skarðs, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Skarðs, en að af hálfu íslenska ríkisins sé ekki fallist á að allt það landsvæði, sem lýst sé í landamerkjabréfi jarðarinnar, sé undirorpið beinum eignarétti. Á því er byggt að merkjalýsing landamerkjabréfsins styðjist ekki við eldri heimildir auk þess sem landamerkjabréfið sé ekki áritað um samþykki vegna landsvæðis Mela í Strandasýslu, sem sé aðliggjandi ágreiningssvæðinu til austurs.

Fyrirliggjandi eldri heimildir vísi til umrædds landsvæðis sem afréttarlands. Er í því sambandi vísað til umfjöllunar um Skarð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*<sup>462</sup> þar sem segi meðal annars að átroðningur sé af afréttarfé, að nokkuð af landi jarðarinnar leggist til afréttararbeitar og að jörðin taki hálfu tolla á móti hinum sem afréttinn eigi. Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segi síðan um Skarð að þar sé beitarland og afrétt „og hafa þar upprekstur aller ur Haukadal a vorenn“. Þyki framangreindar heimildir ekki gefa annað til kynna en að jörðin Skarð, ásamt öðrum í Haukadal, hafi aðeins átt takmörkuð réttindi á umræddu svæði. Þá liggi fyrir dómur Orms Daðasonar sýslumanns sem kveðinn var upp 1735, þar sem einnig sé vísað til eldri dóms frá 1644. Í dómnum hafi komið fram að rekið hefði verið á Skarðsfjall úr þremur sveitum; Haukadal, Miðdölum og Laxárdal, en svo hafi einnig verið rekið á Vatnshornsland og Jörfa. Skarðsmenn hafi tekið tollana að hálfu en Jörfi og Vatnshorn að hálfu. Dæmt hafi verið um að rekstur á þessi fjöll skyldi vera með þeim hætti sem áður hefði verið og því hafi verið um skylduupprekstur að ræða. Aftur hafi verið kveðinn upp dómur árið 1755 þar sem áréttað hafi verið um skylduupprekstur á Skarðsafrétt og greiðsluafréttartolls. Enn fremur hafi varðveist samþykkt um Skarðsafrétt sem sé talin vera frá síðari hluta 18. aldar, en samkvæmt henni hafi einnig verið áréttað að skylduupprekstur skyldi vera á Skarðsafrétt úr Laxárdals-, Haukadals- og Miðdalahreppi. Þar komi einnig fram að Skarð hafi átt lítið eða ekkert af því afréttarlandi sem skylduupprekstur hafi verið á og að tollar vegna uppreksturs skyldu skiptast í þrennt milli Vatnshorns, Jörfa og Skarðs, en tollinum til Skarðs hafi verið ætlað að bæta átroðning af fé og til viðhalds á réttinni.

Fram kemur af hálfu íslenska ríkisins að það telur að framangreindar heimildir kunni að benda til þess að landsvæðin fjallendi Skarðs, Stóra-Vatnshornsmúli og Jörfaafréttur, sem það gerir þjóðlendukröfu í, hafi öll verið eitt afréttarsvæði, Skarðsafrétt, og að landfræðilegar aðstæður og staðhættir styðji jafnframt það mat. Er um það vísað til umfjöllunar í *Sýslu- og sóknalýsingum* þar sem segir: „[a]stur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland“. Þar sé einnig fjallað um „Haukadalsafréttar fjárrétt fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð“, en það gefi til kynna að þarf hafi ekki verið eignarland. Loks er af hálfu íslenska ríkisins vísað til

---

<sup>462</sup> Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

---

umfjöllunar um afrétti á Skarði og Vatni, hvor í sínum enda Haukadals, í *Árbók Ferðafélags Íslands frá 1997*.

Af hálfu íslenska ríkisins er þannig á því byggt að fjallendi Skarðs hafi verið samnotaafrétt og skylduafrétt þriggja hreppa. Fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að Skarð hafi ekki átt neitt eignarréttarlegt tilkall til svæðisins heldur hafi einungis fengið greidda tolla vegna ágangs af afréttarfé og til viðhalds á rétt fyrir afréttarsvæðið. Verði því ekki séð að Skarð hafi átt nokkur réttindi á landsvæðinu umfram aðra. Af heimildum megi einnig ráða að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna fjallendis Skarðs liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé og ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir svæðinu.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýsts eiganda jarðarinnar Skarðs, er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigandi að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í

---

framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleyfi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (*Papamichaloppulos gegn Grikklandi*), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (*fyrrum Grikklandskonungur og fleiri gegn Grikklandi*) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (*Beyeler gegn Ítalíu*).

Þá byggji landeigandi einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætunlegu trausti á réttargerning sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (*Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi*), dóms MDE frá 24. júní 2003 (*Stretch gegn Bretlandi*) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (*Kopecký gegn Slóvakíu*).

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðan 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvernar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að það falli innan landnámslýsinga.

---

Fram kemur að krafa gagnaðila íslenska ríkisins sé byggð á þinglýstum afsölum og öðrum heimildum er varða jörðina Skarð. Er þar einkum vísað til landamerkjaskrár fyrir jörðina Skarð frá 20. maí 1887, þinglýstri 25. sama mánaðar. Á því sé byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt.

Þá er einnig vísað til umfjöllunar í *Jarðabók Árna og Páls* frá árinu 1703, þar sem segi að ábúandi taki hálfu tolla á móti hinum sem afréttinn eigi. Sú staðreynd að tollar hafi verið innheimtir af landinu bendi til þess að um eignarland sé að ræða, enda sé ekki hægt að innheimta tolla af landi sem enginn á. Fyrir liggja fjölmargar heimildir þar sem fram komi að óheimilt hafi verið að nytja umrætt landsvæði nema með leyfi landeiganda, m.a. að viðlögðum sektum, og renni það stoðum undir það að um beinan eignarrétt að landsvæðinu hafi verið að ræða.

Samkvæmt þeim eignarheimildum sem vísað sé til í málinu, sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti og það skeri ekki úr um að landið sem um ræðir hafi verið kallað afrétt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði), enda hafi landsvæði sem töldust afréttir samkvæmt eldri hugtakanotkun verið talin eignarlönd. Landsvæðið sé aðliggjandi hinum hluta jarðarinnar og ekkert sérstakt sem aðskilji þessa tvo hluta þannig að ástæða sé að telja fjalllendi jarðarinnar undirorpinn óbeinum eignarrétti. Afréttarland hafi verið sú náttúruauðlind sem hafi verið skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða sé til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

Sérstaklega sé vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu. Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt. Landeigandi telji því að fyrir liggja að allt land í Dalasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land í Dölum hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 4. september 1920 til Stjórnarráðs Íslands þar sem komi fram að spurst hafi verið fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum Dalasýslu og samkvæmt yfirlýsingum þeirra væru engir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki heyrðu lögbýli til.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið stofnun eignarréttar við landnám. Land jarðarinnar Skarðs hafi greinilega allt verið innan landnáms, þ.m.t. ágreiningssvæðið, og hafi verið byggt á því alla tíð. Það megi sjá á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði sé eign Skarðs á sama máta og annað landsvæði hennar.

---

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Dölum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir á því að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvamsheiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Gagnaðili íslenska ríkisins byggja á því að landamerkjálýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjálaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess, að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. mál nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalýsingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmening, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Á því er byggt að Skarð sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem fari ekki í bága við eldri heimildir. Þess vegna beri íslenska ríkið sönnunarbyrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvamsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

---

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé jörðin umlukin öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afréttta, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „... það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færest undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að landsvæði þetta hafi ætíð fylgt jörðinni Skarði, sbr. orðalag í elstu heimildum. Ítreka beri hve geysi verðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi, hvað þetta varðar, benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarka hafi verið, meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að jarðir þær, sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að innan merkja ágreiningssvæðisins sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Eigandi hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð væri unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f.



---

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla.

Nú sé því alls ekki haldið fram að umþrætt landssvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja.

Í dómi Hæstaréttar frá 16. október 1997 í máli nr. 274/1996 (á blaðsíðu 2792 í dómasafni) (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar 1939, bls. 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt landsvæði sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum Skarðs, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðilanna verið þinglýst athugasemdalaust.

Í ljósi framangreindra heimilda telji gagnaðili íslenska ríkisins að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum séu fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðili þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landssvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeigenda byggir m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu landeigenda. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfufylýsingu landeigenda. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en allt land í Dölum hafi verið numið í öndverðu.

---

Landeigandi leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem byggir á almennum óskráðum meginreglum stjórnarsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. stjórnarsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigandi verði á þeim grundvelli ekki sviptur eignarréttindum sínum bótalaut, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar 1961, bls. 629.

Landeigandi telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeiganda sé ekki fullkomin eign hans.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjajörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm réttarins í máli nr. 48/2004 (Framfréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísar sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli

---

borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttinasáttmálann, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigandi hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfugerð þess um þjóðlendu á svæðinu mótmælt og á því byggt að svo virðist sem ríkið byggji einkum á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar 1960, bls. 786 (Skeljabrekka) og dóm Hæstaréttar frá 1994, bls. 2227 (Geitland). Landeigandi telji að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis að svæðið hafi ekki verið numið til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðið hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011, (sameignarlandi Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum), að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Ríkið viðurkenni land aðliggjandi jörðinni og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig er vísað til mannréttinasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu,

---

jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar fjallendis Skarðs er rakin í kafla 5.4 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Að minnsta kosti hluti ágreiningssvæðisins fellur undir sameiginlegt afréttarsvæði, þ.e. Skarðsafrétt, ásamt ágreiningssvæðunum Stóra-Vatnshornsmúla, sem fjallað er um í kafla 6.5, og ágreiningssvæði vegna Jörfaafréttar, sem fjallað er um í kafla 6.6.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum fjallendis Skarðs er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1.6 og 3.4. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Skarð, dagsett 20. maí 1887 og þinglýst 25. sama mánaðar.<sup>463</sup> Landamerkjabréfið hefur að geyma heildstæða lýsingu á óumdeildu eignarlandi Skarðs og fjallendi Skarðs, án aðgreiningar þar á milli. Landamerkjabréfið er elsta heimildin, og jafnframt sú eina, sem lýsir merkjum ágreiningssvæðisins. Það er undirritað af Jóni Jónssyni eiganda Skarðs og undirritað um samþykki af J. Magnússyni „umráðamanni kirkjujarðarinnar Kross“ og Jóni B. Jónssyni eiganda Stóra-Vatnshorns.

Verða nú austurmerki ágreiningssvæðisins fyrst tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi Skarðs frá 1887 er austurmerkjum lýst svo: „Frá hinum norðvestari Grjóthól á há Geldingafelli, suður á litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadalsskarðs, þaðan yfir Haukadals skarð, þar sem vötnum hallar milli Ormsár að austan og Rjettargils að vestanverðu, þá beint yfir Klambrafell og þangað sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala.“

Austan ágreiningssvæðisins og handan sýslu- og sveitarfélagamarka, er land sem er innan landamerkja jarðarinnar Mela í Hrútafirði, þ.m.t. land eyðijarðarinnar Grænumýrartungu. Melar ásamt Grænumýrartungu tilheyra svonefndu svæði 10A hjá óbyggðanefnd, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Nefndin hefur tekið umrætt svæði til meðferðar og veitt íslenska ríkinu frest, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu. Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Grænumýrartungu heldur er land Grænumýrartungu innan þeirra

---

<sup>463</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Skarðs frá 1887.

---

merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Mela, dagsettu 4. mars 1890 og þinglýstu 19. júní sama ár. Þar segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „Að Vestanverðu. [...] norður yfir milli Svínadalanna næst því sem vötnum hallar til þeirra beggja. Þaðan yfir Klambrafell þvert í Haukadalsskarð, þar sem holt eru hæst milli Ormsár að austan [að austan ofan línu] en Rjettargils að vestanverðu, þaðan beint uppá hæst Geldingafell.“

Í kröfugerð íslenska ríkisins er austurmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... í norðvestari grjóthól á hábungu Geldingafells (4), sem jafnframt eru sýslumörk gagnvart Strandasýslu, sveitafélagamörk og mörk kröfusvæðis, sýslumörkum er svo fylgt til suðurs yfir Haukadals-skarð og að Svínadalsá (5) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er um þann hluta merkjanna sem hér um ræðir vísað til framangreinds landamerkjabréfs Skarðs frá 1887 og merkjum lýst svo: „Frá hinum norðvestari Grjóthól á há Geldingafelli (1), suður á litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadals-skarðs (2), þaðan yfir Haukadals skarð, þar sem vötnum hallar milli Ormsár að austan og Rjettargils að vestanverðu (3); þá beint yfir Klambrafell og þangað sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala (4).“ Samræmi er milli legu kröfulína málsaðila á framlögðu kröfulínukorti, að því er austurmerkin varðar.

Í þeim heimildum sem varða austurmerki ágreiningssvæðisins eru merkin á tveimur stöðum miðuð við vatnaskil, þ.e. annars vegar við vatnaskil milli Ormsár og Réttargils við Haukadals-skarð, og hins vegar við vatnaskil milli eystri og vestari Svínadala. Óbyggðanefnd kallaði því eftir gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á svæðinu. Þar kemur fram að vatnaskil eru í báðum tilvikum í samræmi við hvar gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfupunkta sína, þ.e. punkta 3 og 4. Það er einnig í samræmi við sveitarfélagamörk á svæðinu, sem dregin eru á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands, og þar af leiðandi í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins sem fylgir sveitarfélagamörkum.

Þá er sérstaklega minnst á „litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadals-skarðs“ í landamerkjabréfi Skarðs frá 1887. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar við að örnefnið sé staðsett við vatnaskil og sveitarfélagamörk, nánar tiltekið þar sem hann staðsetur kröfupunkt nr. 2 á kröfulínu sinni. Þá er fullt samræmi milli kröfulína beggja málsaðila á þeim stað sem umrætt örnefni er staðsett af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Því er ekki ágreiningur milli málsaðila um staðsetningu örnefnisins og önnur gögn málsins benda ekki til annars en að það sé rétt staðsett af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Að mati óbyggðanefndar eru kröfulínur málsaðila því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir varðandi austurmerki ágreiningssvæðisins.

Næst verða suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi Skarðs frá 1887 er suðurmerkjum lýst svo: „Að sunnanverðu ræður Svínadalsá [þaðan sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala] þar til hún fellur í Haukadalsá.“

Sunnan við liggur ágreiningssvæði vegna Stóra-Vatnshornsmúla, sem fjallað er um í kafla 6.5. Í landamerkjabréfi fyrir Stóra-Vatnshorn og Skinnþúfu, dagsettu 15. maí

---

1886 og þinglýstu 28. sama mánaðar<sup>464</sup>, er merkjum gagnvart fjalllendi Skarðs lýst svo: „Svínadalsá frá Haukadalsá eftir Svínadal á fjall upp og á fjalli sem vötnum hallar ...“ Í yngra landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns, dagsettu 31. desember 2002 og þinglýstu 15. júní 2003<sup>465</sup>, er sömu merkjum lýst svo: „... Svínadalsá frá Haukadalsá upp eftir Svínadal þar til vötnum hallar norður af.“ Bæði landamerkjabréfin voru undirrituð um samþykki vegna Skarðs.

Í kröfugerð íslenska ríkisins er suðurmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... að Svínadalsá (5), sem svo ræður merkjum til vesturs niður í Haukadalsá (6) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er um þann hluta merkjanna sem hér um ræðir vísað til landamerkjabréfs Skarðs frá 1887 og merkjum lýst svo: „Að sunnanverðu ræður Svínadalsá þar til hún fellur í Haukadalsá (5).“ Samræmi er milli legu kröfulína málsaðila á framlögðu kröfulínukorti, að því er suðurmerkin varðar.

Að mati óbyggðanefndar er samræmi milli landamerkjabréfs Skarðs frá 1887 og landamerkjabréfa Stóra-Vatnshorns frá 1886 og 2002. Enn fremur eru kröfugerðir málsaðila í samræmi við umræddar heimildir að mati nefndarinnar, hvað suðurmerkin varðar.

Næst verða vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi Skarðs frá 1887 er vesturmerkjum lýst svo: „Að vestanverðu milli Skarðs og Kross ræður Haukadalsá frá Svínadals á, þar til Skarðsgilslækur fellur í hana.“

Vestan við ágreiningssvæðið er jörðin Kross. Í landamerkjabréfi fyrir Kross, dagsettu 6. maí 1885 og þinglýstu 27. sama mánaðar<sup>466</sup>, segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „... Haukadalsá [ræður] neðan frá Merkjalág og fram til Þorleifs(staða)gils.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Villingadals, Jörfaafréttar, Skarðs og Giljalands.

Í kröfugerð íslenska ríkisins er vesturmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... í Haukadalsá (6) og þaðan ræður Haukadalsá til norðurs ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er um þennan hluta merkjanna vísað til landamerkjabréfs Skarðs frá 1887 og merkjum lýst svo: „Að vestanverðu milli Skarðs og Kross ræður Haukadalsá frá Svínadals á ...“ Samræmi er milli legu kröfulína málsaðila á framlögðu kröfulínukorti, að því er vesturmerkin varðar.

Að mati óbyggðanefndar er samræmi milli landamerkjabréfa Skarðs frá 1887 og landamerkjabréfs Kross frá 1885 um að Haukadalsá ráði merkjum, þaðan sem Svínadalsá fellur í hana. Kröfugerðir málsaðila eru einnig báðar í samræmi við að Haukadalsá ráði vesturmerkjum ágreiningssvæðisins.

Loks verða norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Norðan við ágreiningssvæðið, eins og það er afmarkað í aðalkröfu íslenska ríkisins, er óumdeilt

---

<sup>464</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Stóra-Vatnshorns frá 1886.

<sup>465</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Stóra-Vatnshorns frá 2002.

<sup>466</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Kross frá 1885.

---

eignarland Skarðs. Í landamerkjabréfi Skarðs frá 1887, sem er eina heimildin um merki Skarðs, er merkjunum lýst í einu lagi, án aðgreiningar milli ágreiningssvæðisins og óumdeilds eignarlands jarðarinnar. Því liggja ekki fyrir heimildir um merki þar á milli.

Í kröfugerð íslenska ríkisins eru norðurmerki ágreiningssvæðisins dregin svo:

Upphafspunktur er neðst í Svartagili í Haukadalsskarði (1), gílinu er fylgt norður upp á fjall og í um 600 metra hæð er farið vestur og norðvestur eftir fjallinu Bana og eftir sömu hæðarlínu að Skarðsgili (2), gílinu er fylgt norðaustur svo langt sem það nær og að svokölluðum Sandhóli við Skarðsgilsbotn (3) en þaðan beina sjónhendingu í norðvestari grjóthól á hábungu Geldingafells (4) [...] og þaðan ræður Haukadalsá til norðurs að þeim stað sem lækjarfarvegurinn austan úr Haukadalsskarði mætir Haukadalsá (7), botni Haukadalsskarðs er svo fylgt að Svartagili (1) sem er upphafspunktur.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfulínu sína að norðanverðu við landamerkjabréf Skarðs frá 1887. Þar er merkjum jarðarinnar lýst mun lengra til norðurs en sem nemur norðurmörkum ágreiningssvæðisins.

Þar sem ekki er ágreiningur um norðurhluta þess svæðis sem er innan landamerkja Skarðs er ekki þörf á frekari umfjöllun um norðurmerki landsvæðisins hér. Þó skal áréttað að kröfugerð íslenska ríkisins er byggð á að land Skarðs nái ekki lengra til suðurs en sem nemur kröfulínu þess, sem afmarkar ágreiningssvæðið að norðanverðu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirbyggjandi heimildir til þess að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja Skarðs.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að Dala-Kollur Veðrar-Grímsson hafi numið allan Laxárdal ofan til Haukadalsár. Einnig er greint frá því að Þröstur og Grenjuður Hermundarsynir hafi numið land í Hrutafirði og búið að Melum og að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi Meldúnssyni leysingja sínum Sauðafellslönd. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og hátt til fjalla landnám hafi náð. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat

---

á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðbyggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af þeim heimildum sem liggja fyrir um Skarð og Skarðsafrétt verður ráðið að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði a.m.k. hluti ágreiningssvæðisins ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort



---

þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hvort ágreiningssvæðið hafi verið hluti af eignarlandi jarðarinnar Skarðs.

Elsta heimild sem getur um Skarð er kaupbréf, dagsett 18. febrúar 1541, þar sem Ormur Sturluson seldi nokkrar jarðir í Haukdal, þar á meðal Skarð, til Daða Guðmundssonar í Snóksdal. Skarðs er svo getið meðal eigna í dánarbúi Daða Guðmundssonar árið 1564.

Fyrir liggja nokkrir dómar um upprekstur á ágreiningssvæðið. Í þeim elsta, dagsettum 18. maí 1644, segir m.a.:

... dómsm(enn) tilnefnder af sýslumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort upprekstrar skule vera á Skards-Fjall edr ecke [...]. Kom framm í fyrstu að upprekstrar hafe vered á Skardsfjall ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal, Middölum og Laxárdal og að so hafe vered samantekid umm Rekstrinn og Tollana að reked hafe vered á Skards-fjall, Vatnshornsland og Jörva og Skards menn hafe teked tollana að hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu tollana; enn þ(ei)r fra Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa) gielndnaut sín í afretinne. [...] Því að so prófudu og fyrer oss komnu dæmum vér med fullu dómsatqvæde að rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrrnefndum sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest eptir því so sem sidarst þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þángad reka sitt fé, skule láta gánga á fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ ...

Af orðalagi dómsins má ráða að upphaflega hafi verið upprekstur á svonefnt Skarðsfjall úr Haukadal, Miðdölum og Laxárdal, en að síðar hafi verið sammælt um upprekstur og tolla og rekið á Skarðsfjall, Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfaafrétt sameiginlega. Með dómnum var á grundvelli samkomulagsins kveðið á um skyldu til upprekstrar á svæðið. Dómurinn er elsta heimildin sem getur um örnefnið Skarðsfjall.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1703 segir m.a. í umfjöllun um Skarð:

Átroðningur stór til skaða afrjettarpeningi.

Af landinu legst til afrjettarbeitar nokkuð. Tolla hálfu tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga. Ekkert hefur landsdrottinn þar af, eða neitt annað í því nafni. Rjettinni viðheldur ábúandi betalingslaust.

Í umfjöllun um Vatnshorn í *Jarðabók Árna og Páls* segir að kirkjan að Vatnshorni eigi „afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu.“ Þá segir:

Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.

Í framangreindri umfjöllun *Jarðabók Árna og Páls* um Vatnshorn er vísað til umfjöllunar sömu bókar um Jörfa, en þar segir:

---

Hálfkirkjan [að Jörfa] á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb í af rekstri, ef yfir xx lömb eru. Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.

Þá segir í *Jarðabók* Árna og Páls um Kross, sem liggur að Skarði, Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfaafrétti, að jörðin liggi við afrétt og líði „stóran átroðning af afrjettar peningi.“

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason er að finna umfjöllun um Skarð. Þar segir: „Jordenn ä yfer mäta miked land og goda haga, og því gott under bu. Beitarland er þar og Afriett, og hafa þar upprekstur aller ur Haukadal ä vorenn.“

Í dómi um Skarðsafrétt frá 29. mars 1735, segir m.a.:

Laxdælingar; sem fyrer þennan rett hingad til Hvams þ(in)gs hafa vered stefnder, ásamt ödrum þar í sveit, ega hér epter ad þeckia sitt afrettar plats á Skards afrett í Haukadal í mót sidvanalegum Tolle til vidkomenda ...

Dómurinn er elsta heimildin sem getur um örnefnið Skarðsafrétt.

Þá segir í dómi um Skarðsafrétt frá 4. apríl 1755:

Þad er auglióst, so vel af dóme syslumannsins Biarna Petrssonar gengnum ad Saudafelle 1644 sem og af dóme syslumannsins Orms Dadasonar, gengnum ad Hvamme d. 22. Aprilis 1735 ad þeirra þriggia hreppa Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skardsafrétt, heldr og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til ad reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer epter ádr citerudum dómum, dæmest hér med og ályktast ad greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ad öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér epter vera skylduger til ad reka gielfé sitt á Skardsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstíorar þad á vorum tilskipa og samþickia. [...]. Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gielffiár upprekstrs á Skardsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skylduger til med hreppsmanna ...

Á héraðsþingi að Hjarðarfelli 13. september 1756 var spurst fyrir um hvaða bændur í Laxárdal hefðu rekið á Skarðsfjall í Haukadal síðastlíðið vor. Svöruðu þingmenn því til að þeir vissu ekki um neinn úr Laxárdal sem hefði rekið á Skarðsfjall. Á héraðsþingi að Jörfa 15. september sama ár var Jón Andrésson á Fremri-Þorsteinsstöðum dæmdur fyrir að reka „í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt“.

Framangreindir dómur og umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls um Skarð og fleiri jarðir í Haukadal gefa til kynna að í það minnsta hluti Skarðs hafi tilheyrt sameiginlegu afréttarsvæði, ásamt landsvæðum sem kirkjan að Stóra-Vatnshorni og hálfkirkjan að Jörfa kölluðu til réttinda á, og að tollar hafi verið innheimtir fyrir upprekstur þar.

---

Á manntalsþingi að Jörfa 11. júní 1795 var lesið upp kaupbréf frá 26. júlí 1792 þar sem Jón Jónsson á Melum kaupir 10 hundruð í Skarði, en inntaks kaupbréfsins er ekki getið. Á sama manntalsþingi var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbókinni segir m.a.:

5. Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afréttarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadal og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálstan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði.

Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdalasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll [...] og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum ~~hæ~~ skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Skarðsbóndi skal og viðhalda réttinni forsvaranlega; en þeir sem dilka eiga skulu þeim sjálfir viðhalda.

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí 1797 var upplesið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsfjall og borga „þann gamla afréttartoll“.

Varðveist hefur ódagsett samþykkt um Skarðsafrétt, sem talin er frá seinni hluta 18. aldar. Í samþykktinni segir m.a.:

1° Afrettar Bondinn, sa sem byr a Skarde, a ad vera uppriktugur danumadr, skir, glöggr og greidugur so einginn gete med retti neinu oskila bragde a hann komed sem forsomun afdótunar. [...]

2° Epter Dome Syslumanns Biarna Peturssonar utnefndum á Savdafelle þann 18. Maii 1644, Syslumans Orms Dadasonar af 22. Aprilis 1735 og Syslumanns Magnusar Ketilssonar af 4. April 1755 ega þeirra 3 hreppa Laxardals, Havkadals og Middalahrepps Jnnbyggendr skylduupprekstr fyrer lömb og geldfe sitt a so kalladann Skardsafrett.

[...]

5° Þeir sem afretten ega og lambatollana taka, Vatnshorns og Jörvabændr, skulu vera skylduger til ad láta gagnlega og dyggelega leita ad melrackagrenjum i afrettinum á hvorju sumre, og þá grenin finnast ad utvega gagnlegan mann til ad vinna þav, og skulu þeir þessu hafa afloked fyrer Jonsmessu baptistæ edr 24. Junii á hvorju sumre. Og byrjar hreppstiorum þar fyrer utan ad hafa röksamlega tilhlutan umm ad sérhvör buande leite á hvorju vore land sitt epter grenjum, og ega þá dyren ad vinnast uppa sveitarinnar

---

kostnad en afrettarbændr ega ad láta þav vinna uppa sinn eginn kostnad, því nema þav lönd sem nær liggja afrettinum seu vel hreinsud, verda afrettarbændr ei réttelega sektader fyrer sina forsomum þó bite kome framm i afrettinum.

6° Med því Samgavngur eru mille Mela og Skards-afretta og Melaleitadagr er halden á mánudagen i 20 viku sumars og same hefr ad fornu vered leitardagr i Skardsafrett, þa er nu þesse same dagr þar til settr ad færurade, en ef ei verdr þann dag fyrer óvedre leitad, þá hvor næste dagr þar epter þá fært vedr gefzt.

[...]

14° Hvör buande i adrnefndum 3 sveitum, sem á 16 lömb edr fleire so sem hann epter áminnstum lögsömdum domum er skyldugr a Skardsfiall ad reka, so skal hann vera skyldugr afrettar Toll ad gjalda hvort hann rekr á fialled edr ecke reke, fyrer því hann var skyldugr ad reka. [...]

15° Epter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard i Havkadal lited edr eckert af því afrettarlande sem adrsagder 3 hreppar ega med skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skiptazt i 3 stade, hvor af Vatshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þridja part.

16° Fyrer þennan þridja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átroðninge af fiallafenu, og Rettonum, hann heldr og Bók yfer mörkenn epter 3. poste og géfr þar af utskrift þeim mönnum sem verda sender i adrar Retter, epter hreppstiora þar umm giörandi samegenlegre Radstöfun. Auk þessa skal Skards abuande vera skyldugr til ad vidhalda Rettenne i forsvaranlegu stande og hlada veggina so hava ad lömb stockve ei ut og so sterka ad ei hrynje þó menn edr savder hlappe á þeim. Hann skal og vera skyldugr til ad vidhalda þeim Dilcum sem nu eru hladner edr hladner verda. Enn ei skal hann vera skyldugr til ad hlada þá ad nyu. Enn þeir sem nu ega þar Dilka edr vilja hlada sér þar Dilka, sem öllum er heimelt þeim sem upprekstrinn ega, þeir ega fyrst ad setja þá i gott og forsvaranlegt astand og syna þá 3 edr fleirum dugande mönnum i hvada stande þeir eru, og sidan skal afrettarbondenn vera skyldugr til [000] ad vidhalda þeim eins og Rettinne sialfre.

17° Hvor sa sem giörer á mote því, sem af þeim flestu samþikt verdr i þessu efne, skal þar fyrer sekiazt 6 aurum, hvort heldr það er einhver bónde i adrnefndum 3 hreppum edr þeir sem afrettarlanded ega, edr sa bonde sem býr á Skarde af þeirre sekt á kongr helming, enn þeir sem lambatollana taka, annan helming nema þeir verde sialfer seker, þá fare þar um epter Syslumans Radstöfun.

Af 5., 15. og 16. tölulíðum samþykktarinnar verður ráðið að afrétturinn hafi að mestu eða öllu Vatnhorns- og Jörfabændum, en hlutdeild bóndans á Skarði í afréttartollunum hafi verið vegna átroðnings sem hann sætti af afréttarfénu. Í jarðamatinu frá 1804 er Skarð sögð vera 20 hundraða jörð í eigu Benedikts Bogasonar

---

á Staðarfelli til helminga við erfingja Jóns Jónssonar á Melum í Hrútafirði, en ekkert kemur þar fram um afrétti.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 20. maí 1809, um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dali, segir m.a.:

Nú eru þær jarðer margar sem aungvann afrett edur fialland eiga enn eru þó landkreppu jarðer [...] og eru þeirra abúendur skylduger ad leigia afrett og upprekstur land hiá þeim er afrett eiga og ej filla sialfer jtölu sína, fyrer sanngiarnt verd, epter samkomulagi.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 13. ágúst 1809, um fjármörk fjallgöngur og réttir, segir m.a.:

Nú þótt frammtaldar Sveitir hafi engar Skilldu afréttir, utann alleina Haukadalur og partur af Laxár- og Middölum, enn hinar adrar hafa leigt og fengid hiá nábúum hinum, ad reka á Dale, sem ad nockru leiti eru búfiár-hagar, þá samt skulu bændur eins og ádr leigia upprekstrar plátz, hiá þeim sem hafa so Dölum varid, og gialda eptir billegheitum, Samkomulagi og Fiárfjölda, þeim sem beitarlandid tilhejrir.

Hinn 26. febrúar 1833 skrifaði Jón Sigurðsson á Skarði bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna óreglu sem hann taldi vera á fjallskilum og greiðslum fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Í bréfinu segir m.a.:

Þar ydar Velborinn heitum hefur þoknast ad fela mier á hendur ummsiön yfir upprekstur fialleitum og saudfiár Riettar vidhaldi hier á Skards afriett, orsakast eg hiermed til ad géfa ydur til vitundar ÓReglu þá sem mier finst ad árlega taki ýfirhönd ý fiall skilum til, og Fialla tolla gialdi eptir tieda afriett, sem einkanlega er filgiandi: 1: ad bændur þeir sem eýga upprekstur á skards afrétt forsóma ad leita Eptirleit á haustum þó þeir sieu þar til qvaddir og það þeim ý týma til sagt: 2: ad nockrir þeirra Reka fie sitt á Villýngadal og gialda þángad fiallatolla enn aungva til myn, eda annara eýganda afréttar landsins: 3: Réttinn sialf er mikils til oflítil ad Rúma það fie sem Rekid er til Réttarinnar og þarf þvj naudsínlega ad út færast og hlast ad nýu. hér af hlióta þau mýn audmiuk og þenustusamleg til mæli, ad ydar velborinn heitum mætti þocknast ad úrskurda: 1: alla bændur sem búa jnnan upprekstursins takmarka skilduga ad leita Eptirleit eptir þörfum þegar þeir eru þar til kalladir undir þá Sekt sem þer álytid hæfilega og ydur þoknast ad áqveda: 2: hvört öllum þeim bændum sem búa ý Skards afréttar upprekstri nefnilega millum Laxár og Túnguár ber eý ad gialda Fiallatolla til myn og medeiganda afréttar landsins, og hvört öllum eýns þeim fiár mestustu sem þeim er ecki eýga Fleiri enn 20 Kindur fiallrækar ber eý ad gialda meir enn 1 lamb j fialla toll: 3: hvöríum beri ad útvýdka og hlada upp Réttina svo nægilega stór verdi til ad rétta safn það sem ad henni rekst

Á manntalsþingi að Sauðafelli í maí 1836 var upplesin ályktun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Ekki er greint nánar frá inntaki ályktunarinnar.

---

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu, frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi um afréttarlönd í sókninni:

<Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadal. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadal.

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall frá 1840 í sömu heimild skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

... Síðan austur af Giljalandsfjalli kemur Skarðsfjall, sem er hátt fyrir vestan bæinn Skarð, hvor að er austasti bær í Haukadal og Stóra-Vatnshornssókn. Þetta fjall kallast líka Bani af því þar skulu að fornu hafa menn hrapað ofan í byljum á vetrum fleirum sinnum. [...]

<40. *Vegir.*> Yfir allan þennan fjallgarð frá Vatni að Skarði, er enginn sumarþjóðvegur og jafnvel að öllu ófært á sumardag yfir að fara með hesta vegna ákaflegra blautra fjallbroksmýra, en á vetrum ganga menn oft yfir þetta fjall byggða milli. Rétt fyrir austan Skarð liggur þjóðvegur uppúr austurenda Haukadalsins norður yfir fjallgarðinn, heitir þessi vegur Haukadalsskarð; fjallvegur þessi er hérumbil hálf þingmannaleið að lengd. Vegurinn liggur ofaní Hrutafjörðinn, og er þá fyrsti bær sem fyrir verður, þá norður af kemur, Melar við Hrutafjörð.

8. <Dalir.> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suðuraf Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

[...]

32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

[...]

<14.> Landslag í báðum sóknunum er hvervetna líkt á hvorri jörð, fjalllendi eður hálsland fyrir ofan bæina en neðan mýrlendi. Hvorgi gras mikið en notalegt graslag fyrir fénað, en í Haukadalnum er þó allstaðar feitara og betra land fyrir sauðfé, en þó eru mest landgæði á Skarði og einkum í þeim áður nefnda Villingadal hvar landgæði fyrir sauðfé munu hvað best í þessari sýslu ef ei væri þar of margt fé.

Hinn 24. október 1842 skrifaði Magnús Arngrímsson hreppstjóri bréf til sýslumanns er varðaði annmarka sem hann taldi vera á fjallskilareglugerð fyrir

---

Dalasýslu frá 1809. Í bréfinu minnst hann m.a. á upprekstur á Skarðsafrétt, en þar segir m.a.:

... og Tel eg það first til hvað lög upprextur á Skarðs afrétt snertir þar sem Reglugiördinn til greinir, að þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Miðdölum, enn takmarkar ecki hvað mikill Partur af Sveitunum, hvað þeir sem fyrir fjallgaungum eiga að Ráða þurfa þó að vita, til þess þeir gæti reglulega til sagt þeim fjallskil á Haustum sem þángað eiga lög upprextur; og hinir sem fjallatolla eiga að taka, meigi vita eftir þeim að ganga hia þeim sem þángað eru skildugir að reka;

Hinn 16. desember árið 1842 skrifaði Jón Jónsson á Melum, eigandi Skarðs, amtmanni bréf vegna upprekstrar á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir m.a.:

... hafa og svo nú á seinni árum ýmsir bændur í Haukadal og Miðdölum rekeð lömb sín á Villíngadal, sem liggur nálægt og að kalla jafnsíðis Skarðs afrétt, og golded þángað Fjallatolla, en fé það sem þángað er rekeð, gengur þó eins að miklu leiti í afréttarlandinu og er að lokum réttað og dreged í Skarðs rétt, án þess að Eigendur afréttarinnar, eða Skarðs abúandi fái minsta endgjald þar fyrir. [...] Í tilliti til jarðarinnar Skarðs hofum við ecki það álit á hagnaði á fjárupprekstri á afrétt þessa, að ockur ecki standi á sama, hvort honum er framhaldeð eða ecki, sé þá ei heldur rekeð á Villíngadal, en líkt mundi á þessari afrétt fara og annarstaðar, þar sem þær eru forsómaðar eða aflagðar, að geldfé sem þángað kynni að slángra af kringliggjandi afréttum og fjallöndum, mundi þar úti verða, sökum vanleita, en sé fjárupprekstri annars framhalded, og hann ei fullkomlega og útþryckilega aftekin á Skarð afrétt, viljum við og uppástöndum:

[...]

2. Í tilliti til þess atvæðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villíngadal, orsakar teðrar jarðar fjallandi, viljum við tilstanda abúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrirteðum upprekstri, hvörra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villíngadal, fái þeir þartil teðrar jarðar abúanda samþycki, en ei viljum við liða að fleiri reki á Villíngadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalíngslaust.

3. Í tilliti til grenjaleita og dýraveiða á afréttini vyrðist ockur sanngjarnast og best fara, að bondin á Skarði umannist – sem henni nálægastur – allar grenjaleitir á vorin, útvegi skyttuna og sendi eftir henni á eigin kostnað, og láti á meðan vaka á greninu, en Jörva og Vatnshorns abúendur, sem uppbera helfing Fjallatollana, standi þar á mót allan kostnað til skyttunar, og þess sem með heni liggur á greninu, þá þess viðþarf.

Hinn 18. júní 1843 var gerður samningur milli eigenda Skarðs og Villíngadals um uppreksturinn, en samkvæmt honum skyldu Haukdælingar og Náhlíðingar reka á Skarðsafrétt að undanskildum sex bæjum sem mættu reka á Villíngadal.

---

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–50 segir að Skarðsafrétt tilheyri jörðinni hálf og er jörðin metin til 350 ríkisbankadala. Þá segir í sama jarðamati að jörðinni Stóra-Vatnshorni tilheyri „fjórði partur af svonefndri Skarðsafrétt“ sem matsmenn álíti að sé 20 ríkisbankadala virði, en að jörðin öll ásamt afréttinni sé metin til 500 ríkisbankadala. Þar segir enn fremur að jörðin Jörfi eigi „fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt, sem matsmenn meta 20 ríkisbankadala virði en jörðina alla, að því medtöldu, til 600 ríkisbankadala.“ Í jarðamatinu er Skarðsafrétt því metin sérstaklega í tilviki Stóra-Vatnshorns og Jörfa, en er hins vegar metin sem hluti af jörðinni Skarði.

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 var lesið upp leyfisbréf frá „eigendum Skarðsafréttar“ þar sem þeir heimila ábúanda Lækjaskógs upprekstur á Skarðsafrétt. Hinn 22. mars 1854 sendi amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna málsins, en þar segir:

... en þótt að nýnefndur Jón hafi fengið leyfi til að reka geldfje sitt á afrjett í framandi sveit, álítur Amtið hann þó engan slíkan rjett hafa til að skerast úr því sveitarfjelagi, hvartil hann heyrir, að hann þarvið geti fríast við að greiða dýratoll og gjöra grenjaleytir í sveit sinni eptir jafnaðar tiltölu við aðra, eptir sveitarstjórnarinnar ráðstöfun. En hvort hann af áðurtjæðri orsök getur fríast við að gjöra fjallskil í Laxárdals hreppi, verður að vera undir því komið, hvort sveitarstjórnin og sveitarbændur vilja samþykka það, eður finna það sveitinni bagalaust, því ef svo er, þá hefur Amtið fyrir sitt leyti ekkert á móti að hann fríist frá fjallskilum í Laxárdalshreppi.

Hinn 21. febrúar 1863 var haldinn sveitarfundur í Haukadalshreppi til að ræða upprekstur og fjallskil. Samkvæmt bréfi, dagsettu 7. mars sama ár, sem hreppstjóri Haukadalshrepps sendi sýslumanni, kröfðust „Skarðsafréttar eigendur“ þess að allir sem höfðu átt þangað upprekstur héldu honum áfram og að fjallatollar skyldu greiðast samkvæmt gildandi reglugerð.

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd bréf til sýslumanns þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir m.a.:

Eptir ósk Sýslunemdarmannsinns í Haukadalshreppi, hjelt Hreppsnemdin þar fund með sér að Jörfa (þingstað) og kallaði þangað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjalllönd, til að víta um hvorjir af þeim vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanfögnu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá –

1. Kostnir 4<sup>ir</sup> til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og vard álít þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.
2. Var þá farið að semja við þessa landseigendur hvað háa leigu að þeir settu upp firir Landið Og var ákveðið að eptir alt þettað land skildi gjaldast, af nemdri fjártölu 7 vættir og 20 fiskar er þá 20 fiskar af hundrað fjár – Ef ekki irði svo mart geldfje hjá upprekstrar mönnum að sjetja i Landið, skildi gjalddid stíga



---

niðrúr 7 vættum og 20 fiskum enn verða þó jafnann 20 fiskar eptir 100 fjár, kæmi það fyrir að upprekstrar menn ættu fleira fje, enn þessa til teknu upphæð sem þeir þirtu að reka í nemt land, skildi þeim það leifast allt svo leingi að ekki virtist verða skaði af á Landinu, og Leigann þó aldrey stíga upp úr 7 vættum, og 20 fiskum og í þessu Landi skildi hvorki vera hafður búsmali nje Hross, og ekki heldur brúkað til slægna.

3. Firir það sem Réttinn stendur á Skarðs lód, og sjerstakann átroðning á Skard ábúanda, og að hann taki að sjer að láta Leita grenja leitir á Landi þessu, skal hann árlega hafa af óskiptri upphæð fjallatollanna. 1. vætt. og 20 fiska.

Firir það sem Villíngadals ábúandi æltar að líða geldfje þó það kæmi á Villíngadal, skal hann hafa af nemdum fjallatollum 20 fiska árlega – Enn því sem þá er eptir af fjallatollunum skal skipt eptir rettri tiltölu, eptir því sem matid hefur verid í hvört land, fyrir sig af fjénu.

4. Allir Bæir í Haukadalshreppi skulu eíga Lög upprekstur á Skards afrétt að Vatni og Villíngadal undanskíldum (þeir hafa upprekstur hvör hjá sjer) Einig skulu eíga upprekstur á Skards afrétt þeir bæir í Náhlíd sem hér greínir, Ytra Skogskot, ~~Kvennabrekka~~, Svalbarði, Svínhóll og Oddstaðir.

[...]

9. Fjalla tollarnir skulu greiðast Landeigendum firir octóber mánaðarlok ár hvort í gildum landaurum, kindum eða peníngum, eptir þá gildandi verdlagskrá.

10. Finnist gren í Afréttarlandinu, skal hvor þess Landeígandi annast um í sínu landi að útvega skittu á það, láta mann vaka á grenínu og annast um að greiða allann kostnad þar af leiðandi.

Hinn 7. nóvember árið 1881 fór fram úttekt á Skarði. Í matsgerðinni, sem er dagsett 23. desember sama ár, er fjalllendi jarðarinnar ekki metið sérstaklega heldur sem hluti hennar en þar segir m.a.: „... jörðinn hefur heldur lítið tún enn í meðallægi gras géfið, hún hefur mikið og gott fjallland og er nokkuð af því brúkað firir geldfje á sumrinn til uppreksturs ...“

Svo sem fyrr greinir var sérstakt landamerkjabréf gert fyrir Skarð árið 1887. Landamerkjabréfið hefur að geyma heildstæða lýsingu á óumdeildu eignarlandi Skarðs og fjalllendi Skarðs án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Landamerkjabréfið er sem fyrr segir elsta heimildin, og jafnframt sú eina, sem lýsir merkjum ágreiningssvæðisins. Það er undirritað af Jóni Jónssyni eiganda Skarðs og undirritað um samþykki af J. Magnússyni „umráðamanni kirkjujarðarinnar Kross“ og Jóni B. Jónssyni eiganda Stóra-Vatnshorns. Það er aftur á móti ekki undirritað um samþykki vegna Mela eða Grænumýrartungu, sem liggja austan við ágreiningssvæðið, en samkvæmt heimildum voru Melar einnig í eigu Jóns Jónssonar, eiganda Skarðs. Að mati óbyggðanefndar er því ekki sérstök ástæða til draga sönnunargildi landamerkjabréfsins í efa sökum þess að það er ekki undirritað um samþykki vegna Mela, enda er jörðin Melar í annarri sýslu

---

og algengt að landamerkjabréf hafi ekki að geyma gagnkvæmar áritanir yfir sýslu- og sveitarfélagamörk.

Um aldamótin 1900 hófust deilur um hvaða jarðir í Haukadalshreppi mættu leyfa upprekstur á fjallönd sín og af þeim leiddu nokkur bréfaskipti um upprekstrarlönd í hreppnum. Í bréfi Björns Bjarnasonar sýslumanns Dalasýslu til amtmanns, dagsettu 4. mars 1900, segir m.a.:

Fyrir alllöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi [...] var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á afrjettarlöndum sem tilheyra Jorfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbóndinn á Vatni hann var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnsland; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrjettarfje hreppsins nema Vatnsfje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir allt afrjettarfje hreppsins. [...] En það sem hjer aðallega kemur til greina er, að hjer í sýslu eru engir afrjettir sem eru almenningsseign, heldur aðeins afrjettir, sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og St. Vatnshornsafrijettur í Haukadal og hins vegar eru víða jarðir hjer.

Með bréfinu fylgdi umsögn um upprekstur í hreppnum en þar segir m.a.:

Samkvæmt afrjettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrjettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna.

Afrijettarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjáruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeignum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna.

Í Dalasýslu er engin afrjettarlönd sem eru almenningsseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrjettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum.

(Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldfje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjárs síns.

En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstarfje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrjettarlönd eru til í hreppnum.

---

Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrjetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum.

Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrjettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins.

Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstrarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafrjett.

[...]

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfaafrjetti sem afrjetti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framur en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrjettir, þá eru allsengir afrjettir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.“

Í fasteignamatinu 1916–18 segir að meðal ókosta jarðarinnar Skarðs sé ágangur af afréttarfé. Þá segir:

Jarðnytjar [...] 3. Beitiland er bærilegt fyrir allar skepnur, víðlent, næðingasamt, snjóþungt, langt á það. 4. Upprekstrarland nægilegt.

Í svari hreppstjóra Haukadalshrepps, dagsettu 9. júní 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu frá 29. desember 1919, segir m.a.: „... mjer er ekki kunnugt um að hjer í hreppi sjeu nein svæði til sem talin eru almenningar, eða afrjettarlönd sem ekki tilheira lögbýli.“ Svo segir:

Vitanlega eru hjer í hreppi 3 dalir sem eru daglega kallaðir afrjett, en heita þó sinu nafninu hver, og liggja undir sina jörðina hver, og eru þær þessar: Stóra Vatnshorn, Skarð og Jörvi. Jarðir þessar munu vera metnar til hundraðatala að meðtöldum dölum þessum og virðist mjer því að hjer sje ekki um neina afrjett að ræða.

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 segir m.a. um afrétti Haukdæla, Melamanna og Laxdæla:

Fyrir norðan og austan Geldingafell og Rjúpnafell (736) eru nefnilega hin fornu afréttarlönd Haukdæla og Laxdæla [...]. Aðalréttir fyrir allt þetta svæði voru frá fornu fari á Gillastöðum í Laxárdal og Melum í Hrútafirði en aðrar voru á Skarði og Vatni hvor á sínum enda Haukadals. Þetta er víðáttumikil grasgefin háslétta með nokkrum fellum sem fara lækkanði til norðurs [...]. Sunnan til var þetta oft nefnt Skarðsafréttur og Melafréttur en Laxárdalsháls norðan til.

---

Eins og hér hefur verið rakið nýtur takmarkaðra heimilda við um ágreiningssvæðið ef frá eru taldar heimildir um sameiginlegt afréttarsvæði Skarðs, Stóra-Vatnshorns og Jörfa, þ.e. Skarðsafrétt. Af heimildum má ráða að í það minnsta hluti ágreiningssvæðisins hafi tilheyrt Skarðsafrétt, a.m.k. frá fyrri hluta 17. aldar. Heimildir um afnot Skarðsafréttar fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not og raunar staðfesta þær að bændum í Haukadal, Miðdölum og Laxárdal var skylt að reka fé á svæðið gegn greiðslu upprekstartolla, a.m.k. frá árinu 1644. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn er til þess að líta að margar af þeim heimildum sem liggja fyrir benda fremur til þess að það upprekstrarland sem þar er vísað til sem Skarðsfjalls eða Skarðsafréttar hafi verið talið hluti af jörðinni Skarði, fremur en að það hafi verið afréttur að lögum frá öndverðu.<sup>467</sup> Af orðalagi dóms um upprekstur á Skarðsafrétt frá 1644 má ráða að upphaflega hafi verið upprekstur á svonefnt Skarðsfjall úr Haukadal, Miðdölum og Laxárdal, en að síðar hafi verið sammælt um upprekstur og tolla og rekið á Skarðsfjall, Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfafrétt sameiginlega. Með dómnum var á grundvelli samkomulagsins kveðið á um skyldu til upprekstrar á svæðið. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls um Skarð frá 1703, þar sem segir „af landinu legst til afrjettarþeitar nokkuð“, bendir að mati óbyggðanefndar fremur til þess að upprekstrarlandið hafi talist til lands jarðarinnar. Þetta er frábrugðið umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Vatnshorn og Jörfa, þar sem þar sem getið er um „afrjettarland“, sem tilheyri kirkjunni á Vatnshorni og hálfkirkjunni á Jörfa. Fjallað er um eignarréttarlega stöðu svæðanna sem þar er vísað til, þ.e. Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfafréttar, í köflum 6.5 og 6.6.

Það sem fram kemur í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason fær að mati óbyggðanefndar samrýmst þessari ályktun. Þar segir að jörðin eigi „yfer mæta miked land og goda haga“ og að þar sé „[b]eitarland“ og „[a]friett“, þar sem allir úr Haukadal hafi upprekstur. Að mati nefndarinnar hefði vart staðist að fullyrða að jörðin ætti „yfer mæta miked land“ ef litid hefði verið svo á að einungis hið óumdeilda eignarland teldist til jarðarinnar. Enn fremur er hálf Skarðsafrétt metin sem hluti jarðarinnar Skarðs í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850, en hlutar Stóra-Vatnshorns og Jörfa í Skarðsafrétt þar metnir sérstaklega.

Ályktun um að umrætt upprekstrarland hafi talist hluti af jörðinni Skarði á sér einnig stoð í bréfi Björns Bjarnasonar, sýslumanns Dalasýslu, til amtmanns, dagsettu 4. mars 1900, þar sem vísað er í álit matsmanna þar sem er getið um annars vegar „upprekstrarlönd [...] í Vatnslandi og Skarðslandi“ og hins vegar „afrjettarlönd“ / „afrjetti“ sem tilheyri Jörfa og Stóra-Vatnshorni. Auk þessa kemur fram í sama bréfi að

---

<sup>467</sup> Sjá nánar um hugtökin jörð og afréttur kafla 4.2, 4.4 og 4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem og um hugtökin jörð og afréttur í (í viðauka).

---

í Haukadalshreppi séu „2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa“. Því næst segir: „... þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum ...“ Bendir þetta til þess að greinarmunur hafi verið gerður á stöðu annars vegar afrétta Stóra-Vatnshorns og Jörfa og hins vegar þeirra upprekstrarlanda sem tilheyrðu Vatni og Skarði. Í þessu sambandi er og til þess að líta að allt land jarðarinnar Vatns er óumdeilt eignarland.

Þessu til viðbótar er til þess að líta að ekki liggja neinar heimildir fyrir sem lýsa því sérstaklega hvernig það landsvæði afmarkast sem í eldri heimildum er nefnt Skarðsfjall eða Skarðsafrétt. Í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá 1840 er minnst á Skarðsfjall, en þar segir: „Síðan austur af Giljalandsfjalli kemur Skarðsfjall, sem er hátt fyrir vestan bæinn Skarð [...]. Þetta fjall kallast líka Bani ...“ Fjallið Bani er norðan ágreiningssvæðisins, innan óumdeilds eignarlands jarðarinnar Skarðs. Þá segir í bréfi hreppsnefndar til sýslumanns frá 3. desember 1875 að „Réttinn stendur á Skarðs lód“, en Skarðsrétt er sunnan við Haukadalsskarð, við Réttarfoss, og innan ágreiningssvæðisins í máli þessu.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að fyrirbyggjandi heimildir bendi til þess að upprekstrarlandið sem getið er um í heimildum hafi tilheyrt jörðinni Skarði og hafi ekki haft aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar. Heimildir um afrétt vísu því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða að hann fallið niður. Þá eru eins og áður segir ekki nema um 600 m frá bæjarstæði Skarðs að norðurmörkum ágreiningssvæðisins, sem er til þess fallið að styrkja sömu ályktun.

Eins og að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan marka Skarðs samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1887 og engar aðrar heimildir sem mæla því í mót að mati nefndarinnar. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi eru gerðar ríkar kröfur. Vísast um það til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Eru því ekki forsendur til annars en að leggja til grundvallar að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan marka jarðarinnar og að eignarréttarleg staða þess ráðist af því. Að mati óbyggðanefndar er ekki heldur uppi sú staða að staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði mæli því sérstaklega í mót að ágreiningssvæðið sé eignarland.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Skarðs, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

---

## 6.5 Stóra-Vatnshornsmúli

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Stóra-Vatnshornsmúli. Gagnaðilar íslenska ríkisins, eigendur jarðarinnar Stóra-Vatnshorns, gera kröfu til þessa svæðis sem eignarlands síns og byggja á að það sé hluti af jörðinni. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1.5 og 3.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur a.m.k. að mestu leyti í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst í vel yfir 900 m hæð í Tröllakirkju í suðausturhorni landsvæðisins. Um er að ræða austurhluta Sléttadals, austan Sléttadalsár, suðurhluta Svínadals, sunnan Svínadalsár, og fjalllendið upp af dölunum, allt að sýslu- og sveitarfélagamörkum gagnvart Borgarbyggð að sunnanverðu og gagnvart Húnaþingi vestra (fyrrum Bæjarhreppi) að austanverðu. Láglandasti hluti svæðisins er nokkuð vel gróinn en eðli málsins samkvæmt er minni gróður eftir því sem ofar dregur. Bærinn Stóra-Vatnshorn er í norðanverðum Haukadál, skammt austan við Haukadalsvatn, og er óumdeilt eignarland Stóra-Vatnshorns aðskilið frá ágreiningssvæðinu af landi annarra jarða. Frá bæjarstæðinu að ármótum Svínadalsár og Haukadalsár eru um 12,5 km, mælt í beinni loftlínu, en um 16,5 km í beinni loftlínu frá bæjarstæðinu að upptökum Sléttadalsár á suðurmörkum ágreiningssvæðisins.<sup>468</sup>

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

---

<sup>468</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar, er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitar svæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarsoninn sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendukröfulína hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega Stóra-Vatnshornsmúla er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Verði að telja að af fyrirbyggjandi heimildum og landfræðilegum aðstæðum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar sé aðallega stuðst við lýsingu á landamerkjum milli Stóra-Vatnshornsmúla og Skarðs í landamerkjabréfi fyrir Stóra-Vatnshorn og

---

Skinnþúfu, dagsettu 15. maí 1886, og lýsingu á Jörfaafrétti í landamerkjabréfi fyrir Jörfa, dagsettu 12. maí 1884. Þá hafi við afmörkun svæðisins einnig verið stuðst við landamerkjabréf jarðarinnar Kross, dagsett 27. maí 1885, afmörkunar á þjóðlendukröfufusvæðum íslenska ríkisins vegna Jörfaafréttar og fjallendis Skarðs, sem og sýslu- og sveitarfélagamörk.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að Stóra-Vatnshornsmúli sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda, en ljóst þyki af heimildum og landfræðilegum aðstæðum að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess ekki verið með þeim hætti. Er í því sambandi vísað til vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 1639, þar sem segi að kirkjan eigi selstöðu í Sléttadal, vísitasíu kirkjunnar frá 1659, þar sem segi að kirkjan eigi hálfan Sléttadal að norðanverðu og tíu vísitasíur kirkjunnar frá 1721–1866 þar sem getið er um Sléttadal með sama hætti. Þá komi það sama fram í greinargerð Orms Daðasonar frá 1744.

Þá liggi fyrir dómur Orms Daðasonar sýslumanns sem kveðinn var upp 1735, þar sem einnig sé vísað til eldri dóms frá 1644. Í dómnum hafi komið fram að rekið hefði verið á Skarðsfjall úr þremur sveitum; Haukadals-, Miðdölum og Laxárdal, *en svo hafi einnig verið rekið á Vatnshornsland* og Jörfa. Skarðsmenn hafi tekið tollana að hálfu en Jörfi og Vatnshorn að hálfu. Dæmt hafi verið um að rekstur á þessi fjöll skyldi vera með þeim hætti sem áður hefði verið og því hafi verið um skylduupprekstur að ræða. Aftur hafi verið kveðinn upp dómur árið 1755 þar sem áréttað hafi verið um skylduupprekstur á Skarðsafrétt og greiðsluafréttartolls. Varðveist hafi samþykkt um Skarðsafrétt sem sé talin vera frá síðari hluta 18. aldar, en samkvæmt henni hafi einnig verið áréttað að skylduupprekstur skyldi vera á Skarðsafrétt úr Laxárdals-, Haukadals- og Miðdalahreppi. Þar komi einnig fram að tollar vegna uppreksturs skyldu skiptast í þrennt milli Vatnshorns, Jörfa og Skarðs.

Fram kemur af hálfu íslenska ríkisins að það telji að framangreindar heimildir kunni að benda til þess að landsvæðin fjallendi Skarðs, Stóra-Vatnshornsmúli og Jörfaafréttur, sem það gerir þjóðlendukröfu í, hafi öll verið eitt afréttarsvæði, Skarðsafrétt, og að landfræðilegar aðstæður og staðhættir styðji jafnframt það mat. Í öðrum heimildum er varða Stóra-Vatnshorn sé vísað til takmarkaðra réttinda jarðarinnar á ágreiningssvæðinu. Um það er vísað til umfjöllunar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*<sup>469</sup> um afréttarlönd kirknanna að Jörfa og Vatnshorni, Gíslamáldaga frá því um 1870 og síðar, þar sem segi að kirkjan að Vatnshorni eigi hálfan Sléttadal, sem og umfjöllunar í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997 þar sem segi að Jörfamúli, sem ná 611 metra hæð og liggi milli Haukadals og Sléttadals, heiti svo frá því Jörfakirkja hafi átt hann sem afréttarland, og að Sléttidalur hafi að sunnanverðu verið hluti af Jörfaeign, en að norðan afréttur kirkjunnar að Vatnshorni.

---

<sup>469</sup> Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.



---

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að ljóst sé af framangreindum heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum, að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, heldur hafi landsvæðið verið samnotaafrétt og skylduafrétt þriggja hreppa. Fyrirliggjandi heimildir bendi til þess að landsvæðið hafi hugsanlega tilheyrt Stóra-Vatnshorni, en í þeirri tilheyrslu hafi ekki falist meira en takmörkuð réttindi til upprekstrar enda ljóst að um samnotaafrétt hafi verið að ræða. Af heimildum megi einnig ráða að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna Stóra-Vatnshornsmúla liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé og ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir svæðinu.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda jarðarinnar Stóra-Vatnshorns, er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í

---

framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleyfi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichaloppulos gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur og fleiri gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi landeigendur einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætunlegu trausti á réttargerning sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðan 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigendur og forverar þeirra átt beit og annan gróður á jörð sinni. Þeir hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeigenda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvernar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að það falli innan landnámslýsinga.

---

Á því sé byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins sé byggð á heimildaskjölum sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Stóra-Vatnshorns í gegnum tíðina. Er þar einkum vísað til landamerkjabréfs fyrir Stóra-Vatnshorn og Skinnþúfu frá 28. maí 1886. Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki aðliggjandi jarða og því þinglýst. Sömu leiðis sé vísað til landamerkjabréfs fyrir Stóra-Vatnshorn, dagsettu 31. desember 2002 og þinglýstu 15. júlí 2003, sem sé í samræmi við eldra landamerkjabréfið.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vísi til vísitasíu kirkjunnar að Vatnshorni frá 18. september 1639, þar sem fram komi að kirkjan eigi selstöðu í Sléttadal. Selstaða hafi vanalega verið í heimalandi og renni það stoðum undir að um beinan eignarrétt að landsvæðinu hafi verið að ræða. Þá er vísað til umfjöllunar í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1703, þar sem segi að selstaða sé engin í heimalandi og að kirkjan eigi eina jörð, Skinnþúfu. Þar segi einnig að jörðin eigi afréttarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu, þar sem sé skylduupprekstur og goldnir fjallatollar sem jarðareigandi að Vatnshorni er sagður uppbera. Sú staðreynd að tollar hafi verið innheimtir af landinu bendi til þess að um eignarland sé að ræða, enda sé ekki hægt að innheimta tolla af landi sem enginn á. Einnig liggi fyrir að samkvæmt framangreindum heimildum hafi verið óheimilt að nytja umrætt landsvæði nema með leyfi landeigenda, og styðji það einnig við að um beinan eignarrétt hafi verið að ræða.

Um framangreint vísi gagnaðilar íslenska ríkisins einnig til máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá því um 1570 og síðar, þar sem segi að kirkjan eigi hálfan Sléttadal, tíu vísitasíur kirkjunnar frá árunum 1721–1866, sem geti um Sléttadal með sama hætti, sem og vísitasíur hennar frá 1659 og 1866. Hið sama komi einnig fram í í greinargerð Orms Daðasonar frá 1744.

Samkvæmt þeim eignarheimildum sem vísað sé til í málinu, sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti og það skeri ekki úr um að landið sem um ræðir hafi verið kallað afrétt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði), enda hafi landsvæði sem töldust afréttir samkvæmt eldri hugtakanotkun verið talin eignarlönd. Afréttarland hafi verið sú náttúruauðlind sem hafi verið skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða sé til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður. Það eitt að umrætt landsvæði sé staðsett í nokkurri fjarlægð frá öðru landi jarðarinnar geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti.

Sérstaklega sé vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu. Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt. Landeigendur telji því að fyrir liggi að allt land í Dalasýslu hafi

---

frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land í Dölum hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 4. september 1920 til Stjórnarráðs Íslands þar sem komi fram að spurst hafi verið fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum Dalasýslu og samkvæmt yfirlýsingum þeirra væru engir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki heyrðu lögbýli til.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið stofnun eignarréttar við landnám. Land jarðarinnar Stóra-Vatnshorns hafi greinilega allt verið innan landnáms, þ.m.t. ágreiningssvæðið, og hafi verið byggt á því alla tíð. Það megi sjá á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði hafi verið eign Stóra-Vatnshorns á sama máta og annað landsvæði jarðarinnar.

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Dölum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að landamerkjalyýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess, að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins

---

umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalyásingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyrir vissum jörðum til.

Á því er byggt að Stóra-Vatnshornsmúli sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem fari ekki í bága við eldri heimildir. Þess vegna beri íslenska ríkið sönnunarbyrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé það umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hafi þær staðið almennungi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að landsvæði þetta hafi ætíð fylgt jörðinni Stóra-Vatnshornsmúla, sbr. orðalag í elstu heimildum. Ítreka beri hve geysi verðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi, hvað þetta varðar, benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarka hafi verið, meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að jarðir þær, sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að innan merkja ágreiningssvæðisins sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Eigandi hafi farið með öll hefðbundin

---

eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þar á meðal eignarskatta.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð væri unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla.

Nú sé því alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja.

Í dómi Hæstaréttar 1997, bls. 2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar 1939, bls. 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt landsvæði sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum Stóra-Vatnshorns, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðilanna verið þinglýst athugasemdalaust.

Í ljósi framangreindra heimilda telji gagnaðilar íslenska ríkisins að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfars og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum séu fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

---

Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðilar þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeigenda byggir m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu landeigenda. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfulýsingu landeigenda. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en allt land í Dölum hafi verið numið í öndverðu.

Landeigendur leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem byggir á almennum óskráðum meginreglum stjórnarsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. stjórnarsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignarréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar 1961, bls. 629.

Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt

---

ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeigenda sé ekki fullkomin eign þeirra.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm réttarins í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vísa sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfugerð þess um þjóðlendu á svæðinu mótmælt og á því byggt að svo virðist sem ríkið byggi einkum á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar 1960, bls. 786 (Skeljabrekka) og dóm Hæstaréttar 1994, bls. 2227 (Geitland). Landeigendur telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.



---

Ósannaðar séu röksemdir fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis að svæðið hafi ekki verið numið til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðið hafi verið numið og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011, (sameignarlandi Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólshöllum), að landnám hafi almennt verið samfelld á Íslandi. Íslenska ríkið viðurkenni land aðliggjandi jörðinni og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnarsýsluréttar sem ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Stóra-Vatnshornsmúla er rakin í kafla 5.5 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Ágreiningssvæðið fellur undir sameiginlegt afréttarsvæði, þ.e. Skarðsafrétt, ásamt a.m.k. hluta ágreiningssvæðis vegna fjalllendis Skarðs, sem fjallað er um í kafla 6.4, og ágreiningssvæði vegna Jörfaafréttar, sem fjallað er um í kafla 6.6. Jörðin Stóra-Vatnshorn er aðskilin frá ágreiningssvæðinu af öðrum jörðum, eins og áður segir.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum ágreiningssvæðisins er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki þess, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1.5 og 3.4. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Stóra-Vatnshorn og Skinnþúfu, dagsett 15. maí 1886 og þinglýst 28. sama mánaðar.<sup>470</sup> Landamerkjabréfið er elsta heimildin sem

---

<sup>470</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu frá 1886.

---

liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins, en þar er því lýst sérstaklega og aðskildu frá óumdeildum eignarlöndum Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu (nú Saurstaða). Nýtt landamerkjabréf var gert fyrir jörðina Stóra-Vatnshorn 31. desember 2002 og því þinglýst 15. júlí 2003.<sup>471</sup> Þar segir að jörðin eigi „fjalllendi, Stóra-Vatnshornsmúla“ og þar er merkjum ágreiningssvæðisins einnig lýst með heildstæðum hætti og aðskildu frá óumdeildu eignarlandi Stóra-Vatnshorns.

Norðan við Stóra-Vatnshornsmúla er ágreiningssvæði vegna fjalllendis Skarðs, sem fjallað er um í kafla 6.4. Austan ágreiningssvæðisins og handan sýslu- og sveitarfélagamarka, er land sem er innan landamerkja jarðarinnar Mela í Hrútafirði, þ.m.t. land eyðijarðarinnar Grænumýrartungu. Melar ásamt Grænumýrartungu tilheyra svonefndu svæði 10A hjá óbyggðanefnd, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Nefndin hefur tekið umrætt svæði til meðferðar og veitt íslenska ríkinu frest, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu. Sunnan við ágreiningssvæðið er þjóðlenda í vestanverðum Snjófjöllum, sem fjallað er um í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014 hjá nefndinni, sem kveðinn var upp 11. október 2016.<sup>472</sup> Vestan við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna Jörfaafréttar, sem fjallað er um í kafla 6.6, og að nyrsta hluta vesturmerkja þess liggur óumdeilt eignarland jarðarinnar Kross.

Verða nú fyrst norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Báðir málsaðilar, þ.e. íslenska ríkið og gagnaðilar þess, miða kröfulínur sínar um norðurmörk við Svínadalsá, frá ármótum hennar og Haukadalsár, austur að sveitarfélagamörkum, sem jafnframt eru mörk svæða 9A og 10A hjá óbyggðanefnd. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „Upphafspunktur er ármót Haukadalsár og Svínadalsár (1), þaðan er Svínadalsá fylgt austur upp á fjall og að sýslumörkum gagnvart Strandasýslu, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfussvæðis (2) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum hluta kröfulínunnar lýst svo: „... Svínadalsá frá Haukadalsá (1) eptir Svínadal á fjall upp (2–3) ...“

Norðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi fyrir Stóra-Vatnshorn og Skinnþúfu frá 1886: „Svínadalsá frá Haukadalsá eptir Svínadal á fjall upp og á fjalli sem vötnum hallar ...“ Í landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns frá árinu 2002 er sömu merkjum lýst svo: „... Svínadalsá frá Haukadalsá upp eftir Svínadal þar til vötnum hallar norður af.“ Merkja ágreiningssvæðisins er getið í máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá því um 1570, sem og í 16 vísitásum hennar frá árunum 1639–1866, en þar segir um norðurmörk að kirkjan eigi „hálfan Sléttárdal milli Sléttadalsár og Svínadalsár ...“

---

<sup>471</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Stóra-Vatnshorns frá 2002.

<sup>472</sup> Mál nr. 2/2014 var endurupptekið samhliða meðferð máls þessa til að laga mörk milli málanna að merkjum milli landsvæða eins og þau birtast í heimildum, þ.e. að vatnaskilum, og er nýr úrskurður í máli nr. 2/2014 kveðinn upp samhliða úrskurði þessum.

---

Norðan við Stóra-Vatnshornsmúla liggur sem fyrr segir ágreiningssvæði vegna fjallendis Skarðs, sem fjallað er um í kafla 6.4. Í landamerkjabréfi Skarðs, dagsettu 20. maí 1887 og þinglýstu 25. sama mánaðar, segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „Að sunnanverðu ræður Svínadalsá [þaðan sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala] þar til hún fellur í Haukadalsá“. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna nærliggjandi jarða, þar á meðal Stóra-Vatnshorns.

Landamerkjabréf Stóra-Vatnshorns frá 1886 og 2002 eru samkvæmt því sem hér var rakið samhljóða um að Svínadalsá ráði norðurmerkjum frá ármótum hennar og Haukadalsár. Er það jafnframt í samræmi við eldri heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins, sem og landamerkjabréf Skarðs. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun beggja málsaðila á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Verða nú austur- og suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulínur beggja málsaðila fylgja að þessu leyti sveitarfélaga- og sýslumörkum á svæðinu, sem jafnframt eru mörk svæðis 9A gagnvart svæðum 9B og 10A hjá óbyggðanefnd. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „... sýslumörkum [er] fylgt suður til Tröllakirkju (3) og þaðan er sýslumörkum gagnvart Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, fylgt vestur að upptökum Sléttadalsár (4) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „[Eftir Svínadal] á fjall upp (2–3) og á fjalli sem vötnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár (4) ...“ Kröfulínur málsaðila voru upphaflega dregnar með sama hætti og sýslu- og sveitarfélagamörk á fram lagðan uppdrátt en það voru jafnframt upphafleg mörk milli svæða 8B og 9A hjá óbyggðanefnd. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir ákvað nefndin við meðferð málsins að aðlaga mörkin milli svæðanna að vatnaskilum. Málsaðilar færðu í framhaldi af því kröfulínur sínar á suðurmörkum ágreiningssvæðisins til samræmis við hin nýju svæðamörk.

Austur- og suðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu frá 1886: „[Eftir Svínadal] á fjall upp og á fjalli sem vötnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár ...“ Í landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns frá 2002 er sömu merkjum lýst svo: „Þaðan ráða vatnaskil merkjum Stóra-Vatnshorns og Grænumýrartungu í Tröllakirkjutopp. Þaðan eru merki Stóra-Vatnshorns og Upprekstrarfélags Stafholtstungna eins og vötnum hallar til upptaka Sléttadalsár.“ Í máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá 1570, sem og vísitási um hennar frá árunum 1639 – 1866, segir um merkin að kirkjan eigi „hálfan Sléttárdal milli Sléttadalsár og Svínadalsár og svo langt á fjall upp sem vötnum hallar“.

Austan ágreiningssvæðisins er land sem er innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi jarðarinnar Mela í Hrútafirði, dagsettu 4. mars 1890 og þinglýstu 19. júní sama ár. Þar segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „Að Vestanverðu. [...] norður yfir Tröllakirkju og svo norður yfir milli Svínadalanna næst því sem vötnum

---

hallar til þeirra beggja.“ Í landamerkjabréfinu er lýst sameiginlega merkjum Mela og Grænumýrartungu sem var býli sem stóð í landi Mela.

Sunnan ágreiningssvæðisins er þjóðlenda í vestanverðum Snjófjöllum, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014 á svonefndu svæði 8B, sem kveðinn var upp 11. október 2016. Svo sem þar er rakið var niðurstaða nefndarinnar sú að norðurmörk þjóðlendunnar gagnvart ágreiningssvæðinu lægju frá miðhnjúk Tröllakirkju (Snjófjallatind) til suðvesturs eftir sveitarfélaga- og sýslumörkum þar til komið væri að upptökum Hvassár, sem eru við suðvesturhorn þess ágreiningssvæðis sem hér er til umfjöllunar. Var að þessu leyti fylgt sveitarfélaga- og sýslumörkum eins og þau voru teiknuð á framlagða uppdrætti. Þau mörk voru jafnframt norðurmörk svæðis 8B gagnvart svæði 9A, eins og óbyggðanefnd hafði skilgreint þau. Við meðferð þess máls sem hér er til úrlausnar tók óbyggðanefnd ákvörðun um að endurupptaka mál nr. 2/2014 í tilefni af fram komnum gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila milla svæða 8B og 9A og í ljósi þess að mörk fasteigna eru þar víða miðuð við vatnaskil. Samhliða þessum úrskurði er kveðinn upp nýr úrskurður í máli nr. 2/2014 þar sem mörk þjóðlendu í vestanverðum Snjófjöllum eru aðlöguð að vatnaskilunum sunnan við Stóra-Vatnshornsmúla.

Þeim heimildum, sem lýsa austur- og suðurmerkjum ágreiningssvæðisins ber saman um að vatnaskil ráði allt frá Svínadal og að upptökum Sléttadalsár. Í landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns frá 2002 kemur fram að vatnaskil ráði merkjunum að þessu leyti, auk þess sem minnst er á „Tröllakirkjutopp“ í því sambandi, sem kemur heim og saman við ályktun um að vatnaskil ráði.

Þar sem heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins verða að mati óbyggðanefndar túlkaðar svo að vatnaskil ráði merkjum milli upptaka Svínadalsár og Sléttadalsár, kallaði nefndin eftir áður nefndum gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á svæðinu. Þar kemur fram að þau eru ekki í fullu samræmi við sveitarfélagamörk, eins og þau eru dregin á fyrirliggjandi kort á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands, og þar af leiðandi ekki í samræmi við kröfulínur málsaðila sem fylgja sveitarfélagamörkunum. Sá mismunur er óverulegur hvað varðar austurmörk ágreiningssvæðisins. Kröfulínur aðila, sem dregnar eru um sveitarfélagamörkin, fylgja því í meginatriðum vatnaskilunum. Í ljósi þess hve óverulegur mismunurinn er að þessu leyti er að mati óbyggðanefndar rétt að líta svo á að kröfugerðir málsaðila séu í samræmi við fyrirliggjandi heimildir hvað austurmerkin varðar. Er hér einnig litið til þess að kröfugerðirnar fylgja að þessu leyti mörkum milli svæða 9A og 10A, eins og þau hafa verið skilgreind af óbyggðanefnd, en ekki liggur enn fyrir hvort deilt verði um landsvæðið austan svæðamarkanna fyrir nefndinni.

Hvað varðar suðurmörk ágreiningssvæðisins liggja vatnaskilin frá suðausturhorni ágreiningssvæðisins í Tröllakirkju, nánar tiltekið þaðan sem gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfupunkt nr. 3, vestur að upptökum Sléttadalsár, nokkru norðar heldur en sýslu- og sveitarfélagamörk eru teiknuð á fyrirliggjandi kort, sem jafnframt

---

voru upphafleg mörk milli svæða 8B og 9A hjá óbyggðanefnd. Að mati óbyggðanefndar benda fyrirbyggjandi heimildir eindregið til þess að vatnaskil ráði suðurmerkjum Stóra-Vatnshornsmúla og voru mörkin milli svæða 8B og 9A færð til samræmis við þau við meðferð málsins.

Loks verða vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Báðir málsaðilar, þ.e. íslenska ríkið og gagnaðilar þess, miða kröfulínur sínar að vestanverðu við að Sléttadalsá ráði frá upptökum að ármótum hennar og Haukadalsár, og þaðan ráði Haukadalsá að Svínadalsá. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „[Sléttadalsá] er fylgt til norðurs að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan er Haukadalsá fylgt norður að ármótum hennar og Svínadalsár (1), sem er upphafspunktur.“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum hluta kröfulínunnar lýst svo: „[Sléttadalsá] ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár (5); hún ræður síðan að Svínadalsá (1).“

Vesturmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu frá 1886: „[Sléttadalsá] ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár; hún ræður síðan að Svínadalsá.“ Í landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns frá 2002 er sömu merkjum lýst svo: „Landamerkjum Stóra-Vatnshorns og Jörfa ræður Sléttadalsá þangað sem hún rennur í Haukadalsá sem síðan ræður merkjum þangað sem Þorleifsstaðagil fellur í ána. Þaðan ræður Haukadalsá merkjum Stóra-Vatnshorns og Kross niður að mótum Haukadals- og Svínadalsár.“ Í máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá 1570, sem og vísitasíum hennar frá árunum 1639–1866, segir um merkin að kirkjan eigi „hálfan Sléttárdal milli Sléttadalsár og Svínadalsár ...“

Vestan við ágreiningssvæðið liggur sem fyrir segir ágreiningssvæði vegna Jörfafréttar, sem fjallað er um í kafla 6.6, og jörðin Kross. Í landamerkjabréfi Jörfa, dagsettu 12. maí 1884 og þinglýstu 27. maí 1885, segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverðu árinna ...“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Stóra-Vatnshorns. Í landamerkjabréfi fyrir Kross, dagsettu 6. maí 1885 og þinglýstu 27. sama mánaðar, segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „... ræður Haukadalsá [...] fram til Þorleifs(staða)gils.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna allra aðliggjandi landsvæða nema Stóra-Vatnshornsmúla.

Landamerkjabréfin frá 1886 og 2002 eru samkvæmt því sem hér var rakið samhljóða um að Sléttadalsá ráði vesturmerkjum frá upptökum að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan ráði Haukadalsá þar til Svínadalsá rennur í hana. Er það jafnframt í samræmi við eldri heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins, sem og landamerkjabréf aðliggjandi jarða. Þá er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun beggja málsaðila á vesturmerkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirbyggjandi heimildir til þess að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi

---

Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu frá 1886 og landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns frá 2002 og aðrar fyrirbyggjandi heimildir mæla því ekki í mót.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að Dala-Kollur Veðrar-Grímsson hafi numið allan Laxárdal ofan til Haukadalsár. Í *Landnámu* er einnig greint frá því að Þröstur og Grenjuður Hermundarsynir hafi numið land í Hrítafirði og búið að Melum og að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi Meldúnssyni leysingja sínum Sauðafellslönd. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og hátt til fjalla framangreind landnám hafi náð. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennta niðurstöðu óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn

---

um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegrri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Elsta heimild sem getur um kirkjuna að Vatnshorni er skrá Páls biskups Jónssonar yfir prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá því um 1200. Í máldögum kirkjunnar að Vatnshorni frá árunum 1355, 1397 og árabílinu 1491–1518 er ekki minnst á ágreiningssvæðið. Þó segir að hún eigi „xx<sup>c</sup> j lanndi.“ án þess að getið sé um hvaða landsvæði það er.

Hinn 20. apríl 1430 gaf Loptur Guttormsson syni sínum, Sumarliða, m.a. jörðina Vatnshorn. Þá liggur fyrir vitnisburður sjö manna um löggjafir Lopts Guttormssonar til Sumarliða sonar síns, dagsettur 1. október 1432.

Hinn 24. júní 1489 var gerður kaupmáli vegna hjónabands Sigurðar Þorleifssonar og Kristínar Finnbogadóttur. Í kaupmálanum kemur m.a. fram að Finnbogi Jónsson lögmaður, faðir Kristínar, gefi dóttur sinni þrjár jarðir í Haukadal, þar á meðal Vatnshorn.

Samkvæmt vitnisburði tveggja manna, dagsettum 30. apríl 1513, seldi Þórður Andrésson, ábúandi Vatnshorns, Sléttadal til Helga Jónssonar, eiganda Vatnshorns. Samkvæmt vitnisburðinum var það greiðsla Þórðar vegna þriggja ára landskuldar af Vatnshorni. Engar heimildir liggja fyrir um á hverju eignartilkall Þórðar Andréssonar til Sléttadals var byggt. Vitnisburðurinn er því elsta heimildin sem getur um ágreiningssvæðið, en svo sem fram er komið afmarkast það af Sléttadalsá að vestanverðu og er austurhluti dalsins því innan þess.

Í þremur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá árinu 1523 og síðar, segir að kirkjan eigi hálfan Sléttadal og allan Haukadal, en vesturhluti Sléttadals er innan ágreiningssvæðis vegna Jörfaafréttar sem fjallað er um í kafla 6.6.

Með kaupbréfi, dagsettu 18. febrúar 1541, seldi Ormur Sturluson nokkrar jarðir í Haukadal og hálfan Sléttadal til Daða Guðmundssonar í Snóksdal. Í kaupbréfinu segir m.a.:

---

... eg hefi sellt og lofat at selia Dada bonda Guðmundzssyni suo heitandi jardi  
j haukadal j watzhorns kirkiusokn. Skard. Gilialand. miouabol. hamra og  
leikskala. hef ec nu afuent adurnefndum Dada bonda allar fyrskrifadar jardi  
iij vtan leikskala og fulla peninga vppboret fyrir þær og halfan slettadal ...

Vatnshorns er getið meðal eigna í dánarbúi Daða Guðmundssonar í Snóksdal  
árið 1564, en ekki er minnst á Sléttadal.

Í máldaga kirkjunnar að Vatnshorni frá því um 1570 segir að kirkjan eigi  
„halffann Sliettardal fyrer nordann framm i millum Sliettardalzár og Svijnadalzár. Suo  
langtt á fiall vpp semvotnumhallar. Jtem jordena Skinnthufu .x<sup>c</sup>.“

Í vísitásiu kirkjunnar frá 1639 segir: „[Kirkjan) ä J hejmalande effter gömlum  
breffum og mäldógum. Skjnnþuffu x hndr. effter sógn. Selstöðu i Sliettadal. vj kug.  
halffpart huort.“ Þessi vísitasia er sú eina sem getur ekki merkja ágreiningssvæðisins  
heldur vísar eingöngu til þess að kirkjan eigi þar selstöðu.

Fyrir liggja nokkrir dómar um upprekstur á Skarðsafrétt. Í þeim elsta,  
dagsettum. 18. maí 1644, segir m.a.:

... dómsm(enn) tilnefnder af sýslumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort  
upprekstrar skule vera á Skards-Fiall edr ecke [...]. Kom framm í fyrstu ad  
upprekstrar hafe vered á Skardsfiall ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal,  
Miðdölum og Laxárdal og ad so hafe vered samantekid umm Rekstrinn og  
Tollana ad reked hafe vered á Skards-fiall, Vatnshornsland og Jörva og Skards  
menn hafe teked tollana ad hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu  
tollana; enn þ(ei)r fra Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa)  
gielndnaut sín í afretinne. [...] Því ad so prófudu og fyrer oss komnu dæmum  
vér med fullu dómsatqvæde ad rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrnefndum  
sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest eptir því so sem sidarst  
þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þángad reka sitt fé, skule láta gánga á  
fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ ...

Af orðalagi dómsins má ráða að upphaflega hafi verið upprekstur á svonefnt  
Skarðsfjall úr Haukadal, Miðdölum og Laxárdal, en að síðar hafi verið sammælt um  
upprekstur og tolla og rekið á Skarðsfjall, Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfaafrétt  
sameiginlega. Með dómnum var á grundvelli samkomulagsins kveðið á um skyldu til  
upprekstrar á svæðið. Fleiri dómar áttu eftir að ganga um upprekstur á svæðið eins og  
rakið verður hér á eftir, þar sem þessi skylda til upprekstrar var áréttuð.

Í vísitásiu kirkjunnar frá árinu 1659 er vísað til þess að samkvæmt Gíslamáldaga  
frá því um 1570 eigi kirkjan jörðina Skinnþúfu „Item Hálfann Slettardal fyrer nordann  
framm i millum Slettardalsár og S[ví]madals är so langt ä fiall upp sem vótum hallar  
...“

Í vísitásiu kirkjunnar frá árinu 1675 segir að kirkjan eigi jörðina Skinnþúfu  
„Item halfann Slettardal fyer Nordann framm i millum Slettardalsár og Suijnadals är so  
langt a fiöll Vpp, sem Votnum hallar.“ Vísitásiur kirkjunnar frá árunum 1699, 1721,



---

1725, 1732, 1742, 1750, 1751, 1753, 1758, 1782 og 1803 eru allar samhljóða vísitásiunni frá 1675 hvað varðar eignir kirkjunnar og merki landsvæðisins.

Hinn 19. maí 1681 keypti Hákon Árnason jörðina Stóra-Vatnshorn af Bjarna Péturssyni, en ekki er getið um Sléttadal í kaupsamningnum.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1703 segir m.a. í umfjöllun um Vatnshorn að þar sé kirkja, annexía frá Kvennabrekku, en jarðareigandi sé Jón Hákonarson ábúandi. Þá segir:

Kirkjan á eina jörð, Skinnþúfu, ut supra. Item á hún afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.

Í umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls um Skinnþúfu segir að hún sé „kirkjujörð Vatnshorns kirkju í Haukadal“ en ekki er minnst á afréttarland eins og í umfjöllun um Stóra-Vatnshorn. Í framangreindri umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Vatnshorn er vísað til umfjöllunar sömu bókar um Jörfa en þar segir:

Hálfkirkjan [að Jörfa] á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb í af rekstri, ef yfir xx lömb eru. Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion.

Umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls gefur ótvírætt til kynna að ágreiningssvæðið hafi á þessum tíma verið nýtt til upprekstrar frá jörðum í Haukadal og Miðdölum og þar er vísað til þess sem afréttar.

Þá segir enn fremur í umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls um Skarð sem er norðan við ágreiningssvæðið:

Af landinu legst til afrjettarbeitar nokkuð. Tolla hálfá tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga.

Í umfjöllun um Kross í *Jarðabók* Árna og Páls segir m.a. að jörðin liggji við afrétt og líði „stóran átroðning af afrjettar peningi.“ Svo sem fram er komið er jörð Kross aðliggjandi ágreiningssvæðinu við norðanverð vesturmörk þess.

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir m.a. að jarðareigandi sé Jón Hákonarsson „að erfd eftir sinn Sal. Födur.“

Í dómi um Skarðsafrétt frá 29. mars 1735 er meðal annars vísað til eldri dóms um svæðið frá 18. maí 1644. Í dómnum frá 1735 segir m.a.:

Laxdælingar; sem fyrer þennan rett hingad til Hvams þ(in)gs hafa vered stefnder, ásamt öðrum þar í sveit, ega hér epter ad þeckia sitt afrettar plats á Skards afrett í Haukadal í mót sidvanalegum Tolle til vidkomenda ...

Dómurinn er elsta heimildin sem getur um örnefnið Skarðsafrétt.

---

Í dómi um Skarðsafrétt frá 4. apríl 1755 var enn tekin fyrir deila um upprekstur úr þremur sveitum, þ.e. Laxárdal, Haukadals og Miðdölum á Skarðsafrétt. Í dómnum segir m.a.:

Það er auglíóst, so vel af dóme sýslumannsins Biarna Petrssonar gengnum að Saudafelle 1644 sem og af dóme sýslumannsins Orms Dadasonar, gengnum að Hvamme d. 22. Aprílís 1735 að þeirra þriggja hreppa Laxárdals, Haukadals og Miðdala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skarðsafrétt, heldur og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til að reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer epter ádr citerudum dómum, dæmest hér með og ályktast að greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Miðdala innbyggendur að öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér epter vera skylduger til að reka gieldfé sitt á Skarðsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstíorar það á vorum tilskipa og samþickia. [...]. Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gieldfiár upprekstrs á Skarðsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skylduger til með hreppsmanna ...

Á héraðsþingi að Hjarðarfelli 13. september 1756 var spurst fyrir um hvaða bændur í Laxárdal hefðu rekið á Skarðsfjall í Haukadal vorið áður. Svörðu þingmenn því til að þeir vissu ekki um neinn úr Laxárdal sem hefði rekið á Skarðsfjall. Á héraðsþingi að Jörfa 15. sama mánaðar var Jón Andrésson á Fremri-Þorsteinsstöðum dæmdur fyrir að reka „í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt“. Kom fram í dómnum:

Nú er af gengnum dómum um þessa afrétt, nefnilega einum af 1644 og hinum af 1735 og 1755 auglýst að Laxárdals-, Haukadals og Miðdala innbúendur eru ei einasta berettigede til þessarar oft nefndrar Skarðsafréttar, heldur og eru þeir skildugir til að reka á þá sömu.

Framangreindir dómur um upprekstur á Skarðsafrétt frá 18. maí 1644, 22. apríl 1735 og 4. apríl 1755 voru lesnir upp á manntalsþingi að Sauðafelli 25. maí 1757. Þá tilkynnti sýslumaður á manntalsþingi að Jörfa 21. júní 1757 að hann hefði sent hreppstjórum Laxárdalshrepps afréttardóma um Skarðsafrétt, ásamt „undir eins ordre [skipun] að auglýsa það öllum sveitarinnbyggjurum svo enginn hefði sig með vanvisku að afsaka.“ Á manntalsþingi að Jörfa 11. júní 1795 var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbókinni segir m.a.:

5. Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afréttarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadals og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálstan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði.

---

Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdalasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll [...] og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum ~~hel~~ skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Skarðsbóndi skal og viðhalda réttinni forsvaranlega; en þeir sem dilka eiga skulu þeim sjálfir viðhalda.

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí árið 1797 var uppleið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsfjall og borga „þann gamla afréttartoll“.

Varðveist hefur ódagsett samþykkt um Skarðsafrétt, sem talin er frá seinni hluta 18. aldar. Í samþykktinni segir m.a.:

1° Afrettar Bondinn, sa sem byr a Skarde, a ad vera uppriktugur danumadr, skir, glöggr og greidugur so einginn gete med retti neinu oskila bragde a hann komed sem forsomun afdótunar. [...]

2° Epter Dome Syslumanns Biarna Peturssonar utnefndum á Savdafelle þann 18. Maí 1644, Syslumans Orms Dadasonar af 22. Aprilis 1735 og Syslumanns Magnusar Ketilssonar af 4. April 1755 ega þeirra 3 hreppa Laxardals, Havkadals og Middalahrepps Jnnbyggendr skylduupprekstr fyrer lömb og geldfe sitt a so kalladann Skardsafrett.

[...]

4° Þad má einatt heyra ad sumer af bændum klaga yfer illum heimtum, sem optazt er þó þeirra egen óradvendne ad kenna i því, ad þeir sitja ei lömb sin nog ádr og sidan reka þav ei reglulega i midjann afrett, eins og lög fyrer skipa. Hvar af bæde þeim sialfum og odrum orsakazt skade, þa slik lömb hlapva heim i bufiárhaga og leggiazt under qvifé og eru sidan hrakenn óvissa vegar. Þar fyrer skal hvor buande sem á skylduupprekstr a Skardsafrett, vera skyldugr til ept[er] gömlum lögsömdum Syslumanna og Lögmanna dómum [00] ad láta sitja lömb sin heima i 5 daga i þad minsta ad[r] hann a fiall rekr, hvort heldr eru lömb edr géldfé og sidan skal hann reka þav i midjan afrett edr á þann sokallada Sliettadal og ega hreppstiorar ad tilsetja vissann tima á vorum nær i afrettin skal reka, alt under vidliggiande laga sekter af þeim sem ut af bregda.

5° Þeir sem afretten ega og lambatollana taka, Vatnshorns og Jörvabændr, skulu vera skylduger til ad láta gagnlega og dyggelega leita ad melrakkagrenjum i afrettinum á hvorju sumre, og þá grenin finnazt ad utvega gagnlegan mann til ad vinna þav, og skulu þeir þessu hafa afloked fyrer Jonsmessu baptistæ edr 24. Junii á hvorju sumre. Og byrjar hreppstiorum þar fyrer utan ad hafa röksamlega tilhlutan umm ad sérhvör buande leite á hvorju vore land sitt epter grenjum, og ega þá dyren ad vinnazt uppa sveitarinnar kostnad en afrettarbændr ega ad láta þav vinna uppa sinn eginn kostnad, því

---

nema þav lönd sem nær liggja afrettinum seu vel hreinsud, verda afrettarbændr ei réttelega sektader fyrer sina forsomum þó bite kome framm i afrettinum.

6° Med því Samgavngr eru mille Mela og Skards-afretta og Melaleitadagr er halden á mánudagen i 20 viku sumars og same hefr ad fornu vered leitardagr i Skardsafrett, þa er nu þesse same dagr þar til settr ad færurade, en ef ei verdr þann dag fyrer óvedre leitad, þá hvor næste dagr þar epter þá færtr vedr gefzt.

[...]

10° Hreppstiorar i fyrrtedum 3 hreppum i Laxardal, Havkadal og Middölum ega ad koma sér saman umm það, hvorn part af fiallenu hvor sveit skule leita og hvornen leitum skip[a] og a þetta so einusinni ad nidradazt ad þar vid mege arlega sidan vera. Med því mote er liklegra ad serhvorjer láte sér umm sinar leiter hugad vera og ei [...]blora hvor vid adra prettezt umm leitirnar.

11° Med því tvenna og dyggva menn þarf til ad vaka yfer leitasafninu þá það kemr á manudags qvelde og þar er nockr ofötlun ad ætla það þeim sem leitad hafa, so mun best fara ad taka til þess menn af þeim næstu bæum vid afrettinn sem þó giæte leitad sin egen leigulönd á þan tilsetta leitadag, sosem það er allra bænda skilda, avk afrettarleita ad leita sin egen leigulönd.

14° Hvör buande i adrnefndum 3 sveitum, sem á 16 lömb edr fleire so sem hann epter áminnstum lögsömdum domum er skyldugr a Skardsfiall ad reka, so skal hann vera skyldugr afrettar Toll ad gialda hvort hann rekr á fialled edr ecke reke, fyrer því hann var skyldugr ad reka. [...]

15° Epter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard i Havkadal lited edr eckert af því afrettarlande sem adrsagder 3 hreppar ega med skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skiptazt i 3 stade, hvar af Vatnshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þridja part.

16° Fyrer þennan þridja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átrodninge af fiallafenu, og Rettonum, hann heldr og Bók yfer mörkenn epter 3. poste og géfr þar af utskrift þeim mönnum sem verda sender i adrar Retter, epter hreppstiora þar umm giörandi samegenlegre Radstöfun. Auk þessa skal Skards abuande vera skyldugr til ad vidhalda Rettenne i forsvananlegu stande og hlada veggina so hava ad lömb stockve ei ut og so sterka ad ei hrynje þó menn edr savder hlappe á þeim. Hann skal og vera skyldugr til ad vidhalda þeim Dilkum sem nu eru hladner edr hladner verda. Enn ei skal hann vera skyldugr til ad hlada þá ad nyu. Enn þeir sem nu ega þar Dilka edr vilja hlada sér þar Dilka, sem öllum er heimelt þeim sem upprekstrinn ega, þeir ega fyrst ad setja þá i gott og forsvananlegt astand og syna þá 3 edr fleirum dugande mönnum i hvada stande þeir eru, og sidan skal afrettarbondenn vera skyldugr til [000] ad vidhalda þeim eins og Rettinne sialfre.

17° Hvor sa sem giörer á mote því, sem af þeim flestu samþikt verdr i þessu efne, skal þar fyrer sekiazt 6 aurum, hvort heldr það er einhver bónde i

---

adrnefndum 3 hreppum edr þeir sem afrettarlanded ega, edr sa bonde sem býr á Skarde af þeirre sekt á kongr helming, enn þeir sem lambatollana taka, annan helming nema þeir verde sialfer seker, þá fare þar um epter Systlumans Radstöfun.

Af 5., 15. og 16. tölulíðum samþykktarinnar verður ráðið að afrétturinn hafi að mestu eða öllu Vatnhorns- og Jörfabændum, en hlutdeild bóndans á Skarði í afréttartollunum hafi verið vegna átroðnings sem hann sætti af afréttarfénu. Þá verður ráðið af 4. tölulíð að Sléttidalur hafi verið á miðjum afréttinum.

Í jarðamatinu frá 1804 er jörðin Stóra-Vatnshorn metin á 44 hundruð, í eigu ábúandans Jóns Egilssonar, en ekkert kemur þar fram um afrétti.

Í vísitásiu kirkjunnar frá árinu 1807 segir: „[Kirkjan] beheldur enn nu ollum sínum Eygnum og Itökum sem eru þessi: Jördenn Skinþúfa 10 hndr., og há<l>fur Slettárdalur fyrer nordann fram, mille Sléttárdals ár, og Svínadalsár, so langt á fiall upp sem vötnum hallar.“ Vísitásiur kirkjunnar frá 1820, 1828, 1866 og 1870 eru samhljóða eldri vísitásium hvað varðar eignir kirkjunnar og staðsetningu ágreiningssvæðisins.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 20. maí 1809, um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dali, segir m.a.:

Nú eru þær jarder margar sem aungvann afrett edur fiallland eiga enn eru þó landkreppu jarder [...] og eru þeirra ábúendur skylduger ad leigia afrett og upprekstur land hiá þeim er afrett eiga og ej filla sialfer jtölu sína, fyrer sanngjarnt verd, epter samkomulagi.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 13. ágúst 1809, um fjármörk fjallgöngur og réttir, segir m.a.:

Nú þótt frammtaldar Sveitir hafi engar Skilldu afréttir, utann alleina Haukadalur og partur af Laxár- og Middölum [Skarðsafrétt], enn hinar adrar hafa leigt og fengid hiá nábúum hinum, ad reka á Dale, sem ad nockru leiti eru búfiár-hagar, þá samt skulu bændur eins og ádr leigia upprekstrar plátz, hiá þeim sem hafa so Dölum varid, og gialda eptir billegheitum, Samkomulagi og Fiárfjölda, þeim sem beitarlandid tilhejrir.

Hinn 26. febrúar 1833 skrifaði Jón Sigurðsson á Skarði bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna óreglu sem hann taldi vera á fjallskilum og greiðslum fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Í bréfinu segir m.a.:

Þar ydar Velborinn heitum hefur þoknast ad fela mier á hendur ummsión yfir upprekstur fialleitum og saudfiár Riettar vidhaldi hier á Skards afriett, orsakast eg hiermed til ad géfa ydur til vitundar ÓReglu þá sem mier fínt ad árlega taki ýfirhönd ý fiall skilum til, og Fialla tolla gialdi eptir tieda afriett, sem einkanlega er filgiandi: 1: ad bændur þeir sem eýga upprekstur á skards afrétt forsóma ad leita Eptirleit á haustum þó þeir sieu þar til qvaddir og það þeim ý týma til sagt: 2: ad nockrir þeirra Reka fie sitt á Villýngadal og gialda þangad fiallatolla enn aungva til myn, eda annara eýganda afréttar landsins: 3: Réttinn

---

sialf er mikils til oflítil að Rúma það fíe sem Rekid er til Réttarinnar og þarf þvj nauðsínlega að út færast og hladað ad nýu. hér af hlióta þau mýn audmiuk og þénustusamleg til mæli, ad ydar velborinn heitum mætti þoknast ad úrskurda: 1: alla bændur sem búa jnnan upprekstursins takmarka skilduga ad leita Eptirleit eptir þörfum þegar þeir eru þar til kalladir undir þá Sekt sem þér ályttid hæfilega og ydur þoknast ad áqveda: 2: hvört öllum þeim bændum sem búa ý Skards afréttar upprekstri nefnilega millum Laxár og Túnguár ber eý ad gialda Fiallatolla til myn og medeiganda afréttar landsins, og hvört öllum eýns þeim fiár mestustu sem þeim er ecki eýga Fleiri enn 20 Kindur fiallrækar ber eý ad gialda meir enn 1 lamb j fialla toll: 3: hvöríum beri ad útvýdka og hlada upp Réttina svo nægilega stór verdi til ad rétta safn það sem ad henni rekst

Á manntalsþingi að Sauðafelli í maí 1836 var upplesin ályktun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Ekki er greint nánar frá inntaki ályktunarinnar.

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu, frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi um afréttarlönd í sókninni: „<Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadál. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadál.“

Í kafla um Kvinnabrekkuprestakall frá 1840, í sömu heimild, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

8. <Dalir.> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suðuraf Sléttadalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

<31.> *Selstöður* tilheyra í Kvinnabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvinnabrekku. [...] En í Stóra-Vatnshornssókn á Vatn selstöðu í Vatnsþverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals ogsvo er áður getið. Hvorug þessara selstaða eru lengi nú að undanfögnu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.

[...]

32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvinnabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvinnabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

Hinn 24. október 1842 skrifaði Magnús Arngrímsson hreppstjóri bréf til sýslumanns er varðaði annmarka sem hann taldi vera á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 1809. Í bréfinu minnst hann m.a. á upprekstur á Skarðsafrétt, en þar segir m.a.:

---

... og Tel eg það first til hvað lög upprextur á Skarðs afrétt snertir þar sem Reglugiördinn til greinir, að þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Miðdölum, enn takmarkar ecki hvað mikill Partur af Sveitunum, hvað þeir sem fyrir fjallgaungum eiga að Ráða þurfa þó að vita, til þess þeir gæti reglulega til sagt þeim fjallskil á Haustum sem þágangad eiga lög upprextur; og hinir sem fjallatolla eiga að taka, meigi vita eptir þeim að ganga hia þeim sem þágangad eru skildugir að reka ...

Hinn 16. desember árið 1842 skrifaði Jón Jónsson á Melum, eigandi Skarðs, amtmanni bréf vegna uppreksturs á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir m.a.:

... hafa og svo nú á seinni árum ýmsir bændur í Haukadale og Miðdölum rekeð lömb sín á Villingadal, sem liggur nálægt og að kalla jafnsíðis Skarðs afrétt, og golded þágangad Fjallatolla, en fé það sem þágangad er rekeð, gengur þó eins að miklu leiti í afréttarlandinu og er að lokum réttað og dreged í Skarðs rétt, án þess að Eigendur afréttarinnar, eða Skarðs abúandi fái minsta endgjald þar fyrir. [...] Í tilliti til jarðarinnar Skarðs hofum við ecki það álit á hagnaði á fjárupprekstri á afrétt þessa, að ockur ecki standi á sama, hvort honum er framhaldeð eða ecki, sé þá ei heldur rekeð á Villingadal, en líkt mundi á þessari afrétt fara og annarstaðar, þar sem þær eru forsómaðar eða aflagðar, að geldfé sem þágangad kynni að slángra af kringliggjandi afréttum og fjallöndum, mundi þar úti verða, sökum vanleita, en sé fjárupprekstri annars framhalded, og hann ei fullkomlega og útbryckilega aftekin á Skarð afrétt, viljum við og uppástöndum:

[...]

2. Í tilliti til þess atvöðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villingadal, orsakar teðrar jarðar fjallandi, viljum við tilstanda abúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrteðum upprekstri, hvorra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villingadal, fái þeir þartil teðrar jarðar abúanda samþycki, en ei viljum við liða að fleiri reki á Villingadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalingslaust.

3. Í tilliti til grenjaleita og dýraveiða á afréttini vyrðist ockur sanngjarnast og best fara, að bondin á Skarði umannist – sem henni nálægastur – allar grenjaleitir á vorin, útvegi skyttuna og sendi eptir henni á eigin kostnað, og láti á meðan vaka á greninu, en Jörva og Vatnshorns abúendur, sem uppbera helfing Fjallatollana, standi þar á mót allan kostnað til skyttunar, og þess sem með heni liggur á greninu, þá þess viðþarf.

Hinn 18. júní 1843 var gerður samningur milli eigenda Skarðs og Villingadals um uppreksturinn og fjalltolla, en samkvæmt honum skyldu Haukdælningar og Náhlíðingar reka á Skarðsafrétt að undanskildum sex bæjum sem mættu reka á Villingadal og að Villingadalur fengi fyrir fjóra fjalltolla ásamt þeim sem tilheyrði Villingadal, en ekki fleiri.

---

Hinn 30. október 1844 setti sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamtsins staðfesti reglugerðina þann 25. desember sama ár.

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 er jörð Stóra-Vatnshorns metin á 44 hundruð. Þar segir að Jörðinni tilheyri „fjórði partur af svonefndri Skarðsafrétt“ sem matsmenn álíti að sé 20 ríkisbankadala virði, en að jörðin öll ásamt afréttinni sé metin til 500 ríkisbankadala. Í jarðamatinu segir einnig að jörðin Stóra-Vatnhorn eigi „fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt“, sem matsmenn meta 20 ríkisbankadala virði en jörðina alla, að því meðtöldu, til 600 ríkisbankadala. Þá segir í jarðamatinu að Skarðsafrétt tilheyri jörðinni Skarði hálf og er jörðin metin til 350 ríkisbankadala. Í jarðamatinu er Skarðsafrétt því metin sérstaklega í tilviki Stóra-Vatnshorns og Jörfa, en er hins vegar metin sem hluti af jörð Skarðs.

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 var lesið upp leyfisbréf frá „eigendum Skarðsafréttar“ þar sem þeir heimila ábúanda Lækjaskógs upprekstur á Skarðsafrétt. Hinn 22. mars 1854 sendi amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna málsins, en þar segir:

... en þótt að nýnefndur Jón hafi fengið leyfi til að reka geldfje sitt á afrijettt í framandi sveit, álítur Amtið hann þó engan slíkan rjett hafa til að skerast úr því sveitarfjelagi, hvartil hann heyrir, að hann þarvið geti fríast við að greiða dýratoll og gjöra grenjaleytir í sveit sinni eptir jafnaðar tiltölu við aðra, eptir sveitarstjórnarinnar ráðstöfun. En hvort hann af áðurtjedri orsök getur fríast við að gjöra fjallskil í Laxárdals hreppi, verður að vera undir því komið, hvort sveitarstjórnin og sveitarbændur vilja samþykka það, eður finna það sveitinni bagalaust, því ef svo er, þá hefur Amtið fyrir sitt leyti ekkert á móti að hann fríist frá fjallskilum í Laxárdalshreppi.

Hinn 21. febrúar 1863 var haldinn sveitarfundur í Haukadalshreppi til að ræða upprekstur og fjallskil. Samkvæmt bréfi, dagsettu 7. mars sama ár, sem hreppstjóri Haukadalshrepps sendi sýslumanni kröfðust „Skarðsafréttar eigendur“ þess að allir sem höfðu átt þangað upprekstur héldu honum áfram og að fjallatollar skyldu greiðast samkvæmt gildandi reglugerð.

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd bréf til sýslumanns þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundum í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir m.a.:

Eptir ósk Sýslunemdarmannsinnis í Haukadalshreppi, hjelt Hreppsnemdin þar fund með sér að Jörfa (þingstað) og kallaði þangað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjallönd, til að víta um hvorjir af þeim vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanfögnu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá –



---

1. Kostnir 4<sup>ir</sup> til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og vard álít þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.

2. Var þá farið að semja við þessa landseigendur hvað háa leigu að þeir settu upp fyrir Landið Og var ákveðið að eptir alt þettað land skildi gjaldast, af nemdri fjártölu 7 vættir og 20 fiskar er þá 20 fiskar af hundrað fjár – Ef ekki irði svo mart geldfje hjá upprekstrar mönnum að sjetja í Landið, skildi gjalddid stíga niðrúr 7 vættum og 20 fiskum enn verda þó jafnann 20 fiskar eptir 100 fjár, kæmi það fyrir að upprekstrar menn ættu fleira fje, enn þessa til teknu upphæð sem þeir þirtu að reka í nemt land, skildi þeim það leifast allt svo leingi að ekki virtist verða skaði af á Landinu, og Leigann þó aldrey stíga upp úr 7 vættum, og 20 fiskum og í þessu Landi skildi hvorki vera hafður búsmali nje Hross, og ekki heldur brúkað til slægna.

3. Firir það sem Réttinn stendur á Skarðs lód, og sjerstakann átroðning á Skard ábúanda, og að hann taki að sjer að láta Leita grenja leitir á Landi þessu, skal hann árlega hafa af óskiptri upphæð fjallatollanna. 1. vætt. og 20 fiska.

Firir það sem Villíngadals ábúandi æltar að lída geldfje þó það kæmi á Villíngadal, skal hann hafa af nemdum fjallatollum 20 fiska árlega – Enn því sem þá er eptir af fjallatollunum skal skipt eptir rettri tiltölu, eptir því sem matid hefur verid í hvört land, fyrir sig af fjénu.

4. Allir Bærir í Haukadalshreppi skulu eíga Lög upprekstur á Skards afrétt að Vatni og Villíngadal undanskíldum (þeir hafa upprekstur hvör hjá sjer) Einig skulu eíga upprekstur á Skards afrétt þeir bærir í Náhlíd sem hér greínir, Ytra Skogskot, ~~Kvennabrekka~~, Svalbarði, Svínhóll og Oddstaðir.

[...]

9. Fjalla tollarnir skulu greiðast Landeigendum firir octóber mánaðarlok ár hvort í gildum landaurum, kindum eða peníngum, eptir þá gildandi verdlagskrá.

10. Finnist gren í Afréttarlandinu, skal hvor þess Landeígandi annast um í sínu landi að útvega skittu á það, láta mann vaka á grenínu og annast um að greiða allann kostnad þar af leiðandi.

Svo sem fyrr greinir var sérstakt landamerkjabréf gert fyrir Stóra-Vatnshorn og Skinnþúfu árið 1886. Landamerkjabréfið er elsta heimildin sem liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins, en þar er því lýst sérstaklega og aðskildu frá óumdeildum eignarlöndum Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu (nú Saurstaða). Er það jafnframt elsta heimildin sem nefnir ágreiningssvæðið því nafni sem það gengur undir í dag, þ.e. Stóra-Vatnshornsmúli. Landamerkjabréfið er undirritað af Jóni B. Jónssyni og Jónasi Jónssyni eigendum Stóra-Vatnshorns auk þess sem það er undirritað um samþykki vegna Litla-Vatnshorns, Vatns, Saurstaða, Skriðukots og af Jóni Jónssyni sem var eigandi Mela, Jörfa og Skarðs.

---

Um aldamótin 1900 hófust deilur um hvaða jarðir í Haukadalshreppi mættu leyfa upprekstur á fjallönd sín og af þeim leiddu nokkur bréfaskipti um upprekstrarlönd í hreppnum. Í bréfi Björns Bjarnasonar sýslumanns Dalasýslu til amtmanns, dagsettu 4. mars 1900, segir m.a.:

Fyrir allöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi [...] var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á afrjettarlöndum sem tilheyra Jorfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbóndinn á Vatni hann var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnsland; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrjettarþje hreppsins nema Vatnsþje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir allt afrjettarþje hreppsins. [...] En það sem hjer aðallega kemur til greina er, að hjer í sýslu eru engir afrjettir sem eru almenningseign, heldur aðeins afrjettir, sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og St. Vatnshornsafrijetur í Haukadals og hins vegar eru víða jarðir hjer.

Með bréfinu fylgdi formleg umsögn um upprekstur í hreppnum en þar segir m.a.:

Samkvæmt afrjettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrjettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna.

Afrijetarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjáruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeygnum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna.

Í Dalasýslu er engin afrjettarlönd sem eru almenningseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrjettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum.

(Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldþje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjár síns.

En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstarþje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrjettarlönd eru til í hreppnum.

Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrjetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum.

---

Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrjettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins.

Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstrarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafjrett.

[...]

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfaafjretti sem afrjetti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framar en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrjettir, þá eru allsengir afrjettir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.“

Erindi sýslumanns Dalasýslu var svarað með bréfi amtmannsins í Vesturamti dagsettu 20. mars 1900. Þar segir:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður dagsett 4. þ.m., og þarmeð umsögn yðar um erindi frá bændunum á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi, þar sem þeir bera undir antið, hvort þeir sjeu skuldbundnir til að kaupa upprekstur á fje sínu hjá tveimur eða þremur bændum ónefndum í tjeðum hreppi, sem þykjast eiga rjett til þess að menn noti upprekstarland, sem þeir eigi, og hvort þeir (spurjendurnir) ekki hafi heimild til að nota upprekstarland, sem þeir geti útvegað sjeu fengið hjá öðrum, án þess að borga hinum nokkurn upprekstartoll, vil jeg taka það fram sem mína skoðun, að þeir spurjendurnir sjeu eigi neyddir til að nota afrjettir tiltekinnna manna, ef þeir sjálfir geta útvegað sjeu upprekstarland og að þeir eigi sjeu skyldir til að borga upprekstartolla fyrir afrjettir, sem þeir ekki nota, nema hlutaðeigandi afrjettar eigendur geti sannað það með fullgildum skilríkjum, að sú kvöð hvíli á jörðum þeim, sem spursmál er um, að ábúendurnir á þeim sjeu skyldir til að reka á afrjettina, og borga afrjettar toll, hvort sem þeir gjöri það noti hana eða ekki, sbr. hæstarjettardóm 25. marz 1898, snertandi Víðidalstunguheiði í Húnavatnssýslu (Hæstarjettar tíðindi, 1898, bls. 58–60) Úrlausn þessarar spurningar heyrir samt eptir eðli sínu undir úrslit dómstólanna, og verður hún eigi útkljáð með yfirvaldsúrskurði.

Jafnframt því þjenustusamlags að tilkynna yður þetta, yður til leiðbeiningar og beitingar fyrir hlutaðeigendum, með því viðbætt, að jeg ekki fæ sjeð, að 8. gr. í fjallskilareglugjörð Dalasýslu, 22. júní 1876, eigi við um þetta geti ett gefið nokkra leiðbeining um þetta spursmál.

---

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að jörðin eigi „meir en nægilegt“ upprekstrarland. Þá sé ágangur af afréttarfé og hrossum meðal ókosta hennar.

Í svari hreppstjóra Haukadalshrepps, dagsettu 9. júní 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu frá 29. desember 1919, segir m.a.: „... mjer er ekki kunnugt um að hjer í hreppi sjeu nein svæði til sem talin eru almenningar, eða afrjettarlönd sem ekki tilheira lögbýli.“ Svo segir:

Vitanlega eru hjer í hreppi 3 dalir sem eru daglega kallaðir afrjett, en heita þó sinu nafninu hver, og liggja undir sina jörðina hver, og eru þær þessar: Stóra Vatnshorn, Skarð og Jörvi. Jarðir þessar munu vera metnar til hundraðatala að meðtöldum dölum þessum og virðist mjer því að hjer sje ekki um neina afrjett að ræða.

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 segir m.a. í umfjöllun um afrétti Jörfa og Stóra-Vatnshorns: „Austan við Jörfamúlasporð skerst Slettidalur suðaustur í fjöllin upp undir Tröllakirkju. Hann var því að sunnanverðu hluti af Jörfaeign en að norðan afréttur kirkjunnar á Vatnshorni.“

Nýtt landamerkjabréf var gert fyrir jörðina Stóra-Vatnshorn árið 2002. Þar segir að jörðin eigi „fjallendi, Stóra-Vatnshornsmúla“ og þar er merkjum ágreiningssvæðisins einnig lýst með heildstæðum hætti og aðskildu frá óumdeildu eignarlandi jarðarinnar. Landamerkjabréfið er undirritað af eigendum Stóra-Vatnshorns og áritað um samþykki vegna Vatns, Skriðukots, Saurstaða, Litla-Vatnshorns, Skarðs, Grænumýrartungu, Upprekstrarfélags Stafholtstungna, Jörfa og Kross.

Eins og áður segir kann að vera að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Hvað það varðar þarf þó einnig að gæta að því hvað liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kann að hafa stofnast til við landnám, þ.e. hvort samhengi eignarréttar og sögu liggi fyrir. Í því sambandi vísast t.d. til úrskurðar óbyggðanefndar um Þórsmörk í máli nr. 5/2003 og dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði.

Í elstu heimildinni þar sem getið er um Sléttadal, þ.e. vitnisburði tveggja manna frá 1513, er ekki getið um inntak réttinda kirkjunnar á Stóra-Vatnshorni þar. Þó verður ekki annað ráðið af vitnisburðinum en að hann taki til alls Sléttadals, þ.e. bæði austan og vestan Sléttadalsár. Um svæðið vestan árinna, þ.e. Jörfaafrétt, er fjallað í kafla 6.6. Eins og þar kemur fram er vesturhluta dalsins getið með Haukadal í máldögum Jörfakirkju frá 1523 og um 1600 og fyrir liggja aðrar heimildir frá 15. og 16. öld sem benda til þess að Haukadalur hafi þá verið afréttur. Þetta bendir til þess að austurhluti Sléttadals hafi haft sömu stöðu og vesturhluti hans, sem og Haukadalur, sem er vestan Jörfamúla. Jafnframt er getið um hálfan Sléttadal í kaupbréfi frá 1541 og máldaga kirkjunnar á Vatnshorni frá 1570, án þess að inntaks réttindanna sé getið. Máldaginn er elsta heimild sem getur um tilkall kirkjunnar að Vatnshorni til Sléttadals. Þetta bendir

---

til þess að Sléttidalur hafi verið lagður til kirkjunnar, sem var í einkaeigu, á árabílinu 1541–1570. Þá er getið um selstöðu á Sléttadal í vísitíu kirkjunnar frá 1639.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>473</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Í nokkrum dómum frá 1644 og síðar var ótvírætt lagt til grundvallar að ágreiningssvæðið væri afréttur og að bændum í Haukadal, Miðdölum og Laxárdal bæri skylda til upprekstrar á hann. Auk dómsins frá 1644 var þessi skylda síðar áréttuð í dómum frá 29. mars 1735 og 4. apríl 1755. Þá er getið um svæðið sem „afrjettarland“ í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 og tekið fram að skylt sé að reka þangað lömb úr Haukadal og stórum hluta Miðdala gegn greiðslu tolla. Ýmsar aðrar heimildir staðfesta að svæðið var afréttur sem skylt var að reka á og svæðið mun hafa verið hluti af stærri afrétti sem vísað var til sem Skarðsafréttar í heimildum, a.m.k. frá því á 18. öld. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 um Stóra-Vatnshorn og Jörfa, þar sem getið er um „afrjettarland“ fyrir framan alla bæi sem tilheyri hálfkirkjunni á Jörfa og kirkjunni á Vatnshorni, bendir að mati óbyggðanefndar fremur til þess að upprekstrarlandið hafi ekki talist til lands jarðarinnar. Þetta er frábrugðið umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Skarð, þar sem segir „af landinu legst til afrjettarþegar nokkuð“.

Af ódagsettri samþykkt um Skarðsafrétt, sem talin er frá seinni hluta 18. aldar, verður ráðið að Sléttidalur hafi verið á miðjum afréttinum. Í sömu heimild sést að þriðjungur af afréttartollunum skyldi renna til bóndans á Stóra-Vatnshorni. Þá kemur fram í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu, frá árinu 1839, að Skarðsafrétt sé lögafrétt fyrir sveitina. Þar segir þó einnig að Sléttidalur sé „Stóra-Vatnshornskirkju eign“ en Haukadalur sé „almenningsland“. Af þessu mætti eftir atvikum draga þá ályktun að munur væri á eignarréttarlegri stöðu annars vegar Sléttadals og hins vegar Haukadals, ef ekki lægi fyrir fjöldi annarra heimilda sem bendir til hins gagnstæða.

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin eigi fjórðung í Skarðsafrétti og að sú hlutdeild sé metin á 20 ríkisbankadali af alls 500 ríkisbankadölum sem jörðin er metin á í heild. Ætla má að hið hlutfallslega lága verðmat hlutdeildarinnar í afréttinum í samanburði við verðmat jarðarinnar í heild stafi af því að einungis hafi verið um afréttareign að ræða á ágreiningssvæðinu en ekki beinan eignarrétt. Enn fremur er til þess að líta að í ítarlegri umsögn Björns Bjarnasonar, sýslumanns í Dalasýslu, um upprekstur í Haukadalshreppi, sem fylgdi bréfi hans til amtmanns,

---

<sup>473</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

dagsettu 4. mars 1900, er greinilega gengið út frá því að um sé að ræða afrétt. Þar er vísað til álits matsmanna þar sem sé getið um annars vegar „upprekstrarlönd [...] í Vatnslandi og Skarðslandi“ og hins vegar „afrjettarlönd“ / „afrjetti“ sem tilheyrir Jörfa og Stóra-Vatnshorni. Auk þessa kemur þar fram að í Haukadalshreppi séu „2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa“. Því næst segir: „... þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum ...“ Bendir þetta til þess að greinarmunur hafi verið gerður á stöðu annars vegar afrétta Stóra-Vatnshorns og Jörfa og hins vegar þeirra upprekstrarlanda sem tilheyrðu Vatni og Skarði. Í þessu sambandi er og til þess að líta að allt land jarðarinnar Vatns er óumdeilt eignarland.

Í fyrirliggjandi heimildum er svæðisins fyrst og fremst getið í tengslum við beit og eða önnur þrengri og sambærileg not, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Raunar staðfesta heimildirnar að bændum í Haukadal, Miðdölum og Laxárdal var skylt að reka fé á svæðið gegn greiðslu upprekstartolla, a.m.k. frá árinu 1644. Engar heimildir eru um byggð innan ágreiningssvæðisins og það er aðskilið frá óumdeildu eignarlandi Stóra-Vatnshorns af landi annarra jarða. Þá benda heimildir til þess að ágreiningssvæðið hafi lotið sjálfstæðri afmörkun sem afréttur. Þar er einnig um að ræða skýra afmörkun af náttúrunnar hendi gagnvart aðliggjandi landsvæðum, af Svínadalsá að norðanverðu, af Sléttadalsá að vestanverðu og af vatnaskilum að austan- og sunnanverðu. Þá liggja ekki fyrir heimildir í málinu sem benda til þess að ágreiningssvæðið hafi verið hluti af annarri jörð eða jörðum. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Eins og áður er getið verður ekki ráðið af fyrirliggjandi landnámslýsingum hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, en staðhættir og fjarlægðir mæla því þó ekki í mót. Jafnvel þótt svæðið kunni að hafa verið numið í öndverðu þá liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæðið hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Að öllu þessu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar sú að eigendur Vatnshorns og kirkjan að Vatnshorni hafi ekki átt beinan eignarrétt á Stóra-Vatnshornsmúla heldur óbeinan, nánar tiltekið afréttareign.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að

---

hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>474</sup>

Hvað varðar ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem benda til þess að þar hafi verið búið við gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa gagnaðilum íslenska ríkisins fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri ágreiningssvæðinu liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu og máli nr. 2/2014 hjá óbyggðanefnd. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á Stóra-Vatnshornsmúla hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>475</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign jarðarinnar Stóra-Vatnshorns í Dalabyggð.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til þeirra. Þeir taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Við

---

<sup>474</sup> Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>475</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

afmörkun þjóðlendunnar er að austanverðu miðað við vatnaskilin sem ráða merkjum Stóra-Vatnshornsmúla að austanverðu, en úrskurðarlínan er þó teiknuð á úrskurðarkort með sama hætti og sveitarfélaga- og sýslumörk, sem jafnframt eru austurmörk svæðis 9A hjá óbyggðanefnd, til samræmis við kröfulínur aðila, enda fylgja þessi mörk a.m.k. í meginatriðum vatnaskilunum sem ráða merkjum Stóra-Vatnshornsmúla að austanverðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Stóra-Vatnshornsmúli, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur eru ármót Haukadalsár og Svínadalsár. Þaðan er Svínadalsá fylgt að upptökum á vatnaskilum. Þaðan er vatnaskilum fylgt suður og svo vestur að upptökum Sléttadalsár. Þá ræður Sléttadalsá norður að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan er Haukadalsá fylgt norður að upphafspunkti við ármót hennar og Svínadalsár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóra-Vatnshorns, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

## **6.6 Jörfaafréttur**

### **6.6.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendu-kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Jörfaafréttur. Gagnaðilar íslenska ríkisins, eigendur jarðarinnar Jörfa, gera kröfu til þessa svæðis sem eignarlands síns og byggja á að það sé hluti af jörðinni. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1.4 og 3.5.

Bærinn Jörfi stendur sunnanmegin í miðjum Haukadal og er óumdeilt eignarland jarðarinnar aðskilið frá ágreiningssvæðinu af öðrum jörðum. Frá bæjarstæði Jörfa að Þorleifsstaðagili, á norðurmörkum ágreiningssvæðisins, eru um 8,5 km, mælt í beinni loftlínu, en frá bæjarstæðinu að Sátutagli á suðurmörkum ágreiningssvæðisins eru um 12 km í beinni loftlínu.

Innarlega í Haukadal, sunnan við Þorleifsstaðagil, greinist dalurinn í annars vegar samnefndan dal sem gengur til suðvesturs og hins vegar í Sléttadal sem gengur til suðausturs. Jörfaafréttur nær yfir þennan síðarnefnda Haukadal<sup>476</sup> og vesturhluta Sléttadals, vestan Sléttadalsár. Landsvæðið afmarkast að norðanverðu af Þorleifsstaðagili, að austan af Sléttadalsá, að vestan af austurmerkjum jarðarinnar Villingadals á fjallsbrúnum og að sunnan af vatnaskilum gagnvart landsvæðum í Borgarbyggð. Landsvæðið liggur a.m.k. að mestu leyti í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst í um 680 m í Krossbrún á vesturmörkum þess. Láglandasti hluti svæðisins

---

<sup>476</sup> Þegar getið er um Haukadal hér á eftir er almennt átt við Haukadal sem er innan ágreiningssvæðisins og gengur til suðvesturs frá samnefndum dal.



---

er nokkuð gróinn en eðli málsins samkvæmt er minni gróður eftir því sem ofar dregur.<sup>477</sup>

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar, er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns

---

<sup>477</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendukröfulína hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega Jörfafrétt er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Verði að telja að af fyrirliggjandi heimildum og landfræðilegum aðstæðum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar sé aðallega stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Jörfa, dagsettu 12. maí 1884, og landamerkjabréfi fyrir Stóra-Vatnshorns og Skinnþúfu, dagsettu 15. maí 1886. Þá hafi við afmörkun svæðisins einnig verið stuðst við landamerkjabréf jarðarinnar Kross, dagsett 27. maí 1885, afmörkunar á þjóðlendukröfussvæðum íslenska ríkisins vegna Stóra-Vatnshornsmúla og fjallendis Skarðs, sem og sýslu- og sveitarfélagamörk.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að Jörfafréttur sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda, en ljóst þyki af heimildum og landfræðilegum aðstæðum að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess ekki verið með þeim hætti. Er einkum vísað til þess að í landamerkjabréfi Jörfa sé svæðinu lýst sérstaklega og aðgreindu frá óumdeildu eignarlandi jarðarinnar, auk þess sem svæðið sé landfræðilega aðskilið frá því. Gefi það til kynna að ekki sé um beinan eignarrétt að ræða, heldur fremur takmörkuð réttindi.

Fyrirliggjandi eldri heimildir vísi til umrædds landsvæðis sem afréttarlands. Er í því sambandi vísað til kaupbréfs fyrir Jörfa frá 1477, Jörfadóms frá 27. apríl 1508, máldaga kirkjunnar að Jörfa frá 1523 og síðar og máldaga hennar frá því um 1600. Í umfjöllun um Jörfa í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*<sup>478</sup> segi meðal

---

<sup>478</sup> Hér eftir vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

---

annars að hálfkirkjan að Jörfa eigi afréttarland þar sem sé skylduupprekstur fyrir lömb úr Haukadals- og mikinn part úr Miðdölum og að í afréttinum eigi fleiri ítök og fjallatollar skiptist milli eigenda eftir hlutfalli. Þá liggja fyrir dómur Orms Daðasonar sýslumanns sem kveðinn var upp 1735, þar sem einnig sé vísað til eldri dóms frá 1644. Í dómnum hafi komið fram að rekið hefði verið á Skarðsfjall úr þremur sveitum; Haukadals-, Miðdölum og Laxárdal, en svo hafi einnig verið rekið á Jörfa og Vatnshornsland. Skarðsmenn hafi tekið tollana að hálfu en Jörfi og Vatnshorn að hálfu. Dæmt hafi verið um að rekstur á þessi fjöll skyldi vera með þeim hætti sem áður hefði verið og því hafi verið um skylduupprekstur að ræða. Aftur hafi verið kveðinn upp dómur árið 1755 þar sem áréttað hafi verið um skylduupprekstur á Skarðsafrétt og greiðslu afréttartolls. Enn fremur hafi varðveist samþykkt um Skarðsafrétt sem sé talin vera frá síðari hluta 18. aldar, en samkvæmt henni hafi einnig verið áréttað að skylduupprekstur skyldi vera á Skarðsafrétt úr Laxárdals-, Haukadals- og Miðdalahreppi. Þar komi einnig fram að Skarð hafi átt lítið eða ekkert af því afréttarlandi sem skylduupprekstur hafi verið á og að tollar vegna uppreksturs skyldu skiptast í þrennt milli Vatnshorns, Jörfa og Skarðs. Í jarðamati 1849–1850 segi svo að Jörfi eigi fjórða part af Skarðsafrétt og sá hluti hafi verið metinn aðskilinn frá jörð Jörfa. Loks er af hálfu íslenska ríkisins vísað til umfjöllunar í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997 þar sem segi að Jörfamúli, sem nái 611 metra hæð og liggja milli Haukadals og Sléttadals, heiti svo frá því Jörfakirkja hafi átt hann sem afréttarland, og að Sléttidalur hafi að sunnanverðu verið hluti af Jörfaeign, en að norðan afréttur kirkjunnar að Vatnshorni.

Fram kemur af hálfu íslenska ríkisins að það telur að framangreindar heimildir kunni að benda til þess að landsvæðin fjallendi Skarðs, Stóra-Vatnshornsmúli og Jörfaafréttur, sem það gerir þjóðlendukröfu í, hafi öll verið eitt afréttarsvæði, Skarðsafrétt, og að landfræðilegar aðstæður og staðhættir styðji jafnframt það mat. Af heimildum megi einnig ráða að þjóðlendukröfuvæði íslenska ríkisins vegna Jörfaafréttar liggja utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé og ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir svæðinu.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda jarðarinnar Jörfa, er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr.

---

10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat þess hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við matið hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleyfi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (*Papamichaloppulos gegn Grikklandi*), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (*fyrirum Grikklandskonungur og fleiri gegn Grikklandi*) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (*Beyeler gegn Ítalíu*).

Þá byggji landeigendur einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (*Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi*), dóms MDE frá 24. júní 2003 (*Stretch gegn Bretlandi*) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (*Kopecký gegn Slóvakíu*).

Við setningu landamerkjálaga nr. 5/1882 og síðan 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá

---

landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigendur og forverar þeirra átt beit og annan gróður á jörð sinni. Þeir hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeigenda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hveftrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megji að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að það falli innan landnámslýsinga.

Á því sé byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar 21. október í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins sé byggð á heimildaskjöllum sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Jörfa í gegnum tíðina. Er þar einkum vísað til landamerkjabréfs fyrir jörðina Jörfa frá 12. maí 1885. Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki aðliggjandi jarða og því þinglýst. Sömuleiðis sé vísað til lögfestu fyrir Jörfa frá 3. maí 1725, þar sem landi jarðarinnar sé lýst með sama hætti og í landamerkjabréfinu.

Þá er einnig vísað til umfjöllunar í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1703, þar sem segi að kirkjan að Jörfa eigi afréttarland þar fram á fjallinu fyrir framan alla bæi ásamt því að fjallatollar ættu að gjaldast fyrir. Sú staðreynd að tollar hafi verið innheimtir af landinu bendi til þess að um eignarland sé að ræða, enda sé ekki hægt að innheimta tolla af landi sem enginn á. Um þetta sé einnig vísað til máldaga kirkjunnar að Jörfa frá 1523 og síðar, þar sem segi að jörðin eigi hálfan Sléttadal og Haukadal allan að gili því sem sé næst Sauðafellsseli. Í öðrum máldaga kirkjunnar frá því um 1600, máldaga hennar frá 1810 og í greinargerð Orms Daðasonar frá 1744 segi einnig að kirkjan eigi hálfan Sléttadal og allan Haukadal að gili því sem er næst Sauðafellsseli. Að auki komi fram í lýsingu Skarðs í *Jarðabók* Árna og Páls að í afréttinni þar hjá, í þeim parti sem Jörfa hálfkirkju tilheyri hafi í gamaldaga verið bær kallaður

---

Þorleifsstaðir, sbr. einnig *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997. Framangreindar heimildir bendi til þess að landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti frá landnámi. Þá liggja fyrir fjölmargar heimildir þar sem fram komi að óheimilt hafi verið að nytja umrætt landsvæði nema með leyfi landeiganda og renni það stoðum undir að um beinan eignarrétt að landsvæðinu hafi verið að ræða.

Samkvæmt þeim eignarheimildum sem vísað sé til í málinu, sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti og það skeri ekki úr um að landið sem um ræðir hafi verið kallað afrétt, sbr. dóm Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði), enda hafi landsvæði sem töldust afréttir samkvæmt eldri hugtakanotkun verið talin eignarlönd. Afréttarland hafi verið sú náttúruauðlind sem hafi verið skilyrði þess að byggð héldist á jörðum. Engin ástæða sé til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður. Það eitt að umrætt landsvæði sé staðsett í nokkurri fjarlægð frá öðru landi jarðarinnar geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti.

Sérstaklega sé vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu. Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt. Landeigandi telji því að fyrir liggja að allt land í Dalasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land í Dölum hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 4. september 1920 til Stjórnarráðs Íslands þar sem komi fram að spurst hafi verið fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum Dalasýslu og samkvæmt yfirlýsingum þeirra væru engir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki heyrðu lögbýli til.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið stofnun eignarréttar við landnám. Land jarðarinnar Jörfa hafi greinilega allt verið innan landnáms, þ.m.t. ágreiningssvæðið, og hafi verið byggt á því alla tíð. Það megi sjá á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði hafi verið eign Jörfa á sama máta og annað landsvæði jarðarinnar.

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Dölum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 7. október 2010 í máli nr.

---

722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að landamerkjálýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjáláganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess, að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. mál nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjálýsingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Á því er byggt að Jörfi sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem fari ekki í bága við eldri heimildir. Þess vegna beri íslenska ríkið sönnunarbyrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé það umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afréttar, né heldur hafi þær staðið almennungi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði

---

verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að landsvæði þetta hafi ætíð fylgt jörðinni Jörfa, sbr. orðalag í elstu heimildum. Ítreka beri hve geysi verðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi, hvað þetta varðar, benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarkna hafi verið, meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að jarðir þær, sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að innan merkja ágreiningssvæðisins sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Eigandi hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þar á meðal eignarskatta.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð væri unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Nú sé því alls ekki haldið fram að umþrætt landssvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja.

Í dómi Hæstaréttar 1997, bls. 2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi



---

Hæstaréttar 1939, bls. 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt landsvæði sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum Jörfa, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðilanna verið þinglýst athugasemdalaust.

Í ljósi framangreindra heimilda telji gagnaðilar íslenska ríkisins að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum séu fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. sammingsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðilar þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeigenda byggji m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu landeigenda. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfulýsingu landeigenda. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en allt land í Dölum hafi verið numið í öndverðu. Landeigendur leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Visað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 sem byggji á almennum óskráðum meginreglum

---

stjórnsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. stjórnsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignarréttindum sínum bóotalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar 1961, bls. 629.

Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeigenda sé ekki fullkomin eign þeirra.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm réttarins í máli nr. 48/2004 (Framfréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vísa sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttinasáttmálann, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

---

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfugerð þess um þjóðlendu á svæðinu mótmælt og á því byggt að svo virðist sem ríkið byggji einkum á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfelld. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar 1960, bls. 786 (Skeljabrekka) og dóm Hæstaréttar 1994, bls. 2227 (Geitland). Landeigendur telji að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis að svæðið hafi ekki verið numið til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðið hafi verið numið og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011, (sameignarlandi Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólshöllum), að landnám hafi almennt verið samfelld á Íslandi. Íslenska ríkið viðurkenni land aðliggjandi jörðinni og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjálaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Jörfaafréttar er rakin í kafla 5.6 hér að framan, sjá einnig kafla 5.2 um afrétti og afréttarnot. Ágreiningssvæðið er á

---

sameiginlegu afréttarsvæði, þ.e. Skarðsafrétt, en undir Skarðsafrétt falla jafnframt a.m.k. hluti ágreiningssvæðis vegna fjalllendis Skarðs, sem fjallað er um í kafla 6.4, og ágreiningssvæði vegna Stóra-Vatnshornsmúla, sem fjallað er um í kafla 6.5. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Jörfa er, sem fyrr segir, aðskilið ágreiningssvæðinu af öðrum jörðum. Við úrlausn málsins kemur einkum til skoðunar hvort Jörfaafréttur hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða hvort það hafi haft aðra stöðu.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum ágreiningssvæðisins er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1.4 og 3.5. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi svæða.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Jörfa, dagsett 12. maí 1884 og þinglýst 27. maí 1885.<sup>479</sup> Landamerkjabréfið er eina heimildin sem liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins, en þar er því lýst sérstaklega og aðskildu frá óumdeildu eignarlandi Jörfa.

Austan við Jörfaafrétt er ágreiningssvæði vegna Stóra-Vatnshornsmúla, sem fjallað er um í kafla 6.5, og norðan þess er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kross. Vestan við er óumdeilt eignarland jarðarinnar Villingadals og sunnan við er Sauðafellsafréttur, sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðæfndar í máli nr. 2/2014.<sup>480</sup> Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verða nú fyrst austurmerki svæðisins tekin til skoðunar. Þeim er lýst svo í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884: „... sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum að Sljettadalsá, sem ræður til Haukadalsár.“ Í þremur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá 1523, máldaga hennar frá því um 1600 og lögfestu frá 1725, er austurmerkjum ekki lýst en þar kemur fram að kirkjan eigi hálfan Sléttadal og allan Haukadal. Af lýsingunni má ráða að átt sé við Sléttadal vestan Sléttadalsár.

Austan megin við Jörfaafrétt er eins og áður segir ágreiningssvæði vegna Stóra-Vatnshornsmúla. Í landamerkjabréfi fyrir Stóra-Vatnshorn og Skinnþúfu frá 15. maí 1886, þinglýstu 28. sama mánaðar, segir um mörk Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfaafréttar: „... sem vötnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár, hver á ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár ...“ Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Jörfaafréttar. Landamerkjabréf Jörfa er hins vegar undirritað um samþykki af umsjónarmanni kirkjunnar á Stóra-Vatnshorni. Nýtt landamerkjabréf var gert fyrir Stóra-Vatnshorn 31. desember 2002 og því þinglýst 15. júlí 2003. Þar segir um merkin: „Landamerkjum Stóra-Vatnshorns og Jörfa ræður

---

<sup>479</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Jörfa frá 1884.

<sup>480</sup> Í tengslum við meðferð þessa máls var mál nr. 2/2014 endurupptekið hjá óbyggðanefnd og er nýr úrskurður í því kveðinn upp samhliða úrskurði þessum.

---

Sléttadalsá þangað sem hún rennur í Haukadalsá sem síðan ræður merkjum þangað sem Þorleifsstaðagil fellur í ána.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða, þar á meðal Jörfa.

Íslenska ríkið miðar kröfulínu sína um austurmörk Jörfaafréttar við að Haukadalsá ráði suður frá Þorleifsstaðagili þar til Sléttadalsá rennur í hana og þaðan ráði Sléttadalsá merkjum til suðurs að sýslu- og sveitarfélagamörkum. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um austurmörk við lýsingu í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884.

Þeim heimildum, sem lýsa afmörkun austurmarka Jörfaafréttar, ber öllum saman um að Sléttadalsá ráði frá vatnaskilum að sunnan og til Haukadalsár og svo ráði Haukadalsá að Þorleifsstaðagili. Í ljósi þess er það niðurstaða óbyggðanefndar að austurmörk Jörfaafréttar séu með þeim hætti. Er það jafnframt í samræmi við kröfulínur beggja aðila á austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Næst verða norður- og vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Þeim er lýst svo í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884: „... Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverðu árinna eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni suður til Sátu ...“ Í þremur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá 1523 og máldaga hennar frá því um 1600, segir að kirkjan eigi allan Haukadal að gili því sem er næst „Saudafellzseli“ eða „Saudamannafellzseli“. Í lögfestunni frá 1725 segir að kirkjan eigi Haukadal til „... yztu ummerkja [...] fram að því gili, sem er næst Sauða manna felle sele [yfirstrikað orð] nu er kallað Þorleifsstaðagil ...“ Telja má líklegt að með gili því sem getið er um í máldögunum sé átt við Þorleifsstaðagil, enda kemur það heim og saman við lýsingu lögfestunnar.

Norðan við Jörfaafrétt er jörðin Kross. Í landamerkjabréfi fyrir Kross frá 27. maí 1885, þinglýstu 27. sama mánaðar, segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „... ræður Þorleifsstaðagil, sem fellur af fjalli ofan í Haukadalsá lítið neðan en móts við Sljettárdals mynni.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Jörfaafréttar. Þeim heimildum sem hér hafa verið raktar ber saman um að Þorleifsstaðagil ráði norðurmerkjum svæðisins.

Vestan við Jörfaafrétt er óumdeilt eignarland Villingadals. Í landamerkjabréfi fyrir Villingadal frá 10. maí 1884, þinglýstu 27. maí 1885, segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „... svo fram há fjallið, þar sem hallar til beggja dalanna [þ.e. Villingadals og Haukadals] og það suður fyrir Villingdadalsdrög, þar til vötnum fyrst hallar til Bekradals, síðan vestur eptir eins og vötnum hallar vestur ...“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða og landsvæða, þar á meðal eiganda Jörfa.

Af hálfu íslenska ríkisins er þessi hluti kröfulínunnar dreginn svo:

Upphafspunktur er við Sátutagl (1), á sýslumörkum Dalasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er farið norður eftir hæstu brúnum Krossbrúnar og á vatnaskilum milli

---

Haukadals og Villingadals, að efstu gildrögum Þorleifsstaðagils (2), gilið ræður síðan merkjum til austurs ofan í Haukadalsá (3) ...“

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfulínunni að þessu leyti lýst svo: „... frá Þorleifsstaðagili að vestanverður árinna (1) eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni (2) suður til Sátu (3) ...“

Kröfulínur beggja málsaðila eru því miðaðar við Þorleifsstaðagil að norðanverðu og vatnaskil að vestanverðu. Að mati óbyggðanefndar verða þær heimildir sem hér hafa verið raktar, og lýsa vesturmerkjum Jörfafréttar, helst túlkaðar þannig að vatnaskil vestan Haukadals ráði vesturmerkjum þar til komið er að Þorleifsstaðagili, sem síðan ráði norðurmerkjunum. Það er í samræmi við kröfugerðir málsaðila.

Næst verða suðurmerki ágreiningssvæðisins skoðuð. Þeim er lýst svo í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884: „[Eins og vötnum hallar vestan Haukadals] suður til Sátu, þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum ...“ Í máldögum kirkjunnar að Jörfa frá 1523, máldaga hennar frá því um 1600 og lögfestunni frá 1725, er suðurmerkjum ekki lýst.

Sunnan við Jörfafrétt er Sauðafellsafréttur sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014. Eins og þar kemur fram eru norðurmörk þjóðlendunnar, gagnvart ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar, miðuð við línu sem dregin frá upptökum Hvassár til vesturs í tjörn norðan við Sauðfellingamúla.

Af hálfu íslenska ríkisins er suðurmerkjum Jörfafréttar lýst svo í endanlegri kröfugerð: „... ræður Sléttadalsá upp á fjall og að sýslumörkum (4) og svo er sýslumörkum fylgt vestur að Sátutagli (1) ...“ Þá er suðurmerkjunum lýst svo af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins: „... sem vötnum hallar af fjallsbrúninni (2) suður til Sátu (3), þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla ...“ Kröfugerð íslenska ríkisins er því miðuð við sýslumörk en kröfugerð gagnaðila þess við vatnaskil.

Þar sem framangreind lýsing í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884 verður að mati óbyggðanefndar helst túlkuð svo að vatnaskil ráði suðurmerkjum Jörfafréttar aflaði óbyggðanefnd gagna frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Í ljós kom að lega þeirra er ekki í fullu samræmi við það hvernig sýslu- og sveitarfélagamörk eru teiknuð á kröfulínukort. Sá mismunur er á þann veg að austast eru sveitarfélagamörkin dregin sunnar en kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins en vatnaskilin liggja aftur á móti sunnar en hin teiknuðu sveitarfélagamörk norðan við Sátu. Að öðru leyti er a.m.k. í meginatriðum samræmi milli þessara lína. Í ljósi þessa af þessu ákvað óbyggðanefnd að færa mörkin milli svæða 8B og 9A til samræmis við vatnaskilin og báðir málsaðilar lýstu því í framhaldinu yfir að kröfulínur þeirra skyldu færðar til samræmis við hin nýju svæðamörk. Endanlegar kröfur beggja málsaðila eru því miðaðar við vatnaskil að sunnanverðu.

Að öllu þessu virtu verða þær heimildir sem hér hafa verið raktar því túlkaðar þannig að vatnaskil sunnan Haukadals og Sléttadals ráði suðurmerkjum Jörfafréttar og kröfugerðir málsaðila eru í samræmi við það.

---

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirbyggjandi heimildir til þess að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Jörfa frá 1884 og kröfugerðir málsaðila eru í samræmi við það.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að Dala-Kollur Veðrar-Grímsson hafi numið allan Laxárdal ofan til Haukadalsár. Í *Landnámu* er einnig greint frá því að Pröstur og Grenjuður Hermundarsynir hafi numið land í Hrútafirði og búið að Melum og að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi Meldúnssyni, leysingja sínum, Sauðafellslönd. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og hátt til fjalla framangreind landnám hafi náð. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

---

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegrri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Í máli þessu liggur fyrir landamerkjabréf sem tekur til ágreiningssvæðisins, og að auki máldagar frá 16. og 17. öld, þar sem þess er getið að umrætt landsvæði, þ.e. hálfur Sléttidalur og allur Haukadalur, hafi tilheyrt kirkjunni að Jörfa. Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitásium og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Sem fyrr segir er elsta heimildin sem liggur fyrir um Jörfa kaupbréf frá árinu 1477 þar sem Finnbogi Jónsson selur Jóni Þorkelssyni jörðina Jörfa með „aullum þeim gaugnum oc giedum sem greindri jordu hefer ath fornu oc nyio fylgt [...] ath tilskildum þeim afriettardal oc skogarparti sem greindri iordo iorfa hefer ath fornv fylgt.“ Staðsetningar afréttardalsins og skógarins er ekki getið. Með hliðsjón af yngri heimildum verður þó að telja mjög líklegt að þar sem getið er um afréttardal sá átt við Haukadal, enda er getið um afrétt Jörfakirkju á Haukadal í dómi sex presta frá 1518, eins og fjallað verður um hér á eftir og liggja ekki fyrir gögn sem benda til þess að Jörfa hafi tilheyrt afréttur annars staðar. Þá mun það svæði á Sléttadal sem krafa er gerð til vegna Jörfa mun ekki hafa komist undir forræði eigenda Jörfa fyrr en á 16. öld.

Samkvæmt vitnisburði tveggja manna, dagsettum 30. apríl 1513, seldi Þórður Andrésson, ábúandi Vatnshorns, Sléttadal til Helga Jónssonar, eiganda Vatnshorns. Samkvæmt vitnisburðinum var það greiðsla Þórðar vegna þriggja ára landskuldar af Vatnshorni. Engar heimildir liggja fyrir um hvernig eignarhald Þórðar á Sléttadal var til komið. Vitnisburðurinn virðist taka til alls Sléttadals og því vera elsta heimildin sem



---

taki til austurhluta þess ágreiningssvæðis sem hér er til umfjöllunar, og afmarkast af Sléttadalsá að austanverðu, og að auki þess hluta dalsins sem er austan árinna og fjallað er um í kafla 6.5 hér að framan.

Hinn 27. júní 1516 seldi Magnús Björnsson hálfja jörðina Jörfa í Haukadál í skiptum fyrir jörðina Kolgrafir í Eyrarsveit. Kaupandi var Þorleifur Gamalielsson. Í kaupbréfinu kom fram að jörðin væri seld með þeim gögnum og gæðum sem „jörðu halfri fylger og fyllgt hefer að fornu og nyu ...“, en ágreiningssvæðið er ekki nefnt sérstaklega. Hinn 27. apríl 1518 var dæmt í svokölluðum „Jörfadómi“, sem var dómur 6 presta sem höfðu verið útnefndir af séra Einari Snorrasyni í Skálholti. Tilfni þess að dómurinn kom saman var að Magnús Björnsson hafði ekki greitt Þorleifi Gamalielssyni vangoldna reikninga af Jörfakirkju, auk þess sem hann hafði ekki viljað ganga á landamerki afréttar kirkjunnar í Haukadál. Í dómnum segir:

... fyrir það að hann villdij echij giallda Þorleifj Gamalielssini porcio halft hallfkirk(i)unar æ jorfa j havkadall fyrir suo langan tima sem honum bar að suara þessum reikningsskap að logum. suo og að fýrgreindur magnus biornsson villdij Echij giallda firskrijffudvm Þorleifj asaugar kugilldij oc hros med follaldij er Þorleifur sagdij að Biarni heittin arnason sagdist hafa golldid greindum magnusij syni sinum med hallfrij hallfkyrk(i)unij a jorfa i havkadall [...]. Eirnin hefdij magnus Biornsson Echij villiad æ landamerkj ganga. Þeirar Afriettar sem kirk(i)an æ jorfa æ j haukadall og eckij til merkia seigia æ fioll vpp vr bvfiar gangij.

Var Magnús dæmdur til að greiða Þorleifi Gamalielssyni „porcio“ kirkjunnar á Jörfa með „vitorði þess prófasts sem þar er yfir“ auk þess sem hann var dæmdur til að sverja eið um að hafa ekki tekið fyrrnefnt „asaugar kugilldij edur hros med follaldij med oppt greindrij hallfrij hallfkirkju æ Jörfa suo hun hefdij att“. Þá var hann dæmdur til þess að „ganga a landamerkji firgreindrar afriettar og sigja til erkja a fjall vpp sem logbok ut visar“. Þetta er elsta heimildin sem ótvírætt tekur til vesturhluta ágreiningssvæðisins, þ.e. Haukadals, og þar er hans getið sem afréttar í eigu kirkjunnar að Jörfa.

Í þremur máldögum kirkjunnar að Jörfa frá árinu 1523 og síðar, sem og máldaga hennar frá því um 1600, segir að kirkjan eigi „halfan sléttadal. og allan haukadál j Tíu hundrada eign að Gili þui sem næst er Saudafellzseli.“ Ekki liggur fyrir hvernig kirkjan að Jörfa eignaðist réttindi á hálfum Sléttadal, en líkt og að framan greinir hafði Sléttidalur verið seldur eiganda Stóra-Vatnshorns árið 1513.

Hinn 13. desember 1530 seldi Þorleifur Gamalielson, Bjarna syni sínum, tíu hundruð í jörðinni Jörfa í Haukadál. Í kaupbréfinu, sem er dagsett 16. mars 1531, segir einnig að Þorleifur hafi goldið Bjarna fyrir hlut í jörðinni Kolgröfum með hluta af jörðinni Jörfa. Skyldi Bjarni þannig eignast þann helming jarðarinnar sem Þorleifur keypti af Magnúsi Björnssyni. Í kaupbréfinu er hvorki getið um Haukadál né Sléttadal.

---

Árið 1540 vitnaði Guðlaug Finnbogadóttir um að hún hefði selt Þorleifi Gamalielssyni hálfan Jörfa í Haukdal „med ollum þeim gongum [gögnum] og gædum sem greindri jordu fulger og fyllt hefur at fornu og nyu“ en ekki er þar getið um Haukadal eða Sléttadal.

Með kaupbréfi, dagsettu 18. febrúar 1541, seldi Ormur Sturluson nokkrar jarðir í Haukadal og hálfan Sléttadal til Daða Guðmundssonar í Snóksdal. Í kaupbréfinu segir m.a.:

... eg hefi sellt og lofat at selia Dada bonda Gudmundzssyni suo heitandi jardir j haukadal j watzhorns kirkiusokn. Skard. Gilialand. miouabol. hamra og leikskala. hef ec nu afuent adurnefndum Dada bonda allar fyrskrifadar jardir iijj vtan leikskala og fulla peninga vppboret fyrir þær og halfan slettadal ...

Hinn 6. maí 1541 gekk svo dómur um eignarhald á hálfri jörðinni Jörfa. Í málinu krafðist Ormur Sturluson þess að fyrrgreind kaup Þorleifs Gamalielssonar á hálfri jörðinni af Guðlaugu Finnbogadóttur, móður Orms, gengju til baka og var á það fallist. Ekkert er minnst á Sléttadal eða Haukadal í dómnum.

Fyrir liggja nokkrir dómar um upprekstur á ágreiningssvæðið. Í þeim elsta, dagsettum 18. maí 1644, segir m.a.:

... dómsm(enn) tilnefnder af sylumanninum Biarna Petrssyne um þ(ad) hvort upprekstrar skule vera á Skards-Fiall edr ecke [...]. Kom framm í fyrstu ad upprekstrar hafe vered á Skardsfiall ádr úr þeim 3 sveitum Haukadal, Middölum og Laxárdal og ad so hafe vered samantekid umm Rekstrinn og Tollana ad reked hafe vered á Skards-fiall, Vatnshornsland og Jörva og Skards menn hafe teked tollana ad hálfu, enn Jörva menn og Vatnshorns menn hálfu tollana; enn þ(ei)r fra Vatnshorne og Jörfa skyldu hafa (forte rectius ei hafa) gielndnaut sín í afrettinne. [...] Því ad so prófudu og fyrer oss komnu dæmum vér med fullu dómsatqvæde ad rekstrar á þesse fiöll skule vera úr fyrrnefndum sveitum, epter því sem ádr vered hefr. Item tollr gialdest eptir því so sem sidarst þar umm giört var og aller þ(ei)r, sem þangad reka sitt fé, skule láta gánga á fiöllinn epter því, sem vane hefr til vered, madur af hvorium bæ ...

Af orðalagi dómsins má ráða að upphaflega hafi verið upprekstur á svonefnt Skarðsfjall úr Haukadal, Miðdölum og Laxárdal, en að síðar hafi verið sammælt um upprekstur og tolla og rekið á Skarðsfjall, Stóra-Vatnshornsmúla og Jörfafrétt sameiginlega. Með dómnum var á grundvelli samkomulagsins kveðið á um skyldu til upprekstrar á svæðið. Fleiri dómar áttu eftir að ganga um upprekstur á svæðið eins og rakið verður hér á eftir, þar sem þessi skylda til upprekstrar var áréttuð.

Í umfjöllun um Jörfa í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1703 segir m.a. að þar sé hálfkirkja og að jarðareigandi sé Sigurður Þorgilsson. Þar kemur fram að hagar séu „heilnæmir, en þeir bestu lengst burt. Selstaða er í heimalandi; hefur lángrandi aldrei brúkuð verið.“ Þá segir:

---

Hálfkirkjan á afrjettarland þar fram á fjallinu, fyrir framan alla bæi; er þar skyldu upprekstur fyrir lömb úr Haukadal og mikinn part úr Miðdölum. Fjallatollar eiga að gjaldast, óákveðið hvað miklir. Geldst venjulega lamb í af rekstri, ef yfir xx lömb eru. Í þessum afrjett eiga fleiri ítök, og skiftast fjallatollar milli eigenda eftir proportion. Kirkjan á ítak í Grafar land í Miðdölum, skógarhögg, og er það afskiftur skógur; tekur nú að eyðast ...

Umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls gefur ótvírætt til kynna að ágreiningssvæðið hafi á þessum tíma verið nýtt til upprekstrar frá jörðum í Haukadal og Miðdölum og þar er vísað til þess sem afréttar.

Í umfjöllun um Vatnshorn í *Jarðabókinni* segir m.a. að þar sé kirkja, „annexía“ frá Kvennabrekku. Þá segir um Stóra-Vatnshornsmúla, sem er aðliggjandi Jörfaafrétti að austanverðu: „Item á [kirkjan] afrjettarland fyrir framan bæina í dalnum á fjallinu. Er þar skyldu upprekstur og goldnir fjallatollar, ut supra um Jörfa hálfkirkju ítak. Jarðareigandi að Vatnshorni uppber fjallatolla.“

Í umfjöllun um Skarð í *Jarðabók* Árna og Páls segir m.a.:

Af landinu legst til afrjettarbeitar nokkuð. Tolla hálfá tekur ábúandi á móti hinum, sem afrjettinn eiga. Ekkert hefur landsdrottinn þar af, eða neitt annað í því nafni. [...] Í afrjettinni þar hjá, í þeim parti sem Jörfa hálfkirkju tilheyrir, er sagt verið skuli hafa í gamladaga bær, kallaður Þorleifsstader. Sjest þar ekkert til tófta eða girðinga; vita menn ei heldur neitt víst þar um. Kann ómögulegt að byggjast.

*Jarðabók* Árna og Páls er elsta heimildin þar sem getið er um Þorleifsstaði og það sem þar greinir felur eingöngu í sér frásögn af munnmælum um forna byggð þar, án þess þó eð ummerki sjáist um hana eða nokkuð sé vitað um hana með vissu. Af þessari frásögn verður því að mati óbyggðanefndar ekkert ráðið með vissu um hvort þarna hafi einhvern tímann verið byggð.

Þá segir m.a. í umfjöllun um Kross að jörðin liggja við afrétt og líði „stóran átroðning af afrjettar peningi.“ Svo sem fram er komið liggur jörðin Kross að ágreiningssvæðinu að norðanverðu.

Umfjöllun *Jarðabókar* Árna og Páls um Jörfa og fleiri jarðir í Haukadal gefur til kynna að Jörfaafréttur hafi tilheyrt sameiginlegu afréttarsvæði, ásamt landsvæðum sem eigendur Skarðs og kirkjan að Stóra-Vatnshorni kölluðu til réttinda á, og að tollar hafi verið innheimtir fyrir upprekstur þar. Um það vitna einnig dómur þar sem deilt var um upprekstur á svæðið.

Hinn 3. maí 1725 lögfesti Einar Jónsson „eign sína sem er Jörvi í Haukdal“ innan tiltekinnna landamerkjia sem nánar eru rakin í lögfestunni. Svo segir:

I annan mata lögfesti jeg eign halfkirkjunnar Jorva í Haukadal í Vatnshorns kirkjusókn, sem er halfan Sléttadal og allan Haukadal til yztu ummerkja er adrar jardir og menn eiga í móte vid mig, fram ad því gile, sem er næst Sauda manna felle sele [yfirstrikað orð] nu er kallad Þorleifsstadagil og ad fornu er

---

greint x hndr. land [...]. lögfesti jeg allar fyrgreindar eignir mínar og lönd [lönd, ofan línu] halfkirkjunnar á Jörva hér í dag ad ordfullu og logfullu og lögmáli rettu; fyrirbyð eg hverjum manni hedan af [hedan af, ofan línu] sér í ad nytja edur ad vinna edur gagnsemd af ad hafa, fyrir utan þá er skyldu upprekstur eiga á Skardsfjall, þeim sé þetta land heimilt til brukunar fyrir lömb sín og gældfé eptir fornri venju vili þeir logskilum uppi halda og kirkjunni og mér sannsynilega betala fyrir þetta sitt eignarland ...

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Jörfa sama dag og aftur 10. maí 1824.

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason er að finna umfjöllun um Jörfa, þar sem segir: „Þar er bænhús og helldur ollumm sjnumm eignum og ítókum eftir gomlum maldögum. Jardareigandenn er M. Magnus Einarsson a Storavatnzhorne ad erfd efter sinn Sal. fodur.“

Í dómi um Skarðsafrétt frá 29. mars 1735 er meðal annars vísað til eldri dóms um svæðið frá 18. maí 1644. Í dómnum frá 1735 segir m.a.:

Laxdælingar; sem fyrer þennan rett hingad til Hvams þ(in)gs hafa vered stefnder, ásamt ödrum þar í sveit, ega hér epter ad þeckia sitt afrettar plats á Skards afrett í Haukadal í mót sidvanalegum Tolle til vidkomenda ...

Dómurinn er elsta heimildin sem getur um örnefnið Skarðsafrétt.

Á manntalsþingi að Jörfa 30. maí 1739 var þinglesin lögfesta Magnúsar Einarssonar fyrir Jörfa, dagsett sama dag. Efni lögfestunnar var ekki fært til bókar.

Í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársettri 1744, segir m.a.:

Hálfkyrkiann ad Jörfa i Haukadal stendur á Bondaeign. [...] hálfkyrkia ad Jörfa á hálfann Slettadal og allann Haukadal 10 hndr, ad gile þvi sem u[00]er Saudamannafellssele, eirnenn smáskógarpart, sem fr[00] liggur j Reykiadal, frammfrá Kolstadaskógie.

Jörfakirkja var lögð niður með konungsbréfi 17. maí árið 1765.

Í dómi um Skarðsafrétt frá 4. apríl 1755 var enn tekin fyrir deila um upprekstur úr þremur sveitum, þ.e. Laxárdal, Haukadal og Miðdölum á Skarðsafrétt. Í dómnum segir m.a.:

Þad er auglióst, so vel af dóme syslumannsins Biarna Petrssonar gengnum ad Saudafelle 1644 sem og af dóme syslumannsins Orms Dadasonar, gengnum ad Hvamme d. 22. Aprilis 1735 ad þeirra þriggia hreppa Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ega ei einasta skylduupprekstr á Skardsafrétt, heldr og so eru greindra hreppa innbyggendur í skyldr til ad reka uppá þá sömu afrétt. Þar fyrer epter ádr citerudum dómum, dæmest hér með og ályktast ad greindra hreppa: Laxárdals, Haukadals og Middala innbyggendur ad öllum tilskyldum, enn aungvum undanteknum, skulu hér epter vera skylduger til ad reka gielfé sitt á Skardsafrétt, bæde lömb og eldra saudfé, nær, sem hreppstiórar þad á

---

vorum tilskipa og samþickia. [...] Enn þ(ei)r sem soleides eru skylduger til gielffiár upprekstrs á Skarðsafrétt, skulu betala til hlutadegenda veniulegann afrettartoll, enn þ(ei)r þar á móte, sem afrettartollinn taka, skulu vera skyldugr til med hreppsmanna og hreppstióra Tilstyrk og ráde ad hreinsa afréttina af melröckum ...

Á héraðsþingi að Hjarðarfelli 13. september 1756 var spurst fyrir um hvaða bændur í Laxárdal hefðu rekið á Skarðsfjall í Haukadal vorið áður. Svöruðu þingmenn því til að þeir vissu ekki um neinn úr Laxárdal sem hefði rekið á Skarðsfjall. Á héraðsþingi að Jörfa 15. sama mánaðar var Jón Andrússon á Fremri-Þorsteinsstöðum dæmdur fyrir að reka „í utansveitarland og ei á Skarðsafrétt“. Kom fram í dómnum:

Nú er af gengnum dómum um þessa afrétt, nefnilega einum af 1644 og hinum af 1735 og 1755 auglýst að Laxárdals-, Haukadals og Miðdala innbúendur eru ei einasta berettigede til þessarar oft nefndrar Skarðsafréttar, heldur og eru þeir skildugir til að reka á þá sömu.

Framangreindir dómar um upprekstur á Skarðsafrétt frá 18. maí 1644, 22. apríl 1735 og 4. apríl 1755 voru lesnir upp á manntalsþingi að Sauðafelli 25. maí 1757. Þá tilkynnti sýslumaður á manntalsþingi að Jörfa 21. júní 1757 að hann hefði sent hreppstjórum Laxárdalshrepps afréttardóma um Skarðsafrétt, ásamt „undir eins ordre [skipun] að auglýsa það öllum sveitarinnbyggjurum svo enginn hefði sig með vanvisku að afsaka.“ Á manntalsþingi að Jörfa 11. júní 1795 var tekið fyrir mál varðandi upprekstur á Skarðsafrétt. Í dóma- og þingbókinni segir m.a.:

5. Var talað um upprekstur á Skarðsafrétt og voru þá margir, sérdeilis landeigendurnir Jón Egilsson á Vatnshorni og Jón Jónsson á Melum sem vilja að Skarðsafrétt sé afsköffuð. Þó varð þar um síðir nokkuð endilegt, að með því það var allra sameiginlegt álit að Skarðs afréttarland sé aflátið fyrir allar þær 3. sveitir: Miðdali, Haukadal og Laxárdal. Skyldu Haukdælir einir eiga frjálsan upprekstur á Skarðsfjall; en úr hinum sveitunum aleina með leyfi og vitund landeiganda Jóns Egilssonar á Stóra-Vatnshorni og Jóns Jónssonar á Melum, eður hans umboðsmanns, sem býr á Skarði.

Og að hvör sem reki, hvört heldur það er úr Haukadal eða Laxárdals- og Miðdaldasveitum, og ei í frí upprekstur, skuli gefa í lambatoll [...] og afhendi hann strax í afréttinni til bóndans, sem býr á Skarði, sem fær helming lambatollanna, en gjörir Vatnshorns- og Jörvabændum ~~hel~~ skil fyrir öðrum helmingi lambatollanna. Skarðsbóndinn sem tekur helming lambatollanna, skal leita að melrakkagrenjum í afréttinni; en Haukdælingar og þeir, sem reka úr öðrum sveitum, skulu kosta uppá að láta vinna grenin.

Skarðsbóndi skal og viðhalda réttinni forsvaranlega; en þeir sem dilka eiga skulu þeim sjálfir viðhalda.

Á manntalsþingi að Jörfa 5. maí 1797 var upplesið bann við því að reka á Þverdal, heldur skyldu menn reka á Skarðsfjall og borga „þann gamla afréttartoll“.

---

Varðveist hefur ódagsett samþykkt um Skarðsafrétt, sem talin er frá seinni hluta 18. aldar. Í samþykktinni segir m.a.:

1° Afrettar Bondinn, sa sem byr a Skarde, a ad vera uppriktugur danumadr, skir, glöggr og greidugur so einginn gete med retti neinu oskila bragde a hann komed sem forsomun afdótunar. [...]

2° Epter Dome Syslumanns Biarna Peturssonar utnefndum á Savdafelle þann 18. Maii 1644, Syslumans Orms Dadasonar af 22. Aprilis 1735 og Syslumanns Magnusar Ketilssonar af 4. April 1755 ega þeirra 3 hreppa Laxardals, Havkadals og Middalahrepps Jnnbyggendr skylduupprekstr fyrer lömb og geldfe sitt a so kalladann Skardsafrett.

[...]

4° Þad má einatt heyra ad sumer af bændum klaga yfer illum heimtum, sem optazt er þó þeirra egen óradvendne ad kenna i því, ad þeir sitja ei lömb sin nog ádr og sidan reka þav ei reglulega i midjann afrett, eins og lög fyrer skipa. Hvar af bæde þeim sialfum og odrum orsakazt skade, þa slik lömb hlavpa heim i bufiárhaga og leggiast under qvifé og eru sidan hrakenn óvissa vegar. Þar fyrer skal hvor buande sem á skylduupprekstr a Skardsafrett, vera skyldugr til ept[er] gömlum lögsömdum Syslumanna og Lögmanna dómum [00] ad láta sitja lömb sin heima i 5 daga i þad minsta ad[r] hann a fiáll rekr, hvort heldr eru lömb edr géldfé og sidan skal hann reka þav i midjan afrett edr á þann sokallada Sliettadal og ega hreppstiorar ad tilsetja vissann tima á vorum nær i afrettin skal reka, alt under vidliggiande laga sekter af þeim sem ut af bregda.

5° Þeir sem afretten ega og lambatollana taka, Vatnshorns og Jörvabændr, skulu vera skylduger til ad láta gagnlega og dyggelega leita ad melrackagrenjum i afrettinum á hvorju sumre, og þá grenin finnast ad utvega gagnlegan mann til ad vinna þav, og skulu þeir þessu hafa afloked fyrer Jonsmessu baptistæ edr 24. Junii á hvorju sumre. Og byrjar hreppstiorum þar fyrer utan ad hafa röksamlega tilhlutan umm ad sérhvör buande leite á hvorju vore land sitt epter grenjum, og ega þá dyren ad vinnast uppa sveitarinnar kostnad en afrettarbændr ega ad láta þav vinna uppa sinn egin kostnad, því nema þav lönd sem nær liggia afrettinum seu vel hreinsud, verda afrettarbændr ei réttelega sektader fyrer sina forsomum þó bite kome framm i afrettinum.

6° Med því Samgavngr eru mille Mela og Skards-afretta og Melaleitadagr er halden á mánudagen i 20 viku sumars og same hefr ad fornu vered leitardagr i Skardsafrett, þa er nu þesse same dagr þar til settr ad færur rade, en ef ei verdr þann dag fyrer óvedre leitad, þá hvor næste dagr þar epter þá fært vedr gefzt.

[...]

10° Hreppstiorar i fyrrtedum 3 hreppum i Laxardal, Havkadal og Middölum ega ad koma sér saman umm þad, hvorn part af fiállenu hvor sveit skule leita og hvornen leitum skip[a] og a þetta so einusinni ad nidradast ad þar vid mege

---

arlega sidan vera. Med því mote er líklegra að sérhvorjer láte sér umm sínar leiter hugað vera og ei [...]blora hvor víð aðra þrettezt umm leitirnar.

11° Med því tvenna og dyggva menn þarf til að vaka yfer leitasafninu þá það kemr á manudags qvelde og þar er nockr ofötlun að ætla það þeim sem leitad hafa, so mun best fara að taka til þess menn af þeim næstu bæum víð afrettinn sem þó giæte leitad sín egen leigulönd á þan tilsetta leitadag, sosem það er allra bænda skilda, avk afrettarleita að leita sín egen leigulönd.

14° Hvör buande í aðrnefndum 3 sveitum, sem á 16 lömb edr fleire so sem hann epter áminnstum lögsömdum domum er skyldugr a Skardsfíall að reka, so skal hann vera skyldugr afrettar Toll að gíalda hvort hann rekr á fíalled edr ecke reke, fyrer því hann var skyldugr að reka. [...]

15° Epter því sem mér hefr fyrer lavngu vered tilkint af kunnugum mönnum þá á Skard í Havkadal líted edr eckert af því afrettarlande sem aðrsagder 3 hreppar ega með skyldu, þar fyrer skulu afrett[ar] Tollarner skíptazt í 3 stade, hvar af Vatshornsbonde take einn part, Jorvabonde annan part og Skardsbonde þriðja part.

16° Fyrer þennan þriðja part af afrettartollum mæter Skardsbonde átroðninge af fíallafenu, og Rettonum, hann heldr og Bók yfer mörkenn epter 3. poste og géfr þar af útskrift þeim mönnum sem verda sender í aðrar Retter, epter hreppstíora þar umm gíörandi samegenlegre Radstöfun. Auk þessa skal Skards abuande vera skyldugr til að víðhalda Rettenne í forsvaranlegu stande og hlada veggina so hava að lömb stockve ei út og so sterka að ei hrynje þó menn edr savder hlvape á þeim. Hann skal og vera skyldugr til að víðhalda þeim Dilkum sem nu eru hladner edr hladner verda. Enn ei skal hann vera skyldugr til að hlada þá að nyu. Enn þeir sem nu ega þar Dilka edr vílja hlada sér þar Dilka, sem öllum er heimelt þeim sem upprekstrinn ega, þeir ega fyrst að setja þá í gott og forsvaranlegt astand og syna þá 3 edr fleirum dugande mönnum í hvada stande þeir eru, og síðan skal afrettarbondenn vera skyldugr til [000] að víðhalda þeim eins og Rettinne síalfre.

17° Hvor sa sem gíörer á mote því, sem af þeim flestu samþíkt verdr í þessu efne, skal þar fyrer sekíazt 6 aurum, hvort heldr það er einhver bónde í aðrnefndum 3 hreppum edr þeir sem afrettarlanded ega, edr sa bonde sem býr á Skarde af þeirre sekt á kongr helming, enn þeir sem lambatollana taka, annan helming nema þeir verde síalfre seker, þá fare þar um epter Syslumans Radstöfun.

Af 5., 15. og 16. tölulíðum samþykktarinnar verður ráðið að afrétturinn hafi að mestu eða öllu Vatnhorns- og Jörfabændum, en hlutdeild bóndans á Skarði í afréttartollunum hafi verið vegna átroðnings sem hann sætti af afréttarfénu. Þá verður ráðið af 4. tölulíð að Sléttíalur hafi verið á miðjum afréttinum.

---

Í jarðamatinu frá 1804 er jörðin Jörfi metin á 30 hundruð, í eigu Jóns Egilssonar að þriðjungi og séra Hjálmars Þorsteinssonar á Tröllatungu að tveimur þriðjungum. Eiríkur Eiríksson bjó þá á jörðinni, en ekkert kemur þar fram um afrétti.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 20. maí 1809, um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dali, segir m.a.:

Nú eru þær jarðer margar sem aungvann afrett edur fiállland eiga enn eru þó landkreppu jarðer [...] og eru þeirra abúendur skylduger ad leigia afrett og upprekstur land hiá þeim er afrett eiga og ej filla sialfer jtölu sína, fyrer sanngjarnt verd, epter samkomulagi.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu frá 13. ágúst 1809, um fjármörk fjallgöngur og réttir, segir m.a.:

Nú þótt frammtaldar Sveitir hafi engar Skilldu afréttir, utann alleina Haukadalur og partur af Laxár- og Middölum, enn hinar adrar hafa leigt og fengid hiá nábuum hinum, ad reka á Dale, sem ad nockru leiti eru búfiár-hagar, þá samt skulu bændur eins og ádr leigia upprekstrar plátz, hiá þeim sem hafa so Dölum varid, og gialda eptir billegheitum, Samkomulagi og Fiárfjölda, þeim sem beitarlandid tilhejrir.

Hinn 7. apríl 1810 var eldri máldögum kirkjunnar að Jörfa þinglýst, en svo sem fram er komið segir þar m.a. að kirkjan eigi hálfan Sléttadal og allan Haukadal að gili því sem næst sé Sauðafellsseli (eða Sauðamannafellsseli).

Hinn 26. febrúar 1833 skrifaði Jón Sigurðsson á Skarði bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna óreglu sem hann taldi vera á fjallskilum og greiðslu fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Í bréfinu segir m.a.:

Þar ydar Velborinn heitum hefur þoknast ad fela mier á hendur ummsión yfir upprekstur fiállleitum og saudfiár Riettar vidhaldi hier á Skards afriett, orsakast eg hiermed til ad géfa ydur til vitundar ÓReglu þá sem mier finst ad árlega taki ýfirhönd ý fiáll skilum til, og Fialla tolla gialdi eptir tieda afriett, sem einkanlega er filgiandi: 1: ad bændur þeir sem eýga upprekstur á skards afrétt forsóma ad leita Eptirleit á haustum þó þeir sieu þar til qvaddir og það þeim ý týma til sagt: 2: ad nockrir þeirra Reka fie sitt á Villýngadal og gialda þángad fiallatolla enn aungva til myn, eda annara eýganda afréttar landsins: 3: Réttinn sialf er mikils til oflítil ad Rúma það fie sem Rekid er til Réttarinnar og þarf þvj naudsínlega ad út færast og hlast ad nýu. hér af hlióta þau mýn audmiuk og þenustusamleg til mæli, ad ydar velborinn heitum mætti þoknast ad úrskurda: 1: alla bændur sem búa jnnan upprekstursins takmarka skilduga ad leita Eptirleit eptir þörfum þegar þeir eru þar til kalladir undir þá Sekt sem þer álytid hæfilega og ydur þoknast ad áqveda: 2: hvört öllum þeim bændum sem búa ý Skards afréttar upprekstri nefnilega millum Laxár og Túnguár ber eý ad gialda Fiallatolla til myn og medeiganda afréttar landsins, og hvört öllum eýns þeim fiár mestustu sem þeim er ecki eýga Fleiri enn 20 Kindur fiallrækar ber



---

eý að gjalda meir en 1 lamb j fiolla toll: 3: hvörjum beri að útvýdka og hlada upp Réttina svo nægilega stór verði til að rétta safn það sem að henni rekst ...

Á manntalsþingi að Sauðafelli í maí 1836 var upplesin ályktun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Ekki er greint nánar frá inntaki ályktunarinnar. Hinn 7. apríl 1838 var lögfesta fyrir Jörfa þinglesin á manntalsþingi að Jörfa, en efni lögfestunnar var ekki fært til bókar.

Í kafla um Hjarðarholtssókn í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu, frá árinu 1839, skrifar séra Stefán Benediktsson m.a. eftirfarandi um afréttarlönd í sókninni: „<Afréttarlönd.> Lögafrétt fyrir sveit þessa er Skarðsafrétt í Haukadál. En nú er helst brúkaður upprekstur á Þverdal undir Skógsmúla fyrir sunnan Laxárdalsháls, og réttin tilheyrir Vatni í Haukadál.“

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall frá 1840 í sömu heimild skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

8. <Dalir.> Austur fram úr Haukadalsendanum ganga ekki langir þrír óbyggðir dalir, sem heita norðast Svínadalur sem heyrir til Skarðs, svo þar suður af Sléttidalur sem er Stóra-Vatnshornskirkju eign, og syðst Haukadalur sem er almenningsland. Þessir dalir liggja allir að kalla frá útsuðri til landnorðurs. Þar austur af eru fjöll og dalir allt óbyggð og afréttarland, eru þar nærri ekki markverð fjöll nema sá svonefndi fjallshnúkur Tröllakirkja sem er há og sér af langt á alla vegu.

[...]

<31.> *Selstöður* tilheyra í Kvennabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvennabrekku. [...] En í Stóra-Vatnshornssókn á Vatn selstöðu í Vatns-Þverdal og Jörfi í Sléttadal hvors dals og svo er áður getið. Hvorug þessara selstaða eru lengi nú að undanfögnu notaðar því gott land og nóg heima gjörir þeirra ei þörf.

[...]

32. <Afréttir.> Rétt hjá þjóðveginum fyrir sunnan Haukadalsá móts við bæinn Skarð er Haukadalsafréttar fjárrétt [...]. Þessi rétt er og oft fyrir meiri hluta Kvennabrekkusóknarinnar, svo kalla má það sé Kvennabrekkuprestakalls afréttar fjárrétt.

Hinn 24. október 1842 skrifaði Magnús Arngrímsson hreppstjóri bréf til sýslumanns er varðaði annmarka sem hann taldi vera á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 1809. Í bréfinu minnst hann á upprekstur á Skarðsafrétt, en þar segir m.a.:

... og Tel eg það first til hvað lög upprextur á Skarðs afrétt snertir þar sem Reglugiörðinn til greinir, að þar eigi upprextur Haukadalar, Partur af Laxárdal og Middölum, enn takmarkar ecki hvað mikill Partur af Sveitunum, hvað þeir sem fyrir fiallgaungum eiga að Ráða þurfa þó að vita, til þess þeir gæti reglulega til sagt þeim fjallskil á Haustum sem þángad eiga lög upprextur; og hinir sem

---

fiallatolla eiga að taka, meigi vita eptir þeim að ganga hia þeim sem þangað eru skildugir að reka;

Hinn 16. desember 1842 skrifaði Jón Jónsson á Melum, eigandi Skarðs, amtmanni bréf vegna upprekstrar á Skarðsafrétt. Í bréfinu segir m.a.:

... hafa og svo nú á seinni árum ýmsir bændur í Haukadal og Miðdölum rekeð lömb sín á Villingadal, sem liggur nálægt og að kalla jafnsíðis Skarðs afrétt, og golded þangað Fjallatolla, en fé það sem þangað er rekeð, gengur þó eins að miklu leiti í afréttarlandinu og er að lokum réttað og dreged í Skarðs rétt, án þess að Eigendur afréttarinnar, eða Skarðs abúandi fái minsta endgjald þar fyrir. [...] Í tilliti til jarðarinnar Skarðs hofum við ecki það álit á hagnaði á fjárupprekstri á afrétt þessa, að ockur ecki standi á sama, hvort honum er framhaldeð eða ecki, sé þá ei heldur rekeð á Villingadal, en líkt mundi á þessari afrétt fara og annarstaðar, þar sem þær eru forsómaðar eða aflagðar, að geldfé sem þangað kynni að slángra af kringliggjandi afréttum og fjallöndum, mundi þar úti verða, sökum vanleita, en sé fjárupprekstri annars framhalded, og hann ei fullkomlega og útbryckilega aftekin á Skarð afrétt, viljum við og uppástöndum:

[...]

2. Í tilliti til þess atroðnings, sem afréttarfé er flangrar á Villingadal, orsakar teðrar jarðar fjallandi, viljum við tilstanda abúanda þar sinn eigin fjallatoll, þó hann reki á Skarðs afrétt, og 1 eða 2 aðra úr fyrteðum upprekstri, hvorra gjaldendum standi frítt fyrir að reka hvört heldur þeir vilja á Skarðs afrétt eða Villingadal, fái þeir þartil teðrar jarðar abúanda samþycki, en ei viljum við liða að fleiri reki á Villingadal framvegis, til þess fé þeirra gáangi á Skarðs afrétt, og sé reked til Skarðs réttar, og þar réttað og dreiged betalingslaust.

3. Í tilliti til grenjaleita og dýraveiða á afréttini vyrðist ockur sanngjarnast og best fara, að bondin á Skarði umannist – sem henni nálægastur – allar grenjaleitir á vorin, útvegi skyttuna og sendi eptir henni á eigin kostnað, og láti á meðan vaka á greninu, en Jörva og Vatnshorns abúendur, sem uppbera helfing Fjallatollana, standi þar á mót allan kostnað til skyttunar, og þess sem með heni liggur á greninu, þá þess viðþarf.

Hinn 18. júní 1843 var gerður samningur milli eigenda Skarðs og Villingadals um uppreksturinn og fjalltolla, en samkvæmt honum skyldu Haukdælingar og Náhlíðingar reka á Skarðsafrétt að undanskildum sex bæjum sem mættu reka á Villingadal og að Villingadalur fengi fyrir fjóra fjalltolla ásamt þeim sem tilheyrði Villingadal, en ekki fleiri.

Hinn 30. október 1844 setti sýslumaðurinn í Dalasýslu reglugerð fyrir Skarðsafrétt um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar. Amtmaður Vesturamtsins staðfesti reglugerðina þann 25. desember sama ár.

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 er jörðin Jörfi metin á 30 hundruð. Þá segir að jörðin eigi „fjórða part af svonefndri Skarðsafrétt“ sem matsmenn meta 20

---

ríkisbankadala virði, en jörðina alla, að því meðtöldu, til 600 ríkisbankadala. Í jarðamatinu segir einnig að jörðin Stóra-Vatnshorn sé metin á 44 hundruð og svo að jörðinni tilheyri „fjórði partur af svonefndri Skarðsafrétt“ sem matsmenn álíti að sé 20 ríkisbankadala virði, en að jörðin öll ásamt afréttinni sé metin til 500 ríkisbankadala. Þá segir í jarðamatinu að Skarðsafrétt tilheyri jörðinni Skarði hálf og er jörðin metin til 350 ríkisbankadala. Í jarðamatinu er Skarðsafrétt því metin sérstaklega í tilviki Stóra-Vatnshorns og Jörfa, en er hins vegar ekki aðgreind frá öðru mati jarðarinnar Skarðs.

Á manntalsþingi að Jörfa 26. maí 1852 var lesið upp leyfisbréf frá „eigendum Skarðs réttar“ þar sem þeir heimila ábúanda Lækjarskóga í Laxárdal upprekstur á Skarðsafrétt. Hinn 22. mars 1854 sendi amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu vegna málsins, en þar segir:

... en þótt að nýnefndur Jón hafi fengið leyfi til að reka geldfje sitt á afrjett í framandi sveit, álítur Amtið hann þó engan slíkan rjett hafa til að skerast úr því sveitarfjelagi, hvartil hann heyrir, að hann þarvið geti fríast við að greiða dýratoll og gjöra grenjaleytir í sveit sinni eptir jafnaðar tiltölu við aðra, eptir sveitarstjórnarinnar ráðstöfun. En hvort hann af áðurtjedri orsök getur fríast við að gjöra fjallskil í Laxárdals hreppi, verður að vera undir því komið, hvort sveitarstjórnin og sveitarbændur vilja samþykka það, eður finna það sveitinni bagalaust, því ef svo er, þá hefur Amtið fyrir sitt leyti ekkert á móti að hann fríist frá fjallskilum í Laxárdalshreppi.

Hinn 21. febrúar 1863 var haldinn sveitarfundur í Haukadalshreppi til að ræða upprekstur og fjallskil. Samkvæmt bréfi, dagsettu 7. mars sama ár, sem hreppstjóri Haukadalshrepps sendi sýslumanni kröfðust „Skarðsafréttar eigendur“ þess að allir sem höfðu átt þangað upprekstur héldu honum áfram og að fjalltollar skyldu greiðast samkvæmt gildandi reglugerð.

Hinn 3. desember 1875 sendi hreppsnefnd bréf til sýslumanns þar sem gerð var grein fyrir sveitarfundi í Haukadalshreppi. Í bréfinu segir m.a.:

Eptir ósk Sýslunemdarmannsins í Haukadalshreppi, hjelt Hreppsnemdin þar fund með sér að Jörfa (þingstað) og kallaði þangað Búendur bæa þeirra, sem hafa átt lög upprekstur á Haukadals Fjalllönd, til að víta um hvorjir af þeim vildu og þirtu að hafa þar upprekstur eptir leiðis, og hvar þeir mættu flestir utan þeir sem hafa feingid að undanförmu leifi að reka á Vatnsfjall hjá Vatns ábúanda, var þá –

1. Kostnir 4<sup>ir</sup> til að meta, hvað mart fjé Jörfa, og Vatnshorns Land á afréttinni bæri, og vard álít þeirra það bæri 850 fjár og það Land sem Skarði tilheyrði, og ljéð irði til uppreksturs bæri 650 fjár – als 1500.

2. Var þá farið að semja við þessa landseigendur hvað háa leigu að þeir settu upp firir Landið Og var ákveðið að eptir alt þettað land skildi gjaldast, af nemdri fjártölu 7 vættir og 20 fiskar er þá 20 fiskar af hundruð fjár – Ef ekki irði svo mart geldfje hjá upprekstrar mönnum að sjetja i Landið, skildi gjaldid stíga niðrúr 7 vættum og 20 fiskum enn verda þó jafnann 20 fiskar eptir 100 fjár,

---

kæmi það fyrir að upprekstrar menn ættu fleira fje, enn þessa til teknu upphæð sem þeir þirtu að reka í nemt land, skildi þeim það leifast allt svo leingi að ekki virtist verða skaði af á Landinu, og Leigann þó aldrey stíga upp úr 7 vættum, og 20 fiskum og í þessu Landi skildi hvorki vera hafður búsmali nje Hross, og ekki heldur brúkað til slægna.

3. Firir það sem Réttinn stendur á Skarðs lód, og sjerstakann átroðning á Skard ábúanda, og að hann taki að sjer að láta Leita grenja leitir á Landi þessu, skal hann árlega hafa af óskiptri upphæð fjallatollanna. 1. vætt. og 20 fiska.

Firir það sem Villíngadals ábúandi æltar að líða geldfje þó það kæmi á Villíngadal, skal hann hafa af nemdum fjallatollum 20 fiska árlega – Enn því sem þá er eptir af fjallatollunum skal skipt eptir rettri tiltölu, eptir því sem matid hefur verid í hvört land, fyrir sig af fjénu.

4. Allir Bærir í Haukadalshreppi skulu eíga Lög upprekstur á Skards afrétt að Vatni og Villíngadal undanskíldum (þeir hafa upprekstur hvör hjá sjer) Einig skulu eíga upprekstur á Skards afrétt þeir bærir í Náhlíd sem hér greínir, Ytra Skogskot, ~~Kvennabrekka~~, Svalbarði, Svínhóll og Oddstaðir.

[...]

9. Fjalla tollarnir skulu greiðast Landeigendum firir octóber mánaðarlok ár hvort í gildum landaurum, kindum eða peníngum, eptir þá gildandi verdlagskrá.

10. Finnist gren í Afréttarlandinu, skal hvor þess Landeígandi annast um í sínu landi að útvega skittu á það, láta mann vaka á grenínu og annast um að greiða allann kostnad þar af leiðandi.

Sem fyrr segir var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Jörfa 12. maí 1884. Því var þinglýst 27. maí 1885. Þar segir m.a.: „Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifssaðagili ...“ Síðan er merkjunum lýst á þann hátt sem að framan greínir.

Ágreiningssvæðið er því kallað „landeign Jörfa“ í landamerkjabréfinu. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi bæði að Jörfa og Jörfafrétti. Landamerkjabréfið er eina heimildin sem liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins.

Um aldamótin 1900 hófust enn á ný deilur um hvaða jarðir í Haukadalshreppi mættu leyfa upprekstur á fjallönd sín og af þeim leiddu nokkur bréfaskipti um upprekstrarlönd í hreppnum. Í bréfi Björns Bjarnasonar, sýslumanns Dalasýslu, til amtmanns, dagsettu 4. mars 1900, segir m.a.:

Fyrir alllöngu var samkvæmt 8. gr. afrjettarreglugjörðarinnar metin upprekstrarlönd manna eða jarða í Haukadalshreppi [...] var það þá álit matsmanna að ekki væri um upprekstrarlönd að ræða nema í Vatnslandi og Skarðslandi og á afrjettarlöndum sem tilheyra Jörfa og Stóra Vatnshorni, en sjálfseignarbóndinn á Vatni hann var fjárríkur maður og bannaði upprekstur í Vatnsland; var þá jafnað niður á Skarðsland Jörfa og St. Vatnshornsland öllu afrjettarfje hreppsins nema Vatnsfje; en þessi 3 lönd voru og eru nægileg fyrir

---

allt afrjettarfje hreppsins. [...] En það sem hjer aðallega kemur til greina er, að hjer í sýslu eru engir afrjettir sem eru almenningseign, heldur aðeins afrjettir, sem fylgja einstökum jörðum eins og Jörfa og St. Vatnshornsafrijettur í Haukadal og hins vegar eru víða jarðir hjer.

Með bréfinu fylgdi formleg umsögn um upprekstur í hreppnum en þar segir m.a.:

Samkvæmt afrjettarreglugjörð Dalasýslu 8. gr., sem jeg læt fylgja eptirrit af, er gjörður munur á afrjettarlöndum og nægilegum fjallöndum, fyrir sjálfa ábúendur jarðanna.

Afrijettarlönd hljóta þá að vera fjallönd, sem annaðhvort ekki fylgja eða tilheyra nokkurri jörð og þá metin sjerstaklega til dýrleika, eða þá, ef þau eru látin fylgja jörð, þá liggja langt frá jörðinni, svo að þau verði ekki notuð nema til geldfjáruppreksturs.; þessi afskekktu lönd munu upphaflega hafa verið gefin til kirkna á bændaeignum eða þá hafa verið keypt fyrrum af sjálfseigna ábúendum jarðanna.

Í Dalasýslu er engin afrjettarlönd sem eru almenningseign, þar í móti eru hjer fáein, sem fylgja (fáeinum) jörðum, og er þessum jörðum öllum þannig varið, að á þeim eru eða hafa verið kirkjur eða bænhús; svona varið afrjettarlönd eru hjer til í 3–4 hreppum.

(Nægileg) fjallönd verð jeg þar á móti að álíta lönd þau, sem (liggja) skoða verður sem integrerandi hluta af jörðinni og samhangandi við hana og liggja upp til fjalla, og eru þau segir reglugjörðin er cuciterrie að ábúandinn meigi sjálfur nota þau til uppreksturs fyrir geldfje sitt ef það (fjallandið) verður álitid nægilegt um fram það sem þeir þurfa til búfjárs síns.

En reglugjörðin leyfir ekki að þeir taki í þetta land upprekstrarfje annara manna jafnvel þó að landrými kynni að leyfa þetta, þegar afrjettarlönd eru til í hreppnum.

Þessa skoðun mína styður einnig 2. punktur greinarinnar, því að fjallöndin, sem fyrsti punkturinn talar um, hljóta sem mótsetning til afrjetta að teljast til heimalandanna í 2. punktinum.

Að því er nú snjertir Haukadalshrepp, þá eru 2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa; þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum, en lítill afgangur, þegar svo margt fje er á jörðum þessum sem slægjur og beit leyfir, þar á móti munu afrjettirnar geta tekið allt geldfje hreppsins.

Af þessu leiðir, að bændurnir á Vatni og Skarði meiga hafa geldfje sitt í fjallöndum sínum enn meiga ekki taka annara upprekstrarfje í þau, en aðrir bændur eiga að reka á Vatnshorns- og Jörfaafrijet.

[...]

---

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg skoði þessa Vatnshorns- og Jörfa-afrijeti sem afrijeti, bæði af því þeir hafa alltaf verið kallaðir svo og af því að þeir liggja c. 1 mílu frá jörðunum sem þeir eru kendir við og fylgja – upp til fjalla fyrir ofan alla byggð í hreppnum og verði ekki notaðir til annars en uppreksturs framar en aðrir afjettir, og af því að ef þessi lönd ekki eru álitin afrijetir, þá eru allsengir afrijetir til hjer í sýslu, en það kemur í bága við 8 gr. reglugjörðarinnar.“

Erindi sýslumanns Dalasýslu var svarað með bréfi amtmannsins í Vesturamti dagsettu 20. mars 1900. Þar segir:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður dagsett 4. þ.m., og þarmeð umsögn yðar um erindi frá bændunum á Þorsteinsstöðum og Köldukinn í Haukadalshreppi, þar sem þeir bera undir amtið, hvort þeir sjeu skuldbundnir til að kaupa upprekstur á fje sínu hjá tveimur eða þremur bændum ónefndum í tjeðum hreppi, sem þykjast eiga rjett til þess að menn noti upprekstarland, sem þeir eigi, og hvort þeir (spurjendurnir) ekki hafi heimild til að nota upprekstarland, sem þeir geti útvegað sjeu fengið hjá öðrum, án þess að borga hinum nokkurn upprekstartoll, vil jeg taka það fram sem mína skoðun, að þeir spytjendurnir sjeu eigi neyddir til að nota afrijetir tiltekinnna manna, ef þeir sjálfir geta útvegað sjeu upprekstarland og að þeir eigi sjeu skyldir til að borga upprekstartolla fyrir afrijetir, sem þeir ekki nota, nema hlutaðeigandi afrijettar eigendur geti sannað það með fullgildum skilríkjum, að sú kvöð hvíli á jörðum þeim, sem spursmál er um, að ábúendurnir á þeim sjeu skyldir til að reka á afrijettina, og borga afrijettar toll, hvort sem þeir gjöri það noti hana eða ekki, sbr. hæstarjettardóm 25. marz 1898, snertandi Víðidalstunguheidi í Húnavatnssýslu (Hæstarjettar tíðindi, 1898, bls. 58–60) Úrlausn þessarar spurningar heyrir samt eptir eðli sínu undir úrslit dómstólanna, og verður hún eigi útkljáð með yfirvaldsúrskurði.

Jafnframt því þjenustusamlags að tilkynna yður þetta, yður til leiðbeiningar og beitingar fyrir hlutaðeigendum, með því viðbætt, að jeg ekki fæ sjeð, að 8. gr. í fjallskilareglugjörð Dalasýslu, 22. júní 1876, eigi við um þetta geti ett gefið nokkra leiðbeining um þetta spursmál.

Í fasteignamatinu 1916–1918, er ágangur af afriettarfé og „nágranna peningi“ talinn á meðal ókosta Jörfa en upprekstarland jarðarinnar sagt vera „meir en nægilegt“.

Í svári hreppstjóra Haukadalshrepps, dagsettu 9. júní 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afriettarlönd í Dalasýslu frá 29. desember 1919, segir m.a.: „... mjer er ekki kunnugt um að hjer í hreppi sjeu nein svæði til sem talin eru almenningar, eða afrijettarlönd sem ekki tilheira lögbýli.“ Svo segir:

Vitanlega eru hjer í hreppi 3 dalir sem eru daglega kallaðir afrijett, en heita þó sínu nafninu hver, og liggja undir sína jörðina hver, og eru þær þessar: Stóra Vatnshorn, Skarð og Jörvi. Jarðir þessar munu vera metnar til hundraðatals að meðtöldum dölum þessum og virðist mjer því að hjer sje ekki um neína afrijett að ræða.

---

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 segir m.a. í umfjöllun um afrétti Jörfa og Stóra-Vatnshorns :

Jörfamúli heitir svo frá því Jörfakirkja átti hann sem afréttarland. Hann gengur nokkuð bratt niður í Jörfamúlasport og síðan Jörfamúlatá. Þar eru tóttir, líklega eftir sel, og sumir töldu að þar væru hinir týndu Þorleifsstaðir, enda fylgdi það sögninni að kotið hefði átt að vera í afrétti Jörfa. Austan við Jörfamúlasporð skerst Slettidalur suðaustur í fjöllin upp undir Tröllakirkju. Hann var því að sunnanverðu hluti af Jörfaeign en að norðan afréttur kirkjunnar á Vatnshorni.

Eins og áður segir kann að vera að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Hvað það varðar þarf þó einnig að gæta að því hvað liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kann að hafa stofnast til við landnám, þ.e. hvort samhengi eignarréttar og sögu liggja fyrir. Í því sambandi vísast t.d. til úrskurðar óbyggðanefndar um Þórsmörk í máli nr. 5/2003 og dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði.

Allt frá elstu heimildum sem ætla má að eigi við um Haukadal er svæðisins getið sem afréttar, þ.e. kaupbréfinu fyrir Jörfa frá 1477 og dómi sex presta frá 1518. Eigi síðar en árið 1523 munu réttindi á Sléttadal hafa komist á hendi Jörfakirkju, en þeirra réttinda er getið í máldögum kirkjunnar frá því ári og aftur um 1600. Í þessum máldögum kemur fram að um sé að ræða hálfan Sléttadal og allan Haukadal, sem séu tíu hundraða eign. Inntaks réttindanna er ekki getið þar að öðru leyti, en efni máldaganna verður þó að skoðast í ljósi þess sem greinir í dómi sex presta aðeins fimm árum áður en eldri máldaginn er gerður, þar sem Haukadals er getið sem afréttar. Það fær einnig samræmst kaupbréfinu frá 1477. Tilgreining máldaganna á hálfum Sléttadal og öllum Haukadal gefur ekki tilefni til að ætla að umrætt svæði á Sléttadal hafi verið talið hafa aðra eignarréttarlega stöðu en Haukadalur. Ekkert liggur hins vegar fyrir um það hvernig helmingur Sléttadals komst í eigu Jörfa, en það hefur samkvæmt framansögðu verið eigi síðar en 1523, en þó eftir að þau viðskipti með Sléttadal sem getið er um í vitnisburði frá 1513 fóru fram.

Sléttadals er næst getið í kaupbréfi frá 1541 þar sem Daði Guðmundsson í Snóksdal kaupir nokkrar jarðir í Haukadal. Í kaupbréfinu er hálfur Sléttadalur ekki talinn upp meðal jarða, heldur er fyrst tekið fram að um sé að ræða kaup á fimm nánar tilteknum jörðum og síðar að jarðirnar, að einni undanskilinni, hafi verið afhentar og greitt fyrir þær að fullu ásamt hálfum Sléttadal.

Í nokkrum dómum frá 1644 og síðar var ótvírætt lagt til grundvallar að ágreiningssvæðið væri afréttur og að bændum í Haukadal, Miðdölum og Laxárdal bæri skylda til upprekstrar á hann. Auk dómsins frá 1644 var þessi skylda síðar áréttuð í dómum frá 29. mars 1735 og 4. apríl 1755. Þá er getið um svæðið sem „afrjettarland“ í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 og tekið fram að skylt sé að reka þangað lömb úr Haukadal og stórum hluta Miðdala gegn greiðslu tolla. Ýmsar aðrar heimildir staðfesta

---

að svæðið var afréttur sem skylt var að reka á og svæðið mun hafa verið hluti af stærri afrétti sem vísað var til sem Skarðsafréttar í heimildum, a.m.k. frá því á 18. öld. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 um Stóra-Vatnshorn og Jörfa, þar sem getið er um „afrjettarland“ fyrir framan alla bæi sem tilheyri hálfkirkjunni á Jörfa og kirkjunni á Vatnshorni, bendir að mati óbyggðanefndar fremur til þess að upprekstrarlandið hafi ekki talist til lands jarðarinnar. Þetta er frábrugðið umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Skarð, þar sem segir „af landinu legst til afrjettarþegar nokkuð“.

Af ódagsettri samþykkt um Skarðsafrétt, sem talin er frá seinni hluta 18. aldar, verður ráðið að Sléttidalur hafi verið á miðjum afréttinum. Í sömu heimild sést að þriðjungur af afréttartollunum skyldi renna til bóndans á Jörfa. Þá er Haukadalur sagður vera „almenningsland“ í kaflanum um Kvennabrekkuprestakall frá 1840 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu og fram kemur að Skarðsafrétt sé lögafrétt fyrir sveitina. Þar segir þó einnig að Sléttidalur sé „Stóra-Vatnshornskirkju eign“. Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin eigi fjórðung í Skarðsafrétti og að sú hlutdeild sé metin á 20 ríkisbankadali af alls 600 ríkisbankadölum sem jörðin er metin á í heild. Ætla má að hið hlutfallslega lága verðmat hlutdeildarinnar í afréttinum í samanburði við verðmat jarðarinnar í heild stafi af því að einungis hafi verið um afréttareign að ræða á ágreiningssvæðinu en ekki beinan eignarrétt. Enn fremur er til þess að líta að í ítarlegri umsögn Björns Bjarnasonar, sýslumanns í Dalasýslu, um upprekstur í Haukadalshreppi, sem fylgdi bréfi hans til amtmanns, dagsettu 4. mars 1900, er greinilega gengið út frá því að um sé að ræða afrétt. Þar er vísað til álits matsmanna þar sem sé getið um annars vegar „upprekstrarlönd [...] í Vatnslandi og Skarðslandi“ og hins vegar „afrjettarlönd“ / „afrjetti“ sem tilheyri Jörfa og Stóra-Vatnshorni. Auk þessa kemur þar fram að í Haukadalshreppi séu „2 afrjettir, Stóra Vatnshorns og Jörfa“. Því næst segir: „... þar að auki á Vatn og Skarð nokkuð fjalland, sem er nægilegt upprekstrarland fyrir bændurna á þessum bæjum ...“ Bendir þetta til þess að greinarmunur hafi verið gerður á stöðu annars vegar afrétta Stóra-Vatnshorns og Jörfa og hins vegar þeirra upprekstrarlanda sem tilheyrðu Vatni og Skarði. Í þessu sambandi er og til þess að líta að allt land jarðarinnar Vatns er óumdeilt eignarland.

Í málinu liggja ekki fyrir neinar haldbærar heimildir um byggð á ágreiningssvæðinu. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 er þó getið um munnmæli þess efnis að þar hafi áður staðið bær nefndur Þorleifsstaðir en tekið fram að ekkert sjáist þar „til tófta eða girðinga“ og að menn viti ekki „neitt víst þar um“. Þá er í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 getið um tóftir í Jörfamúlatá sem sumir telji að séu „hinir týndu Þorleifsstaðir“. Enn fremur var við meðferð málsins lögð fram af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins mynd sem í skýringum málsaðilans er sögð vera „af rústum Þorleifsstaða framan við samnefnt gil“. Þar er jafnframt haldið fram að víðar á ágreiningssvæðinu sé að finna rústir. Að mati óbyggðanefndar er útilokað, á grundvelli þeirra gagna sem hér voru nefnd og þess sem liggur fyrir um ætluð ummerki mannvirkja á svæðinu, að slá nokkru föstu um hvort þar hafi verið búseta. Þar sem ekki liggja fyrir



---

fornleifarannsóknir á hinum ætluðu rústum, sem staðfesti að þar séu mannvistarleifar, má allt eins ætla að hinar ætluðu rústir séu leifar af annars konar mannvirki en hýbýli manna, svo sem seli. Það sem fram kemur í eldri heimildum um Sauðafellssel (eða Sauðamannafellssel) við Þorleifsstaðagil, sem og í *Sýslu- og sóknalýsingum* um selstöðu Jörfa í Sléttadal, kann raunar að renna stoðum undir ályktun um að þarna hafi verið sel. Enn fremur liggur ekkert fyrir um afmörkun þess landsvæðis þar sem Þorleifsstaðir eigi að hafa staðið, auk þess sem ekkert liggur fyrir um hversu lengi hin ætlaða búseta eigi að hafa varað. Með tilliti til þessara atriða er að mati óbyggðanefndar útilokað að fallast á kröfu um beinan eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli munnmæla sem ekki voru skráð fyrr en löngu eftir að hinni ætluðu búsetu á að hafa lokið.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>481</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að Jörfaafréttur hafi ekki verið hluti af jörðinni Jörfa heldur hafi eigendur jarðarinnar einungis átt þar afréttareign. Þar sem fyrir liggur fjöldi eldri heimilda sem eindregið bendir til þess að svo hafi verið fær engu breytt um þá niðurstöðu að getið sé um svæðið sem „landeign Jörfa“ í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Enn fremur er svæðið aðskilið frá óumdeildu eignarlandi Jörfa, af landi annarra jarða. Þá benda heimildir til þess að ágreiningssvæðið hafi lotið sjálfstæðri afmörkun sem afréttur. Þar er einnig um að ræða skýra afmörkun af náttúrunnar hendi gagnvart aðliggjandi landsvæðum, af Þorleifsstaðagili að norðanverðu, Sléttadalsá að austanverðu og af vatnaskilum að sunnan- og vestanverðu. Þá liggja ekki fyrir heimildir í málinu sem benda til þess að ágreiningssvæðið hafi verið hluti af annarri jörð eða jörðum.

Eins og áður er getið verður ekki ráðið af fyrirliggjandi landnámslýsingum hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, en staðhættir og fjarlægðir mæla því þó ekki í mót. Jafnvel þótt svæðið kunni að hafa verið numið í öndverðu þá liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæðið hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra.

---

<sup>481</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkst en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>482</sup>

Hvað varðar ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem benda til þess að þar hafi verið búið við gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa gagnaðilum íslenska ríkisins fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri ágreiningssvæðinu liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendir, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu og máli nr. 2/2014 hjá óbyggðanefnd. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á Jörfaafrétti hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til

---

<sup>482</sup> Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>483</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa í Dalabyggð. Við nákvæma afmörkun þjóðlendunnar að vestanverðu er fylgt vatnaskilum gagnvart Villingadal, en eins og að framan greinir liggja fyrir gögn þar að lútandi frá Veðurstofu Íslands sem sýna að kröfulínur málsaðila eru ekki að öllu leyti dregnar með sama hætti og vatnaskilin á kröfulínukort málsins. Engu að síður er ljóst að kröfulýsingar þeirra eru við það miðaðar að vatnaskilin ráði merkjunum.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Jörfaafréttur, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er í upptökum Sléttadalsár á vatnaskilum sunnan Sléttadals. Þaðan ræður Sléttadalsá að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan ræður Haukadalsá að Þorleifsstaðagili. Þá ræður Þorleifsstaðagil að vatnaskilum vestan Haukadals og þaðan er vatnaskilum fylgt suður og svo austur að upphafspunkti í upptökum Sléttadalsár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa í Dalabyggð, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem njóta veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

## **6.7 Geldingadalur**

### **6.7.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Geldingadalur. Gögn málsins benda til þess að kirkjunni á Kvennabrekku hafi tilheyrt réttindi á Geldingadal a.m.k. frá því á 14. öld. Árið 1897 var vestasti hluti landssvæðisins seldur eiganda Háafells. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi jarðarinnar Háafells, gerir kröfu til þess hluta landsvæðisins sem eignarlands síns og byggir kröfu sína á því að hann leiði rétt sinn frá þeim aðila sem eignaðist réttindi á þessum hluta svæðisins við kaupin. Íslenska ríkið hefur í máli þessu lýst kröfu sinni vegna svæðisins í heild, án sérstakrar aðgreiningar milli þess hluta sem var seldur 1897 og svæðisins að öðru leyti. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1.2 og 3.6.

---

<sup>483</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Bærinn og kirkjan á Kvonnabrekku standa undir Náhlíð, norðan Tunguár, til vesturs frá mynni Geldingadals, og er óumdeilt eignarland jarðarinnar aðskilið frá ágreiningssvæðinu af öðrum jörðum. Frá bæjarstæði Kvonnabrekku að Fremragili á norðvesturmörkum ágreiningssvæðisins eru um 7 km í beinni loftlínu. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Háafells liggur aftur á móti að ágreiningssvæðinu að vestanverðu og eru um 2 km í beinni loftlínu frá bæjarstæði Háafells að toppi Tungufells á vesturmörkum ágreiningssvæðisins.

Geldingadalur gengur til austurs inn af Miðdölum, austan við Kolstaðafjall og Tungufell, inn af landi jarðarinnar Háafells. Deilt er um Geldingadal, frá Fremragili að norðanverðu og línu sem dregin er frá hákollu Tungufells að gilinu, allt upp á fjallsbrúnir norðan, austan og sunnan dalsins. Láglandasti hluti svæðisins liggur í um og yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli og land rís skarpt upp af dalnum. Norðan við innsta hluta dalsins er Geldingafell vestast og þá Lambahnúkur, sem er einn af Gamalhnúkum og rís hæst í 878 m hæð yfir sjávarmáli. Suðaustan við dalbotninn er hinn hæsti af Gamalhnúkum, en hann rís hæst í 940 m hæð yfir sjávarmáli. Gamalhnúkar skilja Geldingadal frá Villingadal. Sunnan við dalsbotninn er Kambur með Kambshaus og Kerlingarnefi, 855 m háu, og vestan við Kamb er Hrístindahnúkur, eða Hrískinnahnúkur, í 801 m hæð yfir sjávarmáli á fjallinu Háfi. Í norðvesturhorni ágreiningssvæðisins rís Tungufell hæst í 560 m hæð. Tunguá rennur eftir Geldingadal miðjum, frá dalbotninum í austri. Geldingadalur er almennt vel gróinn, sérstaklega sá hluti hans sem er láglandastur og liggur næst ánni, en eðli málsins samkvæmt er gróður minn í eftir því sem ofar dregur.<sup>484</sup>

#### **6.7.1.1 Um aðild ábúanda Kvonnabrekku og sjálfstæða rannsókn óbyggðanefndar**

Jörðin Kvonnabrekka er í eigu íslenska ríkisins en er leigð til ábúðar. Með kröfulýsingu, dagsettri 27. júní 2016, lýsti ábúandi jarðarinnar kröfu um að viðurkennt yrði að þinglýstir eigendur hefðu beinan eignarrétt að öllu landi Geldingadals. Þá var þess einnig krafist að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar væru samkvæmt landamerkjabréfi Kvonnabrekku ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolsstöðum og kirkjulandinu Geldingadal frá 29. maí 1885 og afsali útgefnu af Jóhannesi L.L. Jóhannessyni presti á Kvonnabrekku frá 1897, þar sem seld var spilda úr landi Kvonnabrekku í Geldingadal til Háafells og sameinað Háafelli. Við 2. fyrirtöku málsins, 24. febrúar 2017, tilkynnti óbyggðanefnd lögmönnum að nefndin hefði tekið til sérstakrar skoðunar aðild og önnur atriði sem varða kröfugerðir vegna ríkisjarða, m.a. í ljósi dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009

---

<sup>484</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

(Skriðuklaustur). Kallað var eftir afstöðu íslenska ríkisins og ábúanda umræddrar jarðar til þessa og óskuðu lögmenn aðila eftir fresti til að taka formlega afstöðu til málsins.

Með greinargerð íslenska ríkisins, dagsettri 3. ágúst 2017, sem lögð var fram við 4. fyrirtöku málsins, 10. sama mánaðar, var því mótmælt að ábúandi Kvennabrekku gæti átt aðild að málinu. Fram kom að íslenska ríkið teldi ljóst að ábúandi jarðar gæti ekki gert kröfu um beinan eignarrétt til handa þinglýstum eiganda jarðarinnar, þ.e. íslenska ríkinu. Slíkt umboð hefði ábúandi ekki. Réttindi hans væru bundin við nýtingu jarðarinnar í samræmi við ábúðarsamning um hana. Skilyrði aðildar að máli fyrir stjórnarsýslunefnd væri að sá sem teldi sig njóta aðildar hefði lögvarða hagsmuni af niðurstöðu máls, sem ekki yrði séð að ábúandi Kvennabrekku hefði. Var í því sambandi m.a. vísað til áður nefnds dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur).

Við 5. fyrirtöku málsins, 25. ágúst 2017, var lögð fram greinargerð lögmanns ábúanda Kvennabrekku, dagsett 24. sama mánaðar. Með henni var kröfugerð ábúandans breytt á þann veg að í stað þess að gerð væri krafa um viðurkenningu beins eignarréttar þinglýsts eiganda Kvennabrekku á svæðinu var þess nú krafist að hafnað yrði kröfu íslenska ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda og að viðurkennt yrði að enga þjóðlendu væri þar að finna. Við fyrirtökuna kom fram af hálfu lögmannsins að fallist væri á að gegn andmælum íslenska ríkisins gæti ábúandi jarðarinnar ekki átt aðild að málinu, en að áfram væri þó óskað eftir að sjónarmið hans yrðu tekin til skoðunar við úrlausn málsins.

Þrátt fyrir þetta byggði lögmaður ábúanda Kvennabrekku á því við munnlegan flutning málsins, 29. nóvember 2017, að ábúandinn hefði heimild til að gera umrædda kröfu í málinu, með áorðnum breytingum, þ.e. kröfu um að því yrði hafnað að Geldingadalur væri þjóðlenda. Var í því sambandi vísað til þess að ábúandinn hefði, m.a. vegna lífstíðarábúðar á Kvennabrekku, forkaupsréttar á jörðinni og nýtingar hennar, óbeina hagsmuni af því að Geldingadalur fylgdi henni og eignarréttarleg staða svæðisins héldist óbreytt.

Af hálfu lögmanns íslenska ríkisins kom fram við munnlegan flutning málsins að þrátt fyrir kröfu um að Geldingadalur yrði úrskurðaður þjóðlenda væri óskað eftir því af hálfu ríkisins að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda, þar sem íslenska ríkið væri beggja vegna borðsins og þar af leiðandi væri engin krafa gerð um beinan eignarrétt á svæðinu, af þar til bærum aðila.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að ábúanda Kvennabrekku og íslenska ríkið greinir á um hvort sá fyrrnefndi geti, gegn andmælum ríkisins, átt aðild að málinu fyrir óbyggðanefnd, að því er varðar eignarréttarlega stöðu Geldingadals. Því er óhjákvæmilegt að nefndin taki afstöðu til þessa atriðis, áður en kemur að úrlausn um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Í 9. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998 segir að sá sem „telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana“ skuli

---

leggja fram skriflega beiðni þar um. Nefndin skuli taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun á þann hátt sem nánar greinir í ákvæðum laganna. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. að þegar kröfulýsing ríkisins liggja fyrir skuli með tilkynningu í Lögbirtingablaði „skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd“ innan nánar tilgreinds frests. Enn fremur segir í 3. mgr. 13. gr. að ef fram kemur við meðferð máls „að aðili, sem kann að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum“ skuli nefndin „hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á að gerast aðili máls.“ Af þessu verður ráðið að einungis þeir sem *telja til eignarréttinda* eða *kunna að telja til eignarréttinda* á landsvæðum geti átt aðild að málum fyrir óbyggðanefnd, að því er varðar viðkomandi svæði. Að öðru leyti er ekki að finna í lögum nr. 58/1998 ákvæði um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess. Niðurstaða um það atriði ræðst því af almennum reglum stjórnisýsluréttar. Þar er einkum litið til þess hvort viðkomandi eigi *lögvarinna hagsmuna* að gæta við úrlausn málsins.

Tvívegis hefur sú staða verið uppi í dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að ábúendur ríkisjarða hafa á grundvelli tengsla ábúðarjarða sinna við viðkomandi ágreiningssvæði haft uppi kröfur gegn kröfum íslenska ríkisins um að svæðin væru þjóðlendar. Í báðum tilvikum hafði ábúendunum verið veitt aðild að málunum á stjórnisýslustigi fyrir óbyggðanefnd. Í dómi Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 24/2007 (Skógafjall) voru ábúendur jarðarinnar Ytri-Skóga meðal þeirra sem gerðu kröfu um að úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 5/2003 yrði felldur úr gildi, að því leyti sem þar var ákveðið að Skógafjall væri þjóðlenda. Um aðild ábúendanna segir í dómnum:

Áfrýjendurnir [S og I] kveðast sem áður segir vera ábúendur Ytri-Skóga, en aðrir áfrýjendur eru þinglýstir eigendur þeirrar jarðar og Eystri-Skóga. Ekki hefur verið skýrt sérstaklega í málatalilbúnaði áfrýjenda hvers vegna aðild er þannig háttáð að máli þessu, sem varðar eignarréttindi að landi, sem þau telja eiga undir umræddar jarðir. Stefnði hefur ekki krafist sýknu vegna aðildarskorts áfrýjendanna [S og I] og verður því tekin afstaða til krafna þeirra til jafns við kröfur annarra áfrýjenda.

Af þessum forsendum verður ráðið að sú staðreynd að íslenska ríkið krafðist ekki sýknu vegna aðildarskorts ábúendanna fyrir dómi réð úrslitum um að tekin var efnisleg afstaða til krafna þeirra til jafns við kröfur annarra áfrýjenda.

Í dómi Hæstaréttar frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur) reyndi á hvort ábúendur jarðarinnar Skriðuklausturs gætu átt aðild að ágreiningi um hvort land sem þeir töldu tilheyra jörðinni væri eignarland eða þjóðlenda. Í málinu byggði íslenska ríkið á því að ábúendurnir ættu ekki lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins og gætu ekki talist aðilar þess. Í dómnum segir:

Með áðurnefndu byggingarbréfi landbúnaðarráðherra 11. maí 1999 var áfrýjendum leigð ríkisjörðin Skriðuklaustur til lífstíðarábúðar og var þar tekið

---

fram að um réttindi og skyldur áfrýjenda færi eftir ákvæðum þágildandi ábúðarlaga nr. 64/1976 og jarðalaga nr. 65/1976 að því leyti, sem annars væri ekki getið. Í þessum ábúðarsamningi voru áfrýjendum ekki veitt nein réttindi til að fara sjálfstætt með hagsmuni stefnda sem eiganda jarðarinnar umfram það, sem leiddi af ákvæðum fyrrnefndra laga eða ábúðarlaga nr. 80/2004 og jarðalaga nr. 81/2004, sem nú hafa leyst þau af hólmi. Hvorki er að finna í ákvæðum III. kafla ábúðarlaga né annars staðar í lögum neina stoð fyrir því að leiguliði geti haft uppi kröfu fyrir dómi um ákvörðun merkja ábúðarjarðar í andstöðu við landsdrottin sinn. Engu getur breytt um heimild áfrýjenda til að leita dóms um mörk eignarlands Skriðuklausturs og Þjóðlendu að þeim hafi ranglega verið játuð aðild að ágreiningi um mörkin fyrir óbyggðanefnd. Með þessum athugasemdum verður niðurstaða hins áfrýjanda dóms staðfest um sýknu stefnda af kröfu áfrýjenda um að felld verði úr gildi ákvæði úrskurðar óbyggðanefndar 29. maí 2007, eins og honum var breytt 12. febrúar 2009, um mörk eignarlands Skriðuklausturs og Þjóðlendu.

Af þessum forsendum verður ótvírætt ráðin sú afstaða réttarins að ábúandi ríkisjarðar geti ekki, gegn andmælum íslenska ríkisins, átt aðild að ágreiningi um mörk ábúðarjarðar sinnar gagnvart Þjóðlendu, hvorki fyrir óbyggðanefnd né dómstólum, ef í ábúðarsamningi er ekki sérstaklega kveðið á um rétt ábúanda til að fara sjálfstætt með hagsmuni ríkisins sem landeiganda, umfram það sem leiðir af ákvæðum laga. Ekki verður annað séð en að ólík niðurstaða Hæstaréttar annars vegar í máli nr. 24/2007 (Skógafjall) og hins vegar í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur) skýrist eingöngu af því að í síðarnefnda málinu krafðist íslenska ríkið sýknu á grundvelli aðildarskorts en ekki í því fyrrnefnda, enda voru gagnaðilar ríkisins í því máli fleiri heldur en einungis ábúendurnir.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hefur ábúandi Kvennabrekku ekki byggt á því að honum sé með ábúðarsamningi sínum við íslenska ríkið veittur ríkari réttur til að fara sjálfstætt með hagsmuni ríkisins, sem eiganda Kvennabrekku, heldur en leiðir af ákvæðum ábúðarlaga nr. 80/2004 og jarðalaga nr. 81/2004. Þá er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að samningurinn hafa að geyma ákvæði um ríkari rétt ábúandans hvað þetta varðar heldur en almennt tíðkast í ábúðarsamningum um ríkisjarðir.<sup>485</sup>

Í málinu eru endanlegar kröfur ábúanda Kvennabrekku þær, eins og áður er rakið, að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins um að svæðið sé Þjóðlenda og að viðurkennt verði að enga Þjóðlendu sé þar að finna, en áður var kröfugerðin á þann veg að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda Kvennabrekku á svæðinu. Ljóst er að kröfugerðin lýtur eftir sem áður að því að Geldingadalur sé eignarland en ekki Þjóðlenda. Sú afstaða fer gegn kröfugerð íslenska ríkisins, eiganda Kvennabrekku, í málinu og af hálfu þess hefur því verið andmælt að ábúandinn geti átt aðild að þeim

---

<sup>485</sup> Ábúðarsamningurinn hefur ekki verið lagður fram í málinu af hálfu ábúandans, þrátt fyrir ábendingu óbyggðanefndar þar að lútandi.

---

ágreiningi á grundvelli ábúðarréttar síns. Með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í dómi Hæstaréttar í máli nr. 409/2009 (Skríðuklaustur) verður því að leggja til grundvallar að ábúandinn eigi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og geti ekki átt aðild á því á þeim grundvelli sem hann byggir á, enda er ekkert fram komið sem bendir til þess að ábúðarsamningur hans við íslenska ríkið veiti honum rétt til að hafa þá kröfu uppi í andstöðu við kröfugerð ríkisins. Krafa hans um að kröfu íslenska ríkisins um að Geldingadalur sé þjóðlenda verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé þar að finna verður því ekki tekin til efnislegrar úrlausnar.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Í málinu liggur samkvæmt framansögðu ekki fyrir krafa frá þar til bærum aðila gegn kröfu íslenska ríkisins um að Geldingadalur sé þjóðlenda. Aftur á móti kom fram af hálfu íslenska ríkisins við munnlegan flutning málsins, 29. nóvember 2017, sbr. bókun í fundargerð aðalmeðferðarinnar, að þrátt fyrir kröfu um viðurkenningu þess að svæðið sé þjóðlenda væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda, þar sem íslenska ríkið væri beggja vegna borðsins og þar af leiðandi væri engin krafa gerð, af þar til bærum aðila, um beinan eignarrétt á svæðinu. Að teknu tilliti til þessa telur óbyggðanefnd rétt að rannsaka með sjálfstæðum hætti hver sé eignarréttarleg staða svæðisins, þrátt fyrir að það verði ekki gert á grundvelli kröfu ábúanda Kvennabrekku. Í þessu sambandi er lítið til þeirrar rannsóknarskyldu sem hvílir á nefndinni samkvæmt 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, sem og 10. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993. Við þá rannsókn koma til skoðunar öll þau gögn sem mögulega geta haft þýðingu við úrlausn málsins, þar á meðal þau sem hafa verið lögð fram af hálfu ábúanda Kvennabrekku við meðferð þess.

Auk kröfu ábúanda Kvennabrekku um viðurkenningu þess að Geldingadalur sé ekki þjóðlenda krefst hann málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, að skaðlausu. Í 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laga nr. 65/2000, kemur fram að „nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins“ vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 65/2000, þar sem tilvitnuðu ákvæði var bætt við lög nr. 58/1998, kemur fram að „sterk sanngirniskrök“ þyki mæla með því að „landeigendum og öðrum réttshöfum verði gert auðveldara fyrir að reka mál sín fyrir óbyggðanefnd“.

Hvað varðar kröfu ábúanda Kvennabrekku um greiðslu málskostnaðar er að mati óbyggðanefndar til þess að líta að þegar vinna lögmanns hans vegna kröfugerðarinnar og annarrar hagsmunagæslu vegna málsins fór fram lá hvorki fyrir afstaða íslenska ríkisins til aðildar hans né niðurstaða óbyggðanefndar um hvort fallist yrði á aðildina. Að teknu tilliti til þess og með hliðsjón af þeim röksemdum sem bjuggu



---

að baki því að lögfest var ákvæði um að „nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins“ vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkisjóði þykir rétt að fallast á kröfu ábúandans um greiðslu málskostnaðar. Um ákvörðun hans vísast til kafla 6.5 og 7.

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar, er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarbeitar fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að

---

Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að sé innan þjóðlendukröfulína hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrð tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega Geldingadal er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Verði að telja að af fyrirliggjandi heimildum og landfræðilegum aðstæðum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar sé aðallega stuðst við lýsingu á Geldingadal í landamerkjabréfi Kvinnabrekku, frá 29. maí 1885. Við afmörkun svæðisins hafi einnig verið stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.e. landamerkjabréf Háafells frá 23. maí 1885, Fellsenda frá 31. maí 1886 og Saurstaða frá 21. maí 1885. Þá hafi verið stuðst við lýsingu á merkjum jarðarinnar Kolsstaða í framangreindu landamerkjabréfi Kvinnabrekku frá 29. maí 1885.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að í landamerkjabréfi jarðarinnar Kvinnabrekku, sé ágreiningssvæðinu lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar, auk þess sem ágreiningssvæðið sé landfræðilega aðskilið frá því. Gefi það til kynna að ágreiningssvæðið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti, heldur fremur takmörkuðum. Því til frekari stuðnings sé vísað til þess að eldri heimildir um jörðina Kvinnabrekku fjalli um takmörkuð réttindi jarðarinnar á ágreiningssvæðinu. Er í því sambandi vísað til þess að í elstu fyrirliggjandi heimild um Geldingadal, máldaga Kvinnabrekkukirkju frá 1375, segi að kirkjan eigi selför á Geldingadal og hann allan. Hið sama komi fram í máldögum kirkjunnar frá 1397 og Gíslamáldaga frá því um 1570. Fram komi að kirkjunni sé eignaður Geldingadalur allur í vísitasíu hennar frá 1639, tíu vísitasíum frá 1721–1866 og greinargerð Orms Daðasonar frá 1744, auk þess sem segi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*<sup>486</sup> frá 1703, að kirkjan að Kvinnabrekku eigi selstöðu á Geldingadal. Þá segi í fasteignamatinu 1916–1918 að

---

<sup>486</sup> Hér eftir vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

---

Kvennabrekka eigi gamalt selland á Geldingadal auk þess sem fjallað sé um selstöðu Kvennabrekku á Geldingadal í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árunum 1947 og 1997.

Árið 1754 hafi verið þinglesin lögfesta séra Hannesar Björnssonar fyrir Kvennabrekku, Kolsstöðum og Geldingada. Hafi allur Geldingadalur verið lögfestur innan tiltekinna marka. Önnur lögfesta sama efnis, dagsett 9. maí 1759, hafi verið upplesin 29. sama mánaðar og á árunum 1768 og 1779. Árið 1829 hafi verið lesin lögfesta fyrir Kvennabrekkukirkjueign sem eignaði Kvennabrekku allan Geldingadal, en lögfestan hafi verið dregin í efa af eiganda Oddsstaða. Á manntalsþingi árið 1836 hafi verið upplesið bréf séra Bjarna á Kvennabrekku þar sem hann hafi lofað að leyfa hrossabeit á Geldingadal með tilteknum skilyrðum. Á manntalsþingi 1846 hafi svo enn verið upplesin lögfesta fyrir Geldingadal (Gjeltangadal). Á sáttanefndarfundum sama ár hafi séra Benedikt á Kvennabrekku látið kalla Benedikt á Háafelli fyrir nefndina, þar sem sá síðarnefndi hafi ekki staðið skil á beitartolli fyrir Geldingadal í tvö ár, en hefði nýtt sér sama land um sumarið til beitar og slægna. Hafi ágreiningur verið um landamerki jarðanna og deilur haldið áfram næstu ár, en árið 1849 hafi verið gerð sátt milli aðila um landamerki og beit á Geldingadal.

Á því er einnig byggt af hálfu íslenska ríkisins að Geldingadalur sé sérstaklega verðmetinn í jarðamatinu 1849–1850 og aðskilinn frá Kvennabrekku. Þá hafi framangreint landamerkjabréf frá 29. maí 1885 verið gert fyrir „Kvennabrekku ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolsstöðum og kirkjulandinu Geldingadal“, auk þess sem landamerkjabréfið vísi til fyrrgreindrar sáttar frá árinu 1849. Með bréfi árið 1895 hafi eigandi Háafells falest eftir kaupum á landspartu úr sellandinu Geldingadal, þeim hluta sem ágreiningur hafi áður staðið um, og hafi leyfi til sölnnar fengist ári síðar. Hafi salan farið fram með kaupbréfi og afsali dagsettu 1. júní 1897, en það sé sá hluti sem eigandi Háafells geri eignarréttarlega kröfu til í málinu.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að ljóst sé af framangreindum heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum, að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti. Nýting svæðisins hafi ekki verið með þeim hætti, en engar heimildir séu um byggð á svæðinu. Íslenska ríkið telji að landsvæðið hafi vissulega verið talið tilheyrja jörðinni Kvennabrekku, en í þeirri þeirri tilheyrslu hafi ekki falist meira en takmörkuð réttindi til upprekstrar og Selstöðu. Með hliðsjón af framangreindu telji íslenska ríkið að Geldingadalur sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

---

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Háafells, er vísað til heimilda um eignarhald Kvennabrekku á svæðinu fram til ársins 1897. Árið 1897 hafi eigandi Háafells keypt vestasta hluta Geldingadal og sameinað jörð Háafells. Um það sé vísað sérstaklega til afsals séra Jóhannesar L.L. Jóhannssonar á Kvennabrekku fyrir „landspildu sunnanvert á Geldingadal“ sem var þinglýst 11. júní 1897. Er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji gagnaðili íslenska ríkisins að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleyfi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichaloppulos gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur og fleiri gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi gagnaðili íslenska ríkisins einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögættar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætlanlegu

---

trausti á réttargerning sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðan 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi forverar landeiganda átt beit og annan gróður á jörð sinni. Þeir hafi sjálfir stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt landeigenda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hveðrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að það falli innan landnámslýsinga.

Á því sé byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland og sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Því til stuðnings er vísað til dóms Hæstaréttar frá 21. október í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins sé byggð á heimildaskjölum sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Kvennabrekku í gegnum tíðina. Er þar einkum vísað til landamerkjabréfs fyrir jörðina kvennabrekku, ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolsstöðum og kirkjulandinu Geldingadal, frá 29. maí 1885. Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki aðliggjandi jarða og því þinglýst.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísi til tíu vísitasía Kvennabrekkubrekku frá 18. og 19. öld, þar sem fram kemur að kirkjan þar eigi Geldingadal allan innan tiltekinna marka. Þá sé vísað til lögfestna fyrir Kvennabrekku, Kolsstaði og Geldingadal frá árunum 1728, 1748, 1754, 1759 og 1829, þar sem Geldingadalur sé lögfestur sem

---

kirkjunnar eign innan sömu marka og í fyrrgreindum vísitasíum. Í lögfestunum hafi öðrum en eigendum Geldingadals verið bannað að nýta sér landið með nokkrum hætti að viðlögðum sektum, sem renni stoðum undir það að um beinan eignarrétt að landsvæðinu sé að ræða. Sambærilega lýsingu sé að finna í afhendingu Kvennabrekku frá 4. júní 1705 og vísitasíum kirkjunnar frá 1639, 1699 og 1725. Einnig sé vísað til máldaga kirkjunnar frá 1375, 1397 og frá því um 1570, þar sem segi m.a. að kirkjan að Kvennabrekku eigi Geldingadal allan.

Um framangreint vísi gagnaðili íslenska ríkisins einnig til framlagðra skjala þar sem þess er getið að selstaða hafi verið í Geldingadal, sbr. m.a. *Jarðabók* Árna og Páls. Selstaða hafi vanalega verið í heimalandi sem renni stoðum undir að um beinan eignarrétt að landvæðinu sé að ræða.

Samkvæmt þeim eignarheimildum sem vísað sé til í málinu, sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti Það eitt að umrætt landsvæði sé staðsett í nokkurri fjarlægð frá öðru landi jarðarinnar Kvennabrekku geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti.

Sérstaklega sé vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu. Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt. Landeigendur telji því að fyrir liggja að allt land í Dalasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land í Dölum hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 4. september 1920 til Stjórnarráðs Íslands, þar sem komi fram að spurst hafi verið fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum Dalasýslu og samkvæmt yfirlýsingum þeirra væru engir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki heyrðu lögbýli til. Hið sama eigi við um bréf oddvita Miðdalahrepps til félagsmálaráðuneytis frá 20. febrúar 1989.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið stofnun eignarréttar við landnám. Land jarðarinnar Kvennabrekku hafi greinilega allt verið innan landnáms, þ.m.t. Geldingadalur, og hafi verið byggt á því alla tíð. Það megi sjá á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði hafi verið eign Kvennabrekku á sama máta og annað landsvæði jarðarinnar.

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Dölum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir á því að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkja-

---

bréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur / Hvammsheiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir á því að landamerkjalyásingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess, að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeiganda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr 48/2004, þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalyásingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Á því er byggt að Kvennabrekka, að Geldingadal meðtöldum, sé jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem fari ekki í bága við eldri heimildir. Þess vegna beri íslenska ríkið sönnunarbyrði fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Það að þessu svæði hafi verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar komi til vegna þess að það sé landfræðilega aðskilið frá heimalandi, en ekki vegna þess að landsvæðið hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti, enda ekki fram komið sem bendi til þess.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé það umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum

---

landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afréttar, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að landsvæði þetta hafi ætíð fylgt jörðinni Kvonnabrekku, sbr. orðalag í elstu heimildum. Ítreka beri hve geysi verðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi, hvað þetta varðar, benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarkna hafi verið, meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að jarðir þær, sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að innan merkja ágreiningssvæðisins sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Eigandi og forverar hans hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þar á meðal eignarskatta.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð væri unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttar-eign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendlaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla.



---

Nú sé því alls ekki haldið fram að umþrætt landssvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja.

Í dómi Hæstaréttar frá 16. október 1997 í máli nr. 274/1996 (á blaðsíðu 2792 í dómasatni) (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 í máli nr. 80/1938 (bls. 28 í dómasafni) (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi framangreindra heimilda telji gagnaðili íslenska ríkisins að hann, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum séu fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðili íslenska ríkisins þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð gagnaðili íslenska ríkisins byggir m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en allt land í Dölum hafi verið numið í öndverðu.

Áhersla sé lögð á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem hann færir fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar

---

væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 sem byggir á almennum óskráðum meginreglum stjórn-sýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórn-sýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. stjórn-sýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Gagnaðili íslenska ríkisins verði á þeim grundvelli ekki sviptur eignarréttindum sínum bótalaust, né á hann lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar frá 1961, bls. 629 í dómasafni.

Gagnaðili íslenska ríkisins telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki undirorpið beinum eignarrétti.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm réttarins í máli nr. 48/2004 (Framfréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), þó rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðili íslenska ríkisins vísar sérstaklega til jafnræðisreglu stjórn-sýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri

---

reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigandi hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á hann en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfugerð þess um þjóðlendu á svæðinu mótmælt og á því byggt að svo virðist sem ríkið byggi einkum á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu gagnaðili íslenska ríkisins.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar frá 23. nóvember 1960 í máli nr. 169/1959 (Skeljabrekka) (bls. 786 í dómasafni) og dóm Hæstaréttar frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland) (bls. 2227 í dómasafni). Gagnaðili íslenska ríkisins telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis að svæðið hafi ekki verið numið til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðið hafi verið numið og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011, (sameignarlandi Fagradals, Viðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum), að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Íslenska ríkið viðurkenni land aðliggjandi jörðinni og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Samkvæmt framangreindum heimildum hafi gagnaðili íslenska ríkisins óskoradán eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Þeir hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not landsvæðisins og borgað lögboðin gjöld vegna þess, þar á meðal eignarskatta.

Byggt sé á því að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt landsvæði sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum Háafells, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis, enda hafi öllum heimildarskjölum gagnaðila íslenska ríkisins og forvera hans verið þinglýst athugasemdalaust. Sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt

---

yfir eign þar til annað sannast, sbr. Hrd. 1961, bls. 629. Íslenska ríkið beri því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt landsvæði sé ekki fullkominn eign gagnaðila þess.

Um framangreint sé einnig vísað til meginreglna í eignarrétti og þess að eignarréttur landeigenda sé verndaður í 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr 33/1944, sbr. 10. gr. Stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, og 1. gr. Samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá sé vísað til jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar og reglna um hefð.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjálaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

Við meðferð málsins krafðist ábúandi Kvinnabrekku eins og áður segir að hafnað yrði kröfu íslenska ríkisins um að Geldingadalur væri þjóðlenda. Sjónarmiðum hans hvað það varðar er lýst í kröfulýsingu og greinargerð sem skilað var til nefndarinnar fyrir hans hönd. Eins og fram kemur í kafla 6.3.1.1 hér að framan er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ábúandinn geti ekki á grundvelli ábúðar á Kvinnabrekku átt aðild að málinu gegn andmælum íslenska ríkisins og verða sjónarmið hans því ekki rakin hér.

### **6.7.3 Niðurstaða**

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Geldingadals er rakin í kafla 5.7 hér að framan. Þar eru raktar heimildir um kirkjuna að Kvinnabrekku sem benda til þess að henni hafi tilheyrt réttindi á Geldingadal, a.m.k. frá því á 14. öld, en Geldingadals er fyrst getið í máldaga kirkjunnar að Kvinnabrekku frá árinu 1375. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvinnabrekku er, sem fyrr segir, norðvestan við Geldingadal, aðskilið frá honum af öðrum jörðum, sem a.m.k. sumar hverjar virðast hafa tilheyrt kirkjunni á Kvinnabrekku fyrr á öldum. Við úrlausn málsins kemur einkum til skoðunar hvort Geldingadalur hafi tilheyrt Kvinnabrekku á sama hátt og

---

annað land þeirrar jarðar eða eftir atvikum öðrum jörðum sem kirkjunni heyrðu til, eða haft aðra stöðu.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Geldingadals er lýst í fyrirliggjandi heimildum og verður byrjað á norðvesturmerkjunum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar.

Merkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í vísitasíu kirkjunnar frá árinu 1639, en þá aðeins að hluta. Þar er merkjunum lýst „allt heim i Ærgröf ad Sunnann fram, huor ed stendst a hartnær vid diupaskurd ad vestantil.“ Þessi lýsing tekur einungis til merkjanna að norðvestanverðu Merkjum ágreiningssvæðisins er lýst með sambærilegum hætti í vísitasíum kirkjunnar frá árunum 1675, 1699, 1721, 1725, 1732, 1735, 1742, 1750, 1753, 1758, 1782, 1807, 1820, 1827 og 1870, sem og lögfestum hennar frá árunum 1705, 1728, 1748, 1754, 1759 og 1829. Enn fremur er merkjunum lýst með sama hætti í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, frá 1744.

Skömmu fyrir miðja 19. öld risu deilur milli eigenda jarðarinnar Háafells<sup>487</sup> og umráðamanna kirkjunnar að Kvinnabrekku um merki milli Háafells og Geldingadals, en Háafell liggur að ágreiningssvæðinu að vestanverðu. Í fundargerð sáttanefndarfundar, sem haldinn var að Kvinnabrekku 9. október 1846, kemur fram að aðila hafi greint á um hvar framangreind merki sem getið er um í máldögum Kvinnabrekkukirkju væru staðsett. Nánar tiltekið segir meðal annars í fundargerðinni: „... kémur ekki málsþörtunum saman um þau í Máldögum kirkjunnar nefndu merki Ærgróf og Djúpaskurð, sökum þess að þá ágreinir um hvar þau eru.“ Þá kemur fram í fundargerð sáttanefndarinnar frá 11. maí 1847 að presturinn á Kvinnabrekku hafi byggt á því að „kennileiti þau djúpi skurður og ærgróf sem fyrst gétur um í Visitatiu Brinjólfs biskups“ væru „ekki framar svo menn viti með vissu finnanleg“.

Hinn 11. desember 1849 var samið um merkin auk þess sem samið var um tiltekin réttindi eiganda Háafells á því svæði sem deilt hafði verið um. Í sáttargerðinni segir:

1) Landamerki milli kirkjulandsins Geldingadals og bóndaeignarinnar Háafells, skulu upphéðan af vera æfinlega fyrir alna og óborna þessi: Dæld sú edur smáhjalli sem myndast af kríngum liggjandi klettum nærhæfis nidur undan Tungufells kalli og þadan sjónhendíng bein þvert ofan í Tungná og stendst þetta herumbil á við Flataskurð að vestanverðu.

Um ákvörðun þessara merkja segir annars í sáttargerðinni:

Adili máls þessa Gudm. prestur Einarsson óskadi enfremur ad sættasamningur þessi bæri med sér vegna hvörs að í hans ltu grein væri tilgreindur ad vestanverðu Flataskurdur, en ei Djúpiskurdur samkvæmt Visitatium

---

<sup>487</sup> Nefnd Háafell í eldri heimildum.

---

Kvennabrekku kirkju; og eru astæðurnar til þess þessar: Þegar Málspartarnir nú fyrir fám dögum skodudu Landid á Geldingadal um það svæði sem líkindi eru til að merkin seu eptir Kirkjubokinni milli kirkjulandsins og Haafells, þókti þeim ríða á miklu að sem skírurst einkenni og sem síst gætu breist ákvæðu merkin, en þar þau feingust ekki eins ljós og æskilegt var að sunnanverdu þar sem þó á öllu reid, þókti nauðsynlegt að til væri tekid að vestanverdu skírt merki til að mida við. Til þess þókkta hinn svo nefndi Djúpiskurdur ekki vel audkennilegur og því slakadi Presturinn svo til að midad væri við Flataskurð. En Flataskurdur er næstur fyrir framan Djupaskurð og örstutt á milli. Flataskurdur heitir nú skurdur sá sem er rétt heiman til við flatir, sem eru norðvestan til á Geldingadal og liggur ofan í Tungu á, en beint upp undan honum er skard í fjallsbrúnina og úr því rennur nú Lækur ofan í nefndan skurd og eptir honum nidur í á.

Í tveimur lögfestum Guðrúnar Þorleifsdóttur, Þórðar Benediktssonar og Finns Sveinssonar fyrir Háafell frá 16. maí 1861 og 27. maí 1864 er merkjunum gagnvart ágreiningssvæðinu a.m.k. í meginatriðum lýst á þann hátt sem fram kemur í sáttinni frá 1849. Í lögfestunni frá 1861 er umræddum hluta merkjanna lýst svo:

Að norðan ræður Túnguá fram á móts við Flataskurð á norðan verðum Géldingadal, Þá ræður sjónhending beint úr Túnguá í Dæld eður Smáhjalla nærhæfis í Tungufellskoll, síðan ráða Álptadals-eggjar ...

Merkjunum er lýst efnislega með sama hætti í lögfestunni frá 1864.

Í vísitásiu héraðsprófasts fyrir Kvennabrekkukirkju frá 12. nóvember 1866 er merkjunum ekki lýst með sama hætti og í áðurnefndum eldri vísitásium kirkjunnar, heldur er um merkin vísað til „hinna Nýu ummerkja samkvæmt sættagjörningi frá 11. Dec. 1849“. Aftur á móti er merkjunum lýst með sama hætti og í hinum eldri heimildum í vísitásiu Péturs Péturssonar biskups frá 20. júlí 1870.

Merkjum Geldingadals er fyrst lýst með heildstæðum hætti í landamerkjabréfi fyrir Kvennabrekku, ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolsstöðum og „kirkjulandinu Geldingadal“, dagsettu 10. maí 1884 og þinglýstu 29. maí 1885.<sup>488</sup> Þar er um þann hluta merkjanna sem hér er sérstaklega til skoðunar vísað til sáttarinnar frá 1849 og merkjunum lýst svo:

Samkvæmt sætt frá 11. des. 1849 milli staðarhaldarans og sjálfseignarbóndans á Haafelli, samþykktri af stiptsyfirvöldunum eru landamerki milli kirkjulandsins á Geldingadal og bændaeignarinnar Háafells fyrir alda og óborna þessi: Dæld sú eða smáhjalli, sem myndast af kringumliggjandi klettum nærhæfis niður undan Tungufells kalli og það sjónhending beint niður í Túnguá og stenztt þetta hjer um bil á við Flatarskurð að norðan og í skarð í fellsbrunninni uppundan Flatarskurði. Flatarskurður þessi er Kolsstaða megin fyrir framan Djúpaskarð; til glöggvari serkennis skal setja vörðu á merkjahjallan í

---

<sup>488</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884.

---

Tungufelli Háafells megin og milli Flatarskurðar og Djúpaskurðar Kolsstaða/megin [...] vestur á móts við Fremragilsbotn, þetta allt eins og vötnum hallar á báðar hendur, síðan ræður Fremra gil milli Kolsstaða og Sellandsins niður í Tunguá, og síðan ræður Tunguá niður á móts við Flatarskurð gagnvart merkjahjallanum í Tungufelli.

Norðvestan við ágreiningssvæðið er land Kolsstaða. Merkjum þeirrar jarðar er lýst með sjálfstæðum hætti í margnefndu landamerkjabréfi Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884. Þar er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... í mots við Fremragilsbotn, síðan ræður Fremragil til Tunguár ...“ Þeim hluta merkjalýsingar landamerkjabréfsins sem varðar sérstaklega Kolsstaði og þeim hluta sem varðar Geldingadal ber því saman um að Fremragil ráði merkjunum þar á milli.

Hinn 1. júní 1897 keypti svo Benedikt Þórðason, eigandi Háafells, sem fyrr segir, vestasta hluta Geldingadals af kirkjunni að Kvennabrekku, þ.e. þann hluta hans sem liggur vestan Djúpadalsgils, en það er sá hluti svæðisins sem áður hafði verið deilt um og gerð var sátt um árið 1849. Í afsali séra Jóhannesar L.L. Jóhannssonar á Kvennabrekku vegna sölunnar, dagsettu 1. júní 1897 og þinglýstu 11. sama mánaðar, kemur fram að landspildan sem um ræðir sé „sunnanvert á Geldingadal“ og nái „frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili“. Djúpadalsgil gengur til suðurs frá Tunguá, tæplega 1,5 km lengra til suðausturs heldur en sá staður þar sem kröfulína íslenska ríkisins er dregin yfir ána á norðvesturmörkum ágreiningssvæðisins. Með örnefni „Merkjahjalla“ er að mati óbyggðanefndar líklegt að átt sé við „smáhjalla“ þann sem vísað er til í landamerkjabréfi Háafells frá 1885, þar sem segir: „... þá ræður sjónhending beint úr Tunguá í dæld eða smáhjalla nærhæfis Tungufellskolli ...“

Samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið liggur fyrir fjöldi vísitasía, lögfesta og fleiri heimilda frá 17., 18. og 19. öld þar sem merkjum Geldingadals gagnvart Háafelli er lýst um Ærgróf og Djúpaskurð. Af fundargerðum sáttanefndar vegna þeirra deilna sem risu fyrir miðja 19. öld um þennan hluta merkjanna verður ráðið að þá hafi ekki legið ljóst fyrir hvar umrædd örnefni væru staðsett. Þá fól sáttin frá 11. desember 1849 í sér að þaðan í frá skyldi tiltekin „[D]æld“ eða „smáhjalli ... undan Tungufelli“ og þaðan sjónhending ofan í Tunguá, „herumbil“ á mót við Flatskurð, ráða merkjunum. Það er í samræmi við bæði landamerkjabréf Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 og landamerkjabréf Háafells frá 1885. Þar sem staðsetning Ærgrófar og Djúpaskurðar mun vera fallin í gleymsku er vart unnt að leggja annað til grundvallar um upprunaleg merki Geldingadals að norðvestanverðu heldur en það sem fram kemur í sáttinni 1849 og síðar í landamerkjabréfunum frá 1884 og 1885. Kaupin árið 1897 lutu svo að vestasta hluta svæðisins, suðaustur að Djúpadalsgili og norðaustur að Tunguá.

Hvað varðar norðvesturmerki ágreiningssvæðisins gagnvart Kolsstöðum, norðaustan Tunguár, liggur ekkert annað fyrir en landamerkjabréf Kvennabrekku,

---

Kolsstaða og Geldingadals frá 1884, þar sem merkjunum er að þessu leyti lýst um Fremragil.

Í kröfugerð íslenska ríkisins er vísað til landamerkjabréfs Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 og vesturmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... í hákoll Tungufells (7) og þaðan beint niður í Tunguá gengt þeim stað sem Fremragil endar við ána (1), sem jafnframt er upphafspunktur.“ Kröfugerð ríkisins er í samræmi við landamerkjabréfið að því leyti að línan er dregin frá toppi Tungufells í Tunguá nálægt Fremragili. Í landamerkjabréfinu, sem og í sáttinni frá 1849, er þó einnig getið um Flataskurð, sem samkvæmt umræddum heimildum virðist vera staðsettur nálægt Tunguá, og „smáhjalla“ nálægt Tungufellskolli. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um nákvæma staðsetningu þessara örnefna. Því er ekkert fram komið sem mælir því beinlínis í mót að kröfugerð ríkisins sé að þessu leyti í samræmi við landamerkjabréfið og sáttina. Frekari rannsókn á þessu atriði hefur aðeins þýðingu ef í ljós kemur að hér sé um að ræða mörk milli þjóðlendu og eignarlands, enda er ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um merki milli eignarlanda.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Háafells, er um þennan hluta merkjanna vísað til afsalsins vegna kaupa þáverandi eiganda Háafells á hluta Geldingadals árið 1897 og merkjunum lýst svo: „... Tunguá (1) að Djúpadalsgili (2), þá ræður gilið upp á háfjall og í Háfskoll (3) ...“ Að mati óbyggðanefndar er kröfugerðin í samræmi við afsalið frá 1897, enda eru merkin þar miðuð við Djúpadalsgil, auk þess sem fram kemur að landspildan sem um ræðir sé „sunnanvert á Geldingadal“, sem bendir til þess að átt hafi verið við svæði sunnan (eða suðvestan) Tunguár.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er kröfugerð íslenska ríkisins, að því er varðar norðvesturmerki ágreiningssvæðisins gagnvart Háafelli, a.m.k. í meginatriðum í samræmi við landamerkjabréf Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884, sem einnig á sér stoð í sátt þeirri sem gerð var um merkin árið 1849. Kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Háafells, er aftur á móti í samræmi við umrætt afsal frá 1897.

Næst verða suðvestur-, suður-, austur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin sameiginlega til skoðunar, en í meginatriðum fylgir kröfugerð íslenska ríkisins fjallsbrúnum umhverfis dalinn að þessu leyti. Í landamerkjabréfi Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 er merkjum lýst svo að vatnaskil ráði í kringum Geldingadal, allt frá Tungufellskolli að botni Fremragils. Nánar tiltekið er þessum merkjum lýst svo í landamerkjabréfinu:

... síðan liggja merkin kringum Geldingadal frá Tungufellskolli eptir hæstu fjallseggjum eins og vötnum hallar á báðar hendur milli Geldingadals og Álptadals, svo milli Reykjadals og Katlanna á Geldingdal, svo til austurs bak við Kambinn, síðan til norðausturs milli Villingadals og Norðurfossanna, síðan í Lambahnjúk og svo til vesturs eptir há Selfellinu (?) vestur á móts við Fremragilsbotn, þetta allt eins og vötnum hallar á báðar hendur, síðan ræður



---

Fremra gil milli Kolsstaða og Sellandsins niður í Tunguá, og síðan ræður Tunguá niður á móts við Flatarskurð gagnvart merkjahjallanum í Tungufelli.

Þessum hluta merkjanna er ekki lýst í vísitasíum og lögfestum kirkjunnar að Kvinnabrekku. Þó kemur þar jafnan fram að kirkjan eigi Geldingadal *allan*, sem kann mögulega að benda til þess að litið hafi verið svo á að náttúruleg mörk dalsins réðu merkjunum, þ.e. fjallsbrúnir og vatnaskil. Hið sama er að segja um það sem fram kemur í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, frá 1744.

Vestan við ágreiningssvæðið, og sunnan Tunguár, er land jarðarinnar Háafells. Landamerkjabréf Kvinnabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 er áritað um samþykki vegna Háafells. Í landamerkjabréfi Háafells, dagsettu 23. maí 1885 og þinglýstu 29. sama mánaðar, segir um merkin: „[Tunguá ræður] á móts við Flataskurð á norðanverðum Geldingadal; þá ræður sjónhending beint úr Tunguá í dæld eða smáhjalla nærhæfis Tungufellskolli; síðan ráða Álptadals eggjar allt suður í Háfskoll ...“ Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Kvinnabrekku.

Sunnan við Geldingadal er land jarðarinnar Fellsenda. Landamerkjabréf Kvinnabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 er áritað um samþykki vegna Fellsenda. Í landamerkjabréfi Fellsenda, dagsettu 31. maí 1886 og þinglýstu sama dag, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... þaðan uppá hábrún [Háfs] síðan eptir há fjallgarðinum, suðaustur í Gamla hnúka ...“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Geldingadals.

Austan við ágreiningssvæðið er jörðin Villingadalur. Landamerkjabréf Kvinnabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 er áritað um samþykki vegna Villingadals. Í landamerkjabréfi Villingadals, dagsettu 10. maí 1884 og þinglýstu 27. maí 1885, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... eins og vötnum hallar vestur á Gamalhnúk; þaðan ræður svo sem vötnum hallar að Skálardal ...“

Norðan við ágreiningssvæðið liggja jarðirnar Hamrar og Saurstaðir. Landamerkjabréf Kvinnabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 hefur ekki að geyma áritanir vegna þeirra. Í landamerkjabréfi Hamra, dagsettu 12. maí 1884 og þinglýstu 23. maí sama ár, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „... á fjalli uppi millum upptaka [Skálgils og Hamragils] ráða landamerki eins og vötnum hallar.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki af Jakobi Guðmundssyni, sem þar er sagður vera „umráðamaður Geldingadals tilheyrandi Kvinnabrekku“. Í landamerkjabréfi Saurstaða, dagsettu 21. maí 1885 og þinglýstu 27. sama mánaðar, segir um merkin: „... úr Þverfelli í Lambahnúk, úr Lambahnúk ofan brúnina eptir hæðstu eggjum ofan á hlíðarhöfuð [Svínhólshlíð] ...“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Geldingadals.

Í kröfugerð íslenska ríkisins er suðvestur-, suður-, austur- og norðurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo:

... upp á Geldingafell þar til vötnum fer að halla (2), þaðan er farið austur eftir fjallinu og á vatnaskilum í Lambahnjúk (3), þaðan til suðurs eftir hæstu brúnum

---

í Gamalhnjúka (4), þaðan til vesturs í Seljafjall (5) og svo áfram vestur og á vatnaskilum milli Reykjadals og Geldingadals í fjallið Háf (6), þaðan eftir hábrúnum í hákoll Tungufells (7) ...

Að mati óbyggðanefndar er samræmi milli landamerkjabréfs Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 og landamerkjabréfa aðliggjandi jarða um að vatnaskil ráði þessum hluta merkjanna. Enn fremur er kröfugerð íslenska ríkisins í samræmi við umræddar heimildir að mati nefndarinnar, enda er hún miðuð við fjallstoppa og vatnaskil umhverfis Geldingadal, auk Fremragils. Þá mæla eldri heimildir því ekki í mót að vatnaskil ráði merkjum Geldingadals að þessu leyti.

Þar sem merkin eru miðuð við vatnaskil í framangreindum heimildum um suðvestur-, suður-, austur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins, óskaði óbyggðanefnd eftir gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu þeirra. Þar kemur fram að þau eru nokkurn veginn á sama stað og kröfulína íslenska ríkisins er teiknuð á fyrirliggjandi kröfulínukort. Þó er lítils háttar munur þar á, ýmist á þann veg að kröfulínan er dregin skammt innan eða skammt utan vatnaskilanna. Í texta kröfugerðarinnar er hins vegar miðað við vatnaskilin, eins og áður segir. Við málsmeðferð óbyggðanefndar hefur almennt verið við það miðað að texti kröfugerða vegi þyngra en lega kröfulína á uppdráttum ef mismunur er þar á. Að öllu þessu gættu er það mat óbyggðanefndar að heimildir styðji að land Geldingadals nái að þessu leyti að vatnaskilunum, sem er í samræmi við kröfugerð íslenska ríkisins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að lýsing íslenska ríkisins á merkjum Geldingadals sé í heild sinni í samræmi við landamerkjabréf Kvennabrekku, Kolsstaða og Geldingadals frá 1884 og sáttina sem gerð var um norðvesturmerkin gagnvart Háafelli 11. desember 1849, þó að því gættu að ekki liggur fyrir hver er nákvæm staðsetning Flataskurðar og „smáhjalla“ nálægt Tungukolli sem þar er vísað til. Kröfugerð ríkisins er því, a.m.k. í meginatriðum, í samræmi við heimildir um afmörkun Geldingadals fram til þess tíma þegar vestasti hluti svæðisins var seldur til eiganda Háafells árið 1897, að því leyti sem sú afmörkun verður ráðin af gögnum málsins. Kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Háafells, er aftur á móti í samræmi við þá afmörkun sem ráðin verður af afsalinu frá 1897.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi Meldúnssyni, leysingja sínum, Sauðafellslönd. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu langt inn til dala og hátt til fjalla framangreind landnám hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að verulegu leyti. Þá verður að teljast ólíklegt, með hliðsjón af staðháttum, að við landnám hafi verið

---

staðnæmst við Fremragil, þannig að ágreiningssvæðið hafi fallið utan landnáms, öndvert við dalinn að öðru leyti. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi

---

einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Eins og áður er rakið liggur fyrir landamerkjabréf sem tekur til ágreiningssvæðisins en jafnframt fjöldi máldaga, vísitasía og lögfesta frá því á 14. til 19. öld sem geta um að umrætt landsvæði hafi tilheyrt kirkjunni að Kvennabrekku. Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitasíum og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirbyggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Sem fyrr segir er Geldingadalur fyrst getið í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar fyrir kirkjuna að Kvennabrekku frá árinu 1375. Þar segir að kirkjan eigi „allt heima land. krijnglu oc litla skog.“ Þá er þess getið að tilteknir bæir „liggia vndir kirkiuna at tollum [oc] tijunndum“, þar á meðal Kringla, Svalbarð, Svínhóll, Oddsstaðir og Kolsstaðir, en þetta eru þær jarðir norðan Tunguár sem aðskilja Geldingadal frá óumdeildu eignarlandi Kvennabrekku. Síðar segir: „kirkian a selfor j gelldijngadal oc hann allann“. Hið sama segir í máldaga Vilchins biskups fyrir sömu kirkju frá 1397. Í máldögum kirkjunnar frá því um 1470 og frá því einhvern tímann á árabílinu 1491–1518 er ekki getið um Geldingadal, en í þeim síðarnefnda er getið um að kirkjan eigi jörðina Kolsstaði. Í máldaga kirkjunnar frá því um 1570 er Kolsstaða getið meðal jarða kirkjunnar og Geldingadalur er getið með sama hætti og í elsta máldaganum.

Í vísitasíu Kvennabrekkukirkju frá 1639 segir að hún eigi Kolstaði „liggjande vestanframm vid Gjellidij[n]gadal huornn kirkjann ä allann“. Þar er merkjum ágreiningssvæðisins fyrst lýst, en þá aðeins að hluta, eins og áður er rakið. Kolsstaða og Geldingadalur er getið með sambærilegum hætti í vísitasíum kirkjunnar frá árunum 1675, 1699, 1721, 1725, 1732, 1735, 1742, 1750, 1753, 1758, 1782, 1807, 1820, 1827 og 1870.

Þá liggja fyrir lögfestur kirkjunnar frá árunum 1705, 1728, 1748, 1754, 1759 og 1829, en í lögfestunum eru lögfest landamerki Kvennabrekku, Kolsstaða, Geldingadalur og skógarspotta í Norðurárdal. Þar er merkjum Geldingadalur lýst með sama hætti og í framangreindum vísitasíum kirkjunnar.

Í umfjöllun um Kvennabrekku í *Jarðabók Árna og Páls* frá árinu 1703 segir m.a. að kirkjan eigi 14 leigukúgildi og þar af séu sex á kirkjajörðinni Kolsstöðum. Þar segir einnig: „Kirkjan á selstöðu á Geldingadal; eru þar hagar góðir en nokkuð þrönglendir. [...] Selför er mjög erfið og langt til að sækja.“ Í umfjöllun um Kolsstaði í *Jarðabókinni* segir að Kolsstaðir sé kirkjajörð frá Kvennabrekku og að selstaða sé „í heimalandi góð, jafnlega brúkuð“. Þá segir í umfjöllun um Oddstaði í *Jarðabók Árna og Páls*: „Selstöðu kaupir ábúandi á Geldingadal.“

---

Í umfjöllun um Kvennabrekku í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason er um eignir og ítök kirkjunnar vísað til gamalla máldaga kirkjunnar og vísitasíu hennar frá 1705. Í umfjöllun um Kolsstaði í sama riti kemur fram að Kolsstaðir séu „Kvennabrechukirkju Eign“.

Í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, frá 1744, segir að kirkjan að Kvennabrekku eigi Kolsstaði og „allann geldingadal“ innan sömu merkja og lýst hafi verið í vísitasíum og lögfestum kirkjunnar.

Í dóma- og þingbók Dalasýslu kemur fram að á manntalsþingi að Sauðafelli 5. maí 1836 hafi verið lesið upp bréf frá séra Bjarna á Kvennabrekku varðandi hrossabeit á Geldingadal. Samið hafi verið svo um að séra Bjarni leyfði þar hrossabeit, með tilteknum skilyrðum og gegn tilteknu gjaldi. Jafnframt er getið um þetta í vísitasíu Jóns Gíslasonar prófests fyrir Kvennabrekku frá 28. júní sama ár.

Í kafla um Kvennabrekkuprestakall, í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá árinu 1840, skrifar séra Bjarni Eggertsson m.a. eftirfarandi:

<31.> *Selstöður* tilheyra í Kvennabrekkusókn jörðunum Stóraskógi og Kvennabrekku. Sú hinni fyrri jörðinni tilheyrandi selstaða er í þeim áður umgetna Vatns-Þverdal, en Kvennabrekku í áðurnefndum Geldingadal. Þessar selstöður eru sum árin brúkaðar en sum ekki eftir því sem efni og kringumstæður gjöra mögulegt.

Í sömu heimild er umfjöllun um afrétti í hverri sókn um sig. Geldingadals er ekki getið þar á meðal.

Á manntalsþingi að Sauðafelli 11. maí 1846 var upplesin lögfesta séra Benedikts Þórðarsonar á Kvennabrekku fyrir Geldingadal frá 4. sama mánaðar. Efni lögfestunnar var ekki fært til bókar. Hinn 9. október sama ár lét séra Benedikt Þórðarson á Kvennabrekku kalla Benedikt Arason á Háafelli fyrir sáttanefnd, þar sem hann taldi hann hafa beitt og slegið í Geldingadal í heimildarleysi. Komust aðilar að samkomulagi um að eigandi Háafells skyldi greiða tiltekna upphæð fyrir notkun síðustu tveggja ára. Hins vegar kom málsaðilum ekki saman um merki Geldingadals Nánar tiltekið var ágreiningur milli þeirra um staðsetningu þeirra örnefna sem nefnd voru í merkjalýsingum í vísitasíum og lögfestum kirkjunnar. Var ákveðið að fresta sátt í þessum hluta málsins fram á vorið 1847.

Hinn 11. júní 1847 var settur annar sáttafundur í málinu. Séra Benedikt á Kvennabrekku krafðist þess að máldagar kirkjunnar skyldu standa

óraskaðir hvað eignarrétti hennar á Geldingadal viðvíkur sem segja hún eigi hann allann hvað Vilkins og Gísla biskupa Máldagar berlega sína, en kennileiti þau djúpi skurður og ærgróf sem fyrst gétur um í Visitatiu Brinjólfs biskups eru nú ekki framar svo menn víti með vissu finnanleg ...

Þá segir í fundargerð sáttanefndar:

[Eigandi Háafells] hefur ekki gétað útvegað sér nokkur skilríki fyrir gömlum og áreiðanlegum landa merkjum milli Háafells og Kvennabrekku kirkjulands

---

– Geldingadals frá þeim tíma í haust og þar til nú að honum var frestur gefinn, samt vill hann eingann vegin frá falla upp á standi sínu að halda uppa landamerki þau sem hann til tekur ...

Þar sem sáttanefndin náði ekki að sætta málið vísaði hún málinu frá, „til landslaga og réttar“.

Hinn 11. desember 1849 var á ný haldinn sáttafundur vegna málsins að beiðni nýs prests að Kvinnabrekku, séra Guðmundar Einarssonar. Komu málsaðilar sér loks saman um merki milli Kvinnabrekku og Háafells auk þess sem samið var um tiltekin ítök Háafelli til handa á því svæði sem deilt hafði verið um. Þeim merkjum sem samið var um voru gerð skil hér að framan. Ekki verður ráðið af sáttargerðinni, eða öðrum gögnum sem varða umrædda deilu, að lítið hafi verið svo á að um væri að ræða ákvörðun merkja milli jarðar og afréttar, heldur virðist hafa verið gengið út frá því að um væri að ræða mörk milli tveggja landsvæða sem væru háð beinum eignarrétti. Má í því sambandi nefna að þar er t.d. vísað til Geldingadals sem „Kvinnabrekku kirkjulands“ og „kirkjulandsins Geldingadals“.

Í umfjöllun um Kvinnabrekku í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 segir m.a.: „... yfirmatsmönnum kémur saman um : að Kvinnabrekka sjálf niðursetjist um 25r[íkisdali] en kotin haldi sinni virðingu, svo Kvinnabr(ekka) sjálf metist 352r[íkisdalir], en með kyrkjuskógi, Krínglu og Gélðingadal 625 rbd.“ Á öðrum stað í sama jarðamati segir einnig um Kvinnabrekku: „... hér tilheirir svonefndur Gélðingadalur sem hefir land mikid og gott, en ördugt, og hefir það sérskilin landamerki, og virdist því sérílagi, þó verdid leggist með heimajarðarinnar.“ Þá kemur fram að Geldingadalur sé metinn á 75 ríkisbankadali.

Í umfjöllun um Kolsstaði í sama jarðamati segir:

Kolsstaðir komu líka til umtals, af ofanefnds prests [séra Guðmundar Einarssonar] tilmælum, er hann heldur virta heldur hátt vegna þess að landrými sé lítið, í stað þess, að matsmenn kalla það töluvert; en þaræð yfirmatsmenn álíta landrými ekki mjög lítið, af stöðu jarðarinnar til Geldingadals, er heyrir til sama eigara notaliga án boga fyrir Kvinnabrekku, landgæði hér fremur góð og túnið stórt, seiga þeir sig einga ástæðu finna til að lækka Kolsstaði niður úr 325 rbd.

Hinn 9. febrúar 1863 var haldinn sveitarfundur að Sauðafelli í Miðdalahreppi þar sem rætt var um upprekstur o.fl. Í fundargerðinni segir m.a.:

1. Hvað geldfjárupprekstur snertir, þá urdu menn á því máli að tilhlýðilegast væri að hreppurinn haldi sér saman sem bezt í einni heild, þetta samþykktu allir að þeim undanskildum Þórarni á Oddstöðum og Jónasi á Harastöðum og að nokkru leyti Snóksdals torfu búendum. Eigendur upprekstrarlandanna gáfu löndin fúslega fram til uppreksturs með þeim tolli, að 5 fiskar skyldu vera minnstur fjallatollur enn 20 fiskar mestur og skyldi tollur þessi leggjast á

---

upprekstramenn að réttum jafnadi eptir tölu hins upprekna fenadar. Þá voru kosnir 5 menn til að segja álit sitt um stærð og gæði upprekstrar landanna [...].

7. Lox kváðu hinir ádurnefndu 5 menn upp álit sitt um hvað setja mætti í upprekstrarlöndin og urdu allir á því máli að

Geldingadalur bæri (að því leyti sem hann væri upprekstrarland) herum 350 fjár.

Fellsenda land sömuleidis sem upprekstrar land 600 d(itto).

Saudafellsland sömuleidis með Sauddal 1400 d(itto).

Sudurardalur allur m.m. 600 d(itto)

Grafarland, að þúandinn skyldi fjallatolls frí.

Af þessu verður ekki annað ráðið en að þeir sem getið er um sem „Eigendur upprekstrarlandanna“ hafi verið taldir hafa forræði á ákvörðun um hvort viðkomandi svæðum, þar á meðal Geldingadal, yrði ráðstafað til upprekstrar.

Í lögfestu Guðrúnar Þorleifsdóttur, Þórðar Benediktssonar og Finns Sveinssonar fyrir Háafell frá 16. maí 1861 og er getið um „eign vora jörðina Háafell“ og fram kemur að lögfest sé „töður og engjar, holt og haga, vötn og veiði staði, og allar landsnytjar, þær er því landi eiga að fylgja“. Þá er merkjum Háafells lýst þar á þann hátt sem að framan greinir. Lögfesta þeirra frá 27. maí 1864 er efnislega samhljóða að þessu leyti.

Í vísitasíu kirkjunnar frá 1866 segir: „Hun á enfremur Kolstadi 16 hndr. að fornu mati undir forsvaranlegri ábúð; Geldingadal allan innan hinna Nýu ummerkja samkvæmt sættagjörningi frá 11. Dec. 1849 ...“

Svo sem fyrr greinir var gert landamerkjabréf fyrir Kvennabrekku, „ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolsstöðum og kirkjulandinu Geldingadal“, 10. maí 1884 og því þinglýst 29. maí 1885. Þar er merkjum Geldingadals fyrst lýst með heildstæðum hætti. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna allra aðliggjandi jarða.

Hinn 1. júní árið 1897 afsalaði séra Jóhannes L.L. Jóhannsson á Kvennabrekku „landsspildu á sunnanverðum Geldingadal“ að fengnu konungssamþykki. Nánar tiltekið var um að ræða vestasta hluta Geldingadals, sem áður hafði verið deilt um og gerð var sátt um árið 1849. Afsalinu var þinglýst 11. júní sama ár og samkvæmt því skyldi „sambeitarítak það, sem Háafell hefur til þessa haft á Geldingadal“ falla niður.

Í umfjöllun um Kvennabrekku í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a.:

4. Jörðin á gamalt selland á Geldingadal, sem notast sem upprekstrarland og er auk þess öðrum leigt fyrir 16 kr. árgjald. [...] Ókostir eru þessir taldir helstir: [...] 6. Jörðin Kolstaðir á ítak í afréttarlandið Geldingadal haust og vor til beitar fyrir heimafénað. [...]

Ennfremur hefur sú breyting orðið á sellandi jarðarinnar Geldingadal, að nú eiga Kolstaðir sambeit fyrir heimafénað sinn haust og vor einungis norðanverðu Tungu ár í dalnum, og ummerki sellandsins Geldungadals [svo], er jörðinni Kvennabrekku tilheyrir, orðin þessi: ...

Í umfjöllun um Kolsstaði í sama fasteignamati segir:

---

3. Beitiland dágott fyrir allar skepnur, þröngt heima.  
4. Jörðin á ítak, sem er sambeit haust og vor við Kvennabrekku á Geldingadal norðan Tunguár fyrir heimafénað. [...] Ókostir eru þessir taldir helstir: [...] 4. Ágangur af afréttarfé. [...]  
Landamerkjaskrá jarðarinnar er nr. 113 og þinglesin 29. maí 1885. Á henni er orðin sú breyting, „að nú eiga Kolstaðir sambeit fyrir heimafénað sinn haust og vor einungis norðan verðu Tunguár“ í Geldingadal.<sup>489</sup>

Þá segir eftirfarandi í umfjöllun um Háafell í sömu heimild:

Auk þess hefir jörðin eignast með afsalsbréfi dags. 1. júní 1897 landspildu þá „á sunnanverðum Geldingadal, sem um ræðir í sættinni 11. des. 1849 og nær frá Merkjahjalla niður undan Túngufellskolli að Djúpadalsgili“, og var hún metin 2 hndr. og „fjell þá að öllu leyti niður sambeitarítak það, er Haafelles [svo] bóndinn hafði áður haft við Kvennabrekku og Kolstaðamenn á framanverðum Geldingadal sunnan árinna“.

Með bréfi, dagsettu 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta í hverri sýslu. Í svari hreppstjóra Miðdalahrepps, dagsettu 15. júní 1920, segir: „Til svars uppá bref yðar herra sýslumaður [...] læt jeg yður hérmeð vita, að hér í hreppi eru engin lönd sem geta talist almenningar og ekki afrettarlönd, sem ekki tilheira lögbýlum.“

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1947 segir um Geldingadal: „Inn frá hlíðinni gengur langur dalur inn í fjöllin. Heitir hann Geldingadalur. Kvennabrekka á þar land og selstöðu.“ Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 segir m.a. um Geldingadal:

Norðan við neðsta hluta dalsins er Kolstaðafell og heitir eftir Kolstöðum norðan dalsmynnis. Í miðri hlíðinni er Heimragil þröngt og djúpt og víðast heldur óárennilegt yfirferðar neðantil. Selgata liggur miðhlíðis að Fremragili og á Flötum heiman við það eru mjög greinilegar tóttir af Kolstaðaseli. Brattahlíð heitir þar fyrir ofan og á brúninni ber Hallgerðarhnúk við loft þótt hann sé ekki mikill um sig. [...]

Á miðhluta Geldingadals framan við Fremragil átti kirkjan á Kvennabrekku selstöðu [...]. Þar eru einnig mjög greinilegar selrústir. Bæði Kolstaðasel og Kvennabrekкусel voru seinast nýtt um 1890 af Sveini Finnssyni sem bjó á Kvennabrekku 1885–1891 og síðar á Kolstöðum 1891–1925.

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Í ódagsettu svari oddvita Miðdalahrepps, segir að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Sanddalsafrétt í Mýrasýslu.

---

<sup>489</sup> Skjal nr. 2(25).



---

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja fyrir heimildir um Geldingadal allt aftur til 14. aldar. Í þeirri elstu, sem er máldagi Oddgeirs biskups Þorsteinssonar fyrir kirkjuna að Kvennabrekku frá árinu 1375 segir að kirkjan eigi „selfor j gellidjngadal oc hann allann“, en að öðru leyti er ekki getið um inntak réttinda kirkjunnar þar. Hið sama er að segja um tvo aðra máldaga kirkjunnar, það er máldaga Vilchins biskups frá 1397 og máldaga kirkjunnar frá því um 1570. Þá er getið um Geldingadal *allan* í a.m.k. 15 vísitasíum kirkjunnar frá 17., 18. og 19. öld, sem og í sex lögfestum kirkjunnar frá 18. og 19. öld. Ólíkt máldögum er ekki getið um selför í því sambandi og ekki er getið um inntak réttinda kirkjunnar að öðru leyti. Aftur á móti er þess getið í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1703 að kirkjan eigi selstöðu í Geldingadal.

Þótt getið sé um *allan* Geldingadal í umræddum heimildum leiðir það ekki til afdráttarlausrar ályktunar um að svæðið hafi verið háð beinum eignarrétti. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga). Í því máli var niðurstaða Hæstaréttar sú að um þjóðlendu væri að ræða þrátt fyrir að fyrir lægju heimildir um að Hofskirkja í Vopnafirði hefði átt Steinvarartungu *alla*. Var talið að inntak réttinda kirkjunnar hefði verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár til sumararbeitar og annarra hefðbundinna afréttarnota, þ.e. afréttareign.

Hvað varðar heimildir um selstöðu á Geldingadal er rétt að taka fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>490</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar getið í allmörgum heimildum í tengslum við upprekstur og afréttarnot, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, og engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð. Þá er svæðið aðskilið frá óumeildu eignarlandi Kvennabrekku af landi annarra jarða. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið, ásamt öðru, til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn verður að mati óbyggðanefndar ekki fram hjá því litið að ýmis önnur atriði benda fremur til beins eignarréttar á Geldingadal heldur en óbeins.

---

<sup>490</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Geldingadalur liggur nærri byggð og er talsvert gróinn, sérstaklega láglendasti hluti hans. Þá gefa staðhættir að öðru leyti ekki tilefni til að ætla að hann hafi verið undanskilinn við landnám. Á það sérstaklega við þegar horft er til þess að við landnám mun loftslag hafa verið hlýrra en síðar varð og gróðurmörk legið hærra til fjalla.

Þá verður ekki annað ráðið af þeim heimildum sem varða deilur milli þáverandi sóknarpresta á Kvennabrekku og eiganda Háafells, um miðja 19. öld, um mörk milli síðarnefndu jarðarinnar og Geldingadals, og þá sátt sem gerð var um þau, en að lagt hafi verið til grundvallar að um væri að ræða merki milli tveggja landsvæða sem væru háð beinum eignarrétti, annars vegar eiganda Háafells og hins vegar kirkjunnar á Kvennabrekku. Hið sama er að segja um það sem fram kemur um Geldingadal í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850. Þar segir eins og áður hefur komið fram: „... hér tilheirir svonefndur Géldingadalur sem hefir land mikid og gott, en ördugt, og hefir það sérskilin landamerki, og virdist því sérílagi, þó verdid leggist med heimajarðarinnar.“

Enn fremur verður ekki annað séð en að gengið hafi verið út frá því við kaup eiganda Háafells á „landsspildu á sunnanverðum Geldingadal“ árið 1897 að umrædd landspilda væri háð beinum eignarrétti. Gögn málsins benda ekki til þess að svæðið hafi haft aðra stöðu en annað land Geldingadals fyrir kaupin, þótt gera verði þann fyrirvara við þessa ályktun að ekki liggur fyrir hvar örnefnin Ærgróf og Djúpiskurður, sem getið er um í eldri heimildum um merki Geldingadals, hafi verið staðsett.

Þá benda framangreindar heimildir til þess að umráðamenn Kvennabrekku-kirkju hafi farið með umráð og hagnýtingu Geldingadals a.m.k. frá síðari hluta 14. aldar og má ráða af þeim að hann hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Geldingadals er ekki getið meðal afrétta í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá 1840 og af fundargerð sveitarfundar Miðdalahrepps frá 9. febrúar 1863 má ráða að eigendur tiltekinnna jarða hafi fúslega boðið fram land til upprekstrar gegn tilteknum tolli. Var Geldingadalur þeirra á meðal. Ljóst er að þau svæði sem voru þannig tekin til upprekstrar eru sum hver óumdeild eignarlönd. Þá verður ekki séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Sá ágreiningur sem var uppi á fyrri hluta 19. aldar milli umráðamanna Kvennabrekku og eiganda Háafells varðað merki milli Háafells og Geldingadals en ekki eignarréttarlega stöðu svæðanna. Enn fremur liggja að Geldingadal eignarlönd til allra átta. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Eins og áður segir verður að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að Geldingadalur sé innan upphaflegs landnáms á svæðinu. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að Geldingadalur hafi síður orðið undirorpinn beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði. Þetta atriði er til þess fallið að styðja við niðurstöðu um að réttindi Kvennabrekku á Geldingadal hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þess sem kann að

---

hafa áhrif á sönnun um hvort land sé eignarland eða þjóðlenda. Um það atriði vísast til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, og frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Með vísan til síðarnefnda dómsins er jafnframt ljóst að land getur verið eignarland þótt það sé aðskilið frá öðru landi viðkomandi jarðar af öðrum fasteignum

Að öllu framangreindu virtu benda fyrirbyggjandi heimildir að mati óbyggðanefndar fremur til þess að kirkjan á Kvennabrekku hafi átt beinan eignarrétt á Geldingadal heldur en óbeinan. Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Geldingadals, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## 6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang hvers ágreiningsmáls fyrir sig, og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

Í málinu gerðu ábúendur tiltekinna ríkisjarða, eins og áður segir, kröfur vegna Þverdals og Geldingadals. Í 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laga nr. 65/2000, kemur fram að „nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins“ vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 65/2000, þar sem tilvitnuðu ákvæði var bætt við lög nr. 58/1998, kemur fram að „sterk sanngirnirök“ þyki mæla með því að „landeigendum og öðrum rétt höfum verði gert auðveldara fyrir að reka mál sín fyrir óbyggðanefnd“. Samkvæmt því sem að framan er rakið var við ákvörðun málskostnaðar litið til þess að þegar vinna lögmanns þeirra vegna kröfugerðarinnar og ýmissar annarrar hagsmunagæslu vegna málsins fór fram lá hvorki fyrir afstaða íslenska ríkisins til aðildar þeirra né niðurstaða óbyggðanefndar um hvort fallist yrði á aðildina. Að teknu tilliti til þessa er þeim úrskurðaður málskostnaður, eins og nánar greinir í úrskurðarorðum.

---

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Stóra-Vatnshornsmúli, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er ármót Haukadalsár og Svínadalsár. Þaðan er Svínadalsá fylgt að upptökum á vatnaskilum. Þaðan er vatnaskilum fylgt suður og svo vestur að upptökum Sléttadalsár. Þá ræður Sléttadalsá norður að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan er Haukadalsá fylgt norður að upphafspunkti við ármót hennar og Svínadalsár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóra-Vatnshorns, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Jörfaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er í upptökum Sléttadalsár á vatnaskilum sunnan Sléttadals. Þaðan ræður Sléttadalsá að ármótum hennar og Haukadalsár og þaðan ræður Haukadalsá að Þorleifsstaðagili. Þá ræður Þorleifsstaðagil að vatnaskilum vestan Haukadals og þaðan er vatnaskilum fylgt suður og svo austur að upphafspunkti í upptökum Sléttadalsár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem njóta veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málkostnaður annarra en íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjanda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns: Hjörtur Sigurðsson vegna Skógsmúla: 1.200.000 kr. Grétar Bæring Ingvarsson vegna Þverdalslands: 700.000 kr. Sigríður Bjarnadóttir vegna Skarðs: 1.200.000 kr. Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Valberg Sigfússon vegna Stóra-Vatnshornsmúla: 1.600.000 kr. Álfheiður Þorsteinsdóttir, Marta Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Húnbogason vegna Jörfaafréttar: 2.100.000 kr. Finnur Þór Haraldsson vegna Háafells: 1.200.000 kr. Guðmundur Pálmason vegna Geldingadals: 800.000 kr. Bjarni Hermannsson og Unnsteinn Kristinn Hermannsson vegna Leiðólfsstaða: 300.000 kr.

---

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Ása Ólafsdóttir

---

Allan Vagn Magnússon

---

Hulda Árnadóttir



**ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
með viðaukum



**Svæði 1–8B**

**Sérprentun 3. maí 2018**

# EFNISYFIRLIT

|   |           |
|---|-----------|
| <b>FORMÁLI</b> .....  | <b>1</b>  |
| <b>1. INNGANGUR</b> .....   | <b>2</b>  |
| <b>2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR</b> .....                                | <b>2</b>  |
| <b>3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA</b> .....  | <b>3</b>  |
| 3.1. Landnám.....   | 3         |
| 3.2. Hefð.....  | 6         |
| 3.3. Lög.....   | 10        |
| <b>4. FLOKKUN LANDS</b> .....   | <b>11</b> |
| 4.1. Almennt.....   | 11        |
| 4.2. Jörð.....  | 12        |
| 4.3. Almennningar.....  | 19        |
| 4.4. Afréttir.....  | 22        |
| 4.5. Jörð eða afréttur?.....  | 28        |
| 4.6. Jöklar.....  | 30        |
| 4.7. Fjallskil.....   | 36        |
| 4.8. Ítök.....  | 39        |
| 4.9. Fjörur og rekæign.....   | 43        |
| <b>5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD</b> .....   | <b>47</b> |
| 5.1. Almennt.....   | 47        |
| 5.2. Jarðamöt og jarðabækur.....  | 48        |
| 5.3. Máldagar og vísitasíur.....  | 50        |
| 5.4. Lögfestur.....   | 53        |
| 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf.....  | 54        |
| 5.6. Afsals- og veðmálabækur.....   | 58        |
| 5.7. Aðrar heimildir.....   | 60        |
| <b>6. NIÐURSTAÐA</b> .....  | <b>60</b> |
| <b>7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5</b> .....  | <b>65</b> |
| 7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum.....                                   | 65        |
| 7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða.....  | 66        |
| 7.1.2. Heiðarbylí á Norðausturlandi.....  | 69        |
| <b>8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6</b> .....  | <b>70</b> |
| 8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....  | 70        |
| 8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana.....  | 70        |
| <b>9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A</b> .....   | <b>74</b> |
| 9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....  | 74        |
| <b>10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B</b> .....  | <b>75</b> |
| 10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....   | 75        |
| 10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar.....                                   | 76        |
| 10.3. Heimildir um legu jarða til forna.....  | 77        |
| <b>11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A</b> .....  | <b>78</b> |
| 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....   | 78        |
| 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir.....                | 79        |
| 11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis..... | 81        |
| 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.....                                | 84        |



## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirbyggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítilega stytur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum, og vísa til þeirra.

---

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallbelti*.<sup>1</sup> Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhérað eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

---

<sup>1</sup> Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

---

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um  $\frac{2}{3}$  hluta af yfirborði landsins.<sup>2</sup> Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgadist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins í heild og um  $\frac{10}{100}$  hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um  $\frac{1}{100}$  hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

### 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

#### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

<sup>3</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

---

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarhari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.<sup>4</sup> Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.<sup>5</sup> Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“<sup>6</sup>

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.<sup>7</sup> Hins

---

<sup>4</sup> *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

<sup>5</sup> *Landnámabók* 1986, s. 321.

<sup>6</sup> *Landnámabók* 1986, s. 337.

<sup>7</sup> Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

---

vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.<sup>8</sup> Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.<sup>9</sup> Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar lítið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.<sup>10</sup> Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfari inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

---

<sup>8</sup> Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

<sup>9</sup> Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

<sup>10</sup> Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

---

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átflulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lft gleg vitni til, at hann á, ef hann skal úrænt vera.“<sup>11</sup>

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar<sup>12</sup>. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.<sup>13</sup>

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki

---

<sup>11</sup> *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

<sup>12</sup> Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

<sup>13</sup> Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

---

wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.<sup>14</sup>

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.<sup>15</sup> Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfírréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.<sup>16</sup>

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.<sup>17</sup>

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíð bar málið undir Landsyfírrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

<sup>14</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

<sup>15</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

<sup>16</sup> *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

<sup>17</sup> *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

---

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.<sup>18</sup>

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafabingið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafabinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.<sup>19</sup>

Þrátt fyrir að Landsyfjerréttur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.<sup>20</sup> Í dómi Landsyfjerréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.<sup>21</sup>

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar

---

<sup>18</sup> *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845.* Reykjavík 1845. S. 2–12.

<sup>19</sup> *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

<sup>20</sup> *Landsyfjerréttardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum.* 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

<sup>21</sup> *Landsyfjerréttardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum.* 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.



---

sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífíð, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalogum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...<sup>22</sup>

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.<sup>23</sup>

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.<sup>24</sup> Meginkilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að

---

<sup>22</sup> *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

<sup>23</sup> *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

<sup>24</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

---

lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómur þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttar-not, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkja-bréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirk en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (lands-

---

nefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.<sup>25</sup>

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.<sup>26</sup>

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra;  
en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá l†g

---

<sup>25</sup> Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

<sup>26</sup> Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

---

fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.<sup>27</sup>

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.<sup>28</sup> Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjälögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjälögum um „aðrar óbyggðar lendur“.<sup>29</sup> Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almeningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór

---

<sup>27</sup> *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

<sup>28</sup> Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

<sup>29</sup> Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðatta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjälaga nr. 5/1882 og 41/1919.

---

en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfjll deila til sjóvar. ... Síðan skipaði hann heraðit sínum féltgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjtrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.<sup>30</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.<sup>31</sup> Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í þinnur lþnd, eða aðrir menn eigi þanneg ’ttk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjþll þau eru, er vatnfjll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjþll upp, kveða skal þar á merki“<sup>32</sup>. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jþrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrð, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“<sup>33</sup>

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggiöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

---

<sup>30</sup> *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

<sup>31</sup> *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþ.).

<sup>32</sup> *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159–163 (31.–32. k. llb.).

<sup>33</sup> *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

---

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.<sup>34</sup> Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi.<sup>35</sup>

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.<sup>36</sup> Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.<sup>37</sup> Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrir mæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.<sup>38</sup> Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.<sup>39</sup> Rekabálgur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

---

<sup>34</sup> Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>35</sup> Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

<sup>36</sup> Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

<sup>37</sup> Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

<sup>38</sup> Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, *Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur*, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. *Jónsbókar*.

<sup>39</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

---

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.<sup>40</sup> Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.<sup>41</sup> Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hveirrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.<sup>42</sup> Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.<sup>43</sup> Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.<sup>44</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.<sup>45</sup> Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.<sup>46</sup> Fram að þeim tíma voru önnur

---

<sup>40</sup> Sjá Grágás 1992, s. 345 (48. k. lbp.). Jónsbók 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

<sup>41</sup> Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

<sup>42</sup> Grágás 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). Jónsbók 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

<sup>43</sup> Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

<sup>44</sup> Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

<sup>45</sup> Grágás 1992, s. 344 (48. k. lbp.).

<sup>46</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

---

hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.<sup>47</sup> Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.<sup>48</sup>

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.<sup>49</sup> Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>50</sup> Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbýli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og *hjáleigu*. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.<sup>51</sup> Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur

---

<sup>47</sup> Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

<sup>48</sup> Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

<sup>49</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

<sup>50</sup> Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213–215, 226.

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. S. 24.



---

í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalþndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sþk á því.<sup>52</sup>

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.<sup>53</sup>

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.<sup>54</sup>

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

*Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

a. *Búfjánhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjánhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.<sup>55</sup>

---

<sup>52</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>53</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

<sup>54</sup> Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

<sup>55</sup> *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

---

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.<sup>56</sup>

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.<sup>57</sup>

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti megi leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

---

<sup>56</sup> Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

<sup>57</sup> Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

---

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.<sup>58</sup> Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvornig háttáð sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.<sup>59</sup> Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.<sup>60</sup> Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssvæði, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.<sup>61</sup> Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir

---

<sup>58</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

<sup>59</sup> Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

<sup>60</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917–1919: *Almenningar og afréttir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um aftjettir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

<sup>61</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 27–30.

---

hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.<sup>62</sup>

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.<sup>63</sup>

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvár þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivttn þll i almenningi eru þllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvftku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar þðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...<sup>64</sup>

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.<sup>65</sup>

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.<sup>66</sup> Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.<sup>67</sup> Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið

---

<sup>62</sup> Eggert Briem 1917, s. 61–62.

<sup>63</sup> Grágás 1992, s. 369 (74. k. llb.).

<sup>64</sup> Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

<sup>65</sup> Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

<sup>66</sup> Eggert Briem 1917, s. 61–62.

<sup>67</sup> Sjá eldri Frostþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

---

efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.<sup>68</sup> Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.<sup>69</sup>

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.<sup>70</sup> Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.<sup>71</sup> Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttjar eru af.<sup>72</sup>

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.<sup>73</sup> Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.<sup>74</sup> Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem

---

<sup>68</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

<sup>69</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

<sup>70</sup> Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

<sup>71</sup> Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. nánulaga, nr. 50/1909.

<sup>72</sup> Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

<sup>73</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur*. Reykjavík. S. 83.

<sup>74</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

---

verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

#### 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beutilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beutiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.<sup>75</sup>

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeutiland.<sup>76</sup> Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.<sup>77</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.<sup>78</sup> Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalogum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalog, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.<sup>79</sup> Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar

---

<sup>75</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 43.

<sup>76</sup> Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

<sup>77</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

<sup>78</sup> *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

<sup>79</sup> Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

---

verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annari jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

---

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.<sup>80</sup> Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.<sup>81</sup>

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.<sup>82</sup> Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.<sup>83</sup> Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.<sup>84</sup> Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.<sup>85</sup>

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignar-

---

<sup>80</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

<sup>81</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

<sup>82</sup> *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

<sup>83</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

<sup>84</sup> Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>85</sup> Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.



---

réttri að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.<sup>86</sup>

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búspærfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttar eignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttar né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.<sup>87</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið

---

<sup>86</sup> Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

<sup>87</sup> Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

---

1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.<sup>88</sup>

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.<sup>89</sup> Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

---

<sup>88</sup> Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

<sup>89</sup> Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögnum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

---

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neindir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.<sup>90</sup> Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.<sup>91</sup>

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.<sup>92</sup> Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtisdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir

---

<sup>90</sup> Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

<sup>91</sup> Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. nánulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

<sup>92</sup> Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

---

flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (*Nýjabæjarafréttur*). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (*Reyðarvatn*) og H 1975 55 (*Arnarvatnsheiði*).

#### **4.5. Jörð eða afréttur?**

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um

---

slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafreйти, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beutiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beutiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

---

#### 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.<sup>93</sup> Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.<sup>94</sup>

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.<sup>95</sup> Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.<sup>96</sup> Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.<sup>97</sup> Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.<sup>98</sup>

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.<sup>99</sup> Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram

---

<sup>93</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.

<sup>94</sup> *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

<sup>95</sup> Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

<sup>96</sup> Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14–15.

<sup>97</sup> Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

<sup>98</sup> *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

<sup>99</sup> *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

---

frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.<sup>100</sup> Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.<sup>101</sup>

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.<sup>102</sup> Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.<sup>103</sup> Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýttjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.<sup>104</sup>

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.<sup>105</sup>

---

<sup>100</sup> *Dissertationcula de montibus Islandiae chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16–17).

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

<sup>102</sup> Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

<sup>103</sup> Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur I*. Reykjavík. S. 43.

<sup>104</sup> Sbr. þessi orð Sigurðar Línals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklafræðings, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbætur eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

<sup>105</sup> Þskj. 598. Alþíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

---

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.<sup>106</sup> Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.<sup>107</sup> Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.<sup>108</sup> Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar.

---

<sup>106</sup> Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

<sup>107</sup> Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

<sup>108</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.



---

Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.<sup>109</sup> Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitid að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

---

<sup>109</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

---

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.<sup>110</sup> Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrð aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hropað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til Þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og Þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

---

<sup>110</sup> Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktur um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

---

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku Þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku Þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan Þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka Þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., enda sé jökullinn í Þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í Þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist Þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan Þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla Þjóðll.

---

#### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölu og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum batur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.<sup>111</sup> Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.<sup>112</sup> Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.<sup>113</sup>

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarþeir því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.<sup>114</sup>

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er l†gr-tt skal vera, skipa svá †ðrum g†ngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri m†rk við konung

---

<sup>111</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

<sup>112</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>113</sup> *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

<sup>114</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. llb.).

---

er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gþnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.<sup>115</sup>

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.<sup>116</sup>

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

---

<sup>115</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

<sup>116</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. llb.).

---

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögnum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögnum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttáð á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um

---

beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttáð.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttáð að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkjá viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttáð svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

#### 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.<sup>117</sup> Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (vætanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.<sup>118</sup>

---

<sup>117</sup> Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

<sup>118</sup> Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

---

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í tinnur līnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítík; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.<sup>119</sup>

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.<sup>120</sup> Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,<sup>121</sup> og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.<sup>122</sup> Elsta skjállega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.<sup>123</sup> Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.<sup>124</sup> Ítökum fjölgaði

---

<sup>119</sup> Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

<sup>120</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147–148, 150.

<sup>121</sup> Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

<sup>122</sup> Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

<sup>123</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

<sup>124</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).



---

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.<sup>125</sup>

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjöruntjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálavhömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).<sup>126</sup> Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hríaskóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.<sup>127</sup> Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.<sup>128</sup>

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttanna og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.<sup>129</sup> Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nýttjuð í sambandi við notkun þeirra.<sup>130</sup> Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðitaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr.

---

<sup>125</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, mósкурður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekaitak*.

<sup>126</sup> Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

<sup>127</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

<sup>128</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

<sup>129</sup> Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

<sup>130</sup> Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

---

3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.<sup>131</sup> Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>132</sup> Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíma verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.<sup>133</sup> Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397<sup>134</sup> og Gíslamáldaga frá 1570.<sup>135</sup> Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.<sup>136</sup> Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framan- greind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

---

<sup>131</sup> Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

<sup>132</sup> Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

<sup>133</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

<sup>134</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

<sup>135</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

<sup>136</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

---

#### 4.9. Fjörur og rekæign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.<sup>137</sup> Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.<sup>138</sup> Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.<sup>139</sup>

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.<sup>140</sup> Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“<sup>141</sup> Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.<sup>142</sup> Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.<sup>143</sup>

---

<sup>137</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignarréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

<sup>138</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>139</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

<sup>140</sup> Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvólum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

<sup>141</sup> *Jónsbók* 1904, s. 194.

<sup>142</sup> *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

<sup>143</sup> *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

---

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.<sup>144</sup> Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.<sup>145</sup> Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.<sup>146</sup> Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrirvir [fellur út] utast.<sup>147</sup>

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.<sup>148</sup>

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngi af badum l<sup>1</sup>gm<sup>1</sup>nnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flæðarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eíartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.<sup>149</sup>

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

---

<sup>144</sup> Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

<sup>145</sup> Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

<sup>146</sup> Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353–354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

<sup>147</sup> Grágás 1992, s. 353–354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

<sup>148</sup> Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

<sup>149</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

---

Ef maðr kaupir reka af landi manns at l†gmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fj†ru þeiri álnarl†ng kefli †ll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.<sup>150</sup>

Rekamaður átti einnig allan ómerkta við og hval sem menn fluttu úr almenningi<sup>151</sup>, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.<sup>152</sup> Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.<sup>153</sup> Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af veiði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.<sup>154</sup>

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.<sup>155</sup> Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.<sup>156</sup> Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpin væri sandi eða grjóti.<sup>157</sup> Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en

---

<sup>150</sup> *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

<sup>151</sup> Í *Jónsbók* er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

<sup>152</sup> *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í *Jónsbók*.

<sup>153</sup> *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

<sup>154</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

<sup>155</sup> Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

<sup>156</sup> Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

<sup>157</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

---

skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.<sup>158</sup> Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.<sup>159</sup> Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.<sup>160</sup>

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.<sup>161</sup>

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.<sup>162</sup> Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.<sup>163</sup> Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.<sup>164</sup> Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.<sup>165</sup> Í löggjöf frá

---

<sup>158</sup> Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

<sup>159</sup> *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

<sup>160</sup> Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, *Grágás* og *Jónsbók*, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandasþik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

<sup>161</sup> *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

<sup>162</sup> *Jónsbók* 1904, s. 197.

<sup>163</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

<sup>164</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

<sup>165</sup> Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

---

miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.<sup>166</sup> Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.<sup>167</sup> Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.<sup>168</sup> Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.<sup>169</sup>

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

## 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

### 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það

---

<sup>166</sup> Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>167</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>168</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

<sup>169</sup> Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

---

efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

## 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).<sup>170</sup>

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.<sup>171</sup> Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.<sup>172</sup>

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrettingu“ í

---

<sup>170</sup> Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

<sup>171</sup> Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

<sup>172</sup> Björn Lárusson 1967, s. 63.



---

votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.<sup>173</sup> Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“<sup>174</sup>

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.<sup>175</sup> Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.<sup>176</sup> Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.<sup>177</sup> Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.<sup>178</sup> Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið

---

<sup>173</sup> Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

<sup>174</sup> *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

<sup>175</sup> Björn Lárusson 1982, s. 17.

<sup>176</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

<sup>177</sup> *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

<sup>178</sup> *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

---

út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírátt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögnum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

### 5.3. Máldagar og vísitasúr

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá

---

og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.<sup>179</sup>

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.<sup>180</sup> Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.<sup>181</sup>

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.<sup>182</sup> Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.<sup>183</sup>

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því

---

<sup>179</sup> Grágás 1992, s. 12.

<sup>180</sup> Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

<sup>181</sup> Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

<sup>182</sup> Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

<sup>183</sup> Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

---

stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.<sup>184</sup> Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.<sup>185</sup>

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og autentískt“ kirkju-registur.<sup>186</sup> Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.<sup>187</sup>

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

---

<sup>184</sup> *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

<sup>185</sup> Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

<sup>186</sup> *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

<sup>187</sup> Björn K. Þórolfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

---

## 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (llb. 17).<sup>188</sup>

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lög máli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.<sup>189</sup> Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.<sup>190</sup> Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.<sup>191</sup>

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta

---

<sup>188</sup> Sbr. Sigurður Línal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

<sup>189</sup> Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

<sup>190</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 162.

<sup>191</sup> *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

---

ráðsmannsins í Skálholti.<sup>192</sup> Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga<sup>193</sup> virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.<sup>194</sup> Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitásiur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.<sup>195</sup> Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.<sup>196</sup> Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.<sup>197</sup> Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var

---

<sup>192</sup> Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

<sup>193</sup> Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

<sup>194</sup> Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

<sup>195</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

<sup>196</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

<sup>197</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

---

líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.<sup>198</sup> Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.<sup>199</sup> Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.<sup>200</sup> Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað

---

<sup>198</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

<sup>199</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

<sup>200</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

---

„jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirbyggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjagala fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrá þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrá hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.<sup>201</sup> Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

---

<sup>201</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.



---

Samkvæmt ákvæðum landamerkjálaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjálaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).<sup>202</sup>

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttar, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).<sup>203</sup> Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997

---

<sup>202</sup> Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

<sup>203</sup> Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

---

2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsímálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.<sup>204</sup> Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðapáttar í Jónsbók.<sup>205</sup>

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifna og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögbingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögbingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

---

<sup>204</sup> Grágás 1992, s. 300 (14. k. lþþ.).

<sup>205</sup> Jónsbók 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

---

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku nógildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var lítið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“<sup>206</sup> Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.<sup>207</sup> Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.<sup>208</sup>

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögbingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfírréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan nógildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnáslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.<sup>209</sup> Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.<sup>210</sup> Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

---

<sup>206</sup> Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

<sup>207</sup> Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

<sup>208</sup> *Alþingistíðindi A 1977–1978*, s. 1382.

<sup>209</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

<sup>210</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

---

## 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefti.

Heimildir um stjórnarsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignausýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágríp af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla.

---

Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendir og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendir.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

---

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkjja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkjja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjjaabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkjja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkjja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hveirrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hveirrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

---

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óbyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

---

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir



---

hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrir en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

## 7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

### 7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>211</sup>

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómur varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómur

---

<sup>211</sup> Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

---

Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómur frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómur frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómur frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómur frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómur gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...].

### 7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða<sup>212</sup>

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekktt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

---

<sup>212</sup> Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

---

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf

---

hátt í tvö hundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotarkenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

---

### 7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi<sup>213</sup>

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.<sup>214</sup> Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjálaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjálýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.<sup>215</sup> Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að

---

<sup>213</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

<sup>214</sup> Sbr. kafla 3.3. [...].

<sup>215</sup> Sbr. kafla 4.2. [...].

---

byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

## 8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

### 8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>216</sup>

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Græna fjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana<sup>217</sup>

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra

---

<sup>216</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

<sup>217</sup> Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

---

merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotaafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðháttar, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitæfni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendir og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðháttar, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsörk, Goðaland, Almennunga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

---

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almennunga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendlaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan



---

upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttar og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almennungum, Merkurtingum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum

---

nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitæfni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

### 9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>218</sup>

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

---

<sup>218</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

---

## 10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

### 10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>219</sup>

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómur frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómur frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafreittur); tveir dómur frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómur frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

---

<sup>219</sup> Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

## 10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar<sup>220</sup>

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

---

<sup>220</sup> Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

### 10.3. Heimildir um legu jarða til forna<sup>221</sup>

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkst var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Um fjöllum í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna

---

<sup>221</sup> Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

## 11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

### 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>222</sup>

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var

---

<sup>222</sup> Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekk. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekk þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[...]

## 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir<sup>223</sup>

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrri atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í

---

<sup>223</sup> Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggja að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafra-gjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyru tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist



---

vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

### **11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis<sup>224</sup>**

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom

---

<sup>224</sup> Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Helligshéið sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu

---

en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar sammingsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við sammingsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli sammingsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og

---

eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku Þjóðlendlaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku Þjóðlendlaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómur Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. [...] Aðrir fyrirliggjandi dómur hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.<sup>225</sup>

#### 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna<sup>226</sup>

[...]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

---

<sup>225</sup> Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framufréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

<sup>226</sup> Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leyttinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á að tilheyra Munkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirbyggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afrjettarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklostur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

---

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunnir að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma

---

að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðæfndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómsþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnassýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómsþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álfstaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómsnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla.

---

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.



## II. Aðilaskrá

Þjóðlendar

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h.  
Íslenska ríkisins

Háafell

Finnur Þór Haraldsson

Jörfi

Álfheiður Þorsteinsdóttir, Marta

Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Húnbogason  
(áður Húnbogi Þorsteinsson)

Leiðólfsstaðir

Bjarni Hermannsson og Unnsteinn

Kristinn Hermannsson

Skarð

Sigríður Bjarnadóttir

Skógsmúli

Hjörtur Sigurðsson

Stóri-Vatnshornsmúli

Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Valberg  
Sigfússon



### III. Skjalaskrá<sup>1</sup>

Skjalaskrá með efnisflokkun á skjölum nr. 2 og 4 (ekki alltaf númeraröð).  
Efnisflokkunin vísar til „Yfirlits yfir frumgögn sem könnuð eru vegna  
rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“.

#### Lagt fram af Andra Árnasyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

|   |       |  |
|---|-------|--|
| 1 |       | Kröfulýsing, dags. 8.2.2016.   |
|   | 1(1)  | Skjalaskrá, dags. 8.2.2016.  |
|   | 1(2)  | Tilvísanaskrá, dags. 8.2.2016.   |
|   | 1(3)  | Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 9 hjá óbyggðanefnd, dags. 17.9.2014.                    |
|   | 1(4)  | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 12.12.2014. |
|   | 1(5)  | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 22.12.2014.      |
|   | 1(6)  | Afrit af bréfi óbyggðanefndar til Dalabyggðar. Tilkynning um meðferð óbyggðanefndar á svæði 9, dags. 26.1.2015.                  |
|   | 1(7)  | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 25.2.2015.  |
|   | 1(8)  | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.3.2015.       |
|   | 1(9)  | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9, dags. 29.5.2015.        |
|   | 1(10) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 29.5.2015.       |
|   | 1(11) | Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um skiptingu svæðis 9 og kröfulýsingafresti, dags. 30.9.2015.              |
|   | 1(12) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins um skiptingu svæðis 9, dags. 30.9.2015.                                       |
|   | 1(13) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9A, dags. 13.11.2015.      |
|   | 1(14) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 16.11.2015.      |
|   | 1(15) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um frest til að skila kröfulýsingu á svæði 9A, dags. 14.12.2015.              |
|   | 1(16) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 18.12.2015.      |
|   | 1(17) | Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um frest til að skila kröfulýsingu á svæði 9A, dags. 26.1.2016.               |
|   | 1(18) | Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 27.1.2016.       |
|   | 1(19) | Leiðrétting á kröfulýsingu íslenska ríkisins í mál nr. 2/2016, dags. 14.3.2017.  |
|   | 1(20) | Greinargerð, dags. 3.8.2017.   |
|   | 1(21) | Leiðrétting á kröfulínu íslenska ríkisins í máli 2/2016, dags. 6.6.2017.   |

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

|   |  |  |
|---|--|--|
| 2 |  | Yfirlit/heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 30.4.2018, ásamt skrá yfir prentaðar heimildir sem leitað var í af hálfu safnsins. |
|---|--|--|

<sup>1</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau eru því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig kafla 4.2.

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

|               |   |
|---------------|---|
| 2(1)          | Vatn, dags. 14.5.1884. Merkt 7 a–b.   |
| 2(2)          | Kaldakinn, dags. 14.5.1884. Merkt 8 a–b.  |
| 2(3)          | Svarfóll, dags. 20.5.1885. Merkt 9 a–b.   |
| 2(4)          | Leiðólfsstaðir, dags. 20.5.1884. Merkt 10 a–b.  |
| 2(5)          | Höskuldsstaðir, dags. 21.5.1884. Merkt 11 a–c.  |
| 2(6)          | Hornsstaðir, dags. 20.5.1884. Merkt 12 a–b.   |
| 2(7)          | Hjarðarholt, dags. 26.5.1886. Merkt 13 a–b.   |
| 2(8)          | Stóri-Skógur, dags. 12.5.1884. Merkt 59 a–b.  |
| 2(9)          | Giljaland, dags. 4.5.1886. Merkt 6 a.   |
| 2(10)         | Skarð, dags. 25.5.1887. Merkt 61 a–c.   |
| 2(11)         | Melar, dags. 4.3.1890. Merkt 62 a–b.  |
| 2(12)         | Stóra-Vatnshorn, dags. 15.5.1886. Merkt 5 a–b.  |
| 2(13)         | Jörfi, dags. 12.5.1884. Merkt 1 a–b.  |
| 2(14)         | Kross, dags. 6.5.1885. Merkt 2 a–b.   |
| 2(15)         | Hamrar, dags. 12.5.1884. Merkt 3 a–b.   |
| 2(16)         | Mjóaból, dags. 21.5.1884. Merkt 4 a–b.  |
| 2(17)         | Villingadalur, dags. 10.5.1884. Merkt 57 a–c.   |
| 2(18)         | Fellsendi, dags. 31.5.1886. Merkt 58 a–b.   |
| 2(19)         | Kvennabrekka ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu, kirkjujörðinni Kolsstöðum og kirkjulandinu Geldingadal, dags. 10.5.1884. Merkt 51 a–f. |
| 2(20)         | Sala og afsal fyrir Geldingadal, dags. 1.6.1897. Merkt 52 a–c.  |
| 2(21)         | Háafell, dags. 23.5.1885. Merkt 53 a–b.   |
| 2(22)         | Gröf, dags. 31.5.1886. Merkt 56 a.  |
| 2(23)         | Saurstaðir, dags. 21.5.1885. Merkt 55 a–c.  |
| 2(121)        | Skógs múli og Þverdalsland, dags. 23.5.1885. Merkt 65 a–b.  |
| 2(215)<br>a–b | Þorbergsstaðir, dags. 24.5.1884. Merkt 68 a–c.  |

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

|               |   |
|---------------|---|
| 2(102)<br>a–b | Kaupbréf þar sem mons. Eiríkur Vigfússon selur mons. Sigurði Jónssyni 8 hndr. í jörðinni Leiðólfsstöðum, liggjandi í Laxárdal, dags. 8.10.1738, ásamt uppskrift. Merkt 9 a–c.   |
| 2(103)<br>a–b | Ýmsar lögfestur úr Dalasýslu. Eftirrit af lögfestum fyrir ýmsar jarðir í Dalasýslu 1691–1831, m.a. lögfesta fyrir Leiðólfsstaði 1785, lögfesta fyrir Kvennabrekku 8.5.1829 sem nær m.a. til Geldingadals, lögfesta fyrir Háafell 1814. Einnig máldagi kirkjunnar á Jörfa í Haukadalsdal sem var þinglýst 7.4.1810, ásamt uppskrift. Merkt 1a–n. |
| 2(104)<br>a–b | Björn Guðmundsson lögfestir eignarjörð sína Þykkvaskóg í Miðdölum, 60 hndr. að dýrleika. Landamerkja getið. Lögfestir einnig hálfá veiði í Haukadalsá. Lögfestan upplestin á Leiðarhólmi, 7.7.1628 og 9.7.1635, ásamt uppskrift. Merkt 10 a–d.  |
| 2(105)<br>a–b | Ólafur Guðmundsson vitnar um landamerki milli Þorsteinsstaða og Þorbergsstaða. Landamerkja getið. Einnig minnst á Lækjarskógslæk, dags. 26.11.1759, ásamt uppskrift. Merkt 11 a.  |
| 2(106)<br>a–b | Guðmunudur Jónsson lögfestir eignarjörð sína Þorbergsstaði, liggjandi til Laxárdals í Dalasýslu. Landamerkja getið, bæði við Lækjarskóg og Þorsteinsstaði, dags. 30.8.1796, ásamt uppskrift. Merkt 12 a–b.  |
| 2(107)<br>a–b | Auðunn Einarsson vitnar um landamerki milli Þorsteinsstaða og Þorbergsstaða. Landamerkja getið, dags. 22.3.1762, ásamt uppskrift. Merkt 13 a.   |

|               |   |
|---------------|---|
| 2(108)<br>a-b | Kaupbréf þar sem Bjarni Pétursson selur Hákonni Árnasyni jörðina Stóra-Vatnshorn í Haukadal, 60 hndr. að dýrleika. Einnig 20 hndr. í Kaðalsstöðum í Stafholtstungum og 13 hndr. í Vatni í Haukadal, dags. 19.5.1681, ásamt uppskrift. Merkt 14 a-b.   |
| 2(109)<br>a-b | Byggingarbréf. Vigfúsi Jóhannssyni byggt út af jörðinni Köldukinn í Dölum en Brynjólfi Bjarnasyni byggð hún frá fardögum 1809, dags. 6.12.1808, ásamt uppskrift. Merkt 15 a-b.  |
| 2(110)<br>a-b | Guðmundur Jónsson selur og afhendir Pétri Péturssyni eignarjörð sína, hálflenduna Köldukinn, 12 hndr. að dýrleika liggjandi í Vatnshornskirkjusókn, dags. 30.4.1790, ásamt uppskrift. Merkt 16 a.   |
| 2(111)<br>a-b | Vitnisburður um landamerki Köldukinnar í Haukadal, dags. 6.3.1814 ásamt uppskrift. Merkt 17 a-b.  |
| 2(112)<br>a-b | Vitnisburður um landamerki milli Köldukinnar og annarra landa, dags. 28.9.1813, ásamt uppskrift. Merkt 18 a-b.  |
| 2(113)<br>a-b | Vitnisburður Ingibjargar Kristófersdóttur um landamerki Köldukinnar, dags. 3.4.1814, ásamt uppskrift. Merkt 19 a-b.   |
| 2(114)<br>a-b | Vitnisburður Sigríðar Jónsdóttur um landamerki Köldukinnar, dags. 6.4.1814, ásamt uppskrift. Merkt 20 a-b.  |
| 2(115)<br>a-b | Úrskurður um landamerki milli Vatnshorns og Leikskála í Haukadal. Landamerkja getið. Skrifað orðrétt eftir gömlu kálfskinsbréfi. Afskrift vottuð af Árna Magnússyni og Þóroddi Þórðarsyni 14.6.1723 í Kaupmannahöfn, dags. 12.6.1649, ásamt uppskrift. Merkt 21 a-m.  |
| 2(116)<br>a-b | Sátt milli Péturs Bjarnasonar og Hákonar Árnasonar, um andvirði jarðarinnar Stóra-Vatnshorns í Haukadal, dags. 14.5.1694, ásamt uppskrift. Merkt 22 a-b.  |
| 2(117)<br>a-b | Jón Guðnason á Mjóabóli í Haukadal selur Guðbrandi Magnússyni á Hólmlátri eignarjörð sína og móður sinnar, Mjóaból, liggjandi í Jörfaþingsókn. Kaupbréfið upplesið fyrir manntalsþingsrétti að Jörfa 28.4.1837. Aftan við bréfið er athugasemd frá Guðbrandi þess efnis að hann eigi jörðina enn árið 1857, þótt hann hafi selt hana Gísla Jónssyni á Saurum í mars 1854. Sá kaupgjörningur var gerður ógildur með samningi 19.12.1855, dags. 11.5.1836, ásamt uppskrift. Merkt 23 a-b. |
| 2(118)<br>a-b | Helga Jónsdóttir lögfestir eign sína, 18 hndr. í jörðinni Villingadal liggjandi í Haukadal, til allra þeirra ystu ummerkja er aðrir menn eiga, en landamerkja ekki getið nánar, dags. 1.6.1765, ásamt uppskrift. Merkt 24 a-b.  |
| 2(119)<br>a-b | Kammerráð Jón Jónsson á Þingeyrarklaustri og Ásmundur Jónsson á Sauðafelli í Miðdölum hafa makaskipti á jörðunum Hofstöðum í Miklaholtshreppi og Villingadal í Jörfaþingsókn og Dalasýslu, dags. 2.1.1856, ásamt uppskrift. Merkt 25 a-c.   |
| 2(120)<br>a-b | Lögfesta fyrir Svínhóli í Miðdölum, upplesin fyrir rétti að Sauðafelli 8. maí 1829, „ásamt samstundis upplesinni lögfestu frá sr. Gunnlaugi á Kvennabrekku fyrir Kvennabrekkukirkju-eign.“ Inntaki þeirrar lögfestu er hins vegar ekki lýst, dags. 8.5.1829, ásamt uppskrift. Merkt 26 a-d.   |

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

|               |   |
|---------------|---|
| 2(216)<br>a-b | Makaskiptabréf þar sem Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum í Miðdölum afsalar Agli Jónssyni á Hornstöðum í Laxárdal hluta Skógsmúla og hluta Höskuldsstaða fyrir Núp í Haukadal, lesið fyrir manntalsþingsrétti að Jörfa 20.5.1868, dags. 28.11.1867. Merkt 1 a-c. |
| 2(217)<br>a-b | Reglugerð fyrir Skarðsafrétt um geldfjárupprekstur, grenjaleitir og dýraveiðar, dags. 30.10.1844. Merkt 10 a-d.   |
| 2(218)<br>a-b | Þverdalur lagður til Höskuldsstaða, upplesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjarðarholti 14.5.1849, dags. 5.5.1849. Merkt 12 a-b.  |
| 2(219)<br>a-b | Lögfesta fyrir Háafell, upplesin fyrir manntalsþingsrétti að Sauðafelli 17.5.1861, dags. 16.5.1861. Merkt 13 a-b.   |

|               |  |
|---------------|--|
| 2(220)<br>a–b | Lögfesta fyrir Háafell, upplesin fyrir manntalsþingrétti að Sauðafelli 27.5.1864, dags. 27.5.1864. Merkt 14 a–c. |
|---------------|--|

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*

|               |   |
|---------------|---|
| 2(24)<br>a–b  | Jarðamat 1849–1850: Fellsendi, Gröf, Kvinnabrekka, Kolsstaðir, Háafell, Jörfi, Saurstaðir, Kaldakinn, Vatn, Stóra-Vatnshorn, Skarð, Kross, Villingadalur, Mjóaból, Hamrar, Stóri-Skógur, Svarfhóll, Leiðólfsstaðir, Hornstaðir, Höskuldsstaðir, Hjarðarholt, Þrándarkot, Þorbergsstaðir, Melar, Skógsmúli og Giljaland, ásamt uppskrift. Merkt b 10, 23–24, 26, 28, 32, 34–36, 66–69. |
| 2(25)         | Fasteignamat 1916–1918: Stóri-Skógur, Þorbergsstaðir, Vatn, Kaldakinn, Svarfhóll, Leiðólfsstaðir, Höskuldsstaðir, Hornsstaðir, Þrándarkot, Hjarðarholt, Skarð, Giljaland, Melar, Stóra-Vatnshorn, Jörfi, Kross, Hamrar, Mjóaból, Villingadalur, Fellsendi, Kvinnabrekka, Háafell, Fellsendi, Saurstaðir, Kolsstaðir, og Gröf. Merkt c 26–42, 57–64, 69.                               |
| 2(53)         | Jarðamat 1804: Brunngil, Stóri-Skógur, Hjarðarholt, Þorbergsstaðir, Vatn, Kaldakinn, Fellsendi, Svarfhóll, Leiðólfsstaðir, Þrándarkot, Höskuldsstaðir, Hornstaðir, Kross, Skarð, Stóra-Vatnshorn, Giljaland, Melar, Jörfi, Kross, Hamrar, Mjóaból, Villingadalur, Kvinnabrekka, Sauðafell, Háafell, Kolsstaðir, Saurstaðir og Gröf. Merkt 25–33, 36–40, 43, 46–49 og 64.              |
| 2(221)<br>a–b | Jarðamat 1849–1850: Kvinnabrekka, Kolsstaðir. Merkt 23 a–b.   |

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*

|                |  |
|----------------|--|
| 2(146)<br>a–b. | Fundargerð hreppsfundar á Jörfa, dags. 19.9.1918. Rætt um Melarétt og fjallgöngur á Melafjall. Merkt d 3 a–b.  |
| 2(147)<br>a–b. | Síða úr dagbók hreppsnefndar Haukadalshrepps sem sýnir afgreiðslu bréfs Bæhreppinga, dags. 11.8.1918, um dilkbyggingu í Melarétt og að leggja til mannskap í fjallgöngur á Melafjall. Merkt d 4 a–b.   |
| 2(148)<br>a–b. | Bréf hreppstjóra Haukadalshrepps til Gunnars Þórðarsonar í Grænumýrartungu, dags. 25.10.1918, er varðar kröfu Bæhreppinga um dilkbyggingu í Melarétt og að leggja til mannskap í fjallgöngur á Melafjall. Merkt d 5 a–b.   |
| 2(149)<br>a–b. | Bréf hreppstjóra Haukadalshrepps til hreppsnefndar Miðdalahrepps þar sem rætt er um réttafyrirkomulag. Merkt d 6 a–b.  |
| 2(150)<br>a–b. | Fundargerð hreppsfundar á Jörfa, dags. 24.5.1919, maður ráðinn til grenjavinnslu á Villingadal, Vatnsfjalli og Skarðsafrétt. Merkt d 7 a–b.  |
| 2(151)<br>a–b. | Fundargerð hreppsfundar að Jörfa, dags. 21.6.1920. Fjallað um bréf Miðdælinga varðandi fjallskil. Merkt d 8 a–b.   |
| 2(152)<br>a–b. | Sáttanefndarfundur að Kvinnabrekku 9.10.1846. Benedikt Þórðarson, prestur á Kvinnabrekku, lætur kalla Benedikt Arason á Háafelli fyrir sáttanefnd fyrir að borga ekki beitartoll fyrir Geldingadal undanfarin tvö ár og heimildarlausa notkun á landinu í sumar til beitar og slægna. Merkt d 9 a–c. |
| 2(153)<br>a–b. | Sáttanefndarfundur að Kvinnabrekku 11.7.1847. Áframhald fyrri fundar þar sem Benedikt Þórðarson, prestur á Kvinnabrekku, ákærði Benedikt Arason á Háafelli vegna óleyfilegrar notkunar á Geldingadal. Merkt d 10 a–b.  |
| 2(154)<br>a–b. | Sáttanefndarfundur á Háafelli 11.12.1849. Guðmundur Einarsson, prestur á Kvinnabrekku, kærir Benedikt Arason á Háafelli fyrir að vilja tileinka sér eignar- og nýtingarrétt yfir nokkrum hluta Geldingadals sem sé kirkjuland Kvinnabrekku. Merkt d 11 a–e.  |
| 2(155)<br>a–b. | Sáttanefndarfundur á Kvinnabrekku, 8.5.1826. Bjarni Jónsson í Stóraskógi kvartar yfir því að Jón Jónsson, áður að Vatni í Haukadal en nú í Köldukinn, hafi beitt fé sínu og hestum í Stóraskógsland auk þess sem hann hafi beitt Skógsmúla og haft þar lamba- og geldfjárupprekstur. Merkt d 12 a–b. |

|                |   |
|----------------|---|
| 2(156)<br>a–b. | Sáttanefndarfundur á Jörfa í Haukadal 24.6.1826. Bjarni Jónsson á Stóraskógi kærir Jón Jónsson í Köldukinn fyrir að hafa beitt Stóraskógsland auk Skógsmúla og haft þar lamba- og geldfjárupprekstur. Merkt d 13 a–c.   |
| 2(157)<br>a–b  | Héraðsþing að Hjarðarholti í Laxárdal, 23.6.1734. Hálfur Þverdalur sagður í eigu Þykkvaskógar og merkjum lýst. Merkt b 52 a–c.  |
| 2(158)<br>a–b  | Héraðsþing að Hjarðarholti í Laxárdal, 23.6.1734. Björn Guðmundsson lögfestir eignarjörð sína Þykkvaskóg í Miðdölum. Inntaks ekki getið. Merkt b 53 a–b.  |
| 2(159)<br>a–b  | Héraðsþing að Jörfa í Haukadal. 15.9.1756. Jóni Andræssyni á Fremri-Þorsteinsstöðum stefnt vegna ágreinings um hvort honum hefði verið heimilt að reka fé sitt á Skarðsafrétt. Merkt b 54 a–c.  |
| 2(160)<br>a–b  | Manntalsþing að Hjarðarholti, 16.5.1832. Bann Skógsbænda á nýtingu Skógsmúla og Þverdals upplesið af Sæmundi Hallgrímssyni, nýbýlingi. Merkt b 59.  |
| 2(161)<br>a–b  | Manntalsþing að Hjarðarholti, 14.5.1849. Upplesin yfirlýsing Jóns Jónssonar á Höskuldsstöðum, dags. 5.5.1849, þess efnis að honum og jörð hans Höskuldsstöðum tilheyri Skógsmúli. Merkt b 61 a–b.   |
| 2(162)<br>a–b  | Manntalsþing að Jörfa, 20.5.1868. Upplesið makaskiptabréf, dags. 28.11.1867, þar sem Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum í Miðdölum afsalar Agli Jónssyni á Hornstöðum í Laxárdal hluta Skógsmúla og hluta Höskuldsstaða fyrir Núp í Haukadal. Merkt b 64 a–b.         |
| 2(163)<br>a–b  | Manntalsþing að Hjarðarholti, 22.5.1868. Upplesið makaskiptabréf, dags. 28.11.1867, þar sem Sveinn Guðmundsson á Þórólfsstöðum í Miðdölum afsalar Agli Jónssyni á Hornstöðum í Laxárdal, hluta Skógsmúla og hluta Höskuldsstaða fyrir Núp í Haukadal. Merkt b 65 a–b. |
| 2(164)<br>a–b  | Manntalsþing að Sauðafelli, 3.6.1870. Þinglesið afsalsbréf, útgefið 30.5.1868, þar sem Gísli Jónsson bóndi á Saurum í Laxárdal selur og afhendir 4 hundruð og 84 al. úr Skógsmúla í Miðdalahreppi, til Egils Jónssonar á Þorbergsstöðum. Merkt b 66 a–b.              |
| 2(165)<br>a–b  | Manntalsþing að Sauðafelli 21.6.1804. Upplesið kaupbréf fyrir „Skógskoti“. Magnús Magnússon í Skógskoti selur Skógskot til Guðmundar Jónssonar á Þorbergsstöðum. Merkt b 110.   |
| 2(166)<br>a–b  | Héraðsþing að Jörfa, 4.7.1755. Mál vegna deilna um upprekstur á Skarðsafrétt. Vitnað var til fyrri dóma frá árunum 1644 og 1735, þar sem bændur úr tilteknum sveitum voru skyldaðir til að nota Skarðsafrétt. Merkt 74 a–c.   |
| 2(167)<br>a–b  | Héraðsþing að Hjarðafelli, 13.9.1756. Að beiðni Jóns Andræssonar frá Þorsteinsstöðum í Haukadal var kannað hvaða bændur í Laxárdal hefðu um vorið rekið á Skarðsfjall í Haukadal. Merkt b 75 a–b.   |
| 2(168)<br>a–b  | Manntalsþing að Sauðafelli 25.5.1757. Upplesnir dómur í afréttarmálum frá 18. maí 1644, 22. apríl 1735 og 4. apríl 1755 er vörðuðu Skarðsafrétt. Merkt b 76.  |
| 2(169)<br>a–b  | Manntalsþing að Jörfa, 21.6.1757. Sýslumaður tilkynnti að hann hefði sent hreppstjórum í Laxárdal afréttardóm um Skarðsafrétt og áttu þeir að kynna efnið öllum íbúum sveitarinnar. Merkt b 78 a–b.   |
| 2(170)<br>a–b  | Manntalsþing að Jörfa. 11.6.1795. Tekið fyrir mál er varðaði upprekstur á Skarðsafrétt. Merkt b 79 a–b.   |
| 2(171)<br>a–b  | Manntalsþing að Jörfa, 11.6.1795. Upplesið kaupbréf frá 26.7.1792, þar sem Jón Jónsson á Melum kaupir 10 hundruð í Skarði í Haukadal af Jóni Jónssyni í Böðvarsholti. Inntaks kaupbréfsins ekki getið. Merkt b 80 a–b.  |
| 2(172)<br>a–b  | Manntalsþing að Sauðafelli, 12.6.1795. Upplesið það sem ákveðið var degi fyrr á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal um Skarðsafrétt. Merkt b 81.  |
| 2(173)<br>a–b  | Manntalsþing á Jörfa, 5.5.1797. Upplesið bann við upprekstri á Þverdal, en reka skyldi á Skarðsfjall og borga afréttartoll. Merkt b 82.   |
| 2(174)<br>a–b  | Manntalsþing að Sauðafelli, 5.5.1836. Upplesin ákvörðun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Merkt b 86.   |

|               |  |
|---------------|--|
| 2(175)<br>a–b | Manntalsþing að Jörfa 26.5.1852. Upplesin bréf frá eigendum Skarðsafréttar frá 22.10.1834 og 16.2.1852, þar sem þeir leyfa ábúanda Lækjaskógs upprekstur á Skarðsafrétt. Merkt b 87.   |
| 2(176)<br>a–b | Manntalsþing að Sauðafelli 5.5.1836. Þinglesin ákvörðun um Skarðsafrétt frá árinu 1795. Merkt b 116.   |
| 2(177)<br>a–b | Manntalsþing að Sauðafelli 29.5.1754. Upplesin lögfesta séra Hannesar Björnssonar fyrir Kvinnabrekku beneficii. Séra Benedikt bannar landnotkun annarra að viðlögðum sektum. Inntaks lögfestu ekki getið. Merkt b 94 a–b.  |
| 2(178)<br>a–b | Manntalsþing að Sauðafelli 5.5.1836. Upplesið bréf frá séra Bjarna á Kvinnabrekku um hrossabeit á Geldingadal. Lofaði séra Bjarni að leyfa þar hrossabeit gegn tilteknu gjaldi, en hann og ábúandi Kolsstaða skyldu meta ástand landsins til beitar. Merkt b 98.   |
| 2(179)<br>a–b | Manntalsþing að Sauðafelli 11.5.1846. Upplesin lögfesta séra Benedikts Thordarsonar á Kvinnabrekku fyrir Geldingadal og Kolsstöðum, dags. 4.5.1846. Inntaks lögfestunnar er ekki getið. Merkt b 100.   |
| 2(180)<br>a–b | Manntalsþing að Sauðafelli 11.6.1897. Þinglesið afsalsbréf frá séra Jóhannesi Jóhannssyni, til Benedikts Þórðarsonar á Háafelli (Háafelli), fyrir landspildu í Geldingadal, dags. 1.6.1897. Merkt b 102.   |
| 2(181)<br>a–b | Ákvörðun sýslumanns um upprekstur á Þverdal, dags. 26.6.1818. Upplesið við Hjarðarholtskirkju 29.8.1819 og 28.4.1839, og á manntalsþingi að sama stað 22.4.1840. Merkt e 8 a–b.  |
| 2(182)<br>a–b | Bréf J. Jónssonar á Melum til sýslumanns, dags. 27.8.1842, vegna kvörtunar ábúandans á Vatni í Haukadal sem kvartar yfir að séra Stefán Benediktsson í Hjarðarholti hafi látið reka á Þverdal „edur Vatns Afrétt“ í óleyfi en ekki greitt fjalltolla. Merkt e 9 a–b.   |
| 2(183)<br>a–b | Svarbréf Stefáns Benediktssonar í Hjarðarholti til sýslumanns vegna uppreksturs á Þverdal, dags. 3.11.1842. Stefán neitar að hafa rekið á Þverdal „edur Vatns afrétt“ heldur hafi hann rekið í svokallaðan Skógsmúla á Þverdal og því eingöngu þurft leyfi „sameigenda nefnds Þverdals“. Merkt e 10 a–b.                   |
| 2(184)<br>a–b | Frumvarp að reglugjörð fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu um geldfjárupprekstur, fjallskil, réttarhald, grenjaleitir og fleira, dags. 5.8.1862. Merkt e 11 a–b.  |
| 2(185)<br>a–b | Svar hreppstjóra Laxárdalshrepps vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu, dags. 12.6.1920. Merkt e 33 a.   |
| 2(186)<br>a–b | Reglugerð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dali, dags. 20.5.1809. Merkt e 1 a–e.  |
| 2(187)<br>a–b | Reglugerð fyrir Dalasýslu um fjármörk, fjallgöngur og réttir, dags. 13.8.1809. Merkt e 2 a–i.  |
| 2(188)<br>a–b | Bréf sýslumannsins í Dalasýslu til hreppstjóra í sýslunni, dags. 31.3.1857, varðandi ráðstafanir til hindrunar útbreiðslu á fjárkláða um Vesturland. Merkt e 3 a–b.  |
| 2(189)<br>a–b | Bréf Jóns Sigurðarsonar á Skarði til sýslumanns, dags. 26.2.1833, vegna óreglu á fjallskilum og greiðslum fjallatolla vegna Skarðsafréttar. Merkt e 12 a–b.  |
| 2(190)<br>a–b | Bréf Magnúsar Arngrímssonar hreppstjóra á Núpi til sýslumanns, dags. 24.10.1842, um réttir og upprekstur á Skarðsafrétt. Merkt e 13 a–b.   |
| 2(191)<br>a–b | Bréf Jóns Jónssonar og Geir Bachmanns, þá hreppstjóra í Laxárdal, til sýslumanns, dags. 5.2.1853. Tilkynt um það að ábúandi jarðarinnar Lækjarskógs hefur gengið úr upprekstrarfélagi Laxdælinga og fengið upprekstur á Skarðsafrétt þess í stað. Tilkyningin upplesin á manntalsþingi að Jörfa 26.5.1852. Merkt e 14 a–b. |
| 2(192)<br>a–b | Bréf amtmanns til sýslumanns vegna uppreksturs ábúanda jarðarinnar Lækjarskógs á Skarðsafrétt, dags. 22.3.1854. Merkt e 15 a–b.  |
| 2(193)<br>a–b | Fundargerð frá fundi bænda í Haukadalshreppi um upprekstur, fjallskil, réttir og grenjaleitir á Skarðsafrétt, dags. 7.3.1863. Merkt e 16 a–b.  |



|               |  |
|---------------|--|
| 2(194)<br>a–b | Fundargerð hreppsnefndarfundar að Jörfa í Haukadal, dags. 3.12.1875. Fundað um upprekstur á „Haukadals Fjalllönd“. Merkt e 17 a–b.   |
| 2(195)<br>a–b | Svar hreppstjóra Haukadalshrepps vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu, dags. 9.6.1920. Merkt e 34 a.                                    |
| 2(196)<br>a–b | Fundargerð sveitarfundar í Miðdalahreppi, dags. 9.2.1863. Fjallað um geldfjárupprekstur, fjallskil, réttir og grenjaleitir í hreppnum, m.a. á Geldingadal. Merkt e 18 a–b. |
| 2(197)<br>a–b | Svar hreppstjóra Miðdalahrepps vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu, dags. 15.6.1920. Merkt e 35 a.                                     |

*Kirknaskjöl (skjalaflökkur A.7.):*

|               |   |
|---------------|---|
| 2(122)<br>a–b | Afrit frá 1614 af eldri máldögum Hjarðarholtskirkju (1397, 1575). Getið um stóðhrossabeit í Þverdal. Merkt 26 a–b.  |
| 2(123)<br>a–b | Afrit frá 1753 af eldri máldögum Hjarðarholtskirkju (1397, 1575). Getið um stóðhrossabeit í Þverdal. Merkt 27 a–d.  |
| 2(124)<br>a–b | Afrit af vísitásiu Hjarðarholtskirkju, dags. 5.8.1699. Getið um stóðhrossabeit í Þverdal. Merkt 28 a–c.   |
| 2(125)<br>a–b | Afrit úr vísitásiubók Jóns biskups Árnasonar, dags. 17.9.1725. Getið um stóðhrossabeit Hjarðarholtskirkju í Þverdal. Merkt 29 a–d.  |
| 2(126)<br>a–b | Afrit af vísitásiu Hjarðarholtskirkju, dags. 28.5.1731. Getið um stóðhrossabeit í Þverdal. Merkt 30 a–d.  |
| 2(127)<br>a–b | Úttekt Hjarðarholtskirkju, dags. 26.5.1699. Getið um stóðhrossabeit í Þverdal. Merkt 31 a–d.  |
| 2(128)<br>a–b | Afrit eftirfarandi skjala Þykkvaskógarkirkju er varða eignir hennar gert árið 1724: Kaupbréf fyrir Þykkvaskóg 1445; Kaupbréf fyrir Þykkvaskógi 1427, getið um Þverdal; Vitnisburður Jóns Kolbeinssonar um selstöðu og beit frá Þykkvaskógi í Skógsmúla í Þverdal og önnur ítök. Upplesið fyrir rétti á héraðsþingi að Hjarðarholti 23.6.1724. Merkt 32 a–f. |
| 2(129)<br>a–b | Samþykkt um Skarðsafrétt. Óársett. Merkt 34 a–h.  |
| 2(130)<br>a–b | Afrit af dómi um upprekstur á Skarðsafrétt í Haukadal uppkveðinn að Hvammi 29.3.1735. Vitnað í eldri dóm um Skarðsafrétt uppkveðinn að Sauðafelli 18.5.1644. Annar dómur um sama afrétt uppkveðinn 4.4.1755 að Jörfa í Haukadal. Merkt 35 a–h.  |
| 2(131)<br>a–b | Lögfesta fyrir Kvinnabrekku, Kolsstöðum og Geldingadal 9.8.1705. Merkja getið. Upplesið að Kvinnabrekkukirkju sama dag og ár. Upplesið á áreiðarþingi að Miðskógi 18.11.1735. Merkt 36 a–c.   |
| 2(132)<br>a–b | Lögfesta fyrir Kvinnabrekku, Kolsstöðum og Geldingadal 30.5.1728. Merkja getið. Upplesið að Kvinnabrekkukirkju sama dag og ár. Upplesið sama stað 20.8.1730. Upplesið á áreiðarþingi að Miðskógi 18.11.1735. Merkt 37 a–d.  |
| 2(133)<br>a–b | Lögfesta fyrir Kvinnabrekku, Kolsstöðum og Geldingadal 21.6.1748. Merkja getið. Upplesið á manntalsþingi að Sauðafelli í Miðdölum sama dag og ár. Merkt 38 a–d.   |
| 2(134)<br>a–b | Lögfesta fyrir Kvinnabrekku, Kolsstöðum og Geldingadal 29.5.1754. Merkja getið. Upplesið á manntalsþingi að Sauðafelli sama dag og ár. Merkt 39 a–d.  |
| 2(135)<br>a–b | Lögfesta fyrir Kvinnabrekku, Kolsstöðum og Geldingadal 29.5.1759. Merkja getið. Upplesið fyrir rétti að Sauðafelli sama dag og ár. Upplesið að Kvinnabrekkukirkju 1768 og 1779. Merkt 40 a–d.   |
| 2(136)<br>a–b | Lögfesta fyrir Kvinnabrekku, Kolsstöðum og Geldingadal 8.5.1829. Merkja getið. Upplesið á manntalsþingi að Sauðafelli sama dag og ár. Merkt 41 a–c.   |
| 2(137)<br>a–b | Afrit frá 1666 af máldaga kirkjunnar að Kvinnabrekku eftir Vilchinsbók 1397 og máldagabók Gísla Jónssonar biskups frá því um 1570. Getið um selför í Geldingadal. Merkt 42 a–b.   |

|               |   |
|---------------|---|
| 2(138)<br>a-b | Afrit frá 1666 af máldaga kirkjunnar að Kvinnabrekku eftir Vilchinsbók 1397 og máldagabók Gísla Jónssonar biskups frá því um 1570. Getið um selför í Geldingadal. Merkt 43 a-c.   |
| 2(139)<br>a-b | Afrit frá 1735 af máldaga kirkjunnar að Kvinnabrekku eftir Vilchinsbók 1397 og máldagabók Gísla Jónssonar biskups frá því um 1570. Getið um selför í Geldingadal. Upplesið á áreiðarþingi að Miðskógi 18.11.1735. Merkt 44 a-c. |
| 2(140)<br>a-b | Afrit úr vísitásiubók Jóns biskups Arnasonar 18.9.1725. Getið um Geldingadal og Kolsstaði. Merkt 45 a-d.  |
| 2(141)<br>a-b | Afrit af prófastsvísitásiu Kvinnabrekkukirkju 14.5.1721. Getið um Geldingadal og Kolsstaði. Merkt 46 a-d.   |
| 2(142)<br>a-b | Afhending Kvinnabrekkustaðar 4.6.1705. Getið um Geldingadal og Kolsstaði. Merkt 47 a-c.   |
| 2(143)<br>a-b | Afrit úr vísitásiubók Jóns biskups Vídalíns 4.8.1699. Getið um Geldingadal og Kolsstaði. Merkt 48 a-d.  |
| 2(144)<br>a-b | Afrit úr vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 19.9.1639. Getið um Geldingadal og Kolsstaði. Upplesið á áreiðarþingi að Miðskógi 18.11.1735. Merkt 49 a-c.   |
| 2(145)<br>a-b | Greinargerð Orms Daðasonar 1744 um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu. Hjarðarholtskirkja, kirkjan að Stóra-Vatnshorni, hálfkirkjan að Jörfa og Kvinnabrekkukirkja. Merkt 1 a-h.  |

*Vísitásiubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*

|              |  |
|--------------|--|
| 2(26)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 19.9.1639. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 7 a-b.  |
| 2(27)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 5.8.1643, ásamt uppskrift. Merkt 10 a-b.   |
| 2(28)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 19.9.1675. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 25 a-b. |
| 2(29)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 4.8.1699. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 32 a-b.  |
| 2(30)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 18.9.1725. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 49 a-b. |
| 2(31)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 18.9.1750. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 59 a-b. |
| 2(32)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 15.9.1758. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 69 a-c. |
| 2(33)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 10.9.1782. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 79 a-c. |
| 2(34)<br>a-b | Vísitasía Kvinnabrekku, dags. 5.8.1727. Kirkjan á m.a. Geldingadal og Kolsstaði, ásamt uppskrift. Merkt 84 a-c.  |
| 2(35)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 18.9.1639. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 6.            |
| 2(36)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 30.8.1659. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 18 a-b.       |
| 2(37)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 18.9.1675. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 24 a-b.       |
| 2(38)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 16.8.1699. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 39 a-b.       |
| 2(39)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 18.9.1725. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 48 a-b.       |
| 2(40)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 17.9.1750. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 58 a-c.       |
| 2(41)<br>a-b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 13.9.1758. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 68 a-b.       |

|              |  |
|--------------|--|
| 2(42)<br>a–b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 9.9.1782. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 78 a–b.        |
| 2(43)<br>a–b | Vísitasía Vatnshorns, dags. 5.8.1828. Kirkjan á m.a. selstöðu á Sléttadal, ásamt uppskrift. Merkt 85 a–b.        |
| 2(44)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 18.9.1639. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 5 a–b.  |
| 2(45)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 6.8.1643. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 11.      |
| 2(46)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 17.9.1675. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 23 a–d. |
| 2(47)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 5.8.1699. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 33 a–b.  |
| 2(48)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 17.9.1725. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 47 a–b. |
| 2(49)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 16.9.1750. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 57 a–b. |
| 2(50)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 12.9.1758. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 67 a–b. |
| 2(51)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 8.9.1782. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 77 a–b.  |
| 2(52)<br>a–b | Vísitasía Hjarðarholts, dags. 6.8.1827. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, ásamt uppskrift. Merkt 86 a–b.  |

*Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):*

|              |   |
|--------------|---|
| 2(54)<br>a–b | Afrit úr sáttabók Sauðaféllssáttaumdæmis, dags. 11.12.1849. Staðarhaldari Kvinnabrekku ákærir Háafellsbónda fyrir að tileinka sér eignar- og nýtingarrétt yfir nokkurn hluta Kvinnabrekukirkjulands Geldingadal. Ásamt bréfi frá prófasti, dags. 15.4.1850, ásamt uppskrift. Merkt 2 a–d. |
| 2(55)<br>a–b | Vísitasía biskups að Kvinnabrekku. Kirkjan á m.a. Kolsstaði liggjandi fram með Geldingadal, hvern kirkjan á allan, dags. 20.7.1870, ásamt uppskrift. Merkt 3 a–b.   |
| 2(56)<br>a–b | Vísitasía biskups að Stóra-Vatnshorni. Kirkjan á m.a. hálfan Sléttadal, dags. 20.7.1870. Merkt 4.   |
| 2(57)<br>a–b | Prófastur Dalasýslu tekur út Hjarðarholt og kirkjuna, dags. 25.–26.6.1786, ásamt uppskrift. Merkt 8 a–f.  |
| 2(58)<br>a–b | Biskupsvísitasía að Hjarðarholti. Kirkjan á m.a. stóðhrossabeit í Þverdal, 21.7.1870, ásamt uppskrift. Merkt 9 a–c.   |
| 2(59)<br>a–b | Byggingarbréf fyrir Þrándarkoti, dags. 18.10.1853, ásamt uppskrift. Merkt 10 a–b.   |
| 2(60)<br>a–b | Lögfesta fyrir Þrándarkoti, dags. 12.5.1846, ásamt uppskrift. Merkt 11 a–c.   |
| 2(70)<br>a–b | Prófastsvísitasía kirkjunnar að Kvinnabrekku, dags. 14.5.1721, ásamt uppskrift. Merkt 45 a–c.   |
| 2(71)<br>a–b | Prófastsvísitasía kirkjunnar að Kvinnabrekku, dags. 1.6.1726, ásamt uppskrift. Merkt 55 a–c.  |
| 2(72)<br>a–b | Prófastsvísitasía kirkjunnar að Kvinnabrekku, dags. 11.6.1732, ásamt uppskrift. Merkt 65 a–b.   |
| 2(73)<br>a–b | Prófastsvísitasía kirkjunnar að Kvinnabrekku, dags. 21.5.1735, ásamt uppskrift. Merkt 68 a–b.   |
| 2(74)<br>a–b | Prófastsvísitasía kirkjunnar að Kvinnabrekku, dags. 15.5.1742, ásamt uppskrift. Merkt 74 a–c.   |
| 2(75)<br>a–b | Prófastsvísitasía kirkjunnar að Kvinnabrekku, dags. 7.6.1753, ásamt uppskrift. Merkt 83 a–b.  |

|               |  |
|---------------|--|
| 2(76)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 11.6.1807, ásamt uppskrift. Merkt 100 a-b.           |
| 2(77)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 2.10.1820, ásamt uppskrift. Merkt 115 a-b.           |
| 2(78)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 28.6.1836, ásamt uppskrift. Merkt 119 a-c.           |
| 2(79)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 23.6.1842, ásamt uppskrift. Merkt 120 a-b.           |
| 2(80)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 27.9.1850, ásamt uppskrift. Merkt 125 a-b.           |
| 2(81)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 22.9.1851, ásamt uppskrift. Merkt 126 a-b.           |
| 2(82)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Kvennabrekku, dags. 12.11.1866, ásamt uppskrift. Merkt 137 a-c.          |
| 2(83)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 13.5.1721, ásamt uppskrift. Merkt 44 a-c.   |
| 2(84)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 1.6.1726, ásamt uppskrift. Merkt 54 a-c.    |
| 2(85)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 12.6.1732, ásamt uppskrift. Merkt 66 a-b.   |
| 2(86)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 16.5.1742, ásamt uppskrift. Merkt 75 a-c.   |
| 2(87)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 29.4.1751, ásamt uppskrift. Merkt 84 a-b.   |
| 2(88)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 8.6.1753, ásamt uppskrift. Merkt 79 a-b.    |
| 2(89)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 25.9.1803, ásamt uppskrift. Merkt 96.       |
| 2(90)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 10.6.1807, ásamt uppskrift. Merkt 99 a-b.   |
| 2(91)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 3.10.1820, ásamt uppskrift. Merkt 116 a-b.  |
| 2(92)<br>a-b  | Prófastsvisitasía kirkjunnar að Vatnshorni í Haukadal, dags. 13.10.1866, ásamt uppskrift. Merkt 135 a-c. |
| 2(93)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju árið 1726, ásamt uppskrift. Merkt 58 a-b.                           |
| 2(94)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 28.5.1731, ásamt uppskrift. Merkt 59 a-b.                    |
| 2(95)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 1.6.1753, ásamt uppskrift. Merkt 80 a-c.                     |
| 2(96)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 26.6.1786, ásamt uppskrift. Merkt 89 a-e.                    |
| 2(97)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 31.8.1803, ásamt uppskrift. Merkt 95 a-b.                    |
| 2(98)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 10.9.1820, ásamt uppskrift. Merkt 112 a-c.                   |
| 2(99)<br>a-b  | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 23.11.1847, ásamt uppskrift. Merkt 122 a-b.                  |
| 2(100)<br>a-b | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 29.10.1848, ásamt uppskrift. Merkt 123 a-b.                  |
| 2(101)<br>a-b | Prófastsvisitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 18.7.1866, ásamt uppskrift. Merkt 128 a-c.                   |

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):*

|               |   |
|---------------|---|
| 2(61)<br>a–b  | Stiftsyfirvöld skrifa prófasti í Dalasýslu um að leyfi hafi fengist til að selja landspildu undan Kvennabrekkukirkju, dags. 8.12.1896, ásamt uppskrift. Merkt 1.  |
| 2(62)<br>a–b  | Landshöfðingi skrifar stiftsyfirvöldum og upplýsir að leyfi hafi fengist fyrir því að selja landspildu úr afréttarlandi Kvennabrekku á Geldingadal, dags. 30.11.1896, ásamt uppskrift. Merkt 2 a–b.   |
| 2(63)<br>a–b  | Prófastur í Dalasýslu skrifar stiftsyfirvöldum um sölu landspildu Kvennabrekku á Geldingadal, dags. 23.8.1896, ásamt uppskrift. Merkt 3.  |
| 2(64)<br>a–b  | Stiftsyfirvöld skrifa landshöfðingja um leyfi til að selja landspildu Kvennabrekku á Geldingadal, dags. 22.3.1896, ásamt uppskrift. Merkt 4 a–c.  |
| 2(65)<br>a–b  | Stiftsyfirvöld skrifa prófasti í Dalasýslu um sölu á landspildu Kvennabrekku, dags. 11.3.1896, ásamt uppskrift. Merkt 5 a–b.  |
| 2(66)<br>a–b  | Prófastur í Dalasýslu skrifar stiftsyfirvöldum vegna sölu á landspildu af sellandinu Geldingadal, dags. 4.2.1896, ásamt uppskrift. Merkt 6.   |
| 2(67)<br>a–b  | Stiftsyfirvöld skrifa prófastinum í Dalasýslu varðandi sölu á landspildu úr sellandinu í Geldingadal, dags. 11.11.1895, ásamt uppskrift. Merkt 7 a–b.   |
| 2(68)<br>a–b  | Prófastur Dalasýslu skrifar stiftsyfirvöldum og sendir þeim bóнарbréf til konungs frá Benedikt Þórðarsyni á Háafelli um að fá keyptan landspart af sellandinu Geldingadal sem liggur undir Kvennabrekku, dags. 2.10.1895, ásamt uppskrift. Merkt 8 a–b. |
| 2(69)<br>a–b  | Jóhannes L.L. Jóhannsson. prestur á Kvennabrekku, skrifar stiftsyfirvöldum um sölu á landspildu á Geldingadal, dags. 1.10.1895, ásamt uppskrift. Merkt 9.   |
| 2(198)<br>a–b | Skoðunargjörð á jörðinni Höskuldsstöðum í Laxárdal, dags. 16.10.1837. Getið um Þverdal og Skógsmúla. Merkt 14 a–b.  |
| 2(199)<br>a–b | Bréf Jóns Jónssonar á Höskuldsstöðum til sýslumanns og héraðsprófasts, dags. 10.5.1854, varðandi sameiningu Skógsmúla við Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp. Merkt 15 a–b.   |
| 2(200)<br>a–b | Bréf séra V.E. Reykdahl og séra Guðmundar Einarssonar til Þorleifs Jónssonar prófasts, dags. 9.6.1854, varðandi sameiningu Skógsmúla við Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp. Merkt 16 a–b.  |
| 2(201)<br>a–b | Bréf Þorleifs Jónssonar prófasts til amtmanns, dags. 12.6.1854, varðandi sameiningu Skógsmúla við Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp. Merkt 17 a–b.   |
| 2(202)<br>a–b | Bréf sýslumanns til amtmanns, dags. 16.11.1854, varðandi sameiningu Skógsmúla við Hjarðarholtssókn og Laxárdalshrepp. Merkt 18 a–b.   |
| 2(203)<br>a–b | Bréf Jóns Jónssonar á Melum, eiganda jarðarinnar Skarðs, til amtmanns í Vesturamti um upprekstur og fjallskil á Skarðsafrétt, dags. 16.12.1842. Merkt 19 a–d.   |
| 2(204)<br>a–b | Bréf Jóns Jónssonar á Melum til sýslumanns Dalasýslu vegna skiptingar á fjalltollum milli Skarðs og Villingadals, dags. 20.7.1843. Merkt 20a.   |
| 2(205)<br>a–b | Samningur um upprekstur á Skarðsafrétt og Villingadal, dags. 18.6.1843, undirritaður af eiganda Skarðs og Villingadals. Merkt 21 a–b.   |
| 2(206)<br>a–b | Bréf sýslumanns til amtmanns í Vesturamti varðandi reglugerð um Skarðsafrétt, dags. 10.1.1844. Merkt 22 a.  |
| 2(207)<br>a–b | Bréf Jóns Jónssonar á Melum til amtmanns í Vesturamti varðandi reglugerð um Skarðsafrétt, dags. 10.6.1844. Merkt 23 a.  |
| 2(208)<br>a–b | Útnefning skoðunarmanna til að meta jörð Skarðs, dags. 7.11.1881, ásamt matsgerð fyrir Skarð, dags. 23.12.1881. Merkt 24 a–b.   |
| 2(209)<br>a–b | Bréf sýslumanns Dalasýslu til amtmanns í Vesturamti vegna upprekstrarlanda í Haukadalshreppi, dags. 4.3.1900. Merkt 25 a–b.   |
| 2(210)<br>a–b | Umsögn sýslumanns Dalasýslu um upprekstur í Haukadalshreppi, sent amtmanni Vesturamts 4.3.1900. Merkt 26 a–c.   |

|               |   |
|---------------|---|
| 2(211)<br>a–b | Útdráttur úr reglugerðum um fjallskil í Dalasýslu, dags. 24.7.1876. Fylgdi með bréfi sýslumanns til amtmanns Dalasýslu 4.3.1900 (skjal 209 og 210). Merkt 27 a. |
| 2(212)<br>a–b | Afrit af bréfi amtmanns Vesturamts til sýslumanns Dalasýslu vegna reglugerðar um fjallskil fyrir Dalasýslu, dags. 20.3.1900. Merkt 28 a–c.                      |
| 2(213)<br>a–b | Bréf þriggja bænda í Haukadalshreppi til amtmanns Vesturamts þar sem þeir óska úrskurðar amtmanns um upprekstur í hreppnum, dags. 31.10.1899. Merkt 29 a–b.     |

*Stjórnarráð Íslands. Kirkjujarðasala. (skjalaflokkur A.11.):*

|        |  |
|--------|--|
| 2(214) | Matsgerð fyrir jörðina Hjarðarholt, dags. 24.2.1910. Getið um trippaupprekstur á Þverdal. Merkt 3 a–c. |
|--------|--|

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.): Skjöl fengin frá sýslumanninum á Vesturlandi:*

|       |  |
|-------|--|
| 4(73) | Háafell. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.           |
| 4(74) | Kvennabrekka. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.      |
| 4(33) | Jörfi. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.             |
| 4(34) | Stóra Vatnshorn. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.   |
| 4(35) | Skarð. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.             |
| 4(36) | Skógsmúli. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.         |
| 4(37) | Kaldakinn. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.         |
| 4(38) | Háafell. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.           |
| 4(39) | Kvennabrekka. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.      |
| 4(40) | Jörfi. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.             |
| 4(41) | Stóra – Vatnshorn. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929. |
| 4(42) | Skarð. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.             |
| 4(43) | Skógsmúli. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.         |
| 4(44) | Kaldakinn. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.         |
| 4(45) | Háafell, síða úr veðmálaregistri afsals- og veðmálabókar Dalasýslu.  |
| 4(46) | Kvennabrekka. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.   |
| 4(47) | Jörfi. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.  |
| 4(48) | Stóra-Vatnshorn. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.  |
| 4(49) | Skarð. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.  |
| 4(50) | Skógsmúli. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.  |
| 4(51) | Kaldakinn. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.  |

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

|      |   |
|------|---|
| 4(1) | Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.  |
| 4(2) | Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.                   |
| 4(3) | Svarbréf Dalasýslu, dags. 4.9.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.  |
| 4(4) | Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.  |
| 4(5) | Svarbréf oddvita Miðdalahrepps, dags. 20.2.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.                   |
| 4(6) | Svarbréf sveitarstjóra Laxárdalshrepps, dags. 8.5.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.            |
| 4(7) | Svarbréf oddvita Hvammshrepps, dags. 2.5.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.                     |
| 4(8) | Svarbréf Sig. Þórólfssonar f.h. Saurbæjarhrepps, dags. 20.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989. |
| 4(9) | Svarbréf oddvita Hörðudalshrepps, dags. 14.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.                |

*Önnur óprentuð frumgögn: Skjöl fengin frá héraðsskjalasafni Dalasýslu (skjalaflokkur A.16.):*

|       |  |
|-------|--|
| 4(77) | Sveitarbók Laxárdalshrepps 1884–1907. Fundargerð hreppsfundar Laxárdalshrepps að Svarfhóli, dags. 2.5.1896. Minnst á „Þverdalupprekstrarland“.   |
| 4(78) | Sveitarbók Laxárdalshrepps 1884–1907. Fundargerð hreppsnefndar Laxárdalshrepps að Þorbergsstöðum, dags. 26.–27.10.1896. Minnst á upprekstur á Þverdal.   |
| 4(79) | Sveitarbók Laxárdalshrepps 1884–1907. Fundargerð hreppsfundar Laxárdalshrepps að Þorbergsstöðum, dags. 12.11.1906. Minnst á fjalltolla til eiganda Þverdals.   |
| 4(84) | Bréfabók fyrir Haukadalshrepp 1882–1892. Afrit af tveimur bréfum Þorvarðar Bergþórssonar hreppstjóra varðandi grenjavinnslu á Skarðsafrétt, annars vegar til hreppsnefndaroddvita Haukadalshrepps (nr. 2), dags. 1.7.1882, og hins vegar til Jóns Árnasonar á Jörfa (nr. 3), dags. 3.7.1882. Blaðsíður bréfabókarinnar eru ónúmeraðar. |

*Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1.):*

|       |   |
|-------|---|
| 4(31) | Kaupbréf fyrir Jörfa, dags. 10.4.1518, vegna kaupa Þorleifs Gamalielssonar á hálfri jörð Jörfa sem fóru fram 27.6.1516. Í.f. VIII. b., bls. 587–588.                          |
| 4(32) | Kaupbréf fyrir Jörfa, dags. 16.3.1531, vegna sölu Þorleifs Gamalielssonar á „tíu hundruð“ í jörðinni Jörfa til sonar síns sem fór fram 13.12.1530. Í.f. IX. b., bls. 557–558. |
| 4(52) | Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi. Kirkju að Vatnshorni getið. Í.f. XII. b., bls. 1 og 12.  |
| 4(53) | Máldagi Vatnshornskirkju frá 1355 (máldagi Gyrðis Ívarssonar). Í.f. III. b., bls. 100–101.  |
| 4(54) | Máldagi Vatnshornskirkju frá 1397 (Vilchinsmáldagi). Í.f. IV. b., bls. 164.   |
| 4(55) | Kaupmálabréf, dags. 24.6.1489. Getið um Vatnshorn. Í.f. VI. b., bls. 660–661.   |
| 4(56) | Máldagi Vatnshornskirkju frá árabílinu 1491–1518. Í.f. VII. b., bls. 68–69.   |
| 4(57) | Vitnisburður um sölu Sléttárdals, dags. 30.4.1513. Í.f. VIII. b., bls. 424–425  |

|       |  |
|-------|--|
| 4(58) | Kaupbréf. Ormur Sturluson selur Daða Guðmundssyni Skarð, Giljaland, Mjóaból, Hamra, Leikskála og hálfan Sléttárdal, dags. 18.2.1541. Í.f. X. b., bls. 602.   |
| 4(59) | Reikningur Eggerts lögmans Hannessonar um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal frá 1563–4. Vatnshorns og Skarðs getið meðal jarða Daða. Í.f. XIV. b., bls. 203, 216 og 217.                             |
| 4(60) | Máldagi kirkjunnar á Stóra-Vatnshorni frá því um 1570 (Gíslamáldagi). Getið um hálfan Sléttárdal. Í.f. XV. B., bls. 599–600.   |
| 4(61) | Jarðakaupabréf Jóns Þorkelssonar og Finnboga Jónssonar um Þverá í Laxárdal, Jörfa í Haukadal, Hofstaði við Mývatn, Hamra og Hornstaði í Laxárdal, dags. 12. apríl, 1477. Í.f. VI. b., bls. 108–110.      |
| 4(62) | Prestadómur, dags. 27.4.1518. Magnús Björnsson dæmdur vegna vangoldinna reikninga Jörfakirkju og fyrir það að vilja ekki ganga á landamerki afréttar kirkjunnar í Haukadal. Í.f. VIII. b., bls. 655–657. |
| 4(63) | Þrjú máldagar Jörfakirkju frá árinu 1523 og síðar. Getið um hálfan Sléttárdal og allan Haukadal. Í.f. IX. B., bls. 193–194.  |
| 4(64) | Vitnisburður Guðlaugar Finnbogadóttur um að hún hafi selt Þorleifi Gamalielssyni „jörðina hálfan Jörfa“, árs. 1540. Í.f. X. b., bls. 590–591.  |
| 4(65) | Máldagi Kvennabrekkukirkju frá 1355. Í.f. III. B., bls. 100.   |
| 4(66) | Máldagi Kvennabrekkukirkju frá 1375. Getið um Geldingadal. Í.f. III. B., bls. 305–306.   |
| 4(67) | Máldagi Kvennabrekkukirkju frá 1397 (Vilchinsmáldagi). Getið um Geldingadal. Í.f. IV. B., bls. 163.  |
| 4(68) | Máldagi Kvennabrekkukirkju frá árabílinu 1491–1518. Í.f. VII. b., bls. 67–68.  |
| 4(69) | Máldagi Kvennabrekkukirkju frá því um 1570 (Gíslamáldagi). Getið um Geldingadal. Í.f. XV. b., bls. 598–599.  |
| 4(70) | Kaupbréf fyrir Þykkvaskóg, dags. 19.6.1427. Getið um Þverdal og merkjum lýst að hluta. Í.f. IV. b., bls. 345–346.  |
| 4(71) | Kaupbréf fyrir Þykkvaskóg, dags. 7.5.1445. Í.f. IV. b., bls. 665–666.  |
| 4(72) | Vitnisburður séra Jóns Kolbeinssonar um selstöðu og beit frá Þykkvaskógi í Skógsmúla í Þverdal. Í.f. VII. b., bls. 220–221.  |
| 4(75) | Dómur um eignarhald á hálfri jörð Jörfa, dags. 6.5.1541. Í.f. X. b., bls. 614–616.   |
| 4(80) | Máldagi Kvennabrekkukirkju frá því um 1470. Í.f. V. b., bls. 596–597.  |
| 4(81) | Máldagi Þykkvaskógarkirkju frá 1397. Í.f. IV. b., bls. 164.  |
| 4(82) | Máldagi Þykkvaskógarkirkju frá árabílinu 1491–1518 eða síðar. Í.f. VII. b., bls. 76.   |
| 4(83) | Máldagi kirkjunnar í Stóra-Skógi frá því um 1570 (Gíslamáldagi). Í.f. XV. b., bls. 598.  |
| 4(85) | Gjafabréf Lofts Guttormssonar, dags. 20.4.1430. Loftur gefur Sumarliða syni sínum m.a. jörðina Vatnshorn. Í.f. IV. b., bls. 404–406.   |
| 4(86) | Vottorð sjö manna um löggjafir Lofts Guttormssonar til Sumarliða sonar síns, m.a. Vatnshorn, dags. 1.10.1432. Í.f. IV. b., bls. 515–516.   |
| 4(88) | Máldagi Hjarðarholtskirkju frá 1355 (máldagi Gyrðis Ívarssonar). Í.f. III. b., bls. 101–102.   |
| 4(89) | Máldagi Hjarðarholtskirkju frá því um 1375. Í.f. VI. b., bls. 27–28.   |
| 4(90) | Máldagi Hjarðarholtskirkju frá því um 1397. Í.f. IV. b., bls. 161–162.   |
| 4(91) | Máldagi Hjarðarholtskirkju frá því um 1570. Í.f. XV. b., bls. 597–598.   |

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

|       |  |
|-------|--|
| 4(10) | Ný jarðabók 1861, bls. 66–70.            |
| 4(11) | Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 163–175. |
| 4(12) | Fasteignabók 1921, bls. 54–62.           |
| 4(13) | Fasteignabók 1932, bls. 41–44.           |
| 4(14) | Fasteignabók 1942–1944, bls. 10–13.      |



*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

|       |   |
|-------|---|
| 4(16) | Fjallskilareglugjörð fyrir Dalasýslu, nr. 75/1904, B-deild, bls. 139–144.   |
| 4(17) | Reglugjörð um eyðingu refa og fjallskil í Dalasýslu, nr. 92/1912, B-deild, bls. 185–196.                                    |
| 4(18) | Reglugjörð um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 6.8.1912, nr. 101/1916, B-deild, bls. 230.                |
| 4(19) | Reglugjörð um breytingu á reglugjörð um eyðingu refa og fjallskil í Dalasýslu frá 6.8.1912, nr. 54/1919, B-deild, bls. 108. |
| 4(20) | Fjallskilareglugjörð fyrir Dalasýslu, nr. 60/1923, B-deild, bls. 114–123.   |
| 4(21) | Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 17.8.1923, nr. 116/1930, B-deild, bls. 305–307.            |
| 4(22) | Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 12.5.1930, nr. 50/1934, B-deild, bls. 114–115.             |
| 4(23) | Fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 163/1952, B-deild, bls. 319–317.   |
| 4(24) | Fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 173/1962, B-deild, bls. 395–402.   |
| 4(25) | Fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 400/1975, B-deild, bls. 798–803.   |
| 4(26) | Fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 359/1990, B-deild, bls. 1021–1025.  |
| 4(27) | Fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 532/1997, B-deild, bls. 1210–1214.  |
| 4(28) | Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélagið Dalabyggð, nr. 1085/2011, B-deild.  |

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Dalasýslu:*

|       |  |
|-------|--|
| 4(76) | Reglugerð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrétta, fjallskil o.fl., árs. 1877. |
|-------|--|

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*

|       |  |
|-------|--|
| 4(29) | Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á afrjéttarlandi undan Kvinnabrekku, dags. 17.10.1896, nr. 158/1986, B-deild, bls. 223.                            |
| 4(87) | Konungsbréf þar sem mælt er fyrir um að nokkrar annexíukirkjur, þar á meðal Jörfakirkja, skuli niður lagðar, dags. 17.5.1765. Lovsamling for Island III. b., bls. 581–526. |

*Landnáma (skjalaflokkur B.7.):*

|       |  |
|-------|--|
| 4(15) | Landið og Landnáma: Vestfirðingafjórðungur, bls. 180–200, ásamt korti. |
| 4(30) | Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 138–147.                        |

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Háafells:**

|      |   |
|------|---|
| 5    | Kröfulýsing, 27.6.2016.   |
| 5(1) | Afsal Jóhannesar L.L. Jóhannssonar prests á Kvinnabrekku vegna sölu lands úr Geldingadal til Háafells frá árinu 1897. |
| 5(2) | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Háafells, dags. 15.5.1885.                             |
| 5(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Háafell, dags. 20.12.2016.  |
| 5(4) | Háafell. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.   |
| 5(5) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.   |

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Jörfa:**

|      |  |
|------|--|
| 6    | Kröfulýsing, 27.6.2016.  |
| 6(1) | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Jörfa, dags. 12.5.1884. |
| 6(2) | Lögfesta fyrir Jörfa dags. 3.5.1725.   |
| 6(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Jörfa, dags. 20.12.2016.                                     |
| 6(4) | Jörfi. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.                                    |

|  |      |  |
|--|------|--|
|  | 6(5) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.  |
|  | 6(6) | Mynd af rústum við Þorleifsstaðagil ásamt skýringum í tölvupósti, dags. 28.11.2017.  |
|  | 6(8) | Tölvupóstsamskipti Þorsteins Húnbogasonar við Ólaf Björnsson, dags. 29.8.2017 og 29.11.2017. Veðbandayfirlit frá Þjóðskrá Íslands um Jörfa, dags. 25.4.2018. Útprintun úr fasteignaskrá um Jörfa, dags. 25.4.2018. |

#### Lagt fram af Þorsteini Húnbogasyni vegna Jörfa:

|  |      |   |
|--|------|---|
|  | 6(7) | Tölvupóstur Þorsteins Húnbogasonar til óbyggðanefndar, dags. 25.4.2018–30.4.2018. |
|--|------|---|

#### Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Kvinnabrekku:

|   |      |   |
|---|------|---|
| 7 |      | Kröfulýsing, 27.6.2016.   |
|   | 7(1) | Afsal Jóhannesar L.L. Jóhannssonar prests á Kvinnabrekku vegna sölu lands úr Geldingadal til Háafells frá árinu 1897. |
|   | 7(2) | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Kvinnabrekku, dags. 10.5.1884.                         |
|   | 7(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Kvinnabrekku, dags. 20.12.2016.   |
|   | 7(4) | Kvinnabrekka. Útprintun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.   |
|   | 7(5) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.   |

#### Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Skarðs:

|   |      |   |
|---|------|---|
| 8 |      | Kröfulýsing, 27.6.2016.   |
|   | 8(1) | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Skarðs, dags. 20.5.1887. |
|   | 8(2) | Þinglýsingarvottorð fyrir Skarð, dags. 20.12.2016.                                      |
|   | 8(3) | Skarð. Útprintun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.                                    |
|   | 8(4) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.   |

#### Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Skógsmúla:

|   |       |   |
|---|-------|---|
| 9 |       | Kröfulýsing, 27.6.2016.   |
|   | 9(1)  | Afrit úr ritinu Dalamenn I, bls. 256–7. Umfjöllun um Skógsmúla.                         |
|   | 9(2)  | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Skarðs, dags. 20.5.1887. |
|   | 9(3)  | Afsal fyrir Skógsmúla, dags. 30.5.1868.   |
|   | 9(4)  | Afsal fyrir hluta Skógsmúla, dags. 12.5.1898.   |
|   | 9(5)  | Afsal fyrir 2/3 hluta Köldukinnar auk Skógsmúla, dags. 11.8.1950.                       |
|   | 9(6)  | Jarðamat Skógsmúla 1916–1918.   |
|   | 9(7)  | Jarðamat Þorbergsstaða 1916–1918.   |
|   | 9(8)  | Þinglýsingarvottorð fyrir Skógsmúla, dags. 20.12.2016.                                  |
|   | 9(9)  | Skógsmúli. Útprintun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.                                |
|   | 9(10) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.   |
|   | 9(11) | Dalamenn: Æviskrár 1703–1961, I. b. Skógsmúli, bls. 256–257.                            |

#### Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Stóra-Vatnshorns:

|    |       |   |
|----|-------|---|
| 10 |       | Kröfulýsing, 27.6.2016.   |
|    | 10(1) | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Stóra-Vatnshorns, dags. 15.5.1886. |
|    | 10(2) | Landamerkjabréf fyrir Stóra-Vatnshorn, dags. 31.12.2002.  |
|    | 10(3) | Veðbókarvottorð Stóra-Vatnshorns, dags. 4.4.2016.   |
|    | 10(4) | Kaupsamningur og afsal fyrir Stóra-Vatnshorni, dags. 1.1.2003.                                    |
|    | 10(5) | Afsal fyrir Stóra-Vatnshorni, dags. 20.6.1961.  |
|    | 10(6) | Kaupsamningur fyrir Stóra-Vatnshorni, dags. í maí 1959.   |

|  |       |   |
|--|-------|---|
|  | 10(7) | Þinglýsingarvottorð fyrir Stóra-Vatnshorn, dags. 20.12.2016.  |
|  | 10(8) | Stóra-Vatnshorn. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016. |
|  | 10(9) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.                                 |

#### Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Þorbergsstaða:

|    |       |   |
|----|-------|---|
| 11 |       | Kröfulýsing, 27.6.2016.   |
|    | 11(1) | Hornpunktaskrá ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfi Skógsmúla og Þverdalslands, dags. 29.5.1885. |
|    | 11(2) | Jarðamat Þorbergsstaða 1916–1918.   |
|    | 11(3) | Þinglýsingarvottorð fyrir Þorbergsstaði, dags. 20.12.2016.  |
|    | 11(4) | Þorbergsstaðir. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.  |
|    | 11(5) | Greinargerð, dags. 24.8.2017.   |

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

|    |        |  |
|----|--------|--|
| 12 | 12(1)  | Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 9.8.2016.   |
|    | 12(2)  | Fundargerð vettvangsferðar, dags. 20.9.2016.   |
|    | 12(3)  | Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 24.2.2017.  |
|    | 12(4)  | Fundargerð 3. fyrirtöku dags. 19.6.2017.   |
|    | 12(5)  | Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 10.8.2017.  |
|    | 12(6)  | Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 25.8.2017.  |
|    | 12(7)  | Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 30.8.2017.   |
|    | 12(8)  | Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 23.11.2017.   |
|    | 12(9)  | Fundargerð síðari hluta aðalmeðferðar, dags. 29.11.2017.   |
|    | 12(10) | Fundargerð 9. fyrirtöku, dags. 23.4.2018.  |
|    | 12(11) | Fundargerð 10. fyrirtöku, dags. 26.4.2018.   |
|    | 12(12) | Fundargerð 11. fyrirtöku, dags. 30.4.2018.   |
| 13 |        | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 16.9.2016.   |
|    | 13(2)  | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 14.6.2017.   |
|    | 13(3)  | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 31.7.2017.   |
|    | 13(4)  | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 1.11.2017.   |
|    | 13(5)  | Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða í máli nr. 2/2016, dags. 30.4.2018. Lokagerð.                       |
| 15 | 15(1)  | Upplýsingar frá sérfræðingi Veðurstofu Íslands um vatnafar á ágreiningssvæðunum og vatnaskil á mörkum Dala- og Mýrasýslu, dags. 13.3.2017. |
|    | 15(2)  | Upplýsingar frá sérfræðingi Veðurstofu Íslands um vatnaskil Tunguár í Geldingadal, dags. 15.5.2017.  |
| 16 |        | Kort sem sýnir breytt mörk milli svæða 8B og 9A, dags. 20.4.2018.  |
| 17 |        | Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 29.4.2018, um Þorleifsstaði í Haukadal.  |

#### Lagt fram af málsaðilum:

|  |    |  |
|--|----|--|
|  | 14 | Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 3/2016. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 20.9.2016. |
|--|----|--|

## Hliðsjónargögn:

### Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

|      |   |
|------|---|
| Ónr. | Áætlun Þjóðskjalasafns Íslands um gagnaskil árið 2017, dags. 25.1.2017.   |
| Ónr. | Tölvupóstur frá Valberg Sigfússyni leitarstjóra Skarðsafréttar, dags. 26.4.2017, þar sem hann lýsir fjallskilum á Skarðsafrétt. |
| Ónr. | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í útgefnum dómum Hæstaréttar og Landsyferréttar, dags. 22.8.2017.                             |
| Ónr. | Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.6., dags. 21.8.2017.   |
| Ónr. | Skýrslur í máli 2/2016 hjá óbyggðanefnd (27 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).  |

### Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

|      |   |
|------|---|
| Ónr. | Jarðabók yfir Dalasýslu 1731. Ormur Daðason. Sögufélagið 1965, bls. 2–162.  |
| Ónr. | Dalasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1839–1855, bls. 14–92 og 143–182.                                 |
| Ónr. | Uppskrift af jarðamati Dalasýslu 1849–1850.   |
| Ónr. | Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884–1885, bls. 77–79.  |
| Ónr. | Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 6. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn 1938, bls. 1 og 4–177.               |
| Ónr. | Dalasýsla: Árbók Ferðafélags Íslands 1947. Þorsteinn Þorsteinsson, bls. 10–37 og 98–107.  |
| Ónr. | Íslendingabók/Landnámabók. Hið íslenska fornritafélag, 1. bindi 1968, bls. 136–161.   |
| Ónr. | Í fjallhögum milli Mýra og Dala. Dalasýsla: Árbók Ferðafélags Íslands 1997, Guðrún Ása Grímsdóttir og Árni Björnsson, bls. 126–213. |
| Ónr. | Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr fornbréfasafni, seinni hluti (jarðir).   |
| Ónr. | Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr fornbréfasafni, fyrri hluti (kirkjur).   |
| Ónr. | Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr jarðaskjölum og dóma- og þingbókum sýslumanna.   |
| Ónr. | Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr jarðaskjölum.  |
| Ónr. | Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr jarðaskjölum og dóma- og þingbókum sýslumanna.   |

### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni lögmanni:

|      |   |
|------|---|
| Ónr. | Söguleg rök Hæstaréttar og óbyggðanefndar. Grein e. Einar G. Pétursson. Ódagsett.   |
| Ónr. | Heimildir um landamerki, örnefni, nytjar og fleira tengt jörðum í Dalabyggð. Heimildaskrá gefin út af Héraðsskjalasafni Dalasýslu, dags. 25.2.2016. |
| Ónr. | Fornleifarannsóknir í Haukadal 2009. Skráð af Hildi Gestsdóttur og Oddgeiri Isaksen. Útgefið af Fornleifastofnun Íslands.                           |